32.99.59.30	Unnið fílabein, bein, skjalbökuskel, horn, hjartarhorn, kórall, perlumóðir og önnur útskurðarefni úr dýraríkinu og vörur úr þessum efnum	kg	S	
32.99.59.40	Unnin útskurðarefni úr jurta- eða steinaríkinu og vörur úr þessum efnum, ót. a., mótaðar eða útskornar vörur úr vaxi, paraffíni, steríni, náttúrulegri gúmkvoðu eða náttúrlegu resíni eða úr mótunarleir eða aðrar mótaðar eða útskornar vörur ót. a., unnið, óhert gelatín og vörur úr óhertu gelatíni, ót. a.	kg	S	
32.99.59.50	Handsíur og handsáldir	kg	S	
32.99.59.60	Hitaflöskur og aðrir hitageymar, fullbúið með hylki og hlutar til þeirra (þó ekki glergeymar)	kg	S	
32.99.59.70	Klæðskeragínur og önnur líkamslíkön, sjálfhreyfivélar og annar hreyfisýningarbúnaður fyrir útstillingar í búðargluggum (þó ekki vörur sem eru í raun til sölu, líkön til kennslu og leikbrúður)	kg	S	
32.99.59.80	Hnattlíkön, prentuð (þó ekki hnattlíkön á standi)	p/st	S	
32.99.59.90	Líkkistur úr viði	p/st	S	
Atvinnugreina-flokkun Evrópu-sambandsins: 33.11	**Viðgerðir á málmvörum**			
Vöruflokkun eftir atvinnugreinum: 33.11.12	*Viðgerðar- og viðhaldsþjónusta á geymum, kerum og ílátum úr málmi*			
33.11.12.00	Viðgerðir og viðhald á tönkum, geymum, kerum og ílátum úr málmi		I	
Vöruflokkun eftir atvinnugreinum: 33.11.13	*Viðgerðar- og viðhaldsþjónusta á gufukötlum, þó ekki miðstöðvarkötlum*			
33.11.13.00	Viðgerðar- og viðhaldsþjónusta á gufukötlum, (annarra en heitavatns-miðstöðvarkatla) og á leiðslukerfum úr málmi í iðjuverum		I	

VÖRUSKRÁ ESB	Lýsing	Hlutstæð eining	P	Tilvísun í athugasemdir
Vöruflokkun eftir atvinnugreinum: 33.11.19	*Viðgerðar- og viðhaldsþjónusta á öðrum málmvörum*			
33.11.19.00	Viðgerðir og viðhald á kötlum til miðstöðvarhitunar til annarra nota		I	
Atvinnugreina-flokkun Evrópu-sambandsins: 33.12	**Viðgerðir á vélbúnaði**			
Vöruflokkun eftir atvinnugreinum: 33.12.11	*Viðgerðar- og viðhaldsþjónusta á hreyflum og hverflum, öðrum en hreyflum loftfara, ökutækja og vélhjóla*			
33.12.11.00	Viðgerðir og viðhald á hreyflum og hverflum (þó ekki í loftför, ökutæki og vélhjól)		I	
Vöruflokkun eftir atvinnugreinum: 33.12.12	*Viðgerðar- og viðhaldsþjónusta á vökvaaflsbúnaði, öðrum dælum, þjöppum, krönum og lokum*			
33.12.12.10	Viðgerðir og viðhald á dælum og þjöppum		I	
33.12.12.20	Viðgerðir og viðhald á krönum og lokum		I	
Vöruflokkun eftir atvinnugreinum: 33.12.14	*Viðgerðar- og viðhaldsþjónusta á ofnum, bræðsluofnum og brennurum*			
33.12.14.00	Viðgerðir og viðhald á bræðsluofnum og brennurum		I	
Vöruflokkun eftir atvinnugreinum: 33.12.15	*Viðgerðar- og viðhaldsþjónusta á lyfti- og færslubúnaði*			
33.12.15.00	Viðgerðir og viðhald á lyfti- og færslubúnaði		I	
Vöruflokkun eftir atvinnugreinum: 33.12.18	*Viðgerðar- og viðhaldsþjónusta á kæli- og loftræstibúnaði sem ekki er til heimilisnota*			
33.12.18.00	Viðgerðir og viðhald á kæli- og loftræstibúnaði sem ekki er til heimilisnota		I	
Vöruflokkun eftir atvinnugreinum: 33.12.19	*Viðgerðar- og viðhaldsþjónusta á öðrum vélbúnaði til almennra nota, ót. a.*			
33.12.19.90	Viðgerðir og viðhald á öðrum vélbúnaði til almennra nota, ót.a.		I	
Vöruflokkun eftir atvinnugreinum: 33.12.21	*Viðgerðar- og viðhaldsþjónusta á landbúnaðar- og skógræktarvélbúnaði*			
33.12.21.10	Viðgerðar- og viðhaldsþjónusta á landbúnaðardráttarvélum		I	
33.12.21.20	Viðgerðir og viðhald á vélum til nota í landbúnaði og skógrækt		I	
Vöruflokkun eftir atvinnugreinum: 33.12.22	*Viðgerðar- og viðhaldsþjónusta á vélbúnaði til mótunar á málmi og smíðavélum*			
33.12.22.00	Viðgerðar- og viðhaldsþjónusta á smíðavélum til vinnslu á málmi		I	
Vöruflokkun eftir atvinnugreinum: 33.12.23	*Viðgerðar- og viðhaldsþjónusta á vélbúnaði til málmvinnslu*			
33.12.23.00	Viðgerðir og viðhald á vélbúnaði til málmvinnslu		I	
Vöruflokkun eftir atvinnugreinum: 33.12.24	*Viðgerðar- og viðhaldsþjónusta á vélbúnaði til námuvinnslu, grjótnáms og mannvirkjagerðar*			
33.12.24.00	Viðgerðir og viðhald á vélbúnaði til námuvinnslu, grjótnáms og mannvirkjagerðar		I	
Vöruflokkun eftir atvinnugreinum: 33.12.25	*Viðgerðar- og viðhaldsþjónusta á vélbúnaði fyrir matvæla-, drykkjarvöru- og tóbaksiðnað*			
33.12.25.00	Viðgerðir og viðhald á vélum fyrir matvæla-, drykkjarvöru- og tóbaksiðnað		I	
Vöruflokkun eftir atvinnugreinum: 33.12.26	*Viðgerðar- og viðhaldsþjónusta á vélbúnaði fyrir spunaefnis-, fata- og leðurvöruframleiðslu*			

VÖRUSKRÁ ESB	Lýsing	Hlutstæð eining	P	Tilvísun í athugasemdir
33.12.26.00	Viðgerðir og viðhald á vélbúnaði fyrir spunaefnis-, fata- og leðurvöru-framleiðslu		I	
Vöruflokkun eftir atvinnugreinum: 33.12.27	*Viðgerðar- og viðhaldsþjónusta á vélbúnaði til pappírs- og pappaframleiðslu*			
33.12.27.00	Viðgerðir og viðhald á vélbúnaði til pappírs- og pappaframleiðslu		I	
Vöruflokkun eftir atvinnugreinum: 33.12.28	*Viðgerðar- og viðhaldsþjónusta á vélum til plast- og gúmmíframleiðslu*			
33.12.28.00	Viðgerðar- og viðhaldsþjónusta á vélum til plast- og gúmmíframleiðslu		I	
Vöruflokkun eftir atvinnugreinum: 33.12.29	*Viðgerðar- og viðhaldsþjónusta á öðrum sérhæfðum vélbúnaði*			
33.12.29.10	Viðgerðar- og viðhaldsþjónusta fyrir vélar til smíða úr viði, korki, steini, harðgúmmíi og áþekkum hörðum efnum		I	
33.12.29.90	Viðgerðir og viðhald á öðrum sérhæfðum vélum, ót.a.		I	
Atvinnugreina-flokkun Evrópu-sambandsins: 33.13	**Viðgerðir á rafeindabúnaði og optískum tækjum**			
Vöruflokkun eftir atvinnugreinum: 33.13.11	*Viðgerðar- og viðhaldsþjónusta á tækjum og búnaði til mælinga, prófana og leiðsögu*			
33.13.11.10	Viðgerðir og viðhald á áhöldum og tækjabúnaði til mælinga, eftirlits, prófana, leiðsögu, o.þ.h. (þó ekki á stjórnbúnaði fyrir iðnaðarframleiðslu)		I	
33.13.11.20	Viðgerðir og viðhald á tímamælitækjum og -búnaði sem notuð eru í iðnaði		I	
Vöruflokkun eftir atvinnugreinum: 33.13.12	*Viðgerðar- og viðhaldsþjónusta á geislunar- og raftækjabúnaði til lækninga og meðferðar*			
33.13.12.00	Viðgerðir og viðhald á búnaði til lyflækninga og skurðlækninga		I	
Vöruflokkun eftir atvinnugreinum: 33.13.13	*Viðgerðar- og viðhaldsþjónusta á sérhæfðum sjóntækjum og ljósmyndabúnaði*			
33.13.13.00	Viðgerðir og viðhald á ljósmynda-, kvikmynda- og sjóntækjum sem notuð eru í atvinnuskyni		I	
Vöruflokkun eftir atvinnugreinum: 33.13.19	*Viðgerðar- og viðhaldsþjónusta á öðrum sérhæfðum rafeindabúnaði*			
33.13.19.00	Viðgerðar- og viðhaldsþjónusta á öðrum sérhæfðum rafeindabúnaði		I	
Atvinnugreina-flokkun Evrópu-sambandsins: 33.14	**Viðgerðir á rafbúnaði**			
Vöruflokkun eftir atvinnugreinum: 33.14.11	*Viðgerðir og viðhald á rafhreyflum, rafölum, straumbreytum og dreifi- og stjórnbúnaði fyrir rafmagn*			
33.14.11.20	Viðgerðir og viðhald á rafhreyflum, rafölum og straumbreytum		I	
33.14.11.50	Viðgerðir og viðhald á dreifi- og stjórnbúnaði fyrir rafkerfi		I	
Vöruflokkun eftir atvinnugreinum: 33.14.19	*Viðgerðar- og viðhaldsþjónusta á öðrum sérhæfðum rafbúnaði*			
33.14.19.00	Viðgerðir og viðhald á raftækjum (þó ekki á dreifi- og stjórnbúnaði fyrir rafkerfi, hreyflum, rafölum eða spennubreytum eða á sjónvarps- og útvarpssendum)		I	

VÖRUSKRÁ ESB	Lýsing	Hlutstæð eining	P	Tilvísun í athugasemdir
Atvinnugreina-flokkun Evrópu-sambandsins: 33.15	**Viðgerðir og viðhald á skipum og bátum**			
Vöruflokkun eftir atvinnugreinum: 33.15.10	*Viðgerðar- og viðhaldsþjónusta á skipum og bátum*			
33.15.10.10	Viðgerðar- og viðhaldsþjónusta á skipum, bátum og fljótandi mannvirkjum (þó ekki á snekkjum, öðrum skemmti- eða sportförum, árabátum eða kanóum)		I	M
33.15.10.30	Viðgerðar- og viðhaldsþjónusta á skemmti- og sportbátum		I	
Atvinnugreina-flokkun Evrópu-sambandsins: 33.16	**Viðgerðir og viðhald á loftförum og geimförum**			
Vöruflokkun eftir atvinnugreinum: 33.16.10	*Viðgerðar- og viðhaldsþjónusta á loftförum og geimförum*			
33.16.10.00	Viðgerðir og viðhald á almenningsloftförum og flugvélahreyflum		I	
Atvinnugreina-flokkun Evrópu-sambandsins: 33.17	**Viðgerðir og viðhald á öðrum ótöldum flutningatækjum**			
Vöruflokkun eftir atvinnugreinum: 33.17.11	*Viðgerðar- og viðhaldsþjónusta á eimreiðum fyrir járnbrautir og járnbrautarvögnum*			
33.17.11.00	Viðgerðir og viðhald eimreiða og vagna fyrir járnbrautir eða sporbrautir og vélræns (og rafknúins) merkja-, öryggis- eða umferðarstjórnbúnaðar fyrir járnbrautir og sporbrautir		I	
Atvinnugreina-flokkun Evrópu-sambandsins: 33.19	**Viðgerðir á öðrum búnaði**			
Vöruflokkun eftir atvinnugreinum: 33.19.10	*Viðgerðarþjónusta á öðrum búnaði*			
33.19.10.20	Viðgerðarþjónusta fyrir yfirbreiðslur, viðlegubúnað og aðrar tilbúnar textílvörur		I	
Atvinnugreina-flokkun Evrópu-sambandsins: 33.20	**Uppsetning á vélum og búnaði til nota í atvinnuskyni**			
Vöruflokkun eftir atvinnugreinum: 33.20.11	*Uppsetningarþjónusta á gufukötlum, þó ekki miðstöðvarkötlum, þ.m.t. uppsetningarþjónusta fyrir leiðslukerfi úr málmi í iðjuverum*			
33.20.11.00	Uppsetningarþjónusta á gufukötlum (þó ekki miðstöðvarkötlum), þ.m.t. uppsetningarþjónusta fyrir leiðslukerfi úr málmi í iðjuverum		I	
Vöruflokkun eftir atvinnugreinum: 33.20.21	*Uppsetningarþjónusta á skrifstofu- og bókhaldsvélum*			
33.20.21.00	Uppsetning á skrifstofuvélum		I	
Vöruflokkun eftir atvinnugreinum: 33.20.29	*Uppsetningarþjónusta á öðrum vélbúnaði til almennra nota, ót. a.*			
33.20.29.10	Ísetning hreyfla og hverfla (þó ekki í loftför, ökutæki og vélhjól)		I	
33.20.29.20	Uppsetning á dælum og þjöppum		I	
33.20.29.30	Uppsetning á bræðsluofnum og brennurum		I	
33.20.29.40	Uppsetning lyfti- og færslubúnaðar (þó ekki fyrir lyftur og rúllustiga)		I	
33.20.29.50	Uppsetning á kæli- og loftræstibúnaði til annarra nota en heimilisnota		I	
33.20.29.60	Uppsetning á vél- og tækjabúnaði til almennra nota til vigtunar, síunar, eimingar, pökkunar, átöppunar, úðunar, gufu- eða sandblásturs eða sléttunar		I	

VÖRUSKRÁ ESB	Lýsing	Hlutstæð eining	P	Tilvísun í athugasemdir
33.20.29.70	Uppsetningarþjónusta fyrir vélar til smíða úr viði, korki, steini, harðgúmmíi og áþekkum hörðum efnum		I	
Vöruflokkun eftir atvinnugreinum: 33.20.31	*Uppsetningarþjónusta á iðnaðarvélbúnaði og tækjum fyrir landbúnað*			
33.20.31.00	Uppsetning á landbúnaðar- og skógræktarvélum		I	
Vöruflokkun eftir atvinnugreinum: 33.20.32	*Uppsetningarþjónusta á vélum til mótunar á málmi*			
33.20.32.00	Uppsetningarþjónusta vegna smíðavéla til vinnslu á málmi		I	
Vöruflokkun eftir atvinnugreinum: 33.20.33	*Uppsetningarþjónusta á iðnaðarvélum og tækjum til málmvinnslu*			
33.20.33.00	Uppsetning á vélum til málmvinnslu		I	
Vöruflokkun eftir atvinnugreinum: 33.20.34	*Uppsetningarþjónusta á iðnaðarvélbúnaði og tækjum fyrir námugröft*			
33.20.34.00	Uppsetning á vélbúnaði til námugraftar, grjótnáms og mannvirkjagerðar		I	
Vöruflokkun eftir atvinnugreinum: 33.20.35	*Uppsetningarþjónusta á iðnaðarvélbúnaði og tækjum fyrir matvæla-, drykkjarvöru- og tóbaksiðnað*			
33.20.35.00	Uppsetning á vélum fyrir matvæla-, drykkjarvöru- og tóbaksiðnað		I	
Vöruflokkun eftir atvinnugreinum: 33.20.36	*Uppsetningarþjónusta á iðnaðarvélbúnaði og tækjum fyrir spunaefnis-, fata- og leðurvöruframleiðslu*			
33.20.36.00	Uppsetning á vélum fyrir spunaefnis-, fata- og leðurvöruframleiðslu		I	
Vöruflokkun eftir atvinnugreinum: 33.20.37	*Uppsetningarþjónusta á iðnaðarvélbúnaði og tækjum fyrir pappírs- og pappaframleiðslu*			
33.20.37.00	Uppsetning á vélum fyrir pappírs- og pappaframleiðslu		I	
Vöruflokkun eftir atvinnugreinum: 33.20.38	*Uppsetningarþjónusta á iðnaðarvélum og tækjum fyrir plast- og gúmmíframleiðslu*			
33.20.38.00	Uppsetningarþjónusta á iðnaðarvélum og tækjum fyrir plast- og gúmmíframleiðslu		I	
Vöruflokkun eftir atvinnugreinum: 33.20.39	*Uppsetningarþjónusta á öðrum sérhæfðum vélum*			
33.20.39.00	Uppsetning á öðrum sérhæfðum vélum, ót. a.		I	
Vöruflokkun eftir atvinnugreinum: 33.20.41	*Uppsetningarþjónusta á sérhæfðum vélbúnaði til lækninga, nákvæmnistækjum og sjóntækjum*			
33.20.41.00	Uppsetning á tækjum til lyflækninga og skurðlækninga		I	
Vöruflokkun eftir atvinnugreinum: 33.20.42	*Uppsetningarþjónusta á sérhæfðum rafeindabúnaði*			
33.20.42.00	Uppsetningarþjónusta á sérhæfðum rafeindabúnaði		I	
Vöruflokkun eftir atvinnugreinum: 33.20.50	*Uppsetningarþjónusta á rafbúnaði*			
33.20.50.20	Uppsetning á rafhreyflum, rafölum og straumbreytum		I	
33.20.50.50	Uppsetning á dreifi- og stjórnbúnaði fyrir raforku		I	

VÖRUSKRÁ ESB	Lýsing	Hlutstæð eining	P	Tilvísun í athugasemdir
33.20.50.90	Uppsetning á öðrum raftækjum, þó ekki rafmagnsmerkjabúnaði fyrir hraðbrautir, vegi ...		I	
Vöruflokkun eftir atvinnugreinum: 33.20.60	*Uppsetningarþjónusta á stjórnbúnaði fyrir iðnaðarferla*			
33.20.60.00	Hönnun og samsetning á stjórnbúnaði fyrir iðnaðarferla og sjálfvirkar framleiðslustöðvar		I	
Vöruflokkun eftir atvinnugreinum: 33.20.70	*Uppsetningarþjónusta á öðrum vörum, ót. a.*			
33.20.70.00	Uppsetning á tímamælitækjum og -búnaði sem er notaður í iðnaði		I	
Atvinnugreina-flokkun Evrópu-sambandsins: 38.32	**Endurnýting flokkaðra efna**			
Vöruflokkun eftir atvinnugreinum: 38.32.20	*Endurvinnsluhráefni úr málmi*			
38.32.20.00	Endurvinnsluhráefni úr málmi	kg	S	
Vöruflokkun eftir atvinnugreinum: 38.32.30	*Endurvinnsluhráefni úr öðru en málmi*			
38.32.30.00	Endurvinnsluhráefni úr öðru en málmi	kg	S	
Atvinnugreina-flokkun Evrópu-sambandsins: 99.t	**T-kóðar**			
Vöruflokkun eftir atvinnugreinum: 99.tt	*T-kóðar*			
24.10.T1.10	Hrájárn	kg	V	A1
24.10.T1.21	Hrástál: óblendið stál unnið í rafbræðsluofnum	kg	V	B1
24.10.T1.22	Hrástál: óblendið stál unnið á annan hátt en í rafbræðsluofnum	kg	V	B1
24.10.T1.31	Hrástál: stálblendi annað en ryðfrítt stál, unnið í rafbræðsluofnum	kg	V	B2
24.10.T1.32	Hrástál: stálblendi, annað en ryðfrítt stál, unnið á annan hátt en í rafbræðsluofnum	kg	V	B2
24.10.T1.41	Hrástál: ryðfrítt og hitaþolið stál unnið í rafbræðsluofnum	kg	V	B3
24.10.T1.42	Hrástál: ryðfrítt og hitaþolið stál unnið á annan hátt en í rafbræðsluofnum	kg	V	B3
24.10.T2.11	Heitvalsaðar, flatar vörur í vafningum (breiðar ræmur) a.m.k. 600 mm að breidd	kg	V	C1
24.10.T2.12	Heitvalsaðar, flatar vörur í vafningum minna en 600 mm að breidd	kg	V	C2
24.10.T2.21	Plötur og þynnur, valsaðar í lengjur í völsunarvélum fyrir breiðar ræmur	kg	V	C3
24.10.T2.22	Plötur, þynnur og flatar plötur, heitvalsað í öðrum völsunarvélum en fyrir breiðar ræmur	kg	V	
24.10.T2.31	Heitvalsaðar stálstangir	kg	V	
24.10.T2.41	Teinar til steypustyrkingar	kg	V	

VÖRUSKRÁ ESB	Lýsing	Hlutstæð eining	P	Tilvísun í athugasemdir
24.10.T2.42	Aðrir heitvalsaðir teinar	kg	V	
24.10.T2.43	Heitvalsaðir og þrýstimótaðir léttir prófílar, minni en 80 mm á hæð og vinkiljárn	kg	V	
24.10.T2.44	Þungar einingar	kg	V	
24.10.T2.51	Stálþil	kg	V	
24.10.T2.52	Efni fyrir járnbrautir	kg	V	
24.10.T2.60	Soðnir prófílar	kg	V	
24.10.T3.10	Kaldvalsaðar þynnur, plötur og ræmur og svart stál, ≥ 600 mm að breidd	kg	V	
24.10.T3.20	Þynnur og ræmur til nota í rafmagnsvörur	kg	V	
24.10.T3.30	Blikkplata, önnur blikkþynna og stál rafhúðað með krómi (ECCS)	kg	V	
24.10.T3.40	Málmhúðaðar þynnur í málmhúðunarbaði	kg	V	
24.10.T3.50	Þynnur, rafhúðaðar með málmi	kg	V	
24.10.T3.60	Þynnur, húðaðar með lífrænum efnum	kg	V	
Atvinnugreina-flokkun Evrópu-sambandsins: 99.z	**Z-kóðar**			
Vöruflokkun eftir atvinnugreinum: 99.zz	*Z-kóðar*			
10.00.00.Z1	Unnið og rotvarið kjöt, kjötinnmatur eða blóð, þ.m.t. unnir réttir úr kjöti og sláturmat	kg	S	
10.00.00.Z3	Grænmeti (þó ekki kartöflur), rotvarið á annan hátt en með ediki eða ediksýru, þ.m.t. tilbúnir grænmetisréttir	kg	S	
10.00.00.Z4 *	Krabbadýr, lindýr og aðrir vatnahryggleysingjar og þang og þari, fryst, þurrkað, saltað eða unnið eða rotvarið á annan hátt, fiskur, unninn eða rotvarinn á annan hátt, tilbúnar máltíðir og réttir sem byggðir eru á fiski, krabbadýrum og lindýrum	kg	S	
10.12.00.Z1	Nýjar, kældar eða frosnar heilar gæsir, endur og perluhænsn	kg	S	
10.12.00.Z2	Nýjar, kældar eða frosnar sneiddar gæsir, endur og perluhænsn	kg	S	
10.90.10.Z0	Tilbúið gæludýrafóður (þó ekki fyrir ketti eða hunda, umbúið til smásölu)	kg	S	
10.99.00.Z0	Jurtaseyði, fæðubótarefni, fæða sem þolir illa geymslu, aðrir tilbúnir réttir og máltíðir, önnur tilreidd matvæli, ót. a.	kg	S	
11.02.12.Z0	Vín og þrúgumust þar sem gerjun hefur verið hindruð eða stöðvuð með íblöndun alkóhóls, með verndaða upprunatáknun (VUT) og framleitt með ≤ 15% alkóhólstyrkleika (þó ekki freyðivín)	l	S	
13.10.61.Z1	Baðmullargarn úr ógreiddum trefjum, ekki í umbúðum til smásölu	kg	T	

VÖRUSKRÁ ESB	Lýsing	Hlutstæð eining	P	Tilvísun í athugasemdir
13.10.61.Z2	Baðmullargarn úr greiddum trefjum, ekki í umbúðum til smásölu	kg	T	
13.10.83.Z0	Garn úr syntetískum stutttrefjum, blandað með ull, ekki í umbúðum til smásölu	kg	T	
13.20.20.Z1	Baðmullardúkur, ≤ 200 g/m^2 (þó ekki grisja eða litað garn)	m^2	T	
13.20.20.Z2	Baðmullardúkur, > 200 g/m^2 (þó ekki litað garn)	m^2	T	
13.20.20.Z3	Ofinn dúkur úr baðmullargarni í mismunandi litum (þó ekki denim)	m^2	T	
17.12.00.Z0	Krepaður eða felldur sekkjakraftpappír í rúllum eða örkum, pappír og pappi, krepaður, felldur, upphleyptur eða gataður	kg	S	
20.13.00.Z0	Fosfíð (þó ekki járnfosfór) hvort sem það er kemískt skilgreint eða ekki, hydríð, nítríð, asíð, silísíð og bóríð, einnig kemískt skýrgreind, þó ekki sambönd sem einnig eru karbíð í nr. 20.13.64.50, önnur ólífræn sambönd, ót. a., amalgöm (þó ekki eimað vatn og vatn til mælinga á rafmagns-mótstöðu og vatn af áþekkum hreinleika, fljótandi og samþjappað loft, þó ekki amalgöm góðmálma)	kg	S	
20.14.34.Z1	Estrar ortóþalsýru	kg	T	
20.14.61.Z0	Keðjuleg aldehýð, án annarrar súrefnisvirkni (þó ekki metan, etan)	kg	T	
20.14.62.Z0	Arómatísk ketón, án annarrar súrefnisvirkni, ketónalkóhól og ketónaldehýð, ketónfenól og ketón með annarri súrefnisvirkni, aðrar sýklan-, sýklen- eða sýklóterpenketónur án annarrar súrefnisvirkni	kg	T	
23.69.19.Z0	Pípur og aðrar vörur úr sementi, steinsteypu eða gervisteini og fylgihlutir	kg	S	
24.10.21.Z0	Hleifar, aðrar frumgerðir og langar hálfunnar vörur, úr óblendnu stáli	kg	S	
24.10.22.Z0	Hleifar, aðrar frumgerðir og langar hálfunnar vörur, úr ryðfríu stáli	kg	S	
24.10.23.Z0	Hleifar, aðrar frumgerðir og langar hálfunnar vörur, úr stálblendi, þó ekki ryðfríu stáli	kg	S	
24.10.33.Z0	Heitvalsaðar, flatar vörur í vafningum < 600 mm að breidd, úr ryðfríu stáli	kg	S	
24.10.34.Z0	Heitvalsaðar, flatar vörur í vafningum < 600 mm að breidd, úr ryðfríu stáli	kg	S	
24.10.41.Z0	Óhúðaðar, kaldvalsaðar þynnur, plötur og ræmur (þ.m.t. þynnur og ræmur til nota í rafmagnsvörur, ekki fullhertar) ≥ 600 mm að breidd, úr öðru stáli en ryðfríu stáli	kg	S	
24.32.10.Z1	Kaldvalsað flatjárn og kaldvalsað raufarjárn, úr óblendnu stáli og blendnu stáli (öðru en ryðfríu stáli) < 600 mm að breidd	kg	S	

VÖRUSKRÁ ESB	Lýsing	Hlutstæð eining	P	Tilvísun í athugasemdir
24.32.10.Z2	Kaldvalsað flatjárn og kaldvalsað raufarjárn, úr ryðfríu stáli (þó ekki úr einöngruðu rafstáli eða bylgjuðu flatstáli með einni sagtenntri brún eða sniðbrún) < 600 mm að breidd	kg	S	
24.32.20.Z1	Stálplötur og ræmur sem og kaldvalsað raufarjárn (úr óblendnu stáli), málmhúðað í málmhúðunarbaði eða rafhúðað með málmi < 600 mm að breidd	kg	S	
24.32.20.Z2	Stálplötur, húðaðar með lífrænum efnum, og kaldvalsað raufarjárn úr stálplötum húðuðum með lífrænum efnum < 600 mm að breidd	kg	S	
26.30.00.Z0	Hlutar fyrir símtæki, síma fyrir farsímanet eða önnur þráðlaus símkerfi og annar búnaður til sendinga eða móttöku á máli, myndum eða öðrum gögnum, ót. a.		S	S2
26.51.00.Z0	Sveiflusjár og litrófsgreiningartæki fyrir bakskautsgeisla, tæki og búnaður til að mæla eða hafa eftirlit með rafmagni, ót. a.	p/st	S	
26.70.00.Z0	Skyndiljósmyndavélar og aðrar ljósmyndavélar (þó ekki stafrænar ljósmyndavélar)	p/st	S	
26.99.00.Z0	Aðrar einingar sjálfvirkra gagnavinnsluvéla	p/st	S	
26.99.00.Z2	Hlutar og aukabúnaður til varanna í 26.51.12, 26.51.32, 26.51.33, 26.51.4 og 26.51.5, örsniðlar, hlutar ót.a. og hlutar og aukabúnaður til sjóntækja og tækjabúnaðar í nr. 9013		S	
26.99.00.Z3	Hlutar og fylgihlutir til áhalda, tækjabúnaðar og véla í nr. 9031		S	S2
26.99.00.Z4	Móttökutæki fyrir þráðlaus talfjarskipti eða þráðlaus fjarskipti (þó ekki sambyggð útvarpsviðtæki)	p/st	S	
27.99.00.Z0	Eldingavarar, spennutakmarkarar og yfirspennuafrásir, fyrir > 1 kV spennu	p/st	S	
27.99.00.Z1	Hlutar eingöngu eða aðallega nothæfir með rafmagnshreyflum og rafölum, rafmagnsrafalasamstæðum og hverfistraumbreytum, ót. a.		S	S2
28.30.99.Z0	Dráttarvélar með vélarafli > 37 kW, þó ekki dráttarvélar stjórnað af gangandi, dráttarbifreiðar fyrir tengivanga og beltadráttarvél	p/st	S	
28.99.00.Z0	Hnoðvélar, mótunarvélar og spunarennibekkir til að vinna málm, vélar til að framleiða sveigjanleg rör úr málmvafningi og vélar til að móta málm með rafsegulhöggum, aðrar vélar til framleiðslu úr málmi án þess að fjarlægja málm	p/st	S	
28.99.00.Z1	Vélar til að hefla, móta eða grópa og aðrar vélar til smíða, til framleiðslu úr málmi eða keramíkmelmi, ót.a.	p/st	S	
39.99.00.Z0	Forsmíðaðar byggingar, úr plasti, steypu eða áli		S	

VÖRUSKRÁ ESB	Lýsing	Hlutstæð eining	P	Tilvísun í athugasemdir
39.99.00.Z1	Stimpilbrunahreyflar með neistakveikju fyrir ökutækin í nr. 87, með > 1 000 cm^3 sprengirými	p/st	S	
39.99.00.Z2	Stimpilbrunahreyfill með neistakveikju fyrir ökutækin í nr. 87, með > 1 000 cm^3 sprengirými	p/st	S	
39.99.00.Z4	Hárnálar, hárliðunarnálar, hárliðunarklemmur, krullupinnar o.þ.h. og hlutar til þeirra (þó ekki rafhitahársnyrtitæki)	kg	S	
39.99.00.Z5	Sporbúnaður og tengihlutar fyrir járnbrautir eða sporbrautir (þó ekki bitar úr viði, steypu eða stáli, brautarhlutar og tengihlutar sem eftir á að setja saman og brautabyggingarefni fyrir járnbrautarlestir eða sporbrautir), vélrænn merkja-, öryggis- eða umferðarstjórnbúnaður, þ.m.t. rafknúinn, fyrir járnbrautir, sporbrautir, vegi, skipgengar vatnaleiðir, bifreiðastæði, hafnarmannvirki eða flugvelli, hlutar til þess sem að framan greinir		S	S2
39.99.00.Z6	Reiðtygi og aktygi fyrir ýmiss konar dýr úr hvers kyns efnum (þ.m.t. reiðsvipur og keyri og hlutar til þeirra, dráttarólar, ólar, hnéhlífar, mýli, söðulklæði, hundaklæði), göngustafir, setstafir og þess háttar, hlutar, afskurðir og aukabúnaður		S	
39.99.00.Z7	Kaólín	kg	T	

* = breytt fyrirsögn úr skránni frá 2018.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/2181 **2025/EES/42/02**

frá 16. desember 2019

um að tilgreina nánar tæknileg einkenni að því er varðar þætti sem sameiginlegir eru mörgum gagnasöfnum samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1700 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1700 frá 10. október 2019 um að setja sameiginlegan ramma fyrir evrópskar hagskýrslur um einstaklinga og heimili, sem byggjast á gögnum um einstaklinga sem safnað er með úrtaksrannsóknum, um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 808/2004, (EB) nr. 452/2008 og (EB) nr. 1338/2008 og niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1177/2003 og reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98 ([1]), einkum 2. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tilteknir þættir í hagskýrslum eru sameiginlegir mörgum gagnasöfnum á öllum sjö sviðum sem sett eru fram í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) 2019/1700. Í þágu samanburðarhæfni og til að tryggja samræmda túlkun og beitingu um allt Sambandið er nauðsynlegt að tilgreina tæknilegu einkennin sem skráð eru í 2. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar og ættu þeir að gilda um öll svið.

2) Þörf er fyrir hagskýrslur bæði á innlendum og svæðisbundnum vettvangi. Aðildarríki ættu að senda hagskýrslur til framkvæmdastjórnarinnar sundurliðaðar eftir svæðiseiningum. Til að koma á sambærilegum svæðishagskýrslum ættu gögn um svæðiseiningar því að vera látin í té í samræmi við NUTS-flokkunina.

3) Hagskýrslur varðandi geirana menntun, starf og atvinnuvegi ættu að vera alþjóðlega sambærilegar og því ættu aðildarríkin og stofnanir Sambandsins að nota hagskýrsluflokkanir sem eru sambærilegar við alþjóðlegu menntunarflokkunina (ISCED) ([2]), alþjóðlegu starfaflokkunina (ISCO) ([3]) og atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins (NACE) ([4]).

4) Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari reglugerð eru í samræmi við álit nefndarinnar um evrópska hagskýrslu kerfið.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um tæknileg einkenni tölfræðilegra þýða og spurnareininga og einnig um lýsingar á breytum og hagskýrsluflokkunum að því er varðar þætti sem eru sameiginlegir mörgum gagnasöfnum sem falla undir reglugerð (ESB) 2019/1700.

2. gr.

Skilgreiningar sem notaðar eru til að tilgreina nánar tæknileg einkenni gagnasafnanna

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 330, 20.12.2019, bls. 16. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 353/2022 frá 9. desember 2022 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 48, 29.6.2023, bls. 102.

([1]) Stjtíð. ESB L 261 I, 14.10. 2019, bls. 1.

([2]) Alþjóðlega menntunarflokkunin frá 2011, http://uis.unesco.org/sites/default/files/documents/international-standard-classification-of-education-isced-2011-en.pdf (tiltæk á ensku og frönsku).

([3]) Alþjóðlega starfaflokkunin, útgáfa frá 2008, http://ec.europa.eu/eurostat/documents/1978984/6037342/ISCO-08.pdf (ensk útgáfa, einnig tiltæk á frönsku og þýsku).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1893/2006 frá 20. desember 2006 um stofnun atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.) og um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3037/90 sem og tilteknum EB-reglugerðum um sérstök hagskýrslusvið (Stjtíð. ESB L 393, 30.12.2006, bls. 1).

1) „íbúð“ eða „húsnæðiseining“: bygging, hluta hennar, annað húsnæði eða vistarverur sem notaðar eru til mannabústaðar og ná til „venjulegra íbúða“ og „annarra húsnæðiseininga“ eins og skilgreint er í viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1201/2009 ([5]),

2) „einkaheimili eins einstaklings“: einkaheimili þar sem einstaklingur býr jafnan einn í sérhúsnæðiseiningu eða býr sem leigjandi í sérherbergi, einu eða fleirum, í húsnæðiseiningu en tekur ekki þátt í að halda sameiginlegt heimili með öðrum íbúum og mynda heimili með fleiri einstaklingum,

3) „einkaheimili margra einstaklinga“: einkaheimili þar sem hópur tveggja eða fleiri einstaklinga býr jafnan saman í húsnæðiseiningu eða hluta af húsnæðiseiningu og þeir deila tekjum eða heimilisútgjöldum með öðrum heimilismönnum,

4) „heimilismaður“: íbúi sem hefur vanalega búsetu á einkaheimili,

5) „fjölskylduheimili“: húsnæðiseining þar sem aðilar í heimili margra einstaklinga búa og einnig einstaklingur sem dvelur hluta tímans annars staðar en heldur nánum tengslum við aðila í einkaheimili margra einstaklinga, einkum vegna fjölskyldutengsla eða reglubundinna dvala,

6) „deiling heimilistekna“: framlag til tekna einkaheimilisins eða notið góðs af tekjum einkaheimilisins eða hvort tveggja,

7) „heimilisútgjöld“: útgjöld sem aðilar einkaheimilis stofna til í tengslum við að sjá sjálfum sér fyrir grunnframfærslu. Til þeirra teljast útgjöld sem tengjast húsnæðinu (nánar tiltekið húsaleiga, gjöld vegna húsnæðis eða íbúðar og tryggingar vegna húsnæðis) auk annarra útgjalda, sem tengjast daglegu lífi, og ná til nauðsynja á borð við matvæli, klæðnað, hreinlætisvörur, húsgögn, búnað og áhöld, ferðir til og frá vinnu og aðra flutninga, læknisþjónustu og tryggingar, menntun og þjálfun, frístunda- og íþróttastarfsemi og orlofsdaga,

8) „stofnun“: lögaðili eða fyrirtæki sem lætur hópi fólks í té húsnæði til langs tíma og aðstöðu og þjónustu sem þörf er á í daglegu lífi. Meirihluti stofnana fellur undir eftirfarandi flokka:

   — sjúkrahús, líknarstofnanir, hressingarhæli, stofnanir fyrir fatlað fólk, geðheilbrigðisstofnanir, elliheimili og hjúkrunarheimili,

   — studda búsetu og félagsþjónustustofnanir, þ.m.t. þær sem eru fyrir heimilislausa, umsækjendur um hæli eða flóttamenn,

   — herbúðir og herbragga,

   — betrunarhús, varðhaldsstofnanir og áfangaheimili, fangelsi,

   — trúarlegar stofnanir,

   — námsgarða háskólanema (ræðst af sérstöku fyrirkomulagi).

3. gr.

Tæknileg einkenni tölfræðilegu þýðanna og spurnareininganna

1. Spurnareiningarnar skulu vera einkaheimili eða aðilar einkaheimilis.

2. Búi einstaklingur reglulega í fleiri en einni íbúð skal íbúðin þar sem viðkomandi dvelur meirihluta ársins vera talin vanalegur búsetustaður hans eða hennar, án tillits til þess hvort sá staður er annars staðar á landinu eða utanlands.

3. Við beitingu hagskýrsluhugtaksins um vanalega búsetu skal meðhöndla sérstök tilvik eins og kveðið er á um í 4. gr.

4. Einstaklingar sem hafa vanalega búsetu á hótelum skulu, að meginreglu til, falla utan við þýði einkaheimilisins. Þó má telja þá til þess þýðis ef aðstaða þeirra er þannig skilgreind í búsetulandi þeirra og skal þá lýsa því greinilega í gæðaskýrslunni sem um getur í reglugerð (ESB) 2019/1700.

([5]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1201/2009 frá 30. nóvember 2009 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 763/2008 um manntal og húsnæðistal að því er varðar tækniforskriftir efnisþáttanna og sundurliðanir þeirra (Stjtíð. ESB L 329, 15.12.2009, bls. 29).

5. Einkaheimili mega undanskilja einstaklinga sem hafa þörf fyrir athvarf og lífsviðurværi sem er uppfyllt af hálfu stofnunar og hafa, á viðmiðunardagsetningunni (eins og hún er skilgreind fyrir tiltekna gagnasöfnun), búið eða líklegt er að þeir muni búa þar í 12 mánuði eða lengur.

6. Einstaklingar sem sinna lögboðinni herskyldu (kvaddir í herinn) teljast með í þýði einkaheimilis sé herskylda þeirra skemmri en 12 mánuðir eða ef þeir dvelja töluvert löngum stundum á fjölskylduheimili sínu og eru á framfæri foreldra, lögráðamanna eða annarra aðstandenda á meðan þeir sinna lögboðinni herskyldu. Til undantekningar frá þessu, að því er varðar gagnasöfnun á vinnuaflssviði, skal undanskilja alla sem gegna herskyldu frá þýði einkaheimilisins.

7. Telja skal alla sem eru með vanalega búsetu, óháð því hvort þeir eru skyldir einstaklingum á einkaheimili eða ekki, til aðila að einkaheimili margra einstaklinga ef þeir deila tekjum eða útgjöldum heimilisins með öðrum heimilismönnum. Samleigjendur íbúða eða húsa sem dvelja í húsnæðiseiningu og deila með sér húsakynnum og deila eingöngu útgjöldum vegna húsnæðisins en deila ekki heimilistekjum skulu ekki teljast hluti af einkaheimili margra einstaklinga sem dvelja í þessari húsnæðiseiningu, jafnvel þó að þeir deili einhverjum öðrum útgjöldum heimilisins.

8. Ef ekki er mögulegt að staðfesta hvort viðmiðanir fyrir einkaheimili einstaklings eða margra einstaklinga hafi verið uppfylltar skal taka tillit til skoðana viðmælanda á aðstæðum hans eða hennar gagnvart öðrum íbúum íbúðarinnar.

9. Þegar mörg einkaheimili eru innan einstakrar íbúðar skulu aðildarríki stefna að því að skrá gögn fyrir öll heimilin innan viðkomandi íbúðar.

10. Aðildarríki skulu leita allra leiða til að forðast að skrá sömu einstaklinga tvisvar.

4. gr.

Sérstök tilvik við beitingu hugtaksins vanaleg búseta

1. Einstaklingur sem vinnur fjarri fjölskylduheimili á virkum dögum og snýr jafnan þangað aftur um helgar skal telja fjölskylduheimilið vera vanalegan búsetustað sinn, án tillits til þess hvort vinnustaður hans eða hennar sé annars staðar á landinu eða utanlands.

2. Grunn- og framhaldsskólanemar sem dvelja fjarri fjölskylduheimili á skólaönninni skulu líta á fjölskylduheimilið sem vanalegan búsetustað sinn, án tillits til þess hvort þeir stunda nám sitt annars staðar í landinu eða utanlands.

3. Í tilviki barns á framfæri sem er til skiptis á tveimur búsetustöðum skal staðurinn þar sem barnið dvelur mestan hluta tímans teljast vanalegur búsetustaður þess.

Ef barnið ver jöfnum tíma hjá báðum lögráðamönnum eða foreldrum skal vanalegur búsetustaður þessa barns vera búsetustaður lögráðamannsins eða foreldrisins sem tekur við barnabótum eða búsetustaður lögráðamanns eða þess foreldris sem lætur meira af hendi rakna til kostnaðar sem tengist barninu.

Ef ekkert af ofangreindu á við skal telja staðinn, þar sem barnið er statt á viðmiðunardagsetningunni (eins og hún er skilgreind fyrir tiltekna gagnasöfnun), sem vanalegan búsetustað þess.

Í tilviki söfnunar á langsniðsgögnum skal telja börn sem dvelja til skiptis á tveimur búsetustöðum vera statt á sama búsetustað fyrir mismunandi bylgjur gagnasöfnunar, nema breytingar hafi orðið á lífsaðstæðum.

4. Fyrir gagnasöfnun sem er skipulögð á tekju- og lífskjarasviðinu og neyslusviðinu skulu eftirfarandi sérstakar viðbótarreglur gilda:

a) einstaklingar sem búa utan fjölskylduheimilis í töluverðan tíma vegna vinnu, án tillits til þess hvort það er annars staðar í sama landi eða utanlands, skulu líta á fjölskylduheimili sitt sem vanalegan búsetustað sinn ef þeir leggja verulega af mörkum til tekna heimilisins og eru ekki fastir íbúar á öðru einkaheimili,

b) háskólanemar sem dvelja fjarri fjölskylduheimili meðan þeir eru í háskóla, án tillits til þess hvort það er annars staðar í sama landi eða utanlands, skulu líta á fjölskylduheimili sitt sem vanalegan búsetustað sinn ef þeir njóta góðs af tekjum heimilisins og eru ekki fastir íbúar á öðru einkaheimili.

Í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum er aðildarríkjum heimilt að ákveða að beita ekki reglunum sem settar eru fram í þessari málsgrein. Í þeim tilvikum skulu aðildarríki lýsa í gæðaskýrslum sínum þeim viðmiðunum sem beitt er og skulu tryggja viðeigandi skýrslugjöf fyrir gögn um tilfærslur milli heimila, þ.m.t. greiðslur fyrir hönd háskólanemans.

Reglurnar sem eru settar fram í þessari málsgrein geta einnig gilt um önnur svið og ef svo er skal lýsa beitingu þeirra í gæðaskýrslum.

5. gr.

Lýsing á breytum og hagskýrsluflokkunum

Í viðauka við þessa reglugerð eru settar fram lýsingar og flokkanir fyrir breytur sem eru sameiginlegar mörgum gagnasöfnum.

6. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. desember 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Lýsingar og flokkanir á breytum sem eru sameiginlegar mörgum gagnasöfnum samkvæmt reglugerð (ESB) 2019/1700

Breytuheiti	Lýsing á breytu	Breytuflokkar (flokkanir) fyrir gagnasendingar til framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópusambandsins)
Kyn	Kyn er samsetning líffræðilegra og lífeðlisfræðilegra einkenna sem skilgreina einstakling sem annaðhvort karl eða konu. Í tilvikum þegar líffræðilegt kyn einstaklings er óþekkt er hægt að setja annaðhvort upplýsingar frá stjórnsýslugögnum eða eigin yfirlýsingu um kyn (könnunargögn) í stað þeirra upplýsinga.	— Karl — Kona
Aldur í fullnuðum árum	Aldur í fullnuðum árum er aldur einstaklings á síðasta afmælisdegi hans fyrir viðmiðunardagsetningu gagnasöfnunar eða viðtals, þ.e.a.s. tíminn milli fæðingardags og viðmiðunardagsetningar gefinn upp í fullnuðum árum. Eftirfarandi upplýsingar eiga alltaf að koma fram fyrir þessa breytu: — Fæðingarár — Afmælisdagur liðinn eða ekki liðinn á viðmiðunardagsetningu — Viðmiðunardagsetning Viðmiðunardagsetningin er ákveðin dagsetning sem á við um hverja gagnasöfnun (svið) eins og tilgreint er í samsvarandi framkvæmdarlöggjöf. Í löndum sem nota samþætt kerfi um heimiliskannanir með fastri viðmiðunarviku er viðmiðunardagsetningin hins vegar síðasti dagur viðmiðunarvikunnar.	— Fæðingardagur (fjórir tölustafir) — Afmælisdagur liðinn á viðmiðunardagsetningu (já eða nei) — Viðmiðunardagsetning (DD/MM/ÁÁÁÁ)
Sambúðarfólk sem býr á sama heimili	Sambúðarfólk sem býr á sama heimili eru einstaklingar sem búa með öðrum einstaklingi sem telst vera sambúðarmaki á grundvelli eiginlegra heimilisaðstæðna innan einkaheimilis, án tillits til þess hvort sambandið við sambúðarmakann er lagalega skráð (t.d. hjónaband eða skráð samvist) eða sambúð í reynd. Unnt er að skilgreina „sambúðarmaka“ eftir stöðu sambands sem lagaleg sambandsstaða (eiginmaður eða eiginkona eða skráður sambúðarmaki) eða samband í reynd (sambúðarmaki eða sambýlismaður/-kona).	— Einstaklingur sem býr með löglegum maka eða maka í reynd — Einstaklingur sem býr ekki með löglegum maka eða maka í reynd — Ótilgreint ([1]) — Á ekki við ([2])
Heimilisgerð	Heimilisgerð er skilgreind út frá samsetningu einkaheimilis, þar sem: — „Einstætt foreldri“ er foreldri sem býr ekki með maka (löglegum eða í reynd) á sama einkaheimili en ber að mestu daglega ábyrgð á uppeldi barns eða barna.	— Einn einstaklingur í heimili — Einstætt foreldri með a.m.k. eitt barn yngra en 25 ára — Einstætt foreldri þar sem öll börn eru 25 ára eða eldri — Barnlaust par — Par með a.m.k. eitt barn yngra en 25 ára — Par þar sem öll börn eru 25 ára eða eldri — Önnur heimilisgerð — Ótilgreint ([1])

Breytuheiti	Lýsing á breytu	Breytuflokkar (flokkanir) fyrir gagnasendingar til framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópusambandsins)
	— Hugtakið „barn“ eða „börn“ vísar til viðveru sonar eða sona eða dóttur eða dætra á heimilinu, annaðhvort líffræðilegs eða ættleidds sonar eða dóttur eða stjúpsonar eða stjúpdóttur. „Líffræðilegur eða ættleiddur sonur eða dóttir eða stjúpsonur eða stjúpdóttir“ vísar til náttúrulegs (líffræðilegs), ættleidds eða stjúpaðstandanda, óháð aldri eða sambúðar- eða sambandsstöðu, sem er með vanalega búsetu á einkaheimili a.m.k. annars foreldris. „Ættleiðing“ merkir að taka og fara með líffræðilegt barn annarra foreldra sem sitt eigið að því marki sem kveðið er á um slíkt í lögum landsins þar sem ættleidda barnið samkvæmt meðferð dómstóla — hvort sem það er skylt ættleiðanda eða ekki — hlýtur réttindi og stöðu líffræðilegs barns sem fæðist kjörforeldrunum. „Stjúpsonur eða stjúpdóttir“ vísar til aðstæðna þar sem stjúpforeldri sinnir barni sambúðarmaka eins og eigin barni að svo miklu leyti sem kveðið er á um slíkt í lögum landsins, án þess að ættleiða það; fósturbörn eða tengdabörn falla ekki undir þennan flokk. — „Par“ er skilgreint sem tveir einstaklingar sem litið er á sem sambúðarfólk á grundvelli eiginlegra heimilisaðstæðna innan heimilisins, án tillits til þess hvort sambandið við sambúðarmakann er lagalega skráð (t.d. hjónaband eða skráð samvist) eða sambúð í reynd (sambýlisfólk). — Aðrar heimilisgerðir eru þær sem falla ekki undir neinn af ofangreindum flokkum	
Aðalatvinnustaða (samkvæmt eigin skilgreiningu)	Aðalatvinnustaða samkvæmt eigin skilgreiningu er eigin skilningur einstaklings á núverandi, mikilvægustu atvinnu hans eða hennar sem lýsir því hvernig viðkomandi skynjar sjálfan eða sjálfa sig. Þar sem fleiri en ein atvinnustaða getur átt við um einstakling er aðeins tekið tillit til þeirrar mikilvægustu samkvæmt eigin skilningi einstaklingsins og á við um núverandi stöðu. Flokkurinn „lögboðin herskylda eða borgaraleg þjónusta“ á mögulega ekki við í sumum löndum og skal þá fella hann niður.	— Starfandi — Atvinnulaus — Á eftirlaunum — Óvinnufær vegna langvarandi heilbrigðisvandamála — Háskólanemi, nemandi — Heimavinnandi — Lögboðin herskylda eða borgaraleg þjónusta (ef við á) — Annað — Ótilgreint ([1]) — Á ekki við ([2])

Breytuheiti	Lýsing á breytu	Breytuflokkar (flokkanir) fyrir gagnasendingar til framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópusambandsins)
Fullt starf eða hlutastarf (samkvæmt eigin skilgreiningu)	Breytan lýsir hefðbundnum tíma sem starfandi einstaklingur ver í aðalstarfi sínu samkvæmt eigin skilningi (þ.e. samkvæmt eigin skilgreiningu) á venjulegum vinnustundum í aðalstarfi. Breytan gerir greinarmun á fullu starfi eða hlutastarfi. Hugtakið starf er notað þegar vísað er til atvinnu. Einstaklingur sem vinnur í hlutastarfi vinnur jafnan færri stundir en sambærilegur starfsmaður í fullu starfi. Greinarmunurinn vísar til stunda sem einstaklingur vinnur að jafnaði í aðalstarfinu á löngu viðmiðunartímabili og er samkvæmt eigin skilgreiningu, þ.e. einstaklingurinn ákveður hvort aðalstarf hans eða hennar eins og það tengist starfsgrein eða fyrirtæki hans eða hennar sé hlutastarf eða fullt starf.	— Fullt starf — Hlutastarf — Ótilgreint (1) — Á ekki við (2)
Atvinnustétt í aðalstarfi	Breytan er byggð á alþjóðlegu flokkunarkerfi eftir atvinnustétt (ICSE) og vísar til aðalstarfs starfandi einstaklings eins og hér segir: — Sjálfstætt starfandi einstaklingar með starfsmenn — einstaklingar sem starfa við eigin rekstur, sjálfstæða atvinnustarfsemi eða á býli í þeim tilgangi að hljóta hagnað sem kemur frá framleiðslu vara eða veittri þjónustu og veita a.m.k. einum öðrum einstaklingi atvinnu. — Sjálfstætt starfandi einstaklingar án starfsmanna — einstaklingar sem starfa við eigin rekstur, sjálfstæða atvinnustarfsemi eða á býli í þeim tilgangi að hljóta hagnað sem kemur frá framleiðslu vara eða veittri þjónustu og veitir engum öðrum einstaklingi atvinnu. — Starfsmenn — einstaklingar sem starfa fyrir vinnuveitanda hjá hinu opinbera eða í einkageiranum á grundvelli skriflegs eða munnlegs samnings og taka við greiðslu í reiðufé eða fríðu. — Einstaklingar sem vinna við fyrirtæki eigin fjölskyldu (ólaunaðir) — einstaklingar sem hjálpa öðrum aðstandanda við að reka býli eða annað fjölskyldufyrirtæki, að því tilskildu að ekki sé litið á þá sem starfsmenn í þeim skilningi að þeir fá e.t.v. ekki greitt fyrir vinnu sína.	— Sjálfstætt starfandi einstaklingur með starfsmenn — Sjálfstætt starfandi einstaklingur án starfsmanna — Starfsmaður — Einstaklingur sem vinnur við fyrirtæki eigin fjölskyldu (ólaunaður) — Ótilgreint (1) — Á ekki við (2)
Atvinnustarfsemi starfsstöðvar að því er varðar aðalstarf	Með breytunni er ákvarðaður atvinnuvegur eða atvinnustarfsemi starfsstöðvarinnar (fyrirtækis) þar sem aðalstarf starfandi einstaklings er staðsett, samkvæmt flokkunum sem fastsettir eru í atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins (NACE (3) 2. endursk.).	Sundurliðunarstig sem nauðsynlegt er (1, 2 eða 3 tölustafir) er byggt á því samhengi sem á við um sérhverja söfnun örgagna: — NACE 2. endursk. — Ótilgreint (1) — Á ekki við (2)

<table>
<tr><th>Breytuheiti</th><th>Lýsing á breytu</th><th>Breytuflokkar (flokkanir) fyrir gagnasendingar til framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópusambandsins)</th></tr>
<tr><td>Starfsgrein í aðalstarfi</td><td>Með breytunni er ákvörðuð starfsgrein aðalstarfs starfandi einstaklings, flokkuð samkvæmt flokkunum sem fastsettir eru í alþjóðlegu starfaflokkuninni, útgáfunni frá 2008 (ISCO-08) ([4]).</td><td>Sundurliðunarstig sem nauðsynlegt er (2 eða 4 tölustafir) er byggt á því samhengi sem á við um sérhverja söfnun örgagna:
— ISCO-08
— Ótilgreint ([1])
— Á ekki við ([2])</td></tr>
<tr><td>Menntunarstig</td><td>Menntunarstig einstaklings er hæsta stig alþjóðlegu menntunarflokkunarinnar frá 2011 (ISCED ([5])) sem hann hefur lokið með fullnægjandi árangri. Námsleið lokið með fullnægjandi árangri er fullgilt með staðfestingu á menntun og hæfi sem er opinberlega viðurkennd af hálfu hlutaðeigandi og landsbundinna menntunaryfirvalda eða viðurkennd sem jafngild annarri staðfestingu á formlegri menntun. Í löndum þar sem námsleiðir, einkum þær sem tilheyra ISCED–stigum 1 og 2, leiða ekki til staðfestingar á menntun og hæfi má í staðinn nota viðmiðið um að full viðvera í náminu veiti að jafnaði aðgang að hærra menntunarstigi. Við ákvörðun á hæsta stigi ætti bæði að taka tillit til almennrar menntunar og starfsnáms.
Hugtakið „námsleið lokið með fullnægjandi árangri“ samsvarar venjulega aðstæðum þegar nemandi eða háskólanemi sækir námskeið eða kennslustundir og hlýtur lokaskírteini sem tengist formlegri námsleið. Að því er þetta varðar samsvarar menntunarstig hæsta stigi í ISCED-þrepunum sem hefur verið lokið með fullnægjandi árangri.
Menntunarstigið er skilgreint samkvæmt alþjóðlegu menntunarflokkuninni.
Flokkinn „á ekki við“ á að nota til að telja hagskýrslueiningar sem eru hluti af þýðinu í gagnalindinni en hann veitir þó kerfisbundið engar upplýsingar um breytuna (t.d. einstaklingar undir tilteknum aldri).</td><td>Sundurliðunarstig upplýsinga er byggt á því samhengi sem á við um sérhverja gagnasöfnun (svið). Fyrir hvern flokk eru ISCED–A kóðar tilgreindir þar sem einkvæm samsvörun er milli flokka og kóða. Viðbótarflokkar eru tilgreindir til að taka tillit til aðstæðna þar sem ófullnægjandi upplýsingar eru um aðgengi að háskólastigi eða áherslu:
<table>
<tr><td>Engin formleg menntun eða lægra en 1. stig í alþjóðlegu menntunarflokkuninni (ISCED 1)</td><td>0</td></tr>
<tr><td>ISCED 1 Barnaskólastig</td><td>1</td></tr>
<tr><td>ISCED 2 Unglingastig</td><td>2</td></tr>
<tr><td>ISCED 3 Framhaldsskólastig</td><td>3</td></tr>
<tr><td>ISCED 3 Framhaldsskólastig — bóknám</td><td>34</td></tr>
<tr><td>ISCED 3 Framhaldsskólastig — (bóknám) – stigi lokið að hluta til, án beins aðgangs að háskólastigi</td><td>342</td></tr>
<tr><td>ISCED 3 Framhaldsskólastig — (bóknám) – stigi lokið, án beins aðgangs að háskólastigi</td><td>343</td></tr>
<tr><td>ISCED 3 Framhaldsskólastig — (bóknám) – stigi lokið, með beinan aðgang að háskólastigi</td><td>344</td></tr>
<tr><td>ISCED 3 Framhaldsskólastig — (bóknám) – án mögulegar aðgreiningar á aðgangi að háskólastigi</td><td>-</td></tr>
<tr><td>ISCED 3 Framhaldsskólastig — starfsnám</td><td>35</td></tr>
<tr><td>ISCED 3 Framhaldsskólastig — (starfsnám) – stigi lokið að hluta til, án beins aðgangs að háskólastigi</td><td>352</td></tr>
</table></td></tr>
</table>

Breytuheiti	Lýsing á breytu	Breytuflokkar (flokkanir) fyrir gagnasendingar til framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópusambandsins)	
		ISCED 3 Framhaldsskólastig — (starfsnám) – stigi lokið, án beins aðgangs að háskólastigi	353
		ISCED 3 Framhaldsskólastig — (starfsnám) – stigi lokið, með beinan aðgang að háskólastigi	354
		ISCED 3 Framhaldsskólastig — (starfsnám) – án mögulegrar aðgreiningar á aðgangi að háskólastigi	-
		ISCED 3 Framhaldsskólastig — áhersla óþekkt	-
		ISCED 3 Framhaldsskólastig — (áhersla óþekkt) – stigi lokið að hluta til, án beins aðgangs að háskólastigi	-
		ISCED 3 Framhaldsskólastig — (áhersla óþekkt) – stigi lokið, án beins aðgangs að háskólastigi	-
		ISCED 3 Framhaldsskólastig — (áhersla óþekkt) – stigi lokið, með beinan aðgang að háskólastigi	-
		ISCED 3 Framhaldsskólastig — (áhersla óþekkt) – án mögulegrar aðgreiningar á aðgangi að háskólastigi	-
		ISCED 4 Viðbótarstig	4
		ISCED 4 Viðbótarstig – bóknám	44
		ISCED 4 Viðbótarstig – starfsnám	45
		ISCED 4 Viðbótarstig – áhersla óþekkt	-
		ISCED 5 Stutt nám á háskólastigi	5
		ISCED 5 Stutt nám á háskólastigi — bóknám	54

Breytuheiti	Lýsing á breytu	Breytuflokkar (flokkanir) fyrir gagnasendingar til framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópusambandsins)	
		ISCED 5 Stutt nám á háskólastigi – starfsnám	55
		ISCED 5 Stutt nám á háskólastigi – áhersla óþekkt	-
		ISCED 6 Bakkalárstig eða jafngilt stig	6
		ISCED 7 Meistarastig eða jafngilt stig	7
		ISCED 8 Doktorsstig eða jafngilt stig	8
		Ótilgreint	
		Á ekki við	
Fæðingarland	Fæðingarland einstaklings er skilgreint sem landið þar sem vanaleg búseta móður einstaklingsins var við fæðingu hans, samkvæmt núverandi landamærum tiltekinna þjóðríkja (en ekki samkvæmt landamærum sem giltu við fæðingu hans). Séu upplýsingar um vanalegan búsetustað móður við fæðingu ekki tiltækar ætti að greina frá staðnum þar sem fæðingin fór fram. Skrá yfir lönd og samsvarandi kóða er skilgreind samkvæmt staðlaðri kóðaskrá (e. *Standard Code list, SCL*) Hagstofu Evrópusambandsins (GEO) ([6])	— Fæðingarland (SCL GEO kóði) — Fæddur erlendis en fæðingarland óþekkt — Ótilgreint ([1]) — Á ekki við ([2])	
Land aðalríkisfangs	Breytan segir til um landið þar sem einstaklingurinn hefur aðalríkisfang, skilgreint sem sérstök lagaleg tengsl milli einstaklings og ríkis hans eða hennar sem viðkomandi öðlast við fæðingu eða veitingu ríkisborgararéttar, hvort heldur sem er með yfirlýsingu, vali, hjónabandi eða öðrum leiðum í samræmi við landslöggjöf. Einstaklingur með ríkisfang í tveimur eða fleiri löndum skal aðeins talinn til eins ríkisfangslands sem skal ákvarðað með eftirfarandi forgangsröð: — skýrslugjafarland, — hafi einstaklingurinn ekki ríkisfang í skýrslugjafarlandinu: annað aðildarríki, — hafi einstaklingurinn ekki ríkisfang í aðildarríki: annað land utan Sambandsins.	— Land aðalríkisfangs (SCL GEO kóði) — Ríkisfangslaus — Erlent ríkisfang en land óþekkt — Ótilgreint ([1]) — Á ekki við ([2])	

Breytuheiti	Lýsing á breytu	Breytuflokkar (flokkanir) fyrir gagnasendingar til framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópusambandsins)
	Í öðrum tilvikum (t.d. tvöfalt ríkisfang þar sem bæði löndin eru innan Sambandsins en hvorugt er skýrslugjafarlandið) er einstaklingnum heimilt að velja hvaða land ríkisfangs verði skráð eða skýrslugjafarlandinu er heimilt að ákvarða hvaða land verður gefið upp sem ríkisfangsland séu þessar upplýsingar ekki tiltækar. Skrá yfir lönd og samsvarandi kóða er skilgreind samkvæmt staðlaðri kóðaskrá Hagstofu Evrópusambandsins (SCL) GEO ([6]). Flokkurinn „ríkisfangslaus“ samsvarar einstaklingi sem er án viðurkennds ríkisfangs í ríki.	
Fæðingarland föður	Breytan segir til um fæðingarland föður einstaklingsins, þ.e. landið þar sem vanaleg búseta (innan núverandi landamæra, séu upplýsingarnar tiltækar) föðurömmu einstaklingsins við fæðingu eða, að öðrum kosti, landið (innan núverandi landamæra, séu upplýsingarnar tiltækar) þar sem faðir einstaklingsins er fæddur. Upplýsinga um fæðingarland föðurins ætti að afla samkvæmt sömu reglum og kveðið er á um í breytunni „fæðingarland“. „Faðir“ er karlkyns foreldri „sonar eða dóttur“, annaðhvort náttúrulegur (líffræðilegur), kjör- eða stjúpfaðir. Í tilvikum þegar einstaklingur á ekki einungis náttúrulegan (líffræðilegan) föður heldur einnig t.d. kjör- eða stjúpföður ætti fæðingarland að vísa til þess sem í raun ól einstaklinginn upp og var í hlutverki föður í tilfinningalegu eða lagalegu tilliti, t.d. karlkyns forráðamaður. Í tilviki einstaklings með foreldra af sama kyni, báða kvenkyns, má nota þessa breytu til að tilgreina fæðingarland annarrar móðurinnar. Skrá yfir lönd og samsvarandi kóða er skilgreind samkvæmt staðlaðri kóðaskrá Hagstofu Evrópusambandsins, (SCL) GEO ([6]).	— Fæðingarland föður (SCL GEO kóði) — Faðir er fæddur erlendis en fæðingarland föður er óþekkt — Ótilgreint ([1]) — Á ekki við ([2])
Fæðingarland móðurinnar	Breytan segir til um fæðingarland móður einstaklingsins, þ.e. landið þar sem vanaleg búseta (innan núverandi landamæra, séu upplýsingarnar tiltækar) móðurömmu einstaklingsins var við fæðingu eða, að öðrum kosti, landið (innan núverandi landamæra, séu upplýsingarnar tiltækar) þar sem móðir einstaklingsins er fædd. Upplýsinga um fæðingarland móðurinnar ætti að afla samkvæmt sömu reglum og kveðið er á um breytunni „fæðingarland“. „Móðir“ er kvenkyns foreldri „sonar eða dóttur“, annaðhvort náttúruleg (líffræðileg), kjör- eða stjúpmóðir.	— Fæðingarland móður (SCL GEO kóði) — Móðir er fædd erlendis en fæðingarland hennar er óþekkt — Ótilgreint ([1]) — Á ekki við ([2])

Breytuheiti	Lýsing á breytu	Breytuflokkar (flokkanir) fyrir gagnasendingar til framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópusambandsins)
	Í tilvikum þegar einstaklingur á ekki einungis náttúrulega (líffræðilega) móður heldur einnig t.d. kjör- eða stjúpmóður ætti fæðingarlandið að vísa til þess sem í raun ól einstaklinginn upp og var í hlutverki móður í tilfinningalegu eða lagalegu tilliti, t.d. kvenkyns forráðamaður. Í tilviki einstaklings með foreldra af sama kyni, báða karlkyns, má nota þessa breytu til að tilgreina fæðingarland annars föðurins. Skrá yfir lönd og samsvarandi kóða er skilgreind samkvæmt staðlaðri kóðaskrá Hagstofu Evrópusambandsins, (SCL) GEO ([6]).	
Búsetuland	Búsetuland er landið þar sem einstaklingur eða heimili hefur vanalega búsetu í samræmi við núverandi landamæri. Skrá yfir lönd og samsvarandi kóða er skilgreind samkvæmt staðlaðri kóðaskrá Hagstofu Evrópusambandsins, (SCL) GEO ([6]).	— Búsetuland (SCL GEO kóði)
Búsetusvæði	Búsetusvæði er það svæði, innan búsetulands þar sem einstaklingurinn eða heimilið hefur vanalega búsetu, skilgreint að því er varðar aðildarríki á grundvelli flokkunar hagskýrslusvæða (NUTS) sem um getur í 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1059/2003 og I. viðauka hennar.	Sundurliðunarstig (NUTS 1, 2 eða 3) er byggt á því samhengi sem á við um sérhverja söfnun örgagna: — Búsetusvæði (NUTS kóði)
Þéttbýlisstig	Breytan segir til um þéttbýlisstig á svæðinu þar sem einstaklingur eða heimili er með vanalega búsetu með því að flokka staðbundnar stjórnsýslueiningar (LAU) í eina af þremur svæðistegundum: 1. „Borgir“ – þéttbýl svæði þar sem a.m.k. 50% íbúa búa í borgarkjarna. 2. „Bæir og úthverfi“ – meðalþéttbýl svæði þar sem a.m.k. 50% íbúa búa í þéttbýlisklösum, sem eru þó ekki „borgir“. 3. „Dreifbýli“ – strjálbýl svæði þar sem fleiri en 50% íbúa búa í fámennum landsbyggðarkjörnum.	— Borgir — Bæir og úthverfi — Dreifbýli
Samsetning heimilismanna	Samsetning heimilismanna segir til um samsetningu einkaheimila og tengsl heimilismanna innan heimilis. Samsetning heimilismanna skal vera í formi töflu þar sem fram koma tengsl milli hvers og eins og allra heimilismanna, þar sem hver röð og dálkur samsvarar einum heimilismanni og þegar vísað er til tengsla heimilismanna með stöðluðum flokkum í reitum þegar röð og dálkur viðkomandi heimilismanna skerast á eftirfarandi hátt: — Skilgreina skal „sambúðarmaka“ samkvæmt sambúðarstöðu, lagalegri eða í reynd, eða sambandsstöðu.	Sundurliðunarstig upplýsinga er byggt á því samhengi sem á við um sérhverja söfnun örgagna: — Sambúðarmaki — Eiginmaður eða eiginkona eða skráður sambúðarmaki — Sambúðarmaki eða sambýlismaður/-kona — Sonur eða dóttir — Líffræðilegur eða ættleiddur sonur eða dóttir — Stjúpsonur eða stjúpdóttir — Tengdasonur eða -dóttir

Breytuheiti	Lýsing á breytu	Breytuflokkar (flokkanir) fyrir gagnasendingar til framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópusambandsins)
	— Auðkenna skal „eiginmann“, „eiginkonu“ eða „sambúðarmaka“ samkvæmt lagalegri hjúskaparstöðu, þ.e. (lagalegri) hjúskaparstöðu hvers einstaklings með tilliti til hjúskaparlaga (eða hefða) í landinu (þ.e. staða að lögum), þ.m.t. skráðir sambúðarmakar. Pör af sama kyni geta verið „eiginmaður, eiginkona eða skráður sambúðarmaki“ ef athöfnin fór fram samkvæmt hjúskaparlögum (eða hefðum) í því landi. — „Sambúðarmaki“ eða „sambýlismaður/-kona“ er auðkenndur samkvæmt sambandstöðu í reynd, þ.e. sambúðar- eða sambandsstöðu hvers einstaklings með tilliti til eiginlegra heimilisaðstæðna viðkomandi innan heimilisins. — „Sonur“ eða „dóttir“, hvort sem um ræðir líffræðilegan/líffræðilega eða með ættleiðingu eða stjúpsonur eða stjúpdóttir. — „Líffræðilegur eða ættleiddur sonur eða dóttir“ eða „stjúpsonur eða stjúpdóttir“ vísar til náttúrulegs (líffræðilegs), ættleidds eða stjúpaðstandanda, óháð aldri eða sambúðar- eða sambandsstöðu, sem er með vanalega búsetu á heimili a.m.k. annars foreldris. „Ættleiðing“: að taka og fara með líffræðilegt barn annarra foreldra sem sitt eigið að svo miklu leyti sem kveðið er á um í landslögum. Ættleidda barnið fær réttindi og stöðu líffræðilegs barns hjá kjörforeldrunum í meðferð dómstóla, hvort sem það er skylt kjörforeldri eða ekki. — „Stjúpsonur eða stjúpdóttir“ vísar til aðstæðna þar sem stjúpforeldri sinnir barni sambúðarmaka eins og eigin barni að svo miklu leyti sem kveðið er á um í lögum landsins, án þess að ættleiða það. — „Tengdasonur eða -dóttir“ er einstaklingur sem er sambúðarmaki, lagalega séð eða í reynd, barns viðkomandi. — „Barnabarn“: barn barns viðkomandi, hvort sem um ræðir líffræðilegt, ættleitt eða stjúpbarn. — „Foreldri“ er mótaðili „líffræðilegs eða ættleidds sonar eða dóttur“ (líffræðilegt eða kjörforeldri) eða „stjúpsonar eða stjúpdóttur“ (stjúpforeldri). — „Tengdaforeldri“ er einstaklingur sem er foreldri sambúðarmaka viðkomandi, lagalega séð eða í reynd. — „Afi eða amma“: foreldri foreldris viðkomandi, þ.m.t. líffræðilegs, kjör- eða stjúpforeldris.	— Barnabarn — Foreldri — Náttúrulegt eða kjörforeldri — Stjúpforeldri — Tengdaforeldri — Afi eða amma — Bróðir eða systir — Náttúrulegur bróðir eða systir — Stjúpbróðir eða stjúpsystir — Annað skyldmenni — Annar sem er ekki skyldmenni —Ótilgreint ([1])

Breytuheiti	Lýsing á breytu	Breytuflokkar (flokkanir) fyrir gagnasendingar til framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópusambandsins)
	— „Bróðir eða systir“ vísar til líffræðilegra, kjör- eða stjúpbræðra eða -systra. — „Annað skyldmenni“ vísar til annarra skyldmenna sem ekki eru talin upp í skránni að ofan, s.s. systkinabarns, móður-/föðursystur eða móður-/föðurbróður, bróður-/systurdóttur eða bróður-/systursonar, o.s.frv. og nær einnig yfir tengdabarnabarn, tengdaafa eða -ömmu eða mág/svila eða mág-/svilkonu. — „Annar sem ekki er skyldmenni“ vísar til annarra en skyldmenna, s.s. ungmenna sem eru ráðin í vist og búa á heimilinu (e. *au-pair*), vina eða háskólanema sem búa saman, o.s.frv. Fósturbörn teljast einnig til þessa flokks.	
Stærð heimilis	Stærð heimilis er skilgreind sem heildarfjöldi einstaklinga á einkaheimili. Breytan veitir upplýsingar um nákvæman fjölda heimilismanna.	— Heildarfjöldi heimilismanna — Ótilgreint
Umráðaréttur húsnæðis heimilisins	Breytan vísar til þess með hvaða hætti einkaheimili nær yfir húsnæðiseiningu, að öllu leyti eða að hluta til, þar sem: Flokkana „eigandi með útistandandi fasteignaveðlán“ og „eigandi án útistandandi fasteignaveðláns“ á að nota þegar um er að ræða einkaheimili þegar a.m.k. einn af heimilismönnum er eigandi húsnæðiseiningarinnar þar sem heimilisfólkið býr, án tillits til þess hvort einhver annar heimilismaður er leigjandi húsnæðiseiningarinnar að öllu leyti eða hluta til. Einstaklingur er eigandi ef viðkomandi á í fórum sínum afsal, óháð því hvort húsið er að fullu greitt eða ekki. Eftirlifandi eigandi ætti að teljast eigandinn. Flokkurinn „eigandi með útistandandi fasteignaveðlán“ á við um aðstæður þar sem eigandinn þarf að greiða af a.m.k. einu útistandandi fasteignaveðláni eða útistandandi vexti af fasteignaveðláni, eða hvort tveggja, sem tekið er til kaupa á þessari húsnæðiseiningu. Flokkurinn „eigandi án útistandandi fasteignaveðláns“ á við um aðstæður þar sem hvorki er til staðar útistandandi fasteignaveðlán né vextir sem endurgreiða þarf af fasteignaveðláni. Greiðslur af fasteignaveðlánum eða húsnæðislánum, eða hvorum tveggja, fyrir aðrar húsnæðiseiningar (t.d. aðra íbúð) eða fyrir viðgerðir, endurnýjun, viðhald eða í öðrum tilgangi varðandi húsnæðið uppfylla ekki skilyrðin. Flokkana „leigjandi, leiga á markaðsverði“ eða „leigjandi, leiga á niðursettu verði“ á að nota um heimili þar sem a.m.k. einn aðili er leigjandinn (húsnæðiseining sem er leigð af eigandanum) eða framleigjandi (húsnæðiseining sem er framleigð frá einhverjum sem er sjálfur leigjandi) húsnæðiseiningarinnar þar sem viðkomandi býr og þegar enginn heimilismanna er eigandi þessarar húsnæðiseiningar.	— Eigandi án útistandandi fasteignaveðláns — Eigandi með útistandandi fasteignaveðlán — Leigjandi, leiga á markaðsverði — Leigjandi, leiga á niðursettu verði — Leigjandi, ókeypis leiga — Ótilgreint ([1]) — Á ekki við

Breytuheiti	Lýsing á breytu	Breytuflokkar (flokkanir) fyrir gagnasendingar til framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópusambandsins)
	Flokkurinn „leigjandi, leiga á markaðsverði“ á við um heimili þar sem a.m.k. einn aðili er leigjandi eða framleigjandi sem greiðir leigu á ríkjandi verðlagi eða markaðsverði. Flokkurinn á einnig við þegar leiga á markaðsverði er greidd en er að hluta til eða að öllu leyti endurheimt með húsnæðisbótum eða úr öðrum áttum, þ.m.t. frá opinberum aðilum, hjálparstofnunum eða einkaaðilum. Flokkurinn „leigjandi, leiga á niðursettu verði“ nær yfir heimili sem búa í húsnæðiseiningum á niðursettu verði, þ.e. verðið er lægra en markaðsverð (en ekki leigulaust) og felur í sér tilvik þar sem niðurfærsla á verði er veitt a) að lögum b) samkvæmt áætlun um félagslegt húsnæði c) af persónulegum ástæðum d) af hálfu vinnuveitanda Flokkurinn „leigjandi, leigulaust“ nær yfir heimili sem búa í húsnæðiseiningum án þess að greiða leigu, þ.e. þar sem engin leiga er greidd og felur einnig í sér tilfelli þegar leiga er ekki innheimt a) að lögum b) samkvæmt áætlun um félagslegt húsnæði c) af persónulegum ástæðum d) af hálfu vinnuveitanda Flokkurinn „á ekki við“ nær yfir öll einkaheimili sem búa ekki í venjulegum íbúðum eins og þær eru skilgreindar í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1201/2009.	
Núverandi hreinar mánaðar-tekjur heimilis	Breytan segir til um núverandi hreinar mánaðartekjur einkaheimilis, þ.e. samtölu tekna allra heimilismanna, mótteknar sitt í hverju lagi eða í heild — þ.m.t. tekjur af vinnu, félagslegar bætur og aðrar tekjur í reiðufé og að frádregnum tilfærslum í reiðufé til annarra heimila — eftir skatta og greiðslur vegna félagslegra trygginga. Breytan miðar að því að veita upplýsingar um þær tekjur heimilisins sem eftir standa til mánaðarlegra nota eða til að leggja fyrir að jafnaði. Í tilvikum þegar heimilistekjur eru verulega breytilegar á milli mánaða á að gefa upp mat á dæmigerðum eða hefðbundnum hreinum mánaðarlegum tekjum sem endurspegla núverandi tekjuaðstæður heimilis. Í tilvikum þegar mánaðarlegar heimilistekjur eru verulega breytilegar yfir árið, eins og þegar um ræðir árstíðabundna starfsemi, á að gefa upp mánaðarlegt meðaltal af árstekjum. Núverandi hreinar mánaðarlegar tekjur á að gefa upp annaðhvort sem núverandi hreinar heildartekjur heimilisins eða sem einn af jafngildu tekjuhópunum fimm.	— Tekjuhópur með lægra jafngildi núverandi hreinna mánaðarlegra tekna — Tekjuhópur með lágt til meðalhátt jafngildi núverandi hreinna mánaðarlegra tekna — Tekjuhópur með meðaljafngildi núverandi hreinna mánaðarlegra tekna — Tekjuhópur með meðaljafngildi til hátt jafngildi núverandi hreinna mánaðarlegra tekna — Tekjuhópur með hærra jafngildi núverandi hreinna mánaðarlegra tekna — Núverandi hreinar heildarmánaðartekjur heimilis (fjárhæðin gefin upp í gjaldmiðli hvers ríkis) — Ótilgreint ([1])

Breytuheiti	Lýsing á breytu	Breytuflokkar (flokkanir) fyrir gagnasendingar til framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópusambandsins)
	Viðmiðunarmörkin á milli hinna fimm jafngildu tekjuhópa ákvarðast af fimmtungsmörkum dreifingar breytunnar og eru skilgreind eins og hér segir: — „Tekjuhópur með lægra jafngildi núverandi hreinna mánaðarlegra tekna“ samsvarar heimilum með jafngilt tekjustig sem lendir undir fyrstu fimmtungsmörkunum. — „Tekjuhópur með lágt til meðaljafngildi núverandi hreinna mánaðarlegra tekna“ samsvarar heimilum með jafngilt tekjustig sem er jafnt eða hærra en fyrstu fimmtungsmörkin og lægra en önnur fimmtungsmörkin. — „Tekjuhópur með meðaljafngildi núverandi hreinna mánaðarlegra tekna“ samsvarar heimilum með jafngilt tekjustig sem er jafnt eða hærra en önnur fimmtungsmörkin og lægra en þriðju fimmtungsmörkin. — „Tekjuhópur með meðalgildi til hátt jafngildi núverandi hreinna mánaðarlegra tekna“ samsvarar heimilum með jafngilt tekjustig sem er jafnt eða hærra en þriðju fimmtungsmörkin og lægra en fjórðu fimmtungsmörkin. — „Tekjuhópur með hærra jafngildi núverandi hreinna mánaðarlegra tekna“ samsvarar heimilum með jafngilt tekjustig sem er jafnt eða hærra en fjórðu fimmtungsmörkin. Jafngilding felst í því að nota vogir gagnvart heimilismönnum til að endurspegla mismun í stærð og samsetningu heimilis eins og hér segir: fyrsti heimilismaður sem er 14 ára eða eldri fær vogina 1,0, sá næsti og hver sá sem á eftir fylgir 14 ára eða eldri fær vogina 0,5 og hvert barn yngra en 14 ára fær vogina 0,3.	
Fastráðning/Lausráðning í aðalstarfi	Breytan gerir greinarmun á því hvort aðalstarfið varir í takmarkaðan tíma (þ.e. starfið eða ráðningarsamningur muni renna út eftir fyrirfram skilgreint tímabil) eða hvort það miðast við ótímabundinn samning án tiltekinnar lokadagsetningar. Breytan vísar til aðalstarfs starfandi einstaklings sem er starfsmaður. Hugtakið starf er notað þegar vísað er til atvinnu. Sú viðmiðun sem notuð er til að ákvarða hvort einstaklingur sé starfandi er byggð á því samhengi sem á við um sérhverja söfnun örgagna. Eitt starf er safn verkefna og skyldustarfa sem eru innt af hendi fyrir eina efnahagslega einingu. Einstaklingar geta verið í einu starfi eða fleiri. Fyrir starfsmenn getur hver ráðningarsamningur talist vera aðskilið safn verkefna og skyldustarfa og þess vegna talinn vera aðskilið starf. Þegar um er að ræða mörg störf er aðalstarfið þar sem vinnutími er venjulega lengstur, eins og skilgreint er í alþjóðlegum hagskýrslustöðlum um vinnutíma.	Sundurliðunarstig upplýsinga er byggt á því samhengi sem á við um sérhverja söfnun örgagna: — Tímabundin ráðning — — tímabundinn skriflegur ráðningarsamningur — — tímabundin ráðning með munnlegu samkomulagi — Ótímabundið starf — — ótímabundinn skriflegur ráðningarsamningur — — ótímabundin ráðning með munnlegu samkomulagi — Ótilgreint (1) — Á ekki við (2)

Breytuheiti	Lýsing á breytu	Breytuflokkar (flokkanir) fyrir gagnasendingar til framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópusambandsins)
	Starfi þar sem ráðningarsamningur er tímabundinn mun annaðhvort ljúka eftir tímaskeið sem er ákveðið fyrirfram (á þekktri dagsetningu) eða eftir tímaskeið sem er ekki þekkt fyrirfram en er engu að síður skilgreint með hlutlægri viðmiðun, eins og að ljúka verkefni eða leysa af fjarverandi starfsmann tímabundið. Starf þar sem ráðningarsamningur sem hefur engin slík fyrirfram skilgreind lok telst vera ótímabundið starf. Það sem telst vera starf er samningsbundið eða óformlegt eða munnlegt samkomulag um ráðningarsamband en ekki væntingar sem svarandi gæti haft um að missa starfið, áætlun hans eða hennar um að hætta í því, starfa áfram eða möguleiki á að vera í því ótímabundið.	
Stjórnunarábyrgð	Breytan vísar til núverandi aðalstarfs starfandi einstaklings sem er starfsmaður og hún greinir á milli starfsmanna með eða án stjórnunarhlutverks. Einstaklingur telst hafa stjórnunarábyrgð þegar hann eða hún stjórnar formlega vinnu a.m.k. eins annars einstaklings. Ábyrgð gagnvart lærlingum og starfsnemum telst ekki vera stjórnun og heldur ekki gæðastýring (eftirlit með veittri þjónustu en ekki vinnu sem aðrir einstaklingar inna af hendi) eða ráðgjöf.	— Já — Nei — Ótilgreint ([1]) — Á ekki við ([2])
Ár þegar einstaklingur hóf störf fyrir núverandi vinnuveitanda sinn eða sem sjálfstætt starfandi	Breytan vísar til núverandi aðalstarfs starfandi einstaklings og segir til um árið þegar einstaklingurinn hóf að vinna fyrir núverandi vinnuveitanda sinn eða hóf núverandi starfsemi sem sjálfstætt starfandi.	— Árið þegar einstaklingur hóf störf fyrir núverandi vinnuveitanda eða sem sjálfstætt starfandi í aðalstarfi (gefið upp með fjórum tölustöfum) — Ótilgreint ([1]) — Á ekki við ([2])
Stærð starfsstöðvar fyrir aðalstarf	Breytan vísar til aðalstarfs starfandi einstaklings og segir til um fjölda einstaklinga sem starfa hjá starfsstöðinni, þ.m.t. þá sem vinna við starfsstöðina, og einnig þá sem vinna utan hennar en tilheyra henni skipulagslega séð og fá laun sín frá henni. Hún tekur einnig til eigenda og samstarfsaðila sem vinna reglulega í einingunni og ólaunaðra einstaklinga sem vinna við fyrirtæki eigin fjölskyldu, svo og starfsmanna í hlutastarfi sem eru á launaskrá. Árstíðabundið vinnuafl, lærlingar, starfsnemar og starfsmenn með vinnustöðu heima sem eru á launaskrá eru einnig taldir með. Starfsstöð er fyrirtæki eða hluti fyrirtækis á landfræðilega skilgreindu svæði.	— Nákvæmur fjöldi einstaklinga ef hann er frá 1 til 9 — 10 til 19 einstaklingar — 20 til 49 einstaklingar — 50 til 249 einstaklingar — 250 einstaklingar eða fleiri — Ekki vitað, þó færri en 10 einstaklingar — Ekki vitað, en þó 10 einstaklingar eða fleiri — Ótilgreint ([1]) — Á ekki við ([2])

Breytuheiti	Lýsing á breytu	Breytuflokkar (flokkanir) fyrir gagnasendingar til framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópusambandsins)
Fyrri starfsreynsla	Breytan veitir upplýsingar um hvort einstaklingur sem er án atvinnu hafi áður haft atvinnu (í samræmi við skilgreiningu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar á atvinnu ([7])) og um hvort fyrri starfsreynsla var eða var ekki algerlega takmörkuð við íhlaupavinnu. Flokkurinn „Einstaklingur hefur aldrei verið starfandi“ nær yfir einstaklinga sem hafa aldrei öðlast starfsreynslu. Flokkurinn „Einstaklingur hefur starfsreynslu sem er einungis takmörkuð við íhlaupavinnu“ nær yfir einstaklinga sem hafa starfsreynslu og sú reynsla er algerlega takmörkuð við íhlaupavinnu. Að því er varðar þessa breytu ætti vinna þar sem einstaklingur er kvaddur til að gegna herskyldu ekki að teljast til starfsreynslu. Flokkurinn „Einstaklingur hefur aðra starfsreynslu en þá sem er einungis takmörkuð við íhlaupavinnu“ nær yfir einstaklinga sem hafa aðra starfsreynslu en þá sem er einungis takmörkuð við íhlaupavinnu.	— Einstaklingur hefur aldrei verið starfandi — Einstaklingur hefur starfsreynslu sem er einungis takmörkuð við íhlaupavinnu — Einstaklingur hefur aðra starfsreynslu en þá sem er einungis takmörkuð við íhlaupavinnu — Ótilgreint ([1]) — Á ekki við ([2])
Þátttaka í formlegri menntun og þjálfun (háskólanemi eða lærlingur) á viðmiðunartímabilinu	Breytan mælir þátttöku einstaklings í formlegri menntun og þjálfun með því að staðfesta hvort einstaklingurinn hafi verið skráður sem háskólanemi eða lærlingur í formlegri námsleið á viðmiðunartímabilinu (sem verður skilgreind fyrir hverja söfnun örgagna).	— Já — Nei — Ótilgreint ([1]) — Á ekki við ([2])
Núverandi eða síðasta stig formlegrar menntunar eða þjálfunar	Breytan mælir síðasta stig formlegrar menntunar eða þjálfunar sem einstaklingur tók þátt í á tilteknu viðmiðunartímabili (sem verður skilgreint fyrir hverja söfnun örgagna) samkvæmt flokkunum í alþjóðlegu menntunarflokkuninni fyrir námsleiðir 20115 (ISCED-P 2011).	Sundurliðunarstig upplýsinga er byggt á því samhengi sem á við um sérhverja gagnasöfnun (svið). Fyrir hvern flokk eru ISCED–P kóðar tilgreindir þar sem einkvæmt samband er milli flokks og kóðans:

ISCED 0 Leikskólastig	0
ISCED 1 Barnaskólastig	1
ISCED 2 Unglingastig	2
ISCED 3 Framhaldsskólastig	3
ISCED 3 Framhaldsskólastig — bóknám	34
ISCED 3 Framhaldsskólastig — starfsnám	35
ISCED 3 *Framhaldsskólastig — áhersla óþekkt*	-
ISCED 4 Viðbótarstig	4
ISCED 4 Viðbótarstig – bóknám	44

Breytuheiti	Lýsing á breytu	Breytuflokkar (flokkanir) fyrir gagnasendingar til framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópusambandsins)	
		ISCED 4 Viðbótarstig – starfsnám	45
		ISCED 4 *Viðbótarstig – áhersla óþekkt*	-
		ISCED 5 Stutt nám á háskólastigi	5
		ISCED 5 Stutt nám á háskólastigi — bóknám	54
		ISCED 5 Stutt nám á háskólastigi – starfsnám	55
		ISCED 5 Stutt nám á háskólastigi – *áhersla óþekkt*	-
		ISCED 6 Bakkalárstig eða jafngilt stig	6
		ISCED 7 Meistarastig eða jafngilt stig	7
		ISCED 8 Doktorsstig eða jafngilt stig	8
		Ótilgreint (1)	
		Á ekki við (2)	
Árið þegar hæsta stigi menntunar var lokið með fullnægjandi árangri	Árið þegar hæsta stigi menntunar var lokið með fullnægjandi árangri (gefið upp með fjórum tölustöfum). Breytan vísar til ársins þegar hæsta stigi menntunar var lokið með fullnægjandi árangri og varðar einstaklinga með menntunarstigið barnaskólastig (ISCED 1) eða hærra. Flokkurinn „á ekki við“ nær yfir einstaklinga með enga formlega menntun eða menntunarstig undir barnaskólamenntun (ISCED 1). Flokkinn „á ekki við“ á einnig að nota til að telja hagskýrslueiningar sem eru hluti af þýðinu í gagnalindinni en veitir þó kerfisbundið engar upplýsingar um breytuna (t.d. einstaklingar undir ákveðnum aldri).	— Árið þegar hæsta stigi menntunar var lokið með fullnægjandi árangri (4 tölustafir) — Ótilgreint (1) — Á ekki við (2)	

Breytuheiti	Lýsing á breytu	Breytuflokkar (flokkanir) fyrir gagnasendingar til framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópusambandsins)	
Fagsvið hæsta menntunarstigs sem var lokið með fullnægjandi árangri	Fagsvið hæsta menntunarstigs sem einstaklingar með menntunarstig ISCED 3 eða hærra luku með fullnægjandi árangri. Fagsvið hæsta menntunarstigs sem er lokið með fullnægjandi árangri er byggt á fagsviðum í menntun og þjálfun í alþjóðlegu menntunarflokkuninni (ISCED-F 2013) ([8]). Fagsvið er vítt svið, grein eða viðfangsefni sem námsleið eða réttindi og hæfi nær yfir. Flokkurinn „á ekki við“ nær yfir einstaklinga með enga formlega menntun eða menntunarstig sem er lægra en ISCED 3.	Sundurliðunarstig upplýsinga er byggt á því samhengi sem á við um sérhverja gagnasöfnun (svið). Fyrir hvern flokk eru tilgreindir SCED–F kóðar þar sem einkvæmt samband er milli flokks og kóðans ([9]):	
		Almennar námsleiðir og menntun og hæfi	00
		Grunnnám og menntun og hæfi	001
		Læsi, skrift og tölulæsi	002
		Einstaklingsbundin færni og þroski	003
		Almennar námsleiðir og menntun og hæfi, ekki skilgreint frekar	009)
		Menntun	01
		Menntun	011
		Þverfaglegar námsleiðir og menntun og hæfi sem fela í sér menntun	018
		Listir og hugvísindi	02
		Listir	021
		Hugvísindi (að undanskildum tungumálum)	022
		Tungumál	023
		Þverfaglegar námsleiðir og menntun og hæfi er varða listir og hugvísindi	028
		Listir og hugvísindi, ekki skilgreind frekar	029)
		Félagsvísindi, fjölmiðlafræði og upplýsingafræði	03
		Félags- og atferlisvísindi	031
		Fjölmiðlafræði og upplýsingafræði	032
		Þverfaglegar námsleiðir og menntun og hæfi er varða félagsvísindi, fjölmiðlafræði og upplýsingafræði	038

Breytuheiti	Lýsing á breytu	Breytuflokkar (flokkanir) fyrir gagnasendingar til framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópusambandsins)	
		Félagsvísindi, fjölmiðlafræði og upplýsingafræði, ekki skilgreind frekar	039)
		Viðskiptafræði, stjórnunarfræði og lögfræði	04
		Viðskiptafræði og stjórnunarfræði	041
		Lögfræði	042
		Þverfaglegar námsleiðir og menntun og hæfi er varða viðskiptafræði, stjórnunarfræði og lögfræði	048
		Viðskiptafræði, stjórnunarfræði og lögfræði, ekki skilgreint frekar	049)
		Náttúruvísindi, stærðfræði og tölfræði	05
		Líffræði og tengd vísindi	051
		Umhverfi	052
		Eðlisvísindi	053
		Stærðfræði og tölfræði	054
		Þverfaglegar námsleiðir og menntun og hæfi er varða náttúruvísindi, stærðfræði og tölfræði	058
		Náttúruvísindi, stærðfræði og tölfræði, ekki skilgreint frekar	059)
		Upplýsinga- og fjarskiptatækni (ICT)	06
		Upplýsinga- og fjarskiptatækni	061
		Þverfaglegar námsleiðir og menntun og hæfi er varða upplýsinga- og fjarskiptatækni	068
		Verkfræði, framleiðsla og byggingafræði	07
		Verkfræði og tækni	071
		Framleiðsla og vinnsla	072
		Byggingarlist og byggingafræði	073
		Þverfaglegar námsleiðir og menntun og hæfi er varða verkfræði, framleiðslu og byggingafræði	078

Breytuheiti	Lýsing á breytu	Breytuflokkar (flokkanir) fyrir gagnasendingar til framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópusambandsins)	
		Verkfræði, framleiðsla og byggingafræði, ekki skilgreind frekar	079)
		Landbúnaður, skógrækt, fiskveiðar og dýralækningar	08
		Landbúnaður	081
		Skógrækt	082
		Fiskveiðar	083
		Dýralækningar	084
		Þverfaglegar námsleiðir og menntun og hæfi er varða landbúnað, skógrækt, fiskveiðar og dýralækningar	088
		Landbúnaður, skógrækt, fiskveiðar og dýralækningar, ekki skilgreint frekar	089)
		Heilbrigði og velferð	09
		Heilbrigði	091
		Velferð	092
		Þverfaglegar námsleiðir og menntun og hæfi er varða heilbrigði og velferð	098
		Heilbrigði og velferð, ekki skilgreint frekar	099)
		Þjónusta	10
		Einstaklingsþjónusta	101
		Hollustuhættir og heilbrigðisþjónusta á vinnustöðum	102
		Öryggisþjónusta	103
		Flutningaþjónusta	104
		Þverfaglegar námsleiðir og menntun og hæfi er varða þjónustu	108
		Þjónustur eru ekki skilgreindar frekar	109)
		Ótilgreint	
		Á ekki við	

Breytuheiti	Lýsing á breytu	Breytuflokkar (flokkanir) fyrir gagnasendingar til framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópusambandsins)
Lengd dvalar í búsetulandi í fullnuðum árum	Lengd dvalar í búsetulandi í fullnuðum árum lýsir tímalengd sem leið frá þeim tímapunkti þegar einstaklingur staðfesti síðast vanalega búsetu sína í skýrslugjafarlandinu, gefin upp í fullnuðum árum, sem eina af eftirfarandi: — Fædd/fæddur í þessu landi og hefur aldrei búið utanlands í eitt ár eða lengur nær yfir þá einstaklinga sem eru fæddir í skýrslugjafarlandinu og hafa aldrei haft vanalega búsetu í öðru landi en skýrslugjafarlandinu í eitt ár eða lengur. — Fjöldi ára í landi frá því að vanalegur búsetustaður var síðast staðfestur í þessu landi — heil tala sem lýsir tímabilinu á milli þess tímapunkts þegar einstaklingur staðfesti síðast vanalega búsetu sína og viðmiðunardagsetningarinnar (sértæk fyrir hverja félagslega söfnun örgagna) í fullnuðum árum.	— Fædd/fæddur í þessu landi og hefur aldrei búið utanlands í 1 ár eða lengur — Fjöldi ára í þessu landi (frá því að vanalegur búsetustaður var síðast staðfestur í þessu landi) (2 tölustafir) — Ótilgreint ([1]) — Á ekki við ([2])
Almennt heilbrigði samkvæmt eigin mati	Almennt heilbrigði samkvæmt eigin mati er huglægt mat einstaklingsins á almennu heilbrigði sínu (fremur en á núverandi heilbrigðisástandi eða hugsanlega tímabundnum heilbrigðisvandamálum), þ.m.t. ólíkum heilbrigðisþáttum, þ.e. líkamlegri og tilfinningalegri virkni, geðheilbrigði (nær yfir sálræna vellíðan og geðraskanir) og líflæknisfræðilegum merkjum og einkennum.	— Mjög gott — Gott — Sæmilegt (hvorki gott né slæmt) — Slæmt — Mjög slæmt — Ótilgreint ([1]) — Á ekki við ([2])
Langvarandi heilbrigðisvandamál	Breytan „langvarandi heilbrigðisvandamál“ er huglægt mat einstaklingsins á langvinnum heilbrigðisvandamálum sínum og nær yfir mismunandi líkamlega, tilfinningalega, atferlisfræðilega og geðræna þætti heilbrigðis, sjúkdóma og raskana, og einnig sársauka og slæma heilsu sem orsakast af slysum og áverkum eða meðfæddum kvillum. Einkenni langvarandi eða langvinnra kvilla eru að þeir eru varanlegir og ætla má að þeir þarfnist langvarandi eftirlits, athugunar eða umönnunar. Langvarandi sjúkdómar eða heilbrigðisvandamál ættu að hafa varað (eða tekið sig upp) eða búist er við að vari (taki sig upp) í sex mánuði eða lengur. Flokkurinn „já“ vísar til tilvistar eins eða fleiri langvarandi eða langvinnra heilbrigðisvandamála og „nei“ vísar til þess að langvarandi eða langvinn heilbrigðisvandamál séu ekki til staðar að mati svarandans.	— Já — Nei — Ótilgreint ([1]) — Á ekki við ([2])

Breytuheiti	Lýsing á breytu	Breytuflokkar (flokkanir) fyrir gagnasendingar til framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópusambandsins)
Hömlun á athöfnum vegna heilbrigðisvandamála	Breytan mælir mat einstaklingsins sjálfs á því að hve miklu leyti samfelld hömlun eða hamlanir til langs tíma (í a.m.k. sex mánuði) er vegna heilbrigðisvandamáls eða -vandamála (hvort heldur sem er líkamleg, andleg eða tilfinningaleg, þ.m.t skerðing eða hamlanir vegna elli) við að taka þátt í athöfnum sem einstaklingur þessi hefði annars tekið þátt í eða innt af hendi. Athöfn er skilgreint sem verk eða gjörð sem einstaklingur innir af hendi. Hamlanir á athöfnum eru skilgreindar sem erfiðleikar einstaklings við að framkvæma athöfn, metið út frá almennt viðurkenndri viðmiðun íbúa landsins, miðað við menningar- og félagslegar væntingar í tengslum við venjulegar athafnir fólk og nær yfir öll svið vinnu eða skóla, heimilis og frístunda. Einstaklingar með endurtekið eða sveiflukennt heilbrigðisástand ættu að vísa til algengustu aðstæðna sem hafa áhrif á venjulegar athafnir þeirra: — „Alvarleg hömlun“: getur ekki framkvæmt eða lokið athöfn eða getur það einungis með miklum erfiðismunum og jafnan með aðstoð frá öðrum. — „Hömlun en ekki alvarleg“: getur framkvæmt eða lokið venjulegri athöfn en með nokkrum erfiðismunum, þó jafnan án þess að þurfa aðstoð (eða jafnan sjaldnar en daglega aðstoð) frá öðrum. — „Alls engin hömlun“: getur framkvæmt eða lokið venjulegri athöfn án erfiðismuna eða hugsanleg hömlun á getu til athafna hefur ekki varað lengur en síðustu sex mánuði.	— Alvarleg hömlun — Hömlun en ekki alvarleg — Alls engin hömlun — Ótilgreint ([1]) — Á ekki við ([2])
Viðtalsaðferð sem notuð er	Breytan segir til um aðferðina sem er notuð til að safna upplýsingum frá svaranda. Í tilvikum þegar margs konar viðtalsaðferðir eru notaðar til að safna gögnum frá svaranda segir breytan til um þá aðferð sem oftast er notuð. Í einstaklingsviðtali þar sem svarandinn fyllir sjálfur út á pappír (PAPI), einstaklingsviðtali með aðstoð tölvu (CAPI) og símaviðtali sem fer fram með aðstoð tölvu (CATI) er spyrill til staðar. Í vefviðtali með aðstoð tölvu (CAWI) fyllir svarandinn út sjálfur og fylgir handriti sem er að finna á vefsíðunni. Flokkurinn „annað“ gildir þegar aðrir flokkar ná ekki yfir viðtalsaðferð sem notuð er, t.d. að svarandinn fyllir sjálfur út á pappír (e. *paper assisted self-administered interview, PASI*) eða viðtalið fer fram á tölvu sem er ekki tengd netinu og svarandinn stýrir því sjálfur (e. *computer assisted self-administered interview, CASI*).	— Einstaklingsviðtal þar sem svarandinn fyllir sjálfur út á pappír (PAPI) — Einstaklingsviðtal með aðstoð tölvu (CAPI) — Símaviðtal með aðstoð tölvu (CATI) — Vefviðtal með aðstoð tölvu (CAWI) — Annað — Á ekki við

Breytuheiti	Lýsing á breytu	Breytuflokkar (flokkanir) fyrir gagnasendingar til framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópusambandsins)
	Flokkinn „á ekki við“ á að nota til að skrá tölu hagskýrslueininga — sem eru hluti af þýðinu í gagnalindinni — þar sem ekki er kerfisbundið greint frá upplýsingum um þessa breytu, t.d. ef um er að ræða einstaklinga undir tilteknum aldri og einnig þegar allar upplýsingar eru fengnar úr skrám (þ.e. stjórnsýslugögnum) eða eru tilreiknaðar, eða bæði, og ekkert viðtal hefur farið fram.	
Eðli þátttöku í könnuninni	Breytan segir til um hvort valinn svarandi hafi veitt umbeðnar upplýsingar eða annar einstaklingur fyrir hann (staðgengill svaranda). Valinn svarandi er sá einstaklingur sem vísað er til í ákvæðunum um hverja söfnun örgagna og sá sem er beðinn um að veita upplýsingarnar. „Bein þátttaka“ vísar til aðstæðna þegar valinn svarandi veitir sjálfur umbeðnar upplýsingar. Bein þátttaka felur einnig í sér tilvik þar sem valinn svarandinn hefur veitt umbeðnar upplýsingar með aðstoð annars einstaklings (t.d. þýðing, líkamleg aðstoð) og hann hefur staðfest veitt svör. „Óbein þátttaka“ vísar til aðstæðna þegar þær upplýsingar sem valinn svarandi er beðinn um að veita eru veittar af þriðja aðila (þ.e. staðgengill svaranda) án þess að valinn svarandi staðfesti þær. Flokkinn „á ekki við“ á að nota til að skrá tölu hagskýrslueininga — sem eru hluti af þýðinu í gagnalindinni — þar sem ekki er kerfisbundið greint frá upplýsingum um þessa breytu og einnig þegar allar upplýsingar eru fengnar úr skrám (þ.e. stjórnsýslugögnum) eða tilreiknaðar, eða bæði, og ekkert viðtal hefur farið fram.	— Bein þátttaka — Óbein þátttaka — Ótilgreint ([1]) — Á ekki við
Lag	Aðallagið sem samsvarar hverri spurnareiningu (einstaklingur eða heimili) ef markþýðið (eða hluti þess) er lagskipt á fyrsta stigi úrtakssniðsins þar sem fram koma auðkenniskóðar fyrir mismunandi lög (kennimerki lags). Lagskipting þýðis merkir að því sé skipt í undirþýði sem ekki skarast, kölluð lög. Sjálfstæð úrtök eru síðan valin innan hvers lags. Skráðar upplýsingar vísa alltaf til aðstæðna á þeim tíma þegar hlutaðeigandi hagskýrslueining (einstaklingur eða heimili) var valin.	— Kennimerki lags — Á ekki við

Breytuheiti	Lýsing á breytu	Breytuflokkar (flokkanir) fyrir gagnasendingar til framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópusambandsins)
	Flokkurinn „kennimerki lags“ tilgreinir auðkenniskóða lagsins sem hver spurnareining (einstaklingur eða heimili) tilheyrir. Nota á auðkenniskóða lags ef markþýðið hefur verið lagskipt eða þegar tekið hefur verið tillit til aðalúrtakseininga sem tákna sjálfar sig eingöngu (PSU). Flokkinn „á ekki við“ á að nota ef markþýðið hefur ekki verið lagskipt á fyrsta stigi úrtaksferlisins (t.d. þegar úrtakið hefur fengist með einföldu slembiúrtaki eða með slembiúrtaki úr klasa) og aðalúrtakseiningar sem tákna sjálfar sig eingöngu hafa ekki verið teknar til greina.	
Aðalúrtakseining (PSU)	Breytan veitir upplýsingar um aðalúrtakseininguna (PSU) sem samsvarar hverri spurnareiningu (einstaklingi eða heimili) í tilvikum þegar markþýðinu er skipt í klasa sem tilgreina auðkenniskóða fyrir klasana eða aðalúrtakseiningarnar. Þýði er skipt í klasa (þ.e. aðskilin undirþýði) í tilvikum þegar einfalt tilviljunarúrtak er annaðhvort ómögulegt (vegna þess að úrtaksramma skortir) eða að framkvæmd þess er of dýr (þýðið er landfræðilega afar dreift). Úrtak klasa (aðalúrtakseiningar) er síðan valið á fyrsta stigi úrtaksferlisins. Skráðar upplýsingar vísa alltaf til aðstæðna á þeim tíma þegar hlutaðeigandi eining (einstaklingur eða heimili) er valin. Flokkurinn „kennimerki aðalúrtakseiningar“ tilgreinir auðkenniskóða aðalúrtakseiningarinnar (meðal valinna aðalúrtakseininga) sem hver spurnareining (einstaklingur eða heimili) tilheyrir, í tilvikum þegar markþýðinu hefur verið skipt í klasa á fyrsta stigi úrtöku. Flokkinn „á ekki við“ á að nota þegar markþýðið hefur ekki verið sett í klasa á fyrsta stigi úrtaksferlisins, t.d. þegar úrtakið hefur fengist með einföldu slembiúrtaki eða með lagskiptu slembiúrtaki.	— Kennimerki aðalúrtakseiningar — Á ekki við

(1) Flokkinn, „ótilgreint“, á að nota fyrir brottfallstilvik, t.d. þegar svarandi veit ekki svarið eða neitar að svara.

(2) Flokkinn „á ekki við“ á að nota um þau tilvik sem falla utan sviðs ákvæðinnar breytu, þ.e. vegna þess að sía hefur verið notuð fyrir þá breytu og hann á einnig að nota til að skrá tölu hagskýrslueininga — sem eru hluti af þýðinu í gagnalindinni — þar sem ekki er kerfisbundið greint frá upplýsingum um þær að því er varðar þessa breytu, t.d. ef um er að ræða einstaklinga undir ákveðnum aldri.

(3) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1893/2006 frá 20. desember 2006 um stofnun atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.) og um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3037/90 sem og tilteknum EB-reglugerðum um sérstök hagskýrslusvið (Stjtíð. ESB L 393, 30.12.2006, bls. 1).

(4) http://ec.europa.eu/eurostat/documents/1978984/6037342/ISCO-08.pdf (Ensk útgáfa, einnig tiltæk á frönsku og þýsku).

(5) http://uis.unesco.org/sites/default/files/documents/international-standard-classification-of-education-isced-2011-en.pdf (tiltæk á ensku og frönsku).

(6) http://ec.europa.eu/eurostat/ramon/nomenclatures/index.cfm?TargetUrl=LST_NOM_DTL&StrNom=CL_GEO&StrLanguageCode=EN&IntPcKey=&StrLayoutCode=HIERARCHIC (tiltæk á ensku, frönsku og þýsku).

(7) Þeir sem hafa aldrei öðlast starfsreynslu í launuðu starfi eða sem skilaði hagnaði sem varaði a.m.k. eina vinnustund á viku.

(8) http://uis.unesco.org/sites/default/files/documents/isced-fields-of-education-and-training-2013-en.pdf (tiltæk á ensku og frönsku).

(9) Kóðar (009), (029), (039), (049), (059), (079), (089), (099), (109) eru ekki ISCED-kóðar.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/2240 **2025/EES/42/03**

frá 16. desember 2019

um að tilgreina nánar tæknilega þætti gagnasafnsins, um að ákvarða tæknileg snið fyrir sendingu upplýsinga og að tilgreina nákvæmt fyrirkomulag og innihald gæðaskýrslna um skipulag úrtakskönnunar á vinnuaflssviði í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1700 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1700 frá 10. október 2019 um að setja sameiginlegan ramma fyrir evrópskar hagskýrslur um einstaklinga og heimili, sem byggjast á gögnum um einstaklinga sem safnað er með úrtaksrannsóknum, um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 808/2004, (EB) nr. 452/2008 og (EB) nr. 1338/2008 og niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1177/2003 og reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98 ([1]), einkum 7. gr. (1. mgr.), 8. gr. (3. mgr.) og 13. gr. (6. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Til að tryggja nákvæma framkvæmd úrtakskönnunar á vinnuaflssviðinu ætti framkvæmdastjórnin að tilgreina nánar tæknilega þætti gagnasafnsins, tæknilegu sniðin fyrir sendingu upplýsinga og nákvæmt fyrirkomulag og innihald gæðaskýrslna.

2) Aðildarríkin og meginstofnanir Sambandsins ættu að nota hagskýrsluflokkanir fyrir svæðisbundnar einingar, menntun, starf og atvinnuveg sem eru sambærilegar við flokkanir fyrir flokkun hagskýrslusvæða (NUTS) ([2]), alþjóðlegu menntunarflokkunina (ISCED) ([3]) alþjóðlegu starfaflokkunina (ISCO) ([4]) og atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins (NACE) ([5]).

3) Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari reglugerð eru í samræmi við álit nefndarinnar um evrópska hagskýrslukerfið.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni

Í þessari reglugerð eru tilgreindir tæknilegir þættir gagnasafnsins, tæknilegu sniðin fyrir sendingu upplýsinga frá aðildarríkjunum til framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópusambandsins (Eurostat)) og nákvæmt fyrirkomulag á sendingu og innihaldi gæðaskýrslna á vinnuaflssviðinu.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „aðalbreyta“: breyta með ársfjórðungslega tíðni,

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 336, 30.12.2019, bls. 59. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 353/2022 frá 9. desember 2022 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 48, 29.6.2023, bls. 102.

([1]) Stjtíð. ESB L 261 I, 14.10.2019, bls. 1.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1059/2003 frá 26. maí 2003 um að taka upp sameiginlega flokkun hagskýrslusvæða (NUTS) (Stjtíð. ESB L 154, 21.6.2003, bls. 1).

([3]) Alþjóðlega menntunarflokkunin frá 2011, http://uis.unesco.org/sites/default/files/documents/international-standard-classification-of-education-isced-2011-en.pdf (tiltæk á ensku og frönsku).

([4]) Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar frá 29. október 2009 um notkun alþjóðlegu starfsgreinaflokkunarinnar (ISCO-08) (Stjtíð. ESB. L 292, 10.11.2009, bls. 31).

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1893/2006 frá 20. desember 2006 um stofnun atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.) og um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3037/90 sem og tilteknum EB-reglugerðum um sérstök hagskýrslusvið (Stjtíð. ESB L 393, 30.12.2006, bls. 1).

2) „formgerðarbreyta“: breyta sem safnað er árlega, á tveggja ára fresti og áttunda hvert ár eða breyta þar sem safnað er upplýsingum um sérstakt viðfangsefni,

3) „lágmarkssafn breytna“: breytur sem safna á fyrir allt heimilisfólk til að unnt sé að framkvæma greiningar, bæði á stigi heimila og einstaklinga, sundurliðaðar eftir tilteknum einkennum heimila,

4) „áætlun um tilfærslu úrtaka“: heildarúrtakinu er skipt niður í deiliúrtök spurnareininga sem eru svipaðar að stærð og hönnun, og notaðar til að tilgreina fjölda skipta og nákvæma viðmiðunarfjórðunga ársins þegar spurnareiningin skal láta í té upplýsingar í könnuninni,

5) „bylgja“: deiliúrtak spurnareininga sem taka á viðtal við í sama n-ta skiptið samkvæmt áætlun um tilfærslu úrtaka í viðmiðunarársfjórðungi,

6) „samræmd úrtaksdreifing árlega úrtaksins“ að því er varðar alla viðmiðunarársfjórðunga ársins er hvert ársfjórðungsúrtak árlegt heildarúrtak deilt með fjórum,

7) „samræmd úrtaksdreifing ársfjórðungslega úrtaksins“ að því er varðar allar viðmiðunarvikur ársfjórðungsins er hvert vikuúrtak ársfjórðungslegt heildarúrtak deilt með fjölda vikna í ársfjórðungnum; tækt frávik, eins og það er tilgreint í 2. og 3. mgr. 6. gr., gildir um báðar dreifingar,

8) „úrtak með óháðum athugunum“: úrtak þar sem hver spurnareining kemur aðeins einu sinni fyrir samkvæmt úrtakssniði,

9) „áreiðanleikamörk“: áætlaðar stærðir þýðishópa sem eru það mikið undir talnafjölda að þarf að fella þær brott eða birta með varnaðarorðum,

10) „starfandi einstaklingar“ tekur til einstaklinga á aldrinum 15–89 ára (í fullnuðum árum við lok viðmiðunarvikunnar) sem voru í einum eftirtalinna flokka í viðmiðunarvikunni:

    a) einstaklingar sem unnu í a.m.k. eina klukkustund fyrir launum eða ávinningi í viðmiðunarvikunni, þ.m.t. einstaklingar sem unnu við fyrirtæki eigin fjölskyldu ([6]),

    b) einstaklingar í starfi eða með starfsemi sem voru tímabundið ekki í vinnu í viðmiðunarvikunni en voru með starfssamband, þar sem eftirtaldir hópar eru með starfssamband:

        — einstaklingar sem ekki eru í vinnu vegna orlofs, vinnutímatilhögunar, veikindaleyfis, fæðingarorlofs mæðra eða feðra,

        — einstaklingar í starfstengdri þjálfun,

        — einstaklingar í foreldraorlofi sem annaðhvort fá eða eiga rétt á starfstengdum tekjum eða bótum, eða þegar vænst er að foreldraorlof vari þrjá mánuði eða skemur,

        — árstíðabundið vinnuafl á lágannartíma, þar sem það heldur áfram að sinna reglulega verkefnum og skyldum í starfi eða starfsemi, að því undanskildu að uppfylla lagalegar eða stjórnsýslulegar skyldur,

        — einstaklingar sem eru tímabundið ekki í vinnu af öðrum ástæðum þar sem að vænst er að fjarvist vari þrjá mánuði eða skemur,

    c) einstaklingar sem framleiða landbúnaðarvörur sem eru að stærstum hluta ætlaðar til sölu eða vöruskipta.

    Einstaklingar sem vinna við framleiðslu til eigin nota, sjálfboðaliðar, ólaunaðir starfsnemar og einstaklingar sem taka þátt í annarri vinnu ([6]) eru ekki taldir með í vinnu á grundvelli þessarar starfsemi,

11) „atvinnulausir einstaklingar“ tekur til einstaklinga á aldrinum 15–74 ára (í fullnuðum árum við lok viðmiðunarvikunnar) sem voru:

    a) ekki starfandi í viðmiðunarvikunni samkvæmt skilgreiningunni á atvinnu sem lýst er í 10. mgr. og

    b) tiltækir þessa stundina til vinnu, þ.e. voru tiltækir fyrir launað starf eða sjálfstætt starf fyrir lok tveggja vikna sem komu næst á eftir viðmiðunarvikunni og

    c) í virkri atvinnuleit, þ.e. höfðu annaðhvort notað fjögurra vikna tímabilið sem lauk með viðmiðunarvikunni til að leita að launuðu starfi eða sjálfstæðu starfi eða fundið vinnu sem hefjast mun í síðasta lagi þremur mánuðum eftir að viðmiðunarvikunni lýkur.

([6]) Einstaklingar sem leggja fram vinnu við fyrirtæki eigin fjölskyldu, einstaklingar í vinnu við framleiðslu til eigin nota, sjálfboðaliðar, ólaunaðir nemar og einstaklingar sem taka þátt í annars konar starfi eru skilgreindir í ályktun 19. alþjóðlegu ráðstefnu tölfræðinga um vinnuafl (ICLS) að því er varðar hagskýrslur um vinnu, atvinnu og vannýtingu vinnuafls, sem samþykkt var 11. október 2013.

Til þess að staðfesta að um virka atvinnuleit sé að ræða felur slík virkni í sér að:

— fara yfir starfsauglýsingar,

— setja inn auglýsingu eða svara auglýsingum um starf,

— birta eða uppfæra ferilskrá á netinu,

— hafa beint samband við vinnuveitendur,

— spyrjast fyrir hjá vinum, skyldmennum eða kunningjum,

— hafa samband við opinbera vinnumiðlun,

— hafa samband við einkarekna ráðningarstofu,

— fara í próf, viðtal eða skoðun sem hluta af ráðningarferlinu og

— undirbúa að stofnsetja fyrirtæki.

Litið skal svo á að árstíðabundið vinnuafl, sem er án vinnu í viðmiðunarvikunni (á lágannartíma) en reiknar með að snúa aftur í árstíðabundið starf sitt, hafi „fundið starf“,

12) „einstaklingar utan vinnuafls“ tekur til einstaklinga sem voru í einum af eftirfarandi flokkum:

a) yngri en 15 ára (í fullnuðum árum við lok viðmiðunarvikunnar),

b) eldri en 89 ára (í fullnuðum árum við lok viðmiðunarvikunnar), eða

c) á aldrinum 15–89 ára (í fullnuðum árum við lok viðmiðunarvikunnar) og hvorki starfandi né atvinnulausir í viðmiðunarvikunni samkvæmt skilgreiningum á atvinnu og atvinnuleysi sem er lýst í 10. og 11. mgr.

3. gr.

Lýsing á breytum

1. Lýsing og tæknileg snið breytna sem safnað er ársfjórðungslega, árlega, á tveggja ára fresti og áttunda hvert ár um ítarlega efnisatriðið „staða á vinnumarkaði hjá farandfólki og nánustu afkomendum þess“ og kóðun sem nota á fyrir gagnasendingu og breyturnar sem telja á með í lágmarkssafni breytna er sett fram í I. viðauka við þessa reglugerð.

2. Fjöldi breytna sem safnað er áttunda hvert ár og safna á tiltekið ár skal ekki vera meiri en 11, nema í þeim tilvikum sem eiga við um:

a) ítarlega efnisatriðið um „vinnuskipulag og vinnutímatilhögun“ en fjöldi breytna fyrir það skal ekki vera meiri en 10 á tilteknu ári, og

b) ítarlegu efnisatriðin um „ungt fólk á vinnumarkaði“ og „menntunarstig – upplýsingar, þ.m.t. menntun rofin eða hætt við“ en fyrir þær breytur skal sameiginlegur fjöldi breytna sem safnað er áttunda hvert ár ekki vera meiri en sjö á tilteknu ári.

3. Fjöldi formgerðarbreytna sem safna á um sérstök viðfangsefni á fjögurra ára fresti skal ekki vera meiri en 11 á tilteknu ári.

4. gr.

Tölfræðileg þýði, spurnareiningar og reglur fyrir svarendur

1. Markþýðið fyrir vinnuaflssviðið skal vera allir einstaklingar sem eru jafnan búsettir á einkaheimilum á yfirráðasvæði aðildarríkisins.

2. Gagnasöfnun fyrir vinnuaflssviðið skal framkvæmd að því er varðar úrtak einkaheimila eða úrtak einstaklinga sem tilheyra einkaheimilum sem spurnareiningar.

3. Láta skal í té upplýsingar um:

a) sérhvern einstakling á hvaða aldri sem er um efnisatriðin „tæknilegir þættir“ og „einkenni einstaklinga og heimila“,

b) sérhvern einstakling á aldrinum 15–74 ára um efnisatriðið „þátttaka í menntun og þjálfun“,

c) sérhvern einstakling á aldrinum 15–89 fyrir ársfjórðungslegar og árlegar breytur og breytur sem safnað er á tveggja ára fresti um öll önnur efnisatriði,

d) sérhvern einstakling á aldrinum 15–74 fyrir breytur sem safnað er áttunda hvert ár um ítarlegu efnisatriðin um „staða á vinnumarkaði hjá farandfólki og nánustu afkomendum þess“ og „vinnuslys og önnur vinnutengd heilbrigðisvandamál“,

e) sérhvern einstakling á aldrinum 50–74 fyrir breytur sem safnað er áttunda hvert ár um ítarlega efnisatriðið sem varðar „lífeyrir og þátttaka á vinnumarkaði“,

f) sérhvern einstakling á aldrinum 15–34 fyrir breytur sem safnað er áttunda hvert ár um ítarlegu efnisatriðin sem varða „ungt fólk á vinnumarkaði“ og „menntunarstig — upplýsingar, þ.m.t. menntun rofin eða hætt við“,

g) sérhvern einstakling á aldrinum 18–74 fyrir breytur sem safnað er áttunda hvert ár um ítarlega efnisatriðið „samþætting vinnu og fjölskyldulífs“,

h) sérhvern starfandi einstakling á aldrinum 15–74 fyrir breytur sem safnað er áttunda hvert ár um ítarlega efnisatriðið sem varðar „vinnuskipulag og vinnutímatilhögun“,

Í öllum aldurshópum eru efri og neðri aldursmörk meðtalin eins og tilgreint er.

4. Viðtöl tekin við staðgengil eru leyfð en takmarka skal fjölda þeirra eins og unnt er.

5. gr.

Viðmiðunartímabil og viðmiðunardagsetningar

1. Upplýsingar sem er safnað fyrir vinnuaflssviðið skulu jafnan varða aðstæður yfir eina viku, sem nær frá mánudegi til sunnudags, sem telst viðmiðunarvikan.

2. Aldur einstaklings skal vera aldur í fullnuðum árum við lok viðmiðunarvikunnar.

3. Viðmiðunarársfjórðungar skulu vera eftirfarandi:

a) fjórðungar hvers árs vísa til 12 mánaða ársins, deilt með fjórum, þannig að janúar, febrúar og mars tilheyra fyrsta fjórðungnum, apríl, maí og júní öðrum fjórðungi, júlí, ágúst og september þriðja fjórðungi og október, nóvember og desember tilheyra fjórða fjórðungi,

b) viðmiðunarvikunum er skipt niður á viðmiðunarársfjórðungana þannig að ein vika tilheyri fjórðungnum, eins og skilgreint er í a-lið, sem a.m.k. fjórir dagar vikunnar tilheyra (nefnt „fimmtudagsreglan“), nema þetta leiði til þess að í fyrsta fjórðungi ársins séu einungis 12 vikur. Í slíku tilviki munu fjórðungar viðkomandi árs vera myndaðir af 13 vikna samstæðum í samfelldri röð,

c) ef ársfjórðungur samanstendur af 14 vikum í stað 13 vikna, í samræmi við b-lið ættu aðildarríki að reyna að dreifa úrtakinu yfir allar 14 vikurnar; í því felst að velja má að deila úrtakinu, sem jafnan er úthlutað til einnar viku, yfir tvær vikur,

d) sé ekki unnt að dreifa úrtaki svo að það nái yfir allar 14 vikur ársfjórðungsins er hlutaðeigandi aðildarríki heimilt að sleppa einni viku í þeim fjórðungi með því að undanskilja hana,

e) vikurnar með skipt úrtak og vikan sem sleppa á ættu að vera dæmigerðar að því er varðar atvinnuleysi, atvinnu og meðaltal raunverulegra vinnustunda og ættu að vera hluti af mánuði sem hefur fimm fimmtudaga,

f) fyrsti ársfjórðungur 2021 skal hefjast mánudaginn 4. janúar 2021.

4. Viðmiðunarár skal vera samsetning af viðmiðunarársfjórðungunum fjórum á því ári.

6. gr.

Ítarleg úrtakseinkenni

1. Gagnasafnið skal vísa til einnar viðmiðunarviku fyrir hverja spurnareiningu. Úthluta skal viðmiðunarvikunni til spurnareiningar áður en gagnasöfnun hefst.

2. Til viðbótar við þær ársfjórðungslegu kröfur sem settar eru fram í 1. lið III. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1700 skal dreifa skal öllu landsbundna úrtakinu jafnt á alla viðmiðunarársfjórðunga ársins. Dreifa skal heildarúrtaki ársfjórðungsins í hverjum viðmiðunarársfjórðungi jafnt á milli allra viðmiðunarviknanna, nema ef um er að ræða fjórðunga sem samanstanda af 14 vikum en í því tilviki má að dreifa úrtakinu fyrst jafnt í 13 viðmiðunarvikur og svo farið með það áfram í samræmi við annað af eftirfarandi:

a) úrtakinu sem úthlutað var á eina viðmiðunarviku skal deilt upp yfir tvær dæmigerðar viðmiðunarvikur til að ná yfir allar 14 vikurnar,

b) sleppa skal einni dæmigerðri viku í samræmi við 3. mgr. 5. gr. þessarar reglugerðar.

3. Dreifingar heildarúrtaksins, sem um getur í 2. mgr. og í 1. lið III. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1700, skulu ekki víkja meira en 10% frá nákvæmu hlutfalli á landsvísu, nema í tilviki aðildarríkja sem vinna mánaðarlegar hagskýrslur um atvinnuleysi en þá er leyfður 15% munur frá nákvæmu vikuhlutfalli, þó aldrei lengur en 5 vikur í ársfjórðungi. Þessi aðildarríki skulu beita leiðréttingum með fyrirfram ákveðnum hætti á ársfjórðungslegu vogirnar og tryggja að við beitingu þessara voga verði allar vikur ársfjórðungsins settar fram með jöfnum hætti. Virða skal 10% viðmiðunarmörkin á 2. stigi flokkunar svæðisbundinna hagskýrslusvæða (NUTS 2), að því marki sem frekast er unnt.

4. Deiliúrtök sjálfstæðra athugana sem vísa til allra vikna viðmiðunarársins skulu uppfylla kröfurnar um dreifingu, eins og mælt er fyrir um í 2. og 3. mgr., að því marki sem frekast er unnt.

5. Uppfylla skal allar kröfur um dreifingu, sem vísað er til í 2.–4. mgr., annaðhvort fyrir verga úrtakið eða hreina úrtakið.

6. Senda skal allar aðalbreytur fyrir úrtakið í heild í hverjum ársfjórðungi.

7. Senda skal allar formgerðarbreytur fyrir hvern ársfjórðung viðmiðunarársins fyrir a.m.k. eina bylgju í hverjum fjórðungi og ekki minna en einn áttunda af ársfjórðungslega úrtakinu í heild. Nánar tiltekið,

a) skal ýmist senda allar árlegar formgerðarbreytur og formgerðarbreytur sem safnað er á tveggja ára fresti, þar sem einungis ársmeðaltals er þörf:

   i. fyrir úrtakið í heild í hverjum ársfjórðungi,

   ii. fyrir eitt deiliúrtak með óháðum athugunum sem vísa til allra vikna viðmiðunarársins.

   Úrtakið fyrir formgerðarbreytur sem safnað er á tveggja ára fresti skal vera hluti af úrtakinu fyrir árlegar formgerðarbreytur,

b) skal senda breytur sem safnað er áttunda hvert ár og breytur um sérstakt viðfangsefni fyrir eitt deiliúrtak með óháðum athugunum sem vísa til allra vikna viðmiðunarársins. Deiliúrtak þetta skal vera hluti af úrtakinu fyrir árlegar formgerðarbreytur og formgerðarbreytur sem safnað er á tveggja ára fresti,

c) skal ávallt beita deiliúrtöku, eins og hún er skilgreind í a- og b-lið, með því að nota heilar bylgjur.

8. Aðildarríki sem nota úrtak einstaklinga sem tilheyra einkaheimili geta sent upplýsingar um aðra einstaklinga á þessum heimilum (svonefnt „lágmarkssafn breytna“) fyrir deiliúrtak með óháðum athugunum (nefnt „deiliúrtak heimilis“) sem er sett fram með þeim hætti að:

a) deiliúrtak heimilis samanstandi af sjálfstæðum athugunum sem vísa til allra vikna viðmiðunarársins. Árlega úrtakið sem af því leiðir skal, fyrir einstaklinga sem tilheyra að hluta til bæði úrtaki einstaklinga sem tilheyra einkaheimilum og deiliúrtaki heimila, uppfylla kröfurnar um dreifingu sem mælt er fyrir um í 2. og 3. mgr., að því marki sem frekast er unnt,

b) deiliúrtak heimilisins nær yfir a.m.k. eina bylgju á hverjum ársfjórðungi eða a.m.k. 15 000 heimili.

9. Aðildarríki sem nota:

a) úrtak einstaklinga,

b) deiliúrtak heimilis eins og það er skilgreint skv. 8. mgr. og

c) deiliúrtak fyrir ítarleg efnisatriði sem safnað er áttunda hvert ár sem eru frábrugðin deiliúrtaki heimilisins,

skulu senda, fyrir alla einstaklinga í heimili sem þeir einstaklingar tilheyra sem valdir hafa verið til að svara ítarlegum efnisatriðum áttunda hvert ár á tilteknu ári, og fyrir sömu viðmiðunartímabil, alla hluta efnisatriðanna „tæknilegir þættir“ og „einkenni einstaklinga og heimila“ sem einnig eru hluti af lágmarkssafni breytnanna.

Sendingin skal ná yfir ítarleg efnisatriði sem safnað er áttunda hvert ár að því er varðar „staða á vinnumarkaði hjá farandfólki og nánustu afkomendum þess“, „lífeyrir og þátttaka á vinnumarkaði“ og „samþætting vinnu og fjölskyldulífs“.

7. gr.

Gagnasöfnunartímabil og -aðferðir

1. Viðtölin, þar sem safnað er upplýsingum fyrir vinnuaflssviðið, skulu fara fram í vikunni strax á eftir viðmiðunarvikunni og eigi síðar en fimm vikum eftir að henni lýkur.

2. Í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum og einungis eftir því sem þurfa þykir er heimilt að framlengja viðtalstímabilið enn frekar.

3. Framkvæma skal viðtölin með viðtalsaðferðum sem fara fram með aðstoð tölvu, eins og einstaklingsviðtal með aðstoð tölvu (CAPI), símaviðtal með aðstoð tölvu (CATI) og vefviðtal með aðstoð tölvu (CAWI), nema í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum.

8. gr.

Aðferðir fyrir gögn um atvinnustig og atvinnuleysi

1. Flæðirit um röð spurninganna um ítarlegu efnisatriðin „atvinnustaða“, „atvinnuleit“, „vilji til vinnu“, „tiltækileiki“, „annað starf eða önnur störf“ og „aðalatvinnustaða (samkvæmt eigin skilgreiningu)“ skulu vera eins tilgreint er í II. viðauka við þessa reglugerð.

2. Upplýsinganna um breyturnar WKSTAT, ABSREAS, JATTACH, SEEKWORK, ACTMETNE og AVAILBLE sem um getur í I. viðauka við þessa reglugerð skal afla með viðtali.

3. Unnt er nota opinberar skrár og aðrar heimildir og aðferðir fyrir allar aðrar breytur að því tilskildu að gögnin sem aflað er séu með jafngilda þekju og a.m.k. af jafngildum gæðum. Viðkomandi gæðavíddir innihalda samanburðarhæfar og samræmdar skilgreiningar og hugtök, leiðrétt viðmiðunartímabil og tímanlegt aðgengi að gögnum.

9. gr.

Sameiginlegir staðlar fyrir leiðréttingar, tilreikning, vogir og mat

1. Stjórnsýslu- eða skráningargögn, niðurstöður úr fyrri viðtölum og niðurstöður úr viðtölum við annan einstakling skulu ekki notuð til að koma í staðinn fyrir eða til að tilreikna upplýsingar um breyturnar WKSTAT, ABSREAS, JATTACH, SEEKWORK, ACTMETNE og AVAILBLE sem um getur í I. viðauka við þessa reglugerð. Beita má einfölduðum reglum fyrir ákveðna hópa einstaklinga, eins og tilgreint er í II. viðauka við þessa reglugerð.

2. Í því tilviki að upplýsingar um aðrar breytur vantar, þær eru ógildar eða ósamræmi finnst má beita tölfræðilegum tilreikningi eftir því sem við á, nema fyrir breytuna INCGROSS sem um getur í I. viðauka við þessa reglugerð en að því er hana varðar skal ávallt beita tölfræðilegum tilreikningi þegar brottfall er meira en 5%.

3. Viðmiðunarþýðið fyrir vog skal vera (raunverulegur eða áætlaður) íbúafjöldi sem er jafnan búsettur á einkaheimilum.

4. Vogir fyrir möt á einstaklingsstigi, sem eru byggðar á ársfjórðungslegum og árlegum breytum og breytum sem safnað er á tveggja ára fresti, skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) reikna skal vogirnar með tilliti til líkinda á vali og ytri gagna um dreifingu þýðisins sem rannsakað er, eftir dreifingu þýðisins, sem kannað er, eftir kyni, aldurshópum og svæði (2. stig NUTS). Aldursbil í hópunum skal vera staðlað við fimm ár. Í ljósi úrtaksstærðar og gæða og tiltækileika ytri gagna eru samsöfn sem innihalda fleiri en einn aldurshóp með fimm ára aldursbili þó einungis heimil að því marki því sem þurfa þykir,

b) tryggja skal samræmi á milli árlegra heildartalna deiliúrtaka að því er varðar árlegar formgerðarbreytur og formgerðarbreytur sem safnað er á tveggja ára fresti og árlegra meðaltala alls úrtaksins að því er varðar atvinnustig, atvinnuleysi og einstaklinga utan vinnuafls eftir kyni og fyrir eftirfarandi aldurshópa: 25–34, 35–44 og 45–54. Ná skal samræmi fyrir hópa einstaklinga á aldrinum 15–24, 55–64 og 65 og eldri að því marki sem frekast er unnt.

5. Vogir fyrir möt á heimilisstigi, þar sem meðaltalsvog heimilismanna er notuð, og á einstaklingsstigi eftir tilteknum einkennum heimila skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) reikna skal vogirnar út að teknu tilliti til líkinda á vali og gagna um dreifingu einkaheimila sem rannsökuð eru, þ.e. (raunverulegur eða metinn) fjöldi heimila og (raunveruleg eða metin) stærð heimila (heimilisstig) og dreifing þýðis sem rannsakað er, að því er varðar kyn og a.m.k. aldurshópa 0–14 ára og 15 ára og eldri (einstaklingsstig). Byggja skal mat á fjölda og stærð heimila á bestu fáanlegu heimildum og tiltækum hugtökum,

b) tryggja skal samræmi á milli árlegra heildartalna úrtaks í heild eða deiliúrtaks með því að nota vogir fyrir heimili, og árlegra meðaltala úrtaks í heild með því að nota einstaklingsbundnar vogir, eins og þær eru skilgreindar í 4. mgr., að því er varðar atvinnustig, atvinnuleysi og einstaklinga utan vinnuafls eftir kyni og að því er varðar eftirfarandi aldurshópa: 25–34, 35–44 og 45–54. Ná skal samræmi fyrir hópa einstaklinga á aldrinum 15–24, 55–64 og 65 og eldri að því marki sem frekast er unnt.

6. Vogir fyrir möt á einstaklingsstigi, sem eru byggðar á breytum sem safnað er áttunda hvert ár/breytum um sérstök viðfangsefni skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) reikna skal vogirnar með tilliti til líkinda á vali og gagna sem varða dreifingu þýðisins, sem rannsakað er, að því er varðar kyn og aldurshópa markþýðis sem kannað er áttunda hvert ár eins og skilgreint er í 3. mgr. 4. gr. þessarar reglugerðar. Aldursbil í hópunum skal vera staðlað við fimm ár. Í ljósi úrtaksstærðar og gæða og tiltækileika gagna er samsöfn sem innihalda fleiri en einn aldurshóp með fimm ára aldursbili þó einungis heimil að því marki sem þurfa þykir,

b) tryggja skal samræmi á milli árlegra heildartalna deiliúrtaks með því að nota vogir vegna kannana sem gerðar eru áttunda hvert ár og árlegra heildartalna deiliúrtaks eða, ef það á ekki við, árlegra meðaltala úrtaks í heild með því að nota einstaklingsbundnar vogir, sem vísað er til í 4. mgr., fyrir markþýði sem kannað er áttunda hvert ár eins og skilgreint er í 3. mgr. 4. gr. þessarar reglugerðar, sem og að því er varðar atvinnustig, atvinnuleysi og einstaklinga utan vinnuafls eftir kyni,

c) kröfurnar skulu gilda í samræmi við það fyrir sérstök viðfangsefni og markþýði þeirra.

7. Upplýsingar um breyturnar WKSTAT, ABSREAS, JATTACH, SEEKWORK, ACTMETNE og AVAILBLE sem um getur í I. viðauka við þessa reglugerð skulu ekki notaðar í vogferlinu.

10. gr.

Miðlun gagna

1. Aðildarríki skulu senda framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) tvö áreiðanleikamörk, sem hluta af ársfjórðungslegu nákvæmniskýrslunni sem lýst er í 2. mgr. III. viðauka við þessa reglugerð. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) skal nota þessi áreiðanleikamörk við miðlun gagna.

2. Í því skyni að vinna bakreiknaðar og órofnar tímaraðir um meginvísa sem hefjast á fyrsta ársfjórðungi 2009 skulu aðildarríki senda framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins), eigi síðar en 31. desember 2021, annað af eftirfarandi:

a) leiðréttingarstuðla sem skal beitt á gögn fyrir fyrri ár fyrir hvern vísi sem skráður er í 3. mgr. þessarar greinar,

b) heildartímaraðir sem ná yfir tímabilið frá fyrsta ársfjórðungi 2009 til fjórða ársfjórðungs 2020 fyrir hvern vísi sem skráður er í 3. mgr. þessarar greinar.

3. Vísarnir sem bakreiknaðar og órofnar tímaraðir eru nauðsynlegar fyrir eru atvinnu- og atvinnuleysisstig í þúsundum, sundurliðuð eftir kyni og aldurshópunum 15–24, 25–64, 65 og eldri og, einungis að því er varðar atvinnu, aldursflokkinn 20–64.

4. Senda skal leiðréttingarstuðla fyrir bakreikning, heilar órofnar tímaraðir og viðeigandi lýsigögn fyrir bakreiknaðar órofnar tímaraðir sem krafist er skv. 2. mgr. þessarar greinar og nota til þess sniðið sem framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) lætur í té.

11. gr.

Staðlar fyrir sendingar og skipti á upplýsingum

1. Aðildarríki skulu senda framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) ársfjórðungsleg og árleg gagnasöfn með fyrirframskoðuðum örgögnum sem samræmast sannreyningarreglum samkvæmt tilgreiningu á breytum að því er varðar kóðun þeirra og skilyrði um síur sem settar eru fram í I. viðauka við þessa reglugerð. Aðildarríki og framkvæmdastjórnin skulu sammælast um viðbótarsannreyningarreglur sem uppfylla skal sem skilyrði fyrir send gögn sem samþykkja á.

2. Ársfjórðungsleg gagnasöfn skulu innihalda allar aðalbreytur fyrir ársfjórðungsúrtakið. Valfrjálst skal vera að taka með breytur fyrir árlegt viðmiðunartímabil fyrir viðkomandi úrtök eða deiliúrtök í þessum gagnasöfnum.

3. Árleg gagnasöfn skulu innihalda formgerðarbreytur og einnig aðalbreytur fyrir viðkomandi úrtök og deiliúrtök.

4. Aðalbreytur og formgerðarbreytur ársfjórðungslegra og árlegra gagnasafna skulu vera í samræmi við kröfurnar sem lýst er í 3. mgr. 4. gr. þessarar reglugerðar.

5. Senda skal endurskoðuð gögn í heilum gagnasöfnum sem ná yfir allar breytur óháð fjölda endurskoðaðra athugana og breyta.

6. Innihald ársfjórðungslegra breytna sem sendar voru í ársfjórðungslegum gagnasöfnum skulu vera í samræmi við inntak breytnanna sem sendar voru í árlega gagnasafninu.

7. Aðildarríki skulu gera gögnin og lýsigögnin sem krafist er samkvæmt þessari reglugerð aðgengileg framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) og nota til þess staðlana fyrir samskipti með hagskýrslugögn og lýsigögn sem ákvarðaðir eru af framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (Hagstofu Evrópusambandsins) og miðlægu netgáttina.

12. gr.

Nákvæmt fyrirkomulag og innihald gæðaskýrslna

Ársfjórðungslegar og árlegar gæðaskýrslur aðildarríkja skulu vera í samræmi við kröfurnar sem skráðar eru í III. viðauka við þessa reglugerð til viðbótar kröfunum sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) 2019/1700.

13. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2021.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. desember 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

I. VIÐAUKI

Lýsing og tæknileg snið breytna sem safna á um hvert efnisatriði og ítarlegt efnisatriði um vinnuaflssviðið og kóðunina sem nota á

Efnisatriði	Ítarlegt efnisatriði	Kennimerki breytu	Breytuheiti	Kóðar	Merkingar	Sía	Merkingar síu	Lágmarkssafn breytna	Breytutegund
01. Tæknilegir þættir	Upplýsingar um gagnasöfnun	REFYEAR	Könnunarár	YYYY	Könnunarár (fjórir tölustafir)		Allir í markþýðinu	Já	Tæknileg
01. Tæknilegir þættir	Upplýsingar um gagnasöfnun	REFWEEK	Viðmiðunarvika	01–53	Númer viku (tveir tölustafir)		Allir í markþýðinu	Já	Tæknileg
01. Tæknilegir þættir	Upplýsingar um gagnasöfnun	REFMONTH	Viðmiðunarmánuður	01–12	Númer mánaðar (tveir tölustafir)		Allir í markþýðinu	Já	Afleidd
01. Tæknilegir þættir	Upplýsingar um gagnasöfnun	INTWEEK	Viðtalsvika	01–53	Númer viku (tveir tölustafir)		Allir í markþýðinu	Já	Tæknileg
01. Tæknilegir þættir	Upplýsingar um gagnasöfnun	HHTYPE	Býr á einkaheimili eða stofnun	1 2 3	Einstaklingur sem tekur þátt í könnuninni og býr á sama einkaheimili Einstaklingur sem tekur þátt í könnuninni tilheyrir einkaheimili en býr á stofnun Einstaklingar sem tekur þátt í könnuninni tilheyrir einkaheimili en býr á öðru einkaheimili		Allir í markþýðinu	Já	Tæknileg
01. Tæknilegir þættir	Upplýsingar um gagnasöfnun	STRATU M	Lag	Ekki eyða Eyða	Kennimerki lags (15 stafa alstafakóði) Á ekki við		Allir í markþýðinu, þegar markþýðið (eða hluti þess) er lagskipt á fyrsta stigi úrtakssniðs eða ef um er að ræða aðalúrtakseiningar sem tákna sjálfar sig eingöngu	Já	Tæknileg
01. Tæknilegir þættir	Upplýsingar um gagnasöfnun	PSU	Aðalúrtakseining	Ekki eyða Eyða	Kennimerki aðalúrtakseiningar (15 stafa alstafakóði) Á ekki við		Allir í markþýðinu, þegar markþýðinu er skipt niður í klasa (aðalúrtakseiningar)	Já	Tæknileg

Efnisatriði	Ítarlegt efnisatriði	Kennimerki breytu	Breytuheiti	Kóðar	Merkingar	Sía	Merkingar síu	Lágmarkssafn breytna	Breytutegund
01. Tæknilegir þættir	Upplýsingar um gagnasöfnun	FSU	Lokaúrtakseining (eða endanleg)	Ekki eyða Eyða	Kennimerki lokaúrtakseiningar (15 stafa alstafakóði) Á ekki við (aðeins fyrir einstaklinga sem ekki eru í einstaklingsúrtaki)		Allir í markþýðinu	Nei	Tæknileg
01. Tæknilegir þættir	Upplýsingar um gagnasöfnun	DEWEIGHT	Hönnunarvog	Ekki eyða Eyða	Hönnunarvog (7 tölustafir: 5 fyrstu eru heilar tölur en næstu 2 á eftir eru tugastafir) Á ekki við		Allir í markþýðinu	Nei	Tæknileg
01. Tæknilegir þættir	Auðkenning	IDENT	Einkvæmt auðkenni	Ekki eyða	Kennimerki (25 stafa alstafakóði)		Allir í markþýðinu	Já	Tæknileg
01. Tæknilegir þættir	Auðkenning	HHNUM	Raðnúmer heimilis	Ekki eyða	Heimilisnúmer (8 stafa alstafakóði)		Allir í markþýðinu	Já	Tæknileg
01. Tæknilegir þættir	Auðkenning	HHSEQNUM	Raðnúmer á heimilinu	01–98	Raðnúmer sem er úthlutað hverjum heimilismanni (tveir tölustafir)		Allir í markþýðinu	Já	Tæknileg
01. Tæknilegir þættir	Vogir	COEFFQ	Ársfjórðungsleg vog	000000000 – 999999999 Eyða	Ársfjórðungsleg vog með 9 tölustöfum: fyrstu 5 tölustafirnir eru heilar tölur en þær 4 síðustu eru tugasæti Á ekki við		Allir í markþýðinu	Nei	Tæknileg
01. Tæknilegir þættir	Vogir	COEFFY	Árleg vog	000000000 – 999999999 Eyða	Árleg vog með 9 tölustöfum: fyrstu 5 tölustafirnir eru heilar tölur en þær 4 síðustu eru tugasæti Á ekki við	Allir í árlegu úrtaki (deili-)úrtaki fyrir árlegar breytur	Allir í árlegu úrtaki (deili-)úrtaki fyrir árlegar breytur	Nei	Tæknileg
01. Tæknilegir þættir	Vogir	COEFF2Y	Vog fyrir breytur sem safnað er annað hvert ár	000000000 – 999999999	Vog fyrir breytur sem safnað er annað hvert ár með 9 tölustöfum: fyrstu 5 tölustafirnir eru heilar tölur en þær 4 síðustu eru tugasæti	Allir í árlegu úrtaki (deili-)úrtaki fyrir breytur sem safnað er annað hvert ár	Allir í árlegu úrtaki (deili-)úrtaki fyrir breytur sem safnað er annað hvert ár	Nei	Tæknileg

Efnisatriði	Ítarlegt efnisatriði	Kennimerki breytu	Breytuheiti	Kóðar	Merkingar	Sía	Merkingar síu	Lágmarkssafn breytna	Breytutegund
				Eyða	Á ekki við				
01. Tæknilegir þættir	Vogir	COEFFMOD	Árleg vog – viðhengi	000000000 – 999999999	Árleg vog viðhengis með 9 tölustöfum: fyrstu 5 tölustafirnir eru heilar tölur en þær 4 síðustu eru tugasæti	Allir í árlegu deiliúrtaki viðhengis	Allir í árlegu deiliúrtaki viðhengis	Nei	Tæknileg
				Eyða	Á ekki við				
01. Tæknilegir þættir	Vogir	COEFFHH	Árleg vog heimilis	000000000 – 999999999 Eyða	Árleg vog heimilis með 9 tölustöfum: fyrstu 5 tölustafirnir eru heilar tölur en þær 4 síðustu eru tugasæti Á ekki við	Allir í árlegu úrtaki (deili-)úrtaki sem nota á við greiningar á heimilum	Allir í árlegu úrtaki (deili-)úrtaki sem nota á við greiningar á heimilum	Já	Tæknileg
01. Tæknilegir þættir	Skráningaratriði viðtala	INTWAVE	Raðnúmer könnunar-bylgjunnar	1–8	Raðnúmer könnunarbylgjunnar		Allir í markþýðinu	Já	Tæknileg
01. Tæknilegir þættir	Skráningaratriði viðtala	INTQUEST	Spurningalisti sem notaður var	01 02 03 04 05 06 07	Ársfjórðungslega Ársfjórðungslega og árlega Ársfjórðungslega, árlega og á tveggja ára fresti Ársfjórðungslega, árlega, á tveggja ára fresti og viðhengi Ársfjórðungslega og (upprunalega valinn) svarandi myndar hluta af deiliúrtaki heimilis Ársfjórðungslega, árlega og (upprunalega valinn) svarandi myndar hluta af deiliúrtaki heimilis Ársfjórðungslega, árlega, á tveggja ára fresti og (upprunalega valinn) svarandi myndar hluta af deiliúrtaki heimilis		Allir í markþýðinu	Já	Tæknileg

Efnisatriði	Ítarlegt efnisatriði	Kennimerki breytu	Breytuheiti	Kóðar	Merkingar	Sía	Merkingar síu	Lágmarkssafn breytna	Breytutegund
				08	Ársfjórðungslega, árlega, á tveggja ára fresti, viðhengi og (upprunalega valinn) svarandi myndar hluta af deiliúrtaki heimilis				
				09	Heimili – lágmarkssafn breytna (fyrir annað heimilisfólk)				
				10	Heimili – takmarkað safn bakgrunnsbreytna viðhengis (fyrir annað heimilisfólk)				
01. Tæknilegir þættir	Skráningaratriði viðtala	MODE	Viðtalsaðferð sem notuð er	1	Einstaklingsviðtal með aðstoð tölvu (CAPI)		Allir í markþýðinu	Já	Tæknileg
				2	Símaviðtal með aðstoð tölvu (CATI)				
				3	Vefviðtal með aðstoð tölvu (CAWI)				
				4	Einstaklingsviðtöl þar sem svarandinn fyllir sjálfur út á pappír (PAPI)				
				5	Afritað frá fyrra viðtali				
				6	Annað				
				Eyða	Ótilgreint				
01. Tæknilegir þættir	Skráningaratriði viðtala	PROXY	Eðli þátttöku í könnuninni	1	Bein þátttaka		Allir í markþýðinu	Já	Tæknileg
				2	Óbein þátttaka (þ.e. þátttaka fyrir milligöngu annars heimilismanns)				
				Eyða	Ótilgreint				
01. Tæknilegir þættir	Staðsetning	COUNTRY	Búsetuland	Ekki eyða	Búsetuland (SCL GEO alpha-2 kóði)		Allir í markþýðinu	Já	Tæknileg
01. Tæknilegir þættir	Staðsetning	REGION	Búsetusvæði	Ekki eyða	Flokkun hagskýrslusvæða, svæði 3 (NUTS 3) (3 stafa alstafakóði)		Allir í markþýðinu	Já	Tæknileg
01. Tæknilegir þættir	Staðsetning	DEGURBA	Þéttbýlisstig	1	Borgir		Allir í markþýðinu	Já	Tæknileg

Efnisatriði	Ítarlegt efnisatriði	Kennimerki breytu	Breytuheiti	Kóðar	Merkingar	Sía	Merkingar síu	Lágmarkssafn breytna	Breytutegund
				2 3	Bær og úthverfi Dreifbýli				
02. Einkenni einstaklinga og heimila	Lýðfræði	SEX	Kyn	1 2	Karl Kona		Allir í markþýðinu	Já	Söfnuð
02. Einkenni einstaklinga og heimila	Lýðfræði	YEARBIR	Fæðingarár	YYYY	Fæðingarár (fjórir tölustafir)		Allir í markþýðinu	Já	Söfnuð
02. Einkenni einstaklinga og heimila	Lýðfræði	PASSBIR	Afmælisdagur liðinn	1 2 3 4	Já, og viðmiðunarvikan nær ekki yfir á næsta almanaksár Nei, og viðmiðunarvikan nær ekki yfir á næsta almanaksár Já, og viðmiðunarvikan nær yfir á næsta almanaksár Nei, og viðmiðunarvikan nær yfir á næsta almanaksár		Allir í markþýðinu	Já	Söfnuð
02. Einkenni einstaklinga og heimila	Lýðfræði	AGE	Aldur í fullnuðum árum	0–120	Aldur í fullnuðum árum (3 tölustafir)		Allir í markþýðinu	Já	Afleidd
02. Einkenni einstaklinga og heimila	Ríkisfang og bakgrunnur farandfólks	CITIZENS HIP	Land aðalríkisfangs	Ekki eyða STLS FOR Eyða	Land aðalríkisfangs (SCL GEO alpha-2 kóði) Ríkisfangslaus Erlent ríkisfang en land óþekkt Ótilgreint		Allir í markþýðinu	Já	Söfnuð
02. Einkenni einstaklinga og heimila	Ríkisfang og bakgrunnur farandfólks	COUNTRYB	Fæðingarland	Ekki eyða	Fæðingarland (SCL GEO alpha-2 kóði)		Allir í markþýðinu	Já	Söfnuð

Efnisatriði	Ítarlegt efnisatriði	Kennimerki breytu	Breytuheiti	Kóðar	Merkingar	Sía	Merkingar síu	Lágmarkssafn breytna	Breytutegund
				FOR	Útlendingur en fæðingarland er óþekkt				
				Eyða	Ótilgreint				
02. Einkenni einstaklinga og heimila	Ríkisfang og bakgrunnur farandfólks	COBFATH	Fæðingarland föður	Ekki eyða	Fæðingarland föður (SCL GEO alpha-2 kóði)	AGE <= 74	Allir í markþýðinu 74 ára eða yngri	Já	Söfnuð
				FOR	Faðir er fæddur útlendingur en fæðingarland föður er óþekkt				
				Eyða	Ótilgreint				
				999	Á ekki við				
02. Einkenni einstaklinga og heimila	Ríkisfang og bakgrunnur farandfólks	COBMOTH	Fæðingarland móður	Ekki eyða	Fæðingarland móður (SCL GEO alpha-2 kóði)	AGE <= 74	Allir í markþýðinu 74 ára eða yngri	Já	Söfnuð
				FOR	Móðir er fæddur útlendingur en fæðingarland hennar er óþekkt				
				Eyða	Ótilgreint				
				999	Á ekki við				
02. Einkenni einstaklinga og heimila	Ástæður fólksflutninga	MIGREAS	Meginástæða fólksflutninga	1	Atvinna, starf fundið áður en flust var á milli landa	COUNTRY ≠ COUNTRYB AND 15 <= AGE <= 74	Fyrsta kynslóð innflytjenda eða einstaklinga með óþekkt fæðingarland á aldrinum 15–74 ára	Nei	Söfnuð
				2	Atvinna, ekkert starf fundið áður en flust var á milli landa				
				3	Fjölskylduástæður				
				4	Menntun eða þjálfun				
				5	Starfslok				
				6	Alþjóðleg vernd eða hæli				
				7	Annað				
				Eyða	Ótilgreint				

Efnisatriði	Ítarlegt efnisatriði	Kennimerki breytu	Breytuheiti	Kóðar	Merkingar	Sía	Merkingar síu	Lágmarkssafn breytna	Breytutegund
				9	Á ekki við				
02. Einkenni einstaklinga og heimila	Samsetning heimilis	HHLINK	Tengsl við svaranda á heimilinu	01	Svarandi		Allir í markþýðinu	Já	Söfnuð
				02	Maki svaranda				
				03	Sonur eða dóttir svaranda				
				04	Tengdasonur eða –dóttir svaranda				
				05	Barnabarn svaranda				
				06	Foreldri svaranda				
				07	Tengdaforeldri svaranda				
				08	Afi eða amma svaranda				
				09	Bróðir eða systir svaranda				
				10	Annað skyldmenni				
				11	Annar óskyldur einstaklingur				
				Eyða	Ótilgreint				
				99	Á ekki við				
02. Einkenni einstaklinga og heimila	Samsetning heimilis — nánari viðbótarupp-lýsingar	HHSPOU	Raðnúmer maka	00	Einstaklingur á engan maka eða að makinn tilheyrir ekki þessu heimili		Allir í markþýðinu	Já	Söfnuð
				01–98	Raðnúmer maka á heimilinu				
				99	Á ekki við				
02. Einkenni einstaklinga og heimila	Samsetning heimilis — nánari viðbótar-upplýsingar	HHFATH	Raðnúmer föður	00	Faðir tilheyrir ekki þessu heimili		Allir í markþýðinu	Já	Söfnuð

Efnisatriði	Ítarlegt efnisatriði	Kennimerki breytu	Breytuheiti	Kóðar	Merkingar	Sía	Merkingar síu	Lágmarkssafn breytna	Breytutegund
				01–98	Raðnúmer föður á heimili				
				99	Á ekki við				
02. Einkenni einstaklinga og heimila	Samsetning heimilis — nánari viðbótar-upplýsingar	HHMOTH	Raðnúmer móður	00	Móðir tilheyrir ekki þessu heimili		Allir í markþýðinu	Já	Söfnuð
				01–98	Raðnúmer móður á heimili				
				99	Á ekki við				
02. Einkenni einstaklinga og heimila	Dvöl í landinu	YEARESID	Lengd dvalar í búsetulandi í fullnuðum árum	999	Fædd/fæddur í þessu landi og hefur aldrei búið utanlands lengur en í eitt ár		Allir í markþýðinu	Nei	Söfnuð
				000	Skemur en eitt ár í landinu en hyggst dvelja a.m.k. eitt ár í heild (skilgreining búsetu)				
				001–150	Fjöldi ára í þessu landi (frá því að vanalegur búsetustaður var síðast staðfestur í þessu landi)				
				Eyða	Ótilgreint				
02. Einkenni einstaklinga og heimila	Dvöl í landinu	COUNTRPR	Síðasta búsetuland	Ekki eyða	Síðasta búsetuland (SCL GEO alpha-2 kóði)	YEARESID = 000-010	Allir sem hafa staðfest vanalegan búsetustað sinn í landinu á síðustu tíu árum	Nei	Söfnuð
				FOR	Erlent ríki en nákvæmt land fyrri búsetu er óþekkt				
				999	Á ekki við				
03. Þátttaka á vinnumarkaði	Atvinnustaða	WKSTAT	Vinna í viðmiðun-arvikunni	1	Unnið fyrir launum eða ávinningi í viðmiðunarvikunni	15 <= AGE <= 89	Allir í markþýðinu á aldrinum 15-89 ára	Já	Söfnuð

Efnisatriði	Ítarlegt efnisatriði	Kennimerki breytu	Breytuheiti	Kóðar	Merkingar	Sía	Merkingar síu	Lágmarkssafn breytna	Breytutegund
				2	Fjarverandi frá vinnu eða starfsemi í viðmiðunarviku (eigin upplýsingar)				
				3	Unnið í ólaunaðri vinnu við fyrirtæki eigin fjölskyldu í viðmiðunarvikunni				
				4	Hvorki vann né var með starf eða starfsemi í viðmiðunarvikunni				
				9	Á ekki við				
03. Þátttaka á vinnumarkaði	Atvinnustaða	ABSREAS	Meginástæða fyrir fjarvistum frá vinnu í allri viðmiðunar-vikunni	01	Orlofsdagar	WKSTAT = 2	Einstaklingar sem skráðir með fjarvist frá vinnu eða starfsemi í viðmiðunarvikunni	Já	Söfnuð
				02	Vinnutímatilhögun eða endurgjald vegna yfirvinnu				
				03	Veikindaleyfi				
				04	Fæðingarorlof mæðra eða feðra				
				05	Starfstengd þjálfun				
				06	Foreldraorlof				
				07	Lágannartímabil				
				08	Aðrar ástæður				
				09	Er með starf sem ekki er hafið				
				Eyða	Ótilgreint				
				99	Á ekki við				
03. Þátttaka á vinnumarkaði	Atvinnustaða	JATTACH	Ráðningartengsl	1	Foreldraorlof með hvers konar starfstengdum tekjum eða bótum	ABSREAS = 06, 07, 08, Eyða	Einstaklingar sem eru skráðir með fjarvist frá vinnu í viðmiðunarvikunni vegna einnar af eftirfarandi ástæðum: foreldraorlof, lágannartímabil, aðrar ástæður eða „veit ekki“	Já	Söfnuð

Efnisatriði	Ítarlegt efnisatriði	Kennimerki breytu	Breytuheiti	Kóðar	Merkingar	Sía	Merkingar síu	Lágmarkssafn breytna	Breytutegund
				2	Foreldraorlof án starfstengdra tekna eða bóta sem vænst er að vari þrjá mánuði eða skemur				
				3	Foreldraorlof án starfstengdra tekna eða bóta sem vænst er að vari þrjá mánuði eða lengur				
				4	Launþegi í árstíðabundnu starfi á lágannartíma sem innir reglulega af hendi starfstengd verkefni				
				5	Launþegi í árstíðabundnu starfi á lágannartíma sem ekki innir reglulega af hendi starfstengd verkefni				
				6	Önnur fjarvist sem varir í þrjá mánuði eða skemur				
				7	Önnur fjarvist sem varir í þrjá mánuði eða lengur				
				9	Á ekki við				
03. Þátttaka á vinnumarkaði	Atvinnustaða	EMPSTAT	Er starfandi	1	Starfandi	15 <= AGE <= 89	Allir í markþýðinu á aldrinum 15-89 ára	Já	Afleidd
				2	Ekki starfandi				
				9	Á ekki við				
03. Þátttaka á vinnumarkaði	Annað starf eða önnur störf	NUMJOB	Fjöldi starfa	1	Einungis eitt starf	EMPSTAT = 1	Starfandi einstaklingar	Já	Söfnuð
				2	Tvö störf				
				3	Þrjú störf eða fleiri				
				Eyða	Ótilgreint				
				9	Á ekki við				
03. Þátttaka á vinnumarkaði	Atvinnuleit	SEEKWORK	Leitaði að starfi á þeim fjórum vikum sem lauk með viðmiðunar-vikunni	1	Einstaklingar í leit að atvinnu	EMPSTAT = 2 AND AGE <= 74	Einstaklingar flokkaðir sem ekki starfandi, yngri en 75 ára	Já	Söfnuð

Efnisatriði	Ítarlegt efnisatriði	Kennimerki breytu	Breytuheiti	Kóðar	Merkingar	Sía	Merkingar síu	Lágmarkssafn breytna	Breytutegund
				2	Einstaklingur er ekki í atvinnuleit og hefur þegar fundið starf sem hefur ekki enn hafist en mun hefjast innan í mesta lagi þriggja mánaða frá lokum viðmiðunarvikunnar				
				3	Einstaklingur er ekki í atvinnuleit og hefur þegar fundið starf sem hefur ekki enn hafist en mun hefjast eigi síðar en þremur mánuðum frá lokum viðmiðunarvikunnar				
				4	Einstaklingur er ekki í atvinnuleit og hefur þegar fundið starf sem hófst á tímabilinu frá lokum viðmiðunarviku til viðtalsdagsins				
				5	Einstaklingur er ekki í atvinnuleit og hefur ekki fundið starf sem hefst síðar				
				9	Á ekki við				
03. Þátttaka á vinnumarkaði	Vilji til vinnu	WANTWORK	Vilji til vinnu jafnvel þótt atvinnu sé ekki leitað	1	Einstaklingur er ekki í atvinnuleit en myndi engu að síður vilja vinna	SEEKWORK = 5	Einstaklingar sem eru ekki starfandi, ekki í atvinnuleit og hafa ekki fundið starf sem hefst eftir lok viðmiðunar-vikunnar	Já	Söfnuð
				2	Einstaklingur er ekki í atvinnuleit og vill ekki vinna				
				Eyða	Ótilgreint				
				9	Á ekki við				
03. Þátttaka á vinnumarkaði	Atvinnuleit	SEEKREAS	Meginástæða þess að ekki er leitað atvinnu	1	Ekkert starf við hæfi er laust	WANTWORK = 1	Einstaklingar sem eru ekki starfandi, ekki í atvinnuleit og hafa ekki fundið starf sem hefst eftir lok viðmiðunar-vikunnar en myndu vilja vinna	Nei	Söfnuð

Efnisatriði	Ítarlegt efnisatriði	Kennimerki breytu	Breytuheiti	Kóðar	Merkingar	Sía	Merkingar síu	Lágmarkssafn breytna	Breytutegund
				2	Menntun eða þjálfun				
				3	Eigin veikindi eða örorka				
				4	Umönnun				
				5	Aðrar fjölskylduástæður				
				6	Aðrar persónulegar ástæður				
				7	Bíður eftir að vera kallaður aftur til vinnu (eftir tímabundna uppsögn)				
				8	Aðrar ástæður				
				Eyða	Ótilgreint				
				9	Á ekki við				
03. Þátttaka á vinnumarkaði	Vilji til vinnu	WANTREAS	Meginástæður þess að ekki er vilji til vinnu	1	Menntun eða þjálfun	WANTWORK = 2	Einstaklingar sem eru ekki starfandi, ekki í atvinnuleit og hafa ekki fundið starf sem hefst eftir lok viðmiðunar-vikunnar og myndu ekki vilja vinna	Nei	Söfnuð
				2	Eigin veikindi eða örorka				
				3	Umönnun				
				4	Aðrar fjölskylduástæður				
				5	Aðrar persónulegar ástæður				
				6	Starfslok				
				7	Aðrar ástæður				
				Eyða	Ótilgreint				
				9	Á ekki við				
03. Þátttaka á vinnumarkaði	Atvinnuleit	ACTMETNE	Hefur notað virkar leitaraðferðir til að finna starf (fyrir einstaklinga sem ekki eru starfandi)	1	Notaði virkar leitaraðferðir til að finna vinnu	SEEKWORK = 1	Einstaklingar sem eru ekki starfandi og eru í atvinnuleit	Já	Söfnuð

Efnisatriði	Ítarlegt efnisatriði	Kennimerki breytu	Breytuheiti	Kóðar	Merkingar	Sía	Merkingar síu	Lágmarkssafn breytna	Breytutegund
				2	Notuðu ekki virkar leitaraðferðir til að finna vinnu				
				9	Á ekki við				
03. Þátttaka á vinnumarkaði	Vannýtt vinnuafl	WISHMORE	Óska eftir að vinna meira en núverandi fjölda venjulegra vinnustunda	1	Nei	EMPSTAT = 1	Starfandi einstaklingar	Já	Söfnuð
				2	Já				
				Eyða	Ótilgreint				
				9	Á ekki við				
03. Þátttaka á vinnumarkaði	Tiltækileiki	AVAILBLE	Tiltækileiki til að hefja störf þegar í stað eða vinna meira	1	Einstaklingur gæti hafið vinnu þegar í stað (innan tveggja vikna)	SEEKWORK = 1, 2, 3, 4 OR WANTWORK = 1 OR WISHMORE = 2	Einstaklingar sem hafa þegar fundið starf, eru í atvinnuleit, eru ekki í atvinnuleit en myndu vilja vera með vinnu eða eru nú þegar í vinnu en óska þess að vinna fleiri stundir	Já	Söfnuð
				2	Einstaklingur gæti hafið vinnu þegar í stað (innan tveggja vikna)				
				9	Á ekki við				
03. Þátttaka á vinnumarkaði	Tiltækileiki	AVAIREAS	Meginástæða þess að vera ekki tiltækur til að hefja störf þegar í stað eða vinna meira	1	Menntun eða þjálfun	AVAILBLE = 2	Einstaklingur sem gæti hafið vinnu þegar í stað (innan tveggja vikna)	Nei	Söfnuð
				2	Eigin veikindi eða örorka				
				3	Umönnun				
				4	Aðrar fjölskylduástæður				
				5	Aðrar persónulegar ástæður				
				6	Aðrar ástæður				
				Eyða	Ótilgreint				

Efnisatriði	Ítarlegt efnisatriði	Kennimerki breytu	Breytuheiti	Kóðar	Merkingar	Sía	Merkingar síu	Lágmarkssafn breytna	Breytutegund
				9	Á ekki við				
03. Þátttaka á vinnumarkaði	Atvinnustaða	ILOSTAT	Atvinnustaða samkvæmt Alþjóða-vinnumála-stofnuninni	1 2 3	Starfandi Atvinnulaus Einstaklingar utan vinnuafls		Allir í markþýðinu	Já	Afleidd
03. Þátttaka á vinnumarkaði	Vinnustaður	COUNTRYW	Land vinnustaðar aðalstarfs	Ekki eyða FOR Eyða 999	Land vinnustaðar (SCL GEO alpha-2 kóði) Erlent land en nákvæmt land fyrri búsetu er óþekkt Ótilgreint Á ekki við	EMPSTAT = 1	Starfandi einstaklingar	Nei	Söfnuð
03. Þátttaka á vinnumarkaði	Vinnustaður	REGIONW	Svæði vinnustaðar aðalstarfs	Ekki eyða Eyða 999	Flokkun hagskýrslusvæða, svæði 3 (NUTS 3) fyrir fólk sem vinnur í búsetulandi sínu, Flokkun hagskýrslusvæða, svæði 2 (NUTS 2) fyrir fólk sem vinnur á landamærasvæðum nágrannalanda, aðrar upplýsingar sem varða tiltekið land Ótilgreint Á ekki við	EMPSTAT = 1	Starfandi einstaklingar	Nei	Söfnuð
03. Þátttaka á vinnumarkaði	Sinnir starfi sínu heima	HOMEWORK	Vinnur heima í aðalstarfi	1 2 3 Eyða 9	Einstaklingur vinnur að mestu leyti heima Einstaklingur vinnur stundum heima Einstaklingur vinnur aldrei heima Ótilgreint Á ekki við	EMPSTAT = 1	Starfandi einstaklingar	Já	Söfnuð
03. Þátttaka á vinnumarkaði	Grunneinkenni starfs	STAPRO	Atvinnustétt í aðalstarfi	1 2 3	Sjálfstætt starfandi einstaklingur með starfsmenn á launum Sjálfstætt starfandi einstaklingur án starfsmanna á launum Starfsmaður	EMPSTAT = 1	Starfandi einstaklingar	Já	Söfnuð

Efnisatriði	Ítarlegt efnisatriði	Kennimerki breytu	Breytuheiti	Kóðar	Merkingar	Sía	Merkingar síu	Lágmarkssafn breytna	Breytutegund
				4	Einstaklingur sem vinnur við fyrirtæki eigin fjölskyldu (ólaunaður)				
				Eyða	Ótilgreint				
				9	Á ekki við				
03. Þátttaka á vinnumarkaði	Grunneinkenni starfs	NACE3D	Atvinnustarfsemi starfsstöðvar fyrir aðalstarf	010–990	Atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, kóði í þriggja stafa þrepi	EMPSTAT = 1	Starfandi einstaklingar	Nei	Söfnuð
				Eyða	Ótilgreint				
				000	Á ekki við				
03. Þátttaka á vinnumarkaði	Grunneinkenni starfs	ISCO4D	Starfsgrein í aðalstarfi	0000–9900	Alþjóðlega starfaflokkunin, kóði í fjögurra stafa þrepi	EMPSTAT = 1	Starfandi einstaklingar	Nei	Söfnuð
				Eyða	Ótilgreint				
				9999	Á ekki við				
03. Þátttaka á vinnumarkaði	Grunneinkenni starfs	FTPT	Fullt starf eða hlutastarf sem aðalstarf (samkvæmt eigin skilgreiningu)	1	Fullt starf	EMPSTAT = 1	Starfandi einstaklingar	Já	Söfnuð
				2	Hlutastarf				
				Eyða	Ótilgreint				
				9	Á ekki við				
03. Þátttaka á vinnumarkaði	Gildistími samnings	TEMP	Fastráðning/ Lausráðning í aðalstarfi	1	Fast starf	STAPRO = 3	Starfsmenn	Já	Söfnuð
				2	Tímabundin ráðning				
				Eyða	Ótilgreint				
				9	Á ekki við				
03. Þátttaka á vinnumarkaði	Gildistími samnings	TEMPDUR	Heildartímalengd tímabundins aðalstarfs	1	Skemur en einn mánuður	TEMP = 2	Starfsmenn með tímabundna ráðningu	Nei	Söfnuð

Efnisatriði	Ítarlegt efnisatriði	Kennimerki breytu	Breytuheiti	Kóðar	Merkingar	Sía	Merkingar síu	Lágmarkssafn breytna	Breytutegund
				2	Frá 1 mánuði til skemur en 3 mánaða				
				3	Frá 3 mánuðum til skemur en 6 mánaða				
				4	Frá 6 mánuðum til skemur en 12 mánaða				
				5	Frá 12 mánuðum til skemur en 18 mánaða				
				6	Frá 18 mánuðum til skemur en 24 mánaða				
				7	Frá 24 mánuðum til skemur en 36 mánaða				
				8	36 mánuði eða lengur				
				Eyða	Ótilgreint				
				9	Á ekki við				
03. Þátttaka á vinnumarkaði	Nánari upplýsingar um samning	TEMPREAS	Meginástæða þess að vera í tímabundnu aðalstarfi	1	Gat ekki fundið ótímabundið starf	TEMP = 2	Starfsmenn með tímabundna ráðningu	Nei	Söfnuð
				2	Vildi ekki ótímabundið starf				
				3	Tímabundin ráðning með reynslutímabil				
				4	Nám á námssamningi				
				5	Önnur þjálfun en nám á námssamningi (starfsnemar, starfsnám, aðstoðarmaður við rannsóknir, o.s.frv.)				
				6	Þessi tegund starfs er einungis til staðar með tímabundnum samningi				
				7	Aðrar ástæður				
				Eyða	Ótilgreint				
				9	Á ekki við				

Efnisatriði	Ítarlegt efnisatriði	Kennimerki breytu	Breytuheiti	Kóðar	Merkingar	Sía	Merkingar síu	Lágmarkssafn breytna	Breytutegund
03. Þátttaka á vinnumarkaði	Nánari upplýsingar um samning	TEMPAGCY	Samningur við vinnumiðlun fyrir afleysingafólk í aðalstarfi	1 2 Eyða 9	Nei Já Ótilgreint Á ekki við	STAPRO = 3	Starfsmenn	Nei	Söfnuð
03. Þátttaka á vinnumarkaði	Fullt starf eða hlutastarf — ástæða	FTPTREAS	Meginástæða fyrir hlutastarfi í aðalstarfi	1 2 3 4 5 6 7 Eyða 9	Menntun eða þjálfun Eigin veikindi eða örorka Umönnun Aðrar fjölskylduástæður Aðrar persónulegar ástæður Gat ekki fundið fullt starf Aðrar ástæður Ótilgreint Á ekki við	FTPT = 2	Starfandi einstaklingar í hlutastarfi	Nei	Söfnuð
03. Þátttaka á vinnumarkaði	Sjálfstæð atvinnustarfsemi sem er háð öðrum	MAINCLNT	Fjöldi og mikilvægi viðskiptavina á 12 mánuðunum sem lauk með viðmiðun-arvikunni	1 2 3 4	Einungis var einn viðskiptavinur á 12 mánuðunum sem lauk með viðmiðunarvikunni 2–9 viðskiptavinir á þeim 12 mánuðum sem lauk með viðmiðunarvikunni en einn var ráðandi 2–9 viðskiptavinir á þeim 12 mánuðum sem lauk með viðmiðunarvikunni en enginn var ráðandi 10 viðskiptavinir eða fleiri á þeim 12 mánuðum sem lauk með viðmiðunarvikunni en einn var ráðandi	STAPRO = 1, 2	Sjálfstætt starfandi launafólk	Nei	Söfnuð

Efnisatriði	Ítarlegt efnisatriði	Kennimerki breytu	Breytuheiti	Kóðar	Merkingar	Sía	Merkingar síu	Lágmarkssafn breytna	Breytutegund
				5	10 viðskiptavinir eða fleiri á þeim 12 mánuðum sem lauk með viðmiðunarvikunni en enginn var ráðandi				
				6	Enginn viðskiptavinur á þeim 12 mánuðum sem lauk með viðmiðunarvikunni				
				Eyða	Ótilgreint				
				9	Á ekki við				
03. Þátttaka á vinnumarkaði	Sjálfstæð atvinnustarfsemi sem er háð öðrum	VARITIME	Ákvörðun um upphaf og lok vinnutíma	1	Starfsmaður getur að öllu leyti ákveðið hann sjálfur	EMPSTAT = 1	Starfandi einstaklingar	Nei	Söfnuð
				2	Starfsmenn geta ákveðið að vinna samkvæmt sveigjanlegri vinnutímatilhögun				
				3	Vinnuveitandi, samtök eða viðskiptavinur eða -vinir ákveða				
				4	Aðrir aðilar ákveða				
				Eyða	Ótilgreint				
				9	Á ekki við				
03. Þátttaka á vinnumarkaði	Stjórnunar-ábyrgð	SUPVISOR	Stjórnunarábyrgð í aðalstarfi	1	Já	STAPRO = 3	Starfsmenn	Nei	Söfnuð
				2	Nei				
				Eyða	Ótilgreint				
				9	Á ekki við				
03. Þátttaka á vinnumarkaði	Stærð félags	SIZEFIRM	Stærð starfsstöðvar fyrir aðalstarf	01–09	Nákvæmur fjöldi einstaklinga, ef á bilinu 1 og 9	EMPSTAT = 1	Starfandi einstaklingar	Nei	Söfnuð
				10	10 til 19 manns				
				11	20 til 49 manns				
				12	50 til 249 manns				
				13	250 manns eða meira				

Efnisatriði	Ítarlegt efnisatriði	Kennimerki breytu	Breytuheiti	Kóðar	Merkingar	Sía	Merkingar síu	Lágmarkssafn breytna	Breytutegund
				14	Ekki vitað en þó færri en 10 manns				
				15	Ekki vitað en þó 10 manns eða fleiri				
				Eyða	Ótilgreint				
				99	Á ekki við				
03. Þátttaka á vinnumarkaði	Leitað að öðru starfi	LOOKOJ	Leitað að öðru starfi	1	Einstaklingur leitar ekki að öðru starfi	EMPSTAT = 1	Starfandi einstaklingar	Nei	Söfnuð
				2	Einstaklingur leitar að öðru starfi				
				Eyða	Ótilgreint				
				9	Á ekki við				
03. Þátttaka á vinnumarkaði	Leitað að öðru starfi	HWWISH	Heildarfjöldi stunda sem einstaklingur myndi vilja vinna á viku	00–98	Heildarfjöldi stunda sem vilji er til að vinna á viku	EMPSTAT = 1	Starfandi einstaklingar	Nei	Söfnuð
				Eyða	Ótilgreint				
				99	Á ekki við				
03. Þátttaka á vinnumarkaði	Atvinnuleit	SEEKDUR	Lengd atvinnuleitar	1	Skemur en einn mánuður	SEEKWORK = 1, 2, 4	Einstaklingar sem leita að vinnu eða hafa þegar fundið starf sem hófst á tímabilinu frá viðmiðunarvikunni til viðtalsdagsins eða mun hefjast innan þriggja mánaða frá lokum viðmiðunarvikunnar	Nei	Söfnuð
				2	1 til 2 mánuðir				
				3	3 til 5 mánuðir				
				4	6 til 11 mánuðir				
				5	12 til 17 mánuðir				
				6	18 til 23 mánuðir				

Efnisatriði	Ítarlegt efnisatriði	Kennimerki breytu	Breytuheiti	Kóðar	Merkingar	Sía	Merkingar síu	Lágmarkssafn breytna	Breytutegund
				7	24 til 47 mánuðir				
				8	4 ár eða lengur				
				Eyða	Ótilgreint				
				9	Á ekki við				
03. Þátttaka á vinnumarkaði	Þörf fyrir umönnun	NEEDCARE	Meginástæða þess að umönnun barna eða óvinnufærra skyldmenna takmarkar þátttöku á vinnumarkaði	1	Viðeigandi umönnunarþjónusta er ekki fyrir hendi	SEEKREAS = 4 OR WANTREAS = 3 OR FTPTREAS = 3 OR AVAIREAS = 3	Einstaklingar sem eru ekki atvinnuleit eða vilja ekki vinna eða vinna einungis í hlutastarfi eða geta ekki hafið störf af þeirri ástæðu að þeir þurfa að sinna umönnun	Nei	Söfnuð
				2	Viðeigandi umönnunarþjónusta er ekki á viðráðanlegu verði				
				3	Vilja veita umönnun sjálf				
				4	Aðrir þættir réðu úrslitum				
				Eyða	Ótilgreint				
				9	Á ekki við				
03. Þátttaka á vinnumarkaði	Annað starf eða önnur störf	STAPRO2J	Atvinnustétt í aukastarfi	1	Sjálfstætt starfandi einstaklingur með starfsmenn á launum	NUMJOB = 2, 3	Starfandi einstaklingar með fleiri en eitt starf	Nei	Söfnuð
				2	Sjálfstætt starfandi einstaklingur án starfsmanna á launum				
				3	Starfsmaður				
				4	Einstaklingur sem vinnur við fyrirtæki eigin fjölskyldu (ólaunaður)				
				Eyða	Ótilgreint				
				9	Á ekki við				
03. Þátttaka á vinnumarkaði	Annað starf eða önnur störf	NACE2J2D	Atvinnustarfsemi starfsstöðvar fyrir aukastarf	01–99	Atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, kóði í tveggja stafa þrepi	NUMJOB = 2, 3	Starfandi einstaklingar með fleiri en eitt starf	Nei	Söfnuð
				Eyða	Ótilgreint				

Efnisatriði	Ítarlegt efnisatriði	Kennimerki breytu	Breytuheiti	Kóðar	Merkingar	Sía	Merkingar síu	Lágmarkssafn breytna	Breytutegund
				00	Á ekki við				
03. Þátttaka á vinnumarkaði	Aðalatvinnustaða (samkvæmt eigin skilgreiningu)	MAINSTAT	Aðalatvinnustaða (samkvæmt eigin skilgreiningu)	1	Starfandi	15 <= AGE <= 89	Allir í markþýðinu á aldrinum 15-89 ára	Já	Söfnuð
				2	Atvinnulaus				
				3	Á eftirlaunum				
				4	Óvinnufær vegna langvarandi heilbrigðisvandamála				
				5	Háskólanemi, nemandi				
				6	Heimavinnandi				
				7	Lögboðin herskylda eða borgaraleg þjónusta				
				8	Annað				
				Eyða	Ótilgreint				
				9	Á ekki við				
04. Menntunarstig og bakgrunnur	Menntunarstig	HATLEVEL	Menntunarstig (hæsta menntunarstig sem viðkomandi hefur lokið með fullnægjandi árangri)	000	Engin formleg menntun eða lægri en 1. stig í alþjóðlegu menntunarflokkuninni (ISCED 1)	15 <= AGE <= 89	Allir í markþýðinu á aldrinum 15-89 ára	Já	Söfnuð
				100	ISCED 1 Barnaskólastig				
				200	ISCED 2 Unglingastig				
				342	ISCED 3 Framhaldsskólastig (bóknám) – stigi lokið að hluta til, án beins aðgangs að háskólastigi				
				343	ISCED 3 Framhaldsskólastig (bóknám) – stigi lokið, án beins aðgangs að háskólastigi				
				344	ISCED 3 Framhaldsskólastig (bóknám) – stigi lokið, með beinan aðgang að háskólastigi				

Efnisatriði	Ítarlegt efnisatriði	Kennimerki breytu	Breytuheiti	Kóðar	Merkingar	Sía	Merkingar síu	Lágmarkssafn breytna	Breytutegund
				349	ISCED 3 Framhaldsskólastig (bóknám) – án mögulegrar aðgreiningar á aðgangi að háskólastigi				
				352	ISCED 3 Framhaldsskólastig (starfsmenntun) – stigi lokið að hluta til, án beins aðgangs að háskólastigi				
				353	ISCED 3 Framhaldsskólastig (starfsmenntun) – stigi lokið, án beins aðgangs að háskólastigi				
				354	ISCED 3 Framhaldsskólastig (starfsmenntun) – stigi lokið, með beinan aðgang að háskólastigi				
				359	ISCED 3 Framhaldsskólastig (starfsmenntun) – án mögulegrar aðgreiningar á beinum aðgangi að háskólastigi				
				392	ISCED 3 Framhaldsskólastig (áhersla óþekkt) – stigi lokið að hluta til, án beins aðgangs að háskólastigi				
				393	ISCED 3 Framhaldsskólastig (áhersla óþekkt) – stigi lokið, án beins aðgangs að háskólastigi				
				394	ISCED 3 Framhaldsskólastig (áhersla óþekkt) – stigi lokið, með beinan aðgang að háskólastigi				
				399	ISCED 3 Framhaldsskólastig (áhersla óþekkt) – án mögulegrar aðgreiningar á aðgangi að háskólastigi				

Efnisatriði	Ítarlegt efnisatriði	Kennimerki breytu	Breytuheiti	Kóðar	Merkingar	Sía	Merkingar síu	Lágmarkssafn breytna	Breytutegund
				440	ISCED 4 Viðbótarstig – bóknám				
				450	ISCED 4 Viðbótarstig – starfsmenntun				
				490	ISCED 4 Viðbótarstig – áhersla óþekkt				
				540	ISCED 5 Stutt nám á háskólastigi – bóknám				
				550	ISCED 5 Stutt nám á háskólastigi – starfsmenntun				
				590	ISCED 5 Stutt nám á háskólastigi – áhersla óþekkt				
				600	ISCED 6 Bakkalárstig eða jafngilt stig				
				700	ISCED 7 Meistarastig eða jafngilt stig				
				800	ISCED 8 Doktorsstig eða jafngilt stig				
				Eyða	Ótilgreint				
				999	Á ekki við				
04. Menntunarstig og bakgrunnur	Menntunarstig – upplýsingar, þ.m.t. menntun rofin eða hætt við	HATFIELD	Fagsvið á hæsta menntunarstigi sem var lokið með fullnægjandi árangri	001	Grunnnám og menntun og hæfi	HATLEVEL = 342–800	Einstaklingar með menntunarstig sem er jafnt eða hærra en ISCED 3	Nei	Söfnuð
				002	Læsi, skrift og tölulæsi				
				003	Einstaklingsbundin færni og þroski				

Efnisatriði	Ítarlegt efnisatriði	Kennimerki breytu	Breytuheiti	Kóðar	Merkingar	Sía	Merkingar síu	Lágmarkssafn breytna	Breytutegund
				009	Almennar námsleiðir og staðfestingar á menntun og hæfi, ekki skilgreint frekar				
				011	Menntun				
				018	Þverfaglegar námsleiðir og menntun og hæfi er varða menntun				
				021	Listir				
				022	Hugvísindi (nema tungumál)				
				023	Tungumál				
				028	Þverfaglegar námsleiðir og menntun og hæfi er varða listir og hugvísindi				
				029	Listir og hugvísindi, ekki frekar skilgreind				
				031	Félags- og atferlisvísindi				
				032	Fjölmiðlafræði og upplýsingafræði				
				038	Þverfaglegar námsleiðir og menntun og hæfi er varða félagsvísindi, fjölmiðlafræði og upplýsingafræði				
				039	Félagsvísindi, fjölmiðlafræði og upplýsingafræði, ekki skilgreind frekar				
				041	Viðskiptafræði og stjórnunarfræði				
				042	Lögfræði				
				048	Þverfaglegar námsleiðir og menntun og hæfi er varða viðskiptafræði, stjórnunarfræði og lögfræði				

Efnisatriði	Ítarlegt efnisatriði	Kennimerki breytu	Breytuheiti	Kóðar	Merkingar	Sía	Merkingar síu	Lágmarkssafn breytna	Breytutegund
				049	Viðskiptafræði, stjórnunarfræði og lögfræði, ekki skilgreint frekar				
				051	Líffræði og tengd vísindi				
				052	Umhverfi				
				053	Eðlisvísindi				
				054	Stærðfræði og tölfræði				
				058	Þverfaglegar námsleiðir og menntun og hæfi er varða náttúruvísindi, stærðfræði og tölfræði				
				059	Náttúruvísindi, stærðfræði og tölfræði, ekki skilgreint frekar				
				061	Upplýsinga- og fjarskiptatækni (ICT)				
				068	Þverfaglegar námsleiðir og menntun og hæfi er varða upplýsinga- og fjarskiptatækni				
				071	Verkfræði og tækni				
				072	Framleiðsla og vinnsla				
				073	Byggingarlist og byggingafræði				
				078	Þverfaglegar námsleiðir og menntun og hæfi er varða verkfræði, framleiðslu og byggingafræði				
				079	Verkfræði, framleiðsla og byggingafræði, ekki skilgreind frekar				
				081	Landbúnaður				
				082	Skógrækt				
				083	Fiskveiðar				
				084	Dýralækningar				

Efnisatriði	Ítarlegt efnisatriði	Kennimerki breytu	Breytuheiti	Kóðar	Merkingar	Sía	Merkingar síu	Lágmarkssafn breytna	Breytutegund
				088	Þverfaglegar námsleiðir og menntun og hæfi er varða landbúnað, skógrækt, fiskveiðar og dýralækningar				
				089	Landbúnaður, skógrækt, fiskveiðar og dýralækningar, ekki skilgreint frekar				
				091	Heilbrigði				
				092	Velferð				
				098	Þverfaglegar námsleiðir og menntun og hæfi er varða heilbrigði og velferð				
				099	Heilbrigði og velferð, ekki skilgreint frekar				
				101	Persónuleg þjónusta				
				102	Hollustuhættir og heilbrigðisþjónusta á vinnustöðum				
				103	Öryggisþjónusta				
				104	Flutningaþjónusta				
				108	Þverfaglegar námsleiðir og menntun og hæfi er varða þjónustur				
				109	Þjónustur eru ekki skilgreindar frekar				
				Eyða	Ótilgreint				
				999	Á ekki við				
04. Menntunarstig og bakgrunnur	Menntunarstig – upplýsingar, þ.m.t. menntun rofin eða hætt við	HATYEAR	Árið þegar hæsta menntunarstigi var lokið með fullnægjandi árangri	YYYY	Árið þegar hæsta menntunarstigi var lokið með fullnægjandi árangri (fjórir tölustafir)	HATLEVEL = 100–800	Einstaklingar með a.m.k. menntunarstig grunnskólamenntunar	Nei	Söfnuð

Efnisatriði	Ítarlegt efnisatriði	Kennimerki breytu	Breytuheiti	Kóðar	Merkingar	Sía	Merkingar síu	Lágmarkssafn breytna	Breytutegund
				Eyða	Ótilgreint				
				9999	Á ekki við				
04. Menntun-arstig og bakgrunnur	Menntunarstig – upplýsingar, þ.m.t. menntun rofin eða hætt við	HATWORK	Starfsreynsla á vinnustað sem hluti af HATLEVEL	1	Starfsreynsla á vinnustað frá 1 upp í 6 mánuði, a.m.k. einn þeirra á launum	HATLEVEL = 342-800 AND 20 <= AGE <= 34	Einstaklingar á aldrinum 20–34 ára með menntunarstig sem er jafnt eða hærra en ISCED 3	Nei	Söfnuð
				2	Starfsreynsla á vinnustað frá 1 til 6 mánuðir, allir ólaunaðir				
				3	Starfsreynsla á vinnustað 7 mánuðir eða lengur, a.m.k. einn mánuður á launum				
				4	Starfsreynsla á vinnustað 7 mánuðir eða lengur, allir ólaunaðir				
				5	Engin starfsreynsla eða skemmri en einn mánuður				
				Eyða	Ótilgreint				
				9	Á ekki við				
05. Tímalengd ráðningar, starfssaga og fyrri starfsreynsla	Hóf störf	YSTARTWK	Árið þegar einstaklingur hóf störf fyrir núverandi vinnuveitanda eða sem sjálfstætt starfandi í núverandi aðalstarfi	YYYY	Viðkomandi ár (fjórir tölustafir)	EMPSTAT = 1	Starfandi einstaklingar	Nei	Söfnuð
				Eyða	Ótilgreint				
				9999	Á ekki við				

Efnisatriði	Ítarlegt efnisatriði	Kennimerki breytu	Breytuheiti	Kóðar	Merkingar	Sía	Merkingar síu	Lágmarkssafn breytna	Breytutegund
05. Tímalengd ráðningar, starfssaga og fyrri starfsreynsla	Hóf störf	MSTARTWK	Mánuður þegar einstaklingur hóf störf fyrir núverandi vinnuveitanda eða sem sjálfstætt starfandi í núverandi aðalstarfi	01–12 Eyða 99	Viðkomandi mánuður (tveir tölustafir) Ótilgreint Á ekki við	YSTARTWK ≠ 9999, Blank AND (REFYEAR — YSTARTWK) <= 2	Starfandi einstaklingar sem hófu störf í núverandi aðalstarfi á þessu ári eða síðustu tveimur árum	Nei	Söfnuð
05. Tímalengd ráðningar, starfssaga og fyrri starfsreynsla	Hvernig starfið var fundið	WAYJFOUN	Opinberar vinnumiðlanir hjálpuðu til við að finna núverandi aðalstarf	1 2 Eyða 9	Já Nei Ótilgreint Á ekki við	(EMPSTAT = 1) AND ((YSTARTWK = REFYEAR) OR (YSTARTWK = REFYEAR — 1 AND 01 <= MSTARTWK <= 12 AND MSTARTWK > REFMONTH))	Starfandi einstaklingar sem hófu störf í núverandi aðalstarfi á síðustu 12 mánuðum	Nei	Söfnuð
05. Tímalengd ráðningar, starfssaga og fyrri starfsreynsla	Hvernig starfið var fundið	FINDMETH	Skilvirkasta aðferðin sem var notuð til að finna núverandi aðalstarf (fyrir starfandi einstaklinga)	01 02 03 04	Atvinnuauglýsingar Vinir, skyldmenni eða kunningjar Opinberar vinnumiðlanir Einkarekin ráðningarstofa	STAPRO = 3 AND (YSTARTWK ≠ 9999, Blank) AND (REFYEAR — YSTARTWK <= 7)	Starfsmenn sem hófu störf í núverandi aðalstarfi á þessu ári eða síðustu sjö árum	Nei	Söfnuð

Efnisatriði	Ítarlegt efnisatriði	Kennimerki breytu	Breytuheiti	Kóðar	Merkingar	Sía	Merkingar síu	Lágmarkssafn breytna	Breytutegund
				05	Menntunar- eða þjálfunarstofnun, starfsþjálfun eða fyrri starfsreynsla				
				06	Haft var beint samband við vinnuveitanda				
				07	Vinnuveitandi hafði beint samband við einstaklinginn				
				08	Sótt um í opinberri samkeppni				
				09	Önnur aðferð				
				Eyða	Ótilgreint				
				99	Á ekki við				
05. Tímalengd ráðningar, starfssaga og fyrri starfsreynsla	Samfella og hlé á starfsferli	EXISTPR	Reynsla á fyrri vinnustað liggur fyrir	1	Einstaklingur hefur aldrei verið starfandi	EMPSTAT = 2	Einstaklingar sem eru ekki starfandi	Nei	Söfnuð
				2	Einstaklingur hefur starfsreynslu sem er takmörkuð við íhlaupavinnu				
				3	Einstaklingur hefur aðra starfsreynslu en þá sem er takmörkuð við íhlaupavinnu				
				Eyða	Ótilgreint				
				9	Á ekki við				
05. Tímalengd ráðningar, starfssaga og fyrri starfsreynsla	Samfella og hlé á starfsferli	YEARPR	Árið þegar einstaklingur hætti í síðasta starfi eða starfsemi	YYYY	Viðkomandi ár (fjórir tölustafir)	EXISTPR = 2, 3	Einstaklingar sem eru ekki starfandi en hafa áður verið starfandi	Nei	Söfnuð
				Eyða	Ótilgreint				
				9999	Á ekki við				

Efnisatriði	Ítarlegt efnisatriði	Kennimerki breytu	Breytuheiti	Kóðar	Merkingar	Sía	Merkingar síu	Lágmarkssafn breytna	Breytutegund
05. Tímalengd ráðningar, starfssaga og fyrri starfsreynsla	Samfella og hlé á starfsferli	MONTHPR	Mánuður þegar einstaklingur hætti í síðasta starfi eða starfsemi	01–12 Eyða 99	Viðkomandi mánuður (tveir tölustafir) Ótilgreint Á ekki við	YEARPR ≠ 9999, Blank AND REFYEAR — YEARPR <= 2	Einstaklingar sem hættu í síðasta starfi á núverandi ári eða á síðustu tveimur árum	Nei	Söfnuð
05. Tímalengd ráðningar, starfssaga og fyrri starfsreynsla	Samfella og hlé á starfsferli	LEAVREAS	Meginástæða þess að hætt var í síðasta starfi eða starfsemi	01 02 03 04 05 06 07 08 09 Eyða 99	Brottvikning eða starfsemi var hætt af efnahagslegum ástæðum Tímabundinni ráðningu er lokið Umönnun Aðrar fjölskylduástæður Menntun eða þjálfun Eigin veikindi eða örorka Starfslok Aðrar persónulegar ástæður Aðrar ástæður Ótilgreint Á ekki við	(EXISTPR = 2, 3) AND (YEARPR ≠ 9999, Blank) AND (REFYEAR — YEARPR <= 7)	Einstaklingar sem eru ekki starfandi en hafa áður verið starfandi og hættu í síðasta starfi á núverandi ári eða á síðustu sjö árum	Nei	Söfnuð
05. Tímalengd ráðningar og fyrri starfsreynsla	Grunneinkenni síðasta starfs	STAPROPR	Atvinnustétt í síðasta starfi eða starfsemi	1 2	Sjálfstætt starfandi einstaklingur með starfsmenn á launum Sjálfstætt starfandi einstaklingur án starfsmanna á launum	(EXISTPR = 2, 3) AND (YEARPR ≠ 9999, Blank) AND (REFYEAR — YEARPR <= 7)	Einstaklingar sem eru ekki starfandi en hafa áður verið starfandi og hættu í síðasta starfi á núverandi ári eða á síðustu sjö árum	Nei	Söfnuð

Efnisatriði	Ítarlegt efnisatriði	Kennimerki breytu	Breytuheiti	Kóðar	Merkingar	Sía	Merkingar síu	Lágmarkssafn breytna	Breytutegund
				3 4 Eyða 9	Starfsmaður Einstaklingur sem vinnur við fyrirtæki eigin fjölskyldu (ólaunaður) Ótilgreint Á ekki við				
05. Tímalengd ráðningar og fyrri starfsreynsla	Grunneinkenni síðasta starfs	NACEPR2D	Atvinnustarfsemi starfsstöðvar þar sem einstaklingur starfaði síðast	01–99 Eyða 00	Atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, kóði í tveggja stafa þrepi Ótilgreint Á ekki við	(EXISTPR = 2, 3) AND (YEARPR ≠ 9999, Blank) AND (REFYEAR — YEARPR <= 7)	Einstaklingar sem eru ekki starfandi en hafa áður verið starfandi og hættu í síðasta starfi á núverandi ári eða á síðustu sjö árum	Nei	Söfnuð
05. Tímalengd ráðningar og fyrri starfsreynsla	Grunneinkenni síðasta starfs	ISCOPR3D	Starfsgrein í síðasta starfi	000–990 Eyða 999	Alþjóðlega starfaflokkunin, kóði í þriggja stafa þrepi Ótilgreint Á ekki við	(EXISTPR = 2, 3) AND (YEARPR ≠ 9999, Blank) AND (REFYEAR — YEARPR <= 7)	Einstaklingar sem eru ekki starfandi en hafa áður verið starfandi og hættu í síðasta starfi á núverandi ári eða á síðustu sjö árum	Nei	Söfnuð
06. Vinnuskilyrði, þ.m.t. vinnutími og vinnutímatil-högun	Vinnutími	CONTRHRS	Samnings-bundinn vinnutími í aðalstarfi	010, 015, 020.. 945, 950 960 970 Eyða 999	Fjöldi vinnustunda á viku í samningi eða eftir samkomulagi (x10) Er með samning eða samkomulag án tiltekins tímafjölda Er hvorki samning né samkomulag Ótilgreint Á ekki við	STAPRO = 3	Starfsmenn	Nei	Söfnuð

Efnisatriði	Ítarlegt efnisatriði	Kennimerki breytu	Breytuheiti	Kóðar	Merkingar	Sía	Merkingar síu	Lágmarkssafn breytna	Breytutegund
06. Vinnuskilyrði, þ.m.t. vinnutími og vinnutímatil-högun	Vinnutími	HWUSUAL	Fjöldi stunda sem venjulega eru unnar viku í aðalstarfi	010, 015, 020.. 945, 950	Fjöldi stunda sem venjulega eru unnar í aðalstarfi (x10)	EMPSTAT = 1	Starfandi einstaklingar	Já	Söfnuð
				970	Vinnustundir eru mismunandi á milli vikna				
				Eyða	Ótilgreint				
				999	Á ekki við				
06. Vinnuskilyrði, þ.m.t. vinnutími og vinnutímatil-högun	Vinnutími	ABSHOLID	Fjarvistardagar frá aðalstarfi vegna orlofsdaga og leyfa	00, 05, 10.. 65, 70	Fjöldi fjarvistardaga (x10)	EMPSTAT = 1	Starfandi einstaklingar	Nei	Söfnuð
				Eyða	Ótilgreint				
				99	Á ekki við				
06. Vinnuskilyrði, þ.m.t. vinnutími og vinnutímatil-högun	Vinnutími	ABSILLINJ	Fjarvistardagar frá aðalstarfi vegna eigin veikinda, áverka eða tímabundinnar örorku	00, 05, 10.. 65, 70	Fjöldi fjarvistardaga (x10)	EMPSTAT = 1	Starfandi einstaklingar	Nei	Söfnuð
				Eyða	Ótilgreint				
				99	Á ekki við				
06. Vinnuskilyrði, þ.m.t. vinnutími og vinnutímatil-högun	Vinnutími	ABSOTHER	Fjarvistardagar frá aðalstarfi af öðrum ástæðum	00, 05, 10.. 65, 70	Fjöldi fjarvistardaga (x10)	EMPSTAT = 1	Starfandi einstaklingar	Nei	Söfnuð
				Eyða	Ótilgreint				
				99	Á ekki við				

Efnisatriði	Ítarlegt efnisatriði	Kennimerki breytu	Breytuheiti	Kóðar	Merkingar	Sía	Merkingar síu	Lágmarkssafn breytna	Breytutegund
06. Vinnuskilyrði, þ.m.t. vinnutími og vinnutímatil-högun	Vinnutími	EXTRAHRS	Yfirvinna eða vinnustundir unnar aukalega í aðalstarfi	000	Hvorki yfirvinna né vinnustundir unnar aukalega í aðalstarfi	WKSTAT = 1, 3	Einstaklingar sem eru í vinnu a.m.k. eina klukkustund eða unnu við fyrirtæki eigin fjölskyldu í viðmiðunarvikunni	Nei	Söfnuð
				005, 010, 015, 020.. 945, 950	Fjöldi yfirvinnustunda eða vinnustunda sem eru unnar aukalega í aðalstarfi (x10)				
				Eyða	Ótilgreint				
				999	Á ekki við				
06. Vinnuskilyrði, þ.m.t. vinnutími og vinnutímatil-högun	Vinnutími	HWACTUAL	Fjöldi raunvinnustunda sem eru unnar í aðalstarfi	000	Vann ekki við aðalstarfið í viðmiðunarvikunni	EMPSTAT = 1	Starfandi einstaklingar	Já	Söfnuð
				010, 015, 020.. 945, 950	Fjöldi raunvinnustunda sem eru unnar í aðalstarfi (x10)				
				Eyða	Ótilgreint				
				999	Á ekki við				
06. Vinnuskilyrði, þ.m.t. vinnutími og vinnutímatil-högun	Vinnutími	HWUSU2J	Fjöldi stunda sem venjulega eru unnar á viku í aukastarfi	010, 015, 020.. 945, 950	Fjöldi stunda sem venjulega eru unnar í aukastarfi (x10)	NUMJOB = 2, 3	Starfandi einstaklingar með fleiri en eitt starf	Nei	Söfnuð
				970	Vinnustundir eru mismunandi á milli vikna				
				Eyða	Ótilgreint				
				999	Á ekki við				
06. Vinnuskilyrði, þ.m.t. vinnutími og vinnutímatil-högun	Vinnutími	HWACTU2J	Fjöldi raunvinnustunda sem eru unnar í aukastarfi	000	Vann ekki við aukastarfið í viðmiðunarvikunni	NUMJOB = 2, 3	Starfandi einstaklingar með fleiri en eitt starf	Nei	Söfnuð

Efnisatriði	Ítarlegt efnisatriði	Kennimerki breytu	Breytuheiti	Kóðar	Merkingar	Sía	Merkingar síu	Lágmarkssafn breytna	Breytutegund
				010, 015, 020.. 945, 950	Fjöldi raunvinnustunda sem eru unnar í aukastarfi (x10)				
				Eyða	Ótilgreint				
				999	Á ekki við				
06. Vinnuskilyrði, þ.m.t. vinnutími og vinnutímatil-högun	Vinnutímatil-högun	SHIFTWK	Vaktavinna í aðalstarfi	1	Einstaklingur sem vinnur jafnan ekki vaktavinnu	STAPRO = 3	Starfsmenn	Nei	Söfnuð
				3	Einstaklingur sem vinnur aldrei vaktavinnu				
				Eyða	Ótilgreint				
				9	Á ekki við				
06. Vinnuskilyrði, þ.m.t. vinnutími og vinnutímatil-högun	Vinnutímatil-högun	EVENWK	Kvöldvinna í aðalstarfi	1	Einstaklingur sem vinnur oft á kvöldin	EMPSTAT = 1	Starfandi einstaklingar	Nei	Söfnuð
				2	Einstaklingur sem vinnur stundum á kvöldin				
				3	Einstaklingur sem vinnur aldrei á kvöldin				
				Eyða	Ótilgreint				
				9	Á ekki við				
06. Vinnuskilyrði, þ.m.t. vinnutími og vinnutímatil-högun	Vinnutímatil-högun	NIGHTWK	Næturvinna í aðalstarfi	1	Einstaklingur sem vinnur oft næturvinnu	EMPSTAT = 1	Starfandi einstaklingar	Nei	Söfnuð
				2	Einstaklingur vinnur stundum næturvinnu				
				3	Einstaklingur vinnur aldrei næturvinnu				
				Eyða	Ótilgreint				
				9	Á ekki við				

Efnisatriði	Ítarlegt efnisatriði	Kennimerki breytu	Breytuheiti	Kóðar	Merkingar	Sía	Merkingar síu	Lágmarkssafn breytna	Breytutegund
06. Vinnuskilyrði, þ.m.t. vinnutími og vinnutímatil-högun	Vinnutímatil-högun	SATWK	Vinna á laugardögum í aðalstarfi	1 2 3 Eyða 9	Einstaklingur vinnur oft á laugardögum Einstaklingur vinnur stundum á laugardögum Einstaklingur vinnur aldrei á laugardögum Ótilgreint Á ekki við	EMPSTAT = 1	Starfandi einstaklingar	Nei	Söfnuð
06. Vinnuskilyrði, þ.m.t. vinnutími og vinnutímatil-högun	Vinnutímatil-högun	SUNWK	Vinna á sunnudegi í aðalstarfi	1 2 3 Eyða 9	Einstaklingur vinnur oft á sunnudögum Einstaklingur vinnur stundum á sunnudögum Einstaklingur vinnur aldrei á sunnudögum Ótilgreint Á ekki við	EMPSTAT = 1	Starfandi einstaklingar	Nei	Söfnuð
07. Þátttaka í menntun og þjálfun	Þátttaka í formlegri og óformlegri menntun og þjálfun (fjórar vikur)	EDUCFED4	Þátttaka í formlegri menntun og þjálfun (nemi eða starfsnemi) á síðustu fjórum vikum	1 2 Eyða 9	Já (þ.m.t. nemar í orlofi) Nei Ótilgreint Á ekki við	15 <= AGE <= 74	Allir í markþýðinu á aldrinum 15–74 ára	Já	Söfnuð
07. Þátttaka í menntun og þjálfun	Þátttaka í formlegri og óformlegri menntun og þjálfun (fjórar vikur)	EDUCLEV4	Stig síðustu formlegu menntunar eða þjálfunar á síðustu fjórum vikum	10	ISCED 1 Barnaskólastig	EDUCFED4 = 1	Einstaklingar sem tóku þátt í formlegri menntun og þjálfun (nemi eða starfsnemi) á síðustu fjórum vikum	Nei	Söfnuð

Efnisatriði	Ítarlegt efnisatriði	Kennimerki breytu	Breytuheiti	Kóðar	Merkingar	Sía	Merkingar síu	Lágmarkssafn breytna	Breytutegund
				20	ISCED 2 Unglingastig				
				34	ISCED 3 Framhaldsskólastig — bóknám				
				35	ISCED 3 Framhaldsskólastig — starfsmenntun				
				39	ISCED 3 Framhaldsskólastig — áhersla óþekkt				
				44	ISCED 4 Viðbótarstig – bóknám				
				45	ISCED 4 Viðbótarstig – starfsmenntun				
				49	ISCED 4 Viðbótarstig – áhersla óþekkt				
				54	ISCED 5 Stutt nám á háskólastigi – bóknám				
				55	ISCED 5 Stutt nám á háskólastigi – starfsmenntun				
				59	ISCED 5 Stutt nám á háskólastigi – áhersla óþekkt				
				60	ISCED 6 Bakkalárstig eða jafngilt stig				
				70	ISCED 7 Meistarastig eða jafngilt stig				
				80	ISCED 8 Doktorsstig eða jafngilt stig				
				Eyða	Ótilgreint				
				99	Á ekki við				

Efnisatriði	Ítarlegt efnisatriði	Kennimerki breytu	Breytuheiti	Kóðar	Merkingar	Sía	Merkingar síu	Lágmarkssafn breytna	Breytutegund
07. Þátttaka í menntun og þjálfun	Þátttaka í formlegri og óformlegri menntun og þjálfun (fjórar vikur)	EDUCNFE4	Þátttaka í óformlegri menntun og þjálfun á síðustu fjórum vikum	1	Þátttaka í a.m.k. einu starfstengdu, óformlegu námi eða þjálfun	15 <= AGE <= 74	Allir í markþýðinu á aldrinum 15–74 ára	Já	Söfnuð
				2	Einungis þátttaka í óstarfstengdu eða einstaklingsbundnu óformlegu námi eða þjálfun				
				3	Ekki tekið þátt í óformlegu námi eða þjálfun				
				Eyða	Ótilgreint				
				9	Á ekki við				
07. Þátttaka í menntun og þjálfun	Þátttaka í formlegri og óformlegri menntun og þjálfun (12 mánuðir)	EDUCFED12	Þátttaka í formlegri menntun og þjálfun (nemi eða starfsnemi) á síðustu 12 mánuðum	1	Já	15 <= AGE <= 74	Allir í markþýðinu á aldrinum 15–74 ára	Nei	Söfnuð
				2	Nei				
				Eyða	Ótilgreint				
				9	Á ekki við				
07. Þátttaka í menntun og þjálfun	Þátttaka í formlegri og óformlegri menntun og þjálfun (12 mánuðir)	EDUCLEV12	Stig síðustu formlegu menntunar eða þjálfunar á síðustu 12 mánuðum	10	ISCED 1 Barnaskólastig	EDUCFED12 = 1	Einstaklingar sem tóku þátt í formlegri menntun og þjálfun (nemi eða starfsnemi) á síðustu 12 mánuðum	Nei	Söfnuð
				20	ISCED 2 Unglingastig				
				34	ISCED 3 Framhaldsskólastig — bóknám				

Efnisatriði	Ítarlegt efnisatriði	Kennimerki breytu	Breytuheiti	Kóðar	Merkingar	Sía	Merkingar síu	Lágmarkssafn breytna	Breytutegund
				35	ISCED 3 Framhaldsskólastig — starfsmenntun				
				39	ISCED 3 Framhaldsskólastig — áhersla óþekkt				
				44	ISCED 4 Viðbótarstig – bóknám				
				45	ISCED 4 Viðbótarstig – starfsmenntun				
				49	ISCED 4 Viðbótarstig – áhersla óþekkt				
				54	ISCED 5 Stutt nám á háskólastigi – bóknám				
				55	ISCED 5 Stutt nám á háskólastigi – starfsmenntun				
				59	ISCED 5 Stutt nám á háskólastigi – áhersla óþekkt				
				60	ISCED 6 Bakkalárstig eða jafngilt stig				
				70	ISCED 7 Meistarastig eða jafngilt stig				
				80	ISCED 8 Doktorsstig eða jafngilt stig				
				Eyða	Ótilgreint				
				99	Á ekki við				
07. Þátttaka í menntun og þjálfun	Þátttaka í formlegri og óformlegri menntun og þjálfun (12 mánuðir)	EDUCNFE12	Þátttaka í óformlegri menntun og þjálfun á síðustu 12 mánuðum	1	Þátttaka í a.m.k. einu starfstengdu, óformlegu námi eða þjálfun	15 <= AGE <= 74	Allir í markþýðinu á aldrinum 15–74 ára	Nei	Söfnuð

Efnisatriði	Ítarlegt efnisatriði	Kennimerki breytu	Breytuheiti	Kóðar	Merkingar	Sía	Merkingar síu	Lágmarkssafn breytna	Breytutegund
				2	Einungis þátttaka í óstarfstengdu eða einstaklingsbundnu óformlegu námi eða þjálfun				
				3	Ekki tekið þátt í óformlegu námi eða þjálfun				
				Eyða	Ótilgreint				
				9	Á ekki við				
08. Heilbrigði: staða og fötlun, aðgengi að, tiltækileiki og notkun heilbrigðis-þjónustu og áhrifaþættir heilbrigðis	Fötlun og aðrir þættir evrópsks lágmarks-viðhengis um heilbrigði	GENHEALTH	Almennt heilbrigði samkvæmt eigin mati	1	Mjög gott	15 <= AGE <= 89	Allir í markþýðinu á aldrinum 15-89 ára	Nei	Söfnuð
				2	Gott				
				3	Sæmilegt (hvorki gott né slæmt)				
				4	Slæmt				
				5	Mjög slæmt				
				Eyða	Ótilgreint				
				9	Á ekki við				
08. Heilbrigði: staða og fötlun, aðgengi að, tiltækileiki og notkun heilbrigðis-þjónustu og áhrifaþættir heilbrigðis	Þættir í evrópska lágmarksvið-henginu um heilbrigði	GALI	Hömlun á athöfnum vegna heilbrigðisvanda-mála	1	Veruleg hömlun	15 <= AGE <= 89	Allir í markþýðinu á aldrinum 15-89 ára	Nei	Söfnuð

Efnisatriði	Ítarlegt efnisatriði	Kennimerki breytu	Breytuheiti	Kóðar	Merkingar	Sía	Merkingar síu	Lágmarkssafn breytna	Breytutegund
				2	Hömlun en ekki alvarleg				
				3	Alls engin hömlun				
				Eyða	Ótilgreint				
				9	Á ekki við				
09. Tekjur, neysla og þættir auðs, þ.m.t. skuldir	Tekjur af vinnu	INCGROSS	Verg mánaðarlaun í aðalstarfi	00000000–99999998	Verg mánaðarlaun í aðalstarfi (átta tölustafir), þ.m.t. hlutfallslegur hluti greiðslna sem fram fer oftar en á mánaðarfresti (innlendur gjaldmiðill)	STAPRO = 3	Starfsmenn	Já	Söfnuð
				Eyða	Ótilgreint				
				99999999	Á ekki við				
09. Tekjur, neysla og þættir auðs, þ.m.t. skuldir	Tekjur af vinnu	INCGROSS_F	Flöggun á vergum mánaðarlaunum í aðalstarfi	11	Vergar tekjur innheimtar og enginn tilreikningur fyrir gagnagöt eða misræmi	STAPRO = 3	Starfsmenn	Já	Tæknileg
				12	Vergar tekjur innheimtar og tilreikningur fyrir gagnagöt eða misræmi í vinnuaflskönnuninni				
				13	Vergar tekjur innheimtar og tilreikningur fyrir gagnagöt eða misræmi í stjórnsýslugagnaheimild				
				14	Vergar tekjur innheimtar og tilreikningur fyrir gagnagöt eða misræmi í annarri heimild/öðrum heimildum				
				21	Umreikningi frá hreinum til vergra tekna er beitt og enginn tilreikningur (hrein fjárhæð er tiltæk og enginn tilreikningur fyrir gagnagöt eða misræmi)				

Efnisatriði	Ítarlegt efnisatriði	Kennimerki breytu	Breytuheiti	Kóðar	Merkingar	Sía	Merkingar síu	Lágmarkssafn breytna	Breytutegund
				22	Tilreiknaðar eru hreinar tekjur fyrir gagnagöt eða misræmi frá vinnumarkaðskönnuninni og beitt umreikningi frá hreinum til vergra tekna (hrein fjárhæð er ekki tiltæk og tilreikningi beitt til að fá hreint virði)				
				23	Tilreiknaðar eru hreinar tekjur fyrir gagnagöt eða misræmi frá stjórnsýslugagnaheimild og beitt umreikningi frá hreinum til vergra tekna (hrein fjárhæð er ekki tiltæk og tilreikningi beitt til að fá hreint virði)				
				24	Tilreiknaðar eru hreinar tekjur vegna brottfalls eða misræmis frá annarri gagnaheimild/heimildum og beitt umreikningi frá hreinum til vergra tekna (hrein fjárhæð er ekki tiltæk og tilreikningi beitt til að fá hreint virði)				
				25	Tilreiknaðar eru vergar tekjur vegna brottfalls/misræmis (hrein fjárhæð er ekki tiltæk og tilreikningi beitt beint við hreint virði; engum umreikningi frá hreinum til vergra tekna er beitt)				
				Eyða	Ótilgreint				
				99	Á ekki við				
09. Tekjur, neysla og þættir auðs, þ.m.t. skuldir	Tekjur af greiðslum vegna atvinnuleysis	REGISTER	Skráning hjá opinberri vinnumiðlun	1	Einstaklingur er skráður hjá opinberri vinnumiðlun og þiggur bætur eða aðstoð	15 <= AGE <= 74	Allir í markþýðinu á aldrinum 15–74 ára	Nei	Söfnuð
				2	Einstaklingur er skráður hjá opinberri vinnumiðlun en þiggur ekki bætur eða aðstoð				
				3	Einstaklingur er ekki skráður hjá opinberri vinnumiðlun en þiggur bætur eða aðstoð				

Efnisatriði	Ítarlegt efnisatriði	Kennimerki breytu	Breytuheiti	Kóðar	Merkingar	Sía	Merkingar síu	Lágmarkssafn breytna	Breytutegund
				4	Einstaklingur er ekki skráður hjá opinberri vinnumiðlun og þiggur ekki bætur eða aðstoð				
				Eyða	Ótilgreint				
				9	Á ekki við				
03b. Þátttaka á vinnumarkaði	Staða á vinnumarkaði hjá farandfólki og nánustu afkomendum þess	HATCNTR	Landið þar sem hæsta menntunarstigi var lokið með fullnægjandi árangri	Ekki eyða	Landið þar sem hæsta menntunarstigi var lokið með fullnægjandi árangri (SCL GEO alpha-2 kóði)	15 <= AGE <= 74	Allir í markþýðinu á aldrinum 15–74 ára	Nei	Söfnuð
				FOR	Erlent ríki en nákvæmt land þar sem hæsta menntunarstigi er lokið er óþekkt				
				Eyða	Ótilgreint				
				998	Engin formleg menntun eða lægri en 1. stig í alþjóðlegu menntunarflokkuninni (ISCED 1)				
				999	Á ekki við				
03b. Þátttaka á vinnumarkaði	Staða á vinnumarkaði hjá farandfólki og nánustu afkomendum þess	ESTQUAL	Viðurkenning á formlegri menntun og hæfi sem fengist hefur utanlands	01	Hefur sótt um hana, formleg menntun og hæfi er viðurkennd að hluta til eða að fullu	HATCNTR ≠ COUNTRY AND 15 <= AGE <= 74	Einstaklingar á aldrinum 15–74 ára sem hafa náð hæstu formlegri menntun og hæfi utanlands eða í ókunnu landi	Nei	Söfnuð
				02	Hefur sótt um en formleg menntun og hæfi var ekki viðurkennd				
				03	Hefur sótt um en ferlið stendur yfir eða niðurstaða er enn í vinnslu				
				04	Hefur ekki sótt um því að ekki var þörf á því				
				05	Hefur ekki sótt um af því að ekki viðkomandi gerir sér ekki ljósa möguleikana eða ferlið sem um ræðir				

Efnisatriði	Ítarlegt efnisatriði	Kennimerki breytu	Breytuheiti	Kóðar	Merkingar	Sía	Merkingar síu	Lágmarkssafn breytna	Breytutegund
				06	Hefur ekki sótt vegna kostnaðar eða flækjustigs í ferlinu				
				07	Hefur ekki sótt um því að það er ekki hægt				
				08	Nei, af öðrum ástæðum				
				09	Engin formleg menntun eða lægri en 1. stig í alþjóðlegu menntunarflokkuninni (ISCED 1)				
				Eyða	Ótilgreint				
				99	Á ekki við				
03b. Þátttaka á vinnumarkaði	Staða á vinnumarkaði hjá farandfólki og nánustu afkomendum þess	HATPAR	Menntunarstig foreldra svarandans	1	Lágt (ISCE 0–2)	15 <= AGE <= 74	Allir í markþýðinu á aldrinum 15–74 ára	Nei	Söfnuð
				2	Í meðallagi (ISCED 3–4)				
				3	Hátt (ISCED 5–8)				
				Eyða	Ótilgreint				
				9	Á ekki við				
03b. Þátttaka á vinnumarkaði	Staða á vinnumarkaði hjá farandfólki og nánustu afkomendum þess	JOBSATISF	Starfsánægja	1	Að mestu ánægð/ánægður	EMPSTAT = 1 AND 15 <= AGE <= 74	Starfandi einstaklingar á aldrinum 15–74 ára	Nei	Söfnuð
				2	Nokkuð ánægð/ánægður				
				3	Fremur óánægð/óánægður				
				4	Alls ekki ánægð/ánægður				
				Eyða	Ótilgreint				
				9	Á ekki við				

Efnisatriði	Ítarlegt efnisatriði	Kennimerki breytu	Breytuheiti	Kóðar	Merkingar	Sía	Merkingar síu	Lágmarkssafn breytna	Breytutegund
03b. Þátttaka á vinnumarkaði	Staða á vinnumarkaði hjá farandfólki og nánustu afkomendum þess	SKILLEQ	Sambærileg færni í nýju aðalstarfi og fyrra aðalstarfi	1	Meiri núna	EMPSTAT = 1 AND COUNTRYB ≠ COUNTRY AND 15 <= AGE <= 74	Fyrsta kynslóð innflytjanda eða einstaklinga með óþekkt fæðingarland sem eru starfandi á aldrinum 15–74 ára	Nei	Söfnuð
				2	Minni núna				
				3	Sama				
				4	Vann ekki áður en flust var á milli landa				
				Eyða	Ótilgreint				
				9	Á ekki við				
03b. Þátttaka á vinnumarkaði	Staða á vinnumarkaði hjá farandfólki og nánustu afkomendum þess	DISCRIMI	Telur sig sæta mismunun í vinnu í núverandi starfi	1	Nei	EMPSTAT = 1 AND 15 <= AGE <= 74	Starfandi einstaklingar á aldrinum 15–74 ára	Nei	Söfnuð
				2	Já, einkum mismunun á grundvelli aldurs				
				3	Já, einkum mismunun á grundvelli kynferðis				
				4	Já, einkum mismunun á grundvelli erlends uppruna				
				5	Já, einkum mismunun á grundvelli fötlunar				
				6	Já, einkum á öðrum grundvelli				
				Eyða	Ótilgreint				
				9	Á ekki við				
03b. Þátttaka á vinnumarkaði	Staða á vinnumarkaði hjá farandfólki og nánustu afkomendum þess	JOBOBSTA	Meginhindrun þess að fá starf við hæfi	1	Skortur á færni í tungumáli gistilandsins/-landanna	COUNTRYB ≠ COUNTRY AND 15 <= AGE <= 74	Fyrsta kynslóð innflytjenda eða einstaklinga með óþekkt fæðingarland á aldrinum 15–74 ára	Nei	Söfnuð

Efnisatriði	Ítarlegt efnisatriði	Kennimerki breytu	Breytuheiti	Kóðar	Merkingar	Sía	Merkingar síu	Lágmarkssafn breytna	Breytutegund
				2	Skortur á viðurkenningu á formlegri menntun og hæfi sem aflað var utanlands				
				3	Takmarkaður réttur til vinnu vegna ríkisfangs eða dvalarleyfis				
				4	Mismunun á grundvelli erlends uppruna				
				5	Ekkert starf við hæfi er laust				
				6	Aðrar hindranir				
				7	Engar hindranir				
				8	Hefur aldrei leitað að vinnu eða unnið				
				Eyða	Ótilgreint				
				9	Á ekki við				
03b. Þátttaka á vinnumarkaði	Staða á vinnumarkaði hjá farandfólki og nánustu afkomendum þess	DURFIJOB	Tími sem þarf til að finna fyrsta launaða starfið í gistilandinu	01	Skemur en 3 mánuðir	COUNTRYB ≠ COUNTRY AND 15 <= AGE <= 74	Fyrsta kynslóð innflytjenda eða einstaklinga með óþekkt fæðingarland á aldrinum 15–74 ára	Nei	Söfnuð
				02	Frá 3 mánuðum til skemur en 6 mánaða				
				03	Frá 6 mánuðum til skemur en 12 mánaða				
				04	Frá 12 mánuðum til skemur en 2 ára				
				05	Frá 2 árum til skemur en 3 ára				
				06	Frá 3 árum til skemur en 4 ára				
				07	4 ár eða lengur				
				08	Fann ekki starf				
				09	Leitaði ekki starfs				
				Eyða	Ótilgreint				

Efnisatriði	Ítarlegt efnisatriði	Kennimerki breytu	Breytuheiti	Kóðar	Merkingar	Sía	Merkingar síu	Lágmarkssafn breytna	Breytutegund
				99	Á ekki við				
03b. Þátttaka á vinnumarkaði	Staða á vinnumarkaði hjá farandfólki og nánustu afkomendum þess	PRKNLANG	Færni í tungumáli helsta gistilands áður en flust var á milli landa	1	Móðurmál	COUNTRYB ≠ COUNTRY AND 15 <= AGE <= 74	Fyrsta kynslóð innflytjenda eða einstaklinga með óþekkt fæðingarland á aldrinum 15–74 ára	Nei	Söfnuð
				2	Framhaldsstig (fær notandi)				
				3	Miðstig (sjálfstæður notandi)				
				4	Byrjandi (grunnotandi)				
				5	Afar lítil eða engin tungumálafærni				
				6	Var of ung/ungur til að tala tungumál á fólksflutningatímanum				
				Eyða	Ótilgreint				
				9	Á ekki við				
03b. Þátttaka á vinnumarkaði	Staða á vinnumarkaði hjá farandfólki og nánustu afkomendum þess	LANGHOST	Núverandi færni í tungumáli helsta gistilands	1	Móðurmál	COUNTRYB ≠ COUNTRY AND 15 <= AGE <= 74	Fyrsta kynslóð innflytjenda eða einstaklinga með óþekkt fæðingarland á aldrinum 15–74 ára	Nei	Söfnuð
				2	Framhaldsstig (fær notandi)				
				3	Miðstig (sjálfstæður notandi)				
				4	Byrjandi (grunnotandi)				
				5	Afar lítil eða engin tungumálafærni				
				Eyða	Ótilgreint				

Efnisatriði	Ítarlegt efnisatriði	Kennimerki breytu	Breytuheiti	Kóðar	Merkingar	Sía	Merkingar síu	Lágmarkssafn breytna	Breytutegund
				9	Á ekki við				
03b. Þátttaka á vinnumarkaði	Staða á vinnumarkaði hjá farandfólki og nánustu afkomendum þess	LANGCOUR	Þátttaka í námskeiðum í tungumáli helsta gistilands	1	Já, almenn tungumálanámskeið	COUNTRYB ≠ COUNTRY AND 15 <= AGE <= 74	Fyrsta kynslóð innflytjenda eða einstaklinga með óþekkt fæðingarland á aldrinum 15–74 ára	Nei	Söfnuð
				2	Já, tungumálanámskeið sem tengjast starfi				
				3	Nei, því að tungumálanámskeið stóðu ekki til boða eða að verðið var óviðráðanlegt				
				4	Nei, því að tungumálafærni var fullnægjandi				
				5	Nei, af öðrum ástæðum				
				Eyða	Ótilgreint				
				9	Á ekki við				

II. VIÐAUKI

Flæðirit um röð spurninga um atvinnustig og atvinnuleysi í spurningalistanum

1. Landsbundnir spurningalistar skulu vera uppbyggðir samkvæmt eftirfarandi flæðiritum til að tryggja fullnægjandi samanburðarhæfi milli landa. Flæðiritin ná einungis yfir viðhengið um atvinnustöðu á vinnumarkaði á spurningalistanum sem varðar spurningar um atvinnustöðu á vinnumarkaði samkvæmt skilgreiningu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) (atvinnustaða, atvinnuleysi eða utan vinnumarkaðar).

2. Viðhengið atvinnustaða á vinnumarkaði skal koma fram í upphafi landsbundins spurningalista á eftir spurningum um lýðfræðileg einkenni.

3. Safna skal spurningum um aðalatvinnustöðu (eigið mat) á eftir viðhenginu um vinnumarkaðsstöðuna. Safna skal upplýsingum um aðalatvinnustöðu með viðtali og hvorki leiða þær af öðrum breytum né tilreikna frá skrám.

4. Flæðirit er myndræn framsetning á upplýsingastreyminu sem kemur fram í gegnum spurningarnar í spurningalistanum. Með því er stefnt að því að skilgreina upplýsingarnar og hugtökin sem spanna skal en ekki eru settar neinar hömlur að því er varðar fjölda, þýðingu og orðalag spurninga. Athugasemdir við flæðiritið eru óaðskiljanlegur hluti af flæðiritinu.

5. Flæðiritunum verður ekki breytt í a.m.k. fimm ár frá gildistöku þessarar reglugerðar.

6. Flæðiritin innihalda mismunandi þætti sem eru skilgreindir eins og hér segir:

— Bálkur stendur fyrir eitt einstakt safn upplýsinga sem óskað er eftir í spurningalistanum með því að setja fram eina eða fleiri spurningar. Hann inniheldur hugtökin sem safna á upplýsingum um. Spyrja má um hugtökin sem falla undir einn bálk í hvaða röð sem ákvörðuð er á landsvísu. Hann er sýndur sem rétthyrndur kassi:




— Undirviðhengi stendur fyrir bálkasafn sem nær yfir sama efni. Það er sýnt sem rétthyrndur kassi með ávölum styttri hliðum:



— Útstreymisferli stendur fyrir eiginlegar upplýsingar sem safnað er í bálkinn og flæðið sem af því leiðir í áttina að öðrum bálkum. Það er sýnt sem ör og kassi:



— Sía stendur fyrir upplýsingar sem byggðar eru á ytri gögnum. Útstreymisferli hennar er í þessu tilviki háð utanaðkomandi upplýsingum. Hún er sýnd sem tígull með útstreymisferli sínu:



— Millistig flokkunar táknar bráðabirgðaniðurstöðu streymisins samkvæmt skilgreiningu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Hún kemur fram í sporöskjulaga táknmynd með ljósum bakgrunni og svörtum texta:



— Lokastig flokkunar táknar endanlega niðurstöðu streymisins samkvæmt skilgreiningu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Það kemur fram í sporöskjulaga táknmynd með dökkum bakgrunni og hvítum texta:



— Lokin tákna lok streymisferlanna í flæðiritinu. Þau eru sýnd sem kassi sem er eins og samhliðungur í laginu:




7. Í hverjum bálki geta aðildarríki lagað að eigin þörfum fjölda spurninga sem spurðar eru til að safna umbeðnum upplýsingum. Hins vegar er ekki unnt að víkka út innihald upplýsinganna sem safna á, þ.e. spurninga sem varða ekki á beinan hátt umbeðnar upplýsingar eða setja fram í fyrsta sinn hugtakið sem spannað er í hlutaðeigandi bálki.

8. Kassinn í útstreymisferlinu getur innihaldið eitt eða fleiri atriði, aðskilin með semíkommu, sem hafa sama endastreymi. Gera skal grein fyrir sérhverju atriði í spurningalistanum og það má koma fram með einu eða fleiri mögulegum svörum. Þó má fella atriði út ef það er réttlætt með landsbundnu samhengi (landslög eða aðstæður). Ekki má breyta röð atriðanna í spurningalistanum nema það sé tilgreint í flæðiritinu. Ekki má bæta við neinum nýjum útstreymisferlum.


9. Bæta má spurningum við undir lok hvers undirviðhengis, á milli undirviðhengja eða á eftir (millistigs- eða endanlegum) flokkunarþáttum, þegar það er réttlætanlegt með tilteknu innlendu samhengi og þegar það hefur engin umtalsverð áhrif á flokkun atvinnustöðu á vinnumarkaði samkvæmt skilgreiningu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Í undantekningartilvikum má bæta við spurningum um smáverk eða íhlaupavinnu og um framleiðslu landbúnaðarafurða sem ætlaðar eru til sölu eða vöruskipta ef þörf krefur í tilteknu innlendu samhengi til að uppfylla betur skilgreiningu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar á atvinnu.

10. Viðhengið atvinnustaða á markaði inniheldur mismunandi undirviðhengi sem hvert um sig nær yfir tiltekinn þátt á atvinnustöðu á vinnumarkaði samkvæmt skilgreiningu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Streymi upplýsinga milli undirviðhengjanna er sett fram í lýsiflæðiritinu sem stendur fyrir allt viðhengið um atvinnustöðu á vinnumarkaði.

11. Lýsiflæðirit viðhengisins atvinnustaða á vinnumarkaði er skilgreint á eftirfarandi hátt:



12. Flæðiritið fyrir undirviðhengið „Í vinnu“ og tengdar athugasemdir er skilgreint á eftirfarandi hátt:



Athugasemdir:

BálkurW1:

Skilja ætti vinnu sem starfsemi sem einstaklingar stunda til að framleiða vörur eða veita þjónustu sem þeir sjálfir eða aðrir nota. Vinna „fyrir launum eða ávinningi“ vísar til vinnu sem framkvæmd er sem hluti af viðskiptum í skiptum fyrir þóknun sem greiðist í formi launa fyrir unninn tíma eða verk eða í formi ávinnings sem skapast af vörum og þjónustu sem veitt er í gegnum markaðsviðskipti. Hugtakið „laun“ nær yfir peninga eða greiðslu í fríðu, hvort sem þau eru skattskyld eða ekki.

Að tilgreina nánar „fyrir laun eða ávinning“ er æskilegur valkostur. Engu að síður má nota annað orðalag eins og „sem launaður starfsmaður eða sjálfstætt starfandi“ á meðan það lýsir sama hugtaki, sé það rökstutt í tilteknu innlendu samhengi. Sé of erfitt að þýða hugtakið „ávinningur“ gæti lausnin falist í að spyrja fleiri en einnar spurningar. Sísti valkosturinn er, ef ljóst er á tiltekinni þjóðtungu að markmiðið er að auðkenna þá sem unnu fyrir þóknun, að sleppa hugtakinu „ávinningur“ og aðeins halda hugtakinu fyrir „launum“.

Aðildarríki geta, ef BálkurW1 nær ekki yfir allar tegundir starfa, einkum smáverk eða íhlaupavinnu og framleiðslu landbúnaðarafurða sem ætlaðar eru til sölu eða vöruskipta, tekið með viðbótarspurningar um þessar tilteknu tegundir vinnu.


BálkurW2:

Skilja ber vinnu, sem unnin er af einstaklingi sem vinnur við fyrirtæki eigin fjölskyldu, sem ólaunaða vinnu. Sé þetta launuð vinna í fyrirtæki sem er í eigu aðstandanda ætti útstreymið frá BálkiW1 að vera „já“.

Hvert aðildarríki getur valið hvort fyrst sé spurt um ólaunaða vinnu sem innt er af hendi sem aðstandandi eða um fjarvist. Sé fyrst spurt spurningarinnar um ólaunaða vinnu sem innt er af hendi sem aðstandandi er spurningin um fjarvist aðeins skyldubundin fyrir þá sem svara þessari fyrri spurningu með „nei“.

Á hinn bóginn, sé fyrst spurt spurningarinnar um fjarvist ætti ekki aðeins að athuga hvort þeir sem gáfu upp að þeir væru ekki fjarverandi úr vinnu hafi unnið í ólaunaðri vinnu við fyrirtæki eigin fjölskyldu í viðmiðunarvikunni heldur einnig hvort þeir sem gefa upp að þeir væru fjarverandi úr vinnu hafi unnið við slíkt í viðmiðunarvikunni. Í undantekningartilvikum má spyrja um undirviðhengið „Fjarvist frá vinnu“ áður en spurt er um ólaunaða vinnu sem aðstandandi sé það viðeigandi í tilteknu innlendu samhengi. Við þessar aðstæður mun spurningunni um ólaunaða vinnu sem unnin er sem aðstandandi einungis varpað fram til allra þeirra sem eru flokkaðir sem „ekki starfandi“ í undirviðhenginu „Fjarvist frá vinnu“ .

13. Flæðiritið fyrir undirviðhengið „Fjarvistir úr vinnu“ og tengdar athugasemdir eru skilgreindar á eftirfarandi hátt:



Athugasemdir:

BálkurA1:

„Foreldraorlof“ er rof í starfi til að ala upp eða gæta smábarns. Annaðhvort móðirin eða faðirinn geta tekið orlofið. Flokkur þessi nær yfir bæði einstaklinga í lögbundnu foreldraorlofi (lagalega ef það er til staðar eða samningsbundnu) og sjálfstætt starfandi. Í tilteknu innlendu samhengi má einnig telja sérstakt orlof til að annast ungt barn („umönnunarorlof“) vera foreldraorlof.

Svarandinn ætti að vera starfandi (starfsmaður, sjálfstætt starfandi einstaklingur) við upphaf fjarvistatímabilsins. Ef foreldraorlof fylgir strax á eftir öðru fjarvistatímabili ætti að taka tillit til stöðunnar (þ.e. starfandi eða ekki starfandi) við upphaf heildartímabilsins. Hafi svarandi ekki verið starfandi við upphaf orlofstímabilsins er ekki hægt að líta á fjarvistina sem foreldraorlof.

Í þeim tilvikum þegar fjarvistartímabil eru samfelld ætti að velja meginástæðuna fyrir fjarvist í viðmiðunarvikunni.

„Árstíðabundið starf“ vísar til aðstæðna í starfi þar sem atvinnustarfsemi (framleiðsla á vörum eða þjónustustarfsemi) efnahagslegrar einingar er algjörlega stöðvuð síendurtekið og nokkurn veginn á tilteknum árstíma. Rof á atvinnustarfsemi ætti ekki að tengja tilteknum aðstæðum eða undantekningartilvikum (slæmu veðri, skorti á viðskiptavinum, o.s.frv.) heldur ætti það að tengjast stöðluðum þáttum sem gerast endurtekið og yfir lengri tímabil á árinu. Að því leyti skiptist árstíðabundið starf á að vera löng tímabil vinnu og löng tímabil orlofs innan tiltekins árs. Við þessar aðstæður er fjarverutímabil ekki skilgreint sem lágannartímabil.

„Starfstengd þjálfun“ fyrir starfsmenn vísar til þjálfunar þar sem ein af þremur fullyrðingum er sönn:

— þátttöku starfsmannsins er krafist af vinnuveitanda,

— þjálfun fer fram innan hefðbundins launaðs vinnutíma og ekki í einhvers konar orlofi,

— þjálfunin er beinlínis tengd núverandi starfi og er greidd af hálfu vinnuveitanda eða að starfsmaðurinn heldur áfram að taka við þóknun frá vinnuveitandanum.

Fyrir sjálfstætt starfandi einstaklinga ætti starfstengd þjálfun að tengjast starfsemi þeirra.

Bálkur A2:

„Starfstengdar tekjur eða bætur“ eru tekjur eða bætur sem svarandinn myndi ekki eiga rétt á að þiggja ef hann var ekki í starfi við upphaf þessa fjarvistatímabils, burtséð frá atvinnustöðu hans (starfsmaður eða sjálfstætt starfandi einstaklingur). Eigi einstaklingurinn rétt á að taka á móti tekjum sínum eða bótum en hefur valið að taka ekki við þeim ætti að líta svo á að hann hafi tekið við þeim.

Tekjur eða bætur má greiða annaðhvort af hálfu vinnuveitandans eða almannatrygginga, eða beggja. Til þeirra teljast launa-bætur (t.d. starfstengdar foreldraorlofsgreiðslur eða framlög til almannatrygginga) en undanskildar eru bætur sem einstaklingur myndi jafnvel hljóta án starfs (t.d. fjölskyldugreiðslur). Haldi vinnuveitandinn áfram að greiða framlög til félagslegra kerfa fyrir einstaklinga sem taka foreldraorlof, jafnvel ef laun eru ekki lengur greidd, ætti að líta svo á að einstaklingurinn haldi áfram að þiggja starfstengdar tekjur eða bætur.

Starfstengdar tekjur eða bætur eru mögulega ekki í réttu hlutfalli við þær tekjur sem voru mótteknar rétt fyrir upphaf þessa fjarvistatímabils. Líta má á fastar greiðslur sem starfstengdar tekjur eða bætur svo fremi sem einstaklingurinn hefur rétt á að taka við þeim vegna þess starfs sem hann hefur. Af þessum sökum geta tekjur eða bætur annaðhvort verið veittar á föstum kjörum eða sem hlutfall af síðustu launum.

Undanþága frá 2. mgr. 8. gr. og 1. mgr. 9. gr. þessarar reglugerðar felst í að nota má ytri upplýsingar (frekar en niðurstöður viðtala) sem gagnaheimild fyrir þennan Bálk A2 ef unnt er að ákvarða réttindi til starfstengdra tekna eða bóta á ótvíræðan hátt.

Mikilvægur þáttur sem skoða þarf er hvort svarandinn hafi tryggingu fyrir að geta snúið aftur til starfs síns við lok foreldraorlofs.

Bálkur A3:

Hafi svarandi ekki unnið í viðmiðunarvikunni en sinnt reglubundið starfstengdum athöfnum eða verkefnum (t.d. viðhaldi, endurnýjun, o.s.frv.) á lágannartíma ætti að líta svo á að hann hafi verið starfandi. Stjórnunarverkefni teljast þó ekki sem starfstengdar athafnir eða verkefni.

Bálkur A4:


Valkosturinn „veit ekki“ er aðeins lagður fram í viðtölum þar sem staðgengill svarar fyrir einstaklinginn.

Væntanleg heildarlengd vísar aðeins til meginástæðu fjarvistarinnar. Til dæmis, ef um er að ræða einstaklinga í foreldraorlofi, ætti fæðingarorlof mæðra eða feðra að vera undanskilið í tímalengd fjarvistar.


Skrá ætti væntanlega heildarlengd fjarvistar, eins og svarandi metur hana. Svarandinn getur reitt sig á tiltekin lög eða samninga en mun almennt svara samkvæmt eigin mati.

Viti svarandi ekki hvort heildarlengd fjarvistar sé styttri eða lengri en þrír mánuðir ætti hann telja hana vera tímabilið frá upphafi fjarvistarinnar, sem hún orsakast af, og til loka viðmiðunarvikunnar.

14. Flæðiritið fyrir undirviðhengið „Annað starf eða önnur störf“ er skilgreint á eftirfarandi hátt:



15. Flæðiritið fyrir undirviðhengið „Atvinnuleit (fyrir einstaklinga sem ekki eru starfandi)“ og tengdar athugasemdir eru skilgreindar á eftirfarandi hátt:



Athugasemdir:

Bálkur S1:

Valkosturinn „veit ekki“ er aðeins lagður fram í viðtölum þar sem staðgengill svarar fyrir einstaklinginn.

Bálkur S2:

Þeir sem hafa þegar fundið starf tekur til árstíðabundins vinnuafls sem er ekki í starfi í viðmiðunarvikunni (lágannartímabil) en vænta þess að snúa aftur til árstíðabundinna starfa sinna við lok lágannartímabilsins.

Valkosturinn „Já og hóf störf á tímabilinu frá viðmiðunarviku til viðtalsdags“ er einungis lagður fram ef viðtalsdagur er ekki strax á eftir viðmiðunarvikunni.

Bálkur S4:

Valkosturinn „veit ekki“ er aðeins lagður fram í viðtölum þar sem staðgengill svarar fyrir einstaklinginn.

Bálkur S5:

Skrá yfir valkosti fyrir meginástæðu þess að leita ekki að vinnu nær yfir:

— ekkert starf við hæfi er laust [þetta verður að koma fram fyrst],

— menntun eða þjálfun,

— eigin veikindi eða örorku,

— umönnun,

— aðrar fjölskylduástæður,

— aðrar persónulegar ástæður,

— beðið eftir kalli aftur til vinnu (tímabundin uppsögn) [má sleppa ef á ekki við],

— aðrar ástæður eða

— veit ekki.

Burtséð frá fyrsta valkosti er unnt að ákveða röð mögulegra svara eftir löndum samkvæmt landsbundnum sjónarmiðum. Ef flokkurinn „starfsmenn sem sagt er upp“ er ekki til staðar í landi má sleppa niðurstöðunni „bíður eftir kalli til vinnu“ í landsspurningalistanum.

„Umönnun“ takmarkast við eigin börn, börn maka og við veika, aldraða eða óvinnufær skyldmenni. Einstaklingar sem sjá um umönnun vina, óskyldra einstaklinga eða sem sjálfboðaliðar ættu að vera flokkaðir undir „aðrar persónulegar ástæður“.

Bálkur S6:

Skrá valkosta fyrir meginástæður þess að ekki er vilji til vinnu nær yfir:

— menntun eða þjálfun,

— eigin veikindi eða örorku,

— umönnun,

— aðrar fjölskylduástæður,

— aðrar persónulegar ástæður,

— eftirlaunaaldur,

— aðrar ástæður eða


— veit ekki.

Hægt er að ákveða röð og skiptingu hugsanlegra svara eftir löndum samkvæmt landsbundnum álitaefnum.

„Umönnun“ takmarkast við eigin börn, börn maka og við veika, aldraða eða óvinnufær skyldmenni. Einstaklingar sem sjá um umönnun vina, óskyldra einstaklinga eða sem sjálfboðaliðar ættu að vera flokkaðir undir „aðrar persónulegar ástæður“.

16. Flæðiritið fyrir undirviðhengið „Virkar atvinnuleitaraðferðir (fyrir einstaklinga sem ekki eru starfandi)“ og tengdar athugasemdir eru skilgreindar á eftirfarandi hátt:

Undirviðhengið „*Virkar atvinnuleitaraðferðir (fyrir einstaklinga sem ekki eru starfandi)*“



Athugasemdir:

Bálkur M1:

Röð spurninga er sveigjanleg. Aðildarríki geta valið úr fjölda spurninga í þeim skilningi að í fyrsta skipti sem svarið er „já“ er hægt að loka þessum Bálki M1 en ef aðildarríki vill ganga lengra og safna upplýsingum um allar níu aðferðirnar er því frjálst að gera það. Aðildarríki geta einnig skipt upplýsingum sem nauðsynlegar eru niður í margar spurningar.


Valkosturinn „spurðir vinir, skyldmenni eða kunningjar“ felur í sér að spyrja um atvinnutækifæri, biðja um aðstoð við að búa til og uppfæra ferilskrá á Netinu eða um aðstoð við undirbúning prófs eða viðtals.

Valkosturinn „haft samband við opinbera vinnumiðlun“ vísar til tengiliða sem tengjast atvinnuleit svaranda en ekki til þess að hann sæki um atvinnuleysisbætur.

Upplýsingunum ætti að safna með lokuðum spurningum. Engin endurflokkun ætti að fara fram á opnum spurningum.

17. Flæðiritið fyrir undirviðhengið „Tiltækileiki til vinnu (fyrir einstaklinga sem ekki eru starfandi)“ og tengdar athugasemdir eru skilgreindar á eftirfarandi hátt:

Undirviðhengið *„Tiltækileiki til vinnu (fyrir einstaklinga sem ekki eru starfandi)“*



Athugasemdir:

Bálkur V1:

Hafi svarandi þegar sagst hafa fengið vinnu er hægt að umorða þennan bálk sem „gæti hafið starfið innan tveggja vikna frá viðmiðunarvikunni“.

Bálkur V2:

Skrá valkosta fyrir meginástæðu þess að ekki er hægt að hefja störf innan tveggja vikna nær yfir:

— menntun eða þjálfun,

— eigin veikindi eða örorku,

— umönnun,

— aðrar fjölskylduástæður,

— aðrar persónulegar ástæður,

— aðrar ástæður eða

— veit ekki.

Hægt er að ákveða röð og skiptingu hugsanlegra svara eftir löndum samkvæmt landsbundnum athugunarefnum.

Hafi svarandi þegar gefið svar í Bálk S5 er hægt að afrita svarið í Bálki V2. Í slíkum tilvikum er hægt að endurkóða tvo viðbótarsvarflokka í Bálki S5 „ekkert laust starf við hæfi“ og „bíður eftir að vera kallaður aftur til vinnu (eftir tímabundna uppsögn)“ í Bálki V2 sem „aðrar ástæður“.

„Umönnun“ takmarkast við eigin börn, börn maka og við veika, aldraða eða óvinnufær skyldmenni. Einstaklingar sem sjá um umönnun vina, óskyldra einstaklinga eða sem sjálfboðaliðar ættu að vera flokkaðir undir „aðrar persónulegar ástæður“.

18. Til að draga úr óþarfa álagi eru einfaldaðar reglur skilgreindar í formi nauðsynlegra upplýsinga sem er að lágmarki spurt um eftir aldurshópi:

— Tekin eru viðtöl við fólk á aldrinum 15–69 ára þar sem notast er við „viðhengi atvinnustöðu á vinnumarkaði“ í heild í öllum viðtölum/bylgjum samkvæmt þeirri tilfærsluáætlun sem beitt er.

— Fólk á aldrinum 70–74 ára er spurt um „viðhengið um atvinnustöðu á vinnumarkaði“í heild í fyrsta viðtalinu/bylgjunni og í síðari viðtölum/bylgjum svo framarlega sem það er flokkað sem vinnuafl í fyrra viðtalinu. Annaðhvort má taka aftur viðtal við fólk á aldrinum 70–74 ára sem er flokkað utan vinnuafls í fyrra viðtalinu eða afrita svör þess frá síðasta tiltæka viðtali.

— Fólk á aldrinum 75–89 ára er aðeins spurt um undirviðhengin „Í vinnu“, „Fjarvistir úr vinnu“ og „Annað starf eða önnur störf“ í fyrsta viðtalinu/bylgjunni. Frá og með öðru viðtalinu má annaðhvort má taka aftur viðtal við fólk á aldrinum 75–89 ára eða afrita svör þess frá síðasta tiltæka viðtali eða frá utanaðkomandi heimildum ef það skiptir meira máli í tilteknu landsbundnu samhengi.

— Einstaklingar sem geta ekki unnið vegna langvarandi heilbrigðisvandamála eru spurðir um „viðhengið um atvinnustöðu á vinnumarkaði“ í heild í fyrsta viðtalinu/bylgjunni og í síðari viðtölum/bylgjum svo framarlega sem þeir séu flokkaðir sem vinnuafl í fyrra viðtali. Annaðhvort má taka nýtt viðtal við einstaklinga sem geta ekki unnið vegna langvarandi heilbrigðisvandamála og eru flokkaðir utan vinnuafls í fyrra viðtalinu eða afrita svör þeirra frá síðasta tiltæka viðtali.

III. VIÐAUKI

Nákvæmt fyrirkomulag og innihald gæðaskýrslna

1. Aðildarríki skulu senda, vegna vinnuaflssviðsins, ársfjórðungslegar nákvæmniskýrslur og árlega gæðaskýrslu til fram kvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópusambandsins).

2. Ársfjórðungslegu nákvæmniskýrslurnar skulu innihalda grunnupplýsingar um nákvæmni og áreiðanleika könnunarinnar og lýsa breytingum á grunnhugtökum og skilgreiningum sem hafa áhrif á samanburðarhæfi til lengri tíma. Aðildarríki skulu senda ársfjórðungslegar nákvæmniskýrslur innan tveggja vikna eftir skilgreindan frest fyrir gagnaskil á ársfjórðungslegu vinnuafls-könnuninni.

3. Árlega gæðaskýrslan skal innihalda gæðatengd gögn og lýsigögn og skal send framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) innan þriggja mánaða frá skilgreindum gagnaskilafresti fyrir önnur vinnuaflskönnunargögn.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/2241 **2025/EES/42/04**

frá 16. desember 2019

um lýsingu á breytum og lengd, gæðakröfum og sundurliðunarstigi á tímaröðum fyrir sendingu mánaðarlegra gagna um atvinnuleysi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1700 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1700 frá 10. október 2019 um að setja sameiginlegan ramma fyrir evrópskar hagskýrslur um einstaklinga og heimili sem byggjast á gögnum um einstaklinga sem safnað er með úrtaksrannsóknum, um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 808/2004, (EB) nr. 452/2008 og (EB) nr. 1338/2008 og niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1177/2003 og reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98 ([1]), einkum 3. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Afhending aðildarríkja á mánaðarlegum gögnum um atvinnuleysi gegnir mikilvægu hlutverki í því að koma upplýsingum til framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópusambandsins) og styðja þannig við lykilforgangsmál fyrir vöxt og atvinnusköpun með því að tryggja notkun samanburðarhæfra gagna sem berast tímanlega við mótun á og eftirlit með stefnum Sambandsins sem beinast að þessum forgangsmálum.

2) Mánaðarleg gögn um atvinnuleysi eru notuð til að taka saman mánaðarlegt atvinnuleysishlutfall (e. *Monthly Unemployment Rate, MUR*) sem er einn af helstu evrópsku hagvísunum ([2]).

3) Mánaðarlegar atvinnuleysistölur ættu að byggja á alþjóðlega viðurkenndum hugtökum eins og Alþjóðavinnumálastofnunin (ILO) skilgreinir þau.

4) Ef aðildarríki taka ekki saman mánaðarlegar atvinnuleysistölur í samræmi við skilgreiningu Alþjóðavinnumála stofnunarinnar ættu þau að taka saman mat á mánaðarlegu atvinnuleysi eða skila ílagsgögnum um mánaðarlegt atvinnuleysi til framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópusambandsins) sem síðan tæki saman slíkt mánaðarlegt mat fyrir þeirra hönd.

5) Mánaðarleg gögn um atvinnuleysi ættu að mæla atvinnuleysi í viðmiðunarmánuðinum eftir leiðréttingu fyrir hugsanlegum árstíðabundnum áhrifum án mikillar jöfnunar. Þau ættu að vera í samræmi við ársfjórðungsgögnin sem safnað er á vinnuaflssviðinu samkvæmt reglugerð (ESB) 2019/1700.

6) Aðildarríki ættu að skila mánaðarlegum gögnum um atvinnuleysi samkvæmt nákvæmri tímaáætlun svo að framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) geti uppfyllt kröfur notendanna um tímanleika.

7) Hafa ætti eftirlit með gæðum mánaðarlegra gagna um atvinnuleysi með vísum sem hafa verið sameiginlega samþykktir og er beitt á samræmdan hátt.

8) Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari reglugerð eru í samræmi við álit nefndarinnar um evrópska hagskýrslu kerfið.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni

Í reglugerð þessari eru ákvarðaðar breytur, lengd, sundurliðunarstig og gæðakröfur fyrir mánaðarleg gögn um atvinnuleysi sem senda á til framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópusambandsins) samkvæmt reglugerð (ESB) 2019/1700.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 336, 30.12.2019, bls. 125. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 353/2022 frá 9. Desember 2022 um breytingu á XXI. Viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 48, 29.6.2023, bls. 102.

([1]) Stjtíð. ESB L 261 I, 14.10.2019, bls. 1.

([2]) Orðsending framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins og ráðsins um hagskýrslur evrusvæðisins „Í átt til bættrar aðferðafræði fyrir hagskýrslur og hagvísa evrusvæðisins“, COM(2002) 661, lokaútgáfa.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „mánaðarlegar atvinnuleysistölur“: skráin yfir fjölda starfandi einstaklinga og atvinnulausra og hið afleidda „mánaðarlegt atvinnuleysishlutfall“ í samræmi við skilgreiningu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar ([3]) eins og komið er í framkvæmd á vinnuaflssviðinu í samræmi við reglugerð (ESB) 2019/1700,

2) „mánaðarlegt atvinnuleysishlutfall“: fjöldi atvinnulausra einstaklinga deilt með fjölda starfandi einstaklinga og atvinnu lausra í viðmiðunarmánuðinum,

3) „mánaðarleg ílagsgögn um atvinnuleysi“: skrá yfir fjölda atvinnulausra einstaklinga sem eru skráðir hjá opinberum vinnumiðlunum aðildarríkjanna,

4) „mánaðarlegt mat á atvinnuleysi“: samsetning ársfjórðungslegra gagna sem byggð eru á skilgreiningu Alþjóðavinnumála-stofnunarinnar eins og komið er í framkvæmd er á vinnuaflssviðinu samkvæmt reglugerð (ESB) 2019/1700 og skráðu mánaðarlegu atvinnuleysi,

5) „mánaðarleg gögn um atvinnuleysi“: gögn sem verða send í samræmi við þessa reglugerð, þ.e. mánaðarlegar atvinnu-leysistölur, mánaðarleg ílagsgögn um atvinnuleysi og mánaðarlegt mat á atvinnuleysi,

6) „viðmiðunarmánuður“: ákveðið safn vikna sem er raðað saman á eftirfarandi hátt:

— Hverri viku sem tilheyrir viðmiðunarársfjórðungi, eins og ákvarðað var fyrir ársfjórðungsgögn sem er safnað á vinnuaflssviði, samkvæmt reglugerð (ESB) 2019/1700, er aðeins úthlutað til eins þeirra þriggja viðmiðunarmánaða sem tilheyra þeim ársfjórðungi,

— Vikum sem tilheyra í heild sinni almanaksmánuði er úthlutað til viðkomandi viðmiðunarmánaðar,

— Vikum sem ná yfir tvo almanaksmánuði er úthlutað til annars af tveimur viðkomandi viðmiðunarmánuðum.

3. gr.

Kröfur varðandi gögn

1. Aðildarríki skulu senda framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) annaðhvort mánaðarlegar atvinnu-leysistölur [valkostur 1], mánaðarleg ílagsgögn um atvinnuleysi [valkostur 2] eða mánaðarlegt mat á atvinnuleysi [valkostur 3].

2. Gagnasöfn með mánaðarlegum atvinnuleysistölum skulu innihalda mánaðarlegar hagtölur sem eru dæmigerðar fyrir allan viðmiðunarmánuðinn.

3. Gagnasöfn með mánaðarlegum ílagsgögnum um atvinnuleysi skulu samanstanda af gögnum sem samsvara fjölda einstaklinga sem voru skráðir atvinnulausir á tilteknu tímabili í almanaksmánuðinum.

4. Tölur yfir skráð atvinnuleysi sem notaðar eru við samantekt mánaðarlegs mats á atvinnuleysi skulu samsvara fjölda einstaklinga sem voru skráðir atvinnulausir á tilteknu tímabili í almanaksmánuðinum.

5. Heiti og skilgreiningar á þeim breytum sem senda á skulu vera þau sem skráð eru í I. viðauka fyrir mánaðarlegar atvinnuleysistölur [valkostur 1], í II. viðauka fyrir mánaðarleg ílagsgögn um atvinnuleysi [valkostur 2] og í III. viðauka fyrir mánaðarlegt mat á atvinnuleysi [valkostur 3].

4. gr.

Sendingarfrestir

1. Senda skal mánaðarleg gögn um atvinnuleysi í hverjum mánuði innan frestsins sem settur er í V. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1700 sem hér segir:

a) þau aðildarríki sem hafa kosið valkost 1 skulu senda mánaðarlegar atvinnuleysistölur innan 27 daga frá lokum almanaksmánaðarins,

b) þau aðildarríki sem hafa kosið valkost 2 skulu senda mánaðarleg ílagsgögn um atvinnuleysi innan 25 daga frá lokum almanaksmánaðarins,

([3]) Eins og samþykkt var 11. október 2013 á 19. alþjóðlegri ráðstefnu tölfræðinga á sviði vinnumarkaðar í fyrstu ályktun hennar varðandi hagskýrslur um vinnu, atvinnu og nýtingu vinnuafls.

c) þau aðildarríki sem kosið hafa valkost 3 skulu senda mánaðarlegt mat á atvinnuleysi innan 25 daga frá lokum almanaksmánaðarins.

2. Í mánuðum þegar frestinn ber upp á laugardag eða sunnudag skal eiginlegur frestur vera á mánudeginum þar á eftir. Senda skal mánaðarleg gögn um atvinnuleysi fyrir viðmiðunarmánuðinn nóvember eigi síðar en 31. desember.

Gagnasendingar skulu hefjast eigi síðar en fyrir viðmiðunarmánuðinn maí 2021.

5. gr.

Eldri raðir

1. Að því er varðar aðildarríki sem hafa valið að senda inn mánaðarlegar atvinnuleysistölur [valkostur 1] eða mánaðarlegt mat á atvinnuleysi [valkostur 3]:

a) fyrsta sendingin fyrir viðmiðunarmánuðinn maí 2021 skal einnig innihalda mánaðarlegar atvinnuleysistölur eða, eftir því sem við á, mánaðarlegt mat á atvinnuleysi fyrir viðmiðunarmánuðina janúar til apríl 2021,

b) sendingin fyrir viðmiðunarmánuðinn apríl 2022 skal innihalda órofnar tímaraðir fyrir mánaðarlegar atvinnuleysistölur eða, eftir því sem við á, mánaðarlegt mat á atvinnuleysi fyrir alla viðmiðunarmánuðina aftur til janúar 2009 að honum meðtöldum,

c) frá og með viðmiðunarmánuðinum maí 2022 skulu sendingar innihalda endurskoðaðar raðir aftur til janúar 2009.

2. Að því er varðar aðildarríki sem hafa valið að senda inn mánaðarleg ílagsgögn um atvinnuleysi [valkostur 2] skal fyrsta sendingin, fyrir viðmiðunarmánuðinn maí 2021, einnig innihalda mánaðarleg ílagsgögn um atvinnuleysi aftur til janúar 2009.

6. gr.

Heimildir og aðferðir

1. Aðildarríki sem hafa valið að senda inn mánaðarlegt mat á atvinnuleysi [valkostur 3] eða senda, eftir því sem við á, mánaðarleg ílagsgögn um atvinnuleysi [valkostur 2] skulu senda framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins), eigi síðar en 19. júlí 2020, lýsingu á heimildum og aðferðum sem notaðar voru við að vinna mánaðarlegt mat á atvinnuleysi eða mánaðarleg ílagsgögn um atvinnuleysi, eftir því sem við á.

2. Aðildarríki sem hafa valið að senda inn mánaðarlegar atvinnuleysistölur [valkostur 1] skulu aðeins senda lýsingu á aðferðunum sem voru notaðar við úrvinnslu mánaðarlegu hagtalnanna úr ársfjórðungsgögnunum sem safnað er á vinnuaflssviðinu samkvæmt reglugerð (ESB) 2019/1700.

3. Aðildarríki skulu upplýsa framkvæmdastjórnina (Hagstofu Evrópusambandsins) tveimur mánuðum áður en breytingar eru gerðar á lýsingunni sem gefin er í samræmi við 1. eða 2. mgr. og senda uppfærð gögn eigi síðar en sex mánuðum eftir að breytingunum hefur verið komið í framkvæmd.

4. Aðildarríki skulu, í hverri mánaðarlegri sendingu, láta fylgja með upplýsingar um hugsanleg rof á röðunum og einnig um aðra sérstaka atburði sem gætu haft áhrif á samanburðarhæfi til lengri tíma.

7. gr.

Gæðakröfur

1. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) skal fylgjast með gæðum mánaðarlegs heildaratvinnuleysishlutfalls, samkvæmt hugtaki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem aðildarríkin (valkostir 1 og 3) eða Hagstofa Evrópusambandsins (valkostur 2) birta sem lykilvísi.

2. Fylgst er með gæðum mánaðarlegs heildaratvinnuleysishlutfalls á þriggja ára fresti á grundvelli safns vísa og viðmiðunarmarka sem er að finna í IV. viðauka.

8. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel, 16. desember 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

I. VIÐAUKI

Mánaðarlegar atvinnuleysistölur sem eru lagðar fram í samræmi við 1. mgr. 3. gr. [valkostur 1]

Heiti	Lýsing	Leiðréttingar á hagskýrslugögnum
NAT_LFS_PRI.Y.F.MON.UNEMP	Fjöldi kvenkyns einstaklinga á aldrinum 15 til 24 sem eru atvinnulausir, í samræmi við það hugtak Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, í viðmiðunarmánuðinum.	— ekki árstíðaleiðrétt — árstíðaleiðrétt — leitni
NAT_LFS_PRI.Y.F.MON.EMPL	Fjöldi kvenkyns einstaklinga á aldrinum 15 til 24 sem eru í vinnu, í samræmi við það hugtak Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, í viðmiðunarmánuðinum.	— ekki árstíðaleiðrétt — árstíðaleiðrétt — leitni
NAT_LFS_PRI.Y.M.MON.UNEMP	Fjöldi karlkyns einstaklinga á aldrinum 15 til 24 sem eru atvinnulausir, í samræmi við það hugtak Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, í viðmiðunarmánuðinum.	— ekki árstíðaleiðrétt — árstíðaleiðrétt — leitni
NAT_LFS_PRI.Y.M.MON.EMPL	Fjöldi karlkyns einstaklinga á aldrinum 15 til 24 sem eru í vinnu, í samræmi við það hugtak Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, í viðmiðunarmánuðinum.	— ekki árstíðaleiðrétt — árstíðaleiðrétt — leitni
NAT_LFS_PRI.O.F.MON.UNEMP	Fjöldi kvenkyns einstaklinga á aldrinum 25 til 74 sem eru atvinnulausir, í samræmi við það hugtak Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, í viðmiðunarmánuðinum.	— ekki árstíðaleiðrétt — árstíðaleiðrétt — leitni
NAT_LFS_PRI.O.F.MON.EMPL	Fjöldi kvenkyns einstaklinga á aldrinum 25 til 74 sem eru í vinnu, í samræmi við það hugtak Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, í viðmiðunarmánuðinum.	— ekki árstíðaleiðrétt — árstíðaleiðrétt — leitni
NAT_LFS_PRI.O.M.MON.UNEMP	Fjöldi karlkyns einstaklinga á aldrinum 25 til 74 sem eru atvinnulausir, í samræmi við það hugtak Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, í viðmiðunarmánuðinum.	— ekki árstíðaleiðrétt — árstíðaleiðrétt — leitni
NAT_LFS_PRI.O.M.MON.EMPL	Fjöldi karlkyns einstaklinga á aldrinum 25 til 74 sem eru í vinnu, í samræmi við það hugtak Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, í viðmiðunarmánuðinum.	— ekki árstíðaleiðrétt — árstíðaleiðrétt — leitni

II. VIÐAUKI

Mánaðarleg ílagsgögn um atvinnuleysi sem send eru í samræmi við 1. mgr. 3. gr. [valkostur 2]

Heiti	Lýsing	Leiðréttingar á hagskýrslugögnum
PREA.Y.F.MON.UNEMP	Fjöldi kvenkyns einstaklinga á aldrinum 15 til 24 ára sem eru atvinnulausir samkvæmt landsbundinni skráningu á tilteknu tímabili í almanaksmánuðinum.	Ekki árstíðaleiðrétt
PREA.Y.M.MON.UNEMP	Fjöldi karlkyns einstaklinga á aldrinum 15 til 24 ára sem eru atvinnulausir samkvæmt landsbundinni skráningu á tilteknu tímabili í almanaksmánuðinum.	Ekki árstíðaleiðrétt
PREA.O.F.MON.UNEMP	Fjöldi kvenkyns einstaklinga á aldrinum 25 til 74 ára sem eru atvinnulausir samkvæmt landsbundinni skráningu á tilteknu tímabili í almanaksmánuðinum.	Ekki árstíðaleiðrétt
PREA.O.M.MON.UNEMP	Fjöldi karlkyns einstaklinga á aldrinum 25 til 74 ára sem eru atvinnulausir samkvæmt landsbundinni skráningu á tilteknu tímabili í almanaksmánuðinum.	Ekki árstíðaleiðrétt

III. VIÐAUKI

Mánaðarlegt mat á atvinnuleysi sem lagt er fram í samræmi við 1. mgr. 3. gr. [valkostur 3]

Heiti	Lýsing	Leiðréttingar á hagskýrslugögnum
NAT_LFS_PRI.Y.F.MON.UNEMP	Fjöldi kvenkyns einstaklinga á aldrinum 15 til 24 ára sem eru atvinnulausir í viðmiðunarmánuðinum.	— ekki árstíðaleiðrétt — árstíðaleiðrétt — leitni
NAT_LFS_PRI.Y.F.MON.EMPL	Fjöldi kvenkyns einstaklinga á aldrinum 15 til 24 ára sem eru í vinnu í viðmiðunarmánuðinum.	— ekki árstíðaleiðrétt — árstíðaleiðrétt — leitni
NAT_LFS_PRI.Y.M.MON.UNEMP	Fjöldi karlkyns einstaklinga á aldrinum 15 til 24 ára sem eru atvinnulausir í viðmiðunarmánuðinum.	— ekki árstíðaleiðrétt — árstíðaleiðrétt — leitni
NAT_LFS_PRI.Y.M.MON.EMPL	Fjöldi karlkyns einstaklinga á aldrinum 15 til 24 ára sem eru í vinnu í viðmiðunarmánuðinum.	— ekki árstíðaleiðrétt — árstíðaleiðrétt — leitni
NAT_LFS_PRI.O.F.MON.UNEMP	Fjöldi kvenkyns einstaklinga á aldrinum 25 til 74 ára sem eru atvinnulausir í viðmiðunarmánuðinum.	— ekki árstíðaleiðrétt — árstíðaleiðrétt — leitni
NAT_LFS_PRI.O.F.MON.EMPL	Fjöldi kvenkyns einstaklinga á aldrinum 25 til 74 ára sem eru í vinnu í viðmiðunarmánuðinum.	— ekki árstíðaleiðrétt — árstíðaleiðrétt — leitni
NAT_LFS_PRI.O.M.MON.UNEMP	Fjöldi karlkyns einstaklinga á aldrinum 25 til 74 ára sem eru atvinnulausir í viðmiðunarmánuðinum.	— ekki árstíðaleiðrétt — árstíðaleiðrétt — leitni
NAT_LFS_PRI.O.M.MON.EMPL	Fjöldi karlkyns einstaklinga á aldrinum 25 til 74 ára sem eru í vinnu í viðmiðunarmánuðinum.	— ekki árstíðaleiðrétt — árstíðaleiðrétt — leitni

IV. VIÐAUKI

Gæði

Fylgjast skal með gæðum mánaðarlegs heildaratvinnuleysishlutfalls á grundvelli safns vísa sem mæla flökt og endurskoðanir, eins og gerð er grein fyrir hér að neðan.

Reikna skal út vísana á grundvelli 36 síðustu tiltæku mánaðarlegu athugananna frá og með maí 2022.

Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) skal uppfæra þessa vísa á þriggja ára fresti.

Flökt

— Fylgni breytinga frá einum mánuði til annars, reiknuð út áður en námundað er, sem fylgnistuðull Pearsons milli raða breytinga frá einum mánuði til annars og sömu raða sem er hliðrað aftur á bak um einn mánuð (þ.e. fyrsta stigs sjálfsfylgnistuðull). Vísir þessi ætti að haldast innan [-0,30; 0,75] bilsins.

— Tíðni tveggja mikilla viðsnúninga, reiknuð sem hlutfall athugana þar sem undanfarandi eru tveir miklir viðsnúningar hver á eftir öðrum í gagnstæðar áttir. Mikill viðsnúningur er til staðar þegar mánaðarlegt atvinnuleysishlutfall er breytilegt um 0,2 prósentustig eða meira. Sá vísir ætti að haldast undir 5%.

Endurskoðanir

— Tíðni mjög stórra endurskoðana í þrepum, reiknuð sem hlutfall mánaðarlegra athugana í þrepum sem eru endurskoðuð um meira en 0,3 prósentustig milli fyrsta mats og endurskoðaðra gagna sem eru birt sex mánuðum síðar. „Þrepið“ samsvarar gildi mánaðarlegs atvinnuleysishlutfalls í tilteknum viðmiðunarmánuði. Vísir þessi ætti að haldast undir 10%.

— Tíðni stórra endurskoðana á breytingum frá einum mánuði til annars, reiknuð sem hlutfall mánaðarlegra athugana með breytingum frá einum mánuði til annars sem eru endurskoðaðar um 0,2 prósentustig eða meira milli fyrsta matsins og endurskoðaðra gagna sem eru gefin út sex mánuðum síðar. Vísir þessi ætti að haldast undir 10%.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/2242 **2025/EES/42/05**

frá 16. desember 2019

um að tilgreina nánar tæknilega þætti gagnasafna, ákvarða tæknileg snið og tilgreina nákvæmt fyrirkomulag og innihald gæðaskýrslna um skipulag úrtakskönnunar á tekju- og lífskjarasviði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1700 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1700 frá 10. október 2019 um að setja sameiginlegan ramma fyrir evrópskar hagskýrslur um einstaklinga og heimili, sem byggjast á gögnum um einstaklinga sem safnað er með úrtaksrannsóknum, um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 808/2004, (EB) nr. 452/2008 og (EB) nr. 1338/2008 og niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1177/2003 og reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98 ([1]), einkum 7. gr. (1. mgr.), 8. gr. (3. mgr.) og 13. gr. (6. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Til að tryggja nákvæma framkvæmd úrtakskönnunar að því er varðar tekju- og lífskjarasvið, hagskýrslur ESB um tekjur og lífskjör (e. *EU-SILC*), ætti framkvæmdastjórnin að tilgreina tæknilega þætti gagnasafnsins, tæknilegu sniðin fyrir sendingu upplýsinga og nákvæmt fyrirkomulag og innihald gæðaskýrslna.

2) Hagskýrslurannsókn ESB um tekjur og lífskjör er mikilvægt tæki til að veita upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna Evrópuannarinnar og Evrópustoðar félagslegra réttinda, einkum varðandi tekjudreifingu, fátækt og félagslega útilokun, auk ýmissa stefnumála ESB um lífskjör og fátækt sem þessu tengjast, s.s. fátækt barna, aðgang að heilbrigðisþjónustu, húsnæði, ofskuldsetningu og lífsgæði. Þær eru einnig helsta uppspretta gagna til notkunar fyrir eindarhermun (e. *microsimulation*) og skyndimöt um tekjudreifingu og fátækt.

3) Alþjóðlegt samanburðarhæfi innlendra hagskýrslna og svæðishagskýrslna um tekjur og lífskjör kallar á að notaðar séu hagskýrsluflokkanir fyrir svæðisbundnar einingar, menntun, starf og atvinnuveg sem eru sambærilegar við flokkanir í flokkun hagskýrslusvæða (NUTS) ([2]), alþjóðlegu menntunarflokkunina (ISCED) ([3]) alþjóðlegu starfaflokkunina (ISCO) ([4]) og atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins (NACE) ([5]). Einnig ætti að taka tillit til tilmæla Sameinuðu þjóðanna í Handbók Canberra–hópsins er varða hagskýrslur um tekjur heimila.

4) Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari reglugerð eru í samræmi við álit nefndarinnar um evrópska hagskýrslukerfið.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni

Í þessari reglugerð eru tilgreindir nánar tæknilegir þættir gagnasafnsins, tæknilegu sniðin fyrir sendingu upplýsinga frá aðildarríkjunum til framkvæmdastjórnarinnar (Eurostat) og ítarlegt fyrirkomulag á sendingu og innihaldi gæðaskýrslna á tekju- og lífskjarasviði (EU-SILC).

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 336, 30.12.2019, bls. 133. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 353/2022 frá 9. Desember 2022 um breytingu á XXI. Viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 48, 29.6.2023, bls. 102.

([1]) Stjtíð. ESB L 261 I, 14.10.2019, bls. 1.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1059/2003 frá 26. maí 2003 um að taka upp sameiginlega flokkun hagskýrslusvæða (NUTS) (Stjtíð. ESB L 154, 21.6.2003, bls. 1).

([3]) Alþjóðlega menntunarflokkunin frá 2011, http://uis.unesco.org/sites/default/files/documents/international-standard-classification-of-education-isced-2011-en.pdf (tiltæk á ensku og frönsku).

([4]) Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar frá 29. október 2009 um notkun alþjóðlegu starfsgreinaflokkunarinnar (ISCO-08) (Stjtíð. ESB. L 292, 10.11.2009, bls. 31).

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1893/2006 frá 20. desember 2006 um stofnun atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.) og um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3037/90 sem og tilteknum EB-reglugerðum um sérstök hagskýrslusvið (Stjtíð. ESB L 393, 30.12.2006, bls. 1).

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „framkvæmdartímabil“: tímabilið sem gögnum er safnað frá svarendum,

2) „viðmiðunartímabil“: tímabilið sem tiltekinn liður í upplýsingum á við um,

3) „þversniðs-“: að því er varðar gögn, þau gögn sem lúta að tilteknum tíma eða ákveðnu viðmiðunartímabili,

4) „langsniðs-“: að því er varðar gögn, þau gögn sem lúta að tilteknum eftirfarandi viðmiðunartímabilum sem eru skoðuð árlega yfir ákveðið tímabil að því er varðar sömu spurnareiningu,

5) „úrtakseinstaklingur“: aðili í einkaheimili í upphaflega úrtakinu sem er a.m.k. 16 ára gamall við lok tekjuviðmiðunartímabilsins,

6) „úrtaksheimili: einkaheimili með a.m.k. einum úrtakseinstaklingi,

7) „líkan fyrir valinn svaranda“: úrtaksaðferð sem byggist á einstaklingum og heimilið sem valinn svarandinn tilheyrir er úrtaksheimili og valinn svarandi er úrtakseinstaklingurinn,

8) „aldur“ einstaklings skal vera aldur í fullnuðum árum við lok tekjuviðmiðunartímabils,

9) „núverandi heimilismaður“: einstaklingur í úrtaksheimili á þeim tíma sem gögnum er safnað eða þau tekin saman,

10) „annar íbúi á heimili“: núverandi heimilismaður annar en úrtakseinstaklingurinn,

11) „klofningur heimilis“: aðstæður þegar úrtakseinstaklingar, sem búa á úrtaksheimili á tíma bylgju x, búa á tíma bylgju x+1 á fleiri en einu einkaheimili innan innlends yfirráðasvæðis markþýðisins; þegar klofningur heimilis á sér stað verður eftir aðeins eitt upphaflegt heimili og eitt eða fleiri sprotaheimili,

12) „upphaflegt heimili“: úrtaksheimili þar sem orðið hefur klofningur heimilis og þegar einhver úrtakseinstaklingur, sem bjó á því heimili á tíma bylgju x, býr enn á sama heimilisfangi á tíma bylgju x+1. Hafi fleiri en einn úrtakseinstaklingur búið á sama heimili á tíma bylgju x og búi hann/þeir enn á því heimilisfangi á tíma bylgju x+1 en á mismunandi heimilum er upphaflega heimilið heimili þess úrtakseinstaklings, sem hefur lægsta einstaklingsnúmerið skv. III. viðauka, sem býr enn á upphaflegu heimilisfangi. Búi enginn úrtakseinstaklingur á sama heimilisfangi í bylgju x+1 og í bylgju x er heimili þess úrtakseinstaklings sem var með lægsta einstaklingsnúmerið á tíma bylgju x upphaflega heimilið. Sé þessi einstaklingur ekki lengur á lífi eða búi hann ekki lengur á einkaheimili innan innlends yfirráðasvæðis markþýðisins skal upphaflega heimilið teljast vera heimili þess úrtakseinstaklings sem er með næst lægsta einstaklingsnúmerið. Að því er varðar líkanið fyrir valinn svaranda þýðir „upphaflegt heimili“ heimili valins svaranda,

13) „sprotaheimili“: heimili sem er samansett af heimilismönnum þess heimilis sem hefur klofnað, annað en upphaflega heimilið,

14) „samrunaheimili“: allir úrtakseinstaklingar frá mismunandi úrtaksheimilum úr fyrri bylgju sameinast um stofna nýtt heimili saman,

15) „líkansmíði“: öflun upplýsinga sem vantar í gagnasafnið með því að nýta mikilvæg tengsl við upplýsingar utan við gagnasafnið,

16) „söfnunareining“: heimili eða einstaklingur sem hefur tiltekin einkenni sem upplýsingarnar sem safnað er varða,

17) „svarandi á heimili“: einstaklingurinn sem upplýsingar á heimilisstigi eru fengnar frá,

18) „langsniðsrannsókn með endurnýjuðu úrtaki“: val á úrtaki byggist á föstum fjölda deiliúrtaka sem hvert er dæmigert fyrir markþýðið á þeim tíma þegar það var valið. Á hverju ári er einu deiliúrtaki skipt út og annað valið sem kemur í staðinn,

19) „bylgja“: ár þegar deiliúrtak tekur þátt í könnuninni,

20) „panilkönnun“: deiliúrtak sem fylgst er með lengur en í eitt ár.

3. gr.

Hagskýrsluhugtök og lýsing á breytum

1. Aðildarríki skulu nota hagskýrsluhugtökin sem mælt er fyrir um í I. viðauka.

2. Tæknileg einkenni breytna skulu vera þau sem mælt er fyrir um í II. viðauka og vísa til:

a) kennimerkis breytunnar,

b) breytuheitisins,

c) merkingartilvísunar og kóða,

d) söfnunareiningar,

e) söfnunaraðferðar,

f) viðmiðunartímabils.

3. Breyturnar, sem ekki má vanta gildi fyrir og tilreikna skal gögn fyrir, skulu vera þær sem eru auðkenndar í II. viðauka.

4. Unnt skal vera að tengja öll heimilisgögn og einstaklingsgögn allan tímann sem panilkönnun stendur yfir, bæði að því varðar þversniðs- og langsniðsupplýsingar.

4. gr.

Einkenni tölfræðilegra þýða, spurnareininga og reglna um svarendur

1. Markþýðið á tekju- og lífskjarasviði skal vera einkaheimili og allir einstaklingar sem mynda þessi heimili á yfirráðasvæði aðildarríkjanna.

2. Safna skal og taka saman upplýsingar á stigi heimilis og einstaklinga að því er varðar alla heimilismenn, þ.m.t. alla úrtakseinstaklinga og aðra íbúa á heimili, eins og tilgreint er í II. viðauka. Í líkaninu fyrir valinn svaranda skal safna gögnum með einstaklingsviðtölum og aðeins frá völdum svarendum á aldrinum 16 ára og eldri. Að því er varðar úrtakseinstakling skal, frá og með upphafi annarrar bylgjunnar, afla upplýsinga um það hvort einstaklingur þessi hafi verið um kyrrt í sama heimilisfangi eða flutt á annað heimilisfang á milli ára og einnig um nýjar samskiptaupplýsingar ef breytingar hafa orðið.

3. Safna skal upplýsingum um þá heimilismenn úr fyrri bylgju, sem eru ekki lengur heimilismenn, til að staðreyna hvort einstaklingar þessir hafi dáið eða hvort þeir hafi flust til útlanda eða á stofnun eða á nýtt heimilisfang á innlenda yfirráðasvæðinu.

4. Telja skal heimili með við öflun eða samantekt ítarlegra upplýsinga ef þar dvelur a.m.k. einn úrtakseinstaklingur.

5. Að því er varðar bæði upphaflegt heimili og sprotaheimili skal safna og taka saman allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru um núverandi heimilismenn sem og allar upplýsingar á heimilisstigi.

6. Gera skal a.m.k. þrjár tilraunir til að hafa samband við heimili eða einstakling áður en talið er að viðkomandi svari ekki, nema sannfærandi ástæður séu fyrir því hvers vegna þetta sé ógerlegt (eins og að samstarfi sé afdráttarlaust hafnað eða að kringumstæður stofni öryggi spyrilsins í hættu).

7. Í þeim tilvikum að heimilt er að taka viðtal við staðgengil skal takmarka fjölda staðgengilsviðtala eins og unnt er að því er varðar:

a) breytur sem varða tekjur einstaklings,

b) allar breytur sem tilskildar eru fyrir a.m.k. einn heimilismann á aldrinum 16 ára og eldri.

Sé tekið viðtal við staðgengil skal skrá auðkenni þess einstaklings sem látið hefur upplýsingarnar í té.

8. Ítarleg einkenni á auðkennum heimila og einstaklinga skulu vera þau sem sett eru fram í III. viðauka.

5. gr.

Viðmiðunartímabil

1. Tekjuviðmiðunartímabilið skal vera 12 mánaða tímabil, s.s. síðasta almanaksár eða skattár.

2. Viðmiðunartímabilin fyrir breytur, sem ekki vísa til tekna, skulu vera þau sem tilgreind eru í II. viðauka.

6. gr.

Ítarleg úrtakseinkenni

1. Einungis aðildarríki sem notuðu líkanið fyrir valinn svaranda fyrir 19. janúar 2020 skulu hafa heimild til að halda áfram að nota aðferðina næstu árin.

2. Eingöngu er heimilt að leyfa staðgengla, sem haft er eftirlit með, hjá úrtaksheimilum eða -einstaklingum á fyrsta árinu í hverri panilkönnun ef svarhlutfallið fellur niður fyrir 60% og önnur hvor eftirfarandi aðstæðna kemur upp:

a) ekki er haft samband við úrtaksheimili eða -einstakling vegna þess að ekki er unnt að staðsetja viðkomandi eða ekki er unnt að ná sambandi við hann,

b) haft er samband við úrtaksheimilið eða -einstaklinginn en viðtalinu er ekki lokið vegna þess að heimilið eða einstaklingurinn neitar samstarfi, allir heimilismenn eru fjarverandi um stundarsakir, heimilið eða einstaklingurinn getur ekki svarað eða þá að aðstæður tefla öryggi spyrils í tvísýnu.

3. Skilgreina skal safnið af úrtaki heimila eða einstaklinga vegna staðgengla áður en gagnaöflun fer fram. Engir staðgenglar skulu vera fyrir heimili eða einstaklinga sem tilheyra ekki þessu safni.

4. Fylgja skal verklagsreglum til að tryggja að staðgönguferlinu sé stýrt eins og hægt er. Slíkt verklag skal fela í sér að nota snið sem tryggir að valdir staðgenglar samsvari mjög náið heimilunum eða einstaklingunum, sem þeir koma í stað fyrir, að því er varðar helstu einkenni þeirra.

5. Undanskilja má litla hluta af innlendu yfirráðasvæði, sem ná ekki til meira en 2% af íbúafjölda landsins, frá hagskýrslum ESB um tekjur og lífskjör, sem og frönsku umdæmin og yfirráðasvæðin handan hafsins. Ekki skal veita báðar undanþágurnar á sama tíma.

6. Vanti umtalsvert upp á fjölda dæmigerðra fulltrúa í undirþýðinu, sem könnunin tekur til, í endanlega úrtakinu vegna tiltekins brottfalls eða úrfalls skulu aðildarríki grípa til ráðstafana eins og umframúrtaka, kvörðunar eða að beita viðeigandi aðferðum til að leiðrétta þann bjaga sem hlýst þar af. Útskýra skal og meta þær aðferðir sem notaðar eru áhrif þeirra og hvers kyns annmarka í gæðaskýrslunni.

7. gr.

Gagnaöflunartímabil og -aðferðir

1. Fyrir gögn sem svarendur afhenda beint skal framkvæmdartímabilið vera eins nærri tekjuviðmiðunartímabilinu og kostur er til að lágmarka tímatöfina sem er á milli tekjubreytna og núverandi breytna.

2. Bilið á milli söfnunar og samantektar gagna að því er varðar tiltekið heimili eða einstakling þegar um er að ræða bylgjur sem fara hver á eftir annarri skal vera eins nálægt tólf mánuðum og kostur er.

3. Gögnum sem svarendur veita beint skal safnað með aðstoð tölvu, þ.m.t. einstaklingsviðtali með aðstoð tölvu (CAPI), símaviðtali með aðstoð tölvu (CATI) og vefviðtali með aðstoð tölvu (CAWI). Færa skal rök fyrir öllum undantekningum.

8. gr.

Reglur um eftirfylgni

1. Fylgjast skal með úrtakseinstaklingum, öðrum íbúum á heimili og úrtaksheimilum vegna könnunarinnar meðan panilkönnunin stendur yfir í samræmi við reglurnar sem settar eru fram í 2.–7. mgr.

2. Fylgja skal úrtakseinstaklingum, sem flytjast á einkaheimili innan innlenda yfirráðasvæðisins sem könnunin tekur til, þangað sem heimilið er staðsett.

3. Úrtakseinstaklingar sem eru tímabundið fjarri heimilinu en eru þó ennþá taldir heimilismenn skulu falla undir könnunina á því heimili.

4. Úrtakseinstaklinga, sem tilheyra ekki lengur einkaheimili eða eru fluttir út fyrir landsbundna yfirráðasvæðið, sem könnunin tekur til, eða á stofnun, skal fella brott úr könnuninni.

5. Fylgja skal eftir öðrum íbúum sem búa á heimili, þar sem a.m.k. einn úrtakseinstaklingur býr.

6. Sleppa skal úr könnuninni öðrum íbúum sem búa á heimili þar sem ekki býr neinn úrtakseinstaklingur.

7. Fella skal úrtaksheimili brott úr könnuninni við eftirfarandi aðstæður:

a) heimilið var ekki talið með í eitt ár af einhverri af eftirfarandi ástæðum:

   1) ógerlegt var að staðsetja heimilisfangið,

   2) heimilisfangið var ekki í íbúðahverfi eða enginn bjó þar,

   3) engar upplýsingar lágu fyrir um hvað hafði orðið um heimilið (heimilið var horfið),

   4) heimilið neitaði samvinnu,

b) ekki var haft samband við heimilið á fyrsta ári panilkönnunarinnar eða í tvö samfelld ár panilkönnunarinnar af annarri hvorri eftirfarandi ástæðna:

1) ekki var unnt að nálgast heimilisfangið,

2) allir á heimilinu voru tímabundið fjarverandi eða ófærir um að svara vegna fötlunar, sjúkdóma eða af öðrum alvarlegum ástæðum.

9. gr.

Sameiginlegir staðlar fyrir ritstjórn gagna, tilreikning, vog og mat

1. Beita skal tilreikningi, líkanasmíði eða vigtun á gögnin ef þörf krefur.

2. Ef brottfall svara varðandi tekjubreytur í hverjum þætti veldur því að gögn vantar skal beita viðeigandi tölfræðilegum tilreikningsaðferðum.

3. Ef breytu fyrir hreinar tekjur á stigi þáttar er safnað beint skal beita viðeigandi tölfræðilegum tilreikningsaðferðum eða líkanasmíði, eða hvoru tveggja, til að fá fram þær markbreytur sem nauðsynlegar eru varðandi vergar tekjur og öfugt.

4. Ef einstökum spurningalista er ekki svarað á úrtaksheimili skal nota viðeigandi tölfræðiaðferðir við tölfræðilega vigtun eða tilreikning til að meta heildartekjur heimilisins.

5. Aðferðin sem beitt er á gögnin skal halda breytileika og fylgni milli breyta. Aðferðir þar sem „villuþættir“ eru teknir með í tilreiknuðu gildin skulu teknar fram yfir aðferðir þar sem áætlað gildi er einungis tilreiknað.

6. Æskilegra er að nota aðferðir þar sem tillit er tekið til formgerðar á fylgni (eða annarra einkenna á samdreifingu breytnanna), fremur en jaðaraðferð eða einvíða aðferð.

10. gr.

Snið fyrir sendingu upplýsinga

1. Aðildarríki skulu senda gögnin, sem eru í samræmi við eiginleika breytanna eins og tilgreint er í II. viðauka, í rafrænu formi til framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópusambandsins).

2. Aðildarríki skulu senda gögn á formi örgagnaskráa (þ.m.t. viðeigandi vogir) með því að nota skiptistaðal fyrir hagskýrslugögn og lýsigögn til framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópusambandsins) í gegnum miðlægu netgáttina til að gera framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) kleift að sækja gögn á rafrænan hátt. Yfirfara verður og ritvinna gögnin að fullu.

3. Aðildarríki skulu á hverju ári senda öll deiliúrtökin sem tilheyra skiptisniði viðkomandi árs, óháð tímalengd þeirra. Senda skal öll deiliúrtökin saman.

4. Aðildarríki skulu afhenda þau lýsigögn, sem nauðsynleg eru að því er varðar eindarhermun, í samræmi við sérkenni landa og samkvæmt viðeigandi flokkun að því er varðar breyturnar um félagslegar bætur, með því að nota skiptistaðlana sem um getur í 2. mgr.

11. gr.

Gæðaskýrslugjöf

1. Aðildarríki skulu beita viðmiðunum um gæðamat og ítarlegt innihald gæðaskýrslunnar eins og mælt er fyrir um í IV. viðauka.

2. Aðildarríki skulu senda gæðatengd viðmiðunarlýsigögn, sem krafist er í þessari reglugerð, til framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópusambandsins) með því að nota skiptistaðalinn fyrir hagskýrslugögn og lýsigögn. Þau skulu senda lýsigögnin í gegnum miðlægu netgáttina svo að framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) geti sótt gögnin á rafrænan hátt.

12. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. desember 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

I. VIÐAUKI

Skilgreiningar á hagskýrsluhugtökum

1. VERGIR TEKJUÞÆTTIR

1,1. **Launatekjur**

Launatekjur eru skilgreindar sem heildarlaun, í reiðufé eða í fríðu, sem vinnuveitandi greiðir starfsmanni fyrir vinnu hins síðarnefnda á tekjuviðmiðunartímabilinu.

Tekjur starfsmanns eru sundurliðaðar í:

1) Vergar launatekjur í reiðufé eða ígildi reiðufjár (PY010G).

2) Vergar launatekjur í öðru formi en reiðufé (PY020G).

3) Framlög vinnuveitanda til félagslegra trygginga (PY030G).

1.1.1. *Vergar launatekjur í reiðufé eða ígildi reiðufjár (PY010G)*

Þetta vísar til peningaþáttarins í launum starfsmanna sem vinnuveitandi greiðir starfsmanni í reiðufé**.** Þetta tekur til virðis hvers konar framlaga til félagslegra kerfa og tekjuskatts sem starfsmanni ber að greiða eða vinnuveitanda fyrir hönd hans til almannatryggingakerfa eða skattayfirvalda.

Vergar launatekjur í reiðufé eða ígildi reiðufjár taka til eftirfarandi þátta:

— launa sem eru greidd í reiðufé fyrir unnar stundir eða unnið verk í aðal- eða aukastarfi/-störfum eða íhlaupastarfi/-störfum,

— þóknunar fyrir óunnar stundir (t.d. orlofsgreiðslur),

— álagsgreiðslna fyrir yfirvinnu,

— þóknana greidda stjórnendum fyrirtækja sem eru með réttarstöðu lögaðila,

— launagreiðslna fyrir ákvæðisvinnu,

— greiðslna fyrir fósturbörn,

— umboðslauna, þjórfjár og óreglulegra aukagreiðslna,

— viðbótargreiðslna (t.d. laun fyrir þrettánda mánuðinn),

— hagnaðarhlutdeildar og kaupauka í reiðufé,

— viðbótargreiðslna sem byggjast á framleiðni,

— aukagreiðslna sem greiddar eru vegna starfa á fjarlægum stöðum (taldar vera hluti af starfsskilyrðum),

— aukagreiðslna til að ferðast í og úr vinnu,

— viðbótargreiðslna frá vinnuveitendum til starfsmanna eða fyrrverandi starfsmanna og annarra sem eiga rétt á slíku frá almannatryggingakerfum til uppbótar við greiðslur vegna veikinda, fötlunar, fæðingarorlofs mæðra eða eftirlifendabóta þegar ekki reynist unnt að auðkenna slíkar greiðslur á aðgreindan og skýran hátt sem félagslegar bætur,

— greiðslna til starfsmanns frá vinnuveitendum í stað launa í gegnum almannatryggingakerfi þegar sá starfsmaður er ófær um að sinna starfi sínu vegna veikinda, fötlunar eða fæðingarorlofs mæðra í tilvikum þegar ekki reynist unnt að auðkenna slíkar greiðslur á aðgreindan og skýran hátt sem félagslegar bætur,

— fjárstyrkja sem mótteknir eru frá vinnuveitanda vegna dvalarkostnaðar.

Vergar launatekjur í reiðufé eða ígildi reiðufjár taka ekki til:

— endurgreiðslna frá vinnuveitanda vegna starfstengds kostnaðar (t.d. viðskiptaferða),

— biðlauna og starfslokagreiðslna til að bæta starfsmönnum upp starfslok áður en starfsmaðurinn hefur náð venjulegum eftirlaunaaldri í viðkomandi starfi og greiðslna vegna uppsagnar (þær eru innifaldar í breytunni „Atvinnuleysisbætur“ (PY090G)),

— endurgreiðslna sem eru eingöngu vegna starfstengds kostnaðar, s.s. ferða- og dvalarkostnaðar eða til kaupa á hlífðarfatnaði,

— eingreiðslna þegar venjulegum eftirlaunaaldri er náð (innifaldar í breytunni „Bætur vegna elli“ (PY100G)),

— verkfallsgreiðslna frá verkalýðsfélögum,

— framlaga vinnuveitanda til félagslegra trygginga.

1.1.2. *Vergar launatekjur í öðru formi en reiðufé (PY020G)*

Þetta vísar til ópeningalegra tekjuþátta sem vinnuveitandi getur veitt starfsmanni endurgjaldslaust eða á lægra verði sem hluta af launakjörum. (Ef vörur eða þjónusta er veitt bæði til einka- og starfsnota verður að meta einkanot sem hlutfall af heildarnotkun og bæta við heildarvirðið).

Vergar launatekjur í öðru formi en reiðufé taka m.a. til:

— bifreiðar fyrirtækis og tengds kostnaðar (t.d. ókeypis eldsneytis, bílatryggingar, tolla og skatta, eftir því sem við á) annaðhvort til einkanota eða bæði einka- og starfsnota (PY021G),

— ókeypis eða niðurgreiddra máltíða, matarmiða,

— endurgreiðslu eða greiðslu kostnaðar sem tengist húsnæði (t.d. reikninga vegna gass, rafmagns, vatns, síma eða farsíma),

— gistiaðstöðu sem starfsmanni er veitt endurgjaldslaust eða í formi lækkaðrar leigu, sem aðal- eða aukabúseta heimilisins,

— annarrar vöru og þjónustu sem vinnuveitendur láta starfsmönnum sínum í té endurgjaldslaust eða á lægra verði ef þær eru mikilvægur tekjuþáttur á landsstigi eða í tekjum hjá tilteknum flokkum heimila.

Reikna skal virði vara og þjónustu sem látin er í té endurgjaldslaust í samræmi við markaðsvirði þeirra. Reikna skal virði vara og þjónustu sem látin er í té á lægra verði sem mismuninn á markaðsvirði og þeirri fjárhæð er starfsmaður greiðir.

Vergar launatekjur í öðru formi en reiðufé taka ekki til:

— kostnaðar vinnuveitanda við að láta í té einhverja af þessum vörum og þjónustu ef þær eru nauðsynlegar til að gera starfsmönnum kleift að sinna vinnu sinni,

— gistiþjónustu á vinnustað sem heimilismenn á því heimili, sem starfsmenn tilheyra, geta ekki notað,

— greiðslna til starfsmanna til kaupa á verkfærum, búnaði, fötum, o.s.frv., sem eru eingöngu eða aðallega ætluð til nota við vinnu þeirra,

— sérstakra máltíða eða drykkjarfanga sem eru nauðsynleg vegna óvenjulegra vinnuskilyrða,

— vara eða þjónustu sem starfsmönnum er látin í té á vinnustað eða er nauðsynleg vegna eðlis starfsins (t.d. læknisskoðun sem gerð er krafa um vegna vinnunnar).

1.1.3. *Skyldubundin eða lögbundin framlög vinnuveitanda til félagslegra trygginga (PY030G)*

Framlög vinnuveitenda taka til greiðslna sem vinnuveitendur inna af hendi á tekjuviðmiðunartímabilinu, til hagsbóta fyrir starfsmenn, til vátryggjenda (almannatryggingasjóða og einkasjóða). Hugtakið tekur til lögboðinna, hefðbundinna eða samningsbundinna framlaga til að veita tryggingu gegn félagslegri áhættu. Venjan er að þau taki til lögboðinna ellilífeyriskerfa, lögboðinna sjúkratrygginga og atvinnuleysisbóta. Framlög vinnuveitenda eru greidd vegna flestalls starfandi fólks og má draga þau frá greiddum launum sem það móttekur í samræmi við birtar reglur.

Breytan tekur til:

— framlaga vinnuveitenda til opinberra tryggingakerfa (almannatrygginga) (þ.m.t. launaskatta sem eru lagðir á m.t.t. almannatrygginga),

— framlaga vinnuveitenda til séreignalífeyrissjóða (eftirlaunalífeyrissjóða) sem eru hluti af skilgreindu trygginga kerfi í ákveðnu landi (t.d. önnur stoð lífeyristryggingar),

— lögbundinna framlaga vinnuveitenda til annarra séreignalífeyrissjóða (eftirlaunalífeyrissjóða),

— lögbundinna eða samningsbundinna framlaga vinnuveitenda til heilsutryggingar,

— lögbundinna eða samningsbundinna framlaga vinnuveitenda til líftryggingar,

— lögbundinna eða samningsbundinna framlaga vinnuveitanda til annarra tryggingakerfa vinnuveitanda (t.d. fötlunar).

Breyta þessi tekur ekki til frjáls iðgjalds vinnuveitenda.

1.2. **Tekjur af sjálfstæðri atvinnustarfsemi**

Tekjur af sjálfstæðri atvinnustarfsemi taka til tekna sem einstaklingar móttaka á viðmiðunartímabilinu, sjálfir eða að því er varðar aðstandendur, fyrir að reka eða hafa rekið sjálfstæða atvinnustarfsemi. Sjálfstæð atvinnustarfsemi vísar til starfa þar sem launagreiðslur byggjast beinlínis á hagnaði (eða væntum hagnaði) sem fæst af framleiddum vörum og veittri þjónustu (þar sem eigin neysla er talin vera hluti af hagnaði). Sjálfstætt starfandi einstaklingur tekur ákvarðanir sem varða rekstur eigin fyrirtækis eða felur slíkar ákvarðanir öðrum en ber áfram ábyrgð á velferð fyrirtækisins. (Í þessu samhengi tekur „fyrirtæki“ til einyrkjareksturs). Litið er á launagreiðslur fyrir að taka þátt í tómstundaiðju sem dæmi um sjálfstæða atvinnustarfsemi.

Ef gögn um tekjur, sem safnað er eða tekin eru saman, samsvara tímabili á undan viðmiðunartímabilinu skulu gerðar grundvallarleiðréttingar til að uppfæra gögnin og aðlaga þau að tekjuviðmiðunartímabilinu.

Tekjur af sjálfstæðri atvinnustarfsemi eru sundurliðaðar í:

1) Vergan hagnað eða tap í reiðufé af sjálfstæðri atvinnustarfsemi (þ.m.t. rétthafagreiðslur) (PY050G);

2) Virði vara sem framleiddar eru til eigin neyslu (HY170G).

1.2.1. *Vergur hagnaður eða tap í reiðufé af sjálfstæðri atvinnustarfsemi (þ.m.t. rétthafagreiðslur) (PY050G)*

Þetta tekur til:

— hreins rekstrarhagnaðar eða hreins rekstrartaps starfandi eigenda eða meðeigenda í fyrirtæki sem er ekki með réttarstöðu lögaðila, að frádregnum vöxtum af viðskiptalánum,

— rétthafagreiðslna fyrir höfundarrétt, einkaleyfishæfar uppfinningar, o.s.frv., sem reiknast ekki með í hagnaði/tapi fyrirtækis sem er ekki með réttarstöðu lögaðila,

— leigu af atvinnuhúsnæði, ökutækjum, búnaði, o.s.frv., sem reiknast ekki með í hagnaði/tapi af fyrirtækjum sem eru ekki með réttarstöðu lögaðila, að frádregnum tengdum kostnaði, s.s. vöxtum af tengdum lánum, viðgerðum og viðhaldi og vátryggingakostnaði.

Þetta tekur ekki til:

— stjórnarlauna eigenda fyrirtækja sem eru með réttarstöðu lögaðila (sem teljast með í breytunni „Vergar launatekjur í reiðufé eða ígildi reiðufjár“ (PY010G)),

— arðs sem fyrirtæki, sem eru með réttarstöðu lögaðila, greiða (sem er innifalinn í breytunni „Vextir, arðgreiðslur, hagnaður af fjárfestingum í fyrirtæki sem ekki er með réttarstöðu lögaðila“ (HY090G)),

— hagnaðar af fjárfestingum í fyrirtæki sem ekki er með réttarstöðu lögaðila og þar sem einstaklingurinn starfar ekki („óvirkir félagar“) (þessi hagnaður er innifalinn í breytunni „Vextir, arðgreiðslur, hagnaður af fjárfestingum í fyrirtæki sem ekki er með réttarstöðu lögaðila“ (HY090G)),

— leigutekna af landi og tekna af kostgöngurum eða leigjendum (sem eru innifaldar í breytunni „Leigutekjur af eignum eða landi“ (HY040G),

— leigutekna af húsnæði sem reiknast ekki með í hagnaði/tapi af fyrirtækjum sem eru ekki með réttarstöðu lögaðila (sem eru innifaldar í breytunni „Leigutekjur af eignum eða landi“ (HY040G)).

Tekjur af sjálfstæðri atvinnustarfsemi skulu reiknast sem:

— markaðsframleiðsla (heildartekjur af veltu, þ.m.t. virði vara sem fyrirtækið framleiðir en hins vegar notar sjálfstætt starfandi einstaklingur eða heimilismenn á heimili hans/hennar þær),

— að viðbættu markaðsvirði vara og þjónustu sem keypt er inn fyrir fyrirtæki, sem er ekki með réttarstöðu lögaðila, en hins vegar notar atvinnurekandi eða heimilismenn á heimili hans þær,

— að viðbættum mótteknum eignatekjum af fjárhagseignum og öðrum eignum fyrirtækisins,

— að frádreginni aðfanganotkun (hráefnis-, sölu-, dreifingar-, viðhalds- og skrifstofu- og stjórnunarkostnaði, o.s.frv.),

— að frádregnum launum starfsmanna (launum og framlögum til almannatrygginga fyrir starfsmenn),

— að frádregnum sköttum á framleiðslu og innflutning,

— að frádregnum vöxtum af viðskiptalánum,

— að frádregnum leigugreiðslum af landi og öðrum efnislegum eignum sem eru ekki framleiddar og fyrirtæki tekur á leigu,

— að frádreginni fjármunanotkun,

— að viðbættum styrkjum.

Í reynd felur þetta í sér að ef sjálfstætt starfandi einstaklingur eða fyrirtæki tekur saman ársreikninga í skattalegum tilgangi skal vergur hagnaður eða vergt tap, sem fram kemur í þessu skattauppgjöri fyrir næstliðið 12 mánaða tímabil, reiknað sem hreinn rekstrarhagnaður eða hreint rekstrartap áður en tekjuskattur og lögboðnar greiðslur til félagslegra trygginga eru dregin frá.

Ef ekki liggur fyrir ársreikningur, annaðhvort í skattalegum tilgangi eða sem hluti af reikningshaldi fyrirtækis, skal önnur aðferð við að mæla tekjur af sjálfstæðri atvinnustarfsemi vera sú að reikna þá fjárhæð (og vörur) sem hefur verið tekin út úr fyrirtækinu til einkanota (til neyslu eða sparnaðar, þ.m.t. markaðsvirði vara sem fyrirtækið hefur framleitt eða keypt en hefur verið varið til einkanota).

1.2.2. *Virði vöru sem framleiddar eru til eigin neyslu (HY170G)*

Virði vara, sem eru framleiddar til eigin neyslu, vísar til virðis matvæla og drykkjarvara sem eru framleiddar og þeirra neytt á sama heimili.

Reikna skal virði vara, sem eru framleiddar til eigin neyslu, sem markaðsvirði framleiddra vara að frádregnum hvers kyns framleiðslukostnaði.

Reikna skal virði matvæla og drykkjarvara með ef þær eru mikilvægur tekjuþáttur á landsvísu eða í tekjum hjá tilteknum flokkum heimila.

Þetta virði tekur ekki til:

— virði þjónustu innan heimilis,

— hvers kyns framleiðslu fyrir sölu og úttekt úr sjálfstæðri atvinnustarfsemi (þessi gildi eru innifalin í breytunni „Vergur hagnaður eða tap í reiðufé af sjálfstæðri atvinnustarfsemi“ (þ.m.t. rétthafagreiðslur) (PY050G)).

1.3. **Eignatekjur**

Eignatekjur eru tekjur, að frádregnum áföllnum kostnaði, sem eigandi fjáreignar eða efnislegrar eignar, sem er ekki framleidd (land), hefur á tekjuviðmiðunartímabilinu, í staðinn fyrir að afhenda annarri stofnanaeiningu til umráða fé eða efnislega eign sem er ekki framleidd.

Eignatekjur eru sundurliðaðar í:

1) Vexti, arðgreiðslur, hagnað af fjárfestingum í fyrirtæki sem ekki er með réttarstöðu lögaðila (HY090G),

2) Leigutekjur af eignum eða landi (HY040G),

3) Móttekinn lífeyri frá séreignarlífeyrissjóðum (öðrum en þeim sem falla undir evrópskt kerfi samþættra hagskýrslna um félagslega vernd (ESSPROS)) (PY080).

1.3.1. *Vextir, arðgreiðslur, hagnaður af fjárfestingum í fyrirtæki sem ekki er með réttarstöðu lögaðila (HY090G)*

Vextir (ekki innifaldir í hagnaði eða tapi fyrirtækis sem er ekki með réttarstöðu lögaðila), arðgreiðslur og hagnaður af fjárfestingum í fyrirtæki, sem er ekki með réttarstöðu lögaðila, vísa til vaxtatekna af eignum, s.s. af bankareikningum, innlánsskírteinum, skuldabréfum, o.s.frv., arðgreiðslna og hagnaðar af fjárfestingum í fyrirtæki, sem hefur ekki réttarstöðu lögaðila, þar sem einstaklingurinn starfar ekki, sem eru mótteknar á tekjuviðmiðunartímabilinu að frádregnum kostnaði sem stofnað er til.

1.3.2. *Leigutekjur af eignum eða landi (HY040G)*

Leigutekjur af eignum eða landi vísa til móttekinna tekna á tekjuviðmiðunartímabilinu af leigu eignar (t.d. leigð íbúð sem er ekki innifalin í hagnaði eða tapi fyrirtækis, sem er ekki með réttarstöðu lögaðila, tekjur af kostgöngurum eða leigjendum eða leigutekjur af landi) að frádregnum kostnaði, s.s. vöxtum sem greiddir eru af fasteignaveðlánum, minniháttar viðgerðum, viðhaldi, vátryggingum og öðrum kostnaði.

1.3.3. *Móttekinn lífeyrir úr séreignarlífeyrissjóðum (öðrum en þeim sem falla undir evrópskt kerfi samþættra hagskýrslna um félagslega vernd) (PY080)*

Reglubundinn lífeyrir úr séreignarlífeyrissjóðum (öðrum en þeim sem falla undir evrópskt kerfi samþættra hagskýrslna um félagslega vernd) vísar til lífeyris og árlegra greiðslna sem eru mótteknar á tekjuviðmiðunartímabilinu í formi vaxta- og arðstekna úr séreignartryggingasjóðum, þ.e. opinberlega skipulögðum sjóðum þar sem framlögin eru háð ákvörðun iðgjaldagreiðenda, óháð vinnuveitendum þeirra eða stjórnvöldum.

Hugtakið nær yfir:

— ellilífeyri, lífeyri til eftirlifenda, sjúkralífeyri, lífeyri vegna fötlunar og atvinnuleysis móttekinn sem vextir eða arður úr séreignartryggingasjóðum.

Það nær ekki yfir:

— lífeyri úr skyldubundnum kerfum stjórnvalda,

— lífeyri úr skyldubundnum kerfum vinnuveitanda.

1.4. **Mótteknar tekjutilfærslur**

1.4.1. *Félagslegar bætur*

Félagslegar bætur ([1]) eru skilgreindar sem tekjutilfærslur til heimila á tekjuviðmiðunartímabilinu ([2]) frá sameiginlega skipulögðum kerfum eða, utan slíkra kerfa, frá hinu opinbera og stofnunum sem eru ekki reknar í hagnaðarskyni og ætlaðar til að til að létta fjárhagslega byrði heimilanna í tengslum við ákveðna áhættu eða þarfir.

Félagslegar bætur fela í sér virði hvers konar framlags til félagslegra kerfa og tekjuskatt sem bótaþegi greiðir til almannatryggingakerfa eða skattayfirvalda.

Til að unnt sé að flokka tilfærslu sem félagslegar bætur verður hún að uppfylla annað af eftirfarandi tveimur skilyrðum:

— gildissviðið skal vera lögboðið (samkvæmt lögum, reglum eða almennum kjarasamningi) fyrir viðkomandi flokk,

— hún skal byggjast á meginreglunni um félagslega samstöðu (ef lífeyririnn byggist t.d. á tryggingu eru iðgjaldið og réttindin ekki hlutfallsleg miðað við einstaklingsbundna áhættu þeirra sem eru með lífeyristryggingu).

Félagslegar bætur eru sundurliðaðar í eftirfarandi:

1) Greiðslur tengdar fjölskyldu/börnum (HY050G).

2) Húsnæðisgreiðslur (HY070G).

3) Atvinnuleysisbætur (PY090G).

4) Bætur vegna elli (PY100G).

5) Eftirlifendabætur (PY110G).

6) Sjúkrabætur (PY120G).

7) Örorkubætur (PY130G).

8) Greiðslur tengdar menntun (PY140G).

9) Greiðslur eða bætur vegna félagslegrar útilokunar sem eru ekki flokkaðar annars staðar (HY060G).

Félagslegar bætur eru flokkaðar sem tekjutengdar eða ótekjutengdar bætur, iðgjaldsskyldar eða ekki iðgjaldsskyldar.

Iðgjaldsskyld kerfi eru félagsverndarkerfi þar sem gerð er krafa um greiðslu framlags af hálfu verndaðra einstaklinga eða annarra aðila fyrir hönd þeirra í því skyni að tryggja rétt einstaklinga til bóta.

Kerfi sem eru ekki iðgjaldsskyld eru félagsverndarkerfi þar sem réttur einstaklinga til bóta er ekki skilyrtur við greiðslu framlaga af hálfu verndaðra einstaklinga eða annarra aðila fyrir hönd þeirra.

Tekjutengdar félagslegar bætur eru félagslegar bætur, byggðar á mati á þörf, og eru beint eða óbeint skilyrtar við tekjur eða auðlegð, eða hvort tveggja, fari þær undir tiltekið stig.

Ótekjutengdar félagslegar bætur eru félagslegar bætur, byggðar á mati á þörf, og eru ekki skilyrtar við tekjur eða auðlegð, eða hvort tveggja, fari þær undir tiltekið stig.

([1]) Félagslegar bætur í hagskýrslum Bandalagsins um tekjur og lífskjör, að undanskildum húsnæðisbótum, takmarkast við bætur í reiðufé.

([2]) Til að fá nákvæmari mælingu á velferð heimilisins skal fara með eingreiðslu bóta á tekjuviðmiðunartímabilinu í samræmi við tæknileg tilmæli Hagstofu Evrópusambandsins. Á sama hátt er unnt að taka tillit til og reikna út eingreiðslur, sem mótteknar eru fyrir tekjuviðmiðunartímabilið, í samræmi við tilmæli Hagstofu Evrópusambandsins.

Félagslegar bætur taka ekki til:

— bóta sem greiddar eru úr kerfum sem viðtakandi hefur eingöngu greitt í á grundvelli frjálsra framlaga, óháð vinnuveitanda sínum eða stjórnvöldum (sem eru innifaldar í breytunni „Lífeyrir úr séreignarlífeyrissjóðum (öðrum en þeim sem falla undir evrópskt kerfi samþættra hagskýrslna um félagslega vernd) (PY080G)).

1.4.1.1. Greiðslur tengdar fjölskyldu/börnum (HY050G).

Tilgangur bóta til handa fjölskyldu/börnum er:

— að veita heimilum fjárstuðning við uppeldi barna,

— að veita fólki fjárstuðning sem hefur önnur skyldmenni en börn á framfæri sínu.

Til þessa telst:

— greiðslur vegna barnsfæðingar: föst greiðsla eða tekjutengdar greiðslur sem er ætlað að bæta foreldri tekjumissi vegna fjarvista frá vinnu í tengslum barnsfæðingu fyrir eða eftir sængurlegu, eða bæði, eða í tengslum við ættleiðingu,

— styrkur vegna barnsfæðingar: bætur sem eru venjulega í formi eingreiðslu eða reglubundinna greiðslna ef um er að ræða barnsfæðingu eða ættleiðingu,

— bætur vegna foreldraorlofs: bætur sem annaðhvort móðir eða faðir fær greiddar ef truflun verður á starfi eða starfshlutfall minnkar í þeim tilgangi að annast barn, venjulega á unga aldri,

— greiðslur vegna fjölskyldu eða barna: reglulegar greiðslur til heimilismanns sem hefur börn á framfæri sínu til að taka þátt í kostnaði við uppeldi þeirra,

— eða stuðningur frá hinu opinbera (ríki eða sveitarfélögum) ef maki greiðir ekki meðlag eða barnsmeðlag af einhverjum ástæðum. Fjárhæðina sem stjórnvöld greiða ætti ekki að skrá í breytum HY080 og HY081,

— aðrar bætur í reiðufé: bætur sem greiddar eru óháð fjölskyldugreiðslum til að styðja við heimili og aðstoða þau við að standa undir sérstökum kostnaði, s.s. kostnaði vegna sérstakra þarfa fjölskyldna einstæðra foreldra eða fjölskyldna fatlaðra barna. Greiða má þessar bætur með reglubundnu millibili eða sem eingreiðslu.

Hugtakið nær ekki yfir:

— greiðslur til starfsmanna frá vinnuveitendum í stað launa í gegnum almannatryggingakerfi þegar viðkomandi starfsmaður er ófær um að sinna starfi sínu vegna fæðingarorlofs móður, í því tilviki að ekki er unnt að auðkenna slíkar greiðslur á aðgreindan og skýran hátt sem félagslegar bætur (þessar greiðslur eru innifaldar í breytunni „Vergar launatekjur í reiðufé eða ígildi reiðufjár“ (PY010G)),

— viðbótargreiðslur til starfsmanna frá vinnuveitendum til uppbótar við greiðslur vegna fæðingarorlofs móður sem þeir eiga rétt á í gegnum almannatryggingakerfi, í því tilviki að ekki er unnt að auðkenna slíkar greiðslur á aðgreindan og skýran hátt sem félagslegar bætur (þessar greiðslur eru innifaldar í breytunni „Vergar launatekjur í reiðufé eða ígildi reiðufjár“ (PY010G)).

1.4.1.2. Húsnæðisgreiðslur (HY070G)

Húsnæðisgreiðslur fela í sér íhlutun opinberra yfirvalda til að aðstoða heimili við að greiða kostnað af húsnæði. Mikilvæg viðmiðun við skilgreiningu á umfangi húsnæðisgreiðslna er athugun á því hvort þörf sé félagslegri aðstoð.

Húsnæðisgreiðslur fela í sér:

— húsaleigubætur: uppfærð tekjutengd tilfærsla, byggð á mati á þörf, sem opinber yfirvöld veita leigjendum tímabundið eða til langs tíma til að aðstoða þá við greiðslu húsaleigu,

— bætur til íbúa í eigin húsnæði: tekjutengd tilfærsla, byggð á mati á þörf, sem opinber yfirvöld greiða íbúum í eigin húsnæði til að létta undir með þeim við að greiða kostnað af núverandi húsnæði, í raun oft til að aðstoða við að greiða af veðlánum og/eða vexti, eða hvoru tveggja.

Hugtakið nær ekki yfir:

— stefnu um félagslegt húsnæði sem byggist á skattkerfinu (þ.e. skattaívilnunum),

— allar fjármagnstilfærslur (einkum fjárfestingarstyrki).

1.4.1.3. Atvinnuleysisbætur (PY090G)

Atvinnuleysisbætur fela í sér bætur sem koma að öllu leyti eða að hluta til í stað tekjutaps starfsmanns vegna launaðs starfs sem hann missir, þær veita einstaklingum, sem koma inn á vinnumarkaðinn eða eiga endurkomu þangað, lífsviðurværi eða (betri) tekjur, bæta upp tekjutap vegna atvinnuleysis að hluta, koma að fullu eða að hluta til í stað tekna sem eldri starfsmaður, sem hættir launuðu starfi, verður af áður en löglegum eftirlaunaaldri er náð vegna fækkunar starfa af hagrænum ástæðum; leggja fram fé vegna kostnaðar við þjálfun eða endurþjálfun fólks í atvinnuleit eða til að styrkja atvinnulausa einstaklinga við ferðalög eða flutning til að finna atvinnu.

Hugtakið nær yfir:

— fullar atvinnuleysisbætur: bætur sem bæta upp tekjutap ef einstaklingur er fær um að vinna og tiltækur í vinnu en ófær um að finna sér viðeigandi starf, þ.m.t. einstaklingar sem hafa ekki áður verið starfandi,

— atvinnuleysisbætur sem greiddar eru að hluta til: bætur sem bæta upp launamissi vegna formlegrar styttingar á vinnutímatilhögun og/eða vinnutíma með tímabundnum hléum, óháð hver orsökin er (efnahagslægð eða samdráttur, tæknileg vandamál, veðurfarsskilyrði, slys, o.s.frv.) en sambandið milli vinnuveitanda og starfsmanns heldur áfram,

— snemmtekin eftirlaun vegna aðstæðna á vinnumarkaði: reglubundnar greiðslur til eldri starfsmanna sem hætta störfum áður en hefðbundnum eftirlaunaaldri er náð vegna atvinnuleysis eða fækkunar starfa sökum efnahagsráðstafana, s.s. endurskipulagningar atvinnugreinar eða fyrirtækis. Þessar greiðslur falla venjulega niður þegar rétthafi öðlast rétt á ellilífeyri,

— greiðslur vegna starfsþjálfunar: greiðslur frá almannatryggingasjóðum eða opinberum aðilum til markhópa fólks á vinnumarkaðnum sem taka þátt í þjálfunaráætlunum sem ætlað er að auka möguleika þeirra á að fá atvinnu,

— greiðslur í tengslum við hreyfingar vegna starfa og búferlaflutninga: greiðslur frá almannatryggingasjóðum eða opinberum aðilum til atvinnulausra einstaklinga til að hvetja þá til að flytja á annan stað eða skipta um starfsvettvang í því skyni að leita að starfi eða fá starf,

— biðlaun og starfslokagreiðslur (til að bæta starfsmönnum upp starfslok áður en starfsmaðurinn hefur náð venjulegum eftirlaunaaldri í hlutaðeigandi starfi),

— greiðslur vegna uppsagna: eingreiðslur til starfsmanna sem hefur verið sagt upp störfum í fyrirtæki án þess að þeir eigi þar neina sök þar eð til stendur að fyrirtækið hætti starfsemi eða dregið verði úr starfsemi þess,

— aðrar bætur í reiðufé: annar fjárhagsstuðningur, einkum greiðslur til einstaklinga sem hafa verið atvinnulausir um langt skeið.

Það nær ekki yfir:

— fjölskyldugreiðslur vegna barna á framfæri (innifaldar í breytunni „Greiðslur tengdar fjölskyldu/börnum“ (HY050G)).

1.4.1.4. Bætur vegna elli (PY100G)

Bætur vegna elli fela í sér ákvæði um félagslega vernd gegn áhættu tengdri elli, tekjutapi, ónógum tekjum, skorti á sjálfstæði við dagleg störf, minni þátttöku í félagslífi, o.s.frv.

Bætur vegna elli taka til bóta sem koma í stað tekna þegar aldraðir hætta störfum á vinnumarkaðnum eða bóta sem tryggja einstaklingi tilteknar tekjur þegar hinn aldraði hefur náð tilskildum aldri.

Hugtakið nær yfir:

— ellilífeyri: reglubundnar greiðslur sem er ætlað að viðhalda tekjum rétthafa eftir að hann hættir í launuðu starfi á hefðbundnum aldri eða vera til stuðnings við tekjur aldraðra,

— ellilífeyri sem er veittur fyrir venjulegan eftirlaunaaldur: reglubundnar greiðslur sem er ætlað að viðhalda tekjum rétthafa sem hætta störfum áður en hefðbundnum eftirlaunaaldri er náð eins og skilgreint er í viðeigandi kerfi eða viðmiðunarkerfi. Þetta getur gerst með eða án lækkunar hefðbundins lífeyris,

— eftirlaunalífeyri sem er veittur að hluta: reglubundnar greiðslur á hluta eða fullum eftirlaunalífeyri eldri starfsmanna sem halda áfram að vinna en fækka vinnustundum sínum eða þar sem tekjur þeirra af atvinnustarfsemi eru undir skilgreindum mörkum,

— umönnunargreiðslur: bætur greiddar til eldra fólks sem þarfnast tíðrar eða stöðugrar aðstoðar við að bera viðbótarkostnað af því að fá þá umönnun sem þarf til að aðstoða það vegna elli (að undanskilinni læknisþjónustu) þegar bæturnar eru ekki endurgreiðsla á staðfestum kostnaði,

— örorkubætur í reiðufé sem greiddar eru eftir að hefðbundnum eftirlaunaaldri er náð,

— eingreiðslur þegar venjulegum eftirlaunaaldri er náð,

— aðrar bætur í reiðufé: aðrar reglubundnar bætur og eingreiðsla bóta sem greiddar eru þegar eftirlaunaaldri er náð eða sökum elli, s.s. fjárhæðir sem eru greiddar einstaklingum sem uppfylla ekki að öllu leyti kröfur um reglubundinn eftirlaunalífeyri eða þeim sem voru aðilar að kerfi þar sem eingöngu er um að ræða eingreiðslu þegar eftirlaunaaldri er náð.

Bætur vegna elli innihalda ekki:

— fjölskyldugreiðslur vegna barna á framfæri (innifaldar í breytunni „Greiðslur tengdar fjölskyldu/börnum“ (HY050G)),

— snemmteknar eftirlaunabætur sem greiddar eru af völdum aðstæðna á vinnumarkaði eða skertrar starfsgetu (þær eru innifaldar í „Atvinnuleysisbætur“ (PY090G) eða í „Örorkubætur“ (PY130G), eftir því sem við á),

— bætur sem greiddar eru til eldra fólks sem þarfnast tíðrar eða stöðugrar aðstoðar við að bera aukakostnað af umönnun þegar bæturnar eru endurgreiddar samkvæmt staðfestum kostnaði.

1.4.1.5. Eftirlifendabætur (PY110G)

Eftirlifendabætur fela í sér tímabundnar eða varanlegar tekjur fyrir fólk sem er undir eftirlaunaaldri eftir dauða maka, sambúðarmaka eða náins ættingja, venjulega þegar hinn síðarnefndi var aðalfyrirvinnan.

Eftirlifendur sem eiga rétt á bótum geta verið maki eða fyrrverandi maki hins látna eða börn hans eða hennar, barnabörn, foreldrar eða önnur skyldmenni. Í sumum tilvikum er einnig heimilt að greiða bæturnar til einhvers sem er ekki hluti af fjölskyldunni.

Eftirlifendabætur eru venjulega veittar á grundvelli afleiddra réttinda, þ.e. réttar sem upphaflega tilheyrir öðrum einstaklingi en andlát hans er skilyrði fyrir veitingu bótanna.

Eftirlifendabætur taka til:

— eftirlifendalífeyris: reglubundnar greiðslur til einstaklinga, jafnvel eftir hefðbundinn eftirlaunaaldur, þar sem réttur þeirra ákvarðast af sambandi þeirra við hinn látna sem er tryggður með kerfi (ekkjur, ekklar, munaðarleysingjar, o.s.frv),

— styrks vegna andláts: eingreiðsla til einhvers þar sem réttur hans/hennar ákvarðast af sambandi við hinn látna (ekkjur, ekklar, munaðarleysingjar, o.s.frv.),

— annarra bóta í reiðufé: aðrar reglubundnar greiðslur eða eingreiðslur vegna afleiddra réttinda eftirlifanda.

Þær taka ekki til:

— fjölskyldugreiðslna vegna barna á framfæri (þessar bætur eru innifaldar í breytunni „Greiðslur tengdar fjölskyldu/börnum“ (HY050G)),

— útfararkostnaðar,

— viðbótargreiðslna frá vinnuveitendum til annarra einstaklinga sem eiga rétt á slíku til bæta við eftirlifendabætur sem þeir eiga rétt á í gegnum almannatryggingakerfi, í því tilviki að ekki reynist unnt að auðkenna slíkar greiðslur á aðgreindan og skýran hátt sem félagslegar bætur (þessar greiðslur eru innifaldar í breytunni „Vergar launatekjur í reiðufé eða ígildi reiðufjár“ (PY010G)).

1.4.1.6. Sjúkrabætur (PY120G)

Sjúkrabætur fela í sér bætur í reiðufé sem koma að öllu leyti eða að hluta til í stað tapaðra tekna vegna tímabundinnar vanhæfni til að stunda vinnu af völdum veikinda eða slysa.

Sjúkrabætur ná yfir:

— launað veikindaleyfi: fast framlag eða tekjutengdar greiðslur sem er ætlað að tryggja einstakling að fullu eða að hluta til gegn tekjutapi af völdum tímabundinnar vanhæfni að stunda vinnu af völdum veikinda eða slysa. Bætur þessar geta komið úr sjálfstæðum félagsverndarkerfum en þær geta einnig komið frá vinnuveitanda í formi áframhaldandi launagreiðslna í veikindaleyfinu,

— launað veikindaleyfi ef um er að ræða veikindi eða slys á börnum á framfæri,

— aðrar bætur í reiðufé: ýmsar greiðslur til þeirra einstaklinga sem eru tryggðir í tengslum við veikindi eða slys.

Hugtakið nær ekki yfir:

— bætur í reiðufé sem koma í stað tapaðra tekna vegna tímabundinnar vanhæfni til að stunda vinnu af völdum þungunar (þessar bætur eru innifaldar í breytunni „Greiðslur tengdar fjölskyldu/börnum“ (HY050G)),

— bætur í reiðufé sem koma í stað tekjutaps vegna tímabundinnar vanhæfni til að stunda vinnu af völdum fötlunar (þessar bætur eru innifaldar í breytunni „Örorkubætur“ (PY130G)),

— greiðslur til starfsmanna frá vinnuveitendum í stað launa í gegnum almannatryggingakerfi þegar starfsmaðurinn nær ekki að sinna starfi sínu vegna veikinda, í því tilviki að ekki reynist unnt að auðkenna slíkar greiðslur á aðgreindan og skýran hátt sem félagslegar bætur (þessar greiðslur eru innifaldar í breytunni „Vergar launatekjur í reiðufé eða ígildi reiðufjár“ (PY010G)),

— viðbótargreiðslur til starfsmanna frá vinnuveitendum til uppbótar við greiðslur vegna veikindaleyfis sem þeir eiga rétt á frá almannatryggingakerfi, í því tilviki að ekki reynist unnt að auðkenna slíkar greiðslur á aðgreindan og skýran hátt sem félagslegar bætur (þessar greiðslur eru innifaldar í breytunni „Vergar launatekjur í reiðufé eða ígildi reiðufjár“ (PY010G)).

1.4.1.7. Örorkubætur (PY130G)

Örorkubætur fela í sér bætur sem tryggja því fólki tekjur sem er undir hefðbundnum eftirlaunaaldri sem hefur skerta getu til að stunda vinnu og afla tekna af völdum líkamlegrar eða andlegrar fötlunar og eru yfir þeim lágmarksmörkum sem mælt er fyrir um í löggjöf.

Örorka er algjör eða takmörkuð vanhæfni til að taka þátt í atvinnustarfsemi eða lifa eðlilegu lífi af völdum líkamlegrar eða andlegrar skerðingar sem er líkleg til að vera annaðhvort varanleg eða vara lengur en tilskilið lágmarkstímabil.

Örorkubætur ná yfir:

— lífeyri vegna fötlunar: reglubundnar greiðslur sem er ætlað að viðhalda eða vera uppbót á tekjum einstaklinga sem eru undir hefðbundnum eftirlaunaaldri og eiga við fötlun að stríða sem skerðir getu þeirra til að stunda vinnu eða afla tekna sem eru yfir þeim lágmarksmörkum sem mælt er fyrir um í löggjöf,

— snemmtekin eftirlaun vegna skertrar starfsgetu: reglubundnar greiðslur til eldri starfsmanna sem fara á eftirlaun áður en hefðbundnum eftirlaunaaldri er náð af völdum skertrar starfsgetu. Þessar greiðslur stöðvast venjulega þegar rétthafi öðlast rétt á ellilífeyri,

— umönnunargreiðslur: bætur sem greiddar eru fötluðum einstaklingum, sem eru undir hefðbundnum eftirlaunaaldri og þurfa tíða eða stöðuga aðstoð til að hjálpa þeim að standa straum af aukakostnaði af umönnun (að undanskilinni læknisþjónustu). Bæturnar skulu ekki vera endurgreiðsla á staðfestum kostnaði,

— samþættingu fatlaðra einstaklinga í atvinnulífinu: greiðslur til fatlaðra einstaklinga þegar þeir stunda vinnu sem er sniðin að þeirra aðstæðum, venjulega á vernduðum vinnustöðum, eða þegar þeir eru í starfsþjálfun,

— örorkubætur fyrir fötluð börn í þeirra eigin þágu, óháð framfærslu,

— aðrar bætur í reiðufé: reglubundnar greiðslur og eingreiðslur sem falla ekki undir framangreinda liði, s.s. tilfallandi tekjuuppbót.

Örorkubætur fela ekki í sér:

— bætur sem eiga að koma alveg eða að hluta til í stað tekna vegna tímabundinnar vanhæfni til að stunda vinnu vegna veikinda eða slysa (þessar bætur eru innifaldar í breytunni „Sjúkrabætur“ (PY120G)),

— fjölskyldugreiðslur til örorkubótaþega (þessar bætur eru innifaldar í breytunni „Greiðslur tengdar fjölskyldu/börnum“ (HY050G)),

— bætur sem greiddar eru eftirlifendum sem voru á framfæri fatlaðra einstaklinga, s.s. lífeyrir (þessar bætur eru innifaldar í breytunni „Eftirlifendabætur“ (PY110G)),

— bætur sem eru endurgreiðsla á staðfestum kostnaði,

— örorkubætur sem greiddar eru í reiðufé eftir að hefðbundnum eftirlaunaaldri er náð (þessar bætur eru innifaldar í breytunni „Bætur vegna elli“ (PY100G)),

— greiðslur til starfsmanna frá vinnuveitanda eða fyrrum vinnuveitanda í stað launa í gegnum almanna-tryggingakerfi þegar starfsmaður eða fyrrum starfsmaður er ófær um að sinna starfi sínu vegna örorku, í því tilviki að ekki reynist unnt að auðkenna slíkar greiðslur á aðgreindan og skýran hátt sem félagslegar bætur (þessar greiðslur eru innifaldar í breytunni „Vergar launatekjur í reiðufé eða ígildi reiðufjár“ (PY010G)),

— viðbótargreiðslur til starfsmanna frá vinnuveitanda eða fyrrum vinnuveitanda til uppbótar við greiðslur vegna veikindaleyfis af völdum örorku sem þeir eiga rétt á frá almannatryggingakerfi, í því tilviki að ekki reynist unnt að auðkenna slíkar greiðslur á aðgreindan og skýran hátt sem félagslegar bætur (þessar greiðslur eru innifaldar í breytunni „Vergar launatekjur í reiðufé eða ígildi reiðufjár“ (PY010G)).

1.4.1.8. Greiðslur tengdar menntun (PY140G)

Greiðslur vegna menntunar fela í sér fjárstyrki, námsstyrki og aðra aðstoð sem nemendum er veitt til að mennta sig.

1.4.1.9. Greiðslur eða bætur vegna félagslegrar útilokunar sem ekki eru flokkaðar annars staðar (HY060G)

Félagslegar bætur sem tengjast „félagslegri útilokun sem ekki er flokkuð annars staðar“ fela í sér „félagslega útilokun“ eða „þá sem eiga á hættu að verða fyrir félagslegri útilokun“. Almenni markhópurinn inniheldur bjargræðislaust fólk, farandfólk, flóttafólk, eiturlyfjafíkla, áfengissjúklinga og fórnarlömb ofbeldisbrota.

Hugtakið nær yfir:

— tekjuuppbót: reglubundnar greiðslur til fólks sem hefur ekki nægileg fjárráð. Skilyrði fyrir rétti til bóta tengjast ekki einungis persónulegum fjárráðum heldur einnig þjóðerni, búsetu, aldri, atvinnumöguleikum og fjölskyldustöðu. Bætur kunna að vera greiddar í takmarkaðan eða ótakmarkaðan tíma; þær kunna að vera greiddar einstaklingi eða fjölskyldu og veittar af hálfu ríkis eða sveitarfélaga,

— aðrar bætur greiddar í reiðufé: stuðningur við bjargræðislausa og berskjaldaða einstaklinga til að draga úr fátækt eða aðstoða við erfiðar aðstæður. Þessar bætur kunna að vera greiddar af einkareknum stofnunum sem ekki eru reknar í hagnaðarskyni.

1.4.2. *Reglulegar mótteknar tilfærslur í reiðufé milli heimila*

Reglulegar mótteknar tilfærslur í reiðufé milli heimila fela í sér fjárhæðir sem eru mótteknar reglulega frá öðrum heimilum eða einstaklingum á tekjuviðmiðunartímabilinu.

Hugtakið „reglulegar“ gefur ekki til kynna nákvæma tímasetningu og krefst ekki mikillar tíðni. Það getur átt við um önnur hvor tveggja tímamarka:

— það gæti vísað til árlegrar fjárhæðar sem móttekin er á hverju ári eða yfir margra ára skeið,

— að öðrum kosti gæti það vísað til reglubundinna (t.d. mánaðarlegra) greiðslna sem mótteknar eru á stuttu tímabili sem fellur innan tekjuviðmiðunartímabilsins (t.d. sex mánuðir).

1.4.2.1 Reglulegar mótteknar tilfærslur í reiðufé milli heimila (HY080G)

Reglulegar mótteknar tilfærslur í reiðufé milli heimila fela í sér reglulegar greiðslur sem eru mótteknar, jafnvel þó að aðeins sé um að ræða eina greiðslu á ári sem er tiltæk til að fjármagna (regluleg) útgjöld til neyslu.

Hugtakið nær yfir:

— lögboðið meðlag og barnsmeðlag,

— frjálst meðlag og barnsmeðlag sem móttekið er reglulega,

— regluleg framlög í reiðufé frá einstaklingum öðrum en heimilismönnum,

— regluleg framlög í reiðufé frá heimilum í öðrum löndum.

Það nær ekki yfir:

— Ókeypis eða niðurgreitt húsnæði sem annað heimili lætur í té (sem er innifalið í hugtakinu „reiknuð húsaleiga“).

— Erfðafé og aðrar fjármagnstilfærslur, þ.e. tilfærslur sem tekið er við frá öðrum heimilum og heimilið telur ekki að sé að fullu aðgengilegt til neyslu innan tekjuviðmiðunartímabilsins.

— Gjafir og annað meiriháttar, einstætt og óvænt streymi reiðufjár, s.s. eingreiðslur til kaupa á bifreið, fasteign, o.þ.h., eða til að leggja fyrir til langtímaneyslu (lengra en eitt ár fram í tíma).

— Meðlag eða stuðning frá hinu opinbera (ríki eða sveitarfélögum) ef maki greiðir ekki meðlag eða barnsmeðlag af einhverjum ástæðum. Fjárhæðin sem hið opinbera greiðir ætti að vera skráð undir „Fjölskyldugreiðslur“ (breyta HY050).

1.4.2.2 Móttekin meðlög (HY081G)

Meðlög ná yfir:

— Lögboðið meðlag og barnsmeðlag.

— Frjálst meðlag og barnsmeðlag sem móttekið er reglulega.

Meðlög vísa til móttekinna greiðsla vegna barna og/eða fyrrum maka sem geta komið innan frá sama landi eða frá öðru landi.

Meðlög ná ekki yfir:

— Regluleg framlög í reiðufé (önnur en meðlög) frá einstaklingum öðrum en heimilismönnum.

— Regluleg framlög í reiðufé (önnur en meðlög) frá heimilum í öðrum löndum.

— Ókeypis eða niðurgreitt húsnæði sem annað heimili lætur í té (sem er innifalið í hugtakinu „reiknuð húsaleiga“).

— Erfðafé og aðrar fjármagnstilfærslur, þ.e. tilfærslur sem tekið er við frá öðrum heimilum og heimilið telur ekki að sé að fullu tiltækar til neyslu innan tekjuviðmiðunartímabilsins.

— Gjafir og annað meiriháttar, einstætt og óvænt sjóðstreymi, s.s. eingreiðslur til bifreiðarkaupa, húsakaupa eða til að leggja fyrir til langtíma neyslu (lengur en eitt ár fram í tíma).

— Meðlög eða stuðning frá hinu opinbera (ríki eða sveitarfélögum) ef maki greiðir ekki meðlag eða barnsmeðlag af einhverjum ástæðum. Fjárhæðin sem hið opinbera greiðir ætti að vera skráð undir „Fjölskyldugreiðslur“ (breyta HY050).

1.5. **Aðrar mótteknar tekjur**

1.5.1. *Tekjur einstaklinga yngri en 16 ára (HY110G)*

Tekjur einstaklinga yngri en 16 ára eru skilgreindar sem vergar tekjur allra heimilismanna yngri en 16 ára á tekjuviðmiðunartímabilinu.

Þær ná ekki yfir:

— tilfærslur milli heimilismanna,

— tekjur sem heimilið aflar (þ.e.a.s. breyturnar HY040G, HY050G, HY060G, HY070G, HY080G og HY090G).

1.6. **Vaxtagreiðslur**

1.6.1. *Vextir greiddir af veðlánum (HY100G)*

Vextir greiddir af veðlánum fela í sér verga heildarfjárhæð vaxta af láni með veði í föstu heimili fjölskyldunnar á tekjuviðmiðunartímabilinu fyrir skattaafslátt eða skattafrádrátt.

Þeir ná ekki yfir:

— aðrar greiðslur í tengslum við veðlán, annaðhvort vexti eða höfuðstól, sem greiddar eru á sama tíma, s.s. vátrygging vegna láns með veði í fasteign eða heimilis- og innbústrygging,

— greiðslur af viðbótarveðlánum til að fjármagna útgjöld vegna húsnæðis (t.d. til viðgerðar, endurnýjunar eða viðhalds) eða í öðrum tilgangi,

— endurgreiðslur lánsfjárhæðar eða höfuðstóls.

1.7. **Greiddar tekjutilfærslur**

Greiddar tekjutilfærslur eru sundurliðaðar í:

1) Tekjuskatt og framlög til félagslegra trygginga (HY140G).

2) Eigna- og fjármagnstekjuskatt (HY120G).

3) Framlag vinnuveitanda til félagslegra trygginga (PY030G).

4) Reglulegar greiddar tilfærslur í reiðufé milli heimila (HY130G).

1.7.1. *Tekjuskattar og framlög til félagslegra trygginga (HY140G)*

Tekjuskattar fela í sér skatta á tekjur, hagnað og fjármagnstekjur. Þeir eru lagðir á eiginlegar eða væntanlegar tekjur einstaklinga, heimila eða skattskyldar einingar. Þeir ná yfir skatta af eignum, landi eða fasteign þegar slíkt eignarhald er notað sem grunnur til að áætla tekjur eigendanna. Einnig ætti að taka tillit til skatta sem varða móttekinn lífeyri frá séreignarlífeyrissjóðum (öðrum en þeim sem falla undir evrópskt kerfi samþættra hagskýrslna um félagslega vernd).

Tekjuskattar ná yfir:

— skatta á einstaklinga, heimili eða tekjur skattskyldrar einingar (tekjur af atvinnu, eignum, frumkvöðlastarfsemi, lífeyri, o.s.frv.) þ.m.t. skattar sem vinnuveitendur draga frá (staðgreiðsluskattar), aðra staðgreiðsluskatta og skatta af tekjum eigenda fyrirtækja, sem eru ekki með réttarstöðu lögaðila, sem eru greiddir á tekjuviðmiðunartímabilinu,

— allar endurgreiðslur á skatti á tekjuviðmiðunartímabilinu í tengslum við skatt sem er greiddur af mótteknum tekjum á tekjuviðmiðunartímabilinu eða á næstliðnum árum. Þessi fjárhæð telst vera lækkun á greiddum skatti,

— alla vexti af ógreiddum, gjaldföllnum skuldum og álagðar sektir skattyfirvalda.

Í undantekningartilvikum geta aðildarríki, sem nota gögn úr skrám, og önnur aðildarríki sem telja þetta hentugustu aðferðina, tilkynna skatt á „mótteknar tekjur“ á tekjuviðmiðunartímabilinu að því tilskildu að það hafi einungis takmörkuð áhrif á samanburðarhæfi.

Tekjuskattar ná ekki yfir:

— gjöld greidd fyrir veiði-, skot- og fiskveiðiréttindi.

Framlög til félagslegra trygginga eru framlög sem vinnuveitendur, sjálfstætt starfandi einstaklingar, atvinnulausir, ellilífeyrisþegar og aðrir einstaklingar hafa greitt til skyldubundinna kerfa stjórnvalda eða vinnuveitenda (lífeyrir, sjúkratrygging, o.s.frv.) á tekjuviðmiðunartímabilinu.

1.7.2. *Eigna- og fjármagnstekjuskattur (HY120G)*

Eigna- og fjármagnstekjuskattar vísa til skatta sem eigendur greiða reglulega af eignarhaldi eða notkun á landi eða húseignum ásamt álögðum sköttum hvert ár á hreina eign og aðrar eignir (skartgripi, önnur ytri merki um auðlegð). Eigna- og fjármagnstekjuskattar, sem á að tilgreina, eru skattar sem á að greiða á tekjuviðmiðunartímabilinu.

Eigna- og fjármagnstekjuskattar (HY120G) ná yfir:

— eignaskatta á aðalhúsnæði heimilis,

— eignaskatta vegna eignarhalds á öðrum fasteignum,

— alla vexti af ógreiddum, gjaldföllnum skuldum og allar álagðar sektir skattyfirvalda,

— eignaskatta sem leigjendur greiða beint til skattayfirvalda.

Eigna- og fjármagnstekjuskattar ná ekki yfir:

— óreglulega skatta, s.s. erfðafjárskatta, dánargjöld eða skatta á gjafir milli manna,

— skatta sem eru lagðir á eign, land eða fasteign þegar slíkt eignarhald er notað sem grunnur til að áætla tekjur eigenda þeirra (þessir skattar eru innifaldir í breytunni „Tekjuskattur og framlög til félagslegra trygginga“ (HY140G)),

— skatta á land, húseignir eða aðrar eignir sem fyrirtæki eiga eða leigja og nota til framleiðslu (þessir skattar teljast vera skattar á framleiðslu og þeir dragast frá markaðsframleiðslu tekna af sjálfstæðum rekstri til að byggja upp þáttinn „Vergur hagnaður eða tap í reiðufé af sjálfstæðri atvinnustarfsemi“ (þ.m.t. rétthafagreiðslur) (PY050G)).

1.7.3. *Reglulegir skattar af eignarhaldi á aðalíbúðarhúsnæði heimilis (HY121G)*

Hugtak þetta vísar til skatta sem eigendur íbúðar greiða reglulega af eignarhaldi eða notum af landi eða byggingum þar sem íbúðin er staðsett. Reglulegir skattar sem á að tilgreina eru skattar sem greiddir eru tekjuviðmiðunartímabilinu.

1.7.4. *Framlag vinnuveitanda til félagslegra trygginga (PY030G)*

Framlag vinnuveitanda til félagslegra trygginga er skilgreint í launatekjum.

1.7.5. *Reglulegar mótteknar tilfærslur í reiðufé milli heimila*

Hugtak þetta vísar til fjárhæða sem greiddar eru reglulega til annarra heimila á tekjuviðmiðunartímabilinu.

Hugtakið „reglulegar“ vísar ekki til nákvæmrar tímasetningar og krefst ekki mikillar tíðni. Það getur samsvarað tveimur mismunandi tímarömmum:

— það gæti vísað til árlegrar fjárhæðar sem móttekin er á hverju ári eða yfir margra ára skeið,

— eða það gæti vísað til reglubundinna (t.d. mánaðarlegra) greiðslna sem mótteknar eru á stuttu tímabili sem fellur innan tekjuviðmiðunartímabilsins (t.d. sex mánuðir).

1.7.5.1 Reglulegar greiddar tilfærslur í reiðufé milli heimila (HY130G)

Hugtak þetta vísar til fjárhæða sem greiddar eru reglulega til annarra heimila á tekjuviðmiðunartímabilinu. Þær ættu að vísa til reglulegra greiðslna, jafnvel einnar á ári, af tekjum.

Reglulegar greiddar tilfærslur milli heimila ná yfir:

— lögboðið meðlag og barnsmeðlag,

— frjálst meðlag og barnsmeðlag sem greitt er reglulega,

— regluleg framlög í reiðufé til einstaklinga annarra en heimilismanna,

— regluleg framlög í reiðufé til heimila í öðrum löndum.

Hugtak þetta felur ekki í sér fjármagnstilfærslur og fjármuni sem teknir eru úr sparnaði.

1.7.5.2 Greidd meðlög (HY131G)

Meðlög vísa til greiðslna fyrir börn og/eða fyrrum maka innan sama lands eða til annars lands.

Meðlög ná yfir:

— Lögboðið meðlag og barnsmeðlag.

— Frjálst meðlag og barnsmeðlag sem greitt er reglulega.

Meðlög ná ekki yfir:

— Regluleg framlög í reiðufé (önnur en meðlög) til einstaklinga annarra en heimilismanna.

— Regluleg framlög í reiðufé (önnur en meðlög) til heimila í öðrum löndum.

— Fjármagnstilfærslur og fjármuni tekna úr sparnaði.

2. HREINIR TEKJUÞÆTTIR

Hreinir tekjuþættir eru reiknaðir út frá samsvarandi vergum tekjuþáttum að frádreginni staðgreiðslu tekjuskatta og framlögum til félagslegra trygginga.

Unnt er að tilgreina hreina tekjuþætti:

1) Án staðgreiðslu tekjuskatts og framlaga til félagslegra kerfa.

2) Án staðgreiðslu tekjuskatts.

3) Án framlaga til félagslegra kerfa.

3. VERGAR HEILDARTEKJUR OG RÁÐSTÖFUNARTEKJUR HEIMILIS

3.1. **Vergar heildartekjur heimilis (HY010) eru reiknaðar á eftirfarandi hátt:**

Summa einstaklingsbundinna vergra tekjuþátta allra heimilismanna (vergar launatekjur í reiðufé eða ígildi reiðufjár (PY010G), bifreið fyrirtækis (PY021G), vergur hagnaður eða tap í reiðufé af sjálfstæðri atvinnustarfsemi (þ.m.t. rétthafagreiðslur) (PY050G), móttekinn lífeyrir úr séreignarlífeyrissjóðum (öðrum en þeim sem falla undir evrópskt kerfi samþættra hagskýrslna um félagslega vernd (PY080G), atvinnuleysisbætur (PY090G), bætur vegna elli (PY100G), eftirlifendabætur (PY110G), sjúkrabætur (PY120G), örorkubætur (PY130G) og greiðslur tengdar menntun (PY140G)) að viðbættum vergum tekjuþáttum heimilis (leigutekjur af eignum eða landi (HY040G), greiðslur tengdar fjölskyldu/börnum (HY050G), greiðslur eða bætur vegna félagslegrar útilokunar sem ekki eru flokkaðar annars staðar (HY060G), húsnæðisgreiðslur (HY070G), reglulegar mótteknar tilfærslur í reiðufé milli heimila (HY080G), vextir, arðgreiðslur, hagnaður af fjárfestingum í fyrirtæki sem ekki er með réttarstöðu lögaðila (HY090G) og tekjur einstaklinga yngri en 16 ára (HY110G))

3.2. **Reikna skal heildarráðstöfunartekjur heimilis (HY020) á eftirfarandi hátt:**

Summa einstaklingsbundinna vergra tekjuþátta allra heimilismanna (vergar launatekjur í reiðufé eða ígildi reiðufjár (PY010G), bifreið fyrirtækis (PY021G), vergur hagnaður eða tap í reiðufé af sjálfstæðri atvinnustarfsemi (þ.m.t. rétthafagreiðslur) (PY050G), móttekinn lífeyrir úr séreignarlífeyrissjóðum (öðrum en þeim sem falla undir evrópskt kerfi samþættra hagskýrslna um félagslega vernd) (PY080G), atvinnuleysisbætur (PY090G), bætur vegna elli (PY100G), eftirlifendabætur (PY110G), sjúkrabætur (PY120G), örorkubætur (PY130G) og greiðslur tengdar menntun (PY140G)) að viðbættum vergum tekjuþáttum heimilis (leigutekjur af eignum eða landi) (HY040G), greiðslur tengdar fjölskyldu/börnum (HY050G), greiðslur eða bætur vegna félagslegrar útilokunar sem eru ekki flokkaðar annars staðar (HY060G), húsnæðisgreiðslur (HY070G), reglulegar mótteknar tilfærslur í reiðufé milli heimila (HY080G), vextir, arðgreiðslur, hagnaður af fjárfestingum í fyrirtæki sem er ekki með réttarstöðu lögaðila (HY090G) og tekjur einstaklinga yngri en 16 ára (HY110G)), að frádregnum eigna- og fjármagnstekjusköttum (HY120G), regluleg móttekin tilfærsla í reiðufé milli heimila (HY130G) og tekjuskattur og framlög til félagslegra trygginga (HY140G)).

Þetta þýðir: HY020 = HY010 – HY120G – HY130G – HY140G.

Breytan HY140G inniheldur endurgreiðslu/móttöku leiðréttinga á tekjuskatti, staðgreiðsluskatt og framlag til félagslegra trygginga (ef við á).

3.3. **Heildarráðstöfunartekjur heimilis fyrir félagslegar tilfærslur aðrar en bætur vegna elli og til eftirlifenda (HY022) eru skilgreindar á eftirfarandi hátt:**

Heildarráðstöfunartekjur (HY020) að frádregnum hreinum heildartilfærslum, að meðtöldum bótum vegna elli (PY100N) og eftirlifendabótum (PY110N) (þ.e. heildarráðstöfunartekjur (HY020) að frádregnum atvinnuleysisbótum (PY090N), sjúkrabótum (PY120N), örorkubótum (PY130N), greiðslum tengdum menntun (PY140N), greiðslum tengdum fjölskyldu/börnum (HY050N), greiðslum eða bótum vegna félagslegrar útilokunar sem eru ekki flokkaðar annars staðar (HY060N) og húsnæðisbótum (HY070N)).

3.4. **Heildarráðstöfunartekjur heimilis fyrir félagslegar greiðslur að meðtöldum bótum vegna elli og til eftirlifenda (HY023) eru skilgreindar á eftirfarandi hátt:**

Heildarráðstöfunartekjur (HY020) að frádregnum hreinum heildartilfærslum (atvinnuleysisbótum (PY090N), bótum vegna elli (PY120N), eftirlifendabótum (PY130N), sjúkrabótum (PY120N), örorkubótum (PY130N) greiðslum tengdum menntun (PY140N), greiðslum tengdum fjölskyldu/börnum (HY050N), greiðslum eða bótum vegna félagslegrar útilokunar sem eru ekki flokkaðar annars staðar (HY060N), og húsnæðisbótum (HY070N).

3.5. **Ráðstöfunartekjur á neyslueiningu eru skilgreindar sem:**

Heildarráðstöfunartekjur heimilis deilt með „jafngildisstærð“ þeirra.

3.6. **Jafngildisstærð**

Vísar til aðlagaðs jafngildisstærðarkvarða Efnahags- og framfarastofnunarinnar (þar sem fyrsti fullorðni einstaklingurinn fær vogtöluna 1,0, aðrir einstaklingar, sem eru eldri en 14 ára eða búa á heimilinu, fá 0,5 og hvert barn, sem er yngra en 14 ára, fær 0,3).

4. AÐRIR ÞÆTTIR SEM EKKI TELJAST TIL TEKNA

4.1. **Framlög til séreignarlífeyrissjóða (PY035G)**

Framlög til séreignarlífeyrissjóða á tekjuviðmiðunartímabilinu fela í sér lífeyristryggingu sem einstök heimili taka að eigin frumkvæði og í eigin þágu, óháð vinnuveitanda eða hinu opinbera og utan almannatryggingakerfa.

Þessi framlög eru dæmi um hliðstæðu við lífeyrisgreiðslur úr séreignarlífeyrissjóðum (aðrar en þær sem falla undir evrópskt kerfi samþættra hagskýrslna um félagslega vernd) (PY080G).

Hugtakið nær yfir: framlög í séreignarlífeyrissjóð í tengslum við elli, eftirlifendur, veikindi, fötlun og atvinnuleysi.

———

II. VIÐAUKI

Tæknileg einkenni breytna

Kennimerki breytu	Heiti breytu	Kóðamerking	Merkingartilvísun	Söfnunareining	Söfnunaraðferð	Viðmiðunar-tímabil
UPPLÝSINGAR UM GAGNASÖFNUN						
DB010	**Könnunarár**	*Ár*	Könnunarár	Heimili	Rammi	Núverandi
DB020	**Búsetuland**	SCL GEO kóði	Búsetuland	Heimili	Rammi	Óbreytt
DB040	**Búsetusvæði**	*Flokkun hagskýrslusvæða, NUTS (2 stafir)*	Svæði (2 stafir)	Heimili	Rammi, skrá eða spyrill	Núverandi
DB040_F	Búsetusvæði *(flöggun)*	1	Útfyllt samkvæmt flokkun hagskýrslusvæða			
		-1	Vantar			
DB050	**Lag**	1–99999	Kennimerki lags	Heimili	Rammi, skrá eða úrtakssnið	Að vali
DB050_F	Lag *(flöggun)*	1	Fyllt út			
		2	Aðalúrtakseining sem táknar sig sjálfa			
		3	Hrunið lag vegna einnar aðalúrtakseiningar (einungis fyrir heimili sem valin eru í lagi með einni aðalúrtakseiningu)			
		-2	Á ekki við (engin lagskipting)			
DB060	**Aðalúrtakseining (PSU)**	1–99999	Kennimerki aðalúrtakseiningar	Heimili	Rammi, skrá eða úrtakssnið	Að vali
DB060_F	Aðalúrtakseining (PSU) *(flöggun)*	1	Tilfærsla er framkvæmd á stigi aðalúrtakseiningar (aðalúrtakseining færist inn og út úr úrtakinu)			
		2	Tilfærsla er framkvæmd á stigi annars stigs úrtakseiningar (SSU) eða heimilis (aðalúrtakseiningin verður áfram í úrtakinu allan þann tíma sem könnun ESB um tekjur og lífskjör stendur yfir)			
		-2	Á ekki við (hvorki fyrsta né annað úrtaksstig)			
DB062	**Annars stigs úrtakseining (SSU)**	1–99999	Kennimerki annars stigs úrtakseiningar	Heimili	Rammi, skrá eða úrtakssnið	Að vali

Kennimerki breytu	Heiti breytu	Kóðamerking	Merkingartilvísun	Söfnunareining	Söfnunaraðferð	Viðmiðunar-tímabil
DB062_F	Annars stigs úrtakseining *(flöggun)*	1	Tilfærsla er framkvæmd á stigi aðalúrtakseiningar (aðalúrtakseining færist inn og út úr úrtakinu)			
		2	Tilfærsla er framkvæmd á stigi annars stigs úrtakseiningar (SSU) eða heimilis (aðalúrtakseiningin verður áfram í úrtakinu allan þann tíma sem könnun ESB um tekjur og lífskjör stendur yfir)			
		-2	Á ekki við (hvorki fyrsta né annað úrtaksstig)			
DB070	**Röð við val á aðalúrtak-seiningum**	1–99999	Röð við val á aðalúrtakseiningum	Heimili	Rammi, skrá eða úrtakssnið	Að vali
DB070_F	Röð við val á aðalúrtakseiningum *(flöggun)*	11	Röð úrtaksramma er ákvörðuð fyrir öll könnunarár könnunar ESB um tekjur og lífskjör og aðalúrtakseiningar hafa jöfn vallíkindi (innan ákveðinna laga)			
		12	Röð úrtaksramma er ákvörðuð fyrir öll könnunarár könnunar ESB um tekjur og lífskjör og aðalúrtakseiningar hafa ójöfn vallíkindi (innan ákveðinna laga)			
		21	Röð úrtaksramma gæti breyst með tímanum og aðalúrtakseiningar hafa jöfn vallíkindi (innan ákveðinna laga)			
		22	Röð úrtaksramma gæti breyst með tímanum og aðalúrtakseiningar hafa ójöfn vallíkindi (innan ákveðinna laga)			

Kennimerki breytu	Heiti breytu	Kóðamerking	Merkingartilvísun	Söfnunareining	Söfnunaraðferð	Viðmiðunar-tímabil
		-2	Á ekki við (ekkert kerfisbundið val)			
DB075	**Skiptihópur**	1–9	Skiptihópur	Heimili	Afleidd	Óbreytt
DB075_F	Skiptihópur *(flöggun)*	1	Fyllt út			
		-2	Á ekki við (ekkert skiptisnið er notað)			
DB076	**Viðtalabylgja**	1–9	Viðtalabylgja	Heimili	Afleidd	Núverandi
DB076_F	Viðtalabylgja *(flöggun)*	1	Fyllt út			
DB110	**Staða á heimili**	1	Heimili frá fyrri bylgju: Sama heimilisfang og þegar síðasta viðtal var tekið	Heimili	Spyrill	Núverandi
		2	Heimili frá fyrri bylgju: Allt heimilisfólk hefur flutt á einkaheimili innanlands			
		3	Heimilið er ekki lengur í könnuninni: Allt heimilisfólk hefur flutt á stofnanaheimili eða stofnun innanlands			
		4	Heimilið er ekki lengur í könnuninni: Heimilið flutti til útlanda			
		5	Heimilið er ekki lengur í könnuninni: Allt heimilisfólk er látið			
		6	Heimilið er ekki lengur í könnuninni: Á heimilinu er enginn sem lent hefur í úrtaki könnunarinnar			
		7	Ekki náðist samband við fólk með þetta heimilisfang: Ekki náðist samband við heimilið (t.d. vegna veðurfarsskilyrða)			

Kennimerki breytu	Heiti breytu	Kóðamerking	Merkingartilvísun	Söfnunareining	Söfnunaraðferð	Viðmiðunar-tímabil
		8	Nýtt heimili í þessari bylgju: Sprotaheimili			
		9	Nýtt heimili í þessari bylgju: Nýtt heimilisfang bætist við úrtakið í þessari bylgju eða þeirri fyrstu			
		10	Samrunaheimili			
		11	Ekki náðist samband við fólk með þetta heimilisfang: Horfið heimili (engar upplýsingar eru skráðar um hvað varð um fólkið á heimilinu)			
DB110_F	Staða á heimili *(flöggun)*	1	Fyllt út			
DB120	**Tengiliður á heimilisfanginu**	11	Heimilisfang eða sími þar sem ná má í viðkomandi	Heimili	Spyrill	Núverandi
		21	Ekki náðist samband við fólk með þetta heimilisfang/þennan síma: óstaðsett/fannst ekki			
		22	Ekki náðist samband við fólk með þetta heimilisfang/þennan síma: ekki náðist aðgangur			
		23	Ekki náðist samband við fólk með þetta heimilisfang/þetta símanúmer: ekki til staðar/ekki heimilisfang í íbúðahverfi eða ekki einkaheimili/ekki er búið á heimilinu/ekki með fasta búsetu þar			
DB120_F	Tengiliður á heimilisfanginu *(flöggun)*	1	Fyllt út			
		-2	Á ekki við (DB110 ekki jafnt og 2, 8 eða 9)			
DB130	**Niðurstöður spurningalista fyrir heimili**	11	Lokið við að fylla út spurningalista fyrir heimili	Heimili	Spyrill	Núverandi
		21	Samstarfi hafnað			
		22	Allt heimilisfólk var tímabundið að heiman allan þann tíma sem framkvæmd könnunarinnar stóð			

Kennimerki breytu	Heiti breytu	Kóðamerking	Merkingartilvísun	Söfnunareining	Söfnunaraðferð	Viðmiðunar-tímabil
		23	Heimilisfólk ófært um að svara (sökum veikinda, vanhæfni ...)			
		24	Önnur ástæða			
DB130_F	Niðurstöður spurningalista fyrir heimili *(flöggun)*	1	Fyllt út			
		-1	Vantar			
		-2	Á ekki við (DB120 ekki jafnt og 11 og DB110 ekki jafnt og 1)			
DB135	**Samþykki á heimilisviðtali**	1	Viðtal tækt í gagnagrunn	Heimili	Afleidd	Núverandi
		2	Viðtali hafnað			
DB135_F	Samþykki á heimilisviðtali *(flöggun)*	1	Fyllt út			
		-1	Vantar			
		-2	Á ekki við (DB130 ekki jafnt og 11)			
RB010	**Könnunarár**	*Ár*	Könnunarár	Allir núverandi heimilismenn (á hvaða aldri sem er) og fyrrum heimilismenn	Rammi	Núverandi
RB020	**Búsetuland**	SCL GEO kóði	Búsetuland	Allir núverandi heimilismenn (á hvaða aldri sem er) og fyrrum heimilismenn	Rammi	Óbreytt
HB010	**Könnunarár**	*Ár*	Könnunarár	Heimili	Rammi	Núverandi
HB020	**Búsetuland**	SCL GEO kóði	Búsetuland	Heimili	Rammi	Óbreytt
HB040	**Dagur þegar heimilisviðtal fór fram**	1–31	Dagur þegar heimilisviðtal fór fram	Heimili	Spyrill	Núverandi
HB040_F	Dagur þegar heimilisviðtal fór fram *(flöggun)*	1	Fyllt út			
		-1	Vantar			
HB050	**Mánuður heimilisviðtals**	1–12	Mánuður heimilisviðtals	Heimili	Spyrill	Núverandi
HB050_F	Mánuður heimilisviðtals *(flöggun)*	1	Fyllt út			
		-1	Vantar			
HB060	**Ár heimilisviðtals**	*Ár*	Ár heimilisviðtals	Heimili	Spyrill	Núverandi

Kennimerki breytu	Heiti breytu	Kóðamerking	Merkingartilvísun	Söfnunareining	Söfnunaraðferð	Viðmiðunar-tímabil
HB060_F	Ár heimilisviðtals *(flöggun)*	1	Fyllt út			
HB100	**Fjöldi mínútna sem tekur að fylla út spurningalista fyrir heimili**	1–90	Fjöldi mínútna sem tekur að fylla út spurningalista fyrir heimili	Heimili	Spyrill	Núverandi
HB100_F	Fjöldi mínútna sem tekur að fylla út spurningalista fyrir heimili *(flöggun)*	1	Fyllt út			
		-1	Vantar			
PB010	**Könnunarár**	*Ár*	Könnunarár	Allir núverandi heimilismenn 16 ára og eldri	Rammi	Núverandi
PB020	**Búsetuland**	SCL GEO kóði	Búsetuland	Allir núverandi heimilismenn 16 ára og eldri	Rammi	Óbreytt
PB090	**Dagur þegar einstaklingsviðtal fór fram**	1–31	Dagur þegar einstaklingsviðtal fór fram	Allir núverandi heimilismenn 16 ára og eldri eða valinn svarandi (þar sem við á)	Spyrill	Núverandi
PB090_F	Dagur þegar einstaklingsviðtal fór fram *(flöggun)*	1	Fyllt út			
		-1	Vantar			
		-3	Á ekki við (ekki valinn svarandi (RB245 jafnt og 3))			
PB100	**Dagsetning einstaklingsviðtals**	1–12	Dagsetning einstaklingsviðtals	Allir núverandi heimilismenn 16 ára og eldri eða valinn svarandi (þar sem við á)	Spyrill	Núverandi
PB100_F	Dagsetning einstaklingsviðtals *(flöggun)*	1	Fyllt út			
		-1	Vantar			

Kennimerki breytu	Heiti breytu	Kóðamerking	Merkingartilvísun	Söfnunareining	Söfnunaraðferð	Viðmiðunar-tímabil
		-3	Á ekki við (ekki valinn svarandi (RB245 jafnt og 3))			
PB110	**Ár einstaklingsviðtals**	*Ár*	Ár einstaklingsviðtals	Allir núverandi heimilismenn 16 ára og eldri eða valinn svarandi (þar sem við á)	Spyrill	Núverandi
PB110_F	Ár einstaklingsviðtals *(flöggun)*	1	Fyllt út			
		-1	Vantar			
		-3	Á ekki við (ekki valinn svarandi (RB245 jafnt og 3))			
PB120	**Fjöldi mínútna sem tekur að fylla út spurningalista fyrir einstaklinga**	1–90	Fjöldi mínútna sem tekur að fylla út spurningalista fyrir einstaklinga	Allir núverandi heimilismenn 16 ára og eldri eða valinn svarandi (þar sem við á)	Spyrill	Núverandi
PB120_F	Fjöldi mínútna sem tekur að fylla út spurningalista fyrir einstaklinga *(flöggun)*	1	Fyllt út			
		-1	Vantar			
		-2	Á ekki við (upplýsingar einungis dregnar út frá skrám)			
		-3	Á ekki við (ekki valinn svarandi (RB245 jafnt og 3))			
			AUÐKENNING			
DB030	**Kenninúmer heimilis**	*Kenninúmer*	Kenninúmer heimilis	Heimili	Rammi eða spyrill	Núverandi
RB030	**Kenninúmer einstaklings**	*Kenninúmer*	Kenninúmer einstaklings	Allir núverandi heimilismenn (á hvaða aldri sem er) og fyrrum heimilismenn	Rammi eða spyrill	Óbreytt
RB032	**Raðtala einstaklingsins á heimilinu**	*Númer*	Raðtala einstaklingsins á heimilinu	Allir núverandi heimilismenn (á hvaða aldri sem er)	Rammi eða spyrill	Núverandi
RB032_F	Raðtala einstaklingsins á heimilinu *(flöggun)*	1	Fyllt út			
		-2	Á ekki við (einstaklingsheimili)			

Kennimerki breytu	Heiti breytu	Kóðamerking	Merkingartilvísun	Söfnunareining	Söfnunaraðferð	Viðmiðunar-tímabil
RB040	**Núverandi kenninúmer heimilis**	*Kenninúmer*	Núverandi kenninúmer heimilis	Allir núverandi heimilismenn (á hvaða aldri sem er) og fyrrum heimilismenn	Rammi eða spyrill	Núverandi
RB100	**Úrtakseinstaklingur eða annar íbúi á heimili**	1	Úrtakseinstaklingur	Allir núverandi heimilismenn (á hvaða aldri sem er)	Rammi eða spyrill	Óbreytt
		2	Annar íbúi á heimili			
RB100_F	Úrtakseinstaklingur eða annar íbúi á heimili *(flöggun)*	1	Fyllt út			
		-1	Vantar			
HB030	**Kenninúmer heimilis**	*Kenninúmer*	Kenninúmer heimilis	Heimili	Rammi, skrá eða spyrill	Núverandi
HB070	**Kenninúmer þess einstaklings sem svaraði spurningalistanum fyrir heimilið**	*Kenninúmer*	Kenninúmer þess einstaklings sem svaraði spurningalistanum fyrir heimilið	Heimili	Spyrjandi	Núverandi
HB070_F	Kenninúmer einstaklingsins sem svaraði spurningalistanum fyrir heimilið *(flöggun)*	1	Fyllt út			
		-1	Vantar			
PB030	**Kenninúmer einstaklings**	*Kenninúmer*	Kenninúmer einstaklings	Allir núverandi heimilismenn 16 ára og eldri	Rammi, skrá eða spyrill	Óbreytt
PB265	**Kenninúmer þess einstaklings sem fyllti út spurningalistann fyrir einstaklinginn**	*Kenninúmer*	Kenninúmer þess einstaklings sem fyllti út spurningalistann fyrir einstaklinginn	Allir núverandi heimilismenn 16 ára og eldri eða valinn svarandi (þar sem við á)	Spyrjandi	Núverandi
PB265_F	Kenninúmer einstaklingsins sem fyllti út spurningalista fyrir einstakling *(flöggun)*	1	Fyllt út			
		-1	Vantar			
		-2	Á ekki við (PB260 ekki jafnt og 2)			
			VOGIR			
DB080	**Hönnunarvog heimilis**	*Vog*	Hönnunarvog heimilis	Heimili	Samsett	Núverandi
DB080_F	Hönnunarvog heimilis *(flöggun)*	1	Fyllt út			
		-2	Á ekki við (ekki fyrsta ár könnunarinnar eða sprotaheimili)			

Kennimerki breytu	Heiti breytu	Kóðamerking	Merkingartilvísun	Söfnunareining	Söfnunaraðferð	Viðmiðunar-tímabil
DB090	**Þversniðsvog heimilis**	*Vog*	Þversniðsvog heimilis	Heimili	Samsett	Núverandi
DB090_F	Þversniðsvog heimilis *(flöggun)*	1	Fyllt út			
		-7	Á ekki við (DB010 ekki jafnt og „síðasta ár framkvæmdar“)			
DB095	**Langsniðsvog heimilis**	*Vog*	Langsniðsvog heimilis	Heimili	Samsett	Núverandi
DB095_F	Langsniðsvog heimilis *(flöggun)*	1	Fyllt út			
		-2	Á ekki við (DB110 jafnt 9 og DB010 jafnt og „síðasta ár framkvæmdar“)			
RB050	**Þversniðsvog einstaklings**	*Vog*	Þversniðsvog einstaklings	Allir núverandi heimilismenn (á hvaða aldri sem er)	Samsett	Núverandi
RB050_F	Þversniðsvog einstaklings *(flöggun)*	1	Fyllt út			
		-7	Á ekki við (RB010 ekki jafnt og „síðasta ár framkvæmdar“)			
RB060	**Grunnvog einstaklings**	*Vog*	Grunnvog einstaklings	Allir núverandi heimilismenn (á hvaða aldri sem er)	Samsett	Núverandi
RB060_F	Grunnvog einstaklings *(flöggun)*	1	Fyllt út			
RB062	**Langsniðsvog (tveggja ára tímabil)**	*Vog*	Langsniðsvog (tveggja ára tímabil)	Allir núverandi heimilismenn (á hvaða aldri sem er)	Samsett	Núverandi
RB062_F	Langsniðsvog (tveggja ára tímabil) *(flöggun)*	1	Fyllt út			
		-1	Vantar			
		-2	Á ekki við (einungis eins árs ferill fyrir einstaklinginn, þ.e. einstaklingur í fyrstu bylgju)			
RB063	**Langsniðsvog (þriggja ára tímabil)**	*Vog*	Langsniðsvog (þriggja ára tímabil)	Allir núverandi heimilismenn (á hvaða aldri sem er)	Samsett	Núverandi

Kennimerki breytu	Heiti breytu	Kóðamerking	Merkingartilvísun	Söfnunareining	Söfnunaraðferð	Viðmiðunar-tímabil
RB063_F	Langsniðsvog (þriggja ára tímabil) *(flöggun)*	1	Fyllt út			
		-1	Vantar			
		-2	Á ekki við (skemmri en þriggja ára ferill fyrir einstaklinginn, þ.e. einstaklingur í fyrstu eða annarri bylgju)			
RB064	**Langsniðsvog (fjögurra ára tímabil)**	*Vog*	Langsniðsvog (fjögurra ára tímalengd)	Allir núverandi heimilismenn (á hvaða aldri sem er)	Samsett	Núverandi
RB064_F	Langsniðsvog (fjögurra ára tímabil) *(flöggun)*	1	Fyllt út			
		-1	Vantar			
		-2	Á ekki við (skemmri en fjögurra ára ferill fyrir einstaklinginn, þ.e. einstaklingur í fyrstu, annarri eða þriðju bylgju)			
RB065	**Langsniðsvog (fimm ára tímabil)**	*Vog*	Langsniðsvog (fimm ára tímabil)	Allir núverandi heimilismenn (á hvaða aldri sem er)	Samsett	Núverandi
RB065_F	Langsniðsvog (fimm ára tímabil) *(flöggun)*	1	Fyllt út			
		-1	Vantar			
		-2	Á ekki við (skemmri en fimm ára ferill fyrir einstaklinginn, þ.e. einstaklingur í fyrstu, annarri, þriðju eða fjórðu bylgju)			
		-5	Á ekki við (land er með fjögurra ára panilkönnun)			
RB066	**Langsniðsvog (sex ára tímabil)**	*Vog*	Langsniðsvog (sex ára tímabil)	Allir núverandi heimilismenn (á hvaða aldri sem er)	Samsett	Núverandi
RB066_F	Langsniðsvog (sex ára tímabil) *(flöggun)*	1	Fyllt út			
		-1	Vantar			
		-2	Á ekki við (skemmri en sex ára ferill fyrir einstaklinginn, þ.e. einstaklingur í fyrstu, annarri, þriðju, fjórðu eða fimmtu bylgju)			

Kennimerki breytu	Heiti breytu	Kóðamerking	Merkingartilvísun	Söfnunareining	Söfnunaraðferð	Viðmiðunar-tímabil
		-5	Á ekki við (land er með fjögurra ára panilkönnun)			
RL070	**Þversniðsvog barna að því er varðar barnaumönnun**	*Vog*	Þversniðsvog barna að því er varðar barnaumönnun	Allir núverandi heimilismenn 12 ára eða yngri (aldur á dagsetningu viðtals)	Samsett	Núverandi
RL070_F	Þversniðsvog barna að því er varðar barnaumönnun *(flöggun)*	1	Fyllt út			
		-2	Á ekki við (einstaklingur eldri en 12 ára á dagsetningu viðtals)			
		-7	Á ekki við (RB010 ekki jafnt og „síðasta ár framkvæmdar“)			
PB040	**Þversniðsvog einstaklinga (allir heimilismenn 16 ára og eldri)**	*Vog*	Þversniðsvog einstaklinga (allir heimilismenn 16 ára og eldri)	Allir núverandi heimilismenn 16 ára og eldri	Samsett	Núverandi
PB040_F	Þversniðsvog einstaklinga (allir heimilismenn 16 ára og eldri) *(flöggun)*	1	Fyllt út			
		-7	Á ekki við (RB010 ekki jafnt og „síðasta ár framkvæmdar“)			
PB050	**Grunnvog einstaklings (allir heimilismenn 16 ára eða eldri)**	*Vog*	Grunnvog einstaklings (allir heimilismenn 16 ára eða eldri)	Allir núverandi heimilismenn 16 ára og eldri	Samsett	Núverandi
PB050_F	Grunnvog einstaklings (allir heimilismenn 16 ára eða eldri) *(flöggun)*	1	Fyllt út			
PB060	**Þversniðsvog einstaklings að því er varðar valinn svaranda**	*Vog*	Þversniðsvog einstaklings fyrir valinn svaranda	Allir núverandi heimilismenn 16 ára og eldri	Samsett	Núverandi
PB060_F	Þversniðsvog einstaklings að því er varðar valinn svaranda *(flöggun)*	1	Fyllt út			
		-2	Á ekki við (landið notar ekki líkanið fyrir valinn svaranda)			

Kennimerki breytu	Heiti breytu	Kóðamerking	Merkingartilvísun	Söfnunareining	Söfnunaraðferð	Viðmiðunar-tímabil
		-3	Á ekki við (ekki valinn svarandi (RB245 jafnt og 3))			
		-7	Á ekki við (PB010 ekki jafnt og „síðasta ár framkvæmdar“)			
PB070	**Úrtaksvog einstaklings fyrir valinn svaranda**	*Vog*	Úrtaksvog einstaklings fyrir valinn svaranda	Allir núverandi heimilismenn 16 ára og eldri	Samsett	Núverandi
PB070_F	Úrtaksvog einstaklings fyrir valinn svaranda *(flöggun)*	1	Fyllt út			
		-2	Á ekki við (landið notar ekki líkanið fyrir valinn svaranda)			
		-3	Á ekki við (ekki valinn svarandi (RB245 jafnt og 3))			
PB080	**Grunnvog einstaklings fyrir valinn svaranda**	*Vog*	Grunnvog einstaklings fyrir valinn svaranda	Allir núverandi heimilismenn 16 ára og eldri	Samsett	Núverandi
PB080_F	Grunnvog einstaklings fyrir valinn svaranda *(flöggun)*	1	Fyllt út			
		-2	Á ekki við (landið notar ekki líkanið fyrir valinn svaranda)			
		-3	Á ekki við (ekki valinn svarandi (RB245 jafnt og 3))			
SKRÁNINGARATRIÐI VIÐTALA						
RB250	**Staða gagna**	11	Upplýsingaöflun lokið eingöngu á grundvelli viðtals	Allir núverandi heimilismenn (á hvaða aldri sem er)	Spyrill	Núverandi
		12	Upplýsingaöflun lokið eingöngu með upplýsingum úr skrám			
		13	Upplýsingaöflun lokið með hvoru tveggja: úr viðtölum og úr skrám			
		14	Upplýsingaöflun lokið með fullum tilreikningi á gögnum			

Kennimerki breytu	Heiti breytu	Kóðamerking	Merkingartilvísun	Söfnunareining	Söfnunaraðferð	Viðmiðunar-tímabil
		21	Einstaklingur ófær um að svara (sökum veikinda, vanhæfni, o.s.frv.) og enginn til svara sem staðgengill hans			
		22	Skilaði ekki spurningalista sem svarendur ljúka við að fylla út sjálfir			
		23	Samstarfi hafnað			
		31	Einstaklingur tímabundið að heiman og enginn til svara sem staðgengill hans			
		32	Samband náðist ekki af öðrum ástæðum			
		33	Upplýsingaöflun ekki lokið: ástæða ókunn			
RB250_F	Staða gagna *(flöggun)*	1	Fyllt út			
		-2	Á ekki við (RB245 ekki jafnt og 1, 2 eða 3)			
HB130	**Notaður viðtalshamur (heimili)**	1	Einstaklingsviðtal þar sem svarað er á pappír (PAPI)	Heimili	Spyrill	Núverandi
		2	Einstaklingsviðtal með aðstoð tölvu (CAPI)			
		3	Símaviðtal með aðstoð tölvu (CATI)			
		4	Vefviðtal með aðstoð tölvu (CAWI)			
		5	Annað			
HB130_F	Notaður viðtalshamur (heimili) *(flöggun)*	1	Fyllt út			
		-1	Vantar			
PB260	**Eðli þátttöku í könnuninni**	1	Bein þátttaka	Allir núverandi heimilismenn 16 ára og eldri eða valinn svarandi (þar sem við á)	Spyrill	Núverandi
		2	Óbein þátttaka			
PB260_F	Ástæða fyrir þátttöku í könnuninni *(flöggun)*	1	Fyllt út			
		-1	Vantar			

Kennimerki breytu	Heiti breytu	Kóðamerking	Merkingartilvísun	Söfnunareining	Söfnunaraðferð	Viðmiðunar-tímabil
		-3	Á ekki við (ekki valinn svarandi (RB245 jafnt og 3))			
PB270	**Notaður viðtalshamur (einstaklingur)**	1	Einstaklingsviðtal þar sem svarað er á pappír (PAPI)	Allir núverandi heimilismenn 16 ára og eldri eða valinn svarandi (þar sem við á)	Spyrill	Núverandi
		2	Einstaklingsviðtal með aðstoð tölvu (CAPI)			
		3	Símaviðtal með aðstoð tölvu (CATI)			
		4	Vefviðtal með aðstoð tölvu (CAWI)			
		5	Annað			
PB270_F	Notaður viðtalshamur (einstaklingur) *(flöggun)*	1	Fyllt út			
		-1	Vantar			
		-3	Á ekki við (ekki valinn svarandi (RB245 jafnt og 3))			
STAÐSETNING						
DB100	**Þéttbýlisstig**	1	Borgir	Heimili	Samsett	Núverandi
		2	Bæir og úthverfi			
		3	Dreifbýli			
FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/1569 **2025/EES/42/07**

frá 23. júlí 2020

um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 692/2011 um flokkun búsetulanda gesta sem nota gistiaðstöðu fyrir ferðamenn í tengslum við útgöngu Bretlands úr Sambandinu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 692/2011 frá 6. júlí 2011 um evrópskar hagskýrslur um ferðamál ([1]), einkum 2. mgr. 3. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Bretland gekk úr Sambandinu þann 1. febrúar 2020.

2) Samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 692/2011 skulu aðildarríkin afhenda framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) gögn um framboð og nýtingu gistiaðstöðu fyrir ferðamenn í samræmi við I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 692/2011. Í þeim viðauka eru m.a. skilgreindir þeir flokkar landa og landfræðileg búsetusvæði gesta sem dvelja í gistiaðstöðu fyrir ferðamenn sem gerð er krafa um.

3) Í reglugerð (ESB) nr. 692/2011 kemur fram óbein tilvísun í Bretland í flokknum „Evrópusambandið (Sambandið), gefið upp hvert fyrir sig: hvert aðildarríki“ samkvæmt flokkuninni sem beita á fyrir 2. þátt I. viðauka eins og skráð er í 3. þætti I. viðauka.

4) Í kjölfar útgöngu Bretlands úr Sambandinu er Bretland ekki lengur hluti af þeim flokki. Það er því ekki lengur skylda aðildarríkjanna að leggja fram aðskilin gögn sem varða Bretland samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 692/2011.

5) Ferðaþjónustan í Sambandinu gegnir mikilvægu hlutverki í atvinnulífi aðildarríkjanna þar eð í henni felast fjölmörg atvinnutækifæri. Evrópskar hagskýrslur um ferðaþjónustu eru nauðsynlegar til að láta í té mat á samkeppnishæfni greinarinnar og umfangi og flæði ferðaþjónustu.

6) Að teknu tilliti til þess hve Bretland skapar mikilvægan markað fyrir ferðaþjónustu í Sambandinu er brýnt að tryggja samfellu í afhendingu gagna frá aðildarríkjunum að því er varðar Bretland sem mótaðila eftir úrsögn þess úr Sambandinu.

7) Í kjölfar þess að Bretland verður þriðja land þarf að breyta stöðu þess í flokkun landa og landfræðilegra búsetusvæða gesta sem dvelja í gistiaðstöðu fyrir ferðamenn til samræmis við það.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 359, 29.10.2020, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 170/2023 frá 13. Júní 2023 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 87, 30.11.2023, bls. 45.

([1]) Stjtíð. ESB L 192, 22.7.2011, bls. 17.

8) Því ætti að breyta 3. þætti „E. Lönd og landsvæði“ í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 692/2011 til að bæta við Bretlandi sem sérstöku búsetulandi gesta sem dvelja í gistiaðstöðu fyrir ferðamenn. Slík uppfærsla færir einungis Bretland úr einum flokki til annars og hefur því hvorki áhrif á skýrslugjafarbyrði né breytir viðeigandi undirliggjandi hugtakaramma.

9) Ekki er ráðlegt að færa land eða landsvæði frá einum flokki til annars innan tiltekins viðmiðunarárs. Æskilegra er að beita breyttri flokkun fyrir allt árið frá og með viðmiðunarárinu 2020.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 692/2011 er breytt sem hér segir:

Í 3. þætti er lið „E. Lönd og landsvæði“ breytt sem hér segir:

1) Í stað þriðja undirliðar kemur eftirfarandi:

„— önnur lönd í Evrópu (að undanskildu Sambandinu eða EFTA, Bretland, Rússland, Tyrkland og Úkraína eru þar ekki meðtalin),“.

2) Eftirfarandi undirlið er skeytt inn á undan „– Rússland,“:

„— Bretland,“.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og gildir frá og með viðmiðunarárinu 2020.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. júlí 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/1179 **2025/EES/42/08**

frá 16. júlí 2021

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1051/2011 að því er varðar heildartöflur og einstaklingsbundnar gagnaskrár fyrir gagnasendingar (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 692/2011 frá 6. júlí 2011 um evrópskar hagskýrslur um ferðamál og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 95/57/EB ([1]), einkum 2. og 3. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1051/2011 ([2]) er mælt fyrir um skiptastaðla fyrir heildartöflur og einstaklingsbundnar gagnaskrár.

2) Eftir gildistöku framseldar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1681 ([3]) sem mælir fyrir um tæknilegar breytingar á afhendingarsniði árlegra gagna sem senda á til framkvæmdastjórnarinnar er nauðsynlegt að breyta II. og III. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1051/2011 að því er varðar heildartöflur og einstaklingsbundnar gagnaskrár fyrir gagnasendingar.

3) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1051/2011 til samræmis við það.

4) Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari reglugerð eru í samræmi við álit nefndarinnar um evrópska hagskýrslukerfið sem komið var á fót skv. 7. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 223/2009 ([4]).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1051/2011 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á II. viðauka:

undir „Yfirskrift“, er gagnasöfnunum sem eru skráð í þriðja undirlið breytt eins og hér segir:

1) í stað „int_cap_annual“ kemur „TOUR_CAP_A“,

2) í stað „int_occ_annual“ kemur „TOUR_OCC_A“,

3) í stað „int_occ_mnight“ kemur „TOUR_NIGHTS_M“,

4) í stað „int_cap_marrno“ kemur „TOUR_ARRNOCC_M“,

5) í stað „int_non_rented“ kemur „TOUR_NONRENT_A“,

6) í stað „nat_dem_partic“ kemur „TOUR_PARTIC_A“,

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 256, 19.7.2021, bls. 89. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 171/2023 frá 13. Júní 2023 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 87, 30.11.2023, bls. 46.

([1]) Stjtíð. ESB L 192, 22.7.2011, bls. 17.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1051/2011 frá 20. október 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 692/2011 um evrópskar hagskýrslur um ferðamál að því er varðar uppbyggingu gæðaskýrslna og sendingu gagna (Stjtíð. ESB L 276, 21.10.2011, bls. 13).

([3]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1681 frá 1. ágúst 2019 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 692/2011 um evrópskar hagskýrslur um ferðamál að því er varðar skilafresti og aðlögun á I. og II. viðauka (Stjtíð. ESB L 258, 9.10.2019, bls. 1).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 223/2009 frá 11. mars 2009 um evrópskar hagskýrslur og niðurfellingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB, KBE) nr. 1101/2008 um afhendingu gagna sem eru háð trúnaðarkvöðum í hagskýrslum til Hagstofu Evrópubandalaganna, reglugerðar ráðsins (EB) nr. 322/97 um hagskýrslur Bandalagsins og ákvörðunar ráðsins 89/382/EBE, KBE um að koma á fót hagskýrsluáætlunarnefnd Evrópubandalaganna (Stjtíð. ESB L 87, 31.3.2009, bls. 164).

7) í stað „nat_dem_sdvout“ kemur „TOUR_SDVOUT_Q“,

8) í stað „nat_dem_sdvdom“ kemur „TOUR_SDVDOM_Q“.

2) Í stað III. viðauka kemur texti viðaukans við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. júlí 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

„III. VIÐAUKI

Einstaklingsbundnar gagnaskrá fyrir sendingu gagna sem skráð eru í 2. þátt II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 692/2011

Uppbygging skrár og kóðun: hagnýtt fyrirkomulag

Hver athuguð ferð skal vera einstaklingsskrá í hverri sendri einstaklingsbundinni gagnaskrá. Þessi einstaklingsbundna gagnaskrá skal vera að fullu yfirfarin, henni breytt og, þegar nauðsyn krefur, tilreiknuð og skal hún fylgja uppbyggingu skrárinnar og kóðunarinnar sem er lýst í töflunni hér á eftir. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) mun láta í té viðbótarleiðbeiningar fyrir afhendingarsniðið.

Litið er svo á að gögn sem ekki eru í samræmi við skiptastaðlana, sem eru settir fram í þessum viðauka, hafi ekki verið send.

Yfirskrift

Tilgangur þessarar yfirskriftar er að auðkenna afhentar gagnaraðir. Hún skal innihalda fjögur svið:

— *Viðmiðunartímabil* skal samanstanda af sjö stöfum, fyrstu fjórir auðkenna árið og þrír síðustu auðkenna tímabilið innan ársins (A00).

— *Landskóði skal* samanstanda af tveimur stöfum sem innihalda tveggja stafa landskóða aðildarríkisins sem sendir gögnin. Dæmi: BE (Belgía), BG (Búlgaría), …

— *Viðfangsefnið* skal samanstanda af auðkenni gagnasafnsins: nat_dem_microdata.

— *Gjaldmiðill* auðkennir gjaldmiðilinn sem útgjöld eru tilkynnt í (EUR eða NAC). Þótt aðildarríki evrusvæðisins skuli leggja fram gögn í evrum (kóði EUR) geta aðildarríki utan evrusvæðis tilkynnt gögn annaðhvort í evrum eða innlendum gjaldmiðli sínum (kóði NAC). Hins vegar þarf að tilkynna öll útgjöld í sama gjaldmiðli í einni skrá.

Gögn

Heiti dálks	Auðkenni	Lýsing	Sía/athugasemdir
ID	000001–999999	**Raðnúmer ferðar**	
		SKRÁNINGARATRIÐI FERÐAR	
Reitur 1		**Brottfarármánuður**	
	01–24	Númer mánaðarins (janúar á viðmiðunarárinu = 01, desember á viðmiðunarárinu = 12; janúar á fyrra almanaksárinu = 13, desember á fyrra almanaksárinu = 24)	
Reitur 2		**Tímalengd ferðar í fjölda nátta**	
	001–366	Fjöldi nátta (að hámarki 3 tölustafir)	
Reitur 3		**Tímalengd ferðar: fjöldi nátta sem eytt er innanlands**	Einungis fyrir utanlandsferðir Breyta til þriggja ára, í valkvæðum árum: kóði = Autt
	000–183	Fjöldi nátta (að hámarki 3 tölustafir)	
Reitur 4		**Aðalákvörðunarland**	

Heiti dálks	Auðkenni	Lýsing	Sía/athugasemdir
		Kóðun samkvæmt landsskránni í aðferðafræðihandbókinni sem samin var skv. 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 692/2011	
Reitur 5		**Megintilgangur ferðar**	
	1	Einka-/persónulegur tilgangur: tómstundir, afþreying og frí	
	2	Einka-/persónulegur tilgangur: að heimsækja ættingja eða vini	
	3	Einka-/persónulegur tilgangur: annað (t.d. heilsumeðferð, píla-grímsferð)	
	4	Fagleg-/viðskiptaferð	
		Tegund ákvörðunarstaðar	Breyta til þriggja ára, í valkvæðum árum: kóði = Autt
Reitur 6	1	Borg = Já	
	2	Borg = Nei	
	9	Borg = Á ekki við (Reitur 5 = 4)	
Reitur 7	1	Við sjávarsíðu = Já	
	2	Við sjávarsíðu = Nei	
	9	Við sjávarsíðu = Á ekki við (Reitur 5 = 4)	
Reitur 8	1	Landsbyggð (þ.m.t. við vatnsbakka, árbakka, o.s.frv.) = Já	
	2	Landsbyggð (þ.m.t. við vatnsbakka, árbakka, o.s.frv.) = Nei	
	9	Landsbyggð (þ.m.t. við vatnsbakka, árbakka, o.s.frv.) = Á ekki við (Reitur 5 = 4)	
Reitur 9	1	Skemmtiferðaskip = Já	
	2	Skemmtiferðaskip = Nei	
	9	Skemmtiferðaskip = Á ekki við (Reitur 5 = 4)	
Reitur 10	1	Fjalllendi (hálendi, hæðir, o.s.frv.) = Já	
	2	Fjalllendi (hálendi, hæðir, o.s.frv.) = Nei	
	9	Fjalllendi (hálendi, hæðir, o.s.frv.) = Á ekki við (Reitur 5 = 4)	
Reitur 11	1	Annað = Já	
	2	Annað = Nei	
	9	Annað = Á ekki við (Reitur 5 = 4)	
Reitur 12		**Þátttaka barna**	Breyta til þriggja ára, í valkvæðum árum: kóði = Autt
	1	Já	
	2	Nei	

Heiti dálks	Auðkenni	Lýsing	Sía/athugasemdir
	9	Á ekki við (Reitur 5 = 4)	
Reitur 13		**Helsti ferðamáti**	
	1	Flug (flugferðir, í áætlunarflugi eða leiguflugi eða önnur flugþjónusta)	
	2	Vatnaleið (farþegaskip og ferjur, skemmtiferðaskip, skemmtibátar, leigð skip, o.s.frv.)	
	3	Járnbrautir	
	4	Strætisvagnar, langferðabifreiðar (reglulegar leiðir/samkvæmt áætlun eða tilfallandi/óreglubundið)	
	5	Strætisvagnar eða langferðabifreiðar á reglulegum leiðum eða samkvæmt áætlun	Valkvæð sundurliðun
	6	Strætisvagnar eða langferðabifreiðar í tilfallandi eða óreglubundnum ferðum	Valkvæð sundurliðun
	7	Vélknúið ökutæki einkaaðila (í einkaeigu eða leigt, þ.m.t. bifreið vina eða vandamanna)	
	8	Leigt vélknúið ökutæki (þ.m.t. vettvangar fyrir samnýtingu bíla)	
	9	Annað (t.d. reiðhjól)	
Reitur 14		**Helstu gistingarkostir**	
	1	Leigð gistiaðstaða: hótel eða svipuð fyrirtæki	
	2	Leigð gistiaðstaða: tjaldstæði, eða svæði fyrir hjólhýsi (ekki föst búseta)	
	3	Leigð gistiaðstaða: eins og hús, einbýlishús, íbúð; leigð eða leigt herbergi í íbúð	
	4	Leigð gistiaðstaða: önnur leigð gistiaðstaða (eins og farfuglaheimili, smábátahafnir, heilbrigðisstofnanir)	
	5	Gistiaðstaða utan leigumarkaðar: eigið orlofsheimili	
	6	Gistiaðstaða utan leigumarkaðar: gistiaðstaða án endurgjalds hjá ættingjum eða vinum	
	7	Gistiaðstaða utan leigumarkaðar: önnur gistiaðstaða utan leigumarkaðar	
Reitur 15		**Bókun ferðarinnar: bókun helstu gistingarkosta á netinu**	Breyta til þriggja ára, í valkvæðum árum: kóði = Autt
	1	Já	
	2	Nei	
Reitur 16		**Bókun ferðarinnar: bókunarmiðlar fyrir helstu gistingarkosti**	Breyta til þriggja ára, í valkvæðum árum: kóði = Autt

Heiti dálks	Auðkenni	Lýsing	Sía/athugasemdir
	1	Beint hjá veitanda gistiaðstöðu	
	2	Fyrir milligöngu ferðaskrifstofu, ferðaskipuleggjanda, vefseturs eða leigumiðlunar fasteignar eða orlofshúsnæðis til skamms tíma þar sem margir veitendur gistiaðstöðu eru skráðir	
	3	Bókunar varð ekki þörf	
Reitur 17		**Bókun helstu gistingarkosta fyrir milligöngu vefseturs eða smáforrits eins og Airbnb, Booking.com, Expedia, HomeAway**	Breyta til þriggja ára, í valkvæðum árum: kóði = Autt
	1	Já	
	2	Nei	
	9	Á ekki við (Reitur 14 ≠ 3 eða Reitur 15 ≠ 1 eða Reitur 16 ≠ 2)	
Reitur 18		**Bókun ferðarinnar: bókun helstu ferðamáta á Netinu**	Breyta til þriggja ára, í valkvæðum árum: kóði = Autt
	1	Já	
	2	Nei	
Reitur 19		**Bókun ferðarinnar: bókunarmiðlar fyrir helstu ferðamáta**	Breyta til þriggja ára, í valkvæðum árum: kóði = Autt
	1	Beint hjá flutningsveitanda	
	2	Fyrir milligöngu ferðaskrifstofu, ferðaskipuleggjanda, vefseturs	
	3	Bókunar varð ekki þörf	
Reitur 20		**Bókun helstu ferðamáta fyrir milligöngu vefseturs eða smáforrits eins og BlaBlaCar**	Valkvæð breyta til þriggja ára, ef ekki send: kóði = Autt
	1	Já	
	2	Nei	
	9	Á ekki við (Reitur 18 ≠ 1 eða Reitur 19 ≠ 2)	
Reitur 21		**Bókun ferðarinnar: pakkaferð**	Breyta til þriggja ára, í valkvæðum árum: kóði = Autt
	1	Já	
	2	Nei	
Reitur 22		**Bókun ferðarinnar: bókun pakkans á Netinu**	Breyta til þriggja ára, í valkvæðum árum: kóði = Autt
	1	Já	
	2	Nei	

Heiti dálks	Auðkenni	Lýsing	Sía/athugasemdir
Reitur 23		**Útgjöld í tengslum við pakkaferð einstaks ferðamanns**	
	00000000–99999998	Fjárhæð í evrum (eða í innlendum gjaldmiðli fyrir aðildarríki utan evrusvæðisins) (að hámarki 8 tölustafir)	
Reitur 24		**Flutningskostnaður í tengslum við ferð einstaks ferðamanns**	
	00000000–99999998	Fjárhæð í evrum (eða í innlendum gjaldmiðli fyrir aðildarríki utan evrusvæðisins) (að hámarki 8 tölustafir)	
Reitur 25		**Gistikostnaður í tengslum við ferð einstaks ferðamanns**	
	00000000–99999998	Fjárhæð í evrum (eða í innlendum gjaldmiðli fyrir aðildarríki utan evrusvæðisins) (að hámarki 8 tölustafir)	
Reitur 26		**Matar- og drykkjakostnaður á kaffihúsum og veitingastöðum vegna ferðar einstaks ferðamanns**	Valkvæð breyta, ef ekki send: kóði = Autt
	00000000–99999998	Fjárhæð í evrum (eða í innlendum gjaldmiðli fyrir aðildarríki utan evrusvæðisins) (að hámarki 8 tölustafir)	
Reitur 27		**Önnur útgjöld í tengslum við ferð einstaks ferðamanns (samtals annað, þ.m.t. varanlegar neysluvörur og verðmætar vörur)**	
	00000000–99999998	Fjárhæð í evrum (eða í innlendum gjaldmiðli fyrir aðildarríki utan evrusvæðisins) (að hámarki 8 tölustafir)	
Reitur 28		**Varanlegar neysluvörur og verðmætar vörur (undirflokkur „Önnur útgjöld í tengslum við ferð einstaks ferðamanns“)**	
	00000000–99999998	Fjárhæð í evrum (eða í innlendum gjaldmiðli fyrir aðildarríki utan evrusvæðisins) (að hámarki 8 tölustafir)	
		Lýsing gestsins	
Reitur 29		**Kyn**	
	1	Karl	
	2	Kona	
Reitur 30		**Aldur**	
	000–198	Fjöldi fullra ára (3 tölustafir)	
Reitur 31		**Búsetuland**	
		Tveggja bókstafa landskóði (Belgía = BE, Búlgaría = BG ...)	
Reitur 32		**Menntunarstig**	Valkvæð breyta, ef ekki send: kóði = Autt

Heiti dálks	Auðkenni	Lýsing	Sía/athugasemdir
	1	Unglingastig (ISCED 2011 stig 0–2)	
	2	Framhaldsskólastig og viðbótarstig (ekki háskólastigs) (ISCED 2011, stig 3 og 4)	
	3	Háskólastig (ISCED 2011 stig 5–8)	
Reitur 33		**Atvinnustaða**	Valkvæð breyta, ef ekki send: kóði = Autt
	1	Í vinnu (starfsmaður eða sjálfstætt starfandi)	
	2	Atvinnulaus	
	3	Háskólanemi (eða nemandi)	
	4	Aðrir sem eru utan vinnuafls	
Reitur 34		**Tekjur heimilis eftir tekjufjórðungum**	Valkvæð breyta, ef ekki send: kóði = Autt“
	1	Fyrsti tekjufjórðungur	
	2	Annar tekjufjórðungur	
	3	Þriðji tekjufjórðungur	
	4	Fjórði tekjufjórðungur	
		Hækkunarstuðull	
		Hækkunarstuðull frá úrtaki til þýðis	
Reitur 35	000000–999999	Reitur 35 inniheldur heilar tölur	
Reitur 36	000–999	Reitur 36 inniheldur tugasæti	

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/1948 **2025/EES/42/09**

frá 10. nóvember 2021

um meðferð á endurgreiðslu virðisaukaskatts til óskattskyldra aðila og til skattskyldra aðila vegna starfsemi sem nýtur undanþágu í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/516 um samræmingu vergra þjóðartekna á markaðsvirði (reglugerð um vergar þjóðartekjur) og niðurfellingu ákvörðunar 1999/622/EB, KBE og reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB, KBE) nr. 116/2005 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/516 frá 19. mars 2019 um samræmingu vergra þjóðartekna á markaðsvirði og niðurfellingu á tilskipun ráðsin 89/130/EBE, KBE og reglugerð ráðsins (EB, KBE) nr. 1287/2003 (reglugerð um vergar þjóðartekjur) ([1]), einkum 3. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Meðhöndlun endurgreiðslna virðisaukaskatts er eitt af atriðunum sem eru skilgreind í framseldri reglugerð fram kvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2147 ([2]) í skránni yfir atriði sem taka á til skoðunar í hverri sannreyningarlotu til að tryggja að gögn um vergar þjóðartekjur á markaðsvirði séu áreiðanleg, tæmandi og sambærileg.

2) Svo að gögn um vergar þjóðartekur séu áreiðanleg, tæmandi og sambærileg þarf að gera nánari grein fyrir skilgreiningunni á meðferð endurgreiðslna virðisaukaskatts til óskattskyldra aðila og skattskyldra aðila vegna starfsemi þeirra sem nýtur undanþágu.

3) Bera ætti saman samtölur vergra þjóðartekna og efnisþátta þeirra í öllum aðildarríkjunum og ættu þær að vera í samræmi við viðeigandi skilgreiningar og reikningsskilareglur Evrópska þjóðhagsreikningakerfisins 2010 („ESA 2010“) ([3]).

4) Af þeim sökum ætti að fella úr gildi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/622/EB, KBE ([4]) og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB, KBE) nr. 116/2005 ([5]) úr gildi.

5) Í tilskipun ráðsins 2006/112/EB ([6]) eru hugtökin um skattskyldan einstakling, óskattskyldan einstakling og undanþegna starfsemi notuð og þau ætti einnig að nota að því er varðar þessa gerð.

6) Í Evrópska þjóðhagsreikningakerfinu 2010 er ekki tilgreind sérstaklega meðferð endurgreiðslna virðisaukaskatts til óskattskyldra aðila og skattskyldra aðila fyrir starfsemi sem nýtur undanþágu.

7) Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari reglugerð eru í samræmi við álit nefndar um evrópska hagskýrslukerfið sem um getur í 8. gr. reglugerðar (ESB) 2019/516.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 398, 11.11.2021, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 172/2023 frá 13. Júní 2023 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 87, 30.11.2023, bls. 47.

([1]) Stjtíð. ESB L 91, 29.3.2019, bls. 19.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2147 frá 8. október 2020 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/516 með því að skilgreina skrá yfir atriði sem á að fjalla um í hverri sannreyningarlotu (Stjtíð. ESB L 428, 18.12.2020, bls. 9).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 549/2013 frá 21. maí 2013 um evrópskt þjóðhags- og svæðisreikningakerfi í Evrópusambandinu (Stjtíð. ESB. L 174, 26.6.2013, bls. 1).

([4]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/622/EB, KBE frá 8. september 1999 um meðferð á endurgreiðslum virðisaukaskatts til ógjaldskyldra eininga og gjaldskyldra eininga vegna starfsemi sem nýtur undanþágu, að því er varðar framkvæmd tilskipunar ráðsins 89/130/EBE, KBE um samræmingu skýrslugerðar um verga þjóðarframleiðslu á markaðsvirði (Stjtíð. EB L 245, 17.9.1999, bls. 51).

([5]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB, KBE) nr. 116/2005 frá 26. janúar 2005 um meðferð á endurgreiðslu virðisaukaskatts til óskattskyldra aðila og til skattskyldra aðila vegna starfsemi sem nýtur undanþágu að því er varðar reglugerð ráðsins (EB, KBE) nr. 1287/2003 um samræmingu vergra þjóðartekna á markaðsvirði (Stjtíð. ESB L 24, 27.1.2005, bls. 6).

([6]) Tilskipun ráðsins 2006/112/EB frá 28. nóvember 2006 um sameiginlega virðisaukaskattkerfið (Stjtíð. ESB L 347, 11.12.2006, bls. 1).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Við samantekt lykilstærða þjóðhagsreikninga, að því er varðar reglugerð (ESB) 2019/516, skal fara með endurgreiðslur virðisaukaskatts, sem stofnað var til með innkaupum, til óskattskyldra aðila eða skattskyldra aðila vegna starfsemi þeirra sem nýtur undanþágu, í evrópska þjóðhagsreikningakerfinu sem aðrar rekstrartilfærslur (D.7) eða fjármagnstilfærslur (D.9) og ekki eins og þær væru frádráttarbær virðisaukaskattur.

2. Að því er varðar 1. mgr. skal hugtakið „skattskyldur aðili“ hafa þá merkingu sem því er gefin í 9.–13. gr. tilskipunar 2006/112/EB og skilja skal „undanþegin starfsemi“ sem starfsemi sem skráð er í 132.–137. þeirrar tilskipunar.

2. gr.

Ákvörðun 1999/622/EB, KBE og reglugerð (EB, KBE) nr. 116/2005 eru felldar úr gildi.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. nóvember 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/1148 **2025/EES/42/10**

frá 31. júlí 2020

um aðferðafræðilegar og tæknilegar forskriftir í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/792 að því er varðar samræmdar vísitölur neysluverðs og verðvísitölu húsnæðis (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/792 frá 11. maí 2016 um samræmdar vísitölur neysluverðs og verðvísitölu húsnæðis og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 2494/95 ([1]), einkum 3. gr. (6. og 8.–10. mgr.), 4. gr. (4. mgr.), 7. gr. (6. mgr.) og 9. gr. (4. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Reglugerð (ESB) 2016/792 mælir fyrir um sameiginlegan ramma fyrir samantekt á samræmdri vísitölu neysluverðs (*e.* HICP), samræmdri vísitölu neysluverðs á föstu skatthlutfalli (*e.* HICP-CT), verðvísitölu fyrir búsetu í eigin húsnæði (*e.* OOH) og verðvísitölu húsnæðis (*e.* HPI).

2) Samkvæmt 3. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2016/792 ætti framkvæmdastjórnin að samþætta, að því marki sem samræmanlegt er þeirri reglugerð, viðeigandi ákvæði reglugerða framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1749/96 ([2]) og (EB) nr. 2214/96 ([3]), reglugerð ráðsins (EB) nr. 1687/98 ([4]), reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2646/98 ([5]) og (EB) nr. 1617/1999 ([6]), reglugerð ráðsins (EB) nr. 2166/1999 ([7]), reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2601/2000 ([8]), (EB) nr. 2602/2000 ([9]),(EB) nr. 1920/2001 ([10]), (EB) nr. 1921/2001 ([11]) og (EB) nr. 1708/2005 ([12]), reglugerð

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 252, 4.8.2020, bls. 12. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 342/2023 frá 8. desember 2023 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 48, 13.6.2024, bls. 88.

([1]) Stjtíð. ESB L 135, 24.5. 2016, bls. 11.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1749/96 frá 9. september 1996 um fyrstu ráðstafanir til framkvæmdar reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2494/95 um samræmdar vísitölur neysluverðs (Stjtíð. EB L 229, 10.9.1996, bls. 3).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2214/96 frá 20. nóvember 1996 um samræmdar vísitölur neysluverðs: afhending og dreifing á undirvísitölum í samræmdri vísitölu neysluverðs (Stjtíð. EB L 296, 21.11.1996, bls. 8).

([4]) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1687/98 frá 20. júlí 1998 um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1749/96 að því er varðar skrá um vörur og þjónustu sem samræmdar vísitölur neysluverðs taka til (Stjtíð. EB L 214, 31.7.1998, bls. 12).

([5]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2646/98 frá 9. desember 1998 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2494/95 með tilliti til lágmarksstaðla um meðferð gjaldskráa í samræmdri vísitölu neysluverðs (Stjtíð. EB L 335, 10.12.1998, bls. 30).

([6]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1617/1999 frá 23. júlí 1999 þar sem mælt er fyrir um nákvæmar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2494/95, með tilliti til lágmarksstaðla varðandi meðferð tryggginga í samræmdri vísitölu neysluverðs og um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2214/96 (Stjtíð. EB L 192, 24.7.1999, bls. 9).

([7]) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2166/1999 frá 8. október 1999 þar sem mælt er fyrir um nákvæmar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2494/95 með tilliti til lágmarksstaðla varðandi meðferð á vörum á heilbrigðissviði, fræðslusviði og sviði félagslegrar þjónustu í samræmdri vísitölu neysluverðs (Stjtíð. EB L 266, 14.10.1999, bls. 1).

([8]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2601/2000 frá 17. nóvember 2000 þar sem mælt er fyrir um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2494/95 með tilliti til þess hvenær kaupverð skal fært inn í samræmda vísitölu neysluverðs (Stjtíð. EB L 300, 29.11.2000, bls. 14).

([9]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2602/2000 frá 17. nóvember 2000 þar sem mælt er fyrir um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2494/95 með tilliti til lágmarksstaðla varðandi meðferð verðlækkana í samræmdri vísitölu neysluverðs (Stjtíð. EB L 300, 29.11.2000, bls. 16).

([10]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1920/2001 frá 28. september 2001 þar sem mælt er fyrir um nákvæmar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2494/95 með tilliti til lágmarksstaðla um meðferð þjónustugjalds, sem nemur tilteknu hlutfalli af virði viðskipta, í samræmdri vísitölu neysluverðs og breytingu á reglugerð (EB) nr. 2214/96 (Stjtíð. EB L 261, 29.9.2001, bls. 46).

([11]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1921/2001 frá 28. september 2001 þar sem mælt er fyrir um nákvæmar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2494/95 með tilliti til lágmarksstaðla um endurskoðun á samræmdri vísitölu neysluverðs og breytingu á reglugerð (EB) nr. 2602/2000 (Stjtíð. EB L 261, 29.9.2001, bls. 49).

([12]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1708/2005 frá 19. október 2005 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2494/95 að því er varðar sameiginlegt vísitölutímabil samræmdrar vísitölu neysluverðs og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2214/96 (Stjtíð. ESB L 274, 20.10.2005, bls. 9).

ráðsins (EB) nr. 701/2006 ([13]), reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 330/2009 ([14]), (ESB) nr. 1114/2010 ([15]) og (ESB) nr. 93/2013 ([16]), sem voru samþykktar á grundvelli reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2494/95 ([17]) um leið og fækkað er, eins og við á, heildarfjölda framkvæmdargerða.

3) Aðildarríki ættu að uppfæra árlega vogir undirvísitalna fyrir samræmdu vísitölurnar. Því er nauðsynlegt að tilgreina reglur um að reikna út vogir.

4) Setja ætti reglur um úrtök þar sem ekki er hægt að fylgjast með öllum viðskiptum í markþýði samræmdrar vísitölu neysluverðs.

5) Samræmd vísitala neysluverðs mælir breytingar á neysluverði. Nauðsynlegt er að setja reglur um meðferð verðs til að tryggja að aðildarríkin beiti hugtakinu „verð“ á samræmdan hátt.

6) Í samræmdri vísitölu neysluverðs ætti að kveða á um hreina breytingu á verðum sem eru ósnortin af gæðabreytingu. Því er nauðsynlegt að koma á reglum um staðgöngu og gæðaaðlögun.

7) Samræmdu vísitölurnar ættu að vera árlega keðjutengdar vísitölur á Laspeyres-sniði. Því er nauðsynlegt að skilgreina grunnliði og tilgreina aðferðir til að sameina sannreynanlegt verð til að mynda grunnverðvísitölur.

8) Til að tryggja hágæða skyndimat á samræmdri vísitölu neysluverðs og gera framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) kleift að ná fram nauðsynlegum samtölum ættu aðildarríki sem hafa evru að gjaldmiðli að afhenda skyndimat samkvæmt sömu sundurliðun og fyrir samræmda vísitölu neysluverðs.

9) Samræmdu vísitölurnar og undirvísitölur þeirra sem þegar hafa verið gefnar út gætu þurft endurskoðunar við. Því er nauðsynlegt að tilgreina við hvaða skilyrði ætti að framkvæma þessar endurskoðanir.

10) Til að fá áreiðanlegar og samanburðarhæfar niðurstöður frá öllum aðildarríkjunum ætti að koma á og viðhalda samræmdri aðferðafræði fyrir samræmdar vísitölur neysluverðs með föstu skatthlutfalli.

11) Aðildarríki ættu að afhenda verðvísitölu fyrir búsetu í eigin húsnæði og verðvísitölu húsnæðis samkvæmt tilgreindri sundurliðun.

12) Aðildarríki ættu að afhenda framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) gögn og lýsigögn í samræmi við tilgreinda skiptistaðla og verklagsreglur.

13) Í evrópska hagskýrslukerfinu ætti að þróa hagnýtar leiðbeiningar og ráðleggingar um viðeigandi atriði varðandi mælingar og samantekt samræmdrar vísitölu neysluverðs, einkum um gæðaleiðréttingu, samantekt vísitölu og meðhöndlun verðs.

14) Fella ætti niður reglugerðir (EB) nr. 1749/96, (EB) nr. 2214/96, (EB) nr. 1687/98, (EB) nr. 2646/98, (EB) nr. 1617/1999, (EB) nr. 2166/1999, (EB) nr. 2601/2000, (EB) nr. 2602/2000, (EB) nr. 1920/2001, (EB) nr. 1921/2001, (EB) nr. 1708/2005, (EB) nr. 701/2006, (EB) nr. 330/2009, (ESB) nr. 1114/2010 og (ESB) nr. 93/2013.

15) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um evrópska hagskýrslu kerfið.

([13]) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 701/2006 frá 25. apríl 2006 um nákvæmar reglur um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 2494/95 að því er varðar þau tímabil sem verðkannanir vegna samræmdrar vísitölu neysluverðs skulu ná yfir (Stjtíð. ESB L 122, 9.5.2006, bls. 3).

([14]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 330/2009 frá 22. apríl 2009 þar sem mælt er fyrir um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2494/95 með tilliti til lágmarksstaðla varðandi meðferð árstíðabundinna vara í samræmdum vísitölum neysluverðs (Stjtíð. ESB L 103, 23.4.2009, bls. 6).

([15]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1114/2010 frá 1. desember 2010 þar sem mælt er fyrir um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2494/95 með tilliti til lágmarksstaðla fyrir gæði á vogum samræmdrar vísitölu neysluverðs og um niðurfellingu reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2454/97 (Stjtíð. ESB L 316, 2.12.2010, bls. 4).

([16]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 93/2013 frá 1. febrúar 2013 þar sem mælt er fyrir um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2494/95 um samræmdar vísitölur neysluverðs, að því er varðar að koma á fót verðvísitölum fyrir búsetu í eigin húsnæði (Stjtíð. ESB L 33, 2.2.2013, bls. 14).

([17]) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2494/95 frá 23. október 1995 um samræmdar vísitölur neysluverðs (Stjtíð. EB L 257, 27.10.1995, bls. 1).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Viðfangsefni

Með þessari reglugerð er komið á samræmdum skilyrðum fyrir framleiðslu á:

a) samræmdri vísitölu neysluverðs og samræmdri vísitölu neysluverðs með föstu skatthlutfalli og

b) verðvísitölu fyrir búsetu í eigin húsnæði og verðvísitölu húsnæðis.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka eins og hér segir:

1) „útgjaldahlutdeild“: hlutfall heildarpeningaútgjalda til neyslu heimilanna eins og tilgreint er í viðaukanum,

2) „vog undirvísitölu“: vogin fyrir alla flokka evrópskrar flokkunar einkaneyslu eftir tilgangi eins og sett er fram í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2016/792 og er innifalin í samræmdri vísitölu neysluverðs,

3) „markþýði“ samræmdrar vísitölu neysluverðs: öll viðskipti sem felast í heildarpeningaútgjöldum til neyslu heimilanna,

4) „vörutilboð“: vara sem er tilgreind eftir einkennum hennar, tímasetningu og innkaupsstað og skilyrðum framboðs sem verðið er sannreynanlegt fyrir,

5) „einsleit vara“: safn vörutilboða sem enginn marktækur gæðamunur er á milli og meðalverð er reiknað út fyrir,

6) „einstök vara“: vörutilboð eða einsleit vara,

7) „markúrtak“: safn einstakra vara sem innihalda viðskipti frá markþýði og verðgögn sem á að nota við samantekt samræmdrar vísitölu neysluverðs,

8) „gæðamunur“: munur á eiginleikum, tímasetningu, innkaupsstað eða afhendingarskilmálum tveggja einstakra vara, þar sem þetta skiptir máli frá sjónarhóli neytenda,

9) „staðgönguvara“: einstök vara sem kemur í stað annarrar einstakrar vöru í sama markúrtaki,

10) „gæðaaðlögun“: aðgerð til að hækka eða lækka sannreynanlegt verð á staðgönguvöru eða vörunni sem skipt er út samkvæmt verðmæti gæðamunarins á milli þeirra,

11) „sannreynanlegt verð“: neysluverð einstakrar vöru eins og aðildarríkið notar það við samantekt samræmdrar vísitölu neysluverðs,

12) „áætlað verð“: verð sem byggt er á viðeigandi matsaðferð,

13) „grunnliður“: minnsta samtala sem notuð er í vísitölu með Laspeyres-sniði,

14) „vísitala grunnliða“: vísitala fyrir grunnliði eða vísitölu fyrir lag innan grunnliðarins,

15) „gegnvirkni“: eiginleikinn þegar vísitala sem ber óbeint saman tímabil a) og b) í gegnum tímabil c) er jöfn vísitölu sem ber saman tímabil a) og b) beint,

16) „afturkræfni tíma“: eiginleikinn þegar vísitalan á milli tímabila a) og b) er jöfn andhverfu sömu vísitölu á milli tímabila b) og a),

17) „endurgreiðsla“: greiðsla að hluta til eða að fullu frá ríkisstofnunum eða stofnunum sem eru ekki reknar í hagnaðarskyni og þjóna heimilum vegna samþykktra kaupa heimila á tilteknum vörum eins og þær eru skilgreindar í liðum 4.108–4.110 í viðauka A við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 549/2013 ([18]) (evrópska þjóðhagsreikningakerfið, ESA 2010),

18) „hvati“: breyting, oft tímabundin, á eiginleikum einstakrar vöru með því að auka magn hennar, tengja aðra einstaka vöru við hana án endurgjalds eða bjóða neytandanum annan ávinning,

19) „raunveruleg iðgjöld“: fjárhæðirnar sem eru greiddar fyrir tiltekinn vátryggingarsamning til að hljóta vátryggingavernd yfir nefnt tímabil,

20) „óbeint þjónustugjald“: frálag vátryggingafélaga eins og það er skilgreint í lið 16.51 í viðauka A við evrópska þjóðhagsreikningakerfið frá 2010,

21) „kröfur vegna skaðatrygginga“: kröfur eins og þær eru skilgreindar í lið 4.114 í viðauka A við evrópska þjóðhagsreikningakerfið 2010,

22) „árstíðabundin vara“: einstök vara sem er einungis boðin til kaups eða er keypt í töluverðu magni hluta úr ári eftir endurteknu mynstri. Í tilteknum mánuði er vara talin vera annaðhvort innan eða utan sölutímabils. Sölutímabilið getur verið mismunandi á milli ára,

23) „dæmigert verð“: áætlað verð fyrir árstíðabundna vöru sem ekki er einstök svo sem útsöluverð við lok sölutímabils,

24) „árstíðabundin tilreikningsaðferð“: meðferð þar sem verð á árstíðabundnum vörum utan sölutímabils er metið með hliðsjón af mati sem miðast við vörur gagnstæðs sölutímabils eða mati sem miðast við allar fáanlegar vörur sölutímabils,

25) „mat sem miðast við vörur gagnstæðs sölutímabils“: aðferð til að fá fram áætlað verð fyrir árstíðabundna vöru þannig að:

    a) dæmigert verð frá fyrra sölutímabili sé notað á fyrsta mánuði utan sölutímabils,

    b) áætlað verð er jafnt verði fyrri mánaðar á næstu mánuðum utan sölutímabils, leiðrétt með meðalbreytingu á sannreynanlegu verði á öllum árstíðabundnum vörum á sölutímabilinu í sama hópi evrópskrar flokkunar einkaneyslu eftir tilgangi, flokki, undirflokki eða sömu samtölu á öllum stigum fyrir neðan undirflokkana,

26) „mat miðað við allar fáanlegar vörur sölutímabils“: aðferð til að fá fram áætlað verð fyrir árstíðabundna vöru þannig að:

    a) dæmigert verð frá fyrra sölutímabili sé notað á fyrsta mánuði utan sölutímabils,

    b) áætlað verð sé jafnt verði fyrri mánaðar á næstu mánuðum utan sölutímabils, leiðrétt með meðalbreytingu á sannreynanlegu verði á einstökum vörum á sölutímabilinu í sama hópi evrópskrar flokkunar einkaneyslu eftir tilgangi, flokki, undirflokki eða sömu samtölu á öllum stigum fyrir neðan undirflokkana,

27) „árstíðabundin vogunaraðferð“: meðhöndlun á árstíðabundnum vörum þar sem vogun árstíðabundinna vara utan sölutímabils er núll eða stillt á núll,

28) „gjaldskrá“: skrá yfir verð og skilyrði fyrir vöru sem er aðgreind samkvæmt því magni sem er keypt, tímasetningu neyslu eða eiginleikum kaupenda,

29) „endurskoðun“: breyting á vísitölum eða vogum sem framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) birtir. Ekki skal telja breytingu milli skyndimats og samræmdrar vísitölu neysluverðs fyrir sama viðmiðunarmánuð sem endurskoðun,

30) „bráðabirgðagögn“: vísitölur eða vogir sem búist er við að aðildarríki ljúki við í síðari mánuði,

31) „opinberi geirinn“: hið opinbera, ríkisstjórn, sveitarfélag og almannatryggingasjóður eins og skilgreint er í liðum 2.113–2.117 í viðauka A við evrópska þjóðhagsreikningakerfið 2010,

32) „skattar á vörur“: skattar sem ber að greiða á hverja einingu tiltekinnar vöru eða þjónustu sem er framleidd eða seld, eins og skilgreint er í liðum 4.16-4.20 í viðauka A við evrópska þjóðhagsreikningakerfið 2010,

([18]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 549/2013 frá 21. maí 2013 um evrópskt þjóðhags- og svæðisreikningakerfi í Evrópusambandinu (Stjtíð. ESB. L 174, 26.6.2013, bls. 1).

33) „einstaklingsskattar í markþýði fyrir samræmdar vísitölur neysluverðs með föstu skatthlutfalli“: einstakir skattar á vörur sem tengjast neyslu heimila og taldir eru með í eftirfarandi flokkum sem eru skilgreindir í 9. töflu („Ítarlegar skattatekjur og tekjur af framlögum til félagslegra kerfa eftir tegund skatts eða framlags til félagslegra kerfa og undirgeira viðtakenda, þar á meðal skrá yfir skatta og félagsleg framlög samkvæmt landsbundinni flokkun“) í viðauka B við evrópska þjóðhagsreikningakerfið 2010,

a) D.211 Virðisaukaskattar (VSK),

b) D.2122e Skattar á tilteknar þjónustur,

c) D.214a Vörugjöld og neysluskattar (aðrir en þeir sem eru innifaldir í sköttum og tollum á innflutning),

d) D.214d Skráningarskattar bifreiða,

e) D.214e Afþreyingarskattar,

f) D.214g Skattar á tryggingariðgjöld,

g) D.214h Aðrir skattar á tilteknar þjónustur,

h) D.214l Aðrir skattar á vörur sem ekki eru flokkaðar annars staðar.

2. KAFLI

SAMRÆMD VÍSITALA NEYSLUVERÐS OG SAMRÆMD VÍSITALA NEYSLUVERÐS MEÐ FÖSTU SKATTHLUTFALLI

3. gr.

Vogir

1. Aðildarríkin skulu leiða út undirvísitöluna og grunnliðarvogirnar sem eru notaðar í vísitölunni fyrir árið t eins og hér segir:

a) Fram til 31. desember 2022 skal nota gögn þjóðhagsreikninga fyrir árið t-2 og allar tiltækar og viðeigandi upplýsingar úr könnunum á fjárhagsáætlun heimila og öðrum gagnaveitum til að fá fram útgjaldahlutdeild undirflokka og skipta þeim á milli grunnliða undirflokksins. Frá 1. janúar 2023 skal nota gögn þjóðhagsreikninga fyrir árið t-2, þar sem hægt er að bæta við gögnum úr nýlegri könnun á fjárhagsáætlun heimila og öðrum veitum, til að fá fram útgjaldahlutdeild undirflokka og skipta þeim á grunnliði undirflokksins,

b) Endurskoða skal og uppfæra útgjaldahlutdeild fyrir ár t-2 til að gera hana dæmigerða fyrir ár t-1,

c) Breyta skal útgjaldahlutdeild fyrir grunnliði með viðeigandi verðbreytingum milli ársins t-1 og desember ársins t-1.

2. Halda skal vogum undirvísitalna stöðugum yfir allt almanaksárið.

3. Halda skal vog grunnliða stöðugri allt almanaksárið nema skráin yfir grunnliði innan undirflokks sé aðlöguð til að endurspegla verulegar breytingar á markþýðinu.

4. Undirvísitöluvogin fyrir evrópska flokkun einkaneyslu eftir tilgangi, skal vera jöfn summu undirvísitöluvoga flokkanna innan hennar. Summa allra undirvísitöluvoga fyrir evrópska flokkun einkaneyslu eftir tilgangi skal vera jöfn 1 000.

5. Undirvísitöluvogin fyrir hvern undirflokk skal vera jöfn summu voganna fyrir grunnliðina í þeim undirflokki.

6. Undirvísitöluvogirnar sem varða skaðatryggingu skulu fengnar frá samtölu útgjalda óbeinna þjónustugjalda eftir heimilum.

7. Neysluútgjöld sem eru fjármögnuð af skaðatryggingakröfum, þ.m.t. greiðslur sem eru framkvæmdar beint af vátryggingafélögunum, skulu teljast til undirvísitöluvoga viðkomandi flokka evrópskrar flokkunar einkaneyslu eftir tilgangi.

4. gr.

Úrtaka og lýsandi eiginleikar

1. Aðildarríki skulu gera markúrtak sem er dæmigert fyrir markþýðið með því að skilgreina grunnliði og velja einstakar vörur fyrir þessa grunnliði.

2. Fjöldi einstakra vara og grunnliða skal ráðast af vægi undirflokksins og dreifni verðbreytinga einstakra vara sem tilheyra honum.

3. Aðildarríki skulu tryggja að markúrtakið haldist dæmigert fyrir markþýðið með tímanum með því að framkvæma a.m.k. árlega endurskoðun og uppfærslu á markúrtakinu og velja staðgönguvörur.

4. Vörur þar sem útgjaldahlutdeild er a.m.k. einn hlutur á hvert þúsund skulu vera í markúrtakinu.

5. gr.

Meðhöndlun verðs

1. Aðildarríki skulu nota sannreynanlegt verð til að taka saman samræmda vísitölu neysluverðs. Þau skulu einungis nota áætlað verð í þeim tilgangi sem mælt er fyrir um í 9., 11. og 14. gr.

2. Sannreynanlegt verð fyrir heilbrigðis-, fræðslu- og félagsverndarvörur skal vera að frádregnum endurgreiðslum.

3. Breytingar á sannreynanlegu verði eða skilyrðum tolla skulu koma fram sem breytingar á samræmdri vísitölu neysluverðs.

4. Breytingar sem hljótast af breytingum á vísitölu skulu koma fram sem verðbreytingar á samræmdri vísitölu neysluverðs ef sannreynanlegt verð er vísitölubundið.

5. Ef tekjur heimila eru skilyrði sem ákvarðar verðið skal sýna breytingar á sannreynanlegu verði sem verða vegna breytinga á tekjum heimilis undir verðbreytingum í samræmdri vísitölu neysluverðs.

6. Sannreynanlegt verð á tryggingum skulu vera raunveruleg iðgjöld.

7. Hafi einstök vara verið gerð aðgengileg neytendum að kostnaðarlausu og verð er innheimt í kjölfarið skal sýna það sem verðhækkun í samræmdri vísitölu neysluverðs. Á hinn bóginn, ef innheimt hefur verið verð fyrir einstaka vöru sem síðan er gerð aðgengileg neytendum án endurgjalds, skal sýna það sem verðlækkun í samræmdri vísitölu neysluverðs.

6. gr.

Afslættir og hvatar

1. Aðildarríki skulu hafa hliðsjón af afsláttum sem:

a) rekja má til einstakra vara og

b) gera má tilkall til við kaup.

Þegar hægt er skal taka tillit til afslátta sem hafa einungis verið tiltækir fyrir afmarkaðan neytendahóp.

2. Fara skal með hvata í samræmi við 10. og 11. gr.

7. gr.

Þjónustugjöld sem hlutfall af verði í viðskiptum

1. Samræmd vísitala neysluverðs skal innihalda gjöld sem lögð eru beint á neytendur í skiptum fyrir veitta þjónustu og hægt er að gefa upp sem fastagjald eða hlutfall verðs í viðskiptum. Sé verð þjónustu ákvarðað sem hlutfall verðs í viðskiptum skal hlutfallið, margfaldað með dæmigerðu verði einingar, notað sem sannreynanlegt verð.

2. Breytingar á þjónustugjaldi er leiða af breytingum á dæmigerðu verði einingar skal sýna sem verðbreytingar í samræmdri vísitölu neysluverðs.

3. Ef ekki er hægt að mæla breytingu á verði dæmigerðra viðskipta eininga skal áætla þau með viðeigandi verðvísitölu.

8. gr.

Sannreyning verða

1. Sannreynanlegt verð fyrir vöru skal tekið inn í samræmda vísitölu neysluverðs fyrir mánuðinn þegar viðskipti geta átt sér stað á því verði.

2. Sannreynanlegt verð fyrir þjónustu skal tekið inn í samræmda vísitölu neysluverðs fyrir mánuðinn þegar neysla þjónustunnar getur hafist.

3. Ef verð á þjónustu er háð tímanum sem líður frá kaupum og þar til þjónustan hefst skulu aðildarríkin hafa hliðsjón af dæmigerðum verðum við kaup á þjónustunni.

4. Sannreynanlegt verð skal vísa til a.m.k. einnar vinnuviku í eða nærri miðjum mánuði.

5. Sannreynanlegt verð skal vísa til lengri tíma en einnar viku ef vitað er að verð á einstakri vöru sé sveiflukennt innan mánaðar.

9. gr.

Verðmat

1. Ef ekki er hægt að sannreyna verð einstakrar vöru í markúrtaki skal ekki skal miða við áætlað verð lengur en 2 mánuði og skal í kjölfar þess velja staðgönguvöru. Málsgrein þessi gildir ekki um árstíðabundnar vörur eða aðrar einstakar vörur sem búist er við að verði fáanlegar aftur.

2. Ekki skal nota áður sannreynanlegt verð sem áætlað verð nema hægt sé að réttlæta það sem viðeigandi áætlun.

10. gr.

Staðgönguvörur

1. Aðildarríki skulu velja staðgönguvöru sem líkist vörunni sem hverfur en tryggja að markúrtakið haldist dæmigert.

2. Aðildarríki skulu ekki velja staðgönguvörur á grundvelli svipaðs verðs.

11. gr.

Gæðaaðlögun

1. Sé enginn gæðamunur á milli vöru sem skipt er út og staðgönguvöru hennar skal aðildarríki bera saman sannreynanleg verð þeirra beint. Að öðrum kosti skulu aðildarríki framkvæma gæðaaðlögun.

2. Aðildarríki skulu einungis framkvæma gæðaaðlögun sem er jöfn öllum verðmuninum á vöru sem skipt er út í mánuðinum m-1 og staðgönguvöru hennar í mánuði m ef hægt er að réttlæta það sem viðeigandi mat á gæðamuninum.

12. gr.

Grunnverðvísitala

1. Leggja skal saman verð á einstökum vörum til að fá fram grunnverðvísitölur og nota annan af eftirfarandi möguleikum:

a) vísitöluformúlu sem tryggir gegnvirkni. Ekki skal endurskoða verðvísitölu fyrri tímabila þegar gegnvirk vísitöluformúla er notuð; eða

b) vísitöluformúlu sem tryggir afturkræfni tíma og ber verð einstakra vara á yfirstandandi tímabili saman við verð þeirra vara á grunntímabilinu. Grunntímabilinu skal ekki breyta oft ef slík breyting leiðir til verulegs brots á meginreglunni um gegnvirkni.

2. Nota skal vísitöluformúlu sem er í samræmi við þær sem lýst er í 1. mgr. til að fá upp verðvísitölu fyrir grunnlið úr tveimur eða fleiri grunnverðsvísitölum.

13. gr.

Samþætting undirvísitalna eftir vísitölutímabilið

Sérhver undirvísitala sem er samþætt við samræmda vísitölu neysluverðs eftir vísitölutímabilið skal tengd við desember tiltekins árs og notuð frá og með janúar á komandi ári.

14. gr.

Árstíðabundnar vörur

Séu árstíðabundnar vörur innan úrtaks í grunnliði skulu aðildarríkin nota árstíðabundna útreikningsaðferð eða árstíðabundna vogunaraðferð til að taka saman verðvísitölu fyrir þá samtölu.

15. gr.

Sundurliðun skyndimatsins

Aðildarríki sem hafa evru fyrir gjaldmiðil skulu afhenda framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) skyndimöt fyrir allar undirvísitölur í samræmdri vísitölu neysluverðs þeirra.

16. gr.

Lokafrágangur bráðabirgðagagna

Þegar aðildarríki sendir undirvísitölur eða vogir sínar til bráðabirgða skal það ganga frá þeim í afhendingu næstkomandi mánaðar.

17. gr.

Endurskoðanir vegna mistaka

1. Aðildarríki skulu leiðrétta mistök og afhenda framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) endurskoðaðar undirvísitölur eða undirvísitöluvogir án ótilhlýðilegrar tafar.

2. Aðildarríki skulu láta framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) í té upplýsingar um ástæður mistakanna í síðasta lagi við afhendingu endurskoðuðu gagnanna.

18. gr.

Aðrar endurskoðanir

1. Tímasetning, lengd og samþætting inn í samræmda vísitölu neysluverðs á öðrum endurskoðunum en þeim sem fram koma í 16. og 17. gr. skal ákveða í samráði við framkvæmdastjórnina (Hagstofu Evrópusambandsins).

2. Aðildarríki skulu láta framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) í té mat á endurskoðuðum undirvísitölum samræmdrar vísitölu neysluverðs eigi síðar en 3 mánuðum fyrir áætlaða framkvæmd fyrirhugaðrar endurskoðunar.

19. gr.

Birting endurskoðana

Að undanskildum endurskoðunum skv. 16. gr. skulu allar endurskoðanir á samræmdri heildarvísitölu neysluverðs, ásamt útskýringu, birtar opinberlega á vefsíðu landsbundnu stofnunarinnar sem ber ábyrgð á samantekt samræmdrar vísitölu neysluverðs.

20. gr.

Endurskoðun undirvísitöluvoga

Ekki skal endurskoða undirvísitöluvogir, með fyrirvara um 16. og 17. gr.

21. gr.

Samræmd vísitala neysluverðs með föstu skatthlutfalli

1. Hafa skal hliðsjón af einstaklingsskatti sem fellur undir samræmda vísitölu neysluverðs með föstu skatthlutfalli ef árlegar tekjur af honum eru 2% eða meira af summu allra einstaklingsskatta innan þess gildissviðs sem hið opinbera skattleggur.

2. Árlegar tekjur af sköttum sem tekið er tillit til í samræmdri vísitölu neysluverðs með föstu skatthlutfalli skulu ná yfir a.m.k. 90% af summu allra einstaklingsskatta innan þess gildissviðs sem hið opinbera skattleggur.

3. Taka skal saman samræmdar vísitölur neysluverðs með föstu skatthlutfalli á sama hátt og samræmdar vísitölur neysluverðs, nema að sannreynanlegu verði er breytt svo að skatthlutfalli vara sé haldið föstu á úrtakstímabilinu eins og hvað snertir viðmiðunartímabil verðs.

4. Breytingar á skatthlutfalli skulu endurspeglast í samræmdum vísitölum neysluverðs með föstu skatthlutfalli:

a) í mánuðinum þegar nýju hlutfalli er beitt á einstaka vöru og er innifalin í sannreynanlegu verði eða

b) á fyrsta heila mánuðinum sem nýja hlutfallið gildir um. Hlutfallsbreytingar sem taka gildi á fyrsta degi mánaðarins skulu endurspeglast í samræmdum vísitölum neysluverðs með föstu skatthlutfalli fyrir þann mánuð. Hlutfallsbreytingar sem taka gildi síðar í þeim mánuði skulu endurspeglast í samræmdum vísitölum neysluverðs með föstu skatthlutfalli fyrir næstkomandi mánuð.

3. KAFLI

VERÐVÍSITALA FYRIR BÚSETU Í EIGIN HÚSNÆÐI OG VERÐVÍSITALA HÚSNÆÐIS

22. gr.

	Hvernig starfið var fundið	Árlega (LFY)
	Samfella og hlé á starfsferli	Ársfjórðungslega (LFQ)
	Grunnskráningaratriði síðasta starfs	Árlega (LFY)
	Vinnutími	Ársfjórðungslega (LFQ)
	Vinnutímatilhögun	Á tveggja ára fresti (LF2YA)
	Vinnuskipulag og vinnutímatilhögun	Á átta ára fresti (LF8YE)
	Tekjur af vinnu	Árlega (LFY)
	Tekjur af greiðslum vegna atvinnuleysis	Ársfjórðungslega (LFQ)
	Menntunarstig	Ársfjórðungslega (LFQ)
	Menntunarstig — nánari upplýsingar, þ.m.t. menntun rofin eða hætt við	Árlega (LFY) og á átta ára fresti (LF8YC)
	Þátttaka í formlegri og óformlegri menntun og þjálfun (4 vikur)	Ársfjórðungslega (LFQ)
	Þátttaka í formlegri og óformlegri menntun og þjálfun (12 mánuðir)	Á tveggja ára fresti (LF2YB)
Tekjur og lífskjör	Upplýsingar um gagnasöfnun	Árlega (ILCY)
	Auðkenning	Árlega (ILCY)
	Vogir	Árlega (ILCY)
	Skráningaratriði fyrir viðtöl	Árlega (ILCY)
	Staðsetning	Árlega (ILCY)
	Lýðfræði	Árlega (ILCY)
	Ríkisfang og bakgrunnur farandfólks	Árlega (ILCY)
	Samsetning heimilis	Árlega (ILCY)
	Samsetning heimilis – nánari viðbótarupplýsingar	Árlega (ILCY)
	Lengd dvalar í landi	Árlega (ILCY)
	Fötlun og evrópskt lágmarksviðhengi um heilbrigði	Árlega (ILCY)
	Upplýsingar um heilbrigðisástand og fötlun	Á þriggja ára fresti (ILC3YB)
	Heilbrigði barna	Á þriggja ára fresti (ILC3YA)
	Aðgangur að heilbrigðisþjónustu	Árlega (ILCY)
	Heilbrigðisþjónusta	Á þriggja ára fresti (ILC3YB)
	Aðgangur að heilbrigðisþjónustu (börn)	Á þriggja ára fresti (ILC3YA)
	Áhrifaþættir heilbrigðis	Á þriggja ára fresti (ILC3YB)

	Aðalatvinnustaða (samkvæmt eigin skilgreiningu)	Árlega (ILCY)
	Grunneinkenni starfs	Árlega (ILCY)
	Einkenni vinnustaðar	Á þriggja ára fresti (ILC3YC)
	Gildistími samnings	Árlega (ILCY)
	Atvinnustaða	Á þriggja ára fresti (ILC3YC)
	Nánari upplýsingar um vinnumarkaðsaðstæður	Árlega (ILCY)
	Stjórnunarábyrgð	Árlega (ILCY)
	Fyrri starfsreynsla	Árlega (ILCY)
	Yfirlit um störf	Árlega (ILCY)
	Vinnutími	Árlega (ILCY)
	Menntunarstig	Árlega (ILCY)
	Menntunarstig — nánari upplýsingar, þ.m.t. menntun rofin eða hætt við	Á þriggja ára fresti (ILC3YC)
	Þátttaka í formlegu menntunarstarfi (núverandi)	Árlega (ILCY)
	Lífsgæði	Árlega (ILCY)
	Þátttaka í félags- og menningarstarfsemi	Á sex ára fresti (ILC6YA)
	Vellíðan	Á sex ára fresti (ILC6YA)
	Skortur á efnislegum gæðum	Árlega (ILCY)
	Skortur sem sérstaklega snýr að börnum	Á þriggja ára fresti (ILC3YA)
	Helstu einkenni húsnæðis	Árlega (ILCY)
	Upplýsingar um ástand húsnæðis, þ.m.t. skortur og húsaleiguígildi	Á þriggja ára fresti (ILC3YC)
	Húsnæðiskostnaður, þ.m.t. lækkaður veitukostnaður	Árlega (ILCY)
	Nærumhverfi	Á þriggja ára fresti (ILC3YC)
	Húsnæðisvandi (þ.m.t. leiguvandi) og ástæður hans	Á sex ára fresti (ILC6YB)
	Notkun þjónustu, þ.m.t. umönnunarþjónustu og þjónustu til að lifa sjálfstæðu lífi	Á sex ára fresti (ILC6YC)
	Viðráðanlegt verð á þjónustu	Á sex ára fresti (ILC6YC)
	Óuppfylltar þarfir og ástæður þess	Á sex ára fresti (ILC6YC)
	Dagvistun barna	Árlega (ILCY)
	Tekjur af vinnu	Árlega (ILCY)
	Tekjur af félagslegum greiðslum	Árlega (ILCY)

	Tekjur af lífeyri	Árlega (ILCY)
	Aðrar tekjur, þ.m.t. tekjur af eignum og fjármagni og tilfærslur milli heimila	Árlega (ILCY)
	Skattar og iðgjöld sem greiðast í raun eftir lækkanir	Árlega (ILCY)
	Heildarárstekjur á stigi einstaklinga og heimila	Árlega (ILCY)
	Ofskuldsetning, þ.m.t. ástæður hennar	Á sex ára fresti (ILC6YD)
	Vanskil	Árlega (ILCY)
	Þættir auðs, þ.m.t. eignarhald á íbúð	Á sex ára fresti (ILC6YD)
	Neysluþættir	Á sex ára fresti (ILC6YD)
	Arfur hagstæðrar og bágrar stöðu milli kynslóða	Á sex ára fresti (ILC6YB)
	Mat á eigin þörfum	Á sex ára fresti (ILC6YD)“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/2312 **2025/EES/42/15**

frá 25. nóvember 2022

um breytur á vinnuaflssviðinu sem safnað er áttunda hvert ár að því er varðar „ungt fólk á vinnumarkaði“, „menntunarstig - nánari upplýsingar, þ.m.t. menntun er rofin eða hætt við“ og „samþætting vinnu og fjölskyldulífs“ samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1700 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1700 frá 10. október 2019 um að setja sameiginlegan ramma fyrir evrópskar hagskýrslur um einstaklinga og heimili, sem byggjast á gögnum um einstaklinga sem safnað er með úrtaksrannsóknum, um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 808/2004, (EB) nr. 452/2008 og (EB) nr. 1338/2008 og niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1177/2003 og reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98 ([1]), einkum a- og d-lið 1. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Til að tryggja nákvæma og samanburðarhæfa gagnasöfnun á vinnuaflssviðinu ætti framkvæmdastjórnin að tilgreina nánar tæknilega þætti gagnasafnanna fyrir breytur sem safnað er áttunda hvert ár og safna á í fyrsta skipti á árunum 2024 og 2025.

2) Framkvæmdastjórnin ætti að tilgreina nánar lýsingu á gagnasöfnunum fyrir breyturnar sem safnað er áttunda hvert ár á vinnuaflssviðinu um „ungt fólk á vinnumarkaði“, „menntunarstig – upplýsingar, þ.m.t. menntun rofin eða hætt við“ og „samþætting vinnu og fjölskyldulífs“.

3) Ráðstafanirnar sem er kveðið á um í þessari reglugerð eru í samræmi við álit nefndarinnar um evrópska hagskýrslu kerfið sem komið var á skv. 7. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 223/2009 ([2]).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Lýsingin á gagnasöfnunum fyrir breyturnar sem safnað er áttunda hvert ár á vinnuaflssviði um „ungt fólk á vinnumarkaði“ og „menntunarstig – upplýsingar, þ.m.t. menntun rofin eða hætt við“ (fyrsta framkvæmd árið 2024) og „samþættingu vinnu og fjölskyldulífs“ (fyrsta framkvæmd árið 2025) skal vera eins og fram kemur í viðaukanum.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 307, 28.11.2022, bls. 34. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 226/2024 frá 23. september 2024 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 92, 19.12.2024, bls. 72.

([1]) Stjtíð. ESB 261 I, 14.10. 2019, bls. 1.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 223/2009 frá 11. mars 2009 um evrópskar hagskýrslur og niðurfellingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB, KBE) nr. 1101/2008 um afhendingu gagna sem eru háð trúnaðarkvöðum í hagskýrslum til Hagstofu Evrópubandalaganna, reglugerðar ráðsins (EB) nr. 322/97 um hagskýrslur Bandalagsins og ákvörðunar ráðsins 89/382/EBE, KBE um að koma á fót hagskýrsluáætlunarnefnd Evrópubandalaganna (Stjtíð. ESB L 87, 31.3.2009, bls. 164).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. nóvember 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Lýsing og tæknilegt snið breytnanna sem safnað er áttunda hvert ár á vinnuaflssviðinu um „ungt fólk á vinnumarkaði“, „menntunarstig – upplýsingar, þ.m.t. menntun rofin eða hætt við“ (fyrsta framkvæmd árið 2024) og „samþætting vinnu og fjölskyldulífs“ (fyrsta framkvæmd árið 2025) og um kóðunina sem nota á

Efnisatriði	Ítarlegt efnisatriði	Kennimerki breytu	Heiti breytu	Kóðar	Merkingar	Sía	Merkingar síu	Lágmarks-safn breytna	Tegund breytu
3e. Þátttaka á vinnumarkaði	Ungt fólk á vinnumarkaði	LEVMATCH	Samræmi milli menntunarstigs og núverandi eða síðasta aðalstarfs	1 2 3 Autt 9	Menntunarstig er í samræmi við það sem krafist er í starfinu Menntunarstig er hærra en það sem krafist er í starfinu Menntunarstig er lægra en það sem krafist er í starfinu Ótilgreint Á ekki við	15 ≤ AGE ≤ 34 og (EMPSTAT = 1 eða EXISTPR = 2, 3)	Einstaklingar á aldrinum 15–34 ára í starfi eða ekki í starfi en hafa áður verið starfandi	Á ekki við	Söfnuð
3e. Þátttaka á vinnumarkaði	Ungt fólk á vinnumarkaði	FIELDMATCH	Samræmi á milli fagsviðs hæsta menntunarstigs sem var lokið með fullnægjandi árangri og núverandi eða síðasta aðalstarf	1 2 3 4 5 6 7 Autt 9	Að mjög miklu leyti Að miklu leyti Að nokkru leyti Að litlu leyti Að engu leyti Engar starfskröfur Ekkert tiltekið fagsvið menntunar í fyrra starfi Ótilgreint Á ekki við	15 ≤ AGE ≤ 34 og (EMPSTAT = 1 eða EXISTPR = 2, 3) og HATFIELD = 001 – 109	Einstaklingar á aldrinum 15–34 ára, í starfi eða ekki í starfi en hafa áður verið starfandi, með upplýsingar um svið hæsta menntunarstigs sem var lokið með fullnægjandi árangri	Á ekki við	Söfnuð

3e. Þátttaka á vinnumarkaði	Ungt fólk á vinnumarkaði	SKILLMATCH	Samræmi milli færni og núverandi eða síðasta aðalstarfs	1 2 3 Autt 9	Færni samræmist því sem krafist er í starfinu Færni er meiri en sú sem krafist er í starfinu Færni er minni en sú sem krafist er í starfinu Ótilgreint Á ekki við	15 ≤ AGE ≤ 34 og (EMPSTAT = 1 eða EXISTPR = 2, 3)	Einstaklingar á aldrinum 15–34 ára í starfi eða ekki í starfi en hafa áður verið starfandi	Á ekki við	Söfnuð
4b. Menntunarstig og bakgrunnur	Menntunarstig – upplýsingar, þ.m.t. menntun sem var rofin eða hætt var við	DROPEDUC	Hætt við formlega menntun eða þjálfun	1 2 3 Autt 9	Já, einu sinni Já, nokkrum sinnum Nei Ótilgreint Á ekki við	15 < ALDUR ≤ 34	Allir í markþýðinu á aldrinum 15–34 ára	Á ekki við	Söfnuð
4b. Menntunarstig og bakgrunnur	Menntunarstig – upplýsingar, þ.m.t. menntun sem var rofin eða hætt var við	DROPEDUCLEVEL	Stig formlegrar menntunar eða þjálfunar sem hætt var við	10 20 34 35 39 44 45	ISCED 1 Barnaskólastig ISCED 2 Unglingastig ISCED 3 Framhaldsskólastig – bóknám ISCED 3 Framhaldsskólastig – starfsnám ISCED 3 Framhaldsskólastig – áhersla óþekkt ISCED 4 Viðbótarstig – bóknám ISCED 4 Viðbótarstig – starfsnám	DROPEDUC = 1, 2	Einstaklingar með formlega menntun eða þjálfun sem hætt var við (ein eða fleiri)	Á ekki við	Söfnuð

				49	ISCED 4 Viðbótarstig – áhersla óþekkt				
				54	ISCED 5 Stutt nám á háskólastigi – bóknám				
				55	ISCED 5 Stutt nám á háskólastigi – starfsnám				
				59	ISCED 5 Stutt nám á háskólastigi – áhersla óþekkt				
				60	ISCED 6 Bakkalárstig (BA) eða jafngilt stig				
				70	ISCED 7 Meistarastig eða jafngilt stig				
				80	ISCED 8 Doktorsstig eða jafngilt stig				
				Autt	Ótilgreint				
				99	Á ekki við				
4b. Menntun-arstig og bakgrunnur	Menntunarstig – upplýsingar, þ.m.t. menntun sem var rofin eða hætt var við	DROPEDUCREAS	Meginástæða þess að formlegri námsleið, sem um getur í DROPEDUC-LEVEL, var ekki lokið	1	Fjárhagsástæður	DROPEDUC = 1, 2	Einstaklingar með formlega menntun eða þjálfun sem hætt var við (ein eða fleiri)	Á ekki við	Söfnuð
				2	Kýs fremur að vinna				
				3	Ástæður sem tengjast námsleiðinni				
				4	Eigin veikindi eða fötlun				
				5	Umönnunarábyrgð				
				6	Aðrar fjölskylduástæður				
				7	Aðrar persónulegar ástæður				
				8	Aðrar ástæður				
				Autt	Ótilgreint				
				9	Á ekki við				

4b. Menntunarstig og bakgrunnur	Menntunarstig – upplýsingar, þ.m.t. menntun sem var rofin eða hætt var við	MEDLEVQUAL	Staðfesting á meðalháu menntunarstigi	1 2 Autt 9	A.m.k. ein staðfesting á formlegri menntun og hæfi með áherslu á starfsnám á ISCED-stigi 3 eða 4 Formleg menntun og hæfi einungis með áherslu á bóknám á ISCED-stigi 3 eða 4 Ótilgreint Á ekki við	15 ≤ AGE ≤ 34 og HATLEVEL = 540–800	Einstaklingar á aldrinum 15–34 ára með menntunarstig jafnt eða hærra en ISCED-stig 5	Á ekki við	Söfnuð
3f. Þátttaka á vinnumarkaði	Samþætting vinnu og fjölskyldulífs	CHCARRES	Ábyrgð á reglulegri umönnun vegna barna að 14 ára aldri	1 2 3 4 5 Autt 9	Engin umönnunarábyrgð vegna eigin barna eða barnabarna eða barna eða barnabarna maka Umönnun eigin barna eða barna maka sem öll búa á heimilinu Umönnun eigin barna eða barna maka þar sem a.m.k. eitt býr á heimilinu og eitt utan þess Umönnun eigin barna eða barna maka sem öll búa utan heimilisins Umönnun eigin barnabarna eða barnabarna maka (sem búa á heimilinu eða utan þess) (án þess að annast eigin börn eða börn maka) Ótilgreint Á ekki við	18 < ALDUR ≤ 74	Allir í markþýðinu á aldrinum 18–74 ára	Á ekki við	Söfnuð

3f. Þátttaka á vinnumarkaði	Samþætting vinnu og fjölskyldulífs	CHCARAGE	Aldur yngsta barns eða barnabarns sem er annast um	00–14 Autt 99	Aldur yngsta barns eða barnabarns sem er annast um Ótilgreint Á ekki við	CHCARRES = 3–5	Einstaklingar sem annast a.m.k. eitt barn sem býr utan heimilis eða eitt barnabarn (sem býr á heimilinu eða utan þess)	Á ekki við	Söfnuð
3f. Þátttaka á vinnumarkaði	Samþætting vinnu og fjölskyldulífs	CHCARUSE	Notkun umönnunar-þjónustu fyrir börn	1 2 3 Autt 9	Já, fyrir öll börnin Já, fyrir sum börnin Nei Ótilgreint Á ekki við	CHCARRES = 2–4	Einstaklingar sem annast eigin börn eða börn maka sem búa á heimilinu eða utan þess	Á ekki við	Söfnuð
3f. Þátttaka á vinnumarkaði	Samþætting vinnu og fjölskyldulífs	CHCAROBS	Aðalástæður fyrir því að nota ekki umönnunar-þjónustu fyrir börn	1 2 3 4 5 6 7 Autt 9	Engin þjónusta aðgengileg eða laus pláss Kostnaður Gæðamál eða aðrar þjónustutengdar hindranir Kýs fremur að umönnun sé á eigin vegum eða með maka Kýs fremur að haga umönnun þannig að hún sé með frekari óformlegum stuðningi Börnin annast um sig sjálf Aðrar (persónulegar) ástæður Ótilgreint Á ekki við	CHCARUSE = 2, 3	Einstaklingar sem nota faglega umönnunarþjónustu fyrir ekkert barn eða einungis sum barnanna	Á ekki við	Söfnuð

3f. Þátttaka á vinnumarkaði	Samþætting vinnu og fjölskyldulífs	ELCARRES	Regluleg umönnunarábyrgð vegna skyldmenna 15 ára og eldri sem eru veik, veikburða eða með fötlun	1	Engin umönnunarábyrgð vegna maka eða annarra skyldmenna sem eru veik, veikburða eða með fötlun	18 < ALDUR ≤ 74	Allir í markþýðinu á aldrinum 18–74 ára	Á ekki við	Söfnuð
				2	Einungis umönnun maka sem býr á heimilinu og er veikur, veikburða eða með fötlun				
				3	Einungis umönnun maka sem býr utan heimilis og er veikur, veikburða eða með fötlun				
				4	Umönnun skyldmenna sem eru veik, veikburða eða með fötlun og búa öll á heimilinu				
				5	Umönnun skyldmenna sem eru veik, veikburða eða með fötlun þar sem a.m.k. eitt býr á heimilinu og eitt utan þess				
				6	Umönnun skyldmenna sem eru veik, veikburða eða með fötlun og búa öll utan heimilis				
				Autt	Ótilgreint				
				9	Á ekki við				

3f. Þátttaka á vinnumarkaði	Samþætting vinnu og fjölskyldulífs	ELCARINT	Umfang umönnunar skyldmenna sem eru veik, veikburða eða með fötlun	1 2 3 4 5 6 Autt 9	Innan við 5 klukkustundir á viku 5 klukkustundir til 10 klukkustundir á viku 10 klukkustundir til 20 klukkustundir á viku 20 klukkustundir til 30 klukkustundir á viku 30 klukkustundir til 40 klukkustundir á viku 40 klukkustundir á viku eða meira Ótilgreint Á ekki við	ELCARRES = 2–6	Einstaklingar sem sinna umönnun skyldmenna sem eru veik, veikburða eða með fötlun	Á ekki við	Söfnuð
3f. Þátttaka á vinnumarkaði	Samþætting vinnu og fjölskyldulífs	CAREFFEM	Áhrif umönnunar á atvinnu	1 2 3 4 5 6 7 8 Autt 9	Breytt starf eða breyttur vinnuveitandi Er sem stendur frá vinnu, þ.m.t. í leyfi Er sem stendur með skertan vinnutíma, þ.m.t. hlutastarf eða færri vinnustundir Er sem stendur í reglulegri fjarvinnu Er sem stendur með sveigjanlegt vinnutímaskipulag án þess vinnutíma sé breytt Er sem stendur að vinna að minna krefjandi verkefnum í vinnunni Annar vinnutengdur sveigjanleiki Enginn vinnutengdur sveigjanleiki Ótilgreint Á ekki við	(CHCARRES = 2–5 eða ELCARRES = 2–6) og EMPSTAT = 1	Einstaklingar í starfi með umönnunarábyrgð eigin (barna)barna eða (barna)barna maka eða skyldmenna sem eru veik, veikburða eða með fötlun	Á ekki við	Söfnuð

3f. Þátttaka á vinnumarkaði	Samþætting vinnu og fjölskyldulífs	WORKOBS	Meginhindrun þess að hægt sé að samræma vinnu og fjölskyldulíf	1 2 3 4 5 6 Autt 9	Langur vinnutími Ófyrirsjáanlegt eða erfitt vinnutímaskipulag Krefjandi eða lýjandi vinna Langur ferðatími til og frá vinnu Aðrar vinnutengdar hindranir Engar vinnutengdar hindranir Ótilgreint Á ekki við	(CHCARRES = 2–5 eða ELCARRES = 2–6) og EMPSTAT = 1	Einstaklingar í starfi með umönnunarábyrgð eigin (barna)barna eða (barna)barna maka eða skyldmenna sem eru veik, veikburða eða með fötlun	Á ekki við	Söfnuð
3f. Þátttaka á vinnumarkaði	Samþætting vinnu og fjölskyldulífs	CHNUMBER	Fjöldi uppalinna eigin barna	0–98 Autt 99	Fjöldi uppalinna eigin barna Ótilgreint Á ekki við	18 < ALDUR ≤ 54	Allir í markþýðinu á aldrinum 18–54 ára	Á ekki við	Söfnuð
3f. Þátttaka á vinnumarkaði	Samþætting vinnu og fjölskyldulífs	PARLEAV	Nýting á fjölskylduorlofi	1 2 3 4 Autt 9	Einungis mæðra- eða feðraorlof Einungis foreldraorlof Bæði foreldra- og fæðingarorlof Engin fjölskylduorlof Ótilgreint Á ekki við	CHNUMBER = 01–98 og (EMPSTAT = 1 eða EXISTPR = 2 eða 3)	Fólk sem er sem stendur eða var áður í starfi og ól upp a.m.k. eitt eigið barn á lífsleiðinni	Á ekki við	Söfnuð

3f. Þátttaka á vinnumarkaði	Samþætting vinnu og fjölskyldulífs	PARLENG	Lengd nýtts fjölskylduorlofs	1	Allt að 1 mánuður	PARLEAV = 1–3	Einstaklingar sem hafa tekið fjölskylduorlof	Á ekki við	Söfnuð
				2	Lengur en 1 mánuður og allt að 2 mánuðir				
				3	Lengur en 2 mánuðir og allt að 6 mánuðir				
				4	Lengur en 6 mánuðir og allt að eitt ár				
				5	Lengur en 1 ár og allt að 3 ár				
				6	Lengur en 3 ár og allt að 5 ár				
				7	Lengur en 5 ár				
				Autt	Ótilgreint				
				9	Á ekki við				

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/1949 **2025/EES/42/16**

frá 10. nóvember 2021

um meginreglur um mat á húsnæðisþjónustu í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/516 um samræmingu vergra þjóðartekna á markaðsvirði (reglugerð um vergar þjóðartekjur) og niðurfellingu ákvörðunar 95/309/EB, KBE og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1722/2005 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/516 frá 19. mars 2019 um samræmingu vergra þjóðartekna á markaðsvirði og niðurfellingu á tilskipun ráðsin 89/130/EBE, KBE og reglugerð ráðsins (EB, KBE) nr. 1287/2003 (reglugerð um vergar þjóðartekjur) ([1]), einkum 3. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Meginreglurnar um mat á húsnæðisþjónustu er eitt af atriðunum sem eru skilgreind í framseldri reglugerð fram kvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2147 ([2]) í skránni yfir atriði sem eiga að tryggja að gögn um vergar þjóðartekjur á markaðsvirði („GNI“) sem á að fjalla um í hverri sannreyningarlotu séu áreiðanleg, tæmandi og sambærileg.

2) Til að gögn um vergar þjóðartekjur séu áreiðanleg, tæmandi og sambærileg er nauðsynlegt að gera nánari grein fyrir meginreglunum um mat á húsnæðisþjónustu.

3) Samtölur vergra þjóðartekna og hluta þeirra ættu að vera samanburðarhæfar á milli allra aðildarríkja og ættu þær að vera í samræmi við viðkomandi skilgreiningar og reikningsskilareglur evrópska þjóðhagsreikningakerfisins 2010 („ESA 2010“) ([3]).

4) Því ætti að fella úr gildi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/309/EB, KBE ([4]) og reglugerð framkvæmda-stjórnarinnar (EB) nr. 1722/2005 ([5]).

5) Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari reglugerð eru í samræmi við álit nefndar um evrópska hagskýrslukerfið sem um getur í 8. gr. reglugerðar (ESB) 2019/516.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Meginreglurnar um mat á húsnæðisþjónustu, eins og þær eru settar fram í þessari reglugerð, skulu gilda að því er varðar reglugerð (ESB) 2019/516.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 398, 11.11.2021, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 227/2024 frá 23. september 2024 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópu-sambandsins* nr. 92, 19.12.2024, bls. 74.

([1]) Stjtíð. ESB L 91, 29.3. 2019, bls. 19.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2147 frá 8. október 2020 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/516 með því að skilgreina skrá yfir atriði sem á að fjalla um í hverri sannreyningarlotu (Stjtíð. ESB L 428, 18.12.2020, bls. 9).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 549/2013 frá 21. maí 2013 um evrópskt þjóðhags- og svæðisreikningakerfi í Evrópu-sambandinu (Stjtíð. ESB. L 174, 26.6.2013, bls. 1).

([4]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/309/EB, KBE frá 18. júlí 1995 um tilgreiningu meginreglna um mat á húsnæðisþjónustu að því er varðar framkvæmd 1. gr. tilskipunar ráðsins 89/130/EBE, KBE um samræmingu skýrslugerðar um verga þjóðarframleiðslu á markaðsvirði (Stjtíð. EB L 186, 5.8.1995, bls. 59).

([5]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1722/2005 frá 20. október 2005 um meginreglur um mat á húsnæðisþjónustu að því er varðar reglugerð ráðsins (EB, KBE) nr. 1287/2003 um samræmingu vergra þjóðartekna á markaðsvirði (Stjtíð. ESB L 276, 21.10.2005, bls. 5).

2. gr.

1. Aðildarríki skulu beita lagskiptingaraðferðinni sem byggist á greiddri húsaleigu til að taka saman framleiðslu á húsnæðisþjónustu.

Aðildarríki skulu nota töflugreiningar eða tölfræðilegar aðferðir til að finna viðeigandi viðmið fyrir lagskiptingu.

2. Til að taka saman reiknaða húsaleigu skulu aðildarríkin nýta sér gjaldfallna greidda húsaleigu vegna réttar til að nota íbúð án húsgagna samkvæmt samningum sem varða íbúðir í einkaeigu.

Þeim er einnig heimilt að nýta sér húsaleigu fyrir íbúðir með húsgögnum ef hún er lækkuð um það sem nemur greiðslum fyrir afnot af húsgögnum.

Aðildarríki þar sem einkaleigugeirinn er lítill geta í undantekningartilvikum nýtt sér viðeigandi hækkaða húsaleigu almennra íbúða í því skyni að stækka grunn reiknaðrar húsaleigu.

3. gr.

Í sérstökum undantekningartilvikum og tilhlýðilega rökstuddum tilvikum er aðildarríkjum heimilt að beita öðrum hlutlægum aðferðum eins og notendakostnaðaraðferðinni.

Ekki skal krafist rökstuðnings fyrir því að beita notendakostnaðaraðferðinni við samantekt á framleiðslu þegar íbúi býr í eigin húsnæði ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) íbúðir leigðar í einkaleigu verða að vera dæmigerðar fyrir innan við 10% af íbúðastofninum og

b) séu skilyrði í a-lið uppfyllt og hluti heildarfjölda leiguíbúða – á markaði eða utan markaðar – í heildaríbúðastofninum fer yfir 10% verður munurinn á húsaleigu á markaði og annarri húsaleigu, sem greidd er, að vera hærri en stuðullinn þrír.

4. gr.

Aðildarríki sem nota grunnársaðferð skulu framreikna tölur frá tilteknu grunnári með því að nota viðeigandi magn-, verð- og gæðavísa.

5. gr.

Að því er varðar húsnæðisþjónustu skulu aðildarríki beita ítarlegu meginreglunum í viðaukanum til að áætla framleiðslu, aðfanganotkun og viðskipti við önnur lönd.

6. gr.

Ákvörðun 95/309/EB, KBE og reglugerð (EB) nr. 1722/2005 eru felldar úr gildi.

7. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. nóvember 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Meginreglur sem aðildarríki eiga að beita við mat á framleiðslu, aðfanganotkun og viðskiptum við önnur lönd að því er varðar húsnæðisþjónustu

1. FRAMLEIÐSLA HÚSNÆÐISÞJÓNUSTU

1.1. **Grunnaðferðir**

Í þjóðhagsreikningum er venjan sú að framleiðsla á húsnæðisþjónustu nær ekki einungis yfir þjónustu sem veitt er með leiguíbúðum heldur einnig þá sem veitt er þegar íbúi býr í eigin húsnæði. Að því er varðar mat á framleiðslu á húsnæðisþjónustu mælir evrópska þjóðhagsreikningakerfið 2010, sem komið var á fót með reglugerð (ESB) nr. 549/2013, fyrir um í lið 3.75 í viðauka A að „framleiðsla á þjónustu þegar íbúi býr í eigin húsnæði sé metin á áætluðu virði húsaleigu (1) sem leigjandi myndi greiða fyrir sama húsnæði að teknu tilliti til þátta eins og staðsetningar, aðstöðu í hverfinu, o.s.frv., auk stærðar og gæða íbúðarinnar sjálfrar. Í grundvallaratriðum eru til nokkrar aðferðir til að meta virði þjónustu sem framleidd er þegar íbúi býr í eigin húsnæði:

— lagskiptingaraðferðin er byggð á greiddri húsaleigu þar sem settar eru saman upplýsingar um húsnæðisstofninn, sundurliðaðar eftir mismunandi lögum, ásamt upplýsingum um greidda húsaleigu sem greidd er í hverju lagi,

— notendakostnaðaraðferðin þar sem aðskilin möt eru gerð um aðfanganotkun, fjármunanotkun, aðra skatta að frádregnum framleiðslustyrkjum og hreinum rekstrarafgangi. Framleiðsla á húsnæðisþjónustu er samtala þessara þátta,

— sjálfsmatsaðferðin þar sem íbúar sem búa í eigin húsnæði eru beðnir um að áætla hugsanlega húsaleigu fyrir eign sína,

— stjórnsýslumatsaðferðir, þegar hugsanleg húsaleiga er ákveðin af þriðju aðilum, t.d. af hinu opinbera í skattalegum tilgangi.

Lagskiptingaraðferðin sem byggist á greiddri húsaleigu er ákjósanlega aðferðin. Aðferð þessa má einnig nota til að meta virði allrar greiddrar húsaleigu úr úrtaki greiddrar húsaleigu og til að meta virði húsnæðisþjónustu frá íbúðum sem eru leigðar ókeypis eða með lágri húsaleigu (sjá nánar þátt 1.4.1).

Einungis ætti að beita notendakostnaðaraðferðinni við ákveðnar aðstæður og aðeins fyrir þau lög í húsnæðisstofninum þar sem greidda húsaleigu vantar eða hún er tölfræðilega óáreiðanleg.

Ekki ætti að nota sjálfsmatsaðferðina vegna þess að hún hefur mikil huglæg áhrif á matið sem leiðir til verulegrar óvissu í niðurstöðunum.

Stjórnsýslumatsaðferðir, einkum þegar þær tengjast skattlagningu, geta valdið bjaga í niðurstöðum. Stundum geta þó niðurstöður frá hlutlægum matsaðferðum verið tiltækar fyrir sum lög. Ásættanlegt er að nota niðurstöðurnar þegar unnt er að sýna fram á hlutlægni aðferðarinnar og sambærileika niðurstaðnanna.

Með lagskiptingaraðferðinni eru notaðar upplýsingar um greidda húsaleigu leigðra íbúða til að fá fram áætlað leiguvirði íbúða í íbúðastofninum. Líta má á þetta sem hækkunaraðferð sem byggist á því að nota aðferð þar sem verð er margfaldað með magni. Nauðsynlegt er að lagskipta húsnæðisstofninum til að fá fram áreiðanlegt mat og til að hlutfallslegur verðmunur komi fram með réttum hætti. Í kjölfarið er meðaltali greiddrar húsaleigu í hverju lagi beitt á allar íbúðir í því tiltekna lagi. Séu fyrirliggjandi upplýsingar leiddar af úrtakskönnunum á þessi hækkunaraðferð bæði við um hluta leigðra íbúða og allra íbúða þar sem íbúi býr í eigin húsnæði. Nákvæm aðferð til að ákvarða húsaleigu í hverju lagi er yfirleitt framkvæmd fyrir grunnár og er síðan framreiknuð fyrir yfirstandandi ár.

Húsaleigan sem á að beita að því er varðar íbúðir þar sem íbúi býr í eigin húsnæði í lagskiptingaraðferðinni er skilgreind sem húsaleiga á einkamarkaði sem greiða skal fyrir réttinn til að nota íbúð án húsgagna. Nota ætti húsaleigu fyrir íbúðir án húsgagna sem koma frá öllum samningum á einkamarkaði til að ákvarða reiknaða húsaleigu. Húsaleiga á einkamarkaði, sem er lág vegna opinberrar reglusetningar, ætti einnig að teljast með.

(1) Til að halda samræmi við evrópska þjóðhagsreikningakerfið 2010 er hugtakið „húsaleiga“ notað í öllum þessum texta.

Ef upplýsingarnar koma frá leigjanda kann að vera nauðsynlegt að leiðrétta mælda húsaleigu með því að bæta sérstöku húsaleiguframlagi við sem er greitt beint til leigusalans. Ef úrtaksstærð fyrir mælda húsaleigu, eins og hún er skilgreind hér að ofan, er ekki nógu stór má einnig nota mælda húsaleigu fyrir íbúðir með húsgögnum til að tilreikna leiguna, að því tilskildu að tekið sé tillit til húsgagnaþáttarins. Í undantekningartilvikum er einnig heimilt nota hækkaða húsaleigu á íbúðum í eigu hins opinbera. Ekki ætti að nota lága húsaleigu íbúða sem leigðar eru skyldmennum eða starfsmönnum (sjá þætti 1.2.3 og 1.4.1 fyrir nánari upplýsingar).

Einnig er unnt að nota lagskiptingaraðferðina til hækkunar á öllum leigðum íbúðum. Meðalhúsaleiga að því er varðar tilreikning, eins og lýst er hér að ofan, hentar e.t.v. ekki fyrir suma hluta leigumarkaðarins. Til dæmis getur verið að lækkun á húsaleigu fyrir íbúðir með húsgögnum eða hækkun húsaleigu almennra íbúða eigi ekki við að því er varðar þær íbúðir sem um ræðir og eru raunverulega í leigu. Einkum er húsgagnakostnaður, þegar um ræðir íbúðir sem eru raunverulega í leigu, í raun hluti af húsaleigunni og ætti ekki að teljast með í útreikningi á framleiðslu. Unnt er að leysa þennan vanda með því að hafa aðskilin lög fyrir íbúðir með húsgögnum eða félagslegar íbúðir sem eru raunverulega í leigu tengd viðeigandi meðalhúsaleigu.

Að jafnaði ætti að undanskilja frá húsaleigunni gjöld vegna hitunar, vatns, rafmagns, o.s.frv. Ef gagnaheimildirnar gera þetta ekki kleift verður að tryggja samfellu milli húsaleigu og aðfanganotkunar (sjá þátt 2 fyrir frekari upplýsingar).

Þegar dæmigerða greidda húsaleigu vantar fyrir tiltekin lög þar sem íbúi býr í eigin húsnæði er í flestum tilvikum hægt að komast framhjá þessum vanda með því að beita framreikningi eða aðhvarfsgreiningu.

Notkun á ánægjuaðferð við aðhvarfsgreiningu er annar kostur í stað stöðluðu lagskiptingaraðferðarinnar en hún byggist á að framreikna meðalhúsaleigu í hverju lagi. Í stuttu máli fela slíkar aðferðir í sér að notuð eru úrtaksgögn að því er varðar leigðar íbúðir til að ákvarða verð á einkennum hverrar íbúðar (stærð, staðsetning, hvort þar séu svalir, o.s.frv.). Framleiðsla er fengin með því að margfalda hvert einkenni (dæmigerðs úrtaks) í íbúðastofninum með ánægjuverði þessa einkennis. Aðhvarfsgreiningaraðferðir heimila að tekið sé tillit til aukins fjölda breytna og geta þær verið sérlega skilvirkar þegar mælda húsaleigu vantar fyrir sum lög.

Augljóslega leysir þetta ekki vandamálið í því ýkta tilviki að í öllum íbúðum búi íbúar í eigin húsnæði eða þegar þróaður leigumarkaður er ekki fyrir hendi. Beita ætti notendakostnaðaraðferð sem hlutlægu mati í slíkum tilvikum. Aðeins ætti að beita notendakostnaðaraðferðinni þegar íbúi býr í eigin húsnæði.

Upplýsingar um notendakostnaðaraðferðina

Aðeins ætti að beita notendakostnaðaraðferðinni þegar ekki er hægt að nota lagskiptingaraðferðina, sem byggð er á greiddri húsaleigu, vegna þess að leigumarkaðurinn er ekki dæmigerður.

Að jafnaði telst staðan þannig þegar eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt: 1) magnmæling (fjöldi íbúða eða fermetra íbúða) íbúða leigðra í einkaleigu nemur sem svarar til minna en 10% af heildarmagnmælingu (fjölda íbúða eða fermetra íbúða) íbúða; og 2) ef 1) er uppfyllt og hlutdeild heildarfjölda leigðra íbúða – á markaði og utan markaðar – í heildaríbúðastofninum fer yfir 10% er munurinn á húsaleigu á markaði og annarri greiddri leigu hærri en stuðullinn þrír. Jafnvel þegar bæði skilyrðin eiga við getur aðildarríki engu að síður valið að nota lagskiptingaraðferðina að því gefnu að niðurstöðurnar séu af fullnægjandi gæðum. Þegar skilyrðin eru ekki uppfyllt ætti að nota lagskiptingaraðferðina nema unnt sé að sýna fram á að engin dæmigerð húsaleiga á markaðsvirði sé í boði fyrir verulega hluta íbúðastofnsins og að notendakostnaðaraðferðin skili sambærilegri niðurstöðum. Beita má notendakostnaðaraðferðinni fyrir allan íbúðastofninn eða hluta hans sé unnt að réttlæta það. Þegar tekin er ákvörðun um skiptingu íbúðastofnsins í þá hluta þar sem notendakostnaðaraðferðinni eða lagskiptingaraðferðinni er beitt ætti einnig að taka tillit til þátta eins og takmarkana í gögnum og sértækra aðstæðna í viðkomandi landi.

Samkvæmt notendakostnaðaraðferðinni er framleiðsla húsnæðisþjónustu summa aðfanganotkunar, fjármunanotkunar (CFC), annarra skatta að frádregnum framleiðslustyrkjum og hreinum rekstrarafgangi (NOS). Þegar íbúi býr í eigin húsnæði er engin vinnuaflsnotkun skráð fyrir vinnu sem eigendurnir inna sjálfir af hendi ([2]). Reynslan bendir til þess að fjármunanotkun og hreinn rekstrarafgangur séu tveir stærstu þættirnir en hvor um sig stendur fyrir 30 til 40% framleiðslunnar.

([2]) Hægt er að hugsa sér að íbúar sem búa í eigin húsnæði, einir eða með öðrum, ráði húsverði án þess að aðrar hagskýrslueiningar komi við sögu, s.s. húsnæðisfélög eða rekstrarþjónustufyrirtæki. Þegar slíkar aðstæður koma upp ætti framleiðsla samkvæmt notendakostnaðaraðferðinni að taka launagreiðslur til starfsmanna með í reikninginn.

Fjármunanotkun ætti að reikna út á grundvelli PI-aðferðarinnar (e. *perpetual inventory model*) eða öðrum viðurkenndum aðferðum. Sérstakt mat fyrir íbúðarhúsnæði þar sem íbúar búa í eigin húsnæði ætti að vera tiltækt.

Mæla ætti hreinan rekstrarafgang með því að beita föstu árlegu 2,5% raunarðsemishlutfalli á hreint verðgildi íbúðastofns þeirra íbúða þar sem íbúi býr í eigin húsnæði á gangverði (endurnýjunarkostnaður). 2,5% raunarðsemi er beitt á verðgildi stofnsins á gangverði þar eð þegar hefur verið tekið tillit til hækkunar á gangverði íbúða með PI-aðferðinni. Sama arðsemi ætti að gilda um virði lands á gangvirði þar sem íbúð íbúa sem býr í eigin húsnæði er staðsett.

Erfitt getur reynst að fylgjast árlega með virði lands á gangverði. Finna má hlutföll virðis lóða á móti virði bygginga í mismunandi lögum út frá greiningu á samsetningu kostnaðar nýrra húsa og tilheyrandi lóða.

1. meginregla:

Til að taka saman framleiðslu á húsnæðisþjónustu skulu aðildarríki beita lagskiptingaraðferðinni sem byggist á greiddri húsaleigu, annað hvort með beinum framreikningi eða með hagrænni aðhvarfsgreiningu. Að því er varðar íbúðir þar sem íbúi býr í eigin húsnæði felur þetta í sér að nota þarf greidda húsaleigu fyrir sambærilegar leigðar íbúðir. Í rökstuddum undantekningartilvikum þegar greidda húsaleigu vantar eða tölfræði er óáreiðanleg, er hægt að nota aðrar hlutlægar aðferðir, s.s. notendakostnaðaraðferðina. Ekki er þörf á frekari rökstuðningi við að taka saman framleiðslu húsnæðis þar sem íbúi býr í eigin húsnæði með notendakostnaðaraðferðinni að því tilskildu að tveimur skilyrðum sé fullnægt: 1) íbúðir í einkaleigu svara til innan við 10% af íbúðarstofninum; og 2) ef skilyrði í 1) er uppfyllt og hlutdeild heildarfjölda leigðra íbúða – á markaði eða utan markaðar – í heildaríbúðastofninum fer yfir 10% er munurinn á húsaleigu á markaði og annarri greiddri leigu hærri en stuðullinn þrír.

1.2. **Lagskipting húsnæðisstofns**

1.2.1. *Þættir sem hafa áhrif á húsaleigustig*

Fyrsta samstæða breytna sem ákvarða stig húsaleigu varðar einkenni íbúðarinnar og byggingarinnar. Í fyrsta lagi er stærð íbúðar mikilvæg, bæði hvað varðar flatarmál og fjölda herbergja. Því stærri sem íbúðin er því hærri verður húsaleigan. Á sama tíma hefur húsaleiga á hvern fermetra tilhneigingu til að lækka eftir því sem íbúð verður stærri. Fyrir suma íbúðaflokka (t.d. blokkaríbúðir í höfuðborgum) kann hlutfallið milli fermetraverðs og stærðar íbúðar að koma fram sem U-laga kúrfa. Annar þýðingarmikill þáttur varðar aðbúnað í íbúðinni. Hann getur náð yfir breytur líkt og hvort baðherbergi sé í henni, svalir/verönd, sérstök gólfefni eða veggfóður, opið eldstæði, miðstöðvarhitun, loftjöfnun, sérstakt gler í gluggum og önnur hávaða- eða varmaeinangrun, einnig skiptir skipulag íbúðarinnar máli. Að því er bygginguna varðar getur tiltekin aðstaða haft áhrif, s.s. bílskúr, lyfta, sundlaug, (þak)garður eða staðsetning íbúðar innan byggingarinnar. Tegund byggingarinnar (einbýlishús, sambyggð hús, íbúð), byggingarstíll, aldur eða fjöldi íbúða í byggingu getur einnig haft áhrif á húsaleiguna.

Önnur samstæða breytna tengist eiginleikum sem varða umhverfið. Þekktur þáttur er mismunur húsaleigu á milli sambærilegrar íbúðar í borg og á afskekktum stað. Fjarlægð til efnahagslegrar þungamiðju eða landslag (flatneskja, fjalllendi) eru e.t.v. ekki smávægilegir þættir. Til viðbótar hafa þættir í nágrenninu á borð við útsýni, nærliggjandi græn svæði, samgöngukostir og aðgengi að þeim, verslanir og skólar eða orðspor og öryggi hverfis gjarnan áhrif á greidda húsaleigu.

Aðra samstæðu breytna má draga saman í félagslega og hagræna þætti. Til dæmis hafa reglugerðir opinberra yfirvalda á borð við leigutakmarkanir eða niðurgreiðslur áhrif á húsaleigu í flestum aðildarríkjum. Enn fremur getur lengd leigusamnings, samningstegund (tímabundinn, ótímabundinn), fjöldi íbúa í hverri íbúð (samleiga), eigendafyrirkomulag (opinber aðili, húsnæðisfélag, einkaaðili, vinnuveitandi) eða leigustefna leigusala einnig haft áhrif á húsaleigu.

Ýmsar aðrar breytur geta augljóslega haft áhrif á húsaleigu. En sé öllum framangreindum þáttum safnað saman gæti það leitt til ofhlaðinna spurningalista. Þess vegna mætti íhuga notkun fasteignaverðs vegna lagskiptingar. Grundvallarforsenda þess að nota fasteignaverð íbúðar er að það endurspeglar alla mikilvæga eiginleika hennar. Þess vegna má líta á fasteignaverðið sem óbeinan lagskiptingarþátt. Unnt er að líta á notkun hlutfalls fasteignaverðs og greiddrar húsaleigu sem mögulega aðferð, sérstaklega í þeim aðildarríkjum þar sem leigðar íbúðir standa fyrir minnihluta húsnæðisstofnsins. Að því gefnu að hlutfallið sé stöðugt myndi slík aðferð gera það kleift að ákvarða húsaleiguvirðið fyrir þær íbúðir sem

koma einungis fram í þeim húsnæðisgeira þar sem íbúi býr í eigin húsnæði. Auk þess útilokar fasteignaverð ekki notkun „efnislegra“ lagskiptingarviðmiða heldur er hægt að sameina aðferðirnar. Við þessar aðstæður er talið að fasteignaverð endurspegli „efnisleg“ lagskiptingarviðmið sem vantaði. Hvað sem öðru líður þarf fasteignaverð sem á að nota við leiguútreikning að byggjast á hlutlægu mati sem er ákvarðað fyrir viðkomandi uppfært viðmiðunarár.

Í reynd er lagskiptingin frábrugðin frá einu aðildarríki til annars, bæði að því er varðar fjölda laga og nákvæm viðmið sem notuð eru til að skilgreina þau. Þótt þetta geti valdið áhyggjum við fyrstu sýn ætti að leggja áherslu á að tiltekin grunnviðmið, s.s. stærð og landfræðileg staðsetning íbúðar, séu notuð nánast alls staðar . Þar að auki getur gildi annarra eiginleika verið breytilegt milli aðildarríkja og að aðildarríkin sjálf séu í bestri aðstöðu til að ákvarða mikilvæg viðmið.

2. meginregla:

Að því er varðar lagskiptinguna skulu aðildarríkin nota mikilvæg sérkenni íbúðanna. Þau geta tengst einkennum íbúðarinnar og byggingarinnar, umhverfiseinkennum íbúðarinnar eða félagslegum og hagrænum þáttum. Þar að auki er notkun uppfærðs fasteignaverðs ásættanleg vegna lagskiptingar ef það er byggt á hlutlægu mati.

1.2.2. *Val lagskiptingarviðmiða*

Þar sem ýmsir eiginleikar hafa áhrif á húsaleigu íbúða er fyrsta verkefnið að rannsaka þær breytur sem hafa umtalsverð áhrif. Ein leið til að finna mikilvægar breytur er að vinna töflugreiningu um tiltækar tölfræðilegar upplýsingar. Til að fá hlutlæga mælingu mats virðist gagnlegt að finna dreifni greiddrar húsaleigu innan ákveðins lags. Þetta gæti leitt til hvata að hugsanlegum umbótum á lagskiptingunni með því að velja lög á þann hátt að það lágmarki dreifni innan lags. Þess vegna er mælt með því að dreifni í hverju lagi sé reiknuð út a.m.k. í þeim tilvikum þar sem lagskiptingin hefur bæði áhrif á greidda og reiknaða húsaleigu.

Þróaðri nálgun fæst með því að nota þróaðar, tölfræðilegar aðferðir, s.s. (margþátta) aðhvarfsgreiningu. Slík aðferð gerir það kleift að meta áhrif einstakra breytna til þess að unnt sé að heimfæra breytileika í húsaleigu undir tiltekna eiginleika. Í stuttu máli er hægt að mæla skýringargildi breytu með fylgnistuðlinum. Þar að auki gerir þetta kleift að raða eiginleikunum samkvæmt mikilvægi þeirra. Þetta er gagnlegt við ákvörðun á því hvar þarf að beita frekari sundurliðun laga. Við það að sameina mikilvægustu breyturnar með því að beita margþátta aðhvarfsgreiningu kemur skýringargildi þeirra í heild í ljós. Notkun þróaðra tölfræðilegra aðferða til að velja mikilvægar breytur er talin vera skilvirk leið til að lagskipta húsnæðistofninum. Auk þess er unnt að nota aðhvarfsgreiningu á beinan hátt til að meta húsaleigu, t.d. í formi ánægjuverðslíkana. Aðferðin er einnig gagnlegt verkfæri til að áætla meðalhúsaleigu að því varðar lög þar sem engar samsvarandi athuganir hafa farið fram á húsaleigu (tóm lög).

Frekari kostur þess að velja lagskiptingarviðmið á grundvelli þróaðrar tölfræðilegrar aðferðar er að þá þarf ekki að mæla fyrir um samræmd viðmið fyrir öll aðildarríki. Til að fá fram samanburðarhæfar niðurstöður er nægjanlegt að koma á niðurröðun mikilvægustu viðmiða í hverju aðildarríki og kveða á um nauðsynlegt heildarstig að því er varðar skýringargildi. Slík aðhvarfsgreining er augljóslega að miklu leyti háð því hvaða tölfræðilegu upplýsingar eru tiltækar. Engu að síður, jafnvel þegar um er að ræða takmarkaðar tölfræðilegar upplýsingar, gæti þetta verið hvati til umbóta í framtíðinni.

Þar sem upplýsingar um mismunandi breytur sem hafa áhrif á húsaleigu eru fyrst og fremst háðar þróun grunnhagtalna kann að vera að möguleikinn á því að nota þróaðar, tölfræðilegar aðferðir sé takmarkaður eins og stendur. Þess vegna er mælt með staðalaðferð, þ.e. að aðildarríkin skulu beita öllum mikilvægum viðmiðum sem eru fengin út frá töflugreiningum. Að lágmarki þarf að nota stærð, staðsetningu og a.m.k. einn annan mikilvægan eiginleika íbúðar við lagskiptingu húsnæðisstofnsins, með þessari lagskiptingu ættu að koma fram a.m.k. 30 hólf. Sundurliðun húsnæðisstofnsins þarf að vera markviss og lýsandi fyrir allar íbúðastofninn. Mögulegt er að nota þróaða tölfræðilega aðferð til að ákvarða mikilvæga(r) skýringarbreytu(r) við val á lögum.

Í raun getur aðildarríki þó kosið að nota færri breytur eða aðrar breytur en þær sem staðalaðferðin gerir kröfu um. Þetta er ásættanlegt svo fremi sem (margþátta) aðhvarfsgreining staðfestir ásættanlegt stig skýringargildis. Til að tryggja samanburðarhæfar niðurstöður er mælt með fylgnistuðli að lágmarki 70% sem viðmiðunarmörkum. Þetta viðmiðunargildi væri ásættanlegt fyrir stórt úrtak, þar sem búið væri að fjarlægja núllgildi og lága leigu, sem og frávik.

3. meginregla:

Aðildarríki skulu nota töflugreiningar eða tölfræðilegar aðferðir til að finna mikilvæg viðmið lagskiptingar. Að lágmarki þarf að nota stærð, staðsetningu og a.m.k. eitt mikilvægt atriði til viðbótar um íbúð. Að lágmarki þurfa að koma fram 30 hólf og a.m.k. þrír stærðarflokkar og tvenns konar tegundir staðsetningar. Notkun færri eða annarra breytna er ásættanleg hafi áður sannast að (fjöl-)fylgnistuðullinn nái 70%.

1.2.3. *Greidd og reiknuð húsaleiga*

Reiknuð húsaleiga er byggð á mældri greiddri húsaleigu. Vegna tilreiknings er húsaleiga skilgreind sem verðið sem reiknast vegna notkunar íbúðar án húsgagna. Til að fylgja þessari skilgreiningu gæti þurft gæti að leiðrétta mælda húsaleigu.

Gjöld vegna hitunar, vatns, rafmagns, o.s.frv. ættu að falla utan húsaleigu, þó að stundum geti verið erfitt að aðskilja þau í raun. Til að gæta samræmis við matsreglur evrópska þjóðhagsreikningakerfisins 2010 ætti að gefa upp framleiðslu fyrir húsnæðisþjónustu á grunnverði.

Að því er mælda húsaleigu varðar er tiltekinn opinber stuðningur líklega mikilvægur . Til dæmis á ákveðið heimili sem neytandi rétt á greiðslum af hálfu opinberra yfirvalda (t.d. húsnæðisbótum) en af stjórnsýslulegum ástæðum eru þær greiddar beint til leigusala. Mælda húsaleigan getur verið mismunandi eftir því hver uppruni upplýsinganna er. Ef upplýsingarnar koma frá leigjanda getur reynst nauðsynlegt að leiðrétta mælda húsaleigu með því að bæta sérstakri húsaleigugreiðslu aftur við.

Auk þess krefst notkun greiddrar húsaleigu að því er varðar tilreikning nánari útlistunar á nokkrum grundvallar-spurningum sem hafa áhrif á samræmingu gagna. Fyrsti liðurinn tengist spurningunni hvort nota eigi alla greidda húsaleigu eða einungis húsaleigu nýrra samninga að því tilreikningsferlið varðar. Allt eftir því hvert markmiðið er má setja fram önnur fræðileg rök til stuðnings greiddri húsaleigu sem greidd er samkvæmt nýjum samningum, undirrituðum samningum á byggingarári eða „meðalsamningum“. Að því er varðar beitingu almennu reglunnar, þ.e. að nota húsaleigu svipaðra íbúða, virðist ekki ásættanlegt að takmarka tilreikningsgrunninn við húsaleigu úr nýjum samningum. Þar sem „meðalhúsaleiga“ er notuð fyrir leigumarkaðinn á hið sama að gilda fyrir íbúðir þar sem íbúi býr í eigin húsnæði. Hér við bætist að önnur lausn myndi líklega valda miklum erfiðleikum í mörgum aðildarríkjum þegar lagskiptingar-aðferðinni er beitt. Í stuttu máli er niðurstaðan sú að nota eigi meðaltal greiddrar húsaleigu allra samninga til að reikna út reiknaða húsaleigu. Af þessum sökum ætti húsaleiga á einkamarkaði, sem er lág vegna opinberrar reglusetningar, einnig að teljast með þegar meðalhúsaleigan er reiknuð út.

Önnur spurningin varðar það hvort unnt sé að nota húsaleigu íbúða í eigu hins opinbera í því skyni að beita tilreikningi. Í ljósi þess að íbúðir þar sem íbúi býr í eigin húsnæði eru að mestu í einkaeign ætti, að jafnaði, einungis að nota greidda húsaleigu í einkageiranum í því skyni að beita tilreikningi. Samt sem áður má í undantekningartilvikum nota húsaleigu íbúða í eigu hins opinbera, að því tilskildu að hún hafi hækkað það mikið að unnt sé að nota hana í stað húsaleigu á einkamarkaði ef ekki eru fyrir hendi nægjanlegar athuganir á greiddri húsaleigu íbúða í einkaeigu til að stofna fullnægjandi tilreikningsgrunn út frá því.

Frekari spurning tengist notkun húsaleigu vegna leiguíbúða með húsgögnum til að stækka grunn reiknaðrar húsaleigu. Meginreglan er sú að húsaleiga íbúða án húsgagna sé grunnurinn fyrir útreikningi á leiguvirði íbúða þar sem íbúi býr í eigin húsnæði. Þess vegna er ekki hægt að nota húsaleigu vegna íbúða með húsgögnum beint. Til að koma í veg fyrir að rangur grunnur húsaleigustigs sé reiknaður ætti að færa húsaleiguna niður þannig að hún samsvari greiðslu vegna notkunar húsgagna.

4. meginregla:

Vegna tilreiknings skal líta svo á að með húsaleigu sé átt við að þá húsaleigu sem greiða skal fyrir réttinn til að nota íbúð án húsgagna. Ef upplýsingarnar koma frá leigjanda kann af þeim sökum að reynast nauðsynlegt að leiðrétta mælda húsaleigu með því að bæta sérstakri húsaleigugreiðslu aftur við, sem af stjórnsýslulegum ástæðum er greidd beint til leigusalans. Til að taka saman reiknaða húsaleigu skal nota greidda húsaleigu úr öllum samningum að því er varðar íbúðir í einkaeign án húsgagna. Reynist það nauðsynlegt af tölfræðilegum ástæðum má í undantekningartilvikum nota húsaleigu fyrir íbúðir í eigu hins opinbera, að því tilskildu að hún hafi hækkað það mikið að unnt sé að nota hana í stað húsaleigu á einkamarkaði. Á sama hátt er unnt að taka með í tilreikningsgrunninn húsaleigu fyrir íbúðir með húsgögnum eftir að leigumismunur á milli íbúða með húsgögnum og án húsgagna hefur verið dreginn frá.

1.3. **Heimildir fyrir mati grunnárs og framreikningsaðferðir**

1.3.1 *Húsnæðisstofn*

Grundvallaratriði útreiknings samkvæmt lagskiptingaraðferðinni eru upplýsingar um íbúðastofninn. Þessar upplýsingar eru viðmiðunarramminn fyrir framreikningsaðferðir. Almennt séð samanstendur húsnæðisstofninn af öllum byggingum eða hlutum þeirra sem eru notaðir sem íbúðir. Nánari upplýsingar eru veittar í hlutanum um sérstök vandamál. Helstu heimildir sem notaðar eru til að ákvarða húsnæðisstofn eru húsnæðistöl, stjórnsýslulegar byggingaskrár eða manntöl. Tölur grunnársins eru síðan uppfærðar til að fá fram mat fyrir yfirstandandi ár.

Að því er varðar húsnæðistofn grunnárs virðast húsnæðistöl valda hvað minnstum vandræðum og vera heildstæðust, sérstaklega þegar þau eru gerð samhliða manntali. Stjórnsýslulegar byggingaskrár styðjast að mestu leyti við lagareglur sem geta valdið óvissu, t.d. hvort viðbyggingar, endurbætur, breytingar og niðurrif íbúða sé skráð á tilhlýðilegan hátt. Notkun þeirra upplýsinga sem heimili veita í manntali sem grunninn að húsnæðisstofni kann að valda vandamálum þar sem niðurstöðurnar vantelja gjarnan önnur heimili sem ekki eru nýtt til búsetu á þeim tíma þegar manntalið fer fram.

5. meginregla:

Við samantekt húsnæðisstofns grunnárs skulu aðildarríki annaðhvort nota húsnæðistal eða manntal eða stjórnsýslulega byggingaskrá sem útgangspunkt. Í ljósi þess að húsnæðistal veitir venjulega heildstæðustu upplýsingarnar er nauðsynlegt að beita rækilegum og ítarlegum athugunum við notkun stjórnsýslulegra byggingaskráa og manntala til að þær verði tæmandi.

1.3.2 *Greidd húsaleiga*

Annar lykilþáttur við útreikning framleiðslu á húsnæðisþjónustu samkvæmt lagskiptingaraðferðinni varðar greidda húsaleigu á leigumarkaði. Upplýsingar um greidda húsaleigu á grunnári kunna annaðhvort að vera fengnar úr heildarkönnun (t.d. manntali) eða úr úrtakskönnun, s.s. könnun á tekjum og útgjöldum heimila eða sérstakri könnun á húsaleigu. Í fyrra tilvikinu er líklegt að niðurstöðutala nái yfir greidda húsaleigu og að útreikningarnir hafi einungis áhrif á stig reiknaðrar húsaleigu. Í tilviki úrtakskannana hafa útreikningarnir bæði áhrif á stig greiddrar og reiknaðrar húsaleigu. Augljóslega veitir heildarkönnun breiðan grunn fyrir áreiðanlegar upplýsingar. Þó eru kannanir á tekjum og útgjöldum heimila venjulega einnig taldar nokkuð áreiðanlegar, sérstaklega að því er nauðsynjar varðar. Samt sem áður er ýmiss konar brottfall þekkt sem almennt vandamál hvað varðar þessa tegund könnunar. Sé litið á húsnæðið sem munað fremur en nauðsynjar myndi þetta vandamál hafa óæskileg áhrif á niðurstöður útreikningsins og ætti að jafna þau áhrif. Annað vandamál við könnun á tekjum og útgjöldum heimila, a.m.k. í sumum aðildarríkjum, varðar smæð úrtaks þeirra sem getur takmarkað möguleikann á lagskiptingu húsaleigunnar. Í öllum tilvikum skulu tiltækar viðbótarheimildir notaðar eins og mögulega er unnt. Þetta getur t.d. átt við í aðildarríkjum þar sem hátt hlutfall húsnæðis er í eigu hins opinbera og þar sem húsnæðismiðlarar verða að leggja fram reikninga. Enn fremur skal hafa samfellu í að rannsaka aðrar heimildir, s.s. sérstakar leigukannanir, til að bæta niðurstöðurnar.

6. meginregla:

Aðildarríki skulu nota yfirgripsmestu og áreiðanlegustu heimildirnar til að fá fram upplýsingar um greidda húsaleigu í hverju lagi, t.d. manntal eða könnun um heimili. Meta ætti aðrar heimildir til að bæta áreiðanleika og tæmandi umfang og sérstaklega til að bæta lagskiptinguna.

1.3.3 *Framreikningur á niðurstöðum grunnárs*

Einungis fá aðildarríki búa yfir árlegum upplýsingum sem nauðsynlegar eru til að framkvæma upp á nýtt fullan endurútreikning á framleiðslu íbúða þar sem íbúi býr í eigin húsnæði á hverju ári. Í flestum aðildarríkjum er litið á niðurstöður tiltekins árs sem viðmiðun og eru þær síðan uppfærðar til að áætla tölur yfirstandandi árs með því að nota vísa. Uppfærsluna má gera með því að beita samsettum vísi á (heildar)framleiðslu grunnárs eða með því að framreikna húsnæðistofn og húsaleigu aðskilið í hverju lagi. Þótt almennt megi vænta svipaðra niðurstaðna geta breytingar í samsetningu, t.d. á hlutfalli leigðra íbúða og íbúða þar sem íbúi býr í eigin húsnæði, valdið mismun. Auk þess myndi aðskilinn útreikningur gera sennileikaathuganir mögulegar.

Að því er varðar þá vísa sem eru notaðir er magnvísitalan að mestu leidd af framleiðslu byggingariðnaðarins. Hins vegar er verðvísirinn oft byggður á verðvísitölu húsaleigu sem er greidd úr neysluverðsvísitölunni. Þetta getur valdið skekkjum í þeim tilvikum þar sem sú forsenda að reiknuð húsaleiga fylgi ekki breytingum á samtölunni er ekki réttmæt, t.d. vegna opinbers eftirlits með húsaleigu. Að því er varðar framreikning á reiknaðri húsaleigu virðist því ráðlegt að nota verðvísitölu sem endurspeglar hreyfingar á leigðum íbúðum í einkaeigu, eins og gert var fyrir grunnárið. Enn fremur þarf að veita þeirri staðreynd athygli að í verðvísitölum eru undanskildar verðhækkanir sem verða vegna breytinga á gæðum. Þess vegna þarf að bæta gæðavísi við verðvísitölurnar til þess að endurspegla úrbætur.

Loks virðist gagnlegt að lágmarka áhrif breytinga á samsetningu á niðurstöðurnar með því að takmarka framreikningstímabilið. Að teknu tilliti til tíðni viðeigandi grunnhagskýrslna virðist viðeigandi að setja viðmiðanir um húsnæðistofninn á 10 ára fresti, þ.e. hefðbundið tímabil á milli manntala. Auk þess ætti ákvarða viðmiðanir verðþátta (húsaleigu í hverju lagi) að lágmarki á fimm ára fresti, þ.e. hefðbundið tímabil á milli kannana á tekjum og útgjöldum heimila.

7. meginregla:

Sé ekki mögulegt að framkvæma árlegt heildarendurmat á framleiðslu á húsnæðisþjónustu geta aðildarríki framreiknað tölur frá uppgefnu grunnári með því að nota viðeigandi magn-, verð- og gæðavísa. Framreikna skal húsnæðistofninn og meðalhúsaleigu aðskilið fyrir hvert lag. Í framreikningsaðferðinni skal greina á milli útreikninga greiddrar og reiknaðrar húsaleigu. Ef nauðsyn krefur er hægt að nota færri lög fyrir framreikning en þau sem eru notuð vegna útreiknings grunnárs. Til að framreikna reiknaða húsaleigu íbúða þar sem íbúi býr í eigin húsnæði skal almennt nota verðvísitölu sem endurspeglar húsaleigu á einkamarkaði. Hvað sem öðru líður skal setning viðmiðana húsnæðisstofns ekki gerast sjaldnar en á tíu ára fresti og fyrir verðþáttinn skal hún ekki gerast sjaldnar en á fimm ára fresti eða nota ætti aðrar viðeigandi aðferðir til að ná svipuðum gæðum.

1.4. **Sérstök vandamál**

1.4.1 *Íbúðir þar sem húsaleiga er ekki innheimt og íbúðir með lágri leigu*

Við gagnasöfnun á greiddri húsaleigu eru stundum mæld núllgildi eða mjög lág gildi. Sé um íbúðir að ræða þar sem húsaleiga er ekki innheimt leiðir það til þeirrar einkennilegu stöðu að húsnæðisþjónustan er í reynd veitt en án (sýnilegrar) greiðslu. Í slíkum tilvikum virðist viðeigandi að velja þá lausn að leiðrétta hið mælda núllvirði greiddrar húsaleigu. Hliðstæð lausn virðist rökrétt fyrir íbúðir þar sem húsaleiga er lág.

Fyrir utan afskipti opinberra yfirvalda eru aðrar ástæður fyrir því að húsaleiga mælist af íbúðum þar sem hún er ekki innheimt eða hún er lág. Sem dæmi má taka íbúð í eigu vinnuveitanda sem er til umráða fyrir starfsmann gegn lækkaðri eða engri húsaleigu. Þetta getur varðað hvers konar starfsfólk, þ.m.t. heimilishjálp eða vaktaðila. Í þessu tilviki þarf að leiðrétta greiddu húsaleiguna og muninn á greiddri húsaleigu og sambærilegri húsaleigu þarf að fara með sem greiðslu í friðu (sjá liði 4.04–4.06 viðauka A við evrópska þjóðhagsreikningakerfið 2010). Annar möguleiki er að íbúðir séu leigðar skyldmennum eða vinum gegn engri eða mjög lágri húsaleigu. Í þessu tilviki er hægt að leiðrétta með því einfaldlega að endurflokka þær íbúðir á leigumarkaði í íbúðir sem íbúi býr í eigin húsnæði. Enn fremur virðist sambærileg leiðrétting viðeigandi sé um eingreiðslur leigjenda að ræða, þ.e. þar sem leigjandinn greiðir húsaleiguna fyrirfram fyrir lengra tímabil en hefðbundið er.

8. meginregla:

Leiðrétta skal greidda húsaleigu sem mæld er sé um íbúðir að ræða þar sem húsaleiga er ekki innheimt og íbúðir með lágri húsaleigu til að ná yfir alla húsnæðisþjónustu. Hvorki skal nota enga né lága húsaleigu til að reikna út reiknaða húsaleigu á óleiðréttum grunni. Til að reikna út bæði greidda og reiknaða húsaleigu ætti því að gera leiðréttingar til að tryggja að verðmæti framleiðslunnar endurspegli húsnæðisþjónustuna.

1.4.2 *Orlofsheimili*

Orlofsheimili ná yfir allar tegundir frístundaíbúða, s.s. nærliggjandi hús til helgardvalar sem er notað í stuttan tíma í senn oft á ári eða orlofshús lengra í burtu sem er notað um lengra skeið en einungis nokkur skipti á ári. Við fyrstu sýn virðast leigð orlofsheimili ekki vera til vandræða þar sem greidd húsaleiga er notuð sem mælikvarði fyrir framleiðsluna. Samt sem áður getur framreikningur á árlegri niðurstöðutölu, sé greidd húsaleiga innheimt mánaðarlega, leitt til ofmats séu engar viðbótarupplýsingar um meðalnotkun innifaldar.

Við útreikning reiknaðrar húsaleigu orlofsheimila þar sem íbúi býr í eigin húsnæði er röklegasta aðferðin að lagskipta þessum eigum og nota viðeigandi meðaltal árlegrar húsaleigu vegna svipaðrar gistiaðstöðu sem er raunverulega í leigu. Árleg húsaleiga endurspeglar meðalnýtingartíma með óbeinum hætti. Komi upp vandkvæði er hægt að nota staðgengilsaðferð, þ.e. að safna saman upplýsingum um orlofsheimili í einu lagi og nota meðaltal árlegrar húsaleigu fyrir orlofsheimili sem eru raunverulega í leigu gagnvart þeim þar sem íbúi býr í eigin húsnæði. Í þriðja lagi er ásættanlegt að nota alla ársleiguna fyrir hefðbundnar íbúðir í sama lagi svæðis í þeim tilvikum sem orlofsheimili reiknast sem mjög lítill hluti húsnæðisstofns eða þar sem ekki er hægt að aðskilja þau frá öðrum íbúðum. Jafnvel ef um fjarlægari orlofshús er að ræða virðast þessar aðferðir skynsamlegar að því gefnu að þau séu alltaf aðgengileg eigandanum og séu einnig notuð endurgjaldslaust af vinum eða skyldmennum hans eða hennar.

Í undantekningartilvikum, þar sem greidda húsaleigu vantar eða tölfræði er óáreiðanleg fyrir tiltekið lag orlofsheimila, er hægt að nota aðrar hlutlægar aðferðir, s.s. notendakostnaðaraðferðina. Í þeim tilvikum þar sem notendakostnaðaraðferðin er að öllu leyti notuð sem eina raunhæfa aðferðin fyrir þessa íbúðargerð þarf að nota rökstudda forsendu um meðalnýtingartíma til að tryggja samanburðarhæfi, nema telja megi að orlofshúsin séu alltaf aðgengileg fyrir eigandann allt árið. Í því tilviki þegar forsenda um nýtingartíma er réttlætanleg verður að vekja athygli á nauðsyn þess að tryggja trúverðugar niðurstöður í þeim skilningi að allur kostnaður falli undir framleiðsluna samkvæmt notendakostnaðaraðferðinni. Þessu má ná með leiðréttingu, í þeim tilgangi að endurspegla meðalnýtingartíma, eingöngu að því er varðar hreinan rekstrarafgang.

9. meginregla:

Orlofsheimili ná yfir allar tegundir frístundaíbúða, s.s. nærliggjandi hús til helgardvalar eða orlofshús lengra í burtu. Til að meta framleiðslu orlofsheimila er æskilegast nota meðaltal árlegrar húsaleigu fyrir svipaða aðstöðu. Árleg húsaleiga endurspeglar meðalnýtingartíma með óbeinum hætti. Þótt lagskipting gæti virst æskileg er hægt að flokka saman orlofsheimili í einu lagi. Séu orlofsheimili mjög lítill hluti húsnæðisstofns er hægt að nota alla árlega húsaleigu fyrir hefðbundnar íbúðir í sama lagi svæðis. Í rökstuddum undantekningartilvikum þar sem greidda húsaleigu vantar eða tölfræði er óáreiðanleg fyrir tiltekin lög orlofsheimila er hægt að nota aðrar hlutlægar aðferðir, s.s. notendakostnaðaraðferðina.

1.4.3 *Þjónusta tengd gistiaðstöðu með skiptileigu*

Sé um skiptileigu að ræða selur fasteignasali dvalarréttinn í tiltekinn tíma á hverju ári í ákveðinni íbúð sem er á ferðamannasvæði og annast stjórnun þessarar eignar. Rétturinn er tryggður með skírteini sem er gefið út eftir að upphafsgreiðsla er innt af hendi. Mögulegt er að selja þetta skírteini á gangverði. Reglubundnar greiðslur leggjast einnig við til að standa straum af umsýslukostnaði.

Samkvæmt þessari lýsingu skal farið með upphafsgreiðsluna sem fjárfestingu þar sem útgefna skírteinið er sambærilegt við hlutabréf. Þetta er stutt þeirri staðreynd að í a.m.k. einu aðildarríki séu lög um að kaupandi öðlist hlutbundin réttindi. Því væri gagnlegt að telja upphafsgreiðsluna með sem óefnislegar eignir í þjóðhagsreikningunum. Enn fremur virðist rökrétt að líta á gistiþjónustu þar sem húsaleigan er ekki innheimt sem arð sem fasteignasalinn greiðir í fríðu.

Grunnvandamálið er að þjónusta er í raun veitt af gistiaðstöðu í skiptileigu sem er ekki talin með í framleiðslu hagkerfisins. Rökfræðilega krefst þetta leiðréttingar. Í fyrsta lagi felur tillagan um að samþykkja reglubundna greiðslu sem kostnaðarnálgun óbeint í sér að engin leiðrétting er gerð fyrir gistiþjónustuna vegna þess að reglubundin greiðsla nær yfir aðra þjónustu, það er að segja stjórnunarkostnað. Annar fræðilegur möguleiki væri að líta á upphafsgreiðsluna sem fyrirframgreiðslu fyrir veitta þjónustu og að dreifa henni yfir viðeigandi nýtingartímabil. Þrátt fyrir tölfræðileg vandamál við að koma þessu líkani í framkvæmd virðist mótsögn vera í lagalegu tilliti þar sem óbeina túlkunin er sú að um sé að ræða kaup á þjónustu en ekki kaup á eign.

Enn annar möguleiki er að leiða út frá árlegri greiddri húsaleigu kostnað fyrir svipaða gistiaðstöðu (með eldunaraðstöðu). Þessi lausn er studd þeirri staðreynd að gistiaðstaða í skiptileigu er staðsett á ferðamannasvæðum og er innan um orlofsíbúðir sem eru raunverulega í leigu. Komi upp vandamál eru hinar tvær aðferðirnar, sem lagt hefur verið til að nota fyrir orlofsheimili, einnig ásættanlegar fyrir eignir í skiptileigu. Reiknaða húsaleigan ætti að vera á hreinum grunni til að forðast tvítalningu kostnaðar sem fellur undir reglubundna greiðslu.

10. meginregla:

Að því er gistiaðstöðu í skiptileigu varðar skal beita sömu aðferðum og fyrir orlofsheimili.

1.4.4 *Leigjendur aukaherbergja*

Í flestum aðildarríkjum býr fjöldi námsmanna í aukaherbergjum. Oft á þetta einnig við um annað ungt fólk eða þá sem hafa atvinnu fjarri heimili. Sé herbergið hluti af leigðri íbúð, þ.e. er framleigt, virðast engin stór vandamál koma upp. Líta má á leigu aukaherbergja sem framlag til greiddrar aðalhúsaleigu, þ.e. tilfærslu á milli heimila. Sé herbergið aftur á móti hluti af íbúð þar sem íbúi býr í eigin húsnæði væri það tvítalning að reikna bæði húsaleiguna sem leigjandinn greiðir og reiknuðu húsaleiguna í heild sinni. Líklega væri rétta lausnin að nota greidda húsaleigu sem leigjandi greiðir fyrir það hlutfall íbúðarinnar sem hann eða hún býr í og tilreikna húsaleigu fyrir eftirstandandi hluta hennar. Þó gæti þetta verið örðugt í framkvæmd. Þess í stað væri hægt að líta á húsaleiguna sem tilfærslu sem felur í sér að útgjöldum íbúðarinnar er deilt. Þetta gæti verið svipað fyrsta dæminu svo fremi að litið sé á greidda húsaleigu fyrir aukaherbergið sem framlag til reiknaðrar aðalleigu. Af þessari aðferð leiðir að leiðréttingar verður þörf ef heimilin eru sundurliðuð eftir hópum.

Önnur spurning er hvernig eigi að fara með framleigu nokkurra herbergja. Í slíku tilviki er lagt til að hugtakið leigjendur aukaherbergja eigi einungis við þegar eigandinn eða aðalleigjandinn sjálfur býr áfram í íbúðinni. Annars skal líta á framleigu sem aðskilda efnahagslega starfsemi (húsnæðisþjónustu eða gistiheimili).

11. meginregla:

Líta skal á húsaleigu fyrir aukaherbergi innan íbúðar sem framlag til aðalleigu svo fremi sem eigandinn eða aðalleigjandinn búi áfram í íbúðinni.

1.4.5 *Tómar íbúðir*

Í fyrsta lagi er alltaf litið á leigða íbúð sem nýtta, jafnvel þó leigjandinn velji að búa annars staðar. Í öðru lagi, í samræmi við samþykkta almenna lausn fyrir orlofsheimili og gistiaðstöðu í skiptileigu**,** endurspeglar ársleigan meðalnýtingartíma með óbeinum hætti. Vandinn við tómar íbúðir takmarkast því við óleigðar íbúðir sem eigandinn notar ekki, þ.e. þær sem eru til sölu eða leigu. Í slíkum tilvikum er engin húsnæðisþjónusta veitt og því ætti að skrá húsaleiguna sem núll.

Nauðsynlegar upplýsingar til að ákvarða hvort óleigð eign sé tóm eða ekki geta byggst á yfirlýsingu eigandans eða nágranna. Liggi slíkar upplýsingar ekki fyrir er hægt að nota upplýsingar um hvort húsgögn eru fyrir hendi sem vísbendingu um hvort eignin sé nýtt. Aftur á móti er hægt að líta svo á að húsnæði án húsgagna sé tómt þar sem erfitt er að ímynda sér að þar sé húsnæðisþjónusta veitt. Tómar íbúðir skulu einnig ná yfir íbúðir sem eru endurheimtar eftir vanskil eða þær sem eru tómar í stuttan tíma þar sem húsnæðismiðlunin finnur ekki tafarlaust nýjan leigjanda. Jaðartilvik er tóm íbúð sem er að fullu búin húsgögnum og eigandinn getur notað tafarlaust. Hér væri hægt að færa rök fyrir því að engin húsnæðisþjónusta sé veitt svo lengi sem eigandinn nýtir ekki íbúðina í raun. En vegna þess að þetta er sambærilegt við leigða íbúð sem þó stendur tóm virðist viðeigandi að skrá húsaleigu. Þess vegna er venjulega litið á íbúðir búnar húsgögnum þar sem íbúi býr í eigin húsnæði sem nýttar.

Kostnaður getur líka fallið til vegna tómrar íbúðar, s.s. rekstrarútgjöld vegna viðhalds, rafmagns, tryggingariðgjalda, skatta o.s.frv. Líta skal á þessi útgjöld sem aðfanganotkun, aðra framleiðsluskatta o.s.frv. Rétt eins og þegar um fyrirtæki að ræða sem veitir enga þjónustu getur það leitt til neikvæðs virðisauka.

Í þeim tilfellum þar sem notendakostnaðaraðferðin er notuð ætti að aðgreina tómar íbúðir á réttan hátt frá hinum hluta íbúðastofnsins þannig að verðmæti framleiðslunnar verði ekki fyrir óbeinum áhrifum í útreikningum með því að taka tillit til allra kostnaðarþátta, s.s. fjármunanotkunar og hreins rekstrarafgangs. Við fyrstu sýn getur dæmi um tómar íbúðir í samhengi við félagslegt húsnæði valdið nokkrum áhyggjum vegna svipaðra óbeinna áhrifa á framleiðslu með því að beita aðferð þar sem fram kemur samtala kostnaðar sem á við fyrir ómarkaðsbundna geira sem bjóða upp á félagslegt húsnæði. Hins vegar er búist við að áhrifin í þessu tilviki séu afar óveruleg. Þar að auki getur tóma íbúðin, þegar um er að ræða félagslegt húsnæði, alltaf talist nýtt þar sem hún er tiltæk til notkunar fyrir eigandann (hið opinbera eða sjálfseignarstofnanir sem þjóna heimilum) í þeim tilgangi að veita félagslega vernd.

12. meginregla:

Fyrir óleigða íbúð, sem er hægt að selja eða leigja, skal skrá húsaleiguna sem núll. Almennt skal meðhöndla íbúð búna húsgögnum þar sem íbúi er í eigin húsnæði sem nýtta íbúð.

1.4.6 *Bílskúrar*

Þar sem bílskúrar eru hluti af vergri fjármunamyndun er ekki einungis viðeigandi að telja með í framleiðslu hagkerfisins þjónustu þeirra sem leigðir eru heldur einnig að reikna tilreiknaða framleiðslu bílskúra sem íbúi í eigin húsnæði nýtir. Í báðum tilvikum er bílskúrinn liður í þægindum íbúðarinnar eins og hver önnur aðstaða. Þar skal telja bílskýli og bílastæði með þar sem þau gegna trúlega sama hlutverki.

Í lið 3.75 í viðauka A við evrópska þjóðhagsreikningakerfið 2010 segir svo „svipaður tilreikningur verður gerður fyrir bílskúra sem aðskildir eru frá íbúðum og eigandinn notar sem lokaneyslu vegna íbúðarinnar.“

Venjulega eru fleiri íbúðir þar sem íbúi býr í eigin húsnæði með bílskúr en leigðar íbúðir. Til að telja þennan kerfislæga mismun með á tilhlýðilegan hátt virðist besta leiðin vera að nota tilvist bílskúrs sem lagskiptingarviðmið.

13. meginregla:

Bílskúrar og bílastæði, sem eru notuð sem lokaneysla, veita þjónustu sem telja skal með í húsnæðisþjónustunni.

2. AÐFANGANOTKUN

Aðfanganotkun verður að vera í samræmi við framleiðslu. Í samræmi við flokkun á einkaneyslu eftir tilgangi (COICOP) ætti að skrá sérstaklega gjöld fyrir hitun, vatn, rafmagn, o.s.frv., auk stærsta hluta viðhalds og viðgerða sem tengist húsnæði sérstaklega og því vera undanskilið framleiðslu á húsnæðisþjónustu.

Í reynd gæti þó þurft að líta á ýmis gjöld, auk viðhalds og viðgerða, sem hluta af leiguþjónustunni af þeirri ástæðu að ekki er hægt að skilja þau frá. Þetta ætti ekki að hafa áhrif á stig vergra þjóðartekna ef verg meðhöndlun er framkvæmd með samræmdum hætti fyrir aðfanganotkun og framleiðslu.

Gera ætti greinarmun á þremur flokkum að því er tekur til viðgerða og viðhalds. Í fyrsta lagi eru endurbætur á fyrirliggjandi fastafjármunum sem eru mun víðtækari en kröfur um eðlilegt viðhald og viðgerðir taldar til vergrar fjármunamyndunar (liður 3.129 í viðauka A við evrópska þjóðhagsreikningakerfið 2010).

Í öðru lagi eru útgjöld vegna eðlilegra viðgerða og viðhalds sem íbúi sem býr í eigin húsnæði stofnar til vegna skreytinga, viðhalds og viðgerða íbúðar, sem leigjendur annast að jafnaði ekki sjálfir, meðhöndluð sem aðfanganotkun í framleiðslu á húsnæðisþjónustu (liður 3.96 í viðauka A við evrópska þjóðhagsreikningakerfið 2010).

Að lokum eru þrif, skreytingar og viðhald íbúða, að því marki sem leigjendur annast einni gjarnan slíkt undanskilin frá framleiðslu (liður 3.09 í viðauka A við evrópska þjóðhagsreikningakerfið 2010). Útgjöld sem tengjast þessum athöfnum ætti að skrá beint sem lokaneyslu heimila. Í lið 3.95 í viðauka A við evrópska þjóðhagsreikningakerfið 2010 segir að í lokaneyslukostnaði heimila felist efni til lítils háttar viðgerða og innréttinga húsnæðis sem eru þess eðlis að algengt sé að leigjendur jafnt sem eigendur annist þær.

Þetta þýðir hvað varðar íbúðir þar sem íbúi býr í eigin húsnæði að aðfanganotkun ætti að ná yfir sömu tegundir hefðbundins viðhalds og viðgerða og leigusali myndi venjulega líta á sem aðfanganotkun í svipuðum leiguíbúðum. Útgjöld vegna viðgerða og viðhalds af því tagi sem leigjendur, frekar en leigusalar, sjá venjulega um ætti að meðhöndla eins og lokaneyslukostnað heimilis bæði að því er varðar leigjendur og íbúa í eigin húsnæði.

Hægt er að leiða aðfanganotkun við hefðbundið viðhald og viðgerðir sem tengjast íbúðum þar sem íbúi býr í eigin húsnæði beint út frá heimildum fyrir hagskýrslugerð, s.s. könnunum á tekjum og útgjöldum heimila. Rannsaka ætti ástæður þess þegar hlutfall aðfanganotkunar við framleiðslu hjá íbúðum þar sem íbúi býr í eigin húsnæði er mjög frábrugðið hlutfallinu í leigugeiranum. Þegar mismunurinn stafar af mismunandi gæðum, t.d. mismunandi stigi hefðbundins viðhalds fyrir íbúðir sem eru að öðru leyti svipaðar, ætti að aðlaga reiknaða húsaleigu til samræmis við það

.

Aðfanganotkun ætti að fela í sér óbeint mælda fjármálaþjónustu (FISIM) í samræmi við 14. kafla í viðauka A við evrópska þjóðhagsreikningakerfið 2010. Þar með talin er aðfanganotkun heimila þar sem þau eru í stöðu sem eigendur íbúða með tilliti til húsnæðislána.

Tómar íbúðir geta leitt til aðfanganotkunar eins og tilgreint er í þætti 1.4.5. Almennt er lögð áhersla á að forðast ætti tvítalningu aðfanganotkunar sé um íbúðir í eigu vinnuveitanda að ræða.

14. meginregla:

Ákvarða skal aðfanganotkun í samræmi við skilgreininguna á framleiðslu á húsnæðisþjónustu. Almennt skulu gjöld fyrir hitun, vatn, rafmagn, o.s.frv., undanskilin frá báðum liðum. Sé önnur meðferð valin af hagkvæmnisástæðum er það ásættanlegt svo fremi sem það hefur ekki áhrif á stig vergrar landsframleiðslu og vergra þjóðartekna.

3. VIÐSKIPTI VIÐ AÐRA HEIMSHLUTA

Samkvæmt evrópska þjóðhagsreikningakerfinu 2010 (liðum 1.63 og 2.29 í viðauka A) er litið á einingar þar sem enginn er búsettur sem ímyndaðar búsetueiningar, þegar þær hafa stöðu sem eigendur lóða eða bygginga á efnahagssvæði lands, þó einungis að því er varðar viðskipti sem hafa áhrif á slíkar lóðir eða byggingar.

Þetta þýðir að veitt þjónusta í tengslum við íbúð í eigu einstaklings sem er ekki búsettur í viðkomandi landi er innifalin í framleiðslu hagkerfisins þar sem íbúðin er. Sé um er að ræða íbúð íbúa sem býr í eigin húsnæði en er ekki búsettur í landinu á að skrá útflutning á húsnæðisþjónustu og samsvarandi hreinn rekstrarafgangur er skráður sem frumtekjur sem greiddar eru til annarra heimshluta (liður 3.173 og 4.60 í viðauka A við evrópska þjóðhagsreikningakerfið 2010).

Að því er varðar einstaklinga með búsetu sem eiga íbúðir utanlands segir í lið 3.75 í viðauka A við evrópska þjóðhagsreikningakerfið 2010 að „ekki ætti að skrá virði húsaleigu á íbúðum utanlands þar sem íbúi býr í eigin húsnæði, t.d. orlofsheimili, sem hluta af innlendri framleiðslu heldur sem innflutning þjónustu og samsvarandi hreinan rekstrarafgang sem frumtekjur sem fenginn er frá öðrum heimshlutum.“

Almennt koma fá vandamál upp sé eignin í eigu einstaklings sem hefur ekki búsetu og hún er raunverulega leigð til einstaklings með búsetu þar, þar eð peningalegt flæði verður mælt og það talið með í greiðslujöfnuði. Íbúðir í eigu útlendinga með búsetu yrði að auðkenna með aðskildum hætti. Þjóðerni íbúa í eigin húsnæði nægir ekki til að aðskilja einstakling með búsetu frá þeim sem eru ekki með búsetu. Orlofsheimili í eigu útlendinga með búsetu munu trúlega skipta mestu máli og yrði gagnlegt að komast að samkomulagi um fjölda eiganda sem eru ekki með búsetu. Hins vegar er almennur skortur á upplýsingum um íbúa í eigin húsnæði sem eru ekki með búsetu. Enn erfiðara er að afla upplýsinga um einstaklinga með búsetu sem eiga orlofsheimili utanlands. Til að forða misræmi ætti aðildarríki sem dregur frumtekjur af íbúðum í eigu íbúa sem eru í eigin húsnæði en eru ekki með búsetu ætti um leið að bæta við frumtekjum fyrir íbúðir utanlands sem einstaklingar með búsetu eiga og búa í.

Eignir í skiptileigu eru sérstakt mál hvað þetta varðar. Þar sem slík eign getur verið nýtt af einstaklingum með búsetu í öðrum löndum á sama uppgjörstímabili virðist bein úthlutun til upprunalands nánast ómöguleg. Unnt er að fá samanburðarhæfar niðurstöður með því að nota vænlegri aðferð. Fyrst er (tilreiknuðum) virðisauka af gistiaðstöðu í skiptileigu úthlutað á upprunaland þess fyrirtækis sem fer með eignarhaldið. Síðan kann að vera að fyrirtækið sem hefur eignarhaldið með höndum sé beðið um að veita upplýsingar um upprunalönd þeirra sem eru eigendur skiptileigunnar, en þær geta gegnt hlutverki dreifingarlykils.

15. meginregla:

Samkvæmt evrópska þjóðhagsreikningakerfinu 2010 eru allar íbúðir á efnahagssvæði aðildarríkis hluti af vergri landsframleiðslu þess. Skrá skal hreinan rekstrarafgang, sem einstaklingar sem eru ekki með búsetu, sem eigendur lóða og bygginga í viðkomandi aðildarríki taka við, sem eignatekjur gagnvart öðrum löndum og skal því draga þær frá vergri landsframleiðslu við umreikning yfir í verga þjóðarframleiðslu (og öfugt). Líta skal á hreinan rekstrarafgang sem hreinan rekstrarafgang frá greiddri og reiknaðri húsaleigu íbúða. Aðildarríki, sem dregur eignatekjur af íbúðum í eigu íbúa sem nýta eigin íbúð en eru ekki með búsetu, ætti jafnframt að bæta við eignatekjum fyrir íbúðir utanlands sem eru í eign einstaklinga með búsetu í landinu og þeir nýta þar.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2021/2118 **2025/EES/42/17**

frá 24. nóvember 2021

um breytingu á tilskipun 2009/103/EB um ábyrgðartryggingu vegna notkunar vélknúinna ökutækja og um að fylgja því eftir að vátrygging vegna slíkrar ábyrgðar sé tekin (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Ábyrgðartrygging vegna notkunar vélknúinna ökutækja („ökutækjatrygging“) er sérstaklega mikilvæg fyrir evrópska borgara, hvort sem þeir eru vátryggingartakar eða mögulegir tjónþolar sem afleiðing af slysi. Hún er einnig verulegt hagsmunamál fyrir vátryggingafélög þar sem hún myndar mikilvægan hluta skaðatryggingarmarkaðarins í Sambandinu. Ökutækjatrygging hefur einnig veruleg áhrif á frjálsa för fólks, vara og farartækja, og þ.a.l. innri markaðinn. Það að styrkja og steypa saman innri markaðinum fyrir ökutækjatryggingar ætti af þeim sökum að vera meginmarkmið aðgerða Sambandsins á sviði fjármálaþjónustu.

2) Árið 2017 framkvæmdi framkvæmdastjórnin mat á árangrinum af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/103/EB ([3]), þ.m.t. skilvirkni, árangur og samræmi hennar við aðrar stefnur Sambandsins. Niðurstaðan af matinu var að tilskipun 2009/103/EB virkaði vel á heildina litið og þarfnaðist, að mestu leyti, ekki breytinga við. Engu að síður voru fjögur svið tilgreind þar sem markvissar breytingar væru viðeigandi: bætur til tjónþola vegna slysa þegar hlutaðeigandi vátryggingafélag er ógjaldfært, lágmarksfjárhæðir skyldubundinnar vátryggingaverndar, eftirlit aðildarríkja með tryggingum ökutækja og notkun nýs vátryggingafélags á tjónayfirlitum vátryggingartaka. Auk þessara fjögurra sviða hafa eftirfarandi svið einnig verið tilgreind þar sem markvissar breytingar væru viðeigandi: Sending ökutækja, slys þar sem í hlut á eftirvagn sem dreginn er af ökutæki, óháð verðsamanburðartæki fyrir ökutækjatryggingar,

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 430, 2.12.2021, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 68/2025 frá 14. mars 2025 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn , sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 38, 12.6.2025, bls. 40.

([1]) Stjtíð. ESB C 440, 6.12. 2018, bls. 85.

([2]) Afstaða Evrópuþingsins frá 21. október 2021 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 9. nóvember 2021.

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/103/EB frá 16. september 2009 um ábyrgðartryggingu vegna notkunar vélknúinna ökutækja og um að fylgja því eftir að vátrygging vegna slíkrar ábyrgðar sé tekin (Stjtíð. ESB L 263, 7.10.2009, bls. 11).

upplýsingamiðstöðvar og upplýsingar sem veittar eru tjónþolum. Enn fremur ætti að auka skýrleika tilskipunar 2009/103/EB með því að skipta út hugtakinu „fórnarlamb“ (e. „*victim*“), sem notað er í þeirri tilskipun sem samheiti fyrir „tjónþola“, með hugtakinu „tjónþoli“ (e. „*injured party*“ eða „*party injured*“) eins og við á, með viðeigandi breytingum. Þessar breytingar eru eingöngu gerðar með það í huga að samræma íðorðanotkunina í þeirri tilskipun og hafa ekki í för með sér efnislegar breytingar.

3) Síðan tilskipun 2009/103/EB öðlaðist gildi hafa margar nýjar tegundir vélknúinna ökutækja komið á markaðinn. Sum þeirra eru eingöngu knúin rafhreyfli og sum af aukabúnaði. Taka ætti tillit til slíkra ökutækja þegar merking hugtaksins „ökutæki“ er skilgreint. Sú skilgreining ætti að byggja á almennum eiginleikum slíkra ökutækja, einkum hámarkshönnunarhraða og eigin þyngd þeirra, og ætti að taka fram að aðeins sé um að ræða ökutæki sem eingöngu eru knúin vélrænni orku. Skilgreiningin ætti að gilda óháð fjölda hjóla undir ökutækinu. Hjólastólar sem ætlaðir eru til notkunar af einstaklingum með líkamlega fötlun ættu ekki að vera teknir með í skilgreininguna.

4) Létt rafknúin ökutæki sem falla ekki innan skilgreiningarinnar á „ökutæki“ ættu að vera undanskilin frá gildissviði tilskipunar 2009/103/EB. Ekkert í þeirri tilskipun ætti þó að koma í veg fyrir að aðildarríki krefjist, samkvæmt landslögum sínum, ökutækjatryggingar, með fyrirvara um skilyrðin sem þau setja, að því er varðar öll vélknúin tæki sem notuð eru á landi og falla ekki innan skilgreiningar þeirrar tilskipunar á „ökutæki“, og sem af þeim sökum ekki er krafist vátryggingar fyrir í þeirri tilskipun. Sú tilskipun ætti heldur ekki að koma í veg fyrir að aðildarríki mæli í landslögum sínum fyrir um að tjónþolar vegna slyss sem annað vélknúið tæki veldur hafi aðgang að tjónauppgjörsstofnun aðildarríkisins eins og ákvarðað er í 4. kafla. Aðildarríki ættu einnig að geta ákveðið, þegar íbúar á þeirra yfirráðasvæði eru tjónþolar vegna slyss sem er af völdum þess háttar annars vélknúins tækis í öðru aðildarríki þar sem ökutækjatryggingar er ekki krafist fyrir það vélknúna tæki að þeir íbúar eigi að hafa aðgang að tjónauppgjörsstofnuninni eins og ákvarðað er í 4. kafla, í aðildarríkinu þar sem þeir eru búsettir. Tjónauppgjörsstofnanir aðildarríkja ættu að geta gert gagnkvæman samning um hvernig samstarfi þeirra skuli háttað í slíkum aðstæðum.

5) Í nýlegum ákvörðunum dómstóls Evrópusambandsins, með dómum sínum í málum *Vnuk* ([4]), *Rodrigues de Andrade* ([5]) og *Torreiro* ([6]), skýrði dómstóllinn merkingu hugtaksins „notkun ökutækja“. Einkum skýrði dómstóllinn nánar það að vélknúin ökutæki eru venjulega ætluð sem samgöngutæki, óháð eiginleikum slíkra ökutækja, og að notkunin á slíkum ökutækjum nær yfir sérhverja þá notkun á ökutæki sem er í samræmi við eðlilega virkni þess sem samgöngutækis, án tillits til staðháttana þar sem ökutækið er notað og hvort sem það er kyrrstætt eða á hreyfingu. Tilskipun 2009/103/EB á ekki við ef eðlileg virkni slíks ökutækis, þegar slysið á sér stað, er „annars konar notkun en sem samgöngutæki“. Þetta gæti átt við ef ökutækið er ekki notað í skilningi fyrstu málsgreinar 3. gr. þeirrar tilskipunar, sem er hin eðlilega virkni þess, t.d. „notkun sem orkugjafi í iðnaði eða landbúnaði“. Í þágu réttarvissu þykir rétt að endurspegla þá dómaframkvæmd í tilskipun 2009/103/EB með því að innleiða skilgreiningu á „notkun ökutækis“.

6) Sum vélknúin ökutæki eru minni og þess vegna síður líkleg til að valda verulegu líkamstjóni eða eignatjóni en önnur. Það væri óhóflegt og ekki framtíðarmiðað að hafa þau innan gildissviðs tilskipunar 2009/103/EB. Að hafa þau með myndi einnig grafa undan útbreiðslu og notkun nýrra ökutækja, s.s. rafreiðhjóla sem eru ekki eingöngu knúin vélrænni orku, og vinna gegn nýsköpun. Enn fremur eru ófullnægjandi sannanir um að slík minni ökutæki geti valdið slysum sem leiða til tjóns af sama umfangi og önnur ökutæki, s.s. bifreiðar eða vörubifreiðar. Í samræmi við nálægðarregluna og meðalhófsregluna ættu kröfur á vettvangi Sambandsins þess vegna eingöngu að ná yfir þau ökutæki sem skilgreind eru sem slík í tilskipun 2009/103/EB.

([4]) Dómur Evrópudómstólsins frá 4. desember 2014, *Vnuk*, C-162/13, ECLI:EU:C:2014:2146.
([5]) Dómur Evrópudómstólsins frá 28. nóvember 2017, *Rodrigues de Andrade*, C-514/16, ECLI:EU:C:2017:908.
([6]) Dómur Evrópudómstólsins frá 20. desember 2017, *Torreiro*, C-334/16, ECLI:EU:C:2017:1007.

7) Meginregla ætti að vera að ökutækjatryggingar nái yfir slys alls staðar í aðildarríkjunum. Samt sem áður eru tiltekin aðildarríki með ákvæði sem gilda um ökutæki sem eingöngu eru notuð á afmörkuðum svæðum með takmarkaðan aðgang. Mögulegt ætti að vera fyrir þessi aðildarríki að veita takmarkaðar undanþágur frá 3. gr. tilskipunar 2009/103/EB að því er varðar svæði með takmarkaðan aðgang sem aðilar sem ekki hafa til þess leyfi ættu ekki að koma inn á, s.s. staðsértæk svæði og svæði með tækjabúnaði við hafnir og flugvelli. Aðildarríki sem ákveður að veita slíkar undanþágur ætti einnig að gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að bætur séu greiddar að því er varðar tjón eða áverka sem slík ökutæki valda.

8) Einnig ætti að vera mögulegt fyrir aðildarríki að krefjast ekki lögboðinnar ökutækjatryggingar fyrir ökutæki sem ekki er heimilt að nota á opinberum vegum í samræmi við landslög þess. Engu að síður ætti slíkt aðildarríki að gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að bætur séu greiddar að því er varðar hvert það tjón eða áverka sem slík ökutæki valda, nema þegar aðildarríkið ákveður einnig að veita undanþágu frá 10. gr. tilskipunar 2009/103/EB að því er varðar bætur fyrir skemmdir sem slík ökutæki valda á svæðum sem ekki eru aðgengileg almenningi vegna lagalegra eða raunverulegra takmarkana á aðgangi að slíkum svæðum, eins og skilgreint er í landslögum þess. Slík undanþága frá 10. gr. ætti að gilda um ökutæki að því er varðar þegar aðildarríki hefur ákveðið að veita undanþágu frá tryggingarskyldunni vegna þess að ekki er heimilt að nota þessi ökutæki á opinberum vegum í samræmi við landslög þess, jafnvel þó tryggingarskyldan fyrir þessi ökutæki gæti einnig fallið undir aðra undanþágu, sem kveðið er á um í 5. gr. tilskipunar 2009/103/EB.

9) Í tilteknum aðildarríkjum eru ákvæði varðandi notkun ökutækja sem ætlað er að yfirlögðu ráði að valda líkamstjóni eða eignatjóni. Eftir atvikum ætti aðildarríkjunum í tengslum við alvarlegustu afbrotin að vera heimilt að halda áfram þeirri lagaframkvæmd sinni að undanskilja slík tjón frá lögboðinni ökutækjatryggingu eða endurkrefja þá aðila sem bera ábyrgð á þeim áverka eða tjóni um fjárhæð tryggingabótanna sem greiddar eru út til tjónþolanna. Til að draga ekki úr verndinni sem tilskipun 2009/103/EB veitir ætti þó eingöngu að heimila slíka lagaframkvæmd ef aðildarríki tryggir að í þeim tilvikum fái tjónþolarnir bætur fyrir slík tjón með hætti sem líkist sem mest því hvernig bótum væri háttað ef þær væru greiddar samkvæmt tilskipun 2009/103/EB. Nema því aðeins að aðildarríki hafi mælt fyrir um slíkt annars konar bótafyrirkomulag eða tryggingu sem tryggir að tjónþolum sé bætt slíkt tjón með hætti sem líkist sem mest því hvernig bótum væri háttað ef þær væru greiddar samkvæmt tilskipun 2009/103/EB, ætti slíkt tjón að vera tryggt í samræmi við þá tilskipun.

10) Aðildarríki ættu ekki að beita tilskipun 2009/103/EB á notkun ökutækja á viðburðum og í starfsemi sem tengjast akstursíþróttum, þ.m.t. kappakstri og keppnum, sem og æfingum, prófunum og sýningum, þ.m.t. tengdum hraða, áreiðanleika eða hæfni, sem heimiluð eru í samræmi við landslög þeirra. Slík undanskilin starfsemi ætti að fara fram á afmörkuðu svæði með takmarkaðan aðgang þannig að tryggt sé að almenn umferð, almenningur og sérhver aðili sem ótengdur er starfseminni geti ekki í reynd eða mögulega deilt sömu leið og ekin er. Til slíkrar starfsemi telst venjulega akstur á tilteknum vegum eða leiðum fyrir akstursíþróttir og svæðin sem næst eru, s.s. öryggissvæði, áningarsvæði og verkstæði, þar sem hættan á slysi er miklu meiri í samanburði við venjulega vegi, ættu að vera lokuð óviðkomandi aðilum.

11) Slík undanþága á viðburðum og í starfsemi sem tengist akstursíþróttum ætti eingöngu að gilda þegar aðildarríkið tryggir að skipuleggjandi atburðarins eða starfseminnar, eða annar aðili, hafi tekið valbundna vátryggingu eða tryggingu sem nær yfir tjón þriðju aðila, þ.m.t. áhorfenda og annarra viðstaddra, en ekki endilega tjón á ökumönnum sem taka þátt og ökutækjum þeirra. Nema því aðeins að skipuleggjendur eða aðrir aðilar hafi tekið valbundna vátryggingu eða tryggingu, sem skilyrði fyrir undanþágunni, ætti tjónið, mögulega að undanskildu tjóni á ökumönnum sem taka þátt og ökutækjum þeirra, að vera tryggt í samræmi við tilskipun 2009/103/EB.

12) Til að draga ekki úr verndinni sem tilskipun 2009/103/EB veitir ættu aðildarríki að tryggja að á viðburðum og í starfsemi sem tengist akstursíþróttum sem heimiluð eru í samræmi við landslög þeirra og teljast hæf fyrir þá undanþágu fái tjónþolar bætur fyrir slíkt tjón með hætti sem líkist sem mest því hvernig bótum væri háttað ef þær væru greiddar samkvæmt tilskipun 2009/103/EB.

13) Við framleiðslu og flutning skortir ökutæki flutningsgetu og teljast þau því ekki notuð í skilningi fyrstu málsgreinar 3. gr. tilskipunar 2009/103/EB. Ef aðildarríki velur að beita ekki kröfunni um ökutækjatryggingu að því er varðar slík ökutæki skv. 1. mgr. 28. gr. tilskipunar 2009/103/EB, ætti þó að vera til staðar ábyrgðartrygging fyrirtækis sem nær yfir tjón sem þessi ökutæki gætu valdið.

14) Sem stendur er tryggingarskyldan í landslögum margra aðildarríkja tengd notkun ökutækis í skilningi fyrstu málsgreinar 3. gr. tilskipunar 2009/103/EB. Í slíkum aðildarríkjum er notkun ökutækis einungis heimiluð þegar ökutækið er skráð. Í lögum þessara aðildarríkja er mælt fyrir um að ökutækið eigi að falla undir ökutækjatryggingu á meðan ökutækið er með virka skráningu og í notkun, í skilningi fyrstu málsgreinar 3. gr. tilskipunar 2009/103/EB. Af þessum sökum er í þessum aðildarríkjum ekki gerð krafa um vátryggingavernd fyrir notkun ökutækja sem eru varanlega eða tímabundið afskráð, t.d. vegna þess þau eru á safni, verið er að endurgera þau eða hafa ekki verið notuð um langan tíma af öðrum ástæðum, s.s. vegna árstíðabundinnar notkunar. Slík aðildarríki þurfa að gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að bætur í samræmi við bæturnar sem standa til boða samkvæmt tilskipun 2009/103/EB séu greiddar að því er varðar öll tjón eða áverka sem verða á þeirra yfirráðasvæði og á yfirráðasvæði annarra aðildarríkja af völdum ökutækja eins og skilgreint er í þeirri tilskipun, sem eru notuð í skilningi fyrstu málsgreinar 3. gr.

15) Um þessar mundir kjósa sum aðildarríki, þar sem skyldan til að vátryggja með ábyrgðartryggingu vegna notkunar vélknúinna ökutækja er ekki tengd skráningu ökutækis, að krefjast ekki lögboðinnar ökutækjatryggingar fyrir ökutæki sem hafa formlega verið tekin úr notkun í samræmi við landslög þeirra. Dæmi um að farartæki sé formlega tekið úr notkun er t.d. sending tilkynningar til lögbæra yfirvaldsins eða annars tilnefnds aðila sem annast hlutverk lögbæra yfirvaldsins eða með því að grípa til annarra sannreynanlegra efnislegra ráðstafana. Þessi aðildarríki þurfa að gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að bætur í samræmi við bæturnar sem standa til boða samkvæmt tilskipun 2009/103/EB séu greiddar að því er varðar öll tjón eða áverka sem verða á þeirra yfirráðasvæði og á yfirráðasvæði annarra aðildarríkja af völdum slíkra ökutækja.

16) Eins og er eiga aðildarríki ekki að sjá um að hafa eftirlit með tryggingum ökutækja sem að öllu jöfnu eru staðsett á yfirráðasvæði annars aðildarríkis og ökutækja sem venjulega eru með aðsetur á yfirráðasvæði þriðja lands, sem koma inn á þeirra yfirráðasvæði frá yfirráðasvæði annars aðildarríkis. Ný tækniþróun, s.s. tækni sem greinir sjálfkrafa skráningarmerki ökutækis, gerir kleift að hafa eftirlit með tryggingum ökutækja án þess að stoppa þau og þar með án þess að trufla frjálsa för fólks. Því er rétt að heimila þetta eftirlit með tryggingum ökutækja, en eingöngu ef það er án mismununar, nauðsynlegt og hóflegt, hluti af almennu eftirlitskerfi á yfirráðasvæði þess lands að því er varðar ökutæki sem venjulega eru með aðsetur á yfirráðasvæði aðildarríkisins sem annast eftirlitið og ekki þurfi að stöðva ökutækið.

17) Aðildarríki sem velja að koma upp kerfi sem vinnur úr persónuupplýsingum sem hægt er í framhaldinu að deila með öðrum aðildarríkjum, s.s. gögnum frá greiningartækni á skráningarmerkjum ökutækja, þurfa að setja lög sem heimila vinnslu persónuupplýsinga í þeim tilgangi að sporna gegn óvátryggðum akstri, jafnframt sem komið er á viðeigandi ráðstöfunum til að vernda réttindi, frelsi og lögmæta hagsmuni skráðra aðila. Ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 ([7]) gilda um vinnslu persónuupplýsinga í þeim tilgangi að sporna gegn óvátryggðum akstri. Í löggjöf aðildarríkjanna ætti einkum að tilgreina nákvæmlega tilganginn, vísa til viðkomandi lagagrundvallar, hlíta viðeigandi öryggiskröfum og virða meginreglurnar um nauðsyn, meðalhóf og tilgang, og fastsetja ætti hóflegt varðveislutímabil gagna. Einnig ætti meginreglunum um „innbyggða persónuvernd“ og „sjálfgefna persónuvernd“ að vera beitt í öllum gagnavinnslukerfum sem eru þróuð og notuð innan ramma löggjafar aðildarríkjanna.

18) Í samræmi við þessar meginreglur ættu aðildarríki ekki að geyma persónuupplýsingarnar, sem eingöngu eru til meðhöndlunar í tilgangi tryggingaeftirlits, lengur en þann tíma sem þarf til að sannprófa hvort ökutæki sé með gilda vátryggingavernd. Þegar í ljós kemur að ökutæki er tryggt ætti að eyða öllum gögnum sem tengjast þeirri sannprófun. Þegar sannprófunarkerfið er ófært um að ákvarða hvort ökutæki er tryggt eða ekki, ætti eingöngu að geyma þau gögn í

([7]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (Almenna persónuverndarreglugerðin) (Stjtíð. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 1).

takmarkaðan tíma og ekki umfram þann fjölda daga sem nauðsynlegur er til að ákvarða um hvort vátryggingavernd sé til staðar. Fyrir þau ökutæki sem komið hefur í ljós að ekki eru tryggð samkvæmt gildum vátryggingarsamningi, er réttmætt að krefjast að slík gögn séu geymd þar til öllum stjórnsýslu- og dómstólameðferðum er lokið og ökutækið tryggt samkvæmt gildum vátryggingarsamningi.

19) Í tilskipun 2009/103/EB er mælt fyrir um mismunandi viðmiðunardagsetningar fyrir reglubundinn endurreikning á lágmarksvátryggingarfjárhæðum í hinum ýmsu aðildarríkjum sem leiðir til ólíkra lágmarksvátryggingarfjárhæða eftir aðildarríki. Til þess að tryggja jafngilda lágmarksvernd tjónþola í öllu Sambandinu ætti að samræma þessar lágmarksfjárhæðir og innleiða samræmt endurskoðunarákvæði sem notast við samræmda vísitölu neysluverðs sem viðmiðunarmark, eins og hún er birt af Hagstofu Evrópusambandsins, sem og málsmeðferðarreglur sem gilda um slíka endurskoðun og fastsetja samræmdan tímaramma.

20) Árangursrík og skilvirk vernd tjónþola sem afleiðing af umferðarslysi kallar á að þessir tjónþolar eigi rétt á að krefjast bóta í búsetuaðildarríkjum sínum og fá viðbrögð innan hæfilegs frests. Einnig kallar það á að þessum tjónþolum, þegar kröfur þeirra eru réttlætanlegar, sé ætíð greidd sú fjárhæð sem þeim ber fyrir líkamstjón eða eignatjón þeirra, án tillits til þess hvort vátryggingafélag ábyrga aðilans er greiðslufært eða ekki. Aðildarríki ættu þess vegna að setja á laggirnar eða veita stofnun heimild til að greiða upphaflegar bætur til tjónþola sem búsettir eru innan yfirráðasvæðis þess og sem hefur rétt til að krefjast þeirra bóta frá stofnuninni sem komið er á laggirnar, eða veitt heimild, í þeim sama tilgangi í heimaaðildarríki ógjaldfæra vátryggingafélagsins sem gaf út vátryggingu ökutækis ábyrga aðilans. Ef aðildarríki er þegar með bótafyrirkomulag ætti aðildarríkið að geta heimilað áframhaldandi starfsemi þess.

21) Vátryggingafélag getur orðið ógjaldfært með margvíslegum hætti, t.d. sem afleiðing af því að vera lýst gjaldþrota, geta ekki staðið við skuldbindingar sínar eftir að hafa afsalað sér starfsleyfi sínu í heimaaðildarríkinu eða þurft að lúta ráðstöfun um afturköllun eða ákvörðun um bann við starfsemi þess. Þegar gefin eru fyrirmæli eða ákvörðun tekin um að hefja gjaldþrota- eða slitameðferð ætti að gera þau fyrirmæli eða þá ákvörðun opinbera. Stofnunin, sem komið hefur verið á laggirnar eða veitt heimild til að greiða tjónþolum bætur við ógjaldfærni vátryggingafélags í heimaaðildarríki vátryggingafélagsins, ætti að upplýsa slíkar stofnanir í öllum öðrum aðildarríkjum um þau fyrirmæli eða þá ákvörðun.

22) Aðildarríki ættu að tryggja að stofnunin, sem komið er á laggirnar eða er veitt heimild til að greiða tjónþolum bætur við ógjaldfærni vátryggingafélags í aðildarríkinu á yfirráðasvæðinu þar sem tjónþolinn hefur fasta búsetu, hafi á öllum stigum málsmeðferðarinnar heimild til að óska eftir upplýsingum, að upplýsa og vera upplýst af, og eiga samstarf við aðrar viðkomandi stofnanir, yfirvöld og hagsmunaaðila í Sambandinu. Slíkar upplýsingar ættu að vera nægjanlegar til að viðtakandinn öðlist a.m.k. almennan skilning á aðstæðunum. Slíkar upplýsingar eru mikilvægar til að tryggja að stofnunin sem greiðir tjónþolum bætur geti, áður en bótagreiðslan er innt af hendi, fullvissað sig, ein og sér eða ásamt öllum viðkomandi aðilum í samræmi við landslöggjöfina, um hvort vátryggingafélagið hafi nú þegar greitt bætur til kröfuhafans að því er varðar kröfu hans eða hennar. Einnig er hægt er að yfirfæra kröfuna sem lögð er fram til þeirrar stofnunar til vátryggingafélagsins til frekari athugunar eða ákvörðunar, ef gerð er krafa um slíkt í landsbundnum lögum um málsmeðferð. Aðildarríki ættu að tryggja að stofnunin fari fram á og fái ítarlegri upplýsingar um tilteknar kröfur.

23) Endurgreiðslukerfið ætti ekki að hafa áhrif á gildandi lög varðandi stig vátryggingaverndar tjónþola. Sama meginregla ætti að gilda um bótakröfur án tillit til þess hvort vátryggingafélagið er gjaldfært eða ógjaldfært. Stofnunin í heimaaðildarríki vátryggingafélagsins sem gaf út tryggingu ábyrga aðilans ætti að greiða stofninni í aðildarríkinu þar sem tjónþolinn hefur fasta búsetu innan hæfilegs frests eftir að stofnunin í heimaaðildarríki vátryggingafélagsins hefur fengið kröfu um endurgreiðslu bóta að því er varðar greiðslu sem stofnunin í búsetuaðildarríki tjónþolans hefur innt af hendi til tjónþolans.

24) Eftir því á hvaða stigi afgreiðsla krafna er, varðandi greiðslur til tjónþola og endurgreiðslur í mismunandi stofnunum, geta verið útistandandi skuldbindingar á milli stofnana sem komið er á laggirnar eða veitt er heimild til að greiða tjónþolum bætur við ógjaldfærni vátryggingafélags. Rétturinn til að ganga inn í kröfu ætti að ganga frá stofnuninni sem fyrst greiddi út bætur til stofnunarinnar í hinu aðildarríkinu eftir því sem endurgreiðslu til stofnana vindur fram. Þess vegna ætti stofnunin, að því marki sem hún hefur greitt bætur fyrir tjón eða áverka og ekki ennþá fengið endurgreitt, að ganga inn í kröfurétt tjónþolans á aðilann sem olli slysinu, eða vátryggingafélag hans eða hennar. Sú stofnun ætti þó ekki að ganga inn í kröfurétt tjónþolans á vátryggingartakann eða annan tjónþola sem olli slysinu, að svo miklu leyti sem ábyrgð vátryggingartakans eða tjónþolans er undir vátryggingavernd ógjaldfæra vátryggingafélagsins í samræmi við gildandi landslög. Öllum aðildarríkjum ætti að vera skylt að viðurkenna þessi kröfuhafaskipti, eins og kveðið er á um í sérhverju öðru aðildarríki.

25) Til að tryggja skilvirka og öfluga vernd tjónþola við ógjaldfærni vátryggingafélags er nauðsynlegt fyrir aðildarríkin að gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að fjármagnið sem þörf er á til að greiða tjónþolum bætur sé til staðar þegar þær koma til greiðslu. Í samræmi við nálægðarregluna ættu heimaaðildarríki að ákvarða um þessar ráðstafanir á landsvísu. Þau ættu þó að vera í samræmi við lög Sambandsins og einkum meginreglur eins og „sérlög ganga framar almennum lögum“ (*lex specialis*) og „nýrri lög ganga framar eldri lögum“ (*lex posterior*). Til að koma í veg fyrir óréttmæta og óhóflega byrði á vátryggjendur ætti aðildarríki eingöngu að innheimta framlög af vátryggingafélögum sem það aðildarríki hefur veitt starfsleyfi ef það krefst fjárframlaga frá vátryggingafélögum. Þetta ætti ekki að hafa áhrif á fjármögnun annarra verkefna sem stofnuninni, sem komið er á laggirnar eða er veitt heimild til að greiða tjónþolum bætur við ógjaldfærni vátryggingafélags, gæti verið falið.

26) Til að tryggja að kröfunum sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, að því er varðar bætur til tjónþola við ógjaldfærni vátryggingafélags, sé komið í framkvæmd á skilvirkan hátt ættu stofnanirnar sem falið er þetta verkefni að kappkosta að gera samning varðandi hlutverk og skuldbindingar þeirra og verklagsreglur um endurgreiðslur. Ef enginn slíkur samningur hefur verið gerður innan 24 mánaða frá gildistökudegi þessarar tilskipunar ætti að fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja gerðir í samræmi við 290 gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (TFEU) til að tilgreina verklag fyrir verkefni og skuldbindingar slíkra stofnana að því er varðar endurgreiðslu.

27) Við ógjaldfærni vátryggingafélags ættu tjónþolar að eiga rétt á að krefjast bóta frá stofnun í búsetuaðildarríki sínu, þ.m.t. þegar þeir hafa hlotið áverka sem afleiðing af slysi sem átti sér stað í öðru aðildarríki en búsetuaðildarríki þeirra. Aðildarríki ættu að geta falið nýrri stofnun, eða stofnun sem þegar er til staðar, þ.m.t. tjónauppgjörsstofnuninni sem komið var á fót eða samþykkt skv. 24. gr. tilskipunar 2009/103/EB, það verkefni að sjá um bætur til slíkra tjónþola. Aðildarríki ættu einnig að geta falið einum aðila þau verkefni að sjá um bætur, við ógjaldfærni vátryggingafélagsins, til tjónþola sem hlotið hafa áverka sem afleiðing af slysi í búsetuaðildarríki þeirra og til þeirra sem hlotið hafa áverka sem afleiðing af slysi í öðru aðildarríki en búsetuaðildarríki þeirra. Að því er varðar aðila sem verða fyrir tjóni í öðrum aðildarríkjum en búsetuaðildarríki sínu er einnig mikilvægt að tryggja upplýsingaskipti og samstarf við tjónauppgjörsstofnanir sem komið var á fót eða voru samþykktar skv. 24. gr. tilskipunar 2009/103/EB í öllum aðildarríkjum og við tjónauppgjörsfulltrúa.

28) Aðildarríki geta komið á laggirnar eða veitt fleiri en einni tjónauppgjörsstofnun heimild samkvæmt tilskipun 2009/103/EB, sem mögulega gæti gert það af verkum að erfiðara er fyrir tjónþola að auðkenna stofnunina sem þeir eiga að leggja fram kröfur sínar hjá. Aðildarríki sem koma á laggirnar eða veita fleiri en einni tjónauppgjörsstofnun heimild ættu þess vegna að tryggja að tjónþolar hafi aðgengi að nauðsynlegum upplýsingum um mögulegar leiðir til að sækja um bætur, þannig að auðvelt sé að skilja til hvaða stofnunar þeir eiga að snúa sér.

29) Ef um er að ræða sendingu ökutækis ætti að vera mögulegt fyrir aðilann sem ábyrgur er fyrir ábyrgðartryggingu þriðja aðila að velja hvort gera eigi vátryggingarsamning í aðildarríkinu þar sem ökutækið er skráð eða, innan 30 daga tímabils frá samþykki kaupandans fyrir afhendingu, í viðtökuaðildarríkinu, jafnvel þótt ökutækið hafi ekki verið skráð formlega í viðtökuaðildarríkinu. Upplýsingamiðstöð aðildarríkisins þar sem ökutækið er skráð og viðtökuaðildarríkisins, ef þar er

annað, sem og sérhvers annars aðildarríkis sem skiptir máli, s.s. aðildarríkið á yfirráðasvæðinu þar sem slysið átti sér stað eða þar sem tjónþoli er búsettur, ættu að vinna saman til að tryggja að nauðsynlegar upplýsingar sem þau búa yfir um senda ökutækið, í samræmi við 23. gr. tilskipunar 2009/103/EB, séu tiltækar.

30) Ef um er að ræða slys þar sem í hlut á eftirvagn, sem gefin var út ábyrgðartrygging þriðja aðila fyrir sem er aðskilin frá þeirri fyrir dráttarbifreiðina, ætti tjónþolinn að geta lagt fram kröfu gegn vátryggjanda eftirvagnsins sé kveðið á um það í landslögum. Að fenginni beiðni þar um ætti tjónþolinn að geta aflað upplýsinga frá vátryggjanda eftirvagnsins um auðkenni vátryggjanda dráttarbifreiðarinnar eða, ef vátryggjandi eftirvagnsins getur ekki auðkennt vátryggjanda dráttarbifreiðarinnar þrátt fyrir að hafa gert allar eðlilegar ráðstafanir til þess, upplýsinga um bótafyrirkomulagið sem mælt er fyrir um í 10. gr. tilskipunar 2009/103/EB.

31) Til að auðvelda viðurkenningu á tjónasögunni þegar gerður er nýr vátryggingarsamningur ætti að vera mögulegt að staðfesta auðveldlega fyrri tjónasögur vátryggingartaka sem sækjast eftir að gera nýja vátryggingarsamninga við vátryggingafélög. Til að einfalda sannprófun og staðfestingu á tjónayfirlitum er mikilvægt að innihald og framsetning þeirra sé sú sama í öllum aðildarríkjum. Að auki ættu vátryggingafélög sem taka tillit til tjónayfirlita við ákvörðun iðgjalda vélknúinna ökutækja ekki að mismuna á grundvelli þjóðernis eða eingöngu á grundvelli fyrri búsetuaðildarríkis vátryggingartakans. Enn fremur ættu vátryggingafélög að meðhöndla tjónayfirlit frá öðru aðildarríki sem jafngilda innlendum tjónayfirlitum og veita viðskiptavini frá öðru aðildarríki alla afslætti sem standa jafngildum innlendum viðskiptavini til boða, þ.m.t. þá afslætti sem krafist er samkvæmt landslöggjöf aðildarríkisins, s.s. „umbunar-álags“ -afslætti. Aðildarríkjum ætti að vera frjálst að samþykkja landslöggjöf varðandi „umbunar-/álagskerfi“ (e. *‘bonus-malus’ systems*) þar sem slík kerfi eru landsbundin að eðli og ná ekki yfir landamæri, og þ.a.l. samkvæmt meginreglunni um nálægð, ætti ákvarðanataka varðandi þau að vera hjá aðildarríkjunum. Til að gera aðildarríkjum kleift að sannprófa hvort og hvernig vátryggingafélög meðhöndla tjónayfirlit ættu vátryggingafélög að birta almennt yfirlit um stefnur þeirra að því er varðar notkun tjónasögu við útreikning á iðgjöldum. Án þess að hafa áhrif á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/943 ([8]) er ekki gerð krafa um að vátryggingafélög birti upplýsingar um viðskiptaleyndamál, s.s. atriði er varða gjaldskrárreglur.

32) Í því skyni að tryggja samræmd skilyrði við framkvæmd tilskipunar 2009/103/EB ætti að fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald varðandi eyðublaðið fyrir tjónayfirlitin og innihald þess. Þessu framkvæmdarvaldi ætti að beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 ([9]).

33) Aðildarríki ættu að geta valið að votta tæki sem gera neytendum kleift að bera saman verð, gjaldskrár og vátryggingavernd milli veitenda ökutækjatrygginga sem uppfylla skilyrðin sem sett eru fram í tilskipun 2009/103/EB. Slík tæki sem vottuð eru á viðeigandi hátt væri hægt að merkja sem „óháð tæki til verðsamanburðar á ökutækjatryggingum“. Aðildarríki ættu einnig að geta komið á opinberu verðsamanburðartæki, sem opinbert yfirvald sæi um rekstur á.

34) Til að tryggja að bótakröfur séu meðhöndlaðar án vandkvæða þegar krafist er skýrslu um slys samkvæmt landslögum, sem tryggja rétt tjónþola til að fá afrit af slysaskýrslunni frá lögbærum yfirvöldum, er mikilvægt að tjónþolinn hafi aðgang að henni tímanlega.

35) Til að tryggja að lágmarksvátryggingarfjárhæðir ökutækjatrygginga lækki ekki með tímanum ætti að fela framkvæmdastjórninni vald til samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (TFEU) að því er varðar aðlögun þessara lágmarksfjárhæða til að endurspegla þróunina í raunhagkerfinu.

([8]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/943 frá 8. júní 2016 um verndun trúnaðarupplýsinga um sérþekkingu og viðskiptaupplýsinga (viðskiptaleyndarmál) gegn ólögmætri öflun, notkun og birtingu þeirra (Stjtíð. ESB L 157, 15.6.2016, bls. 1).

([9]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdarvaldi sínu (Stjtíð. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

36) Við samþykkt framseldra gerða samkvæmt valdheimildum í þessari tilskipun er einkum mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga, og að þetta samráð fari fram í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningnum milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016 ([10]). Til að tryggja jafna þátttöku við undirbúning framseldra gerða skal Evrópuþingið og ráðið taka við öllum skjölum á sama tíma og sérfræðingar aðildarríkja og sérfræðingar þeirra skulu hafa kerfisbundinn aðgang að fundum sérfræðingahópa framkvæmdastjórnarinnar sem vinna að undirbúningi framseldra gerða.

37) Sem hluta af matinu á árangrinum af tilskipun 2009/103/EB ætti framkvæmdastjórnin að vakta beitingu þeirrar tilskipunar, með því að taka tilliti til fjölda tjónþola, umfangs tjónaskulda vegna tafa á greiðslum yfir landamæri við ógjaldfærni, lágmarksfjárhæða vátryggingarverndar í aðildarríkjum, bótakröfufjárhæða vegna ótryggðs aksturs að því er varðar umferð yfir landamæri og fjölda kvartana varðandi tjónayfirlit.

38) Framkvæmdastjórnin ætti auk þess að útbúa skýrslu þar sem lagt er mat á starfshætti, samvinnu milli og fjármögnun tjónuppgjörsstofnananna sem komið er á laggirnar eða veitt er heimild til að greiða tjónþolum bætur við ógjaldfærni vátryggingafélags. Ef við á ætti að fylgja skýrslunni tillaga að nýrri löggjöf.

39) Til að tryggja að tilskipun 2009/103/EB haldi áfram að þjóna tilgangi sínum, sem er að vernda mögulega tjónþola í slysum þar sem vélknúin ökutæki eiga í hlut, ætti framkvæmdastjórnin einnig að vakta og endurskoða þá tilskipun í ljósi tækniþróunar, þ.m.t. aukinnar notkunar á sjálfkeyrandi og hálfsjálfkeyrandi ökutækjum. Hún ætti einnig að greina notkun vátryggingafélaga á kerfum þar sem tjónayfirlit vátryggingartaka hafa áhrif á iðgjöldin. Framkvæmdastjórnin ætti enn fremur að meta skilvirkni upplýsingaskiptakerfanna sem notuð eru til eftirlits með tryggingum yfir landamæri.

40) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar tilskipunar, sem eru einkum að tryggja jafngilda lágmarksvernd tjónþola vegna umferðarslysa í Sambandinu, að tryggja vernd þeirra við ógjaldfærni vátryggingafélaga og að tryggja jafna meðferð vátryggjenda á tjónayfirlitum mögulegra vátryggingartaka sem ferðast yfir innri landamæri Sambandsins, og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins, vegna umfangs þeirra og áhrifa, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna, eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, gengur þessi tilskipun ekki lengra en nauðsynlegt er til að ná þessum markmiðum.

41) Í samræmi við sameiginlega pólitíska yfirlýsingu aðildarríkja og framkvæmdastjórnarinnar frá 28. september 2011 um skýringaskjöl ([11]) hafa aðildarríkin skuldbundið sig til að láta, í rökstuddum tilvikum, fylgja tilkynningunni um lögleiðingarráðstafanir sínar eitt eða fleiri skjöl sem útskýra sambandið milli efnisþátta tilskipunar og samsvarandi hluta landsbundinna lögleiðingargerninga. Að því er þessa tilskipun varðar telur löggjafinn að sending slíkra gagna sé réttlætanleg.

42) Því ætti að breyta tilskipun 2009/103/EB til samræmis við það.

([10]) Stjtíð. ESB L 123, 12.5.2016, bls. 1.
([11]) Stjtíð. ESB C 369, 17.12.2011, bls. 14.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Tilskipun 2009/103/EB er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 1. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. liðar kemur eftirfarandi:

„1. „ökutæki“:

a) sérhvert vélknúið ökutæki sem eingöngu er knúið vélrænni orku á landi en rennur ekki á spori með:

i. hámarkshönnunarhraða meiri en 25 km/klst., eða

ii. hámarkseiginþyngd meiri en 25 kg og hámarkshönnunarhraða meiri en 14 km/klst.,

b) tengivagnar sem nota á með ökutæki, sem um getur í a-lið, hvort heldur tengda sem ótengda.

Án þess að hafa áhrif á a- og b-lið á ekki að telja hjólastóla, sem eingöngu eru ætlaðir til nota fyrir einstaklinga með líkamlega fötlun, til ökutækja sem um getur í þessari tilskipun,“.

b) Eftirfarandi lið er bætt við:

„1a. „notkun ökutækis“: sérhver notkun ökutækis, sem er í samræmi við hlutverk ökutækisins sem samgöngutækis, á þeim tíma sem slysið átti sér stað, án tillits til eiginleika ökutækisins og án tillits til landsvæðisins þar sem vélknúna ökutækið er notað og hvort heldur sem það er kyrrstætt eða á hreyfingu,“.

c) Í stað 2. liðar kemur eftirfarandi:

„2. „tjónþoli“: hver sá sem á rétt á bótum vegna tjóns sem hlýst af notkun ökutækja,“.

d) Eftirfarandi liður bætist við:

„8. „heimaaðildarríki“: heimaaðildarríki eins og skilgreint er í a-lið 8. mgr. 13 gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB (*).

(*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB frá 25. nóvember 2009 um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) (Stjtíð. ESB L 335, 17.12.2009, bls. 1).“

2) Ákvæðum 3. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrstu málsgreinar kemur eftirfarandi:

„Hvert aðildarríki skal, með fyrirvara um 5. gr., gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að vátrygging nái yfir ábyrgðartryggingu vegna notkunar ökutækis sem að öllu jöfnu er staðsett á yfirráðasvæði þess ríkis.“

b) Eftirfarandi málsgrein bætist við á eftir fyrstu málsgrein:

„Þessi tilskipun skal ekki gilda um notkun ökutækja á viðburðum og í starfsemi sem tengjast akstursíþróttum, þ.m.t. kappakstri og keppnum, æfingum, prófunum og sýningum á afmörkuðu svæði með takmarkaðan aðgang í aðildarríki, ef aðildarríkið tryggir að skipuleggjandinn eða annar aðili hafi tekið valbundna vátryggingu eða tryggingu sem nær yfir tjón sérhvers þriðja aðila, þ.m.t. áhorfenda og annarra viðstaddra, en ekki nauðsynlega tjón á ökumönnum sem taka þátt og ökutækjum þeirra.“

3) Í stað 4. gr. kemur eftirfarandi:

„4. gr.

Eftirlit með tryggingu

1. Aðildarríki skulu láta vera að hafa eftirlit með ábyrgðartryggingu ökutækja sem að öllu jöfnu eru staðsett á yfirráðasvæði annars aðildarríkis og ökutækja sem venjulega eru með aðsetur á yfirráðasvæði þriðja lands, sem koma inn á þeirra yfirráðasvæði frá yfirráðasvæði annars aðildarríkis.

Þau geta þó haft slíkt eftirlit með tryggingu að því tilskildu að það eftirlit sé án mismununar, nauðsynlegt og hóflegt til að ná því markmiði sem sóst er eftir, og:

a) fari fram sem liður í eftirliti sem miðar ekki eingöngu að því að staðfesta að tryggingar séu fyrir hendi, eða

b) sé hluti af almennu eftirlitskerfi á yfirráðasvæði þess lands sem sinnt er líka vegna ökutækja sem venjulega eru með aðsetur á yfirráðasvæði aðildarríkisins sem annast eftirlitið, og ekki þurfi að stoppa ökutækin.

2. Á grundvelli laga aðildarríkisins, sem eftirlitsaðilinn heyrir undir, má vinna úr persónuupplýsingum ef nauðsyn krefur í þeim tilgangi að sporna gegn akstri ótryggðra ökutækja í öðrum aðildarríkjum en á yfirráðasvæði aðildarríkisins þar sem það er venjulega staðsett. Þau lög skulu vera í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 (*) og einnig mæla fyrir um viðeigandi ráðstafanir til að vernda réttindi og frelsi og lögmæta hagsmuni skráðra aðila.

Þær ráðstafanir aðildarríkja skulu einkum tilgreina nákvæmlega tilganginn með vinnslu gagnanna, vísa til viðkomandi lagagrundvallar, hlíta viðeigandi öryggiskröfum og virða meginreglurnar um nauðsyn, meðalhóf og tilgang, og fastsetja hóflegt varðveislutímabil gagna. Persónuupplýsingarnar sem unnið er úr samkvæmt þessari grein, sem eingöngu eru til meðhöndlunar vegna tryggingaeftirlits, skulu einungis geymdar eins lengi og þörf er á í þeim tilgangi og jafnskjótt og honum er náð skal þeim eytt. Ef tryggingaeftirlit leiðir í ljós að ökutæki er með skyldutryggingu skv. 3. gr. skal eftirlitsaðilinn tafarlaust eyða þessum gögnum. Þegar ekki er hægt með eftirliti að ákvarða hvort ökutæki er með skyldutryggingu skv. 3. gr. skal eingöngu geyma þau gögn í takmarkaðan tíma, og ekki umfram þann fjölda daga sem nauðsynlegur er til að ákvarða hvort vátryggingavernd sé til staðar.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin) (Stjtíð. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 1).“

4) Eftirfarandi málsgreinar bætast við 5. gr.:

„3. Aðildarríki getur veitt undanþágu frá 3. gr. að því er varðar ökutæki sem tímabundið eða varanlega eru afturkölluð eða bannað að nota, að því tilskildu að formleg stjórnsýslumeðferð eða önnur sannreynanleg ráðstöfun í samræmi við landslög sé til staðar.

Sérhvert aðildarríki sem veitir þessa undanþágu skal tryggja að ökutæki sem um getur í fyrstu undirgrein séu meðhöndluð með sama hætti og ökutæki sem ekki uppfylla tryggingarskylduna sem um getur í 3. gr.

Ábyrgðarsjóður aðildarríkisins þar sem slys hefur átt sér stað skal þá eiga kröfu á ábyrgðarsjóðinn í aðildarríkinu þar sem ökutækið er jafnan staðsett.

4. Aðildarríki getur veitt undanþágu frá 3. gr. að því er varðar ökutæki sem eingöngu eru notuð á svæðum með takmarkaðan aðgang, í samræmi við landslög þess.

Sérhvert aðildarríki sem veitir þessa undanþágu skal tryggja að ökutæki sem um getur í fyrstu undirgrein séu meðhöndluð með sama hætti og ökutæki sem ekki uppfylla tryggingarskylduna sem um getur í 3. gr.

Ábyrgðarsjóður aðildarríkisins þar sem slys hefur átt sér stað skal þá eiga kröfu á ábyrgðarsjóðinn í aðildarríkinu þar sem ökutækið er jafnan staðsett.

5. Aðildarríki getur veitt undanþágu frá 3. gr. að því er varðar ökutæki sem ekki er heimilt að nota á opinberum vegum, í samræmi við landslög þess.

Hvert aðildarríki sem veitir undanþágu frá 3. gr. að því er varðar ökutæki sem um getur í fyrstu undirgrein skal tryggja að þessi ökutæki séu meðhöndluð með sama hætti og ökutæki sem tryggingarskyldan sem um getur í 3. gr. hefur ekki verið uppfyllt fyrir.

Ábyrgðarsjóður aðildarríkisins þar sem slys hefur átt sér stað skal þá eiga kröfu á ábyrgðarsjóðinn í aðildarríkinu þar sem ökutækið er jafnan staðsett.

6. Ef aðildarríki, skv. 5. mgr., veitir undanþágu frá 3. gr. að því er varðar ökutæki sem ekki er heimilt að nota á opinberum vegum getur það aðildarríki einnig veitt undanþágu frá 10. gr. að því er varðar bætur fyrir skemmdir sem þessi ökutæki valda á svæðum sem ekki eru aðgengileg almenningi vegna lagalegra eða raunverulegra takmarkana á aðgangi að slíkum svæðum, eins og skilgreint er í landslögum þess.

7. Að því er varðar 3.–6. mgr. skulu aðildarríki tilkynna framkvæmdastjórninni um nýtingu undanþágunnar og um hið sérstaka fyrirkomulag varðandi framkvæmd hennar. Framkvæmdastjórnin skal birta skrá yfir þessar undanþágur.“

5) Í stað 9. gr. kemur eftirfarandi:

„9. gr.

Lágmarksfjárhæðir

1. Aðildarríki skulu gera vátryggingar sem vísað er til í 3. gr. lögboðnar að því er varðar eftirfarandi lágmarksfjárhæðir, með fyrirvara um að aðildarríkin geti mælt fyrir um hærri fjárhæðir:

a) fyrir líkamstjón: 6 450 000 evrur fyrir hvert slys, óháð fjölda tjónþola, eða 1 300 000 evrur fyrir hvern tjónþola,

b) fyrir eignatjón, 1 300 000 evrur fyrir hvert slys, óháð fjölda tjónþola.

Fyrir aðildarríki sem ekki hafa tekið upp evruna skal umreikna lágmarksfjárhæðirnar yfir í gjaldmiðil hvers ríkis fyrir sig með því að beita genginu þann 22. desember 2021, sem birt er í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

2. Fimmta hvert ár frá 22. desember 2021 skal framkvæmdastjórnin endurskoða fjárhæðirnar sem um getur í 1. mgr. í samræmi við samræmda vísitölu neysluverðs (*e. HICP*) sem komið var á samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/792 (*).

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 28. gr. b að því er varðar aðlögun þessara fjárhæða að samræmdri vísitölu neysluverðs innan sex mánaða frá lokum hvers fimm ára tímabils.

Fyrir aðildarríki sem ekki hafa tekið upp evruna skal umreikna fjárhæðirnar yfir í landsgjaldmiðil þeirra með því að beita genginu þann dag sem útreikningurinn á nýju lágmarksfjárhæðunum er birtur í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/792 frá 11. maí 2016 um samræmdar vísitölur neysluverðs og verðvísitölu húsnæðis og um niðurfellingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2494/95 (Stjtíð. ESB L 135, 24.5.2016, bls. 11).“

6) Í stað fyrirsagnar 4. kafla komi eftirfarandi:

„4. KAFLI

BÆTUR VEGNA TJÓNS AF VÖLDUM ÓÞEKKTS ÖKUTÆKIS EÐA ÖKUTÆKIS SEM EKKI ER MEÐ SKYLDUTRYGGINGU, SEM KVEÐIÐ ER Á UM Í 3. GR., OG BÆTUR EF UM ER AÐ RÆÐA ÓGJALDFÆRNI“.

7) Ákvæðum 10. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað annarrar undirgreinar 1. mgr. komi eftirfarandi:

„Fyrsta undirgreinin skerðir hvorki rétt aðildarríkisins til að meta hvort bætur stofnunarinnar teljist fullnaðarbætur eða ekki né til að setja ákvæði um tjónauppgjör milli stofnunarinnar og þess eða þeirra einstaklinga sem báru ábyrgð á slysinu og annarra vátryggjenda eða almannatryggingastofnana sem eiga að greiða tjónþolanum bætur vegna sama slyss. Aðildarríki mega þó ekki veita stofnuninni heimild til þess að setja sem skilyrði fyrir greiðslu bóta að tjónþoli geti sýnt fram á, með einum eða öðrum hætti, að sá sem ber skaðabótaábyrgðina sé ófær um eða neiti að bæta tjónið.“

b) Í stað fyrstu undirgreinar 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Tjónþolinn getur undir öllum kringumstæðum snúið sér beint til stofnunarinnar sem, á grundvelli upplýsinga sem tjónþolinn lét henni í té að fenginni beiðni þar um, ber skylda til að veita honum eða henni rökstutt svar varðandi allar bótagreiðslur.“

c) Í stað annarrar undirgreinar 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„Aðildarríki geta hins vegar ekki útilokað bótagreiðslur fyrir eignatjón á grundvelli þess að ökutækið sé óþekkt ef stofnunin hefur greitt bætur fyrir verulegt líkamstjón einhvers tjónþola vegna sama slyss þar sem óþekkt ökutæki orsakaði eignatjón. Aðildarríki geta engu að síður kveðið á um að hámarki 500 evra sjálfsábyrgð tjónþolans sem varð fyrir slíku eignatjóni.“

d) Í stað 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„4. Lög og stjórnsýslufyrirmæli hvers aðildarríkis skulu gilda um bótagreiðslur stofnunarinnar, með fyrirvara um aðrar aðferðir sem eru hagstæðari fyrir tjónþolann.“

8) Eftirfarandi grein er bætt við:

„10. gr. a

Vernd tjónþola að því er varðar skaða sem leiðir af slysum sem eiga sér stað í búsetuaðildarríki þeirra við ógjaldfærni vátryggingafélags

1. Hvert aðildarríki skal koma á laggirnar stofnun eða veita stofnun heimild til að annast það verkefni að greiða bætur til tjónþola sem búsettir eru innan yfirráðasvæðis þess, a.m.k. upp að mörkum tryggingarskyldunnar vegna eignatjóns eða líkamstjóns af völdum ökutækis sem tryggt er af vátryggingafélagi, frá þeim tímapunkti þegar:

a) vátryggingafélagið er tekið til gjaldþrotameðferðar, eða

b) vátryggingafélagið er tekið til slitameðferðar, eins og skilgreint er í d-lið 1. mgr. 268. gr. tilskipunar 2009/138/EB.

2. Hvert aðildarríki skal gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að stofnunin sem um getur í 1. mgr. hafi nægjanlegt fjármagn tiltækt til að greiða tjónþolum bætur í samræmi við reglurnar sem settar eru fram í 10. mgr. þegar þær koma til greiðslu í aðstæðum sem mælt er fyrir um í a- og b-lið 1. mgr. Þessar ráðstafanir geta falið í sér kröfur um fjárframlög, að því tilskildu að þær séu eingöngu lagðar á vátryggingafélög sem aðildarríkið, sem leggur þær á, hefur veitt starfsleyfi.

3. Án þess að hafa áhrif á skuldbindingarnar skv. 280. gr. tilskipunar 2009/138/EB skal hvert aðildarríki tryggja, hvenær sem valdbær dómstóll eða annað lögbært yfirvald leggur fram fyrirmæli eða tekur ákvörðun um að hefja málsmeðferðina sem um getur í a- eða b-lið 1. mgr., að því er varðar vátryggingafélag sem það aðildarríki er

heimaaðildarríki fyrir, að þau fyrirmæli eða sú ákvörðun verði gerð opinber. Stofnunin, sem um getur í 1. mgr., sem komið er á fót í heimaaðildarríki vátryggingafélagsins skal tryggja að allar þær stofnanir sem um getur í 1. mgr. í öllum aðildarríkjum séu tafarlaust upplýstar um þau fyrirmæli eða þá ákvörðun.

4. Tjónþolinn getur lagt fram bótakröfu beint til stofnunarinnar sem um getur í 1. mgr.

5. Við móttöku bótakröfunnar skal stofnunin sem um getur í 1. mgr. upplýsa jafngildu stofnunina í heimaaðildarríki vátryggingafélagsins og vátryggingafélagið sem fellur undir gjaldþrota- eða slitameðferð, eða stjórnanda eða skiptastjóra þess, eins og skilgreint er í e- og f-lið 1. mgr. 268. gr. tilskipunar 2009/138/EB, eftir því sem við á, um að það hafi fengið bótakröfu frá tjónþolanum.

6. Vátryggingafélagið sem fellur undir gjaldþrota- eða slitameðferð, eða stjórnandi eða skiptastjóri þess, skal upplýsa stofnunina sem um getur í 1. mgr. þegar hún greiðir bætur eða neitar bótaábyrgð að því er varðar bótakröfu sem einnig hefur verið móttekin af stofnuninni sem um getur í 1. mgr.

7. Aðildarríki skulu tryggja að stofnunin, sem um getur í 1. mgr., m.a. á grundvelli upplýsinga sem tjónþolinn veitir að hennar beiðni, láti tjónþolanum í té rökstutt bótatilboð eða rökstutt svar eins og kveðið er á um í annarri undirgrein þessarar málsgreinar, í samræmi við gildandi landslög, innan þriggja mánaða frá þeim degi sem tjónþolinn lagði fram bótakröfu sína hjá stofnuninni.

Að því er varðar fyrstu undirgrein skal stofnunin:

a) leggja fram rökstutt bótatilboð þegar hún hefur gengið úr skugga um að henni beri að greiða bætur skv. a- eða b-lið 1. mgr., ágreiningur er ekki um kröfuna og tjónið hefur verið ákvarðað að hluta til eða að fullu,

b) veita rökstutt svar við atriðunum sem koma fram í bótakröfunni, hafi hún gengið úr skugga um að henni beri ekki að greiða bætur skv. a- eða b-lið 1. mgr. eða ef ábyrgð er hafnað eða hafi ekki verið skýrð nægjanlega eða tjónið hafi ekki verið ákvarðað að fullu.

8. Ef greiða á bætur í samræmi við a-lið annarrar undirgreinar 7. mgr. skal stofnunin sem um getur í 1. mgr. greiða bæturnar til tjónþolans án ótilhlýðilegrar tafar og í öllu falli innan þriggja mánaða frá því að tjónþolinn samþykkir rökstudda bótatilboðið sem um getur í a-lið annarrar undirgreinar 7. mgr.

Ef tjónið hefur einungis verið ákvarðað að hluta til skulu kröfurnar varðandi bótagreiðsluna sem settar eru fram í fyrstu undirgrein gilda að því er varðar þann hluta ákvarðaða tjónsins, og frá þeim tíma sem það rökstudda bótatilboð er samþykkt.

9. Aðildarríki skulu tryggja að stofnunin sem um getur í 1. mgr. hafi nauðsynlegar valdheimildir og valdsvið til að geta tímanlega átt samstarf við aðrar slíkar stofnanir í öðrum aðildarríkjum, við stofnanir sem komið hefur verið á laggirnar eða veitt heimild skv. 25. gr. a í öllum aðildarríkjum og við aðra hagsmunaaðila, þ.m.t. vátryggingafélag sem er í gjaldþrota- eða slitameðferð, stjórnanda eða skiptastjóra þess og lögbær landsyfirvöld aðildarríkjanna, á öllum stigum meðan á málsmeðferðinni sem um getur í þessari grein stendur. Slíkt samstarf skal fela í sér beiðnir um, móttöku á og veitingu upplýsinga, þ.m.t. upplýsinga um sérstakar kröfur, ef við á.

10. Ef heimaaðildarríki vátryggingafélagsins, sem um getur í 1. mgr., er annað en aðildarríkið þar sem tjónþolinn er búsettur skal stofnunin sem um getur 1. mgr. í aðildarríkinu þar sem tjónþolinn er búsettur, sem greitt hefur bætur til tjónþolans í samræmi við 8. mgr., eiga rétt á að krefjast fullrar endurgreiðslu bótafjárhæðarinnar af stofnuninni sem um getur í 1. mgr. í heimaaðildarríki vátryggingafélagsins.

Stofnunin sem um getur í 1. mgr. í heimaaðildarríki vátryggingafélagsins skal greiða stofnuninni sem um getur í 1. mgr. í aðildarríkinu þar sem tjónþolinn er búsettur, sem hefur greitt bætur til tjónþolans í samræmi við 8. mgr., innan hæfilegs tímafrests sem ekki er lengri en sex mánuðir, nema þessar stofnanir hafi skriflega komið sér saman um annað eftir að hún hefur móttekið kröfu um slíka endurgreiðslu.

Stofnunin sem veitt hefur bætur samkvæmt fyrstu undirgrein skal ganga inn í kröfu tjónþolans gagnvart aðilanum sem valdur var að slysinu eða vátryggingafélagi hans eða hennar, nema gagnvart vátryggingartaka eða öðrum tjónþola sem olli slysinu að svo miklu leyti sem ábyrgð vátryggingartakans eða tjónþolans er tryggð af ógjaldfæru vátryggingafélagi í samræmi við gildandi landslög. Öllum aðildarríkjum skal skylt að viðurkenna þessi kröfuhafaskipti eins og kveðið er á um í öðru aðildarríki.

11. Ákvæði 1.–10. mgr. skulu ekki hafa áhrif á rétt aðildarríkja til að:

a) álíta bætur greiddar af stofnuninni, sem um getur í 1. mgr., sem fullnaðarbætur eða ekki,

b) kveða á um uppgjör bótakrafna að því er varðar sama slys á milli:

i. stofnunarinnar sem um getur í 1. mgr.,

ii. einstaklingsins eða einstaklingana sem ábyrgir eru fyrir slysinu,

iii. annarra vátryggingafélaga eða almannatrygginga sem eiga að greiða tjónþolanum bætur.

12. Aðildarríki skulu ekki heimila stofnuninni sem um getur í 1. mgr. að gera bótagreiðslur háðar öðrum kröfum en þeim sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun. Einkum skulu aðildarríki ekki heimila stofnuninni, sem um getur í 1. mgr., að skilyrða bótagreiðsluna við kröfu um að tjónþolinn sýni fram á að lögaðilinn eða einstaklingurinn sem ber ábyrgðina sé ófær um eða neiti að bæta tjónið.

13. Stofnanirnar sem um getur í 1. mgr. eða einingarnar sem um getur í annarri undirgrein þessarar málsgreinar skulu kappkosta að ljúka samningi fyrir 23. desember 2023 til að innleiða þessa grein, að því er varðar hlutverk þeirra og skuldbindingar og málsmeðferðirnar um endurgreiðslu samkvæmt þessari grein.

Í þeim tilgangi skal hvert aðildarríki fyrir 23. júní 2023:

a) koma á laggirnar eða veita stofnuninni, sem um getur í 1. mgr., heimild og umboð til semja um og ljúka slíkum samningi eða

b) tilnefna einingu og veita henni umboð til að semja um og ljúka slíkum samningi, sem stofnunin sem um getur í 1. mgr. verður aðili að þegar henni hefur verið komið á laggirnar eða veitt heimild.

Tafarlaust skal tilkynna framkvæmdastjórninni um samninginn sem um getur í fyrstu undirgrein.

Ef ekki er lokið við samninginn sem um getur í fyrstu undirgrein fyrir 23. desember 2023 hefur framkvæmdastjórnin vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 28. gr. b, og tilgreina málsmeðferðirnar fyrir verkefni og skuldbindingar aðilanna sem um getur í 1. mgr. að því er varðar endurgreiðslu.“

9) Í stað fyrstu málsgreinar 11. gr. kemur eftirfarandi:

„Komi upp ágreiningur milli stofnunarinnar sem um getur í 1. mgr. 10. gr. og vátryggjanda ábyrgðartryggingarinnar, um það hvor aðilinn eigi að greiða tjónþolanum bætur, skulu aðildarríki gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að annar hvor þessara aðila sé tilnefndur sem ábyrgur fyrir fyrstu bótagreiðslu til tjónþola án tafar.“

10) Í stað fyrirsagnar 5. kafla komi eftirfarandi:

„5. KAFLI

SÉRSTAKIR FLOKKAR TJÓNÞOLA, UNDANÞÁGUÁKVÆÐI, EINGREIÐSLUIÐGJALD OG SENDING ÖKUTÆKJA FRÁ EINU AÐILDARRÍKI TIL ANNARS“.

11) Í stað fyrirsagnar 12. gr. kemur eftirfarandi:

„Sérstakir flokkar tjónþola“.

12) Ákvæðum 13. gr. er breytt sem hér segir:

a) í 1. mgr.:

i. í stað inngangshlutans í fyrstu undirgrein kemur eftirfarandi:

„1. Hvert aðildarríki skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að öll laga- og samningsákvæði í vátryggingarsamningi, sem gefinn er út í samræmi við 3. gr., teljist ógild að því er varðar bótakröfur þriðju aðila sem slasast hafa sem afleiðing af slysi ef þau laga- eða samningsákvæði undanskilja frá tryggingu notkun eða akstur ökutækja:“.

ii. í stað þriðju undirgreinar kemur eftirfarandi:

„Aðildarríkjunum er heimilt að víkja frá ákvæði fyrstu undirgreinar þegar slys verða innan yfirráðasvæða þeirra ef og að svo miklu leyti sem tjónþolinn getur fengið bætur vegna tjónsins greiddar frá almannatryggingastofnun.“

b) í stað annarrar undirgreinar 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„Aðildarríki, þar sem í gildi eru reglur um að stofnunin sem um getur í 1. mgr. 10. gr. eigi að greiða bætur þegar ökutæki er stolið eða rænt, geta heimilað sjálfsáhættu tjónþolans allt að 250 evrum vegna eignatjóns.“

13) Í stað 1. mgr. 15. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Þrátt fyrir b-lið 13. töluliðar 13. gr. tilskipunar 2009/138/EB skal litið svo á þegar ökutæki er sent frá einu aðildarríki til annars að aðildarríkið þar sem áhættan liggur teljist annað hvort skráningaraðildarríki, með hliðsjón af vali einstaklingsins sem ábyrgur er fyrir ábyrgðartryggingu þriðja aðila, eða viðtökuaðildarríki, um leið og kaupandi samþykkir viðtöku sendingar, um 30 daga skeið, jafnvel þótt ökutækið hafi ekki verið skráð formlega í viðtökuaðildarríkinu.

Aðildarríki skulu tryggja að upplýsingamiðstöðin, sem um getur í 23. gr., aðildarríkisins þar sem ökutækið er skráð, viðtökuaðildarríkisins, ef annað, og sérhvers annars viðkomandi aðildarríkis, s.s. aðildarríkisins þar sem slys á sér stað, eða þar sem tjónþoli er búsettur, hafi samstarf við hvert annað til að tryggja að nauðsynlegar upplýsingar sem þau búa yfir um senda ökutækið, í samræmi við 23. gr., séu tiltækar.“

14) Eftirfarandi grein er bætt við:

„15. gr. a

Vernd tjónþola slysa þar sem eftirvagn dreginn af ökutæki á í hlut

1. Ef um er að ræða slys af völdum ökutækjasamstæðu þar sem ökutæki dregur eftirvagn og eftirvagninn er með aðgreinda ábyrgðartryggingu þriðja aðila getur tjónþolinn lagt fram kröfu sína beint á vátryggingafélagið sem tryggir eftirvagninn ef:

a) hægt er að auðkenna eftirvagninn en ekki er hægt að auðkenna ökutækið sem dregur hann, og

b) gildandi landslög kveða á um að vátryggjandi eftirvagnsins greiði bætur.

Vátryggingafélag sem hefur greitt bætur til tjónþolans skal eiga endurkröfurétt á félagið sem tryggði dráttarbifreiðina, eða á stofnunina sem um getur í 1. mgr. 10. gr., ef og að því marki sem kveðið er á um það samkvæmt gildandi landslögum.

Þessi málsgrein skal ekki hafa áhrif á gildandi landslög sem kveða á um reglur sem eru hagstæðari tjónþolanum.

2. Ef um er að ræða slys af völdum ökutækjasamstæðu þar sem ökutæki dregur eftirvagn, skal vátryggjandi eftirvagnsins, nema gildandi landslög kveði á um að hann greiði fullar bætur, að beiðni tjónþolans upplýsa hann eða hana án ótilhlýðilegrar tafar um:

a) auðkenni vátryggjanda dráttarbifreiðarinnar eða

b) ef vátryggjandi eftirvagnsins getur ekki auðkennt vátryggjanda dráttarbifreiðarinnar, bótafyrirkomulagið sem kveðið er á um í 10. gr.“

15) Í stað 16. gr. kemur eftirfarandi:

„16. gr.

Yfirlýsing varðandi bótakröfur frá þriðja aðila

Aðildarríkin skulu ganga úr skugga um að vátryggingartakinn eigi rétt á því að fara hvenær sem er fram á yfirlýsingu varðandi bótakröfur frá þriðja aðila í tengslum við ökutækið eða ökutækin sem falla undir vátryggingarsamninginn a.m.k. fimm næstliðin ár sem samningsbundin tengsl hafa varað, eða um að slík krafa hafi ekki verið lögð fram („tjónayfirlit“).

Vátryggingafélagið, eða stofnun sem aðildarríki kann að hafa tilnefnt til að veita lögboðna tryggingu eða til að gefa slík yfirlit, skal afhenda tryggingartaka tjónayfirlitið innan 15 daga frá því að beiðni berst. Þau skulu gera það með því að nota eyðublaðið fyrir tjónayfirlitið.

Aðildarríki skulu tryggja, þegar tekið er tillit til tjónayfirlita sem annað vátryggingafélag hefur gefið út eða aðrir aðilar eins og um getur í annarri málsgrein, að vátryggingafélög mismuni ekki vátryggingartökum eða setji aukagjald á iðgjöld þeirra vegna þjóðernis þeirra eða einungis á grundvelli fyrra búsetuaðildarríkis þeirra.

Aðildarríkin skulu tryggja, þegar vátryggingafélag tekur tillit til tjónayfirlita við ákvörðun iðgjalda, að það meðhöndli þau tjónayfirlit sem gefin eru út í öðrum aðildarríkjum með sama hætti og þau sem vátryggingafélag eða aðilar, eins og um getur í annarri málsgrein, innan sama aðildarríkis gefa út, þ.m.t. þegar afsláttum er beitt.

Aðildarríki skulu tryggja að vátryggingafélög birti almennt yfirlit um stefnur sínar að því er varðar notkun þeirra á tjónayfirlitum þegar iðgjöld eru reiknuð út.

Framkvæmdastjórnin skal fyrir 23. júlí 2023 samþykkja framkvæmdargerðir þar sem tilgreind eru, með notkun sniðmáts, form og innihald tjónayfirlitsins sem um getur í annarri málsgrein. Það sniðmát skal innihalda upplýsingar um eftirfarandi atriði:

a) auðkenni á vátryggingafélaginu eða aðilanum sem gaf út tjónayfirlitið,

b) auðkenni á vátryggingartakanum, þ.m.t. samskiptaupplýsingar hans eða hennar,

c) vátryggða ökutækið og verksmiðjunúmer þess,

d) upphafs- og lokadag vátryggingaverndar ökutækisins,

e) fjölda bótakrafna frá þriðja aðila sem gerðar eru upp samkvæmt vátryggingarsamningi vátryggingartakans á tímabilinu sem tjónayfirlitið nær yfir, þ.m.t. dagsetning hverrar kröfu,

f) viðbótarupplýsingar sem skipta máli samkvæmt reglum eða framkvæmd sem eiga við í aðildarríkjunum.

Framkvæmdastjórnin skal hafa samráð við alla hagsmunaaðila og vinna náið með aðildarríkjunum áður en þessar framkvæmdargerðir eru samþykktar.

Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við ráðgjafarnefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 28. gr. a.“

16) Eftirfarandi grein er bætt við:

„16. gr. a

Tæki til verðsamanburðar á ökutækjatryggingum

1. Aðildarríki geta valið að votta tæki sem gera neytendum kleift að bera saman, án endurgjalds, verð, gjaldskrár og vátryggingavernd milli veitenda skyldutryggingar, sem um getur í 3. gr., sem „óháð tæki til verðsamanburðar fyrir ökutækjatryggingar“, ef skilyrðin í 2. mgr. eru uppfyllt.

2. Samanburðartæki í skilningi 1. mgr. þessarar greinar skal:

a) vera rekstrarlega sjálfstætt frá veitendum skyldutryggingarinnar sem um getur í 3. gr. og tryggja að þjónustuveitendur fái jafna meðferð í leitarniðurstöðum,

b) birta með skýrum hætti auðkenni eigenda og rekstraraðila samanburðartækisins,

c) setja fram skýrar og hlutlægar viðmiðanir sem samanburðurinn byggist á,

d) viðhafa skýrt og ótvírætt málfar,

e) veita nákvæmar og uppfærðar upplýsingar og tilgreina hvenær síðasta uppfærsla átti sér stað,

f) vera opið fyrir sérhvern veitanda skyldutryggingar sem um getur í 3. gr., gera viðeigandi upplýsingar aðgengilegar, taka með vítt svið tilboða sem nær yfir verulegan hluta markaðarins með ökutækjatryggingar og, ef upplýsingarnar sem lagðar eru fram gefa ekki heildaryfirlit yfir þann markað, veita notandanum skýra yfirlýsingu þar um áður en niðurstöður eru birtar,

g) bjóða upp á skilvirka aðferð til að tilkynna um rangar upplýsingar,

h) láta fylgja yfirlýsingu um að verð byggist á upplýsingum sem veittar eru og sé ekki bindandi fyrir vátryggingaveitendur.“

17) Ákvæðum 23. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„1a. Aðildarríki skulu tryggja að vátryggingafélög eða aðrar einingar séu skyldugar til að veita upplýsingamið stöðvunum upplýsingarnar sem um getur í i., ii. og iii. lið a-liðar 1. mgr. og upplýsa þær í hvert sinn sem vátryggingarsamningur fellur úr gildi eða nær ekki á annan hátt lengur yfir ökutæki með skráningarnúmer.“

b) Í stað 6. mgr. kemur eftirfarandi:

„6. Vinnsla persónuupplýsinga sem leiðir af 1.–5. mgr. skal vera í samræmi við reglugerð (ESB) 2016/679.“

18) Eftirfarandi grein er bætt við:

„25. gr. a

Vernd tjónþola að því er varðar skaða sem leiðir af slysum sem eiga sér stað í öðru aðildarríki en búsetuaðildarríki þeirra við ógjaldfærni vátryggingafélags

1. Hvert aðildarríki skal koma á laggirnar eða veita stofnun heimild til að annast það verkefni að greiða bætur til tjónþola sem búsettir eru innan yfirráðasvæðis þess, í tilvikunum sem um getur í 1. mgr. 20. gr., a.m.k. upp að mörkum tryggingarskyldunnar vegna eignatjóns eða líkamstjóns af völdum ökutækis sem tryggt er af vátryggingafélagi, frá þeim tímapunkti þegar:

a) vátryggingafélagið er tekið til gjaldþrotameðferðar, eða

b) vátryggingafélagið er tekið til slitameðferðar, eins og skilgreint er í d-lið 1. mgr. 268. gr. tilskipunar 2009/138/EB.

2. Hvert aðildarríki skal gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að stofnunin sem um getur í 1. mgr. hafi nægjanlegt fjármagn tiltækt til að greiða tjónþolum bætur í samræmi við reglurnar sem settar eru fram í 10. mgr. þegar þær koma til greiðslu í aðstæðum sem mælt er fyrir um í a- og b-lið 1. mgr. Þessar ráðstafanir geta falið í sér kröfur um fjárframlög, að því tilskildu að þær séu eingöngu lagðar á vátryggingafélög sem aðildarríkið, sem leggur þær á, hefur veitt starfsleyfi.

3. Án þess að hafa áhrif á skuldbindingarnar skv. 280. gr. tilskipunar 2009/138/EB skal hvert aðildarríki tryggja, hvenær sem valdbær dómstóll eða annað lögbært yfirvald leggur fram fyrirmæli eða tekur ákvörðun um að hefja málsmeðferðina sem um getur í a- eða b-lið 1. mgr., að því er varðar vátryggingafélag sem það aðildarríki er heimaaðildarríki fyrir, að þau fyrirmæli eða sú ákvörðun verði gerð opinber. Stofnunin, sem um getur í 1. mgr., sem komið er á fót í heimaaðildarríki vátryggingafélagsins skal tryggja að allar þær stofnanir sem um getur í 1. mgr. og allar tjónauppgjörsstofnanirnar sem um getur í 24. gr. í öllum aðildarríkjum séu tafarlaust upplýstar um þau fyrirmæli eða þá ákvörðun.

4. Tjónþolinn getur lagt fram bótakröfu beint til stofnunarinnar sem um getur í 1. mgr.

5. Við móttöku bótakröfunnar skal stofnunin sem um getur í 1. mgr. upplýsa jafngildu stofnunina í heimaaðildarríki vátryggingafélagsins, tjónauppgjörsstofnunina skv. 24. gr. í búsetuaðildarríki tjónþolans og vátryggingafélagið sem fellur undir gjaldþrota- eða slitameðferð, eða stjórnanda eða skiptastjóra þess, eins og skilgreint er í e- og f-lið 1. mgr. 268. gr. tilskipunar 2009/138/EB, eftir því sem við á, um að það hafi fengið bótakröfur frá tjónþolanum.

6. Vátryggingafélagið sem er í gjaldþrota- eða slitameðferð, eða stjórnandi eða skiptastjóri þess, skal upplýsa stofnunina sem um getur í 1. mgr. þegar það greiðir bætur eða neitar bótaábyrgð að því er varðar bótakröfu sem einnig hefur verið móttekin af stofnuninni sem um getur í 1. mgr.

7. Aðildarríki skulu tryggja að stofnunin, sem um getur í 1. mgr., m.a. á grundvelli upplýsinga sem tjónþolinn veitir að hennar beiðni, láti tjónþolanum í té rökstutt bótatilboð eða rökstutt svar eins og kveðið er á um í annarri undirgrein þessarar málsgreinar, í samræmi við gildandi landslög, innan þriggja mánaða frá þeim degi sem tjónþolinn lagði fram bótakröfu sína hjá stofnuninni.

Að því er varðar fyrstu undirgrein skal stofnunin:

a) leggja fram rökstutt bótatilboð þegar hún hefur gengið úr skugga um að henni beri að greiða bætur skv. a- eða b-lið 1. mgr., ágreiningur er ekki um kröfuna og tjónið hefur verið ákvarðað að hluta til eða að fullu,

b) veita rökstutt svar við atriðunum sem koma fram í bótakröfunni, hafi hún gengið úr skugga um að henni beri ekki að greiða bætur skv. a- eða b-lið 1. mgr. eða ef ábyrgð er hafnað eða hafi ekki verið skýrð nægjanlega eða tjónið hafi ekki verið ákvarðað að fullu.

8. Ef greiða á bætur í samræmi við a-lið annarrar undirgreinar 7. mgr. skal stofnunin sem um getur í 1. mgr. greiða bæturnar til tjónþolans án ótilhlýðilegrar tafar og í öllu falli innan þriggja mánaða frá því að tjónþolinn samþykkir rökstudda bótatilboðið sem um getur í a-lið annarrar undirgreinar 7. mgr.

Ef tjónið hefur einungis verið ákvarðað að hluta til skulu kröfurnar varðandi bótagreiðsluna sem settar eru fram í fyrstu undirgrein gilda að því er varðar þann hluta ákvarðaða tjónsins, og frá þeim tíma sem það rökstudda bótatilboð er samþykkt.

9. Aðildarríki skulu tryggja að stofnunin sem um getur í 1. mgr. hafi allar nauðsynlegar valdheimildir og valdsvið til að geta tímanlega átt samstarf við aðrar slíkar stofnanir í öðrum aðildarríkjum, við stofnanir sem komið hefur verið á laggirnar eða veitt heimild skv. 10. gr. a og 24. gr. í öllum aðildarríkjum og við aðra hagsmunaaðila, þ.m.t. vátryggingafélag sem er í gjaldþrota- eða slitameðferð, tjónauppgjörsfulltrúa, stjórnanda eða skiptastjóra þess og lögbær landsyfirvöld aðildarríkjanna, á öllum stigum meðan á málsmeðferðinni sem um getur í þessari grein stendur. Slíkt samstarf skal fela í sér beiðnir um, móttöku á og veitingu upplýsinga, þ.m.t. upplýsinga um sérstakar kröfur, ef við á.

10. Ef heimaaðildarríki vátryggingafélagsins, sem um getur í 1. mgr., er annað en aðildarríkið þar sem tjónþolinn er búsettur skal stofnunin sem um getur 1. mgr. í aðildarríkinu þar sem tjónþolinn er búsettur, sem greitt hefur bætur til tjónþolans í samræmi við 8. mgr., eiga rétt á að krefjast fullrar endurgreiðslu bótafjárhæðarinnar frá stofnuninni sem um getur í 1. mgr., í heimaaðildarríki vátryggingafélagsins.

Stofnunin sem um getur í 1. mgr. í heimaaðildarríki vátryggingafélagsins skal greiða stofnuninni, sem um getur í 1. mgr. í aðildarríkinu þar sem tjónþolinn er búsettur, sem hefur greitt bætur til tjónþolans í samræmi við 8. mgr., innan hæfilegs tímafrests sem ekki er lengri en sex mánuðir, nema þessar stofnanir hafi skriflega komið sér saman um annað eftir að hún hefur móttekið kröfu um slíka endurgreiðslu.

Stofnunin sem veitt hefur bætur samkvæmt fyrstu undirgrein skal ganga inn í kröfu tjónþolans gagnvart aðilanum sem valdur var að slysinu eða vátryggingafélagi hans eða hennar, nema gagnvart vátryggingartaka eða öðrum tjónþola sem olli slysinu að svo miklu leyti sem ábyrgð vátryggingartakans eða tjónþolans er tryggð af ógjaldfæru vátryggingafélagi í samræmi við gildandi landslög. Öllum aðildarríkjum skal skylt að viðurkenna þessi kröfuhafaskipti eins og kveðið er á um í öðru aðildarríki.

11. Ákvæði 1.–10. mgr. skulu ekki hafa áhrif á rétt aðildarríkja til að:

a) álíta bætur greiddar af stofnuninni, sem um getur í 1. mgr., sem fullnaðarbætur eða ekki,

b) kveða á um uppgjör bótakrafna að því er varðar sama slys á milli:

i. stofnunarinnar sem um getur í 1. mgr.,

ii. einstaklingsins eða einstaklingana sem ábyrgir eru fyrir slysinu,

iii. annarra vátryggingafélaga eða almannatrygginga sem eiga að greiða tjónþolanum bætur.

12. Aðildarríki skulu ekki heimila stofnuninni sem um getur í 1. mgr. að gera bótagreiðslur háðar öðrum kröfum en þeim sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun. Einkum skulu aðildarríki ekki heimila stofnuninni, sem um getur í 1. mgr., að skilyrða bótagreiðsluna við kröfu um að tjónþolinn sýni fram á að lögaðilinn eða einstaklingurinn sem ber ábyrgðina sé ófær um eða neiti að bæta tjónið.

13. Stofnanirnar sem um getur í 1. mgr. eða einingarnar sem um getur í annarri undirgrein þessarar málsgreinar skulu kappkosta að ljúka samningi fyrir 23. desember 2023 til að innleiða þessa grein, að því er varðar hlutverk þeirra og skuldbindingar og málsmeðferðirnar um endurgreiðslu samkvæmt þessari grein.

Í þeim tilgangi skal hvert aðildarríki fyrir 23. júní 2023:

a) koma á laggirnar eða veita stofnuninni, sem um getur í 1. mgr., heimild og umboð til semja um og ljúka slíkum samningi eða

b) tilnefna einingu og veita henni umboð til að semja um og ljúka slíkum samningi, sem stofnunin sem um getur í 1. mgr. verður aðili að þegar henni hefur verið komið á laggirnar eða veitt heimild.

Tafarlaust skal tilkynna framkvæmdastjórninni um samninginn sem um getur í fyrstu undirgrein.

Ef samningnum sem um getur í fyrstu undirgrein er ekki lokið fyrir 23. desember 2023 hefur framkvæmdastjórnin vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 28. gr. b, og tilgreina málsmeðferðirnar fyrir verkefni og skuldbindingar aðilanna sem um getur í 1. mgr. að því er varðar endurgreiðslu.“

19) Í stað fyrstu málsgreinar 26. gr. kemur eftirfarandi:

„Aðildarríkin skulu grípa til allra viðeigandi ráðstafana til þess að greiða fyrir því að grunngögn, sem nauðsynleg eru vegna tjónauppgjörs, séu tiltæk í tæka tíð fyrir tjónþola, vátryggjendur þeirra eða lagalega fyrirsvarsmenn þeirra.“

20) Eftirfarandi grein er bætt við:

„26. gr. a

Upplýsingar til tjónþola

Aðildarríki sem koma á laggirnar eða veita mismunandi tjónauppgjörsstofnunum heimild skv. 10. gr.(1. mgr.), 10. gr. a (1. mgr.), 24. gr. (1. mgr.) og 25. gr. a (1. mgr.) skulu tryggja að tjónþolar hafi aðgang að nauðsynlegum upplýsingum um mögulegar leiðir til að sækja um bætur.“

21) Eftirfarandi undirgrein bætist við í 1. mgr. 28. gr.:

„Aðildarríkin geta krafist ökutækjatryggingar sem uppfyllir kröfurnar í þessari tilskipun fyrir sérhvert vélknúið tæki sem notað er á landi sem ekki fellur undir skilgreininguna á „ökutæki“ í 1. tölulið 1. gr., og sem 3. gr. gildir ekki um.“

22) Eftirfarandi greinum er bætt við:

„28. gr. a

Nefndarmeðferð

1. Nefnd evrópskra eftirlitsaðila með vátryggingum og starfstengdum lífeyrissjóðum sem komið var á fót með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/9/EB (*) skal aðstoða framkvæmdastjórnina.Sú nefnd skal vera nefnd í skilningi reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011(**).

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

28. gr. b

Framsal valds

1. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þessari grein.

2. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldu gerðirnar sem um getur í 2. mgr. 9. gr., um óákveðinn tíma frá 22. desember 2021.

Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir sem um getur í fjórðu undirgrein 13. mgr. 10. gr. a og fjórðu undirgrein 13. mgr. 25. gr. a, í sjö ár frá 22. desember 2021. Valdaframsalið skal framlengt með þegjandi samkomulagi um jafnlangan tíma, nema Evrópuþingið eða ráðið andmæli þeirri framlengingu eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok hvers tímabils.

3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla framsal valds sem um getur í 9. gr. (2. mgr.), 10. gr. a (fjórðu undirgrein 13. mgr.) og 25. gr. a. (fjórðu undirgrein 13. mgr.). Með ákvörðun um afturköllun skal binda enda á valdaframsalið sem um getur í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í henni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi neinna framseldra gerða sem þegar eru í gildi.

4. Áður en framseld gerð er samþykkt skal framkvæmdastjórnin hafa samráð við sérfræðinga sem hvert aðildarríki hefur tilnefnt í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningnum milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016 (***).

5. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

6. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 9. gr. (2. mgr.), 10. gr. a (fjórðu undirgrein 13. mgr.) og 25. gr. a (fjórðu undirgrein 13. mgr.), skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan þriggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þetta tímabil skal framlengt um þrjá mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

28. gr. c

Mat og endurskoðun

1. Eigi síðar en fimm árum eftir viðkomandi dagsetningar þegar 10. gr. a og 25. gr. a eins og um getur í annarri, þriðju og fjórðu málsgrein 30. gr. koma til framkvæmda skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um starfshætti, samvinnu og fjármögnun stofnana sem um getur í 10. gr. a og 25. gr. a. Skýrslunni skal fylgja tillaga að nýrri löggjöf, eftir því sem við á. Að því er varðar fjármögnun þessara stofnana skal sú skýrsla innihalda a.m.k.:

a) mat á fjármögnunargetu og fjármagnsþörf tjónauppgjörsstofnana í tengslum við mögulegar bótaábyrgðir, að teknu tilliti til áhættunnar á ógjaldfærni ökutækjatryggjenda á mörkuðum aðildarríkjanna,

b) mat á samhæfingu fjármögnunaraðferða tjónauppgjörsstofnananna,

c) ef skýrslunni fylgir tillaga að nýrri löggjöf, mat á áhrifunum af framlögum á iðgjöld ökutækjatrygginga.

2. Eigi síðar en 24. desember 2030 skal framkvæmdastjórnin leggja fyrir Evrópuþingið, ráðið og efnahags- og félagsmálanefnd Evrópusambandsins skýrslu með mati á framkvæmd þessarar tilskipunar, að undanskilum þáttum sem varða matið sem um getur í 1. mgr., þar með talið að því er varðar:

a) beitingu þessarar tilskipunar að því er varðar tækniþróun, einkum varðandi sjálfkeyrandi og hálfsjálfkeyrandi ökutæki,

b) hversu fullnægjandi umfang þessarar tilskipunar er, að teknu tilliti til slysaáhættunnar sem stafar af mismunandi vélknúnum ökutækjum,

c) á formi úttektar, skilvirkni upplýsingaskiptakerfanna að því er varðar eftirlit með vátryggingum yfir landamæri, þ.m.t. ef þörf krefur, mat á hagkvæmni þess, í slíkum tilvikum, að nota núverandi upplýsingaskiptakerfi, og í öllu falli, greining á markmiðum upplýsingaskiptakerfanna og mat á kostnaði þeirra, og

d) notkun vátryggingafélaga á kerfum þar sem tjónayfirlit vátryggingartaka hafa áhrif á iðgjöld, m.a. umbunar-/álagskerfi eða „umbun fyrir tjónalaus ár“.

Skýrslunni skal fylgja tillaga að nýrri löggjöf, ef við á.

(*) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/9/EB frá 5. nóvember 2003 um að koma á fót nefnd evrópskra eftirlitsaðila með vátryggingum og starfstengdum lífeyrissjóðum (Stjtíð. ESB L 3, 7.1.2004. bls. 34).

(**) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdarvaldi sínu (Stjtíð. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

(***) Stjtíð. ESB L 123, 12.5.2016, bls. 1.“

23) Eftirfarandi málsgreinar bætast við 30. gr.:

„Ákvæði 1.–12. mgr. 10. gr. a skulu taka gildi frá og með samningsdeginum sem um getur í fyrstu undirgrein 13. mgr. 10. gr. a, eða deginum þegar framseld gerð framkvæmdastjórnarinnar sem um getur í fjórðu undirgrein 13. mgr. 10. gr. a kemur til framkvæmda.

Ákvæði 1.–12. mgr. 25. gr. a skulu taka gildi frá og með samningsdeginum sem um getur í fyrstu undirgrein 13. mgr. 25. gr. a, eða deginum þegar framseld gerð framkvæmdastjórnarinnar sem um getur í fjórðu undirgrein 13. mgr. 25. gr. a kemur til framkvæmda.

Ákvæði 1.–12. mgr. 10. gr. a og 1.–12. mgr. 25. gr. a skulu þó ekki taka gildi fyrir 23. desember 2023.

Ákvæði annars málsliðar, annarrar málsgreinar og þriðju, fjórðu og fimmtu málsgreinar 16. gr. skulu taka gildi frá og með 23. apríl 2024 eða frá deginum þegar framkvæmdargerð framkvæmdastjórnarinnar sem um getur í sjöttu málsgrein 16. gr. kemur til framkvæmda, hvort heldur er síðar.“

2. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að þessari tilskipun eigi síðar en 23. desember 2023. Þau skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þær þegar í stað.

Þau skulu beita þessum ráðstöfunum frá og með 23. desember 2023.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar skulu aðildarríki, fyrir 23. júní 2023, samþykkja ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til fara að breytingunum sem settar eru fram í 8. og 18. tölulið 1. gr. þessarar tilskipunar að því er varðar aðra undirgrein 13. mgr. 10. gr. a og aðra undirgrein 13. mgr. 25. gr. a í tilskipun 2009/103/EB, eftir því sem við á.

Þegar aðildarríkin samþykkja ráðstafanirnar sem um getur í þessari málsgrein skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim skal fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Gildistaka.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 24. nóvember 2021.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
D. M. SASSOLI	A. LOGAR
forseti.	*forseti.*

Yfirlýsing framkvæmdastjórnarinnar

Framkvæmdastjórnin er áfram staðráðin í að verja hátt verndarstig fyrir tjónþola í tengslum við tilskipunina um ökutækjatryggingar. Markmiðið er að tryggja að tjónþolar, þ.m.t. í aðstæðum yfir landamæri, fái bætur eins fljótt og mögulegt er og þurfi ekki að lúta óhóflegum réttarfarskröfum sem gætu hindrað aðgengi þeirra að bótum. Skilvirkni bóta ræðst að stórum hluta af því hvort þær fáist tímanlega. Að því er þetta varðar er sérstakt áhyggjuefni sá mismunur sem er á milli aðildarríkja í tengslum við fyrningarfresti, sem Evrópuþingið hefur endurtekið látið í ljós, þ.e. tímabilið sem tjónþoli hefur til að leggja fram kröfu. Framkvæmdastjórnin mun taka þetta mál til gaumgæfilegrar skoðunar og leita leiða um mögulegar úrbætur til að styrkja frekar vernd tjónþola, komi í ljós að réttlætanlegt sé að grípa til aðgerða á vettvangi Sambandsins.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2024/1855 **2025/EES/42/18**

frá 3. júlí 2024

um reglur um beitingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/103/EB að því er varðar sniðmát fyrir tjónayfirlit (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/103/EB frá 16. september 2009 er varðar ábyrgðartryggingu vegna notkunar vélknúinna ökutækja og um að fylgja því eftir að vátrygging vegna slíkrar ábyrgðar sé tekin ([1]), einkum sjöttu málsgrein 16. gr.,

að höfðu samráði við Evrópsku persónuverndarstofnunina, í samræmi við 42. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 ([2]),

að höfðu samráði við evrópsku nefndina um vátryggingar og starfstengda lífeyrissjóði,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Handhafar ábyrgðartryggingarsamnings vegna notkunar vélknúinna ökutækja eiga rétt á að fara hvenær sem er fram á yfirlit um bótakröfur frá þriðja aðila í tengslum við sérhvert ökutæki sem fellur undir vátryggingarsamninginn a.m.k. á undangengnum 5 árum samningssambandsins, eða um að slíkar bótakröfur hafi ekki verið lagðar fram („tjónayfirlit“).

2) Tilskipun 2009/103/EB var breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/2118 ([3]) í því skyni m.a. að innleiða valdheimildir til handa framkvæmdastjórninni til að tilgreina form og innihald tjónayfirlitsins með notkun sniðmáts.

3) Form og innihald tjónayfirlitsins ætti að gera það auðþekkjanlegt innan Sambandsins til hagræðis fyrir bæði vátryggingafélög og vátryggingartaka. Það ætti að innihalda upplýsingarnar sem um getur í 16. gr. tilskipunar 2009/103/EB en takmarkast þó við upplýsingar sem nauðsynlegar eru m.t.t. tilgangsins með útgáfu þess. Þar sem aðildarríkjum er áfram frjálst að samþykkja landslöggjöf varðandi afslætti, s.s. „umbunar-/álagskerfi“, ætti form og innihald tjónayfirlitsins að endurspegla slík séreinkenni.

4) Til að ákveða innihald tjónayfirlitsins hefur framkvæmdastjórnin haft samráð við hagsmunaaðila, þ.m.t. með vinnufundi hagsmunaaðila og opnu samráði. Framkvæmdastjórnin hefur enn fremur haft samráð við sérfræðinga aðildarríkjanna í gegnum sérstakan sérfræðingahóp um bankastarfsemi, greiðsluþjónustu og vátryggingar. Framkvæmdastjórnin hefur greint niðurstöðurnar sem aflað var með þessu samráði er varða lög og venjur í aðildarríkjunum og mikilvægi þeirra fyrir að fastsetja samræmt sniðmát. Einnig hefur verið haft samráð við sérfræðinga og fulltrúa aðildarríkjanna um þær niðurstöður sem framkvæmdastjórnin dró af fyrstu upplýsingasöfnuninni. Framkvæmdastjórnin hefur þannig tekið til athugunar athugasemdir allra viðkomandi aðila.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2024/1855, 4.7.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 69/2025 frá 14. mars 2025 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn , sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 38, 12.6.2025, bls. 42.

([1]) Stjtíð. ESB L 263, 7.10.2009, bls. 11, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2009/103/oj.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 frá 23. október 2018 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu meginstofnana, stofnana, skrifstofa og fagstofnana Sambandsins á persónuupplýsingum og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 45/2001 og ákvörðunar nr. 1247/2002/EB (Stjtíð. ESB L 295, 21.11. 2018, bls. 39, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2018/1725/oj).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/2118 frá 24. nóvember 2021 um breytingu á tilskipun 2009/103/EB um ábyrgðartryggingu vegna notkunar vélknúinna ökutækja og um að fylgja því eftir að vátrygging vegna slíkrar ábyrgðar sé tekin (Stjtíð. ESB L 430, 2.12. 2021, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2021/2118/oj).

5) Í því skyni að taka tillit til umhverfissjónarmiða og draga úr stjórnsýslukostnaði ætti útgáfa tjónayfirlita sjálfgefið að vera með rafrænum hætti. Að ósk vátryggingartaka ættu þau þó einnig að vera látin í té á pappír.

6) Í því skyni að gefa vátryggingafélögum og aðilum sem aðildarríki hafa tilnefnt til að veita lögboðna tryggingu eða afhenda tjónayfirlit nægan tíma til að aðlaga núverandi venjur sínar sem tengjast tjónayfirlitum ætti að fresta beitingu þessarar reglugerðar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Tjónayfirlitið skal gefið út á formi sniðmátsins sem sett er fram í A-hluta viðaukans og fyllt út í samræmi við leiðbeiningar sem settar eru fram í B-hluta viðaukans.

Tjónayfirlitið skal veitt með rafrænum hætti. Að ósk vátryggingartaka skal tjónayfirlitið einnig látið í té á pappír, án endurgjalds.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Hún kemur til framkvæmda frá og með 24. júlí 2025.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. júlí 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

A-HLUTI

TJÓNAYFIRLIT

Þetta tjónayfirlit er gefið út í samræmi við 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/103/EB frá 16. september 2009 um ábyrgðartryggingu vegna notkunar vélknúinna ökutækja og um að fylgja því eftir að vátrygging vegna slíkrar ábyrgðar sé tekin.

A. **Auðkenni útgefanda tjónayfirlitsins**		
1. Lögheiti		
2. Aðildarríki		
3. Skráningarnúmer eða lagagrundvöllur		
4. Samskiptaupplýsingar	Heimilisfang	
	Tölvupóstfang	
	Símanúmer	

B. **Auðkenni og samskiptaupplýsingar vátryggingartakans**	
5. Nafn og kenninafn(nöfn) eða lögheiti	
6. Fæðingardagur og -ár (DD/MM/ÁÁÁÁ)	
7. Auðkennisnúmer	
8. Samskiptaupplýsingar	

C **Tryggt(ð) ökutæki**			
9. Ökutækjaflokkur	10. Tegund ökutækis	11. Verksmiðjunúmer ökutækis	12. Skráningarnúmer ökutækis eða annað auðkenni ökutækis

D. **Vátryggingarsamningur(ar)**			
13. Vátryggingafélag	14. Númer vátryggingarsamnings	15. Upphafsdagsetning tryggingaverndar (DD/MM/ÁÁÁÁ)	16. Lokadagsetning tryggingaverndar (DD/MM/ÁÁÁÁ)

E. **Bótakrafa(kröfur)**			
17. Dagsetning slyssins (DD/MM/ÁÁÁÁ)	18. Fjöldi krafna	19. Fjöldi uppgerðra krafna	20. Sameiginleg bótaábyrgð (JÁ NEI)

F. **Viðbótarupplýsingar samkvæmt reglum eða venjum sem gilda í aðildarríkjunum varðandi iðgjaldaafslætti eða -álag, og um samningsbundið fyrirkomulag sem hefur áhrif á útreikning á iðgjöldum**
21.

H. **Dagsetning og undirskrift**	
22. Nafn aðilans sem undirritar	
23. Staður og dagsetning (DD/MM/ÁÁÁÁ)	
24. Undirskrift	

B-HLUTI

LEIÐBEININGAR UM ÚTFYLLINGU Á TJÓNAYFIRLITINU

A-liður: Auðkenni útgefanda tjónayfirlitsins

Einingin sem gefur út yfirlitið skal fylla inn í A-lið upplýsingar sem skipta máli fyrir auðkenningu hennar.

Í 1. lið skal útgefandinn einnig tilgreina hvort hann sé vátryggingafélag eða annar aðili sem hefur umboð til að gefa út tjónayfirlit.

Í 2. lið skal útgefandi tilgreina landskóðann, á formi ISO alfa-2 landskóða, sem auðkennir aðildarríkið þar sem hann hefur staðfestu.

Í 3. lið skal vátryggjandi gefa upp skráningarnúmer sitt eins og kveðið er á um í landslögum eða með þeim hætti sem almennt tíðkast í aðildarríkinu þar sem útgefandinn hefur staðfestu en þar skal stofnun tilgreina viðeigandi lagagrundvöll sem veitir henni umboð til að gefa út tjónayfirlit.

B-liður: Auðkenni og samskiptaupplýsingar vátryggingartakans

Að því er varðar upplýsingar um vátryggingartaka skal aðeins fylla út í þá reiti sem svara til liða sem eiga við.

5. liður skal innihalda nafn og kenninafn vátryggingartaka sem eru einstaklingar og lögheiti vátryggingartaka sem eru lögaðilar.

6. lið skal fylla út fyrir einstaklinga. Þessum upplýsingum má sleppa ef venja er að nota auðkennisnúmer fyrir einstaklinga í aðildarríkinu þar sem útgefandinn hefur staðfestu, og slíkt númer er gefið upp í 7. lið.

Einungis skal fylla út 7. lið fyrir lögaðila með auðkenni sem kveðið er á um í landslögum eða eins og tíðkast í aðildarríkinu þar sem útgefandinn hefur staðfestu. Einnig má fylla hann út fyrir einstaklinga ef það tíðkast að nota auðkennisnúmer í aðildarríkinu þar sem útgefandinn hefur staðfestu, í samræmi við sérstök skilyrði fyrir vinnslu landsbundinna auðkennisnúmera eða aðra almenna notkun auðkennis.

Í 8. lið er útgefanda skylt að tilgreina samskiptaupplýsingar sem vátryggingartakinn veitir sé þess óskað.

C-liður: Tryggt(ð) ökutæki

C-liður skal innihalda upplýsingar sem varða auðkenningu ökutækisins eða ökutækjanna sem falla undir vátrygginga-samninginn eða -samningana. Sérhvert ökutæki skal tilgreint í sérlínu.

9. lið skal fylla út með flokki ökutækisins:

A: Bifreið

B: Bifhjól

C: Vöruflutningabifreið eða dráttartæki

D: Hjól með hjálparvél

E: Strætisvagn

F: Eftirvagn

G: Annað

10. lið skal fylla út með tegund ökutækisins. Einnig má tilgreina undirtegund.

Fylla skal út 11. lið um verksmiðjunúmer ökutækis (VIN) ef það er tiltækt útgefandanum.

Fylla skal út 12. lið um skráningarnúmer ökutækis ef það er tiltækt útgefandanum. Ef hvorki skráningarnúmer ökutækis né verksmiðjunúmer ökutækis er tiltækt skal tilgreina önnur auðkenni ökutækisins í staðinn, s.s. undirvagnsnúmer, vélarnúmer eða raðnúmer.

D-liður: Vátryggingarsamningur(ar)

Í upplýsingum í D-lið skal tilgreina nokkur lykilatriði samningsins eða samninganna. Þær geta tekið til nokkurra samninga eftir því hvort útgefanda er kunnugt um þá. Sérhver samningur skal tilgreindur í sérlínu. Ef útgefandi tjónayfirlitsins er ekki vátryggingafélag skal viðkomandi vátryggjandi skráður í 13. lið.

Upphafsdagsetningin er dagurinn þegar tryggingaverndin sem samningurinn veitir hefst. Lokadagsetning samningsins er dagurinn þegar tryggingaverndin hættir. Ef lokadagsetning samningsins er ekki þekkt skal tilgreina „óþekkt“ í 16. lið.

E-liður: Bótakröfur

Í 17. lið skal útgefandi tilgreina dagsetningu(ar) slyss eða slysa ef einhver eru.

Í 18. lið skal útgefandi tilgreina fjölda krafna vegna hvers slyss. Ef engar kröfur hafa verið gerðar skal það koma skýrt fram.

Í 19. lið skal útgefandi tilgreina fjölda uppgerðra krafna vegna hvers slyss.

20. liður skal innihalda upplýsingar um að vátryggingartaki beri ekki fulla ábyrgð á tjóni sem verður í slysi (þ.e. bótaábyrgðarhlutfallið er lægra en 100%) ef vátryggjandi hefur slíkar upplýsingar undir höndum.

F-liður: Aðrir þættir sem skipta máli

Í 21. lið geta útgefendur gert grein fyrir viðbótarupplýsingum sem skipta máli samkvæmt gildandi reglum eða venjum í aðildarríki. Þetta skal ná yfir allar upplýsingar sem tiltækar eru útgefandanum og skipta máli að því er varðar að taka tillit til iðgjaldaafslátta eða -álags samkvæmt gildandi landslögum, landsvenjum eða sérstöku samningsbundnu fyrirkomulagi sem áhrif hafa á hvernig iðgjald er reiknað út. Þetta getur einnig falið í sér upplýsingar um tiltekna ökumenn og hvort þeir hafi valdið slysinu.

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2019/2033 2025/EES/42/19

frá 27. nóvember 2019

um varfærniskröfur fyrir verðbréfafyrirtæki og breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1093/2010, (ESB) nr. 575/2013, (ESB) nr. 600/2014 og (ESB) nr. 806/2014 (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti Seðlabanka Evrópu ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins([2]),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Traustar varfærniskröfur eru órjúfanlegur þáttur lagaumhverfis sem gildir um fjármálastofnanir sem veita þjónustu í Sambandinu. Verðbréfafyrirtæki falla, ásamt lánastofnunum, undir reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 ([4]) og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB ([5]) að því er varðar varfærnismeðferð og -eftirlit þeirra, en kröfur um starfsleyfi þeirra og aðrar kröfur um skipulag og háttsemi eru settar fram í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB ([6]).

2) Gildandi varfærnisfyrirkomulag samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 575/2013 og tilskipun 2013/36/ESB byggist að stórum hluta á ítrekuðum útgáfum alþjóðlegra eftirlitsstaðla sem Baselnefndin um bankaeftirlit setti um stórar bankasamstæður og tekur aðeins að hluta til á sértækri áhættu sem innbyggð er í fjölbreytta starfsemi margra verðbréfafyrirtækja. Því ætti að taka sérstaklega á hinum sértæku veikleikum og áhættu sem innbyggð er í þessi verðbréfafyrirtæki með viðeigandi og hóflegu varfærnisfyrirkomulagi á vettvangi Sambandsins.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 314, 5.12.2019, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 70/2025 frá 14. mars 2025 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn , sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 38, 12.6.2025, bls. 43.

([1]) Stjtíð. ESB C 378, 19.10.2018, bls. 5.

([2]) Stjtíð. ESB C 262, 25.7.2018, bls. 35.

([3]) Afstaða Evrópuþingsins frá 16. apríl 2019 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 8. nóvember 2019.

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1).

([5]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB frá 26. júní 2013 um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærniseftirlit með lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum, um breytingu á tilskipun 2002/87/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB (Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 338).

([6]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB (Stjtíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349).

3) Áhættan sem verðbréfafyrirtækin sjálf taka og valda viðskiptavinum sínum og stærri mörkuðum sem þau starfa á fer eftir eðli og umfangi starfsemi þeirra, þ.m.t. hvort verðbréfafyrirtæki koma fram sem umboðsaðilar fyrir viðskiptavini sína og taka ekki sjálf þátt í viðskiptunum eða hvort þau eigi í viðskiptum fyrir eigin reikning.

4) Traustar varfærniskröfur ættu að tryggja að verðbréfafyrirtækjum sé stjórnað á skipulegan hátt og með hagsmuni viðskiptavina þeirra að leiðarljósi. Þessar kröfur ættu að taka mið af möguleika verðbréfafyrirtækja og viðskiptavina þeirra á að taka óhóflega áhættu sem og mismunandi mikilli áhættu sem verðbréfafyrirtæki taka og valda. Að sama skapi ætti með slíkum varfærniskröfum að forðast að leggja ótilhlýðilega stjórnsýslubyrði á verðbréfafyrirtæki.

5) Mörgum af varfærniskröfunum sem leiða af ramma reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og tilskipunar 2013/36/ESB er ætlað að taka á algengri áhættu sem lánastofnanir standa frammi fyrir. Til samræmis við það eru gildandi kröfur að mestu stilltar þannig að þær viðhaldi útlánagetu lánastofnana í hagsveiflum og verndi innstæðueigendur og skattgreiðendur fyrir mögulegu falli, en eru ekki gerðar til að taka á öllum mismunandi áhættusniðum verðbréfafyrirtækja. Verðbréfafyrirtæki eru ekki með stór eignasöfn af lánum til einkaaðila og fyrirtækja og taka ekki við innlánum. Líkurnar á að fall þeirra hafi skaðleg áhrif á heildarfjármálastöðugleika eru minni en þegar um lánastofnanir er að ræða. Áhættan sem flest verðbréfafyrirtæki standa frammi fyrir og valda er því að verulegu leyti önnur en áhættan sem lánastofnanir standa frammi fyrir og valda og sá munur ætti að endurspeglast með skýrum hætti í varfærnisramma Sambandsins.

6) Varfærniskröfurnar sem verðbréfafyrirtæki lúta samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 575/2013 og tilskipun 2013/36/ESB byggjast á þeim kröfum sem gerðar eru til lánastofnana. Verðbréfafyrirtæki með starfsleyfi sem takmarkast við tiltekna fjárfestingarþjónustu, sem núverandi varfærnisrammi nær ekki yfir, falla undir margar undanþágur frá þeim kröfum. Þessar undanþágur réttlætast af því að þessi verðbréfafyrirtæki valda ekki áhættu af sama toga og lánastofnanir. Verðbréfafyrirtæki sem stunda starfsemi sem núverandi varfærnisrammi beinist að og felur í sér takmörkuð viðskipti með fjármálagerninga falla undir samsvarandi kröfur rammans að því er varðar fjármagn en eru undanþegin þeim á öðrum sviðum, s.s. að því er varðar lausafjárstöðu, stórar áhættuskuldbindingar og skuldsetningu. Verðbréfafyrirtæki með starfsleyfi sem ekki er háð þessum takmörkunum, falla undir sömu varfærniskröfur og lánastofnanir.

7) Viðskipti með fjármálagerninga, hvort sem þau eru gerð vegna áhættustýringar, áhættuvarnar eða lausafjárstýringar eða til að taka stefnumarkandi stöður í virði gerninga til lengri tíma, er starfsemi sem bæði lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki með starfsleyfi til að eiga viðskipti fyrir eigin reikning geta stundað og sem varfærnisramminn samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 575/2013 og tilskipun 2013/36/ESB nær nú þegar yfir. Til þess að komast hjá ójöfnum samkeppnisskilyrðum sem myndu leiða til eftirlitshögnunar milli lánastofnana og verðbréfafyrirtækja á þessu sviði ættu kröfur um eiginfjárgrunn sem leiða af þeim reglum sem varða áhættuna einnig að gilda áfram um þessi verðbréfafyrirtæki. Áhættuskuldbindingar þessara verðbréfafyrirtækja vegna mótaðila þeirra í tilteknum viðskiptum og samsvarandi kröfur um eiginfjárgrunn falla einnig undir reglurnar og ættu því einnig að gilda áfram um verðbréfafyrirtæki á einfaldaðan hátt. Að lokum skipta reglurnar um stórar áhættuskuldbindingar í gildandi varfærnisramma einnig máli þegar áhættuskuldbindingar vegna viðskipta þessara verðbréfafyrirtækja gagnvart tilteknum mótaðilum eru sérstaklega stórar og skapa þannig óhóflega samþjöppun áhættu fyrir verðbréfafyrirtæki lendi mótaðilinn í vanskilum. Þessar reglur ættu því einnig að gilda áfram um verðbréfafyrirtæki á einfaldaðan hátt.

8) Munur á beitingu gildandi varfærnisramma í mismunandi aðildarríkjum ógnar jöfnum samkeppnisskilyrðum verðbréfafyrirtækja í Sambandinu. Þessi munur stafar af því hversu flókið það er að beita rammanum á mismunandi verðbréfafyrirtæki á grundvelli þjónustunnar sem þau veita, þegar sum landsbundin yfirvöld aðlaga eða hagræða beitingu hans í landslögum eða framkvæmd. Með tilliti til þess að gildandi varfærnisrammi tekur ekki á allri áhættu sem vissar gerðir verðbréfafyrirtækja standa frammi fyrir og valda, hefur í sumum aðildarríkjum kröfum um mikið viðbótarfjármagn verið beitt á tiltekin verðbréfafyrirtæki. Setja ætti samræmd ákvæði sem taka á þessari áhættu til að tryggja samhæft varfærniseftirlit með verðbréfafyrirtækjum alls staðar í Sambandinu.

9) Því er krafist sértæks varfærnisfyrirkomulags fyrir verðbréfafyrirtæki sem eru ekki kerfislega mikilvæg sökum stærðar sinnar og innbyrðis tengsla við aðra fjármála- og rekstraraðila. Kerfislega mikilvæg verðbréfafyrirtæki ættu þó áfram að falla undir gildandi varfærnisramma samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 575/2013 og tilskipun 2013/36/ESB. Þessi verðbréfafyrirtæki eru hluti þeirra verðbréfafyrirtækja sem ramminn sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 og tilskipun 2013/36/ESB gildir nú um og njóta ekki sérstakra undanþága frá neinum af helstu kröfum þeirra. Stærstu og mest innbyrðis tengdu verðbréfafyrirtækin hafa svipuð viðskiptalíkön og áhættusnið og þau sem mikilvægar lánastofnanir hafa. Þau veita þjónustu sem líkist bankaþjónustu og taka á sig verulega áhættu. Þar að auki eru kerfislega mikilvæg verðbréfafyrirtæki nógu stór og eru með viðskiptalíkön og áhættusnið sem ógnað geta stöðugleika og skipulegri starfsemi fjármálamarkaða með sambærilegum hætti og stórar lánastofnanir. Því þykir rétt að þessi verðbréfafyrirtæki haldi áfram að falla undir reglurnar sem settar eru í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 og tilskipun 2013/36/ESB.

10) Í hinu sértæka varfærnisfyrirkomulagi fyrir verðbréfafyrirtæki, sem ekki teljast kerfislega mikilvæg sökum stærðar sinnar og innbyrðis tengsla við aðra fjármála- og rekstraraðila, ætti að taka á sérstökum viðskiptaháttum mismunandi tegunda verðbréfafyrirtækja. Þau verðbréfafyrirtæki sem mestar líkur eru á að skapi áhættu fyrir viðskiptavini, markaði eða skipulega starfsemi verðbréfafyrirtækjanna sjálfra ættu einkum að falla undir skýrar og skilvirkar varfærniskröfur sem lagaðar eru að þessari sérstöku áhættu. Þessar varfærniskröfur ættu að vera stilltar á þann hátt að þær séu í samræmi við tegund verðbréfafyrirtækisins, hagsmuni viðskiptavina slíkra verðbréfafyrirtækja og eflingu snurðulausrar og skipulegrar starfsemi markaðanna þar sem slík verðbréfafyrirtæki starfa. Þær ættu að milda áhættu tilgreindra áhættusviða og stuðla að því að tryggja, verði verðbréfafyrirtæki gjaldþrota, að hægt sé að slíta því á skipulegan hátt með lágmarksröskun á stöðugleika fjármálamarkaða.

11) Fyrirkomulagið sem kveðið er á um í þessari reglugerð ætti ekki að hafa áhrif á skyldur tilnefndra viðskiptavaka á viðskiptavettvöngum samkvæmt tilskipun 2014/65/ESB um að gera verðtilboð og vera ætíð til staðar á markaði.

12) Varfærnisfyrirkomulag fyrir verðbréfafyrirtæki sem teljast ekki kerfislega mikilvæg sökum stærðar og innbyrðis tengsla við aðra fjármála- og rekstraraðila ætti að gilda um sérhvert verðbréfafyrirtæki á einingargrunni. Til að auðvelda beitingu varfærniskrafna fyrir verðbréfafyrirtæki í Sambandinu sem eru hluti bankasamstæðna og komast hjá röskun tiltekinna viðskiptalíkana þar sem áhættu er þegar mætt með beitingu varfærniskrafna ætti verðbréfafyrirtækjum þó að vera heimilt að beita kröfunum í reglugerð (ESB) 575/2013 og tilskipun 2013/36/ESB, eftir því sem við á, með fyrirvara um samþykki lögbærra yfirvalda og að því tilskildu að ákvörðun þeirra þar að lútandi miði ekki að eftirlitshögnun. Enn fremur, þar sem áhættan sem lítil og ótengd verðbréfafyrirtæki taka á sig er að mestu leyti takmörkuð ætti þeim að vera heimilt að nýta sér undanþágu frá sértæku varfærniskröfunum fyrir verðbréfafyrirtæki ef þau eru hluti af bankasamstæðu eða samstæðu verðbréfafyrirtækis sem hafa höfuðstöðvar og sæta samstæðueftirliti, samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 575/2013 og tilskipun 2013/36/ESB eða samkvæmt þessari reglugerð og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2034 ([7]), eftir því sem við á, í sama aðildarríki þar sem sá varfærnisrammi ætti með fullnægjandi hætti að ná yfir áhættuna í þeim tilvikum. Til að endurspegla núverandi meðferð á samstæðum verðbréfafyrirtækis samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 575/2013 og tilskipun 2013/36/ESB, að því er varðar samstæður sem samanstanda eingöngu af verðbréfafyrirtækjum, eða ef beiting krafna á samstæðugrunni samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 575/2013 á ekki við, ætti móðurfélaginu í slíkum samstæðum að vera skylt að uppfylla kröfur þessarar reglugerðar á grundvelli samstæðustöðu samstæðunnar. Að öðrum kosti, ef slíkar samstæður verðbréfafyrirtækis hafa einfaldara skipulag og áhættusnið geta lögbær yfirvöld, í staðinn fyrir að beita varfærniskröfum á samstæðugrunni, heimilað móðurfélaginu í samstæðunni að hafa nægilegt fjármagn til að standa undir bókfærðu virði eignarhluta hennar í dótturfélögunum. Ef lítil og ótengd verðbréfafyrirtæki eru hluti vátryggingasamstæðu ættu þau einnig hafa heimild til að notfæra sér undanþágu frá kröfum um upplýsingagjöf.

13) Til að gera verðbréfafyrirtækjum kleift að halda áfram að treysta á fyrirliggjandi eiginfjárgrunn sinn til að uppfylla kröfur sínar um eiginfjárgrunn samkvæmt sérstaka varfærnisrammanum fyrir verðbréfafyrirtæki ætti að aðlaga skilgreiningu og samsetningu eiginfjárgrunnsins að reglugerð (ESB) nr. 575/2013. Þetta felur í sér fullan frádrátt liða á efnahagsreikningi frá eiginfjárgrunni í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 575/2013, s.s. frestaðra skattinneigna og eignarhluta í fjármagnsgerningum annarra aðila á fjármálamarkaði. Verðbréfafyrirtæki ættu þó að geta undanskilið óverulega eignarhluti í fjármagnsgerningum í aðilum á fjármálamarkaði frá frádrætti ef þeim er haldið í viðskiptatilgangi til að styðja viðskiptavakt á þessa gerninga. Til að aðlaga samsetningu eiginfjárgrunns að reglugerð (ESB) nr. 575/2013 eru samsvarandi hlutföll tegunda eiginfjárgrunns látin endurspeglast í þessari reglugerð. Til að

([7]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2034 frá 27. nóvember 2019 um varfærniseftirlit með verðbréfafyrirtækjum og breytingu á tilskipunum 2002/87/EB, 2009/65/EB, 2011/61/ESB, 2013/36/ESB, 2014/59/ESB og 2014/65/ESB (Stjtíð. ESB L 314, 5.12.2019, bls. 64).

tryggja að kröfurnar séu í réttu hlutfalli við eðli, umfang og flækjustig í starfsemi verðbréfafyrirtækjanna og þau hafi greiðan aðgang að þeim í þessari reglugerð ætti framkvæmdastjórnin að endurskoða hvort viðeigandi sé að halda áfram að aðlaga skilgreiningu og samsetningu eiginfjárgrunnsins að reglugerð (ESB) nr. 575/2013.

14) Til að tryggja að verðbréfafyrirtæki starfi ætíð á grundvelli þess eiginfjárgrunnsstigs sem krafist er vegna starfsleyfis þeirra ættu öll verðbréfafyrirtæki, ávallt að uppfylla kröfu um varanlegt lágmarksfjármagn sem nemur stofnfénu sem krafist er vegna leyfis til að starfrækja viðkomandi fjárfestingarþjónustu og sett er í samræmi við tilskipun (ESB) 2019/2034.

15) Til að tryggja einfalda beitingu lágmarkskrafna um eiginfjárgrunn fyrir lítil og ótengd verðbréfafyrirtæki ætti eiginfjárgrunnur þeirra að nema því sem er hærra af kröfu þeirra um varanlegt lágmarksfjármagn eða fjórðungi af föstum kostnaði þeirra, mælt á grundvelli starfsemi þeirra á næstliðnu ári. Ekki ætti að koma í veg fyrir að lítil og ótengd verðbréfafyrirtæki sem kjósa að viðhafa meiri aðgát og forðast hengiflugsáhrif komi til endurflokkunar hafi eiginfjárgrunn sem er hærri, eða beiti ráðstöfunum sem eru strangari, en krafist er í þessari reglugerð.

16) Til að taka tillit til meiri áhættu verðbréfafyrirtækja sem ekki eru lítil og ótengd ætti lágmarkskrafan um eiginfjárgrunn fyrir slík fyrirtæki að nema þeirri sem er hæst af kröfu þeirra um varanlegt lágmarksfjármagn, fjórðungi fasts kostnaðar þeirra á næstliðnu ári eða samanlagðri kröfu þeirra samkvæmt safni áhættuþátta sem sniðið er að verðbréfafyrirtækjum („K-þættir“), sem ákvarðar fjármagn með hliðsjón af áhættu á tilteknum rekstrarsviðum verðbréfafyrirtækja.

17) Verðbréfafyrirtæki ættu að teljast lítil og ótengd að því er varðar hinar sértæku varfærniskröfur fyrir verðbréfafyrirtæki ef þau starfrækja ekki fjárfestingarþjónustu sem hefur í för með sér mikla áhættu fyrir viðskiptavini, markaði eða þau sjálf og þegar stærð þeirra gerir þau ólíklegri til að hafa víðtæk neikvæð áhrif á viðskiptavini og markaði, ef áhætta sem innbyggð er í starfsemi þeirra raungerist eða þau verða gjaldþrota. Að sama skapi ættu þau verðbréfafyrirtæki að skilgreinast sem lítil og ótengd sem eiga hvorki viðskipti fyrir eigin reikning né taka á sig áhættu af viðskiptum með fjármálagerninga, eru ekki með eignir eða peninga viðskiptavina í vörslu, eru með eignir undir 1,2 milljörðum evra bæði í stýringu eignasafns og ráðgefandi fyrirkomulagi, meðhöndla minna en 100 milljónir evra á dag í fyrirmælum viðskiptavina um reiðufjárviðskipti eða minna en 1 milljarð evra á dag í fyrirmælum um afleiður og eru með efnahagsreikning sem er undir 100 milljónum evra að meðtöldum liðum utan efnahagsreiknings og vergar heildartekjur af fjárfestingarþjónustu þeirra á ári eru lægri en 30 milljónir evra.

18) Til að koma í veg fyrir eftirlitshögnun og til að draga úr hvata hjá verðbréfafyrirtækjum til að endurskipuleggja starfsemi sína til að komast hjá því að fara yfir fyrrgreind viðmiðunarmörk fyrir að teljast lítil og ótengd verðbréfafyrirtæki ætti að beita viðmiðunarmörkunum fyrir eignir í stýringu, meðhöndluð fyrirmæli viðskiptavina, stærð efnahagsreiknings og vergar heildartekjur á ári á samanlögðum grunni fyrir öll verðbréfafyrirtæki sem tilheyra sömu samstæðu. Hin skilyrðin, þ.e. hvort verðbréfafyrirtæki sé með peninga viðskiptavina í vörslu, hafi umsjón með eða varðveiti eignir viðskiptavina eða eigi viðskipti með fjármálagerninga og taki á sig markaðs- eða mótaðilaáhættu, eru tvígild og veita ekkert svigrúm til slíkrar endurskipulagningar og því ætti að meta þau á einingargrunni. Til að taka tillit til viðskiptalíkana sem eru í þróun og þeirrar áhættu sem þeim fylgir á viðvarandi grundvelli ætti að meta þessi skilyrði og viðmiðunarmörk í lok dags, að undanskilinni vörslu peninga viðskiptavina sem ætti að meta innan dagsins, og stærð efnahagsreiknings og vergar heildartekjur á ári sem meta ætti á grundvelli stöðu verðbréfafyrirtækisins í lok næstliðins fjárhagsárs.

19) Verðbréfafyrirtæki sem fer yfir viðmiðunarmörkin eða uppfyllir ekki hin skilyrðin ætti ekki að teljast lítið og ótengt og ætti að falla undir kröfurnar sem gilda fyrir önnur verðbréfafyrirtæki, með fyrirvara um sértæku umbreytingarákvæðin sem sett eru fram í þessari reglugerð. Þetta ætti að hvetja verðbréfafyrirtæki til að skipuleggja starfsemi sína þannig að skýrt sé að þau teljist lítil og ótengd verðbréfafyrirtæki. Til að verðbréfafyrirtæki sem uppfyllir ekki kröfurnar fyrir að teljast lítið og ótengt geti fallið undir slíka meðferð ætti að kveða á um eftirlitstímabil þar sem verðbréfafyrirtækið skal uppfylla skilyrðin og vera undir viðkomandi viðmiðunarmörkum í a.m.k. sex mánuði samfellt.

20) Öll verðbréfafyrirtæki ættu að reikna út kröfu sína um eiginfjárgrunn með vísun til nokkurra K-þátta sem taka til áhættu viðskiptavinar (e. *Risk-To-Client*, *RtC*), áhættu markaðar (e. *Risk-to-Market, RtM*) og áhættu fyrirtækis (e. *Risk-to-Firm, RtF*). K-þættirnir undir áhættu viðskiptavinar ná yfir eignir viðskiptavina í stýringu og viðvarandi ráðgjöf („K-AUM“), varðveitt fé viðskiptavina („K-CMH“), eignir í varðveislu og umsjón („K-ASA“) og meðhöndluð fyrirmæli viðskiptavina („K-COH“).

21) K-þátturinn undir áhættu markaðar nær yfir hreina stöðuáhættu („K-NPR“) í samræmi við ákvæðin um markaðsáhættu í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 eða, ef lögbært yfirvald heimilar tilteknum tegundum verðbréfafyrirtækja sem eiga viðskipti fyrir eigin reikning í gegnum stöðustofnunaraðila, á grundvelli heildartryggingarfjár sem stöðustofnunaraðili verðbréfafyrirtækis krefst („K-CMG“). Verðbréfafyrirtæki ættu að geta beitt K-NPR og K-CMG samtímis á eignasafnsgrunni.

22) K-þættirnir undir áhættu fyrirtækis ná yfir áhættuskuldbindingar verðbréfafyrirtækisins vegna vanskila mótaðila þess í viðskiptum („K-TCD“) í samræmi við einfölduð ákvæði um greiðslufallsáhættu mótaðila á grundvelli reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, samþjöppunaráhættu stórra áhættuskuldbindinga verðbréfafyrirtækis vegna tiltekinna mótaðila á grundvelli ákvæða þeirrar reglugerðar sem gilda um stórar áhættuskuldbindingar í veltubók („K-CON“) og rekstraráhættu af daglegu viðskiptaflæði verðbréfafyrirtækis („K-DTF“).

23) Heildarkrafa um eiginfjárgrunn samkvæmt K-þáttunum er samanlögð krafa K-þáttanna undir áhættu viðskiptavinar, áhættu markaðar og áhættu fyrirtækis. K-AUM, K-ASA, K-CMH, K-COH og K-DTF tengjast umfangi þeirrar starfsemi sem hver K-þáttur vísar til. Umfang K-CMH, K-ASA og K-DTF er reiknað út á grundvelli hlaupandi meðaltals næstliðinna níu mánaða. Umfang K-COH er reiknað út á grundvelli hlaupandi meðaltals næstliðinna sex mánaða meðan K-AUM byggist á næstliðnum 15 mánuðum. Umfangið er margfaldað með samsvarandi stuðlum sem settir eru fram í þessari reglugerð til að ákvarða kröfu um eiginfjárgrunn. Kröfur um eiginfjárgrunn fyrir K-NPR (ESB) nr. 575/2013 en kröfur um eiginfjárgrunn fyrir K-CON og K-TCD byggjast á einfaldaðri beitingu samsvarandi krafna í þeirri reglugerð, annars vegar við meðhöndlunina á stórum áhættuskuldbindingum í veltubókinni og hins vegar á greiðslufallsáhættu mótaðila. Gildi K-þáttar er núll ef verðbréfafyrirtæki annast ekki viðkomandi starfsemi.

24) K-þættirnir undir áhættu viðskiptavinar eru nálgunargildi fyrir þau rekstrarsvið verðbréfafyrirtækja sem hugsanlegt er að geti valdið viðskiptavinum tjóni ef vandamál koma upp. K-AUM nær yfir hættuna á að viðskiptavinir verði fyrir tjóni vegna rangrar stýringar eignasafna viðskiptavinar eða slæmrar framkvæmdar og veitir öryggi og kemur viðskiptavinum til góða að því er varðar viðvarandi þjónustu við yfirstandandi stýringu eignasafns og fjárfestingarráðgjöf. K-ASA nær yfir áhættuna við verndun og umsjón eigna viðskiptavina og tryggir að verðbréfafyrirtæki ráði yfir fjármagn í hlutfalli við slíkar eignir, án tillits til hvort þær eru á efnahagsreikningi þess sjálfs eða á reikningum þriðju aðila. K-CMH í vörslu nær yfir hættuna á mögulegu tjóni ef verðbréfafyrirtæki er með fé viðskiptavina sinna í vörslu, að teknu tilliti til þess hvort þeir eru á efnahagsreikningi þess sjálfs eða reikningum þriðju aðila og hvort fyrirkomulag samkvæmt gildandi landslögum kveði á um að fé viðskiptavina njóti verndar komi til gjaldþrots, ógjaldfærni eða skila- eða ógjaldfærnimeðferðar verðbréfafyrirtækisins. Í K-CMH er fé viðskiptavinar sem lagt er inn á bankareikning (vörsluaðila) í nafni viðskiptavinarins sjálfs undanskilið, ef verðbréfafyrirtækið hefur aðgang að fé viðskiptavinar í gegnum umboð þriðja aðila. K-COH nær yfir mögulega áhættu viðskiptavina verðbréfafyrirtækis sem framkvæmir fyrirmæli (í nafni viðskiptavinarins en ekki í nafni verðbréfafyrirtækisins sjálfs), t.d. sem hluta af þjónustu við viðskiptavini sem eingöngu snýr að framkvæmd eða þegar verðbréfafyrirtæki er hluti af keðju fyrir fyrirmæli viðskiptavina.

25) K-þáttur vegna áhættu markaðar fyrir verðbréfafyrirtæki sem eiga viðskipti fyrir eigin reikning byggist á reglum um markaðsáhættu fyrir stöður í fjármálagerningum, erlendum gjaldmiðlum og hrávörum í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 575/2013. Þetta gerir verðbréfafyrirtækjum kleift að velja að beita staðalaðferðinni, óhefðbundnu staðalaðferðinni samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 575/2013 eða þeim kosti að nota eigin líkön, þegar tvær síðarnefndu aðferðirnar taka ekki aðeins gildi um lánastofnanir í skýrslugjafarskyni heldur einnig vegna krafna um eiginfjárgrunn. Þangað til, og a.m.k. næstu fimm ár eftir að þessi reglugerð kemur til framkvæmda, ættu verðbréfafyrirtæki að beita markaðsáhætturammanum (staðalaðferð eða, ef við á, eigin líkani) í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 við útreikning K-NPR. Ef ákvæðin í 1. kafla a og 1. kafla b IV. bálks þriðja hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, eins og henni var

breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/876 ([8]), koma ekki til framkvæmda hvað varðar lánastofnanir í tengslum við kröfur um eiginfjárgrunn ættu verðbréfafyrirtæki að halda áfram að beita kröfunum sem settar eru fram í IV. bálki þriðja hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 við útreikning K-NPR. Að öðrum kosti geta kröfur um eiginfjárgrunn verðbréfafyrirtækja sem eiga viðskipti með fjármálagerninga með stöður sem falla undir stöðustofnun, með fyrirvara um samþykki lögbæra yfirvaldsins og tiltekin skilyrði, verið jafnháar heildartryggingar-fjárhæðinni sem stöðustofnunaraðili þeirra krefst, margfaldaðri með föstum margfaldara. Notkun K-CMG ætti aðallega að grundvallast á þeirri viðskiptastarfsemi verðbréfafyrirtækis sem fellur að fullu eða verulegum hluta undir þessa aðferð. Lögbært yfirvald verðbréfafyrirtækisins getur þó einnig heimilað verðbréfafyrirtækinu að nota að hluta til sömu aðferð og notuð er við K-CMG, að því tilskildu að þessi aðferð sé notuð fyrir allar stöður sem falla undir stöðustofnun eða tryggingarþekju og einni af hinum þremur aðferðunum fyrir K-NPR sé beitt á eignasöfn sem falla ekki undir stöðustofnun. Til að tryggja að kröfurnar séu hóflegar með tilliti til eðlis, umfangs og flækjustigs í starfsemi verðbréfafyrirtækjanna og þau hafi greiðan aðgang að þeim í þessari reglugerð, ætti sérhver endurskoðun sem síðar fer fram varðandi beitingu aðferðanna við útreikning á K-þáttunum að taka fyrir hvort rétt sé að halda áfram að aðlaga útreikninginn á K-NPR við reglurnar um markaðsáhættu fyrir stöður veltubókar í fjármálagerningum, erlendum gjaldeyri og hrávörum í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 575/2013.

26) Að því er varðar verðbréfafyrirtæki sem eiga viðskipti fyrir eigin reikning byggjast K-þættirnir fyrir K-TCD og K-CON, undir áhættu fyrirtækis, á einfaldaðri beitingu reglnanna sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 um annars vegar greiðslufallsáhættu mótaðila og hins vegar áhættu af stórum áhættuskuldbindingum. K-TCD nær yfir áhættu verðbréfafyrirtækis af mótaðilum í OTC-afleiðum, endurhverfum viðskiptum, verðbréfa- og hrávörulánveitingum eða -lántökum, gnóttsamningum, viðbótarlánveitingum vegna kaupa/sölu verðbréfa eða annars konar fjármögnunar-viðskiptum með verðbréf, sem og af viðtakendum lána sem verðbréfafyrirtækið veitir á grundvelli viðbótarstarfsemi við fjárfestingarþjónustu, sem ekki ná að uppfylla skuldbindingar sínar, með því að margfalda virðið á áhættuskuld-bindingunum, byggðu á endurnýjunarkostnað og viðbót fyrir mögulegri framtíðaráhættuskuldbindingu, með áhættu-þáttum sem byggja á reglugerð (ESB) nr. 575/2013 og að teknu tillit til áhættuvarnaráhrifa virkrar skuldajöfnunar og skipta á tryggingu. Til að aðlaga enn frekar meðferðina á greiðslufallsáhættu mótaðila að reglugerð (ESB) nr. 575/2013 ætti einnig að bæta við föstum margfaldara sem nemur 1,2 og margfaldara fyrir leiðréttingu á útlánavirði (CVA) til að endurspegla gildandi markaðsvirði greiðslufallsáhættu mótaðila verðbréfafyrirtækisins í tilteknum viðskiptum. K-CON nær yfir samþjöppunaráhættu í tengslum við einstakling eða mjög samtengda mótaðila í einkageiranum, sem fyrirtæki eru með áhættuskuldbindingar gagnvart sem nema meira en 25% af eiginfjárgrunni þeirra, eða öðrum tilteknum viðmiðunarmörkum í tengslum við lánastofnanir eða önnur verðbréfafyrirtæki, með því að leggja á viðbótareigin-fjárkröfu í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 575/2013 vegna viðbótaráhættuskuldbindinga yfir þeim mörkum. Að síðustu nær K-DTF yfir rekstraráhættu verðbréfafyrirtækis af umfangsmiklum viðskiptum fyrir eigin reikning eða viðskiptavina í eigin nafni á einum degi, sem gæti leitt af innri ferlum, fólki eða kerfum sem eru ófullnægjandi eða sem hafa brugðist, eða af ytri atburðum, á grundvelli undirliggjandi verðmætis daglegra viðskipta, leiðréttu með tilliti til þess hve langur tími er til gjalddaga vaxtaafleiðna í því skyni að takmarka hækkun krafna um eiginfjárgrunn, einkum hvað varðar skammtímasamninga þar sem skynjuð rekstraráhætta er minni.

27) Öll verðbréfafyrirtæki ættu að vakta og stýra samþjöppunaráhættu sinni, einnig að því er varðar viðskiptavini sína. Þó ættu aðeins þau verðbréfafyrirtæki sem falla undir lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn samkvæmt K-þáttunum að tilkynna lögbærum yfirvöldum um samþjöppunaráhættu sína. Verðbréfafyrirtæki sem hafa sérhæft sig í hrávöruafleiðum eða losunarheimildum eða afleiðum af þeim sem eru með mikla samþjöppun áhættuskuldbindinga vegna ófjárhagslegra mótaðila ættu að geta farið yfir mörkin fyrir samþjöppunaráhættu án viðbótarfjármagns samkvæmt K-CON, svo framarlega sem það er vegna viðskipta, lausafjár eða áhættustýringar.

28) Öll verðbréfafyrirtæki ættu að hafa innri ferla til að vakta og stýra lausafjárkröfum sínum. Þessum ferlum er ætlað að hjálpa til við að tryggja að verðbréfafyrirtæki geti starfað á skipulegan hátt yfir lengri tíma, án þess að þurfa að setja sérstaklega til hliðar lausafé fyrir álagstíma. Í því skyni ættu öll verðbréfafyrirtæki að ávallt hafa að lágmarki einn þriðja krafna um fastan kostnað í lausafjáreignum. Lögbær yfirvöld ættu þó að hafa heimild til að undanskilja lítil og ótengd verðbréfafyrirtæki frá þeirri kröfu. Þessar lausafjáreignir ættu að vera af miklum gæðum og aðlagaðar að þeim sem skráðar eru í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/61 ([9]), ásamt frádraginu sem gildir um þessar

([8]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/876 frá 20. maí 2019 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar vogunarhlutfall, hlutfall stöðugrar nettófjármögnunar, kröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar, útlánaáhættu mótaðila, markaðsáhættu, áhættuskuldbindingar gagnvart miðlægum mótaðilum, áhættuskuldbindingar gagnvart sjóðum um sameiginlega fjárfestingu, stórar áhættuskuldbindingar, skýrslugjafarskyldu og birtingarkröfur og reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 150, 7.6.2019, bls. 1).

([9]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/61 frá 10. október 2014 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar lausafjárþekjukröfu fyrir lánastofnanir (Stjtíð ESB L 11, 17.1.2015, bls. 1).

eignir samkvæmt þeirri framseldu reglugerð. Til að taka tillit til mismunarins á lausafjársniði verðbréfafyrirtækja í samanburði við lánastofnanir ætti að bæta við listann yfir viðeigandi lausafjáreignir kvaðalausu eigin reiðufé og skammtímainnstæðum verðbréfafyrirtækisins (sem ekki ætti að ná yfir fé viðskiptavina eða fjármálagerninga sem tilheyra viðskiptavinum) og tilteknum fjármálagerningum sem hafa virkan markað. Ef lítil og ótengd verðbréfafyrirtæki eru ekki undanþegin lausafjárkröfum gætu þau, sem og verðbréfafyrirtæki sem ekki hafa starfsleyfi til að stunda viðskipta- eða sölutryggingarstarfsemi, enn fremur talið til lausafjáreigna liði sem tengjast viðskiptakröfum og þóknunum eða umboðslaunum til greiðslu innan 30 daga, að því tilskildu að þessir liðir fari ekki yfir einn þriðja af lágmarkslausafjárkröfunni, að þeir teljist ekki með í neinum viðbótarlausafjárkröfum sem lögbært yfirvald leggur á og að þeir falli undir 50% frádrag. Í undantekningartilvikum ætti verðbréfafyrirtækjum að vera heimilt að vera undir tilskildum viðmiðunarmörkum með því að koma lausafjáreignum sínum í verð til að uppfylla lausafjárkröfur, að því tilskildu að þau tilkynni lögbæru yfirvaldi sínu tafarlaust um það. Allar fjárhagslegar tryggingar sem viðskiptavinum eru veittar og geta valdið aukinni lausafjárþörf ef á þær reynir ættu að leiða til lækkunar á fjárhæð tiltækra lausafjáreigna um a.m.k. 1,6% af heildarvirði slíkra trygginga. Til að tryggja að kröfurnar séu hóflegar með tilliti til eðlis, umfangs og flækjustigs í starfsemi verðbréfafyrirtækjanna og þau hafi greiðan aðgang að þeim innan gildissviðs þessarar reglugerðar ætti endurskoðun síðar að fara fram varðandi hvort þær lausafjáreignir sem teljast hæfar til að uppfylla lágmarkslausafjárkröfuna séu viðeigandi, þ.m.t. um áframhaldandi aðlögun að þeim sem skráðar eru í framseldri reglugerð (ESB) 2015/61, ásamt frádraginu sem gildir um þessar eignir samkvæmt þeirri framseldu reglugerð.

29) Þróa ætti hóflegan samsvarandi ramma um lögboðna skýrslugjöf í tengslum við nýju varfærnisreglurnar og sníða hann vandlega að starfsemi verðbréfafyrirtækja og kröfum varfærnisrammans. Skýrslugjafarkröfur fyrir verðbréfafyrirtæki ættu að taka til magns og samsetningar eiginfjárgrunns, krafna þeirra um eiginfjárgrunn, grundvallarins fyrir útreikningnum á kröfum þeirra um eiginfjárgrunn, lýsingar á starfsemi þeirra og umfangi í tengslum við breyturnar til að meta hvort verðbréfafyrirtæki séu lítil og ótengd, lausafjárkrafna þeirra og fylgni við ákvæðin um samþjöppunaráhættu. Lítil og ótengd verðbréfafyrirtæki ættu að vera undanþegin því að þurfa að tilkynna um samþjöppunaráhættu og ættu eingöngu að vera krafin um að tilkynna um lausafjárkröfur þegar slíkar kröfur gilda um þau. Evrópska eftirlitsstofnunin (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin) sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ([10]) ætti að semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að tilgreina frekar nákvæm sniðmát og fyrirkomulag slíkrar lögboðinnar skýrslugjafar og tilgreina sniðmátin fyrir upplýsingagjöf um eiginfjárgrunn. Þessir staðlar ættu að vera í réttu hlutfalli við umfang og flækjustig mismunandi verðbréfafyrirtækja og ættu einkum að taka tillit til þess hvort verðbréfafyrirtæki teljast lítil og ótengd.

30) Í þágu gagnsæis fyrir fjárfesta þeirra og hinn víðari markað ættu verðbréfafyrirtæki sem ekki teljast lítil og ótengd að birta opinberlega stig eiginfjárgrunns síns, kröfur um eiginfjárgrunn, fyrirkomulag stjórnarhátta og starfskjarastefnur og -venjur. Lítil og ótengd verðbréfafyrirtæki ættu ekki að falla undir kröfur um opinbera birtingu nema ef þau gefa út viðbótareiginfjárgerninga þáttar 1 í þágu gagnsæis fyrir fjárfesta í þeim gerningum.

31) Verðbréfafyrirtæki ættu að beita kynhlutlausri starfskjarastefnu í samræmi við meginregluna sem mælt er fyrir um í 157. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Útlista ætti nánar birtingu upplýsinga um starfskjör. Birtingarkröfurnar í tengslum við starfskjör sem settar eru fram í þessari reglugerð ættu að samrýmast markmiðum starfskjarareglnanna, þ.e.a.s. að koma á og viðhalda, að því er varðar þá flokka starfsfólks sem við störf sín hafa veruleg áhrif á áhættusnið verðbréfafyrirtækja, starfskjarastefnu og -venjum sem eru í samræmi við skilvirka áhættustýringu. Enn fremur ætti verðbréfafyrirtækjum sem njóta undanþágu frá tilteknum starfskjarareglum að vera skylt að birta upplýsingar um slíka undanþágu.

([10]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

32) Til að auðvelda verðbréfafyrirtækjum snurðulaus umskipti frá kröfunum í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 og tilskipun 2013/36/ESB yfir í kröfurnar samkvæmt þessari reglugerð og tilskipun (ESB) 2019/2034 þykir rétt að kveða á um viðeigandi umbreytingarráðstafanir. Í fimm ár eftir að þessi reglugerð kemur til framkvæmda ættu verðbréfafyrirtæki sem samkvæmt þessari reglugerð myndu sæta meira en tvöfalt hærri kröfum um eiginfjárgrunn en samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 575/2013 og tilskipun 2013/36/ESB að geta mildað áhrif mögulegra hækkana með því að takmarka kröfurnar um eiginfjárgrunn við tvöfaldar viðkomandi eiginfjárgrunnskröfur þeirra samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 575/2013 og tilskipun 2013/36/ESB.

33) Til að skapa ekki ójafnastöðu á kostnað nýrra verðbréfafyrirtækja sem svipar til fyrirliggjandi verðbréfafyrirtækja erfitt fyrir ættu verðbréfafyrirtæki sem aldrei hafa fallið undir kröfur um eiginfjárgrunn samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 575/2013 og tilskipun 2013/36/ESB að geta takmarkað eiginfjárgrunnskröfur sínar samkvæmt þessari reglugerð við tvöfaldar kröfur þeirra um fastan kostnað yfir fimm ára tímabil frá þeim degi sem þessi reglugerð kemur til framkvæmda.

34) Að sama skapi ættu verðbréfafyrirtæki sem eingöngu féllu undir kröfu um stofnfé samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 575/2013 og tilskipun 2013/36/ESB og sem myndu sæta meira en tvöfalt hærri kröfum um eiginfjárgrunn samkvæmt þessari reglugerð en þau myndu gera samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 575/2013 og tilskipun 2013/36/ESB að geta takmarkað kröfur sínar um eiginfjárgrunn samkvæmt þessari reglugerð við tvöfalda kröfu um stofnfé samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 575/2013 og tilskipun 2013/36/ESB yfir fimm ára tímabil frá þeim degi sem þessi reglugerð kemur til framkvæmda, að undanskildum staðbundnum fyrirtækjum sem um getur í b-lið 2. liðs 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, eins og henni var breytt með reglugerð (ESB) 2019/876, sem ættu að falla undir sértækar umbreytingarkröfur um eiginfjárgrunn til að endurspegla meiri áhættu þeirra. Til að gæta meðalhófs ætti einnig að kveða á um sértækar umbreytingarkröfur um eiginfjárgrunn fyrir minni verðbréfafyrirtæki og þau sem bjóða takmarkað svið fjárfestingarþjónustu þar sem þau myndu ekki njóta góðs af takmörkun eiginfjárgrunnskrafna samkvæmt þessari reglugerð við tvöfalda kröfu um stofnfé samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 575/2013, eins og henni var breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/630 ([11]), og tilskipun 2013/36/ESB, eins og henni var breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/878 ([12]), heldur myndi bindandi krafa um eiginfjárgrunn samkvæmt þessari reglugerð hækka í samanburði við stöðu þeirra samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 575/2013, eins og henni var breytt með reglugerð (ESB) 2019/630.

35) Þessar umbreytingarráðstafanir ættu, eftir atvikum, einnig að vera tiltækar verðbréfafyrirtækjum sem um getur í 498. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, þar sem þau verðbréfafyrirtæki eru undanskilin kröfum um eiginfjárgrunn samkvæmt þeirri reglugerð, með því að kröfurnar um stofnfé að því er varðar þessi verðbréfafyrirtæki fara eftir þeirri fjárfestingarþjónustu eða -starfsemi sem þau stunda. Í fimm ára tímabil frá deginum þegar þessi reglugerð kemur til framkvæmda ætti að reikna út kröfur þeirra um eiginfjárgrunn samkvæmt umbreytingarákvæðum þessarar reglugerðar með hliðsjón af þessum gildandi stigum.

36) Yfir fimm ára tímabil frá þeim degi sem þessi reglugerð kemur til framkvæmda eða fram að þeim degi sem samþykktar breytingarnar á reglugerð (ESB) nr. 575/2013 og tilskipun 2013/36/ESB koma til framkvæmda að því er varðar kröfur um eiginfjárgrunn vegna markaðsáhættu skv. 1. kafla a og 1. kafla b IV. bálks þriðja hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, eins og henni var breytt með reglugerð (ESB) 2019/876, hvort sem er síðar, ættu verðbréfafyrirtæki sem falla undir samsvarandi ákvæði þessarar reglugerðar að reikna áfram út kröfu sínar um eiginfjárgrunn fyrir veltubókina í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 575/2013, eins og henni var breytt með reglugerð (ESB) 2019/630.

37) Stærstu verðbréfafyrirtækin sem veita mikilvæga heildsölumarkaðs- og fjárfestingarbankaþjónustu (eiga viðskipti fyrir eigin reikning með fjármálagerninga eða sölutryggja fjármálagerninga eða markaðssetja fjármálagerninga á grundvelli fastrar skuldbindingar) eru með viðskiptalíkan og áhættusnið sem eru svipuð mikilvægum lánastofnunum. Starfsemi þeirra skapar greiðslufallsáhættu fyrir þau, aðallega í formi greiðslufallsáhættu mótaðila, sem og markaðsáhættu vegna staðna sem þau taka fyrir eigin reikning, hvort sem tengjast viðskiptavinum eða ekki. Sem slík valda þau áhættu fyrir fjármálastöðugleika í ljósi stærðar og kerfislegs mikilvægis.

([11]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/630 frá 17. apríl 2019 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar lágmarkstryggingavernd fyrir tapi vegna vanefndra áhættuskuldbindinga (Stjtíð. ESB L 111, 25.4.2019, bls. 4).

([12]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/878 frá 20. maí 2019 um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB að því er varðar aðila sem njóta undanþágu, eignarhaldsfélög á fjármálasviði, blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi, starfskjör, eftirlitsráðstafanir og -heimildir og ráðstafanir til að varðveita eigið fé (Stjtíð. ESB L 150, 7.6.2019, bls. 253).

38) Þessi stóru verðbréfafyrirtæki hafa í för með sér enn aðra áskorun að því er varðar skilvirkt varfærniseftirlit lögbærra landsyfirvalda. Þó stærstu verðbréfafyrirtækin veiti fjárfestingarbankaþjónustu yfir landamæri í verulegum mæli falla þau sem verðbréfafyrirtæki undir varfærniseftirlit af hálfu yfirvalda sem tilnefnd eru samkvæmt tilskipun 2014/65/ESB, sem eru ekki endilega sömu lögbæru yfirvöldin og tilnefnd eru samkvæmt tilskipun 2013/36/ESB. Þetta getur valdið ójöfnum samkeppnisskilyrðum við beitingu á reglugerð (ESB) nr. 575/2013 og tilskipun 2013/36/ESB innan Sambandsins og kemur í veg fyrir að eftirlitsyfirvald fái heildaryfirsýn, sem er nauðsynleg til að taka á skilvirkan hátt á áhættu sem tengist stórum verbréfafyrirtækjum sem starfa yfir landamæri. Af þessum sökum getur dregið úr skilvirkni varfærniseftirlits og samkeppni innan Sambandsins skekkst. Stærstu verðbréfafyrirtækin ættu því að fá stöðu lánastofnana til að skapa samlegðaráhrif að því er varðar eftirlit með starfsemi heildsölumarkaða yfir landamæri innan hóps sambærilegra aðila, stuðla að jöfnum samkeppnisskilyrðum og gera kleift að hafa samræmt eftirlit milli samstæðna.

39) Þar sem þessi verðbréfafyrirtæki koma til með að teljast til lánastofnana ættu þau áfram að falla undir reglugerð (ESB) nr. 575/2013 og tilskipun 2013/36/ESB og eftirlit lögbærra yfirvalda sem bera ábyrgð á lánastofnunum, þ.m.t. Seðlabanka Evrópu innan ramma samræmdu eftirlitsráðstöfunarinnar (e. *Single Supervisory Mechanism*). Þetta mun tryggja að varfærniseftirlit með lánastofnunum sé framkvæmt á samræmdan og skilvirkan hátt og að sameiginlegum reglum um fjármálaþjónustu sé beitt á sama hátt á allar lánastofnanir í ljósi kerfislegs mikilvægis þeirra. Til að koma í veg fyrir eftirlitshögnun og draga úr hættu á sniðgöngu ættu lögbær yfirvöld að reyna að forðast aðstæður þar sem samstæður sem mögulega eru kerfislega mikilvægar skipuleggi starfsemi sína þannig að þær fari ekki yfir viðmiðunarmörkin sem sett eru í b-lið 1. liðs 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og fari á svig við þá skyldu að sækja um starfsleyfi sem lánastofnanir skv. 8. gr. a í tilskipun 2013/36/ESB.

40) Stórum verðbréfafyrirtækjum sem breytt er í lánastofnanir ætti ekki að vera heimilt að taka við innstæðum eða öðrum endurgreiðanlegum fjármunum af almenningi og veita lán fyrir eigin reikning nema þau hafi fengið starfsleyfi fyrir slíkri starfsemi í samræmi við tilskipun 2013/36/ESB. Að öll slík starfsemi sé stunduð, þ.m.t. að taka við innstæðum eða öðrum endurgreiðanlegum fjármunum af almenningi og veita lán fyrir eigin reikning, ætti ekki að vera nauðsynlegt skilyrði fyrir fyrirtæki til að teljast vera lánastofnun. Breytingin á skilgreiningunni á lánastofnun sem kynnt er í þessari reglugerð ætti því ekki að hafa áhrif á landsbundið fyrirkomulag leyfisveitinga sem tekið var upp í aðildarríkjum í samræmi við tilskipanir 2013/36/ESB og (ESB) 2019/2034, þ.m.t. ákvæðin sem aðildarríki gætu talið viðeigandi í þeim tilgangi að gefa nánari skýringu á þeirri starfsemi sem stór verðbréfafyrirtæki sem falla undir hina breyttu skilgreiningu lánastofnana hafa heimild til að taka upp.

41) Auk þess miðar eftirlit með lánastofnunum á samstæðugrunni m.a. að því að tryggja stöðugleika fjármálakerfisins og ætti, til að vera skilvirkt, að gilda um allar samstæður, þ.m.t. þær þar sem móðurfélögin eru hvorki lánastofnanir né verðbréfafyrirtæki. Allar lánastofnanir, einnig þær sem áður höfðu stöðu verðbréfafyrirtækis, ættu því að falla undir reglurnar um eftirlit lögbærra yfirvalda með móðurfélaginu á einingar- og samstæðugrunni í samræmi við I. þátt 3. kafla VII. bálks tilskipunar 2013/36/ESB.

42) Enn fremur er mögulegt að stór verðbréfafyrirtæki sem ekki eru kerfislega mikilvæg en sem eiga viðskipti fyrir eigin reikning, sölutryggja fjármálagerninga eða markaðssetja fjármálagerninga á grundvelli fastrar skuldbindingar hafi viðskiptalíkan og áhættusnið sem séu svipuð öðrum kerfislega mikilvægum stofnunum. Í ljósi stærðar og starfsemi þeirra er mögulegt að slík verðbréfafyrirtæki valdi einhverri áhættu fyrir fjármálastöðugleika og ættu, þótt ekki teljist rétt að breyta þeim í lánastofnanir í ljósi eðlis þeirra og flækjustigs, áfram að falla undir sömu varfærnismeðferð og lánastofnanir. Til að koma í veg fyrir eftirlitshögnun og draga úr hættu á sniðgöngu ættu lögbær yfirvöld að reyna að forðast aðstæður þar sem verðbréfafyrirtæki skipuleggja starfsemi sína þannig að hún fari ekki yfir 15 milljarða evra viðmiðunarmarkið í tengslum við heildarvirði eigna á eininga- eða samstæðugrunni eða takmarki með óréttmætum hætti vald lögbærra yfirvalda til að fella verðbréfafyrirtæki undir kröfurnar í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 og til að lúta eftirliti um hlítingu við varfærniskröfurnar sem mælt er fyrir um í tilskipun 2013/36/ESB, í samræmi við 5. gr. tilskipunar (ESB) 2019/2034.

43) Með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 ([13]) var tekið upp samræmt fyrirkomulag í Sambandinu fyrir veitingu á aðgangi til fyrirtækja þriðju landa sem veita viðurkenndum gagnaðilum og fagfjárfestum með staðfestu í Sambandinu fjárfestingarþjónustu eða sem stunda fjárfestingarstarfsemi. Skilyrði fyrir aðgangi að innri markaðnum er að framkvæmdastjórnin samþykki ákvörðun um jafngildi og að Evrópska eftirlitsstofnunin (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin) sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ([14]) skrái fyrirtæki þriðja landsins. Mikilvægt er að mat á jafngildi sé gert á grundvelli viðeigandi gildandi laga Sambandsins og að fyrir hendi verði skilvirk tól til að hafa eftirlit með því að skilyrðin sem jafngildið byggist á séu uppfyllt. Af þessum sökum ætti skráðum fyrirtækjum þriðju landa að vera skylt að tilkynna Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni árlega um upplýsingar sem varða stærð og umfang veittrar þjónustu og um starfsemi sem stunduð er í Sambandinu. Einnig ætti að bæta eftirlitssamstarf í tengslum við eftirlit, framfylgd og uppfyllingu jafngildisskilyrðanna.

44) Í því augnamiði að tryggja jöfn samkeppnisskilyrði og stuðla að gagnsæi á markaði Sambandsins ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 600/2014 til að fella verðtilboð, betri verð og fullnustuverð innmiðlara undir kerfi verðskrefa í viðskiptum af öllum stærðum. Af þessum sökum ættu núgildandi tæknilegir eftirlitsstaðlar sem eiga við um kerfi verðskrefa einnig að gilda um rýmkað gildissvið reglugerðar (EBE) nr. 600/2014.

45) Til að tryggja fjárfestavernd sem og heilleika og stöðugleika fjármálamarkaða í Sambandinu ætti framkvæmdastjórnin, þegar samþykkt er ákvörðun um jafngildi, að taka tillit til mögulegrar áhættu sem leiðir af þjónustunni og starfseminni sem fyrirtækin frá því þriðja landi gætu stundað í Sambandinu í kjölfar þeirrar ákvörðunar. Taka ætti tillit til kerfislegs mikilvægis á grundvelli viðmiða, s.s. líklegrar stærðar og umfangs þjónustuveitingar og starfsemi fyrirtækja frá hlutaðeigandi þriðja landi. Í sama tilgangi ætti framkvæmdastjórnin að geta tekið tillit til þess hvort það þriðja land er tilgreint sem ósamvinnuþýð lögsaga í skattalegu tilliti samkvæmt viðkomandi stefnu Sambandsins eða sem áhættusamt þriðja land skv. 2. mgr. 9. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 ([15]). Framkvæmdastjórnin ætti aðeins að telja sértækar varfærniskröfur, skipulagskröfur eða kröfur um viðskiptahætti jafngildar ef þær ná fram sömu áhrifum. Enn fremur ætti framkvæmdastjórnin að geta, eftir því sem við á, samþykkt ákvarðanir um jafngildi sem takmarkast við tiltekna þjónustu og starfsemi eða flokka þjónustu og starfsemi sem taldir eru upp í þáttar A I. viðauka við tilskipun 2014/65/EB.

46) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur, í samstarfi við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina, gefið út skýrslu á grundvelli ítarlegrar bakgrunnsgreiningar, gagnaöflunar og samráðs um sérsniðið varfærnisfyrirkomulag fyrir öll verðbréfafyrirtæki sem ekki eru kerfislega mikilvæg, er þjónar sem grundvöllur fyrir endurskoðuðum varfærnisramma fyrir verðbréfafyrirtæki.

47) Til að tryggja samræmda beitingu þessarar reglugerðar ætti Evrópska bankaeftirlitsstofnunin að semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að tilgreina umfang og aðferðir við beitingu varfærniskrafna á samstæðugrunni fyrir samstæður verðbréfafyrirtækis, útreikninginn á föstum kostnaði, mælingar á K-þáttum, skilgreiningu á hugtakinu aðgreindir reikningar að því er varðar peninga viðskiptavina, aðlögun reiknistuðlanna fyrir K-DTF við erfiðar markaðsaðstæður, útreikninginn fyrir að ákvarða kröfur um eiginfjárgrunn sem samsvara heildartryggingafjárkröfunni sem stöðustofnunaraðilar krefjast, sniðmátin fyrir opinbera birtingu þ.m.t. að því er varðar fjárfestingarstefnu verðbréfafyrirtækja og lögboðna skýrslugjöf sem krafist er samkvæmt þessari reglugerð og upplýsingarnar sem veita skal lögbærum yfirvöldum er varða viðmiðunarmörkin fyrir því að starfsleyfis sem lánastofnun sé krafist. Framkvæmdastjórnin ætti að hafa vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana, sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin útfærir, með framseldum gerðum skv. 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010. Framkvæmdastjórnin og Evrópska bankaeftirlitsstofnunin ættu að tryggja að öll hlutaðeigandi verðbréfafyrirtæki geti beitt þessum tæknilegu eftirlitsstöðlum með hætti sem er í réttu hlutfalli við eðli, umfang og flækjustig þessara verðbréfafyrirtækja og í starfsemi þeirra.

([13]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á reglugerð ráðsins (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 84).

([14]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

([15]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 frá 20. maí 2015 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvættis eða til fjármögnunar hryðjuverkastarfsemi, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins ESB nr. 648/2012, og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/70/EB (Stjtíð. ESB L 141, 5.6.2015, bls. 73).

48) Framkvæmdastjórnin ætti einnig að hafa vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana, sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin og Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin útfæra, með framkvæmdargerðum skv. 291. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 og 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

49) Til að tryggja samræmda beitingu þessarar reglugerðar og til að taka til tillit til þróunar á fjármálamörkuðum ætti að fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins til að bæta við þessa reglugerð með nánari útskýringu á skilgreiningunum í þessari reglugerð. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga, og að þetta samráð fari fram í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningi milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016 ([16]). Einkum, í því skyni að tryggja jafna þátttöku við undirbúning framseldra gerða, fá Evrópuþingið og ráðið öll skjöl á sama tíma og sérfræðingar aðildarríkjanna og hafa sérfræðingar þeirra kerfisbundinn aðgang að fundum sérfræðingahópa framkvæmdastjórnarinnar sem vinna að undirbúningi framseldra gerða.

50) Til að tryggja réttaröryggi og komast hjá skörun milli núverandi varfærnisramma, sem gildir bæði um lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki, og þessarar reglugerðar, ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 575/2013 og tilskipun 2013/36/ESB til að færa verðbréfafyrirtæki undan gildissviði þeirra. Verðbréfafyrirtæki sem eru hluti af bankasamstæðu ættu þó áfram að falla undir þau ákvæði í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 og tilskipun 2013/36/ESB sem eiga við um bankasamstæðuna, s.s. ákvæðin um milligöngumóðurfélag í Sambandinu sem um getur í 21. gr. b í tilskipun 2013/36/ESB og um reglurnar um beitingu varfærniskrafna á samstæðugrunni í 2. kafla II. bálks fyrsta hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

51) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar reglugerðar, þ.e. að koma á skilvirkum og hóflegum varfærnisramma til að tryggja að verðbréfafyrirtæki sem hafa leyfi til að starfa innan Sambandsins séu á traustum fjárhagslegum grunni og sé stjórnað á skipulegan hátt, þ.m.t., þar sem við á, með hagsmuni viðskiptavina þeirra í huga, og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins, vegna umfangs og áhrifa þeirra, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessu markmiði.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

FYRSTI HLUTI

ALMENN ÁKVÆÐI

I. BÁLKUR

EFNI, GILDISSVIÐ OG SKILGREININGAR

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Í þessari reglugerð er mælt fyrir um samræmdar varfærniskröfur sem gilda um verðbréfafyrirtæki sem hafa starfsleyfi og lúta eftirliti samkvæmt tilskipun 2014/65/ESB og lúta eftirliti um hlítingu við varfærniskröfur samkvæmt tilskipun 2019/2034 í tengslum við eftirfarandi:

a) kröfur um eiginfjárgrunn að því er varðar mælanlega, samræmda og staðlaða áhættuþætti fyrirtækis, viðskiptavinar og markaðar,

b) kröfur til að takmarka samþjöppunaráhættu,

c) lausafjárkröfur að því er varðar mælanlega, samræmda og staðlaða þætti lausafjáráhættu,

([16]) Stjtíð. ESB L 123, 12.5.2016, bls. 1.

d) skýrslugjafarkröfur í tengslum við a-, b- og c-lið,

e) kröfur um opinbera birtingu.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. skal verðbréfafyrirtæki sem hefur starfsleyfi og lýtur eftirliti samkvæmt tilskipun 2014/65/ESB og stundar einhverja þá starfsemi sem um getur í 3. og 6. lið þáttar A I. viðauka við tilskipun 2014/65/ESB, beita kröfunum í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 ef fyrirtækið er ekki miðlari hrávöru og losunarheimilda, sjóður um sameiginlega fjárfestingu eða vátryggingafélag, og einhver af eftirtöldum skilyrðum eiga við:

a) heildarvirði samstæðueigna verðbréfafyrirtækisins nemur 15 milljörðum evra eða meira, reiknað út sem meðaltal næstliðinna 12 mánaða að undanskildu virði einstakra eigna dótturfélaga með staðfestu utan Sambandsins sem stunda einhverja þá starfsemi sem um getur í þessari undirgrein,

b) heildarvirði samstæðueigna verðbréfafyrirtækisins er lægra en 15 milljarðar evra og verðbréfafyrirtækið er hluti samstæðu þar sem heildarvirði samstæðueigna allra fyrirtækja í samstæðunni, sem hvert um sig á heildareignir að andvirði undir 15 milljarða evra og stundar einhverja þá starfsemi sem um getur í 3. og 6. lið þáttar A I. viðauka við tilskipun 2014/65/ESB, nemur 15 milljörðum evra eða meira, í öllum tilvikum reiknað sem meðaltal næstliðinna 12 mánaða, að undanskildu virði einstakra eigna dótturfélaga með staðfestu utan Sambandsins sem stunda aðra hvora þá starfsemi sem um getur í þessari undirgrein, eða

c) verðbréfafyrirtækið fellur undir ákvörðun lögbærs yfirvalds í samræmi við 5. gr. tilskipunar (ESB) 2019/2034.

Verðbréfafyrirtæki sem um getur í þessari málsgrein skulu lúta eftirliti um hlítingu við varfærniskröfur skv. VII. og VIII. bálki tilskipunar 2013/36/ESB, þ.m.t. í því skyni að ákvarða eftirlitsaðila á samstæðugrunni ef slík verðbréfafyrirtæki tilheyra samstæðu verðbréfafyrirtækis eins og hún er skilgreind í 25. lið 1. mgr. 4. gr. þessarar reglugerðar.

3. Undanþágan sem kveðið er á um í 2. mgr. gildir ekki ef verðbréfafyrirtæki uppfyllir ekki lengur einhver þau viðmiðunarmörk sem sett eru fram í þeirri málsgrein, reiknað út yfir 12 samfellda mánuði, eða ef lögbært yfirvald ákveður svo í samræmi við 5. gr. tilskipunar (ESB) 2019/2034. Verðbréfafyrirtækið skal upplýsa lögbært yfirvald án ótilhlýðilegrar tafar um hvers konar brot á viðmiðunarmörkunum á því tímabili.

4. Verðbréfafyrirtæki sem uppfylla skilyrðin sem sett eru fram í 2. gr. skulu áfram falla undir kröfurnar í 55. og 59. gr.

5. Þrátt fyrir 1. mgr. geta lögbær yfirvöld heimilað verðbréfafyrirtæki sem hefur starfsleyfi og lýtur eftirliti samkvæmt tilskipun 2014/65/ESB og stundar einhverja þá starfsemi sem um getur í 3. og 6. lið þáttar A I. viðauka við tilskipun 2014/65/ESB, að beita kröfunum í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) verðbréfafyrirtækið er dótturfélag og er tekið með í eftirlitið á samstæðugrunni með lánastofnun, eignarhaldsfélagi á fjármálasviði eða blönduðu eignarhaldsfélagi í fjármálastarfsemi í samræmi við ákvæði 2. kafla II. bálks fyrsta hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

b) verðbréfafyrirtækið tilkynnir til lögbæra yfirvaldsins samkvæmt þessari reglugerð og eftirlitsaðilans á samstæðugrunni, ef við á,

c) lögbært yfirvald hefur gengið úr skugga um að beiting krafnanna um eiginfjárgrunn samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 575/2013 á einingargrunni á verðbréfafyrirtækið og á samstæðugrunni á samstæðuna, eftir því sem við á, sé varfærnislega traust, leiði ekki til lækkunar á kröfum verðbréfafyrirtækisins um eiginfjárgrunn samkvæmt þessari reglugerð og sé ekki í eftirlitshögnunarskyni.

Lögbær yfirvöld skulu upplýsa verðbréfafyrirtækið um þá ákvörðun að heimila beitingu reglugerðar (EB) nr. 575/2013 og tilskipunar 2013/36/ESB í samræmi við fyrstu undirgrein, innan tveggja mánaða frá móttöku tilkynningar sem um getur í b-lið fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar, og skulu upplýsa Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina um það. Ef lögbært yfirvald neitar að heimila beitingu reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og tilskipunar 2013/36/ESB skal það gera fulla grein fyrir ástæðum þess.

Verðbréfafyrirtæki sem um getur í þessari málsgrein skulu lúta eftirliti um hlítingu við varfærniskröfur skv. VII. og VIII. bálki tilskipunar 2013/36/ESB, þ.m.t. í því skyni að ákvarða eftirlitsaðila á samstæðugrunni ef slík verðbréfafyrirtæki tilheyra samstæðu verðbréfafyrirtækis eins og hún er skilgreind í 25. lið 1. mgr. 4. gr. þessarar reglugerðar.

Að því er þessa málsgrein varðar gilda ákvæði 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 ekki.

2. gr.

Eftirlitsheimildir

Í því skyni að tryggja hlítingu við þessa reglugerð skulu lögbær yfirvöld hafa þær heimildir og fylgja þeim málsmeðferðarreglum sem settar eru fram í tilskipun (ESB) 2019/2034.

3. gr.

Beiting strangari krafna af hálfu verðbréfafyrirtækja

Þessi reglugerð kemur ekki í veg fyrir að verðbréfafyrirtæki hafi hærri fjárhæð eiginfjárgrunns og þátta hans eða meiri lausafjáreignir eða að þau grípi til strangari ráðstafana en krafist er samkvæmt þessari reglugerð.

4. gr.

Skilgreiningar

1. Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „fyrirtæki í viðbótarstarfsemi“: fyrirtæki sem hefur að meginstarfsemi að eiga eða hafa umsjón með fasteignum, sjá um gagnavinnsluþjónustu eða aðra svipaða starfsemi sem er til viðbótar við meginstarfsemi eins eða fleiri verðbréfafyrirtækja,

2) „eignastýringarfélag“: eignastýringarfélag eins og það er skilgreint í 19. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

3) „stöðustofnunaraðili“: félag með staðfestu í aðildarríki sem fellur undir skilgreininguna í 14. lið 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 ([17]),

4) „viðskiptavinur“: viðskiptavinur eins og hann er skilgreindur í 9. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB nema að því er varðar fjórða hluta þessarar reglugerðar þar sem „viðskiptavinur“ merkir sérhvern mótaðila verðbréfafyrirtækis,

5) „miðlari hrávöru og losunarheimilda“: miðlari hrávöru og losunarheimilda eins og hann er skilgreindur í 150. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

6) „hrávöruafleiður“: hrávöruafleiður eins og skilgreindar eru í 30. lið 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014,

7) „lögbært yfirvald“: lögbært yfirvald eins og það er skilgreint í 5. lið 1. mgr. 3. gr. tilskipunar (ESB) 2019/2034,

8) „lánastofnun“: lánastofnun eins og hún er skilgreind í 1. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

9) „viðskipti fyrir eigin reikning“: viðskipti fyrir eigin reikning eins og þau eru skilgreind í 6. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,

10) „afleiður“: afleiður eins og þær eru skilgreindar í 29. lið 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014,

11) „samstæðustaða“: staða sem leiðir af beitingu krafnanna í þessari reglugerð í samræmi við 7. gr. á móðurverðbréfafyrirtæki í Sambandinu, móðureignarhaldsfélag á verðbréfasviði í Sambandinu eða blandað móðureignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi í Sambandinu eins og ef það fyrirtæki ásamt öllum verðbréfafyrirtækjunum, fjármálastofnunum, fyrirtækjunum í viðbótarstarfsemi og einkaumboðsmönnum í þeirri samstæðu verðbréfafyrirtækis mynduðu eitt verðbréfafyrirtæki. Að því er varðar þessa skilgreiningu skulu hugtökin „verðbréfafyrirtæki“, „fjármálastofnun“, „fyrirtæki í viðbótarstarfsemi“ og „einkaumboðsmaður“ einnig gilda um fyrirtæki með staðfestu í þriðju löndum sem myndu falla undir skilgreiningar þessara hugtaka væru þau með staðfestu í Sambandinu,

12) „samstæðugrunnur“: á grundvelli samstæðustöðunnar,

13) „framkvæmd fyrirmæla fyrir hönd viðskiptavina“: framkvæmd fyrirmæla fyrir hönd viðskiptavina eins og skilgreint er í 5. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,

([17]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár (Stjtíð. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1).

14) „fjármálastofnun“: fyrirtæki, annað en lánastofnun eða verðbréfafyrirtæki og annað en hreint iðnaðareignarhaldsfélag, sem hefur að meginstarfsemi að afla eignarhluta eða annast eina eða fleiri tegundir þeirrar starfsemi sem um getur í 2.–12. lið og 15. lið I. viðauka við tilskipun 2013/36/ESB, þar með talin eignarhaldsfélög á fjármálasviði, blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi, eignarhaldsfélög á verðbréfasviði, greiðslustofnanir í skilningi tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2366 ([18]) og eignarstýringarfélög, en að undanskildum eignarhaldsfélögum á vátryggingasviði og blönduðum eignarhaldsfélögum í vátryggingastarfsemi eins og þau eru skilgreind í g-lið 1. mgr. 212. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB ([19]),

15) „fjármálagerningur“: fjármálagerningur eins og hann er skilgreindur í 15. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,

16) „eignarhaldsfélag á fjármálasviði“: eignarhaldsfélag á fjármálasviði eins og það er skilgreint í 20. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

17) „aðili á fjármálamarkaði“: aðili á fjármálamarkaði eins og hann er skilgreindur í 27. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

18) „stofnfé“: stofnfé eins og það er skilgreint í 18. lið 1. mgr. 3. gr. tilskipunar (ESB) 2019/2034,

19) „hópur tengdra viðskiptavina“: hópur tengdra viðskiptavina eins og hann er skilgreindur í 39. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

20) „fjárfestingarráðgjöf“: fjárfestingarráðgjöf eins og hún er skilgreind í 4. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,

21) „viðvarandi fjárfestingarráðgjöf“: endurtekin veiting fjárfestingarráðgjafar sem og samfellt eða reglubundið mat og vöktun eða endurskoðun á eignasafni viðskiptavinar í fjármálagerningum, þ.m.t. fjárfestingum viðskiptavinarins á grundvelli samningsbundins fyrirkomulags.

22) „verðbréfafyrirtæki“: verðbréfafyrirtæki eins og það er skilgreint í 1. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,

23) „eignarhaldsfélag á verðbréfasviði“: fjármálastofnun með dótturfélög sem eru eingöngu eða aðallega verðbréfafyrirtæki eða fjármálastofnanir, þar sem a.m.k. eitt slíkt dótturfélag er verðbréfafyrirtæki, og sem er ekki eignarhaldsfélag á fjármálasviði eins og það er skilgreint í 20. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

24) „fjárfestingarþjónusta og -starfsemi“: fjárfestingarþjónusta og -starfsemi eins og hún er skilgreind í 2. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,

25) „samstæða verðbréfafyrirtækis“: fyrirtækjasamstæða sem samanstendur af móðurfélagi og dótturfélögum þess eða fyrirtækjum sem uppfylla skilyrðin í 22. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB ([20]) þar sem a.m.k. eitt er verðbréfafyrirtæki og ekkert er lánastofnun,

26) „K-þættir“: kröfur um eiginfjárgrunn sem settar eru fram í II. bálki þriðja hluta vegna áhættu sem verðbréfafyrirtæki veldur viðskiptavinum, mörkuðum og sjálfu sér,

27) „eignir í stýringu (e. *assets under management*)“ eða „AUM“: virði eigna sem verðbréfafyrirtæki stýrir fyrir viðskiptavini sína samkvæmt bæði stýringu eignasafns og ráðgefandi fyrirkomulagi sem felur í sér viðvarandi fjárfestingarráðgjöf,

28) „varðveitt fé viðskiptavina (e. *client money held*)“ eða „CMH“: sú upphæð fjár viðskiptavina sem verðbréfafyrirtæki varðveitir, að teknu tilliti til lagalegs fyrirkomulags í tengslum við aðgreiningu eigna og án tillits til landsbundins reikningsskilafyrirkomulags sem gildir um varðveitt fé viðskiptavina hjá verðbréfafyrirtækinu,

29) „eignir í varðveislu og umsjón“ (e. *assets safeguarded and administered*)“ eða „ASA“: virði eigna sem verðbréfafyrirtæki varðveita og hafa umsjón með fyrir hönd viðskiptavina, án tillits til þess hvort eignirnar komi fram á efnahagsreikningi verðbréfafyrirtækisins sjálfs eða á reikningum þriðju aðila,

([18]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2366 frá 25. nóvember 2015 um greiðsluþjónustu á innri markaðnum, um breytingu á tilskipunum 2002/65/EB, 2009/110/EB og 2013/36/ESB og á reglugerð (ESB) nr. 1093/2010 og niðurfellingu á tilskipun 2007/64/EB (Stjtíð. ESB L 337, 23.12.2015, bls. 35).

([19]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB frá 25. nóvember 2009 um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) (Stjtíð. ESB L 335, 17.12.2009, bls. 1).

([20]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB frá 26. júní 2013 um árleg reikningsskil, samstæðureikningsskil og tilheyrandi skýrslur tiltekinna tegunda fyrirtækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB og niðurfellingu tilskipana ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE (Stjtíð. ESB L 182, 29.6.2013, bls. 19).

30) „meðhöndluð fyrirmæli viðskiptavina (e. *client orders handled*)“ eða „COH“: virði fyrirmæla sem verðbréfafyrirtæki meðhöndla fyrir viðskiptavini, með móttöku og sendingu fyrirmæla viðskiptavinar og með framkvæmd fyrirmæla fyrir hönd viðskiptavina,

31) „samþjöppunaráhætta (e. *concentration risk*)“ eða „CON“: áhættuskuldbindingar í veltubók verðbréfafyrirtækis vegna viðskiptavinar eða hóps tengdra viðskiptavina sem eru að virði umfram mörkin í 1. mgr. 37. gr.,

32) „tryggingafjárkrafa stöðustofnunar (e. *clearing margin given*)“ eða „CMG“: fjárhæð heildartryggingafjár sem stöðustofnunaraðili eða fullgildur miðlægur mótaðili krefst, ef framkvæmd og uppgjör viðskipta sem verðbréfafyrirtæki á fyrir eigin reikning eru gerð á ábyrgð stöðustofnunaraðila eða fullgilds miðlægs mótaðila,

33) „daglegt viðskiptaflæði (e. *daily trading flow*)“ eða „DTF“: daglegt virði viðskipta sem verðbréfafyrirtæki á fyrir eigin reikning eða framkvæmdar fyrirmæla fyrir hönd viðskiptavina í eigin nafni, að undanskildu virði fyrirmæla sem verðbréfafyrirtæki meðhöndlar fyrir viðskiptavini með móttöku og sendingu fyrirmæla viðskiptavina og með framkvæmd fyrirmæla fyrir hönd viðskiptavina sem þegar er tekið tillit til í meðhöndluðum fyrirmælum viðskiptavina,

34) „hrein stöðuáhætta (e. *net position risk*)“ eða „NPR“: virði viðskipta sem skráð eru í veltubók verðbréfafyrirtækis,

35) „vanskil mótaðila í viðskiptum (e. *trading counterparty default*)“ eða „TCD“: áhættuskuldbindingar í veltubók verðbréfafyrirtækis í gerningum og viðskiptum sem um getur í 25. gr. sem valda áhættu á vanskilum mótaðila í viðskiptum,

36) „gildandi markaðsvirði“ (e. *current market value*)“ eða „CMV“: hreint markaðsvirði á safni viðskipta eða verðbréfaleggjum (e. *securities legs*) sem falla undir skuldajöfnun í samræmi við 31. gr., ef bæði jákvætt og neikvætt markaðsvirði er notað í útreikningum á CMV,

37) „gnóttsamningar“: gnóttsamningar eins og skilgreindir eru í 2. lið 272. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

38) „viðbótarlánveiting vegna kaupa/sölu verðbréfa (e. *margin lending transaction*)“: viðbótarlánveiting vegna kaupa/sölu verðbréfa eins og skilgreint er í 10. lið 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2365 ([21]),

39) „stjórn og/eða framkvæmdastjórn“: stjórn og/eða framkvæmdastjórn samkvæmt skilgreiningu í 36. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,

40) „blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi“: blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi eins og það er skilgreint í 15. lið 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/87/EB ([22]),

41) „liður utan efnahagsreiknings“: einhver af þeim liðum sem um getur í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 575/2013,

42) „móðurfélag“: móðurfélag í skilningi 9. liðar 2. gr. og 22. gr. tilskipunar 2013/34/ESB,

43) „hlutdeild“: hlutdeild eins og hún er skilgreind í 35. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

44) „hagnaður“: hagnaður eins og hann er skilgreindur í 121. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

45) „fullgildur, miðlægur mótaðili (e. *qualifying central counterparty, QCCP*)“: fullgildur, miðlægur mótaðili eins og hann er skilgreindur í 88. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

46) „stýring eignasafns“: stýring eignasafns eins og hún er skilgreind í 8. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,

47) „virkur eignarhlutur“: virkur eignarhlutur eins og hann er skilgreindur í 36. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

([21]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2365 frá 25. nóvember 2015 um gagnsæi í fjármögnunarviðskiptum með verðbréf og um endurnotkun og breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 337, 23.12.2015, bls. 1).

([22]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/87/EB frá 16. desember 2002 um viðbótareftirlit með lánastofnunum, vátryggingafélögum og verðbréfafyrirtækjum sem eru hluti af fjármálasamsteypu og um breytingu á tilskipunum ráðsins 73/239/EBE, 79/267/EBE, 92/49/EBE, 92/96/EBE, 93/6/EBE og 93/22/EBE og á tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 98/78/EB og 2000/12/EB (Stjtíð. ESB L 35, 11.2.2003, bls. 1).

48) „fjármögnunarviðskipti með verðbréf“: fjármögnunarviðskipti með verðbréf eins og þau eru skilgreind í 11. lið 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2015/2365,

49) „aðskildir reikningar“, að því er varðar töflu 1 í 2. mgr. 15. gr.: reikningar hjá aðilum þar sem varðveitt fé viðskiptavina hjá verðbréfafyrirtækinu er lagt inn í samræmi við 4. gr. framseldrar tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/593 ([23]) og, eftir atvikum, ef landslög kveða á um, komi til ógjaldfærni eða skila- eða ógjaldfærnimeðferðar verðbréfafyrirtækisins, að ekki sé hægt að nota fé viðskiptavinar til að uppfylla aðrar kröfur í tengslum við verðbréfafyrirtækið en kröfur viðskiptavinarins,

50) „endurhverf viðskipti“: endurhverf viðskipti eins og þau eru skilgreind í 9. lið 3. mgr. reglugerðar (ESB) 2015/2365,

51) „dótturfélag“: dótturfélag eins og það er skilgreint í 10. lið 2. gr. og í skilningi 22. gr. tilskipunar 2013/34/ESB, þ.m.t. sérhvert dótturfélag dótturfélags endanlegs móðurfélags,

52) „einkaumboðsmaður“: einkaumboðsmaður eins og hann er skilgreindur í 29. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,

53) „vergar heildartekjur“: árlegar rekstrartekjur verðbréfafyrirtækis, í tengslum við þá fjárfestingarþjónustu og -starfsemi verðbréfafyrirtækisins sem það hefur starfsleyfi til að stunda, þ.m.t. vaxtatekjur, tekjur af hlutabréfum og öðrum verðbréfum hvort sem um fasta eða breytilega ávöxtun er að ræða, af umboðslaunum og þóknunum, hvers konar ágóða og tapi verðbréfafyrirtækisins af viðskiptalegum eignum, eignum sem haldið er á gangvirði eða af áhættuvarnaraðgerðum, en að undanskildum öllum tekjum sem ekki tengjast fjárfestingarþjónustu og -starfsemi sem stunduð er.

54) „veltubók“: allar stöður í fjármálagerningum og hrávörum sem verðbréfafyrirtæki heldur, annaðhvort til veltuviðskipta eða til að verja stöður sem eru ætlaðar til veltuviðskipta,

55) „stöður sem eru ætlaðar til veltuviðskipta“: eitthvert eftirfarandi:

a) stöður fyrir eigin reikning og stöður sem tengjast umsýslu fyrir viðskiptavin og viðskiptavakt,

b) stöður sem ætlunin er að selja aftur innan skamms tíma,

c) stöður sem búist er við að hækki að verðmæti vegna raunverulegs eða vænst skammtímamismunar á milli kaup- og söluverðs eða vegna annarra verð- eða vaxtabreytinga,

56) „móðurverðbréfafyrirtæki í Sambandinu“: verðbréfafyrirtæki í aðildarríki sem er hluti af samstæðu verðbréfafyrirtækis og á verðbréfafyrirtæki eða fjármálastofnun að dótturfélagi eða á hlutdeild í slíku verðbréfafyrirtæki eða fjármálastofnun og sem ekki er sjálft dótturfélag annars verðbréfafyrirtækis með starfsleyfi í einhverju aðildarríki eða eignarhaldsfélags á verðbréfasviði eða blandaðs eignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi sem komið er á fót í einhverju aðildarríki,

57) „móðureignarhaldsfélag á verðbréfasviði í Sambandinu“: eignarhaldsfélag á verðbréfasviði í aðildarríki sem er hluti af samstæðu verðbréfafyrirtækis og er ekki sjálft dótturfélag verðbréfafyrirtækis með starfsleyfi í einhverju aðildarríki eða annars eignarhaldsfélags á verðbréfasviði í einhverju aðildarríki,

58) „blandað móðureignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi í Sambandinu“: móðurfélag samstæðu verðbréfafyrirtækis sem er blandað móðureignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi eins og skilgreint er í 15. lið 2. gr. tilskipunar 2002/87/EB.

2. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 56. gr. í því skyni að bæta við þessa reglugerð með nánari útskýringu á skilgreiningunum sem settar eru fram í 1. mgr. til að:

a) tryggja samræmda beitingu þessarar reglugerðar,

b) taka tillit til þróunar á fjármálamörkuðum við beitingu þessarar reglugerðar.

([23]) Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/593 frá 7. apríl 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB að því er varðar að vernda fjármálagerninga og fjármuni í eigu viðskiptavina, afurðastýringarskyldur og reglurnar sem gilda um veitingu eða móttöku þóknana, umboðslauna eða hvers konar peningalegs eða ópeningalegs ávinnings (Stjtíð. ESB. L 87, 31.3.2017, bls. 500).

II. BÁLKUR

BEITINGARSTIG KRAFNA

1. KAFLI

Beiting krafna á einingargrunni

5. gr.

Almenn meginregla

Verðbréfafyrirtæki skulu uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í öðrum til sjöunda hluta á einingargrunni.

6. gr.

Undanþágur

1. Lögbær yfirvöld geta undanþegið verðbréfafyrirtæki frá beitingu 5. gr. að því er varðar annan, þriðja, fjórða, sjötta og sjöunda hluta ef öll eftirfarandi skilyrði eiga við:

a) verðbréfafyrirtækið uppfyllir skilyrðin til að flokkast sem lítið og ótengt verðbréfafyrirtæki eins og sett er fram í 1. mgr. 12. gr.,

b) eitt af eftirfarandi skilyrðum er uppfyllt:

   i. verðbréfafyrirtækið er dótturfélag og er tekið með í eftirlitið á samstæðugrunni með lánastofnun, eignarhaldsfélagi á fjármálasviði eða blönduðu eignarhaldsfélagi í fjármálastarfsemi í samræmi við ákvæði 2. kafla II. bálks fyrsta hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

   ii. verðbréfafyrirtækið er dótturfélag og heyrir til samstæðu verðbréfafyrirtækis sem eftirlit er með á samstæðugrunni í samræmi við 7. gr.,

c) bæði verðbréfafyrirtækið og móðurfélag þess falla undir starfsleyfi og eftirlit af hálfu sama aðildarríkis,

d) yfirvöldin sem lögbær eru til að hafa eftirlit á samstæðugrunni í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 575/2013 eða í samræmi við 7. gr. þessarar reglugerðar, gefa samþykki fyrir slíkri undanþágu,

e) eiginfjárgrunni er dreift á fullnægjandi hátt milli móðurfélagsins og verðbréfafyrirtækisins og öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

   i. ekki eru neinar verulegar núverandi eða fyrirsjáanlegar, hagnýtar eða lagalegar hömlur á því að móðurfélagið yfirfæri fjármagn eða endurgreiði skuldir með skjótum hætti,

   ii. með fyrirframsamþykki lögbærs yfirvalds lýsir móðurfélagið því yfir að það ábyrgist skuldbindingar sem verðbréfafyrirtækið hefur gengist undir eða að áhætta í verðbréfafyrirtækinu hafi óverulega þýðingu,

   iii. aðferðir móðurfélagsins við að meta, mæla og stýra áhættu ná til verðbréfafyrirtækisins og

   iv. móðurfélagið ræður yfir meira en 50% atkvæðisréttar sem fylgir hlutum í hlutafé verðbréfafyrirtækisins eða hefur rétt til að skipa eða leysa frá störfum meirihluta aðila í stjórn og/eða framkvæmdastjórn verðbréfafyrirtækisins.

2. Lögbær yfirvöld geta undanþegið verðbréfafyrirtæki frá beitingu 5. gr. að því er varðar sjötta hluta ef öll eftirfarandi skilyrði eiga við:

a) verðbréfafyrirtækið uppfyllir skilyrðin til að flokkast sem lítið og ótengt verðbréfafyrirtæki eins og sett er fram í 1. mgr. 12. gr.,

b) verðbréfafyrirtækið er dótturfélag og er tekið með í eftirlitið á samstæðugrunni með vátrygginga- eða endurtryggingafélagi í samræmi við 228. gr. tilskipunar 2009/138/ESB,

c) bæði verðbréfafyrirtækið og móðurfélag þess falla undir starfsleyfi og eftirlit af hálfu sama aðildarríkis,

d) yfirvöldin sem lögbær eru til að hafa eftirlit á samstæðugrunni í samræmi við tilskipun 2009/138/EB gefa samþykki fyrir slíkri undanþágu,

e) eiginfjárgrunni er dreift á fullnægjandi hátt milli móðurfélagsins og verðbréfafyrirtækisins og öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

i. ekki eru neinar verulegar núverandi eða fyrirsjáanlegar, hagnýtar eða lagalegar hömlur á því að móðurfélagið yfirfæri fjármagn eða endurgreiði skuldir með skjótum hætti,

ii. með fyrirframsamþykki lögbærs yfirvalds lýsir móðurfélagið því yfir að það ábyrgist skuldbindingar sem verðbréfafyrirtækið hefur gengist undir eða að áhætta í verðbréfafyrirtækinu hafi óverulega þýðingu,

iii. aðferðir móðurfélagsins við að meta, mæla og stýra áhættu ná til verðbréfafyrirtækisins og

iv. móðurfélagið ræður yfir meira en 50% atkvæðisréttar sem fylgir hlutum í hlutafé verðbréfafyrirtækisins eða hefur rétt til að skipa eða leysa frá störfum meirihluta aðila í stjórn og/eða framkvæmdastjórn verðbréfafyrirtækisins.

3. Lögbær yfirvöld geta undanþegið verðbréfafyrirtæki frá beitingu 5. gr. að því er varðar fimmta hluta ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) verðbréfafyrirtækið er tekið með í eftirlitið á samstæðugrunni í samræmi við 2. kafla II. bálks fyrsta hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 eða heyrir til samstæðu verðbréfafyrirtækis sem 3. mgr. 7. gr. þessarar reglugerðar á við um, og undanþágan sem kveðið er á um í 4. mgr. 7. gr. á ekki við,

b) móðurfélagið á samstæðugrunni vaktar og hefur ávallt yfirsýn yfir lausafjárstöðu allra stofnana og verðbréfafyrirtækja innan samstæðunnar eða undirsamstæðunnar sem undanþágan nær til og tryggir öllum þessum stofnunum og verðbréfafyrirtækjum nægt lausafé,

c) móðurfélagið og verðbréfafyrirtækið hafa gert með sér samninga, sem lögbæru yfirvöldin telja fullnægjandi, er gera þeim kleift að flytja fjármuni óhindrað á milli móðurfélagsins og verðbréfafyrirtækisins til að geta mætt einstökum skuldbindingum sínum og sameiginlegum skuldbindingum, eftir því sem þær falla í gjalddaga,

d) ekki eru neinar verulegar núverandi eða fyrirsjáanlegar, hagnýtar eða lagalegar hömlur á því að samningarnir sem um getur í c-lið verði uppfylltir,

e) yfirvöldin sem lögbær eru til að hafa eftirlit á samstæðugrunni í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 575/2013 eða í samræmi við 7. gr. þessarar reglugerðar gefa samþykki fyrir slíkri undanþágu.

2. KAFLI

Beiting varfærniskrafna á samstæðugrunni og undanþágur fyrir samstæðu verðbréfafyrirtækis

7. gr.

Beiting varfærniskrafna á samstæðugrunni

1. Móðurverðbréfafyrirtæki í Sambandinu, móðureignarhaldsfélög á verðbréfasviði í Sambandinu og blönduð móðureignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi í Sambandinu skulu uppfylla skyldurnar sem kveðið er á um í öðrum, þriðja, fjórða og sjöunda hluta á grundvelli samstæðustöðu sinnar. Móðurfélagið og þau dótturfélög þess sem falla undir þessa reglugerð skulu koma á fót viðeigandi stjórnskipulagi og viðeigandi innra eftirlitskerfi til að tryggja að þau gögn sem beiting krafna á samstæðugrunni krefst séu unnin og áframsend á tilhlýðilega hátt. Móðurfélagið skal einkum tryggja að dótturfélög sem falla ekki undir þessa reglugerð komi á fyrirkomulagi, ferlum og kerfum til að tryggja viðeigandi beitingu krafna á samstæðugrunni.

2. Þegar öðrum hluta er beitt á samstæðugrunni, að því er varðar 1. mgr. þessarar greinar, skulu reglurnar sem mælt er fyrir um í II. bálki annars hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 einnig gilda um verðbréfafyrirtæki.

Í því skyni, þegar ákvæðum 84. gr. (1. mgr.) 85. gr. (1. mgr.) og 87. gr. (1. mgr.) reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 er beitt, skulu aðeins tilvísanir til 1. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 gilda og skal af þeim sökum lesa þær sem vísanir til krafna um eiginfjárgrunn sem settar eru fram í samsvarandi ákvæðum þessarar reglugerðar.

3. Móðurverðbréfafyrirtæki í Sambandinu, móðureignarhaldsfélög á verðbréfasviði í Sambandinu og blönduð móðureignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi í Sambandinu skulu uppfylla skyldurnar sem kveðið er á um í fimmta hluta á grundvelli samstæðustöðu sinnar.

4. Þrátt fyrir 3. mgr. geta lögbær yfirvöld undanskilið móðurfélagið frá því að hlíta þeirri málsgrein að teknu tilliti til eðlis, stærðar og flækjustigs samstæðu verðbréfafyrirtækis.

5. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að tilgreina nánar umfang og aðferðir við beitingu varfærniskrafna á samstæðugrunni fyrir samstæðu verðbréfafyrirtækis, einkum í því skyni að reikna út kröfu vegna fasts kostnaðar, kröfu um varanlegt lágmarksfjármagn, kröfu fyrir K-þátt á grundvelli samstæðustöðu samstæðu verðbréfafyrirtækis, og aðferðina og nauðsynlegar upplýsingar til að hrinda 2. mgr. í framkvæmd á tilhlýðilegan hátt.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 26. desember 2020.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

8. gr.

Eiginfjárpróf samstæðu

1. Þrátt fyrir 7. gr. geta lögbær yfirvöld heimilað beitingu þessarar greinar þegar skipulag samstæðu telst vera nægilega einfalt, að því tilskildu að engin veruleg áhætta sé fyrir viðskiptavini eða markað af völdum samstæðu verðbréfafyrirtækis í heild sem annars myndi krefjast eftirlits á samstæðugrunni. Lögbær yfirvöld skulu tilkynna Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni þegar þau heimila beitingu þessarar greinar.

2. Að því er varðar þessa grein gildir eftirfarandi:

a) „eiginfjárgrunnsgerningar“: eiginfjárgrunnur eins og skilgreindur er í 9. gr. þessarar reglugerðar, án þess frádráttar sem um getur í 36. gr. (i. lið 1. mgr.), 56. gr. (d-lið) og 66. gr. (d-lið) reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

b) hugtökin „verðbréfafyrirtæki“, „fjármálastofnun“, „fyrirtæki í viðbótarstarfsemi“ og „einkaumboðsmaður“ skulu einnig gilda um fyrirtæki með staðfestu í þriðju löndum sem myndu uppfylla skilgreiningar þessara hugtaka í 4. gr. ef þau hefðu staðfestu í Sambandinu.

3. Móðurverðbréfafyrirtæki í Sambandinu, móðureignarhaldsfélög á verðbréfasviði í Sambandinu, blönduð móðureignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi í Sambandinu og öll önnur móðurfélög sem eru verðbréfafyrirtæki, fjármálastofnanir, fyrirtæki í viðbótarstarfsemi eða einkaumboðsmenn í samstæðu verðbréfafyrirtækis skulu a.m.k. hafa nógu háa eignfjárgrunnsgerninga til að ná yfir samtöluna á eftirfarandi:

a) samtölu alls bókfærðs virðis eignarhluta, víkjandi krafna og gerninga sem um getur í 36. gr. (i. lið 1. mgr.), 56. gr. (d-lið) og 66. gr. (d-lið) reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 í verðbréfafyrirtækjum, fjármálastofnunum, fyrirtækjum í viðbótarstarfsemi og einkaumboðsmönnum í samstæðu verðbréfafyrirtækis, og

b) heildarfjárhæð allra skilyrtra skulda vegna verðbréfafyrirtækja, fjármálastofnana, fyrirtækja í viðbótarstarfsemi og einkaumboðsmanna í samstæðu verðbréfafyrirtækis.

4. Lögbær yfirvöld geta heimilað móðureignarhaldsfélagi á verðbréfasviði í Sambandinu eða blönduðu móðureignar haldsfélagi í fjármálastarfsemi í Sambandinu og hverju öðru móðurfélagi sem er verðbréfafyrirtæki, fjármálastofnun, fyrirtæki í viðbótarstarfsemi eða einkaumboðsmaður í samstæðu verðbréfafyrirtækis, að hafa lægri eiginfjárgrunn en fjárhæðin sem reiknuð er út skv. 3. mgr., að því tilskildu að sú fjárhæð sé ekki lægri en samanlagðar kröfur um eiginfjárgrunn sem á einingargrunni eru lagðar á dótturfélög þess sem eru verðbréfafyrirtæki, fjármálastofnanir, fyrirtæki í viðbótarstarfsemi og einkaumboðsmenn og heildarfjárhæð skilyrtra skulda í þágu þessara eininga.

Að því er varðar þessa málsgrein skulu kröfurnar um eiginfjárgrunn fyrir dótturfélög, eins og um getur í fyrstu undirgrein, sem staðsett eru í þriðju löndum, vera ígildi eiginfjárgrunnskrafna sem tryggja nægilega varfærni til að ná yfir þá áhættu sem leiðir af þessum dótturfélögum, eins og viðkomandi lögbær yfirvöld hafa samþykkt.

5. Móðurverðbréfafyrirtæki í Sambandinu, móðureignarhaldsfélög á verðbréfasviði í Sambandinu og blönduð móðureignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi í Sambandinu skulu hafa til staðar kerfi til að vakta og hafa eftirlit með fjármagns- og fjármögnunaruppsprettum allra verðbréfafyrirtækja, eignarhaldsfélaga á verðbréfasviði, blandaðra eignarhaldsfélaga í fjármálastarfsemi, fjármálastofnana, fyrirtækja í viðbótarstarfsemi og einkaumboðsmanna innan samstæðu verðbréfafyrirtækis.

ANNAR HLUTI

EIGINFJÁRGRUNNUR

9. gr.

Samsetning eiginfjárgrunns

1. Verðbréfafyrirtæki skulu hafa eiginfjárgrunn sem samanstendur af samanlögðu almennu eigin fé þáttar 1, viðbótareiginfé þáttar 1 og eiginfjárþætti 2 og skulu ávallt uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

a) $\frac{\text{almennt eigið fé þáttar 1}}{D} \geq 56\%,$

b) $\frac{\text{almennt eigið fé þáttar 1 + viðbótareigiðfé þáttar 1}}{D} \geq 75\%,$

c) $\frac{\text{almennt eigið fé þáttar 1 + viðbótareigiðfé þáttar 1 + eiginfjárþáttur 2}}{D} \geq 100\%,$

þar sem:

i. almennt eigið fé þáttar 1 er skilgreint í samræmi við 2. kafla I. bálks annars hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, viðbótareiginfé þáttar 1 er skilgreint í samræmi við 3. kafla I. bálks annars kafla reglugerðar (EB) nr. 575/2013 og eiginfjárþáttur 2 er skilgreindur í samræmi við 4. kafla I bálks annars hluta reglugerðar (EB) nr. 575/2013, og

ii. *D* er skilgreint í 11. gr.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr.:

a) skal frádrátturinn sem um getur í c-lið 1. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 gilda að fullu, án beitingar 39. gr. og 48. gr. þeirrar reglugerðar,

b) skal frádrátturinn sem um getur í e-lið 1. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 gilda að fullu án beitingar 41. gr. þeirrar reglugerðar,

c) skal frádrátturinn sem um getur í 36. gr. (h-lið 1. mgr.), 56. gr. (c-lið) og 66. gr. (c-lið) reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, að því marki sem hann tengist eignarhlutum í fjármagnsgerningum sem eru ekki í veltubókinni, gilda að fullu án beitingar fyrirkomulagsins sem kveðið er á um í 46., 60. og 70. gr. þeirrar reglugerðar,

d) skal frádrátturinn sem um getur í i-lið 1. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 gilda að fullu án beitingar 48. gr. þeirrar reglugerðar,

e) skulu eftirfarandi ákvæði ekki gilda fyrir ákvörðunina um eiginfjárgrunn verðbréfafyrirtækja:

   i. ákvæði 49. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

   ii. frádrátturinn sem um getur í 36. gr. (h-lið 1. mgr.), 56. gr. (c-lið) og 66. gr. (c-lið) reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og tengd ákvæði í 46., 60. og 70. gr. þeirrar reglugerðar, að því marki sem sá frádráttur tengist eignarhlutum í fjármagnsgerningum í veltubókinni,

   iii. kveikjuatburðurinn sem um getur í a-lið 1. mgr. 54. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013; verðbréfafyrirtækið skal í staðinn tilgreina kveikjuatburðinn í skilmálum viðbótareiginfjárgernings þáttar 1 sem um getur í 1. mgr.,

   iv. samanlagða fjárhæðin sem um getur í a-liður 4. mgr. 54. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013; fjárhæðin sem skal niðurfæra eða umbreyta skal vera allur höfuðstóll viðbótareiginfjárgernings þáttar 1 sem um getur í 1. mgr.

3. Verðbréfafyrirtæki skulu beita viðeigandi ákvæðum 6. kafla I. bálks annars hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 þegar þau ákvarða kröfur um eiginfjárgrunn samkvæmt þessari reglugerð. Við beitingu þeirra ákvæða skal leyfi eftirlitsyfirvalda í samræmi við 77. og 78. gr. reglugerð (ESB) nr. 575/2013 teljast veitt ef eitt af skilyrðunum í a-lið 1. mgr. 78. gr. eða í 4. mgr. 78. gr. þeirrar reglugerðar er uppfyllt.

4. Í þeim tilgangi að beita a-lið 1. mgr. að því er varðar verðbréfafyrirtæki sem ekki eru lögaðilar eða hlutafélög eða sem uppfylla skilyrði fyrir að vera lítil og ótengd verðbréfafyrirtæki, sbr. 1. mgr. 12. gr. þessarar reglugerðar, geta lögbær yfirvöld, að höfðu samráði við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina, heimilað að fleiri gerningar eða fjármunir teljist hæfir sem eiginfjárgrunnur hjá þessum verðbréfafyrirtækjum, að því tilskildu að þessir gerningar eða fjármunir uppfylli einnig skilyrðin fyrir meðferð skv. 22. gr. tilskipun ráðsins 86/635/EBE ([24]). Á grundvelli upplýsinga frá hverju lögbæru yfirvaldi skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin, ásamt Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni, útbúa, viðhalda og birta lista yfir allar tegundir gerninga eða fjármuna í hverju aðildarríki sem teljast hæfir sem slíkur eiginfjárgrunnur. Listinn skal birtur í fyrsta skipti fyrir 26. desember 2020.

5. Eignarhlutar í eiginfjárgrunnsgerningum aðila á fjármálamarkaði innan samstæðu verðbréfafyrirtækja skulu ekki dregnir frá við útreikning á eiginfjárgrunni verðbréfafyrirtækis í samstæðunni á einingargrunni, að því tilskildu að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) ekki eru neinar verulegar núverandi eða fyrirsjáanlegar, hagnýtar eða lagalegar hömlur á því að móðurfélagið yfirfæri fjármagn eða endurgreiði skuldir með skjótum hætti,

b) aðferðir móðurfélagsins við að meta, mæla og stýra áhættu ná til aðilans á fjármálamarkaði,

c) lögbær yfirvöld nota ekki undanþáguna sem kveðið er á um í 8. gr.

10. gr.

Virkir eignarhlutir utan fjármálageirans

1. Að því er varðar þennan hluta skulu verðbréfafyrirtæki draga fjárhæðir sem eru umfram mörkin sem tiltekin eru í a- og b-lið frá ákvörðuninni á liðum í almennu eigin fé þáttar 1 sem um getur í 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013:

a) virkur eignarhlutur, ef fjárhæð hans er umfram 15% af eiginfjárgrunni verðbréfafyrirtækisins reiknuðum út í samræmi við 9. gr. þessarar reglugerðar en án þess að beita frádrættinum sem um getur í i. lið k-liðar 1. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, í fyrirtæki sem er ekki aðili á fjármálamarkaði,

b) heildarupphæð virkra eignarhluta verðbréfafyrirtækis í öðrum fyrirtækjum en aðilum á fjármálamarkaði sem er umfram 60% af eiginfjárgrunni þess reiknuðum út í samræmi við 9. gr. þessarar reglugerðar, en án þess að beita frádrættinum sem um getur í i. lið k-liðar 1. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

2. Lögbær yfirvöld geta bannað verðbréfafyrirtæki að eiga virka eignarhluta eins og um getur í 1. mgr. ef fjárhæðin á þeim eignarhlutum er umfram hlutfall eiginfjárgrunns sem mælt er fyrir um í þeirri málsgrein. Lögbær yfirvöld skulu án tafar birta opinberlega ákvörðun sína um að beita þessari heimild.

3. Hlutir í fyrirtækjum öðrum en aðilum á fjármálamarkaði skulu ekki teknir með í útreikningnum sem tilgreindur er í 1. mgr. ef eitthvert af eftirtöldum skilyrðum er uppfyllt:

a) hlutunum er haldið tímabundið á meðan fjárhagsaðstoð sem um getur í 79. gr. reglugerðar (EBE) nr. 575/2013 stendur yfir,

b) eignarhlutdeild þessara hluta er sölutryggingarstaða sem haldið er í fimm virka daga eða skemur,

c) hlutunum er haldið í nafni verðbréfafyrirtækisins og fyrir hönd annarra.

4. Hlutir sem eru ekki áhættufjármunir samkvæmt skilgreiningu í 2. mgr. 35. gr. tilskipunar 86/635/EBE skulu ekki taldir með í útreikningnum sem tilgreindur er í 1. mgr. þessarar greinar.

([24]) Tilskipun ráðsins 86/635/EBE frá 8. desember 1986 um ársreikninga og samstæðureikninga banka og annarra fjármálastofnana (Stjtíð. EB L 372, 31.12.1986, bls. 1).

ÞRIÐJI HLUTI

EIGINFJÁRKRÖFUR

I. BÁLKUR

ALMENNAR KRÖFUR

11. gr.

Kröfur um eiginfjárgrunn

1. Verðbréfafyrirtæki skulu ávallt hafa eiginfjárgrunn í samræmi við 9. gr. sem nemur a.m.k. *D*, þar sem *D* er skilgreint sem það hæsta af eftirtöldu:

a) kröfu þeirra um fastan kostnað, reiknuð út í samræmi við 13. gr.,

b) kröfu þeirra um varanlegt lágmarksfjármagn í samræmi við 14. gr. eða

c) kröfu þeirra fyrir K-þátt, reiknuð út í samræmi við 15. gr.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. skal *D* skilgreint sem það hæsta af þeim fjárhæðum sem tilgreindar eru í a- og b-lið 1. mgr. ef verðbréfafyrirtæki uppfyllir skilyrðin til að teljast lítið og ótengt verðbréfafyrirtæki sem sett eru fram í 1. mgr. 12. gr.

3. Ef lögbær yfirvöld telja að veruleg breyting hafi átt sér stað í atvinnustarfsemi verðbréfafyrirtækis geta þau krafist þess að verðbréfafyrirtækið falli undir aðrar kröfur um eiginfjárgrunn sem um getur í þessari grein, í samræmi við IV. bálk, 2. kafla, 4. hluta tilskipunar (ESB) 2019/2034.

4. Verðbréfafyrirtæki skulu tilkynna lögbærum yfirvöldum strax og þau verða vör við að þau fullnægi ekki lengur eða muni ekki lengur fullnægja kröfunum í þessari grein.

12. gr.

Lítil og ótengd verðbréfafyrirtæki

1. Verðbréfafyrirtæki skulu teljast lítil og ótengd verðbréfafyrirtæki að því er varðar þessa reglugerð ef þau uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

a) AUM, mælt í samræmi við 17. gr., er lægra en 1,2 milljarður evra,

b) COH, mælt í samræmi við 20. gr., er lægra en annaðhvort:

   i. 100 milljón evrur á dag fyrir reiðufjárviðskipti eða

   ii. 1 milljarður evra á dag fyrir afleiður,

c) ASA, mælt í samræmi við 19. gr., er núll,

d) CMH, mælt í samræmi við 18. gr., er núll,

e) DTF, mælt í samræmi við 33. gr., er núll,

f) NPR eða CMG, mælt í samræmi við 22. og 23. gr., er núll,

g) TCD, mælt í samræmi við 26. gr., er núll,

h) samtala efnahagsreiknings og liða utan efnahagsreiknings verðbréfafyrirtækisins er lægri en 100 milljón evrur,

i) vergar heildartekjur á ári af fjárfestingarþjónustu og -starfsemi verðbréfafyrirtækisins eru lægri en 30 milljónir evra, reiknaðar út sem meðaltal á grundvelli árstalna frá næstliðnum tveimur árum á undan viðkomandi fjárhagsári.

Þrátt fyrir ákvæði II. bálks, að því er varðar a-, b-, c-, e- og f-lið, að því marki sem liðurinn tengist NPR, og g-lið fyrstu undirgreinar, skal nota verðgildi í dagslok.

Að því er varðar f-lið fyrstu undirgreinar, að því marki sem sá liður tengist CMG, skal nota verðgildi innan dags.

Að því er varðar d-lið fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar og án þess að hafa áhrif á 9. mgr. 16. gr. tilskipunar 2014/65/ESB og 2. og 4. gr. framseldrar tilskipunar (ESB) 2017/593, skal nota verðgildi innan dags nema villa hafi verið í skráahaldi eða afstemmingu reikninga sem gaf ranglega í skyn að verðbréfafyrirtæki hafi farið yfir núllviðmiðunarmarkið sem um getur í d-lið fyrstu undirgreinar þessarar greinar, og sem er leiðrétt fyrir lok viðskiptadagsins. Verðbréfafyrirtækið skal tilkynna lögbæru yfirvaldi án tafar um villuna, ástæðu þess að hún kom upp og leiðréttingu hennar.

Að því er varðar h- og i-lið fyrstu undirgreinar skal nota gildin í lok síðasta fjárhagsárs sem reikningsskil hafa verið fullgerð fyrir og samþykkt af stjórn og/eða framkvæmdastjórn. Hafi reikningsskil ekki verið fullgerð og samþykkt sex mánuðum eftir lok næstliðins fjárhagsárs skal verðbréfafyrirtæki nota bráðabirgðareikningsskil.

Verðbréfafyrirtæki geta mælt verðgildi skv. a- og b-lið fyrstu undirgreinar með því að nota aðferðina sem tilgreind er í II. bálki, með þeirri undantekningu að mælingarnar skulu gerðar yfir 12 mánuði, án þess að undanskilja gildi þriggja síðustu mánaða. Verðbréfafyrirtæki sem velja þessa mæliaðferð skulu tilkynna lögbæra yfirvaldinu um það og skulu beita hinni völdu aðferð yfir samfellt tímabil sem ekki er skemmra en 12 samfelldir mánuðir.

2. Skilyrðin sem sett eru fram í a-, b-, h-, og i-lið 1. mgr. skulu gilda á samanteknum grunni fyrir öll verðbréfafyrirtæki sem eru hluti af samstæðu. Til að mæla vergar heildartekjur á ári sem um getur í i-lið 1. mgr. er þeim verðbréfafyrirtækjum heimilt að undanskilja alla tvítalningu sem gæti komið upp í tengslum við vergar tekjur sem skapast innan samstæðunnar.

Skilyrðin sem sett eru fram í c- til g-lið 1. mgr. skulu gilda um hvert verðbréfafyrirtæki á einingargrunni.

3. Ef verðbréfafyrirtæki uppfyllir ekki lengur öll skilyrðin sem sett eru fram í 1. mgr. skal það þegar í stað hætta að teljast lítið og ótengt verðbréfafyrirtæki.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein, ef verðbréfafyrirtæki uppfyllir ekki lengur skilyrðin sem sett eru fram í a-, b-, h- eða i- lið 1. mgr., en uppfyllir áfram skilyrðin í c- til g-lið þeirrar málsgreinar, skal það að þrem mánuðum liðnum hætta að teljast lítið og ótengt verðbréfafyrirtæki, talið frá þeim degi sem farið var yfir viðmiðunarmörkin. Verðbréfafyrirtækið skal upplýsa lögbæra yfirvaldið án ótilhlýðilegrar tafar ef það fer yfir einhver viðmiðunarmörk.

4. Ef verðbréfafyrirtæki sem ekki uppfyllti öll skilyrðin í 1. mgr. uppfyllir þau síðar skal það ekki teljast lítið og ótengt verðbréfafyrirtæki fyrr en sex mánuðum eftir daginn sem þessi skilyrði eru uppfyllt, að því tilskildu að það hafi ekki farið yfir nein viðmiðunarmörk á því tímabili og að verðbréfafyrirtækið hafi látið lögbæra yfirvaldið vita um það án tafar.

13. gr.

Krafa um fastan kostnað

1. Að því er varðar a-lið 1. mgr. 11. gr. skal krafa um fastan kostnað nema a.m.k. einum fjórða hluta fasts kostnaðar næstliðins árs. Verðbréfafyrirtæki skulu nota tölur sem leiða af viðeigandi reikningsskilaumgjörð.

2. Ef lögbært yfirvald telur að veruleg breyting hafi orðið á starfsemi verðbréfafyrirtækis getur lögbæra yfirvaldið aðlagað fjárhæðina sem um getur í 1. mgr.

3. Ef verðbréfafyrirtæki hefur ekki verið starfrækt í heilt ár frá þeim degi sem það hóf að veita fjárfestingarþjónustu eða stunda fjárfestingarstarfsemi skal það nota, að því er varðar útreikninginn sem um getur í 1. mgr., áætlaða fasta kostnaðinn sem gert er ráð fyrir í spám þess um starfsemi fyrstu 12 mánuðina, eins og lagt var fram með umsókn þess um starfsleyfi.

4. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin, í samráði við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina, skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstaðli til að bæta við útreikninginn á kröfunum sem um getur í 1. mgr. sem ná yfir a.m.k. eftirfarandi liði til frádráttar:

a) kaupauka starfsfólks og aðrar launagreiðslur, að því marki sem þær miðast við hreinan hagnað verðbréfafyrirtækisins á viðkomandi ári,

b) hlut starfsfólks, stjórnarmanna og eigenda í hagnaði,

c) aðra ráðstöfun hagnaðar og aðrar greiðslur breytilegra launa að því marki sem þær eru algerlega valkvæðar,

d) sameiginleg ógreidd umboðslaun og þóknanir sem tengjast beint útistandandi umboðslaunum og þóknunum, sem eru innifalin í heildartekjum, og þar sem greiðsla umboðslaunanna og þóknananna er háð því að raunverulega hafi verið tekið við hinum útistandandi umboðslaunum og þóknunum,

e) þóknanir einkaumboðsmanna,

f) einstök útgjöld vegna starfsemi sem ekki er regluleg.

Að því er varðar þessa grein skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin einnig skilgreina hvað felst í verulegri breytingu.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 26. desember 2020.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

14. gr.

Krafa um varanlegt lágmarksfjármagn

Að því er varðar b-lið 1. mgr. 11. gr. skal krafa um varanlegt lágmarksfjármagn nema a.m.k. stofnfjárstiginu sem tilgreint er í 9. gr. tilskipunar (ESB) 2019/2034.

II. BÁLKUR

KRAFA VEGNA K-ÞÁTTAR

1. KAFLI

Almennar meginreglur

15. gr.

Krafa fyrir K-þátt og gildandi reiknistuðlar

1. Að því er varðar c-lið 1. mgr. 11. gr. skal krafa fyrir K-þátt nema a.m.k. samtölunni á eftirfarandi:

a) K-þáttum vegna áhættu viðskiptavinar reiknaðir út í samræmi við 2. kafla,

b) K-þáttum vegna áhættu markaðar reiknaðir út í samræmi við 3. kafla,

c) K-þáttum vegna áhættu fyrirtækis reiknaðir út í samræmi við 4. kafla.

2. Eftirfarandi reiknistuðlar skulu gilda um samsvarandi K-þætti:

Tafla 1

K-ÞÆTTIR		REIKNISTUÐLAR
Eignir í stýringu sem bæði eru í stýringu eignasafns og viðvarandi ráðgefandi fyrirkomulagi	K-AUM	0,02%
Varðveitt fé viðskiptavina	K-CMH (á aðgreindum reikningum)	0,4%
	K-CMH (ekki á aðgreindum reikningum)	0,5%
Eignir í varðveislu og umsjón	K-ASA	0,04%
Meðhöndluð fyrirmæli viðskiptavina	K-COH reiðufjárviðskipti	0,1%
	K-COH afleiður	0,01%
Daglegt viðskiptaflæði	K-DTF reiðufjárviðskipti	0,1%
	K-DTF afleiður	0,01%

3. Verðbréfafyrirtæki skulu vakta virði K-þátta sinna vegna sérhverrar þróunar sem gæti valdið verulega breyttri kröfu um eiginfjárgrunn að því er varðar 11. gr. fyrir næsta skýrslutímabil samkvæmt sjöunda hluta og skulu tilkynna lögbæru yfirvaldi sínu um þá verulega breyttu kröfu um eiginfjárgrunn.

4. Ef lögbær yfirvöld telja að orðið hafi veruleg breyting í starfsemi verðbréfafyrirtækis sem hefur áhrif á fjárhæð viðkomandi K-þáttar geta þau aðlagað viðkomandi fjárhæð í samræmi við a-lið 2. mgr. 39. gr. tilskipunar (ESB) 2019/2034.

5. Til að tryggja samræmda beitingu þessarar reglugerðar og til að taka tillit til þróunar á fjármálamörkuðum skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin, í samráði við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina, semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að:

a) tilgreina nánar aðferðirnar við að mæla K-þættina í II. bálki þriðja hluta,

b) tilgreina nánar hugtakið um aðgreinda reikninga í þessari reglugerð að því er varðar þau skilyrði sem tryggja vernd peninga viðskiptavina komi til falls verðbréfafyrirtækis,

c) tilgreina nánar leiðréttingar á reiknistuðlum K-DTF sem um getur í töflu 1 í 2. mgr. þessarar greinar komi til þess, við erfiðar markaðsaðstæður eins og um getur í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/578 ([25]), að kröfur K-DTF virðist of takmarkandi og neikvæðar með tilliti til fjármálastöðugleika.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 26. desember 2020.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

2. KAFLI

K-þættir vegna áhættu viðskiptavinar

16. gr.

Krafa fyrir K-þátt vegna áhættu viðskiptavinar

Krafa fyrir K-þátt vegna áhættu viðskiptavinar er ákvörðuð með eftirfarandi formúlu:

$$\text{K-AUM} + \text{K-CMH} + \text{K-ASA} + \text{K-COH}$$

þar sem:

K-AUM er jafnt og AUM, mælt í samræmi við 17. gr., margfaldað með samsvarandi reiknistuðli í 2. mgr. 15. gr.,

K-CMH er jafnt og CMH, mælt í samræmi við 18. gr., margfaldað með samsvarandi reiknistuðli í 2. mgr. 15. gr.

K-ASA er jafnt og ASA, mælt í samræmi við 19. gr., margfaldað með samsvarandi reiknistuðli í 2. mgr. 15. gr.

K-COH er jafnt og COH, mælt í samræmi við 20. gr., margfaldað með samsvarandi reiknistuðli í 2. mgr. 15. gr.

17. gr.

Mæling á AUM í þeim tilgangi að reikna út K-AUM

1. Í þeim tilgangi að reikna út K-AUM skal AUM vera hlaupandi meðaltal heildarvirðis eigna í stýringu á mánuði, mælt síðasta virka dag hvers næstliðinna 15 mánaða, umbreytt í starfrækslugjaldmiðil aðilans á þeim tíma, að undanskildum virðunum fyrir síðustu þrjá mánuði.

([25]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/578 frá 13. júní 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB um markaði fyrir fjármálagerninga að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina kröfurnar um viðskiptavaktarsamninga og viðskiptavaktarkerfi (Stjtíð. ESB L 87, 31.3.2017, bls. 183)

AUM skal vera meðaltal þeirra 12 mánaðargilda sem eftir standa.

K-AUM skal reiknað út fyrsta virka dag hvers mánaðar.

2. Ef verðbréfafyrirtækið hefur formlega falið öðrum fjárhagslegum aðila stýringu eigna skulu þær eignir taldar með í heildarupphæð AUM mælt í samræmi við 1. mgr.

Ef annar fjárhagslegur aðili hefur formlega falið verðbréfafyrirtækinu stýringu eigna skulu þær eignir undanskildar frá heildarfjárhæð eigna í stýringu mældum í samræmi við 1. mgr.

Ef verðbréfafyrirtæki hefur stundað eignastýringu skemur en 15 mánuði, eða hefur gert það lengur sem lítið og ótengt verðbréfafyrirtæki og fer nú yfir viðmiðunarmarkið fyrir AUM, skal það nota söguleg gögn um AUM fyrir tímabilið sem tiltekið er í 1. mgr., strax og slík gögn verða tiltæk til að reikna út K-AUM. Lögbært yfirvald getur skipt út sögulegum gagnapunktum sem vantar fyrir eftirlitsniðurstöður sem byggjast á viðskiptaspá verðbréfafyrirtækisins sem lögð var fram í samræmi við 7. gr. tilskipunar 2014/65/ESB.

18. gr.

Mæling á CMH í þeim tilgangi að reikna út K-CMH

1. Í þeim tilgangi að reikna út K-CMH skal varðveitt fé viðskiptavina vera hlaupandi meðaltal heildarvirðis varðveitts fjár viðskiptavina á dag, mælt í lok hvers virks dags fyrir næstliðna níu mánuði, að undanskildum síðustu þremur mánuðum.

CMH skal vera meðaltal daglegs virðis þá sex mánuði sem eftir standa.

K-CMH skal reiknað út fyrsta virka dag hvers mánaðar.

2. Ef verðbréfafyrirtæki hefur haft fé viðskiptavina í vörslu skemur en níu mánuði skal það nota söguleg gögn um CMH fyrir þann tíma sem tilgreindur er í 1. mgr., strax og slík gögn verða tiltæk til að reikna út K-CMH.

Lögbært yfirvald getur skipt út sögulegum gagnapunktum sem vantar fyrir eftirlitsniðurstöður sem byggjast á viðskiptaspá verðbréfafyrirtækisins sem lögð var fram í samræmi við 7. gr. tilskipunar 2014/65/ESB.

19. gr.

Mæling á ASA í þeim tilgangi að reikna út K-ASA

1. Í þeim tilgangi að reikna út K-ASA skal ASA vera hlaupandi meðaltal heildarvirðis eigna í varðveislu og umsjón á dag, mælt í lok hvers virks dags fyrir næstliðna níu mánuði, að undanskildum síðustu þremur mánuðum.

ASA skal vera meðaltal daglegs virðis þá sex mánuði sem eftir standa.

K-ASA skal reiknað út fyrsta virka dag hvers mánaðar.

2. Ef verðbréfafyrirtæki hefur formlega falið öðrum fjárhagslegum aðila það verkefni að verja og hafa umsjón með eignum, eða ef annar fjárhagslegur aðili hefur formlega falið verðbréfafyrirtækinu slík verkefni, skulu þessar eignir taldar með í heildarfjárhæð ASA sem mælt er í samræmi við 1. mgr.

3. Ef verðbréfafyrirtæki hefur haft eignir í vernd og umsjón skemur en sex mánuði skal það nota söguleg gögn um ASA fyrir tímabilið sem tilgreint er í 1. mgr., strax og slík gögn verða tiltæk til að reikna út K-ASA. Lögbært yfirvald getur skipt út sögulegum gagnapunktum sem vantar fyrir eftirlitsniðurstöður sem byggjast á viðskiptaspá verðbréfafyrirtækisins sem lögð var fram í samræmi við 7. gr. tilskipunar 2014/65/ESB.

20. gr.

Mæling á COH í þeim tilgangi að reikna út K-COH

1. Í þeim tilgangi að reikna út K-COH skal COH vera hlaupandi meðaltal heildarvirðis meðhöndlaðra fyrirmæla viðskiptavina á dag, mælt yfir hvern virkan dag næstliðinna sex mánaða, að undanskildum síðustu þremur mánuðum.

COH skal vera meðaltal daglegs virðis þá þrjá mánuði sem eftir standa.

K-COH skal reiknað út fyrsta virka dag hvers mánaðar.

2. COH skal mælt sem samtala algildis af kaupum og algildis af sölu fyrir bæði reiðufjárviðskipti og afleiður í samræmi við eftirfarandi:

a) að því er varðar reiðufjárviðskipti er virðið sú upphæð sem er greidd eða móttekin við hver viðskipti,

b) að því er varðar afleiður er virðið grundvallarfjárhæð samningsins.

Grundvallarfjárhæð vaxtaafleiðna skal leiðrétt með tilliti til þess hve langur tími (í árum) er til gjalddaga þessara samninga. Grundvallarfjárhæðin skal margfölduð með tímalengdinni sem sett er fram í eftirfarandi formúlu:

Tímalengd = tími til gjalddaga (í árum) / 10

Án þess að hafa áhrif á fimmtu undirgrein skal COH hafa að geyma viðskipti sem verðbréfafyrirtæki annast, sem veita þjónustu á sviði stýringar eignasafns fyrir hönd fjárfestingarsjóða.

Til COH skulu teljast viðskipti sem til koma vegna fjárfestingarráðgjafar sem verðbréfafyrirtæki reiknar ekki út K-AUM vegna.

Undanskilja skal frá COH viðskipti sem verðbréfafyrirtækið meðhöndlar og koma til vegna þjónustu við fjárfestingaeignasafn viðskiptavinar, ef verðbréfafyrirtækið reiknar nú þegar út K-AUM í tengslum við fjárfestingar þess viðskiptavinar eða ef þessi starfsemi tengist framsali á stýringu eigna til verðbréfafyrirtækisins, sem skv. 2. mgr. 17. gr. leggja ekkert að mörkum til AUM þess verðbréfafyrirtækis.

Undanskilja skal frá COH viðskipti sem verðbréfafyrirtækið annast í eigin nafni, hvort sem er fyrir sjálft sig eða fyrir hönd viðskiptavinar.

Verðbréfafyrirtæki mega undanskilja frá mælingunni á COH öll fyrirmæli sem ekki hafa verið framkvæmd, ef ástæðan fyrir að þau voru ekki framkvæmd er vegna þess að viðskiptavinurinn afturkallaði fyrirmælin tímanlega.

3. Ef verðbréfafyrirtæki hefur meðhöndlað fyrirmæli viðskiptavina skemur en í sex mánuði, eða ef það hefur gert það í lengri tíma sem lítið og ótengt verðbréfafyrirtæki, skal það nota söguleg gögn um COH fyrir þann tíma sem tilgreindur er í 1. mgr., strax og slík gögn verða tiltæk til að reikna út K-COH. Lögbært yfirvald getur skipt út sögulegum gagnapunktum sem vantar fyrir eftirlitsniðurstöður sem byggjast á viðskiptaspá verðbréfafyrirtækisins sem lögð var fram í samræmi við 7. gr. tilskipunar 2014/65/ESB.

3. KAFLI

K-þættir vegna áhættu markaðar

21. gr.

Krafa fyrir K-þátt vegna áhættu markaðar

1. Krafa fyrir K-þátt vegna áhættu markaðar að því er varðar veltubókarstöður verðbréfafyrirtækis sem á viðskipti fyrir eigin reikning, hvort sem er fyrir sjálft sig eða fyrir hönd viðskiptavinar, skal annaðhvort vera K-NPR reiknað út í samræmi við 22. gr. eða K-CMG reiknað út í samræmi við 23. gr.

2. Verðbréfafyrirtæki skulu stýra veltubók sinni í samræmi við 3. kafla I. bálks þriðja hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

3. Krafa fyrir K-þátt vegna áhættu markaðar á við um allar veltubókarstöður, sem telja einkum stöður í skuldagerningum (þ.m.t. verðbréfunargerningum), eiginfjárgerningum, sjóðum um sameiginlega fjárfestingu, erlendum gjaldeyri og gulli, og hrávörum (þ.m.t. losunarheimildum).

4. Í þeim tilgangi að reikna út kröfu fyrir K-þátt vegna áhættu markaðar skal verðbréfafyrirtæki telja með aðrar stöður en veltubókarstöður ef þær skapa gjaldmiðlaáhættu eða hrávöruáhættu.

22. gr.

Útreikningur á K-NPR

Í þeim tilgangi að reikna út K-NPR skal reikna út kröfu um eiginfjárgrunn fyrir veltubókarstöður verðbréfafyrirtækis sem á viðskipti fyrir eigin reikning, hvort sem er fyrir sjálft sig eða fyrir hönd viðskiptavinar, með því að nota eina af eftirfarandi aðferðum:

a) staðalaðferðina sem sett er fram í 2., 3. og 4. kafla IV. bálks þriðja hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

b) óhefðbundnu staðalaðferðina sem sett er fram í 1. kafla a IV. bálks þriðja hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

c) óhefðbundnu eiginlíkansaðferðina sem sett er fram í 1. kafla b IV. bálks þriðja hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

23. gr.

Útreikningur á K-CMG

1. Að því er varðar 21. gr. skal lögbært yfirvald heimila verðbréfafyrirtæki að reikna út K-CMG fyrir allar stöður sem falla undir stöðustofnun, eða á eignasafnsgrunni, ef allt eignasafnið fellur undir stöðustofnun eða tryggingarþekju, að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

a) verðbréfafyrirtækið er ekki hluti samstæðu sem í er lánastofnun,

b) stöðustofnun og uppgjör þessara viðskipta á sér stað á ábyrgð stöðustofnunaraðila fullgilds miðlægs mótaðila og sá stöðustofnunaraðili er lánastofnun eða verðbréfafyrirtæki sem um getur í 2. mgr. 1. gr. þessarar reglugerðar, og viðskiptin eru annaðhvort stöðustofnuð miðlægt hjá fullgildum miðlægum mótaðila eða gerð upp með öðrum hætti á grundvelli afhendingar gegn greiðslu á ábyrgð þess stöðustofnunaraðila,

c) útreikningur á heildartryggingarfénu sem stöðustofnunaraðilinn krefst byggist á tryggingarlíkani stöðustofnunaraðilans,

d) verðbréfafyrirtækið hefur sýnt lögbæru yfirvaldi fram á að valið að reikna út áhættu markaðar með K-CMG sé réttlætanlegt út frá tilteknum viðmiðunum, sem geta m.a. falist í eðli aðalstarfsemi verðbréfafyrirtækisins, sem skal fyrst og fremst vera viðskiptastarfsemi sem fellur undir stöðustofnun og tryggingarþekju á ábyrgð stöðustofnunaraðila, og að önnur starfsemi sem verðbréfafyrirtækið stundar sé óveruleg í samanburði við þessa aðalstarfsemi, og

e) lögbæra yfirvaldið hefur metið að valið á eignasafni(-söfnum) sem fellur undir K-CMG hafi ekki verið gert á óhóflegan eða varfærnislega ótraustan hátt með það fyrir augum að stunda eftirlitshögnun að því er varðar kröfurnar um eiginfjárgrunn.

Að því er varðar c-lið fyrstu undirgreinar skal lögbært yfirvald framkvæma reglubundið mat til að staðfesta að tryggingarlíkanið leiði til tryggingarkrafna sem endurspegla áhættueinkenni afurðanna sem verðbréfafyrirtækið á viðskipti með og taki tillit til tímabilsins á milli innheimtu tryggingafjár, seljanleika á markaði og möguleikans á að breytingar verði á meðan á viðskiptunum stendur.

Tryggingarkröfurnar skulu vera nægjanlegar til að ná yfir tap sem gæti leitt af a.m.k. 99% hreyfinga áhættuskuldbindinganna á viðeigandi tímabili, með eignatímabil sem er a.m.k. tveir virkir dagar. Tryggingalíkönin sem stöðustofnunaraðilinn notar til að innkalla tryggingar eins og um getur í c-lið fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar skulu alltaf vera hönnuð til að ná svipuðu varfærnistigi og krafist er í ákvæðunum um tryggingarkröfur í 41. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.

2. K-CMG skal vera þriðja hæsta fjárhæðin af samanlögðu tryggingarfé sem stöðustofnunaraðilinn krafði verðbréfafyrirtækið um á dagsgrundvelli á næstliðnum þremur mánuðum, margfölduð með stuðlinum 1,3.

3. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin, í samráði við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina, skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að tilgreina útreikninginn heildartryggingarfénu sem krafist er og reikniaðferðina á K-CMG sem um getur í 2. mgr., einkum ef K-CMG er beitt á eignasafnsgrunni, og skilyrðin fyrir uppfyllingu ákvæðanna í e-lið 1. mgr.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 26. desember 2020.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

4. KAFLI

K-þættir vegna áhættu fyrirtækis

24. gr.

Krafa fyrir K-þátt vegna áhættu fyrirtækis

Krafan fyrir K-þátt vegna áhættu fyrirtækis er ákvörðuð með eftirfarandi formúlu:

K-TCD + K-DTF + K-CON

þar sem:

K-TCD er jafnhátt fjárhæðinni sem reiknuð er út í samræmi við 26. gr.,

K-DTF er jafnt og DTF mælt í samræmi við 33. gr., margfaldað með samsvarandi reiknistuðli sem ákvarðaður er í 2. mgr. 15. gr. og

K-CON nemur fjárhæðinni sem reiknuð er í samræmi við 39. gr.

K-TCD og K-CON skulu byggjast á viðskiptum sem skráð eru í veltubók verðbréfafyrirtækis sem á viðskipti fyrir eigin reikning, hvort sem er fyrir sjálft sig eða fyrir hönd viðskiptavinar.

K-DTF skal byggjast á þeim viðskiptum sem skráð eru í veltubók verðbréfafyrirtækis sem á viðskipti fyrir eigin reikning, hvort sem er fyrir sjálft sig eða fyrir hönd viðskiptavinar, og viðskiptum sem verðbréfafyrirtæki á í við framkvæmd fyrirmæla fyrir hönd viðskiptavina í eigin nafni.

1. þáttur

Vanskil mótaðila í viðskiptum

25. gr.

Gildissvið

1. Þessi þáttur gildir um eftirfarandi samninga og viðskipti:

a) afleiðusamninga sem taldir eru upp í II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 575/2013, að undanskildum eftirfarandi samningum:

   i. afleiðusamningum sem eru beint eða óbeint stöðustofnaðir í gegnum miðlægan mótaðila ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

      — stöður og eignir verðbréfafyrirtækisins tengdar samningunum eru afmarkaðar og aðgreindar, bæði að því er varðar stöðustofnunaraðilann og miðlægan mótaðila, frá stöðum og eignum bæði stöðustofnunaraðilans og annarra viðskiptavina þess stöðustofnunaraðila og vegna þeirrar afmörkunar og aðgreiningar, eru þessar stöður og eignir gjaldþrotsvarðar samkvæmt landslögum komi til vanefnda eða ógjaldfærni stöðustofnunaraðilans eða eins eða fleiri viðskiptavina hans,

      — lög, reglugerðir, reglur og samningsbundið fyrirkomulag, sem gildir um eða er bindandi fyrir stöðustofnun araðilann, greiða fyrir flutningi staðna viðskiptavinarins tengdum þessum samningum og samsvarandi tryggingа til annars stöðustofnunaraðila innan viðeigandi áhættutímabils tryggingafjár komi til vanefnda eða ógjaldfærni upphaflega stöðustofnunaraðilans,

      — verðbréfafyrirtækið hefur fengið óháð, skriflegt og rökstutt lagalegt álit þar sem komist er að þeirri niðurstöðu að, komi til málsóknar, muni verðbréfafyrirtækið ekki bera neitt tap vegna ógjaldfærni stöðustofnunaraðila þess eða nokkurs viðskiptavinar stöðustofnunaraðila þess,

ii. afleiðusamningum sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi,

iii. afleiðusamningum sem haldið er til að áhættuverja stöðu verðbréfafyrirtækisins sem stafar af viðskiptum utan veltubókar,

b) gnóttsamninga,

c) endurhverf viðskipti,

d) viðskipti í tengslum við lántökur eða lánveitingar í verðbréfum eða hrávöru,

e) viðbótarlánveitingar vegna kaupa/sölu verðbréfa,

f) allar aðrar tegundir fjármögnunarviðskipta með verðbréf,

g) lán sem um getur í 2. lið þáttar B í I. viðauka tilskipunar 2014/65/ESB, ef verðbréfafyrirtækið annast viðskiptin í nafni viðskiptavinarins eða móttekur og framsendir fyrirmælin án þess að framkvæma þau.

Að því er varðar i. lið a-liðar fyrstu undirgreinar skulu afleiðusamningar sem beint eða óbeint eru stöðustofnaðir í gegnum fullgildan miðlægan mótaðila teljast uppfylla skilyrðin í þeim lið.

2. Viðskipti við eftirfarandi gerðir mótaðila skulu undanskilin frá útreikningi K-TCD:

a) ríkisstjórnir og seðlabanka, ef undirliggjandi áhættuskuldbindingar myndu fá 0% áhættuvog skv. 114. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

b) fjölþjóðlega þróunarbanka sem taldir eru upp í 2. mgr. 117. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

c) alþjóðastofnanir sem taldar eru upp í 118. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

3. Með fyrirvara um fyrirframsamþykki lögbærra yfirvalda getur verðbréfafyrirtæki, við útreikning á K-TCD, undanskilið viðskipti við mótaðila sem er móðurfélag þess, dótturfélag þess, dótturfélag móðurfélags þess eða fyrirtæki sem það hefur tengsl við í skilningi 7. mgr. 22. gr. tilskipunar 2013/34/ESB. Lögbær yfirvöld skulu veita samþykki sitt ef eftirtalin skilyrði eru uppfyllt:

a) mótaðilinn er lánastofnun, verðbréfafyrirtæki eða fjármálastofnun sem lýtur viðeigandi varfærniskröfum,

b) mótaðilinn er að fullu felldur inn í sömu varfærniskröfur á samstæðugrunni og verðbréfafyrirtækið í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 575/2013 eða 7. gr. þessarar reglugerðar, eða mótaðilinn og verðbréfafyrirtækið lúta eftirliti um hlítingu við eiginfjárpróf samstæðu í samræmi við 8. gr. þessarar reglugerðar,

c) mótaðilinn fellur undir sömu aðferðir við að meta, mæla og stýra áhættu og verðbréfafyrirtækið,

d) mótaðilinn er með staðfestu í sama aðildarríki og verðbréfafyrirtækið,

e) ekki eru neinar verulegar núverandi eða fyrirsjáanlegar, hagnýtar eða lagalegar hömlur á yfirfærslu fjármagns eða endurgreiðslu skulda frá mótaðilanum til verðbréfafyrirtækisins.

4. Þrátt fyrir þennan þátt getur verðbréfafyrirtæki, með fyrirvara um samþykki lögbæra yfirvaldsins, reiknað út áhættuskuldbindingavirði afleiðusamninga sem skráðir eru í II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 575/2013 og að því er varðar viðskiptin sem um getur í b- til f-lið 1. mgr. þessarar greinar, með því að beita einni þeirra aðferða sem settar eru fram í 3., 4. eða 5. þætti 6. kafla II. bálki þriðja hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og reiknað út tengdar kröfur um eiginfjárgrunn með því að margfalda áhættuskuldbindingavirðið með áhættustuðlinum sem skilgreindur er eftir tegund mótaðila eins og sett er fram í töflu 2 í 26. gr. þessarar reglugerðar.

Verðbréfafyrirtæki sem falla undir eftirlit á samstæðugrunni í samræmi við 2. kafla II. bálks fyrsta hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 geta reiknað út tengdu kröfuna um eiginfjárgrunn með því að margfalda áhættuvegnar áhættuskuldbindingar, reiknaðar út í samræmi við 1. hluta 2. kafla II. bálks þriðja hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, með 8%.

5. Þegar verðbréfafyrirtæki beita undanþágunni í 4. mgr. þessarar greinar skulu þau einnig beita leiðréttingu á útlánavirði (CVA) með því að margfalda kröfu um eiginfjárgrunn, sem reiknuð er út í samræmi við 2. mgr. þessarar greinar, með leiðréttingunni á útlánavirði í samræmi við 32. gr.

Frekar en að beita CVA-margfaldaranum geta verðbréfafyrirtæki sem falla undir eftirlit á samstæðugrunni, í samræmi við 2. kafla II. bálks fyrsta hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, reiknað út kröfur um eiginfjárgrunn fyrir leiðréttingaráhættu vegna útlánavirðis í samræmi við VI. bálk þriðja hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

26. gr.

Útreikningur á K-TCD

Í þeim tilgangi að reikna út K-TCD skal krafa um eiginfjárgrunn ákvörðuð með eftirfarandi formúlu:

$$\text{Krafa um eiginfjárgrunn} = \alpha \bullet EV \bullet RF \bullet CVA$$

þar sem:

$\alpha = 1{,}2$;

EV = áhættuskuldbindingarvirðið reiknað út í samræmi við 27. gr.,

RF = áhættustuðullinn sem skilgreindur er fyrir hverja tegund mótaðila eins og sett er fram í töflu 2, og

CVA = leiðrétting á útlánavirði sem reiknuð er út í samræmi við 32. gr.

Tafla 2

Tegund mótaðila	Áhættustuðull
Ríkisstjórnir, seðlabankar og opinberir aðilar	1,6%
Lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki	1,6%
Aðrir mótaðilar	8%

27. gr.

Útreikningur á áhættuskuldbindingarvirði

Útreikningur á áhættuskuldbindingarvirði skal ákvarðaður í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$\text{Áhættuskuldbindingarvirði} = \text{Max}(0; RC + PFE - C)$$

þar sem:

RC = endurnýjunarkostnaður eins og ákvarðaður er í 28. gr.

PFE = möguleg framtíðaráhættuskuldbinding eins og ákvörðuð er í 29. gr., og

C = trygging eins og ákvörðuð er í 30. gr.

Endurnýjunarkostnaðurinn (RC) og tryggingin (C) skulu eiga við um öll viðskipti sem um getur í 25. gr.

Möguleg framtíðaráhættuskuldbinding (PFE) á aðeins við um afleiðusamninga.

Verðbréfafyrirtæki getur reiknað út eitt áhættuskuldbindingarvirði á skuldajöfnunarstigi fyrir öll viðskipti sem falla undir samningsbundna skuldajöfnun, að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í 31. gr. Ef eitthvað af þessum skilyrðum er ekki uppfyllt skal verðbréfafyrirtækið meðhöndla hver viðskipti eins og þau væru þess eigið skuldajöfnunarsafn.

28. gr.

Endurnýjunarkostnaður (RC)

Endurnýjunarkostnaðurinn sem um getur í 27. gr. skal ákvarðaður á eftirfarandi hátt:

a) fyrir afleiðusamninga er endurnýjunarkostnaður ákvarðaður sem CMV,

b) fyrir gnóttsamninga er endurnýjunarkostnaður ákvarðaður sem uppgjörsfjárhæðin í reiðufé sem verðbréfafyrirtækið á að greiða eða taka á móti við uppgjör; viðskiptakröfu skal meðhöndla sem jákvæða fjárhæð og viðskiptaskuld skal meðhöndla sem neikvæða fjárhæð,

c) fyrir endurhverf viðskipti og verðbréfa- eða hrávörulánveitingar eða -lántökur er endurnýjunarkostnaður ákvarðaður sem sú upphæð reiðufjár sem er lánuð eða tekin að láni; reiðufé sem verðbréfafyrirtæki lánar skal meðhöndla sem jákvæða fjárhæð og reiðufé sem verðbréfafyrirtæki fær að láni skal meðhöndla sem neikvæða fjárhæð,

d) fyrir fjármögnunarviðskipti með verðbréf, ef báðir leggir viðskiptanna eru verðbréf ákvarðast endurnýjunarkostnaður af CMV verðbréfsins sem verðbréfafyrirtækið lánar; hækka skal CMV með því að nota samsvarandi aðlögun vegna óstöðugleika í töflu 4 í 30. gr.,

e) fyrir viðbótarlánveitingu vegna kaupa/sölu verðbréfa og lána sem um getur í g-lið 1. mgr. 25. gr. ákvarðast endurnýjunarkostnaður af bókfærðu virði eignarinnar í samræmi við viðeigandi reikningsskilaumgjörð.

29. gr.

Möguleg framtíðaráhættuskuldbinding

1. Möguleg framtíðaráhættuskuldbinding sem um getur í 27. gr. skal reiknuð út fyrir hverja afleiðu sem margfeldi af:

a) raunverulegri grundvallarfjárhæð viðskiptanna, sem ákvörðuð er í samræmi við 2. til 6. mgr. þessarar greinar, og

b) eftirlitsstuðlinum sem ákvarðaður er í samræmi við 7. mgr. þessarar greinar.

2. Raunveruleg grundvallarfjárhæð skal vera margfeldi af grundvallarfjárhæðinni, reiknaðri út í samræmi við 3. mgr., tímalengd hennar, reiknaðri út í samræmi við 4. mgr., og eftirlitsdeltastuðli hennar, reiknuðum út í samræmi við 6. mgr.

3. Grundvallarfjárhæðin skal ákvörðuð á eftirfarandi hátt nema hún sé skýrt tiltekin og föst fram að gjalddaga:

a) fyrir gjaldeyrisafleiðusamninga er grundvallarfjárhæðin skilgreind sem grundvallarfjárhæðin á legg erlends gjaldmiðils samningsins, umbreyttri í gjaldmiðil heimalandsins; ef báðir leggir gjaldeyrisafleiðu eru gefnir upp í öðrum gjaldmiðlum en gjaldmiðli heimalands er grundvallarfjárhæð hvors leggs umbreytt í gjaldmiðil heimalandsins og leggurinn með hærri fjárhæð í heimagjaldmiðli er grundvallarfjárhæðin,

b) fyrir hlutabréfa- og hrávöruafleiðusamninga og losunarheimildir og afleiður þeirra er grundvallarfjárhæðin skilgreind sem margfeldi markaðsverðs einnar einingar gerningsins og þess fjölda eininga sem vísað er til í viðskiptunum,

c) fyrir viðskipti með fleiri ágóðamöguleika sem eru háðir aðstæðum, þ.m.t. stafræna valrétti (e. *digital options*) eða framvirka samninga með hagstæðari innlausn (e. *target redemption forwards*), skal verðbréfafyrirtæki reikna út grundvallarfjárhæðina fyrir hverjar aðstæður og nota hæstu útkomuna,

d) ef grundvallarfjárhæðin er formúla af markaðsvirði skal verðbréfafyrirtækið nota CMV til að ákvarða grundvallarfjárhæð viðskipanna,

e) fyrir skiptasamninga með breytilega grundvallarfjárhæð, s.s. afskriftar- eða uppsöfnunarskiptasamninga, skulu verðbréfafyrirtæki nota meðalgrundvallarfjárhæð yfir eftirstandandi líftíma skiptasamningsins sem grundvallarfjárhæð viðskiptanna,

f) voguðum skiptasamningum skal umbreytt í grundvallarfjárhæðina á samsvarandi óvoguðum skiptasamningi svo að fyrir alla vexti í skiptasamningi sem margfaldaðir eru með stuðli, er tilgreinda grundvallarfjárhæðin margfölduð með stuðlinum á vextina til að ákvarða grundvallarfjárhæðina,

g) fyrir afleiðusamninga með mörgum skiptum á höfuðstól skal grundvallarfjárhæðin margfölduð með fjölda skiptanna á höfuðstól í afleiðusamningnum til að ákvarða grundvallarfjárhæðina.

4. Grundvallarfjárhæð vaxtasamninga og lánaafleiðusamninga fyrir tímann (í árum) til gjalddaga þessara samninga skal leiðrétt í samræmi við tímalengdina, sett fram í eftirfarandi formúlu:

Tímalengd = (1 – exp(–0,05 • tími til gjalddaga)) / 0,05

Að því er varðar aðra afleiðusamninga en vaxtasamninga og lánaafleiðusamninga skal tímalengdin vera 1.

5. Gjalddagi samnings skal vera síðasti dagurinn sem enn er hægt að efna samninginn.

Ef afleiðan vísar til virðis annars vaxta- eða lánagernings skal tímabilið ákvarðað á grundvelli undirliggjandi gernings.

Að því er varðar valrétti skal gjalddaginn vera síðasti samningsbundni nýtingardagurinn sem tiltekinn er í samningnum.

Að því er varðar afleiðusamninga sem eru samsettir þannig að á tilteknum dögum séu allar útistandandi áhættuskuldbindingar gerðar upp og skilmálarnir endurstilltir þannig að gangvirði samningsins verði núll, skal líftíminn sem eftir er vera jafnlangur tímanum til næsta endurstillingardags.

6. Verðbréfafyrirtækið getur sjálft reiknað út eftirlitsdeltastuðulinn fyrir valréttina og skiptiréttina með því að nota viðeigandi líkan, með fyrirvara um samþykki lögbærra yfirvalda. Í líkaninu skal tíðni breytinga á virði valréttarins áætluð með tilliti til lítilla breytinga á markaðsvirði undirliggjandi gernings. Að því er varðar viðskipti önnur en valrétti og skiptirétti eða ef lögbær yfirvöld hafa ekki samþykkt neitt líkan skal deltastuðullinn vera 1.

7. Eftirlitsstuðullinn fyrir hvern eignaflokk skal ákvarðaður í samræmi við eftirfarandi töflu:

Tafla 3

Eignaflokkur	Eftirlitsstuðull
Vextir	0,5%
Erlendur gjaldeyrir	4%
Lán	1%
Hlutabréf eins aðila	32%
Hlutabréfavísitala	20%
Hrávörur og losunarheimildir	18%
Annað	32%

8. Möguleg framtíðaráhættuskuldbinding vegna skuldajöfnunarsafns er samtala af mögulegum framtíðaráhættuskuldbindingum allra viðskipta sem innifalin eru í skuldajöfnunarsafninu, margfölduð með:

a) 0,42, fyrir skuldajöfnunarsöfn viðskipta við fjárhagslega og ófjárhagslega mótaðila þar sem skipst er á tryggingum tvíhliða við mótaðilann, ef þess er krafist, í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012,

b) 1 fyrir önnur skuldajöfnunarsöfn.

30. gr.

Veðtrygging

1. Allar veðtryggingar fyrir bæði tvíhliða og stöðustofnuð viðskipti sem um getur í 25. gr. skulu falla undir aðlögun vegna óstöðugleika í samræmi við eftirfarandi töflu:

Tafla 4

Eignaflokkur		Aðlögun vegna óstöðugleika fyrir endurhverf viðskipti	Aðlögun vegna óstöðugleika fyrir önnur viðskipti
Skuldabréf gefin út af ríkisstjórnum eða seðlabönkum	≤ 1 ár	0,707%	1%
	> 1 ár ≤ 5 ár	2,121%	3%
	> 5 ár	4,243%	6%
Skuldabréf gefin út af öðrum aðilum	≤ 1 ár	1,414%	2%
	> 1 ár ≤ 5 ár	4,243%	6%
	> 5 ár	8,485%	12%
Verðbréfaðar stöður	≤ 1 ár	2,828%	4%
	> 1 ár ≤ 5 ár	8,485%	12%
	> 5 ár	16,970%	24%
Skráð hlutabréf og breytanleg bréf		14,143%	20%
Önnur verðbréf og hrávörur		17,678%	25%
Gull		10,607%	15%
Reiðufé		0%	0%

Að því er varðar töflu 4 skulu verðbréfaðar stöður ekki ná yfir endurverðbréfaðar stöður.

Lögbær yfirvöld geta breytt aðlögun vegna óstöðugleika fyrir tilteknar gerðir hrávöru þar sem verðóstöðugleiki er á öðru stigi. Þau skulu tilkynna Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni um slíkar ákvarðanir ásamt ástæðum breytinganna.

2. Virði tryggingarinnar skal ákvarðast á eftirfarandi hátt:

a) að því er varðar a-, e- og g-lið 1. mgr. 25. gr., af tryggingarfjárhæðinni sem verðbréfafyrirtækið tekur við frá mótaðila sínum, lækkaðri í samræmi við töflu 4,

b) að því er varðar viðskiptin sem um getur í b-, c-, d- og f-lið 1. mgr. 25. gr., af samtölunni á CMV verðbréfaleggsins og hreinu tryggingarfjárhæðinni sem verðbréfafyrirtækið leggur fram eða tekur við.

Að því er varðar fjármögnunarviðskipti með verðbréf, ef báðir leggir viðskiptanna eru verðbréf, er trygging ákvörðuð af CMV verðbréfsins sem verðbréfafyrirtækið fær að láni.

Ef verðbréfafyrirtækið kaupir eða hefur lánað verðbréfið skal CMV verðbréfsins meðhöndlað sem neikvæð fjárhæð og skal lækkað í enn neikvæðari fjárhæð með því að nota aðlögun vegna óstöðugleika í töflu 4. Ef verðbréfafyrirtækið selur eða fær að láni verðbréfið skal CMV verðbréfsins meðhöndlað sem jákvæð fjárhæð og skal hún lækkuð með því að nota aðlögun vegna óstöðugleika í töflu 4.

Ef mismunandi tegundir viðskipta falla undir samningsbundna skuldajöfnun skal, að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í 31. gr., beita aðlögun vegna óstöðugleika fyrir „önnur viðskipti“ í töflu 4 á viðkomandi fjárhæðir sem reiknaðar eru út skv. a- og b-lið fyrstu undirgreinar, á grundvelli útgefanda innan hvers eignaflokks.

3. Ef gjaldmiðlamisvægi er milli viðskiptanna og veðtryggingarinnar sem tekið er við eða lögð er fram skal til viðbótar beita 8% aðlögun vegna óstöðugleika vegna gjaldmiðlamisvægis.

31. gr.

Skuldajöfnun

Að því er þennan þátt varðar geta verðbréfafyrirtæki, í fyrsta lagi, meðhöndlað nákvæmlega samsvarandi samninga sem teknir eru með í skuldajöfnunarsamninginn, eins og þeir væru einn samningur með grundvallarfjárhæð sem jafngildir hreinum tekjum, í öðru lagi, skuldajafnað önnur viðskipti sem falla undir skuldskeytingu þar sem allar skuldbindingar milli verðbréfafyrirtækisins og mótaðila þess eru sjálfkrafa sameinaðar á þann hátt að með skuldskeytingunni er skipt út með lagalegum hætti einni hreinni fjárhæð fyrir fyrri vergar skuldbindingar, og í þriðja lagi, skuldajafnað önnur viðskipti þar sem verðbréfafyrirtækið tryggir að eftirfarandi skilyrði hafi verið uppfyllt:

a) gerður hefur verið skuldajöfnunarsamningur við mótaðila eða annar samningur sem skapar eina ákveðna lagaskyldu sem tekur til allra innifalinna viðskipta, þannig að verðbréfafyrirtækið eigi einungis heimtingu á að taka við eða beri skylda til að greiða hreina fjárhæð jákvæðs og neikvæðs markaðsvirðis einstakra innifalinna viðskipta, komi til þess að mótaðili standi ekki við skuldbindingar sínar vegna einhvers eftirfarandi:

   i. vanefnda,

   ii. gjaldþrots,

   iii. slitameðferðar eða

   iv. svipaðra aðstæðna,

b) skuldajöfnunarsamningurinn hefur ekki að geyma nein ákvæði sem, komi til vanskila mótaðila, heimila mótaðila sem ekki er í vanskilum að inna einungis takmarkaðar eða alls engar greiðslur af hendi til bús vanskilaaðilans, jafnvel þótt vanskilaaðilinn sé hreinn lánardrottinn,

c) verðbréfafyrirtækið hefur fengið óháð, skriflegt og rökstutt, lagalegt álit um að, komi til málsóknar vegna skuldajöfnunarsamningsins, myndu kröfur og skuldir verðbréfafyrirtækisins vera jafngildar þeim sem um getur í a-lið samkvæmt eftirfarandi lagareglum:

   i. lögum í landinu þar sem mótaðilinn er stofnsettur,

   ii. ef erlent útibú mótaðila á í hlut, lögum í lögsögunni þar sem útibúið er staðsett,

   iii. lögum sem gilda um tiltekin viðskipti sem innifalin eru í skuldajöfnunarsamningnum eða

   iv. lögum sem gilda um sérhvern samning eða samkomulag sem þarf að vera fyrir hendi til að unnt sé að framkvæma skuldajöfnunina.

32. gr.

Leiðrétting á útlánavirði

Að því er varðar þennan þátt merkir CVA aðlögun verðbréfasafnsins að miðmarkaðsvirði (e. *mid-market valuation*) með mótaðila sem endurspeglar CMV útlánaáhættu mótaðilans gagnvart verðbréfafyrirtækinu, en endurspeglar ekki gildandi CMV verðbréfafyrirtækisins gagnvart mótaðilanum.

CVA skal vera 1,5 fyrir öll viðskipti önnur en eftirfarandi viðskipti, þar sem CVA skal vera 1:

a) viðskipti við ófjárhagslega mótaðila eins og þeir eru skilgreindir í 9. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, eða við ófjárhagslega mótaðila með staðfestu í þriðja landi, ef viðskiptin fara ekki yfir viðmiðunarfjárhæð stöðustofnunar eins og tilgreint er í 3. og 4. mgr. 10. gr. þeirrar reglugerðar,

b) viðskipti innan samstæðu eins og kveðið er á um í 3. gr. reglugerðar (ESB) 648/2012,

c) gnóttsamninga,

d) fjármögnunarviðskipti með verðbréf, þ.m.t. viðbótarlánveiting vegna kaupa/sölu verðbréfa, nema lögbært yfirvald ákveði að áhættuskuldbindingar verðbréfafyrirtækisins vegna CVA sem leiða af þeim viðskiptum, séu verulegar, og

e) lán sem um getur í g-lið 1. mgr. 25. gr.

2. þáttur

Daglegt viðskiptaflæði

33. gr.

Mæling á DTF í þeim tilgangi að reikna út K-DTF

1. Í þeim tilgangi að reikna út K-DTF skal DTF vera hlaupandi meðaltal heildarvirðis viðskiptaflæðis á dag, mælt yfir hvern virkan dag næstliðinna níu mánaða, að undanskildum síðustu þremur mánuðum.

DTF skal vera meðaltal daglegs virðis þá sex mánuði sem eftir standa.

K-DTF skal reiknað út fyrsta virka dag hvers mánaðar.

2. DTF skal mælt sem samtala algildis af kaupum og algildis af sölu fyrir bæði reiðufjárviðskipti og afleiður í samræmi við eftirfarandi:

a) að því er varðar reiðufjárviðskipti er virðið sú upphæð sem er greidd eða móttekin við hver viðskipti,

b) að því er varðar afleiður er virðið grundvallarfjárhæð samningsins.

Grundvallarfjárhæð vaxtaafleiðna skal leiðrétt með tilliti til þess hve langur tími (í árum) er til gjalddaga þessara samninga. Grundvallarfjárhæðin skal margfölduð með tímalengdinni sem sett er fram í eftirfarandi formúlu:

Tímalengd = tími til gjalddaga (í árum) / 10

3. Undanskilja skal frá DTF viðskipti sem verðbréfafyrirtæki annast vegna þjónustu við stýringu eignasafns fyrir hönd fjárfestingarsjóða.

Til DTF skal telja viðskipti sem verðbréfafyrirtækið annast í eigin nafni, annaðhvort fyrir sjálft sig eða fyrir hönd viðskiptavinar.

4. Ef verðbréfafyrirtæki hefur haft daglegt viðskiptaflæði skemur en níu mánuði skal það nota söguleg gögn um daglegt viðskiptaflæði fyrir þann tíma sem tilgreindur er í 1. mgr., strax og slík gögn verða tiltæk til að reikna út K-DTF. Lögbært yfirvald getur skipt út sögulegum gagnapunktum sem vantar fyrir eftirlitsniðurstöður sem byggjast á viðskiptaspá verðbréfafyrirtækisins sem lögð var fram í samræmi við 7. gr. tilskipunar 2014/65/ESB.

5. KAFLI

Umhverfisleg og félagsleg markmið

34. gr.

Varfærnismeðferð á eignum sem útsettar eru fyrir starfsemi sem tengist umhverfislegum eða félagslegum markmiðum

1. Að höfðu samráði við Evrópska kerfisáhætturáðið skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin meta, á grundvelli tiltækra gagna og niðurstaðna háttsettra sérfræðinga framkvæmdastjórnarinnar um sjálfbær fjármál, hvort sérstök varfærnismeðferð á eignum sem útsettar eru fyrir starfsemi sem tengist að verulegu leyti umhverfislegum og félagslegum markmiðum, í formi leiðréttra K-þátta eða leiðréttra reiknistuðla K-þátta, væri réttlætanleg frá varfærnissjónarmiði. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal einkum meta eftirfarandi atriði:

a) aðferðafræðilega valkosti fyrir mat á hvernig eignaflokkar snerta starfsemi sem tengist að verulegu leyti umhverfislegum eða félagslegum markmiðum,

b) sértæk áhættusnið eigna sem eru útsettar fyrir starfsemi sem tengist að verulegu leyti umhverfislegum eða félagslegum markmiðum,

c) áhættu sem tengjast afskriftum á eignum vegna reglubreytinga, s.s. aðgerða gegn loftslagsbreytingum,

d) möguleg áhrif af sérstakri varfærnismeðferð á eignum sem útsettar eru fyrir starfsemi sem tengist að verulegu leyti umhverfislegum eða félagslegum markmiðum á fjármálastöðugleika.

2. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal, eigi síðar 26. desember 2021, leggja fram skýrslu til Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar um niðurstöður sínar.

3. Á grundvelli skýrslunnar sem um getur í 2. mgr., skal framkvæmdastjórnin, ef við á, leggja tillögu að nýrri löggjöf fyrir Evrópuþingið og ráðið.

FJÓRÐI HLUTI

SAMÞJÖPPUNARÁHÆTTA

35. gr.

Vöktunarskylda

1. Verðbréfafyrirtæki skulu vakta og stýra samþjöppunaráhættu sinni í samræmi við þennan hluta með traustum stjórnunar- og bókhaldsaðferðum og öflugu innra eftirlitskerfi.

2. Að því er þennan hluta varðar skulu hugtökin „lánastofnun“ og „verðbréfafyrirtæki“ ná yfir einkarekin og opinber fyrirtæki, þ.m.t. útibú slíkra fyrirtækja, að því tilskildu að ef þessi fyrirtæki væru með staðfestu í Sambandinu væru þau lánastofnanir eða verðbréfafyrirtæki eins og þau er skilgreind í þessari reglugerð og að því tilskildu að þessi fyrirtæki hafi starfsleyfi í þriðja landi sem beitir a.m.k. jafngildum kröfum um varfærniseftirlit og kröfum samkvæmt reglum og þeim sem beitt er í Sambandinu.

36. gr.

Útreikningur á áhættuskuldbindingarvirðinu

1. Verðbréfafyrirtæki sem ekki uppfylla skilyrði til að teljast lítil og ótengd verðbréfafyrirtæki eins og sett er fram í 1. mgr. 12. gr. skulu við beitingu þessa hlutar reikna út áhættuskuldbindingarvirðið að því er varðar viðskiptavin eða hóp tengdra viðskiptavina með því að leggja saman eftirfarandi liði:

a) jákvæðan mismun á gnóttstöðum verðbréfafyrirtækis umfram skortstöður hennar í öllum fjármálagerningum í veltubókinni sem viðkomandi viðskiptavinur gefur út, þar sem hrein staða í hverjum gerningi er reiknuð út í samræmi við ákvæðin sem um getur a-, b- og c-lið 22. gr.,

b) áhættuskuldbindingarvirði samninga og viðskipta sem um getur í 1. mgr. 25. gr. við viðkomandi viðskiptavin, reiknað út á þann hátt sem mælt er fyrir um í 27. gr.

Í tengslum við a-lið fyrstu undirgreinar skal verðbréfafyrirtæki sem, varðandi kröfuna fyrir K-þátt vegna áhættu markaðar, reiknar út kröfur um eiginfjárgrunn fyrir veltubókarstöðurnar í samræmi við aðferðina sem tilgreind er í 23. gr., reikna út hreina stöðu að því er varðar samþjöppunaráhættu þessara staðna í samræmi við ákvæðin sem um getur í a-lið 22. gr.

Að því er varðar b-lið fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar skal verðbréfafyrirtæki sem, varðandi K-TCD, reiknar út kröfur eiginfjárgrunn með því að beita aðferðunum sem um getur í 4. mgr. 25. gr. þessarar reglugerðar, reikna út áhættuskuldbindingarvirði samninga og viðskipta sem um getur í 1. mgr. 25. gr. þessarar reglugerðar með því að beita aðferðunum í 3., 4. eða 5. þætti 6. kafla II. bálks þriðja hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

2. Áhættuskuldbindingarvirðið með tilliti til hóps tengdra viðskiptavina skal reiknað út með því að leggja saman áhættuskuldbindingar vegna einstakra viðskiptavina inna hópsins, og meðhöndla sem eina áhættuskuldbindingu.

3. Við útreikning á áhættuskuldbindingarvirði að því er varðar viðskiptavin eða hóp tengdra viðskiptavina skal verðbréfa fyrirtæki gera allar viðeigandi ráðstafanir til að auðkenna undirliggjandi eignir í viðkomandi viðskiptum og mótaðilana á hinum undirliggjandi áhættuskuldbindingum.

37. gr.

Mörk að því er varðar samþjöppunaráhættu og umframáhættuskuldbindingarvirði

1. Mörk verðbréfafyrirtækis að því er varðar samþjöppunaráhættu áhættuskuldbindingarvirðis vegna einstaks viðskiptavinar eða hóps tengdra viðskiptavina skal vera 25% af eiginfjárgrunni þess.

Ef sá einstaki viðskiptavinur er lánastofnun eða verðbréfafyrirtæki, eða ef ein eða fleiri lánastofnanir eða verðbréfafyrirtæki eru í hópi tengdra viðskiptavina, skulu mörk samþjöppunaráhættu vera annaðhvort 25% af eiginfjárgrunni verðbréfafyrirtækisins eða 150 milljónir evra, hvort sem er hærra, að því tilskildu að mörk samþjöppunaráhættu, að því er varðar samanlagt áhættuskuldbindingarvirði vegna allra tengdra viðskiptavina sem eru ekki lánastofnanir eða verðbréfafyrirtæki, sé áfram 25% af eiginfjárgrunni verðbréfafyrirtækjanna.

Ef 150 milljónir evra er hærri fjárhæð en 25% af eiginfjárgrunni verðbréfafyrirtækisins skulu mörkin að því er varðar samþjöppunaráhættu ekki fara yfir 100% af eiginfjárgrunni verðbréfafyrirtækisins.

2. Ef farið er yfir mörkin sem um getur í 1. mgr. skal verðbréfafyrirtæki uppfylla tilkynningarskylduna sem sett er fram í 38. gr. og uppfylla kröfu um eiginfjárgrunn fyrir umframáhættuskuldbindingarvirðið í samræmi við 39. gr.

Verðbréfafyrirtæki skal reikna út umframáhættuskuldbindingarvirði að því er varðar einstakan viðskiptavin eða hóp tengdra viðskiptavina í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$\text{Umframáhættuskuldbindingarvirði} = EV - L$$

þar sem:

EV = áhættuskuldbindingarvirði reiknað út á þann hátt sem mælt er fyrir um í 36. gr. og

L = mörk að því er varðar samþjöppunaráhættu eins og ákvarðað er í 1. mgr. þessarar greinar.

3. Áhættuskuldbindingarvirðið að því er varðar einstakan viðskiptavin eða hóp tengdra viðskiptavina skal ekki fara yfir:

a) 500% af eiginfjárgrunni verðbréfafyrirtækisins, ef 10 dagar eða færri hafa liðið frá því að farið var yfir mörkin,

b) samanlagt, 600% af eiginfjárgrunni verðbréfafyrirtækisins, fyrir sérhvert skipti að farið var yfir mörkin sem hefur varað lengur en 10 daga.

38. gr.

Tilkynningarskylda

1. Ef farið er yfir mörkin sem um getur í 37. gr. skal verðbréfafyrirtæki tilkynna án tafar lögbærum yfirvöldum um umframfjárhæðina, nafn hlutaðeigandi einstaks viðskiptavinar og, ef við á, heiti viðkomandi hóps tengdra viðskiptavina.

2. Lögbær yfirvöld geta veitt verðbréfafyrirtæki afmarkaðan tíma til að uppfylla mörkin sem um getur í 37. gr.

39. gr.

Útreikningur á K-CON

1. Krafan um eiginfjárgrunn fyrir K-CON skal vera samanlögð fjárhæð krafnanna um eiginfjárgrunn, reiknuð út fyrir hvern viðskiptavin eða hóp tengdra viðskiptavina, sem krafan um eiginfjárgrunn í viðeigandi línu í 1. dálki í töflu 6 stendur fyrir hluta af samanlögðum einstökum umframfjárhæðum, margfölduðum með:

a) 200%, ef umframfjárhæðin hefur ekki verið til lengur en í 10 daga,

b) samsvarandi stuðli í 2. dálki í töflu 6 eftir 10 daga tímabil, reiknuð frá þeim degi sem farið var yfir mörkin, með því að útdeila hverjum hluta umframfjárhæðarinnar á viðkomandi línu í 1. dálki í töflu 6.

2. Reikna skal kröfu um eiginfjárgrunn fyrir umframfjárhæðina sem um getur í 1. mgr. í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$\mathrm{OFRE} = \frac{\mathrm{OFR}}{\mathrm{EV}} \cdot \mathrm{EVE}$$

þar sem:

OFRE = krafa um eiginfjárgrunn fyrir umframfjárhæðina,

OFR = krafa um eiginfjárgrunn fyrir áhættuskuldbindingar vegna einstaks viðskiptavinar eða hóps tengdra viðskiptavina, reiknuð út með því að leggja saman kröfur um eiginfjárgrunn fyrir áhættuskuldbindingarnar vegna einstakra viðskiptavina innan hópsins, sem meðhöndla skal sem eina áhættuskuldbindingu,

EV = áhættuskuldbindingarvirði reiknað út á þann hátt sem mælt er fyrir um í 36. gr.,

EVE = umframfjárhæð áhættuskuldbindingarvirðis reiknað út á þann hátt sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 37. gr.

Í þeim tilgangi að reikna út K-CON skulu kröfur um eiginfjárgrunn sem leiða af jákvæðum mismun á gnóttstöðum verðbréfafyrirtækis umfram skortstöður hennar í öllum fjármálagerningum í veltubókinni sem viðkomandi viðskiptavinur gefur út, þar sem hrein staða í hverjum gerningi, reiknuð út í samræmi við ákvæðin sem um getur a-, b- og c-lið 22. gr., skal eingöngu innihalda kröfur vegna sértækrar áhættu.

Verðbréfafyrirtæki sem, að því er varðar kröfuna fyrir K-þátt vegna áhættu markaðar, reiknar út kröfur um eiginfjárgrunn fyrir veltubókarstöður í samræmi við aðferðina sem tilgreind er í 23. gr., skal reikna út kröfuna um eiginfjárgrunn fyrir áhættuskuldbindingar að því er varðar samþjöppunaráhættu þessara staðna í samræmi við ákvæðin sem um getur í a-lið 22. gr.

Tafla 6

1. dálkur: Umframáhættuskuldbindingarvirði sem hundraðshluti af eiginfjárgrunni	2. dálkur: Stuðlar
Allt að 40%	200%
Frá 40% til 60%	300%
Frá 60% til 80%	400%
Frá 80% til 100%	500%
Frá 100% til 250%	600%
Yfir 250%	900%

40. gr.

Verklagsreglur til að koma í veg fyrir að verðbréfafyrirtæki komist hjá kröfu um eiginfjárgrunn fyrir K-CON

1. Verðbréfafyrirtæki skulu ekki tímabundið flytja áhættuskuldbindingar sem eru umfram mörkin sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 37. gr. til annars fyrirtækis, hvort sem er innan sömu samstæðu eða ekki, eða eiga sýndarviðskipti til að gera upp þær áhættuskuldbindingar á 10 daga tímabilinu sem um getur í 39. gr. og stofna nýjar áhættuskuldbindingar.

2. Verðbréfafyrirtæki skulu hafa yfir að ráða kerfum sem tryggja að tilfærsla eins og um getur í fyrstu málsgrein sé þegar í stað tilkynnt lögbærum yfirvöldum.

41. gr.

Undanþágur

1. Eftirfarandi áhættuskuldbindingar skulu undanþegnar kröfunum sem settar eru fram í 37. gr.

a) áhættuskuldbindingar sem í heild eru dregnar frá eiginfjárgrunni verðbréfafyrirtækis,

b) áhættuskuldbindingar sem stofnað er til við venjubundið uppgjör greiðsluþjónustu, viðskipta í erlendum gjaldmiðli, verðbréfaviðskipta og millifærslu peninga,

c) áhættuskuldbindingar sem mynda kröfur á:

   i. ríkisstjórnir, seðlabanka, opinbera aðila, alþjóðastofnanir eða fjölþjóðlega þróunarbanka og áhættuskuldbindingar sem tryggðar eru af slíkum aðilum eða sem rekja má til slíkra aðila, ef þær áhættuskuldbindingar fá 0% áhættuvog skv. 114.–118. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

   ii. héraðsstjórnir og staðaryfirvöld landa sem eru aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu,

   iii. miðlæga mótaðila og framlög í vanskilasjóð miðlægra mótaðila.

2. Lögbærum yfirvöldum er heimilt, að einhverju eða öllu leyti, að undanskilja eftirfarandi áhættuskuldbindingar frá beitingu 37. gr.:

a) sértryggð skuldabréf,

b) áhættuskuldbindingar sem verðbréfafyrirtæki stofnar til vegna móðurfélags síns, annarra dótturfélaga þess móðurfélags eða eigin dótturfélaga, að því marki sem þau fyrirtæki lúta eftirliti á samstæðugrunni í samræmi við 7. gr. þessarar reglugerðar eða reglugerð (ESB) nr. 575/2013, lúta eftirliti um hlítingu við eiginfjárpróf samstæðu í samræmi við 8. gr. þessarar reglugerðar, eða lúta eftirliti í samræmi við sambærilega staðla sem gilda í þriðja landi, og að því tilskildu að eftirtalin skilyrði séu uppfyllt:

   i. ekki eru neinar verulegar núverandi eða fyrirsjáanlegar, hagnýtar eða lagalegar hömlur á því að móðurfélagið yfirfæri fjármagn eða endurgreiði skuldir með skjótum hætti, og

   ii. aðferðir móðurfélagsins við að meta, mæla og stýra áhættu nái til aðilans á fjármálamarkaði.

42. gr.

Undanþágur fyrir miðlara hrávöru og losunarheimilda

1. Ákvæði þessa hluta skulu ekki eiga við um miðlara hrávöru og losunarheimilda ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) hinn mótaðilinn er ófjárhagslegur mótaðili,

b) báðir mótaðilar falla undir viðeigandi miðlægar aðferðir við að meta, mæla og stýra áhættu,

c) telja má að viðskiptin dragi úr áhættu sem tengist beint viðskiptastarfsemi eða lausafjárfjármögnun hins ófjárhagslega mótaðila eða þeirrar samstæðu.

2. Verðbréfafyrirtæki skulu tilkynna lögbæru yfirvaldi áður en þau beita undanþágunni sem um getur í 1. mgr.

FIMMTI HLUTI

LAUSAFJÁRSTAÐA

43. gr.

Lausafjárkrafa

1. Verðbréfafyrirtæki skulu eiga lausafjáreignir sem samsvara a.m.k. einum þriðja af kröfu um fastan kostnað, reiknað út í samræmi við 1. mgr. 13. gr.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar geta lögbær yfirvöld undanþegið verðbréfafyrirtæki sem uppfylla skilyrði til að teljast lítil og ótengd verðbréfafyrirtæki, eins og sett er fram í 1. mgr. 12. gr., frá beitingu fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar og skulu þau upplýsa Evrópsku bankaeftirlitsstofnunin um það á viðeigandi hátt.

Að því er varðar fyrstu undirgrein skulu lausafjáreignir vera allt af eftirfarandi, án takmarkana á samsetningu þeirra:

a) eignirnar sem um getur í 10.–13. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/61 að uppfylltum sömu skilyrðum um hæfisviðmiðanir og sama gildandi frádrag og það sem mælt er fyrir um í þeim greinum,

b) eignirnar sem um getur í 15. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/61, upp að heildarfjárhæð sem nemur 50 milljónum evra eða samsvarandi fjárhæð í heimagjaldmiðli, að uppfylltum sömu skilyrðum um hæfisviðmiðanir, að undanskilinni 500 milljóna evra viðmiðunarfjárhæðinni sem um getur í 1. mgr. 15. gr. þeirrar reglugerðar, og sama gildandi frádrag og mælt er fyrir um í þeirri grein,

c) fjármálagerningar sem ekki falla undir a- og b-lið þessarar undirgreinar, sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi og hafa virkan markað eins og skilgreint er í 17. lið 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 og í 1.–5. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/567 ([26]),og sæta frádragi sem nemur 55%,

d) kvaðalausar skammtímainnstæður hjá lánastofnun.

2. Reiðufé, skammtímainnstæður og fjármálagerningar sem tilheyra viðskiptavinum, jafnvel þó þeim sé haldið í eigin nafni verðbréfafyrirtækisins, skal ekki meðhöndla sem lausafjáreignir að því er varðar 1. mgr.

3. Að því er varðar 1. mgr. þessarar greinar geta verðbréfafyrirtæki sem uppfylla skilyrðin til að teljast lítil og ótengd verðbréfafyrirtæki í 1. mgr. 12. gr. þessarar reglugerðar og verðbréfafyrirtæki sem uppfylla ekki skilyrðin til að teljast lítil og ótengd verðbréfafyrirtæki í 1. mgr. 12. gr. þessarar reglugerðar en sem stunda enga þá starfsemi sem um getur í 3. og 6. lið þáttar A í I. viðauka við tilskipun 2014/65/ESB, einnig talið viðskiptakröfur sem og óinnheimtar þóknanir og umboðslaun sem greiðast skulu innan 30 daga til lausafjáreigna sinna, ef þessar kröfur uppfylla eftirfarandi skilyrði:

a) þær nema að hámarki einum þriðja af lágmarkslausafjárkröfum sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar,

b) þær skal ekki telja til neinna viðbótarlausafjárkrafna sem lögbært yfirvald krefst vegna sértækrar áhættu fyrirtækis í samræmi við k-lið 2. mgr. 39. gr. tilskipunar (ESB) 2019/2034,

c) þær sæta frádragi sem nemur 50%.

4. Að því er varðar aðra undirgrein 1. mgr. skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin, í samráði við Evrópsku verðbréfa markaðseftirlitsstofnunina, gefa út viðmiðunarreglur til að tilgreina frekar þau viðmið sem lögbær yfirvöld geta tekið tillit til þegar þau undanskilja verðbréfafyrirtæki sem uppfylla skilyrði til að teljast lítil og ótengd verðbréfafyrirtæki, eins og sett er fram í 1. mgr. 12. gr., frá lausafjárkröfunni.

44. gr.

Tímabundin lækkun lausafjárkröfunnar

1. Verðbréfafyrirtæki geta, við sérstakar aðstæður og að fengnu samþykki lögbærs yfirvalds, lækkað fjárhæð lausafjáreigna sinna.

([26]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/567 frá 18. maí 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 að því er varðar skilgreiningar, gagnsæi, samþjöppun eignasafns og eftirlitsráðstafanir hvað varðar afurðaíhlutun og stöður (Stjtíð. ESB L 87, 31.3.2017, bls. 90).

2. Innan 30 daga frá upprunalegu lækkuninni skal fyrirtækið aftur hlíta lausafjárkröfunni sem sett er fram í 1. mgr. 43. gr.

45. gr.

Ábyrgðir viðskiptavina

Verðbréfafyrirtæki skulu hækka lausafjáreignir sínar um 1,6% af heildarfjárhæð þeirra ábyrgða sem viðskiptavinum eru veittar.

SJÖTTI HLUTI

BIRTING UPPLÝSINGA AF HÁLFU VERÐBRÉFAFYRIRTÆKJA

46. gr.

Gildissvið

1. Verðbréfafyrirtæki sem uppfylla ekki skilyrði til að teljast lítil og ótengd verðbréfafyrirtæki, eins og sett er fram í 1. mgr. 12. gr., skulu opinberlega birta þær upplýsingar sem tilgreindar eru í þessum hluta sama dag og þau birta árleg reikningsskil sín.

2. Verðbréfafyrirtæki sem uppfylla skilyrði til að teljast lítil og ótengd verðbréfafyrirtæki, eins og sett er fram í 1. mgr. 12. gr., sem gefa út viðbótareiginfjárgerninga þáttar 1 skulu opinberlega birta þær upplýsingar sem settar eru fram í 47., 49. og 50. gr. sama dag og þau birta árleg reikningsskil sín.

3. Ef verðbréfafyrirtæki uppfyllir ekki lengur öll skilyrði til að teljast lítið og ótengt verðbréfafyrirtæki, eins og sett er fram í 1. mgr. 12. gr., skal það opinberlega birta upplýsingarnar sem settar eru fram í þessum hluta frá og með fjárhagsárinu á eftir fjárhagsárinu þegar það hætti að uppfylla þau skilyrði.

4. Verðbréfafyrirtæki mega ákveða viðeigandi miðil og stað til að fullnægja á skilvirkan hátt birtingarkröfunum sem um getur í 1. og 2. mgr. Allar upplýsingar skulu birtar í einum miðli eða á einum stað, ef mögulegt er. Ef sömu eða svipaðar upplýsingar eru birtar í tveimur eða fleiri miðlum, skal í hverjum miðli vera tilvísun í samsvarandi upplýsingar í hinum miðlinum.

47. gr.

Markmið og stefnur við áhættustýringu

Verðbréfafyrirtæki skulu birta markmið og stefnur áhættustýringar sinnar fyrir hvern áhættuflokk um sig sem settur er fram í þriðja, fjórða og fimmta hluta í samræmi við 46. gr., þ.m.t. samantekt um stefnuáætlanir og ferli til að stýra þeirri áhættu og gagnorða áhættuyfirlýsingu sem samþykkt er af stjórn og/eða framkvæmdastjórn verðbréfafyrirtækisins þar sem lýst er í stuttu máli heildaráhættusniði verðbréfafyrirtækisins í tengslum við viðskiptaáætlunina.

48. gr.

Stjórnarhættir

Verðbréfafyrirtæki skulu birta eftirfarandi upplýsingar varðandi fyrirkomulag innri stjórnarhátta í samræmi við 46. gr.:

a) fjölda stjórnarstaða sem aðilar í stjórn og/eða framkvæmdastjórn gegna,

b) stefnu um fjölbreytileika, með tilliti til vals á aðilum í stjórn og/eða framkvæmdastjórn, markmið hennar og öll viðeigandi takmörk sem sett eru fram í þeirri stefnu og að hvaða marki þessi markmið og takmörk hafa náðst,

c) hvort verðbréfafyrirtækið hefur, eða hefur ekki, komið á fót sérstakri áhættunefnd og hve oft á ári áhættunefndin hefur hist,

49. gr.

Eiginfjárgrunnur

1. Verðbréfafyrirtæki skulu birta eftirfarandi upplýsingar varðandi eiginfjárgrunn sinn, í samræmi við 46. gr.:

a) fulla afstemmingu liða í almennu eigin fé þáttar 1, liða í viðbótareiginfé þáttar 1, liða í þætti 2 og viðeigandi síur og frádrætti sem beitt er á eiginfjárgrunn verðbréfafyrirtækisins og efnahagsreikninginn í endurskoðuðum reikningsskilum verðbréfafyrirtækisins,

b) lýsingu á helstu eiginleikum almennra eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1, viðbótareiginfjárgerninga þáttar 1 og gerninga undir þætti 2, sem verðbréfafyrirtækið gefur út,

c) lýsingu á öllum takmörkunum sem beitt er á útreikninga á eiginfjárgrunni í samræmi við þessa reglugerð og gerningum og frádrætti sem þessar takmarkanir gilda um.

2. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal í samráði við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að tilgreina sniðmát fyrir upplýsingagjöf skv. a-, b- og c-lið 1. mgr.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum framkvæmdastöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 26. júní 2021.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

50. gr.

Kröfur um eiginfjárgrunn

Verðbréfafyrirtæki skulu birta eftirfarandi upplýsingar um hvernig þau hlíta kröfunum sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 11. gr. þessarar reglugerðar og 24. gr. tilskipunar (ESB) 2019/2034, í samræmi við 46. gr. þessarar reglugerðar:

a) samantekt á aðferð verðbréfafyrirtækisins við að meta hvort innra fjármagn þess veitir fullnægjandi stuðning við núverandi starfsemi hennar og til framtíðar,

b) niðurstöðu innra matsferlis verðbréfafyrirtækisins fyrir eiginfjárþörf, þ.m.t. samsetningu viðbótarkrafna um eiginfjárgrunn sem byggja á eftirlitsferli eins og um getur í a-lið 2. mgr. 39. gr. tilskipunar (ESB) 2019/2034, að beiðni viðkomandi lögbærs yfirvalds,

c) kröfur fyrir K-þátt reiknaðar út í samræmi við 15. gr. þessarar reglugerðar, á samanteknu formi fyrir áhættu markaðar, áhættu fyrirtækis og áhættu viðskiptavinar, byggðar á samanlögðum viðkomandi K-þáttum, og

d) kröfu um fastan kostnað sem ákvörðuð er í samræmi við 13. gr. þessarar reglugerðar.

51. gr.

Starfskjarastefna og -venjur

Verðbréfafyrirtæki skulu birta eftirfarandi upplýsingar um starfskjarastefnu og -venjur sínar, þ.m.t. um þætti sem tengjast kynhlutleysi og launamun kynjanna, fyrir þá flokka starfsfólks sem við störf sín hafa veruleg áhrif á áhættusnið verðbréfafyrirtækisins í samræmi við 46. gr.:

a) mikilvægustu einkennin á fyrirkomulagi starfskjarakerfis, þ.m.t. fjárhæð breytilegra launa og viðmiðin um greiðslu breytilegra launa, stefnu um útborgun í gerningum, frestunarstefnu og ávinnsluskilyrði,

b) hlutföllin milli fastra og breytilegra launa sem sett eru í samræmi við 2. mgr. 30. gr. tilskipunar (ESB) 2019/2034,

c) samanlagðar tölulegar upplýsingar um launagreiðslur, flokkaðar eftir háttsettum stjórnendum og starfsfólki sem við störf sín hefur veruleg áhrif á áhættusnið verðbréfafyrirtækisins, þar sem eftirfarandi er tilgreint:

   i. fjárhæðir launagreiðslna á fjárhagsárinu, deilt niður á föst laun, þ.m.t. lýsingu á föstum þáttum, og breytileg laun, og fjöldi viðtakenda,

   ii. fjárhæðir og form greiddra breytilegra launa, deilt niður á reiðufé, hlutabréf, hlutabréfatengda gerninga og aðrar gerðir, þar sem sá hluti sem greiddur er fyrirfram er aðgreindur frá þeim sem er frestað,

iii. fjárhæðir frestaðra launa fyrir fyrri frammistöðutímabil, deilt niður á fjárhæðina sem ávinnst á fjárhagsárinu og fjárhæðina sem mun ávinnast á síðari árum,

iv. fjárhæð frestaðra launa sem ávinnast á fjárhagsárinu og greidd eru út á fjárhagsárinu og sem eru lækkuð í samræmi við mat á frammistöðu,

v. tryggð breytileg laun á fjárhagsárinu og fjöldi viðtakenda þeirra,

vi. biðlaunagreiðslur á fyrri tímabilum, sem hafa verið greidd út á fjárhagsárinu,

vii. fjárhæðir vegna biðlauna á fjárhagsárinu, deilt niður á fyrirframgreidd og frestuð, fjölda viðtakenda þessara greiðslna og hæstu greiðslu til eins einstaklings,

d) upplýsingar um hvort verðbréfafyrirtækið njóti undanþágu sem mælt er fyrir um í 4. mgr. 32. gr. tilskipunar (ESB) 2019/2034.

Að því er varðar d-lið fyrstu undirgreinar skulu verðbréfafyrirtæki sem njóta slíkrar undanþágu tilgreina hvort sú undanþága hafi verið veitt á grundvelli a-liðar eða b-liðar 4. mgr. 32. gr. tilskipunar (ESB) 2019/2034, eða beggja. Þau skulu einnig tilgreina fyrir hvaða meginreglu um starfskjör þau beita undanþágunni eða undanþágunum, fjölda starfsmanna sem njóta góðs af undanþágunni eða undanþágunum og heildarlaunagreiðslur þeirra, skipt niður í föst laun og breytileg laun.

Þessi grein skal ekki hafa áhrif á ákvæði sem mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2016/679 ([27]).

52. gr.

Fjárfestingarstefna

1. Aðildarríki skulu tryggja að verðbréfafyrirtæki sem uppfylla ekki viðmiðin sem um getur í a-lið 4. mgr. 32. gr. tilskipunar (ESB) 2019/2034 birti eftirfarandi upplýsingar í samræmi við 46. gr. þessarar reglugerðar:

a) hlutfall atkvæðisréttar sem fylgir þeim hlutum sem eru beint eða óbeint í eigu verðbréfafyrirtækisins, sundurliðað eftir aðildarríki og geira,

b) heildarlýsingu á framgangi atkvæðagreiðslna á hluthafafundum félaga þar sem hlutabréfaeiga er í samræmi við 2. mgr., útskýringu á atkvæðagreiðslum, og hlutfall framlagðra tillagna stjórnar eða framkvæmdastjórnar félagsins sem verðbréfafyrirtækið hefur samþykkt, og

c) útskýringu á notkun umboðsráðgjafafyrirtækja,

d) viðmiðunarreglur um atkvæðagreiðslur varðandi félög þar sem hlutabréfaeiga er í samræmi við 2. mgr.

Birtingarkrafan sem um getur í b-lið fyrstu undirgreinar skal ekki gilda ef samningsbundið fyrirkomulag allra hluthafa sem verðbréfafyrirtækið er fulltrúi fyrir á hluthafafundum heimilar verðbréfafyrirtækinu ekki að nýta atkvæðisrétt fyrir þeirra hönd nema hluthafarnir gefi skýr fyrirmæli um nýtingu atkvæðisréttar eftir að hafa fengið dagskrá fundarins.

2. Verðbréfafyrirtæki sem um getur í 1. mgr. skal aðeins hlíta þeirri málsgrein í tengslum við hvert félag sem hlutabréf í hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum markaði og aðeins í tengslum við þá hluti sem atkvæðisréttur fylgir, þegar hlutfall þess atkvæðisréttar sem verðbréfafyrirtækið á, beint eða óbeint, fer yfir 5% alls atkvæðisréttar sem fylgir þeim hlutabréfum sem félagið hefur gefið út. Reikna skal atkvæðisrétt á grundvelli allra hlutabréfa sem atkvæðisréttur fylgir, jafnvel þótt nýting þess atkvæðisréttar sé stöðvuð tímabundið.

3. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal í samráði við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að tilgreina sniðmát fyrir upplýsingagjöf skv. 1. mgr.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 26. júní 2021.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

([27]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin) (Stjtíð. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 1).

53. gr.

Umhverfis-, samfélags- og stjórnunaráhætta

Frá og með 26. desember 2022 skulu verðbréfafyrirtæki sem ekki uppfylla viðmiðin sem um getur í 4. mgr. 32. gr. tilskipunar (ESB) 2019/2034, veita upplýsingar um umhverfis-, félags- og stjórnunaráhættu, þ.m.t. náttúrulega áhættu og umbreytingaráhættu, eins og skilgreint er í skýrslunni sem um getur í 35. gr. tilskipunar (ESB) 2019/2034.

Upplýsingarnar sem um getur í fyrstu undirgrein skulu veittar einu sinni á fyrsta ári og tvisvar á ári eftir það.

SJÖUNDI HLUTI

SKÝRSLUGJÖF VERÐBRÉFAFYRIRTÆKJA

54. gr.

Skýrslugjafarkröfur

1. Verðbréfafyrirtæki skulu ársfjórðungslega tilkynna lögbærum yfirvöldum allar eftirfarandi upplýsingar:

a) fjárhæð og samsetningu eiginfjárgrunns,

b) kröfur um eiginfjárgrunn,

c) útreikning krafna um eiginfjárgrunn,

d) umfang starfsemi að því er varðar skilyrðin sem sett eru fram í 1. mgr. 12. gr., að meðtöldum efnahagsreikningi og sundurliðun tekna eftir fjárfestingarþjónustu og viðeigandi K-þætti,

e) samþjöppunaráhættu,

f) lausafjárkröfur.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein skulu verðbréfafyrirtæki sem uppfylla skilyrðin til að teljast lítil og ótengd verðbréfafyrirtæki eins og sett er fram í 1. mgr. 12. gr., leggja fram slíkar skýrslur árlega.

2. Upplýsingarnar sem tilgreindar eru í e-lið 1. mgr. skulu m.a. hafa að geyma upplýsingar um eftirfarandi umfang áhættu og skulu tilkynntar til lögbærra yfirvalda a.m.k. árlega:

a) umfang samþjöppunaráhættu í tengslum við vanefndir mótaðila og veltubókarstöður, bæði á grundvelli einstakra mótaðila og samanlagt,

b) umfang samþjöppunaráhættu að því er varðar lánastofnanir, verðbréfafyrirtæki og aðra aðila þar sem fé viðskiptavina er geymt,

c) umfang samþjöppunaráhættu að því er varðar lánastofnanir, verðbréfafyrirtæki og aðra aðila þar sem verðbréf viðskiptavina eru lögð inn,

d) umfang samþjöppunaráhættu að því er varðar lánastofnanir þar sem reiðufé verðbréfafyrirtækisins sjálfs er lagt inn,

e) umfang samþjöppunaráhættu af tekjum,

f) umfang samþjöppunaráhættu eins og lýst er í a- til e-lið, reiknað út með tilliti til eigna og liða utan efnahagsreiknings sem ekki er skráð í veltubók, auk áhættuskuldbindinga sem leiða af veltubókarstöðum.

Að því er þennan hluta varðar skulu hugtökin „lánastofnun“ og „verðbréfafyrirtæki“ ná yfir einkarekin og opinber fyrirtæki, þ.m.t. útibú slíkra fyrirtækja, að því tilskildu að ef þessi fyrirtæki, ef þau væru með staðfestu í Sambandinu, væru þau lánastofnanir eða verðbréfafyrirtæki eins og þau eru skilgreind í þessari reglugerð og að því tilskildu að þessi fyrirtæki hafi starfsleyfi í þriðja landi sem beitir a.m.k. jafngildum kröfum um varfærniseftirlit og kröfum samkvæmt reglum og þeim sem beitt er í Sambandinu.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. þessarar greinar skal verðbréfafyrirtæki sem uppfyllir skilyrðin til að teljast lítið og ótengt verðbréfafyrirtæki, eins og sett er fram í 1. mgr. 12. gr., ekki þurfa að tilkynna upplýsingarnar sem tilgreindar eru í e-lið 1. mgr. þessarar greinar og, að því marki sem undanþága hefur verið veitt í samræmi við aðra undirgrein 1. mgr. 43. gr., í f-lið 1. mgr. þessarar greinar.

3. Að því er varðar skýrslugjafarkröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari grein skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin, í samráði við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina, semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að tilgreina:

a) sniðin,

b) dagsetningar tilkynninga og skilgreiningar og tengdar leiðbeiningar sem skulu lýsa hvernig nota skal þessi snið.

Drögin að tæknilegu framkvæmdarstöðlunum sem um getur í fyrstu undirgrein skulu vera gagnorð og í réttu hlutfalli við eðli, umfang og flækjustig í starfsemi verðbréfafyrirtækjanna, að teknu tilliti til þess munar sem er á sundurliðunarstigi upplýsinga sem verðbréfafyrirtæki sem uppfylla skilyrðin til að teljast lítil og ótengd verðbréfafyrirtæki, eins og sett er fram í 1. mgr. 12. gr., leggja fram.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem um getur í fyrstu undirgrein eigi síðar en 26. desember 2020.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana sem um getur í þessari málsgrein í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

55. gr.

Skýrslugjafarkröfur fyrir tiltekin verðbréfafyrirtæki, þ.m.t. að því er varðar viðmiðunarmörkin sem um getur í 2. mgr. 1. gr. þessarar reglugerðar og b-lið 1. liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013

1. Verðbréfafyrirtæki sem stunda einhverja þá starfsemi sem um getur í 3. og 6. lið þáttar A í I. viðauka tilskipunar 2014/65/ESB skulu staðfesta verðmæti heildareigna sinna mánaðarlega og tilkynna lögbæru yfirvaldi þær upplýsingar ársfjórðungslega, ef heildarverðmæti samstæðueigna verðbréfafyrirtækisins nemur 5 milljörðum evra eða meira, reiknað út sem meðaltal næstliðinna 12 mánaða. Lögbæra yfirvaldið skal upplýsa Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina um það.

2. Ef verðbréfafyrirtæki sem um getur í 1. mgr. er hluti samstæðu þar sem eitt eða fleiri önnur fyrirtæki eru verðbréfafyrirtæki sem stunda einhverja þá starfsemi sem um getur í 3. og 6. lið þáttar A í I. viðauka tilskipunar 2014/65/ESB, skulu öll slík verðbréfafyrirtæki í samstæðunni staðfesta verðmæti heildareigna sinna mánaðarlega, ef heildarverðmæti samstæðueigna samstæðunnar nemur 5 milljörðum evra eða meira, reiknað sem meðaltal næstliðinna 12 mánaða. Slík verðbréfafyrirtæki skulu upplýsa hvert annað um heildareignir sínar mánaðarlega og tilkynna viðkomandi lögbærum yfirvöldum um samstæðueignir sínar ársfjórðungslega. Lögbær yfirvöld skulu upplýsa Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina um það.

3. Ef meðaltal mánaðarlegra heildareigna verðbréfafyrirtækjanna sem um getur í 1. og 2. mgr. nær einhverjum af þeim viðmiðunarmörkum sem sett eru í 2. mgr. 1. gr. þessarar reglugerðar eða í b-lið 1. liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, reiknað sem meðaltal næstliðinna 12 mánaða, skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin upplýsa þau verðbréfafyrirtæki og lögbæru yfirvöldin, þ.m.t. þau yfirvöld sem lögbær eru til að veita starfsleyfi í samræmi við 8. gr. a tilskipunar 2013/36/ESB, um það.

4. Ef eftirlit skv. 36. gr. tilskipunar (ESB) 2019/2034 sýnir að verðbréfafyrirtæki sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar geti valdið kerfisáhættu eins og um getur í 23. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 skulu lögbær yfirvöld upplýsa Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina um niðurstöður eftirlitsins án tafar.

5. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin, í samráði við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina, skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að tilgreina frekar skylduna til að veita viðkomandi lögbærum yfirvöldum upplýsingar, eins og um getur í 1. og 2. mgr., til að hægt sé að hafa skilvirka vöktun á viðmiðunarmörkunum sem sett eru fram í a- og b- lið 1. mgr. 8. gr. a í tilskipun 2013/36/ESB.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 26. desember 2020.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í þessari grein, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

ÁTTUNDI HLUTI

FRAMSELDAR GERÐIR

56. gr.

Beiting framsals

1. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þessari grein.

2. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldu gerðirnar, sem um getur í 2. mgr. 4. gr., til fimm ára frá 25. desember 2019.

3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla valdaframsalið sem um getur í 2. mgr. 4. gr. Með ákvörðun um afturköllun skal binda enda á valdaframsalið sem tilgreint er í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í henni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi neinna framseldra gerða sem þegar eru í gildi.

4. Áður en framseld gerð er samþykkt skal framkvæmdastjórnin hafa samráð við sérfræðinga sem hvert aðildarríki hefur tilnefnt í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningnum milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016.

5. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

6. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 2. mgr. 4. gr., skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þessi frestur skal framlengdur um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

NÍUNDI HLUTI

UMBREYTINGARÁKVÆÐI, SKÝRSLUR, ENDURSKOÐANIR OG BREYTINGAR

I. BÁLKUR

UMBREYTINGARÁKVÆÐI

57. gr.

Umbreytingarákvæði

1. Ákvæði 43. til 51. gr. skulu gilda um miðlara hrávöru og losunarheimilda frá 26. júní 2026.

2. Þar til 26. júní 2026 eða fram að deginum þegar óhefðbundna staðalaðferðin sem sett er fram í 1. kafla a IV. bálki þriðja hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og óhefðbundna eiginlíkansaðferðin sem sett er fram í 1. kafla b IV. bálki þriðja hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 koma til framkvæmda gagnvart lánastofnunum, hvort sem er síðar, skal verðbréfafyrirtæki beita þeim kröfum sem settar eru fram í IV. bálki þriðja hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 eins og henni var breytt með reglugerð (ESB) 2019/630 í þeim tilgangi að reikna út K-NPR.

3. Þrátt fyrir a- og c-lið 1. mgr. 11. gr. geta verðbréfafyrirtæki beitt lægri kröfum um eiginfjárgrunn í fimm ár frá 26. júní 2021, sem nema:

a) tvöfaldri viðeigandi kröfu um eiginfjárgrunn, skv. 1.kafla I. bálks þriðja hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, með fyrirvara um 1. mgr. 93. gr. þeirrar reglugerðar, með hliðsjón af stofnfjárstigi sem sett er fram í IV. bálki tilskipunar 2013/36/ESB, eins og henni var breytt með tilskipun (ESB) 2019/878, sem hefði átt við ef verðbréfafyrirtækið hefði fallið áfram undir kröfur um eiginfjárgrunn í þeirri reglugerð eins og henni var breytt með reglugerð (ESB) 2019/630, eða

b) tvöfaldri viðeigandi kröfu um fastan kostnað sem sett er fram í 13. gr. þessarar reglugerðar ef verðbréfafyrirtækið var ekki til 26. júní 2021 eða fyrr.

4. Þrátt fyrir b-lið 1. mgr. 11. gr. geta verðbréfafyrirtæki beitt lægri kröfum um eiginfjárgrunn í fimm ár frá 26. júní 2021, sem hér segir:

a) verðbréfafyrirtæki sem féllu aðeins undir kröfur um stofnfé fyrir 26. júní 2021 mega takmarka kröfur sína um eiginfjárgrunn við tvöfalda gildandi kröfu um stofnfé sem sett er fram í IV. bálki tilskipunar 2013/36/ESB, eins og henni var breytt með tilskipun (ESB) 2019/878, að undanskildum annars vegar b- og c-lið 1. mgr. 31. gr. og hins vegar 2. mgr. 31. gr. þeirrar tilskipunar,

b) verðbréfafyrirtæki sem komið var á laggirnar fyrir 26. júní 2021 geta takmarkað kröfur sínar um varanlegt lágmarksfjármagn við þær sem kveðið er á um í 1. mgr. 93. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, eins og henni var breytt með reglugerð (ESB) 2019/876, með hliðsjón af stofnfjárstigi sem sett er í IV. bálki tilskipunar 2013/36/ESB, eins og henni var breytt með tilskipun (ESB) 2019/878, sem hefði átt við ef verðbréfafyrirtækið hefði áfram fallið undir þá reglugerð, með fyrirvara um árlega hækkun á fjárhæð þeirra krafna um að lágmarki 5 000 evrur á því fimm ára tímabili,

c) verðbréfafyrirtæki sem komið var á laggirnar fyrir 26. júní 2021, sem ekki hafa starfsleyfi til að veita viðbótarþjónustuna er um getur í 1. lið þáttar B I. viðauka tilskipunar 2014/65/EB, og sem einungis sinna einum eða fleiri þáttum þeirrar fjárfestingarþjónustu og -starfsemi sem skráð er í 1., 2., 4. og 5. lið þáttar A I. viðauka þeirrar tilskipunar, og ekki er heimilt að halda peningum eða verðbréfum viðskiptavina sinna og mega því aldrei stofna til skulda við þá viðskiptavini, geta takmarkað kröfu sína um varanlegt lágmarksfjármagn við að lágmarki 50 000 evrur, með fyrirvara um árlega hækkun um að lágmarki 5 000 evrur á því fimm ára tímabili.

5. Undanþágurnar sem settar eru fram í 4. mgr. skulu falla úr gildi ef verðbréfafyrirtæki fær starfsleyfi sitt framlengt á eða eftir 26. júní 2021 þannig að krafist sé hærri stofnfjárhæðar í samræmi við 9. gr. tilskipunar (ESB) 2019/2034.

6. Þrátt fyrir 11. gr. geta verðbréfafyrirtæki sem sett voru á laggirnar fyrir 25. desember 2019 og sem eiga viðskipti fyrir eigin reikning á mörkuðum með staðlaða, framvirka samninga eða valrétti eða aðrar afleiður og á lausafjármörkuðum í þeim eina tilgangi að verja stöður á afleiðumörkuðum eða eiga viðskipti fyrir reikning annarra aðila að þeim mörkuðum og eru tryggðir af stöðustofnunaraðilum sömu markaða, ef ábyrgð á að tryggja efndir samninga sem slík verðbréfafyrirtæki gera er á hendi stöðustofnunaraðila sömu markaða, takmarkað kröfur sínar um eiginfjárgrunn í fimm ár frá 26. júní 2021 við að lágmarki 250 000 evrur, með fyrirvara um árlega hækkun um að lágmarki 100 000 evrur á því fimm ára tímabili.

Án tillits til þess hvort verðbréfafyrirtæki sem um getur í þessar málsgrein nýtir sér undanþáguna sem um getur í fyrstu undirgrein skal a-liður 4. mgr. ekki gilda um slíkt verðbréfafyrirtæki.

58. gr.

Undanþága fyrir fyrirtæki sem um getur í b-lið 1. liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013

Verðbréfafyrirtæki sem 25. desember 2019 uppfylla skilyrðin í b-lið 1. liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og hafa ekki enn hlotið starfsleyfi sem lánastofnanir í samræmi við 8. gr. tilskipunar 2013/36/ESB skulu áfram falla undir reglugerð (ESB) nr. 575/2013 og tilskipun 2013/36/ESB.

59. gr.

Undanþága fyrir verðbréfafyrirtæki sem um getur í 2. mgr. 1. gr.

Verðbréfafyrirtæki sem 25. desember 2019 uppfylla skilyrðin sem sett eru í 2. mgr. 1. gr. þessarar reglugerðar skulu áfram falla undir reglugerð (ESB) nr. 575/2013 og tilskipun 2013/36/ESB.

II. BÁLKUR

SKÝRSLUR OG ENDURSKOÐUN

60. gr.

Endurskoðunarákvæði

1. Fyrir 26. júní 2024 skal framkvæmdastjórnin, að höfðu samráði við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina, gera úttekt og leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið, ásamt tillögum að nýrri löggjöf, ef við á, a.m.k. um:

a) skilyrðin fyrir verðbréfafyrirtæki til að teljast lítil og ótengd verðbréfafyrirtæki í samræmi við 12. gr.,

b) aðferðirnar við að mæla K-þættina í II. bálki þriðja hluta, þ.m.t. fjárfestingarráðgjöf í tengslum við AUM, og í 39. gr.,

c) reiknistuðlana sem um getur í 2. mgr. 15. gr.,

d) aðferðina sem notuð er til að reikna út K-CMG, fjárhæð krafna um eiginfjárgrunn sem leiðir af K-CMG í samanburði við K-NPR og kvörðun margföldunarstuðulsins sem settur er fram í 23. gr.,

e) ákvæðin í 43., 44. og 45. gr. og einkum skilyrði um hæfi lausafjáreigna skv. a-, b- og c-lið 1. mgr. 43. gr.,

f) ákvæðin í 1. þætti 4. kafla II. bálki í þriðja hluta,

g) beitinguna á þriðja hluta á miðlara hrávöru og losunarheimilda,

h) breytinguna á skilgreiningu lánastofnunar í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 sem leiðir af a-lið 3. mgr. 62. gr. þessarar reglugerðar og mögulegra ótilætlaðra neikvæðra afleiðinga,

i) ákvæðin sem sett eru fram í 47. og 48. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 og aðlögun þeirra að samræmdum ramma um jafngildi í fjármálaþjónustu,

j) viðmiðunarmörkin sem sett eru fram í 1. mgr. 12. gr.,

k) beitinguna á stöðlunum í 1. kafla a og 1. kafla b IV. bálks þriðja hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 á verðbréfafyrirtæki,

l) aðferðina við að mæla virði afleiðu í b-lið 2. mgr. 20. gr. og b-lið 2. mgr. 33. gr. og hversu viðeigandi það er að taka upp aðra mælistiku og/eða kvörðun,

m) ákvæðin í öðrum hluta, einkum varðandi heimildina um að fleiri gerningar eða fjármagn verði hæf sem eiginfjárgrunnur skv. 4. mgr. 9. gr. og möguleikann á að veita slíka heimild verðbréfafyrirtækjum sem uppfylla skilyrðin til að teljast lítil og ótengd verðbréfafyrirtæki sem sett eru fram í 1. mgr. 12. gr.,

n) skilyrðin fyrir verðbréfafyrirtæki til að beita kröfum reglugerðar (ESB) 575/2013 í samræmi við 2. mgr. 1. gr. þessarar reglugerðar,

o) ákvæðið sem sett er fram í 5. mgr. 1. gr.,

p) gildi beitingarinnar á birtingarkröfunum sem settar eru fram í 52. gr. þessarar reglugerðar fyrir aðra geira, þ.m.t. verðbréfafyrirtæki sem um getur í 2. og 5. mgr. 1. gr. þessarar reglugerðar og lánastofnanir eins og skilgreindar eru í 1. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

2. Eigi síðar en 31. desember 2021 skal framkvæmdastjórnin leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið skýrslu um hvað tilfanga verður þörf fyrir vegna nýrra valdheimilda og skyldna Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar, í samræmi við 64. gr. þessarar reglugerðar, þ.m.t. um möguleika Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar til að leggja skráningargjald á fyrirtæki þriðja lands sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur skráð í samræmi við 2. mgr. 46. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014, ásamt með, ef við á, tillögu að nýrri löggjöf.

III. BÁLKUR

BREYTINGAR Á ÖÐRUM REGLUGERÐUM

61. gr.

Breyting á reglugerð (ESB) nr. 1093/2010

Í 2. lið 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 bætist eftirfarandi liður við:

„viii. að því er varðar reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2033 (*) og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2034 (**), lögbær yfirvöld eins og þau eru skilgreind í 5. lið 1. mgr. 3. gr. þeirrar tilskipunar.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2033 frá 27. nóvember 2019 um varfærniskröfur fyrir verðbréfafyrirtæki og breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1093/2010, (ESB) nr. 575/2013, (ESB) nr. 600/2014 og (ESB) nr. 806/2014 (Stjtíð. ESB L 314, 5.12.2019, bls. 1).

(**) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2034 frá 27. nóvember 2019 um varfærniseftirlit með verðbréfafyrirtækjum og breytingu á tilskipunum 2002/87/EB, 2009/65/EB, 2011/61/ESB, 2013/36/ESB, 2014/59/ESB og 2014/65/ESB (Stjtíð. ESB L 314, 5.12.2019, bls. 64).“

62. gr.

Breytingar á reglugerð (ESB) nr. 575/2013

Reglugerð (ESB) nr. 575/2013 er breytt sem hér segir:

1) Í stað titilsins kemur eftirfarandi:

„Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur fyrir lánastofnanir og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012“.

2) Í 2. gr. er eftirfarandi málsgrein bætt við:

„5. Við beitingu ákvæðanna sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 1. gr. og 5. mgr. 1. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2033 (*), að því er varðar verðbréfafyrirtæki sem um getur í þeim málsgreinum, skulu lögbær yfirvöld eins og þau eru skilgreind í 5. lið 1. mgr. 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2034 (**), meðhöndla þau verðbréfafyrirtæki eins og þau væru „stofnanir“ samkvæmt þessari reglugerð.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2033 frá 27. nóvember 2019 um varfærniskröfur fyrir verðbréfafyrirtæki og breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1093/2010, (ESB) nr. 575/2013, (ESB) nr. 600/2014 og (ESB) nr. 806/2014 (Stjtíð. ESB L 314, 5.12.2019, bls. 1).

(**) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2034 frá 27. nóvember 2019 um varfærniseftirlit með verðbréfafyrirtækjum og breytingu á tilskipunum 2002/87/EB, 2009/65/EB, 2011/61/ESB, 2013/36/ESB, 2014/59/ESB og 2014/65/ESB (Stjtíð. ESB L 314, 5.12.2019, bls. 64).“

3) Ákvæðum 1. mgr. 4. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. liðar kemur eftirfarandi:

„1) „lánastofnun“: fyrirtæki sem starfar við eitthvað af eftirtöldu:

a) að taka á móti innlánum eða öðrum endurgreiðanlegum fjármunum frá almenningi og veita lán fyrir eigin reikning,

b) einhverja þá starfsemi sem um getur í 3. og 6. lið þáttar A í I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB (*) þar sem eitt af eftirtöldu á við, en fyrirtækið er ekki miðlari hrávöru og losunarheimilda, sjóður um sameiginlega fjárfestingu eða vátryggingafélag:

i. heildarvirði samstæðueigna fyrirtækisins nemur 30 milljörðum evra eða meira,

ii. heildarvirði eigna fyrirtækisins er lægra en 30 milljarðar evra og fyrirtækið er hluti samstæðu þar sem heildarvirði samstæðueigna allra fyrirtækja í samstæðunni, sem hvert um sig á heildareignir að andvirði undir 30 milljörðum evra og sem stunda einhverja þá starfsemi sem um getur í 3. og 6. lið þáttar A í I. viðauka við tilskipun 2014/65/ESB, nemur 30 milljörðum evra eða meira, eða

iii. heildarvirði eigna fyrirtækisins er lægra en 30 milljarðar evra og fyrirtækið er hluti samstæðu þar sem heildarvirði samstæðueigna allra fyrirtækja í samstæðunni, sem stunda einhverja þá starfsemi sem um getur í 3. og 6. lið þáttar A í I. viðauka við tilskipun 2014/65/ESB, nemur 30 milljörðum evra eða meira, ef eftirlitsaðili á samstæðugrunni, í samráði við samstarfshóp eftirlitsaðila, ákveður svo, til þess að bregðast við mögulegri hættu á sniðgöngu og mögulegri áhættu fyrir fjármálastöðugleika í Sambandinu.

Að því er ii. lið b-liðar og iii. lið b-liðar varðar, ef fyrirtækið er hluti samstæðu þriðja lands skulu heildareignir hvers útibús í samstæðu þriðja lands með starfsleyfi í Sambandinu taldar með í samanlögðu heildarvirði eigna allra fyrirtækja í samstæðunni.

(*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB (Stjtíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349).“

b) Í stað 2. liðar kemur eftirfarandi:

„2) „verðbréfafyrirtæki“: verðbréfafyrirtæki eins og skilgreint er í 1. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB sem er með starfsleyfi samkvæmt þeirri tilskipun, en að undanskildum lánastofnunum,“.

c) Í stað 3. liðar kemur eftirfarandi:

„3) „stofnun“: lánastofnun með starfsleyfi skv. 8. gr. tilskipunar 2013/36/ESB eða fyrirtæki eins og um getur í 3. mgr. 8. gr. a þeirrar tilskipunar,“.

d) Ákvæði 4. liðar falla brott.

e) Í stað 26. liðar kemur eftirfarandi:

„26) „fjármálastofnun“: fyrirtæki, annað en stofnun og annað en hreint iðnaðareignarhaldsfélag, sem hefur að meginstarfsemi að afla eignarhluta eða sinna einni eða fleiri tegundum starfsemi sem um getur í 2.–12. lið og 15. lið I. viðauka við tilskipun 2013/36/ESB, þar með talið verðbréfafyrirtæki, eignarhaldsfélag á fjármálasviði, blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi, eignarhaldsfélag á verðbréfasviði, greiðslustofnun í skilningi tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2366 (*) og eignarstýringarfélag, en að undanskildum eignarhaldsfélögum á vátryggingasviði og blönduðum eignarhaldsfélögum í vátryggingastarfsemi eins og þau eru skilgreind í f- og g-lið 1. mgr. 212. gr. tilskipunar 2009/138/EB.

(*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2366 frá 25. nóvember 2015 um greiðsluþjónustu á innri markaðnum, um breytingu á tilskipunum 2002/65/EB, 2009/110/EB og 2013/36/ESB og á reglugerð (ESB) nr. 1093/2010 og niðurfellingu á tilskipun 2007/64/EB (Stjtíð. ESB L 337, 23.12.2015, bls. 35).“

f) Í stað 29. liðar a kemur eftirfarandi:

„29a) „móðurverðbréfafyrirtæki í aðildarríki“: móðurfélag í aðildarríki sem er verðbréfafyrirtæki,“.

g) Í stað 29. liðar b kemur eftirfarandi:

„29b) „móðurverðbréfafyrirtæki í ESB“: móðurfélag í ESB sem er verðbréfafyrirtæki,“.

h) Í stað 51. liðar kemur eftirfarandi:

„51) „stofnfé“: fjárhæðir og gerðir eiginfjárgrunns sem tilgreindar eru í 12. gr. tilskipunar 2013/36/ESB,“.

i) Í stað 60. liðar kemur eftirfarandi:

„60) „reiðufjárígildisgerningur“: innlánsskírteini, skuldabréf, þar með talið sértryggt skuldabréf, eða annar gerningur sem ekki er víkjandi, sem stofnun eða verðbréfafyrirtæki hefur gefið út og stofnunin eða verðbréfafyrirtækið hefur þegar fengið greiddan að fullu og sem stofnunin eða verðbréfafyrirtækið skal endurgreiða án skilyrða á nafnverði,“.

j) Í stað a-liðar í 72. lið kemur eftirfarandi:

„a) hún er skipulegur markaður eða markaður þriðja lands sem telst vera jafngildur skipulegum markaði í samræmi við verklagsregluna sem sett er fram í a-lið 4. mgr. 25. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,“.

k) Eftirfarandi lið er bætt við:

„150) „miðlari hrávöru og losunarheimilda“: fyrirtæki sem hefur að aðalstarfsemi eingöngu að veita fjárfestinga-þjónustu eða sinna fjárfestingarstarfsemi í tengslum við hrávöruafleiður eða hrávöruafleiðusamninga sem um getur í 5., 6., 7., 9. og 10. lið, losunarheimildaafleiður sem um getur í 4. lið eða losunarheimildir sem um getur í 11. lið C-hluta I. viðauka við tilskipun 2014/65/ESB,“.

4) Ákvæðum 6. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„4. Stofnanir skulu uppfylla skyldurnar sem mælt er fyrir um í sjötta hluta og í d-lið 1. mgr. 430. gr. þessarar reglugerðar á einingargrunni.

Eftirtaldar stofnanir þurfa ekki að uppfylla 1. mgr. 413. gr. og tengdar skýrslugjafarkröfur um lausafjárstöðu sem mælt er fyrir um í sjöunda hluta A í þessari reglugerð:

a) stofnanir sem einnig hafa starfsleyfi í samræmi við 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012,

b) stofnanir sem einnig hafa starfsleyfi í samræmi við 16. gr. og a-lið 2. mgr. 54. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 909/2014 (*), að því tilskildu að þær geri engar verulegar breytingar á líftíma, og

c) stofnanir sem eru tilnefndar í samræmi við b-lið 2. mgr. 54. gr. reglugerðar (ESB) 909/2014, að því tilskildu að:

i. starfsemi þeirra takmarkist við að bjóða verðbréfamiðstöðvum með starfsleyfi í samræmi við 16. gr. þeirrar reglugerðar, bankaþjónustu eins og um getur í C-hluta viðauka við þá reglugerð, og

ii. þær geri engar verulegar breytingar á líftíma.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 909/2014 frá 23. júlí 2014 um bætt verðbréfauppgjör í Evrópusambandinu og um verðbréfamiðstöðvar og um breytingu á tilskipunum 98/26/EB og 2014/65/ESB og reglugerð (ESB) nr. 236/2012 (Stjtíð. ESB L 257, 28.8.2014, bls. 1).“

b) Í stað 5. mgr. kemur eftirfarandi:

„5. Stofnanir sem lögbær yfirvöld hafa veitt undanþáguna sem tilgreind er í 1. eða 3. mgr. 7. gr. þessarar reglugerðar og stofnanir sem einnig hafa starfsleyfi í samræmi við 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 skulu ekki þurfa að uppfylla skyldurnar sem mælt er fyrir um í sjöunda hluta og tengdar skýrslugjafarkröfur um vogunarhlutfall sem mælt er fyrir um í sjöunda hluta A þessarar reglugerðar á einingargrunni.“

5) Eftirfarandi grein er felld inn í 1. þátt 2. kafla II. bálk í fyrsta hluta:

„10. gr. a

Beiting varfærniskrafna á samstæðugrunni þar sem verðbréfafyrirtæki eru móðurfélög

Að því er varðar beitingu þessa kafla skulu verðbréfafyrirtæki teljast móðureignarhaldsfélög á fjármálasviði í aðildarríki eða móðureignarhaldsfélag á fjármálasviði í Sambandinu ef slík verðbréfafyrirtæki eru móðurfélög stofnunar eða verðbréfafyrirtækis sem fellur undir þessa reglugerð, sem um getur í 2. eða 5. mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2033.“

6) Í stað 4. mgr. 11. gr. kemur eftirfarandi:

„4. Móðurstofnanir í ESB skulu fara að sjötta hluta og d-lið 1. mgr. 430. gr. þessarar reglugerðar á grundvelli samstæðustöðu sinnar ef í samstæðunni er ein eða fleiri lánastofnanir eða verðbréfafyrirtæki sem hafa starfsleyfi til að sinna fjárfestingarþjónustu og -starfsemi sem talin er upp í 3. og 6. lið þáttar A í I. viðauka við tilskipun 2014/65/ESB.

Ef veitt hefur verið undanþága skv. 1. til 5. mgr. 8. gr. skulu stofnanirnar og, ef við á, eignarhaldsfélögin á fjármálasviði eða blönduðu eignarhaldsfélögin í fjármálastarfsemi sem eru hluti lausafjárundirsamstæðu fara að sjötta hluta og d-lið 1. mgr. 430. gr. þessarar reglugerðar á samstæðugrunni eða á undirsamstæðugrunni lausafjárundirsamstæðunnar.“

7) Ákvæði 15., 16. og 17. gr. falla brott.

8) Í stað a-liðar 1. mgr. 81. gr. kemur eftirfarandi:

„a) dótturfélagið er eitt af eftirfarandi:

i. stofnun,

ii. fyrirtæki sem samkvæmt gildandi landslögum fellur undir kröfur þessarar reglugerðar og tilskipunar 2013/36/ESB,

iii. eignarhaldsfélag á fjármálasviði í eigu annars félags eða blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi sem er í eigu annars félags í samstæðunni sem fellur undir kröfur þessarar reglugerðar á undirsamstæðugrunni eða eignarhaldsfélag á verðbréfasviði í eigu annars félags í samstæðunni sem fellur undir kröfur reglugerðar (ESB) 2019/2033 á samstæðugrunni,

iv. verðbréfafyrirtæki,

v. eignarhaldsfélag á fjármálasviði í þriðja landi í eigu annars félags, að því tilskildu að það eignarhaldsfélag á fjármálasviði í eigu annars félags falli undir varfærniskröfur sem eru jafnstrangar og þær sem gilda um lánastofnanir þess þriðja lands og að því tilskildu að framkvæmdastjórnin hafi samþykkt ákvörðun í samræmi við 4. mgr. 107. gr. um að þessar varfærniskröfur séu a.m.k. jafngildar kröfunum í þessari reglugerð,“.

9) Í stað a-liðar 82. gr. kemur eftirfarandi:

„a) dótturfélagið er eitt af eftirfarandi:

i. stofnun,

ii. fyrirtæki sem samkvæmt gildandi landslögum fellur undir kröfur þessarar reglugerðar og tilskipunar 2013/36/ESB,

iii. eignarhaldsfélag á fjármálasviði í eigu annars félags eða blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi sem er í eigu annars félags í samstæðunni sem fellur undir kröfur þessarar reglugerðar á undirsamstæðugrunni eða eignarhaldsfélag á verðbréfasviði í eigu annars félags í samstæðunni sem fellur undir kröfur reglugerðar (ESB) 2019/2033 á samstæðugrunni,

iv. verðbréfafyrirtæki,

v. eignarhaldsfélag á fjármálasviði í þriðja landi í eigu annars félags, að því tilskildu að það eignarhaldsfélag á fjármálasviði í eigu annars félags falli undir varfærniskröfur sem eru jafnstrangar og þær sem gilda um lánastofnanir þess þriðja lands og að því tilskildu að framkvæmdastjórnin hafi samþykkt ákvörðun í samræmi við 4. mgr. 107. gr. um að þessar varfærniskröfur séu a.m.k. jafngildar kröfunum í þessari reglugerð,“.

10) Ákvæðum 84. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Stofnanir skulu ákvarða þá fjárhæð hlutdeilda minnihluta hjá dótturfélagi sem tekin er með í samanlagt almennt eigið fé þáttar 1 hjá samstæðu með því að draga frá hlutdeildum minnihluta hjá því fyrirtæki niðurstöðuna af að margfalda fjárhæðina sem um getur í a-lið með hundraðshlutanum sem um getur í b-lið sem hér segir:

a) almennt eigið fé þáttar 1 dótturfélagsins að frádregnu því sem lægra er af eftirfarandi:

i. fjárhæðinni á almennu eigin fé þáttar 1 þess dótturfélags sem krafist er til að uppfylla eftirfarandi:

— samtölu kröfunnar sem mælt er fyrir um í a-lið 1. mgr. 92. gr. þessarar reglugerðar, krafnanna sem um getur í 458. og 459. gr. þessarar reglugerðar, sérstöku krafnanna um eiginfjárgrunn sem um getur í 104. gr. tilskipunar 2013/36/ESB, samanlögðu eiginfjáraukakröfunnar sem skilgreind er í 6. lið 128. gr. þeirrar tilskipunar, kröfunnar sem um getur í 500. gr. þessarar reglugerðar og allra annarra staðbundinna eftirlitsregluna í þriðju löndum, að því marki sem uppfylla á þessar kröfur með almennu eigin fé þáttar 1,

— ef dótturfélagið er verðbréfafyrirtæki, samtölu kröfunnar sem mælt er fyrir um í 11. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2033, sérstöku krafnanna um eiginfjárgrunn sem um getur í a-lið 2. mgr. 39. gr. tilskipunar (ESB) 2019/2034 og allra annarra staðbundinna eftirlitsreglna í þriðju löndum, að því marki sem uppfylla á þessar kröfur með almennu eigin fé þáttar 1,

ii. fjárhæðinni á almennu eigin fé þáttar 1 hjá samstæðu sem tengist því dótturfélagi sem krafist er að uppfylli á samstæðugrunni samtölu kröfunnar sem mælt er fyrir um í a-lið 1. mgr. 92. gr. þessarar reglugerðar, krafnanna sem um getur í 458. og 459. gr. þessarar reglugerðar, sérstöku krafnanna um eiginfjárgrunn sem um getur í 104. gr. tilskipunar 2013/36/ESB, samanlögðu eiginfjáraukakröfunnar sem skilgreind er í 6. lið 128. gr. þeirrar tilskipunar, kröfunnar sem um getur í 500. gr. þessarar reglugerðar og allra annarra staðbundinna eftirlitsreglna í þriðju löndum, að því marki sem uppfylla á þessar kröfur með almennu eigin fé þáttar 1,

b) hlutdeildum minnihluta dótturfélagsins, gefnum upp sem hundraðshluti allra almennra eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1 hjá því fyrirtæki, að viðbættum tengdum yfirverðsreikningum hlutafjár, óráðstöfuðu eigin fé og öðrum varasjóðum.“

b) Í stað 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„3. Nýti lögbært yfirvald sér undanþáguna frá því að beita varfærniskröfum á einingargrunni, eins og um getur í 7. gr. þessarar reglugerðar eða, eftir því sem við á, eins og mælt er fyrir um í 6. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2033, skal hlutdeild minnihluta hjá dótturfélögunum sem undanþágan gildir um ekki færð í eiginfjárgrunn á undirsamstæðu- eða samstæðustigi, eftir því sem við á.“

11) Ákvæðum 85. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Stofnanir skulu ákvarða þá fjárhæð viðurkennds eiginfjárþáttar 1 hjá dótturfélagi sem tekin er með í eiginfjárgrunn á samstæðustigi með því að draga frá viðurkenndum eiginfjárþætti 1 hjá því fyrirtæki niðurstöðuna af því að margfalda fjárhæðina sem um getur í a-lið með hundraðshlutanum sem um getur í b-lið sem hér segir:

a) eiginfjárþáttur 1 dótturfélagins að frádregnu því sem lægra er af eftirfarandi:

i. þeirri fjárhæð eiginfjárþáttar 1 þess dótturfélags sem þarf til að uppfylla eftirfarandi:

— samtölu kröfunnar sem mælt er fyrir um í b-lið 1. mgr. 92. gr. þessarar reglugerðar, krafnanna sem um getur í 458. og 459. gr. þessarar reglugerðar, sérstöku krafnanna um eiginfjárgrunn sem um getur í 104. gr. tilskipunar 2013/36/ESB, samanlögðu eiginfjáraukakröfunnar sem skilgreind er í 6. lið 128. gr. þeirrar tilskipunar, krafnanna sem um getur í 500. gr. þessarar reglugerðar og allra annarra staðbundinna eftirlitsreglna í þriðju löndum, að því marki sem uppfylla á þessar kröfur með eignfjárþætti 1,

— ef dótturfélagið er verðbréfafyrirtæki, samtölu kröfunnar sem mælt er fyrir um í 11. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2033, sérstöku kröfunnar um eiginfjárgrunn sem um getur í a-lið 2. mgr. 39. gr. tilskipunar (ESB) 2019/2034 og allra annarra staðbundinna eftirlitsreglna í þriðju löndum, að því marki sem uppfylla á þessar kröfur með eiginfjárþætti 1,

ii. þeirri fjárhæð eignfjárþáttar 1 hjá samstæðu sem tengist dótturfélaginu sem krafist er að uppfylli á samstæðugrunni samtölu kröfunnar sem mælt er fyrir um í b-lið 1. mgr. 92. gr. þessarar reglugerðar, krafnanna sem um getur í 458. og 459. gr. þessarar reglugerðar, sérstöku krafnanna um eiginfjárgrunn sem um getur í 104. gr. tilskipunar 2013/36/ESB, samanlögðu eiginfjáraukakröfunnar sem skilgreind er í 6. lið 128. gr. þeirrar tilskipunar, krafnanna sem um getur í 500. gr. þessarar reglugerðar og allra annarra staðbundinna eftirlitsreglna í þriðju löndum, að því marki sem uppfylla á þessar kröfur með eiginfjárþætti 1,

b) viðurkenndum eiginfjárþætti 1 dótturfélagsins, gefnum upp sem hundraðshluti allra eiginfjárgerninga þáttar 1 þess fyrirtækis, að viðbættum tengdum yfirverðsreikningum hlutafjár, óráðstöfuðu eigin fé og öðrum varasjóðum.“

b) Í stað 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„3. Nýti lögbært yfirvald sér undanþáguna frá því að beita varfærniskröfum á einingargrunni, eins og um getur í 7. gr. þessarar reglugerðar eða, ef við á, eins og mælt er fyrir um í 6. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2033, skulu eiginfjárgerningar þáttar 1 hjá dótturfélögunum sem undanþágan gildir um ekki færðir sem eiginfjárgrunnur á undirsamstæðu- eða samstæðustigi, eftir því sem við á.“

12) Ákvæðum 87. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Stofnanir skulu ákvarða þá fjárhæð viðurkennds eiginfjárgrunns hjá dótturfélagi sem tekin er með í eiginfjárgrunn á samstæðustigi með því að draga frá viðurkenndum eiginfjárgrunni hjá því fyrirtæki niðurstöðuna af að margfalda fjárhæðina sem um getur í a-lið með hundraðshlutanum sem um getur í b-lið sem hér segir:

a) eiginfjárgrunnur dótturfélagsins að frádregnu því sem lægra er af eftirfarandi:

i. þeirri fjárhæð eiginfjárgrunns þess dótturfélags sem þarf til að uppfylla eftirfarandi:

— samtölu kröfunnar sem mælt er fyrir um í c-lið 1. mgr. 92. gr. þessarar reglugerðar, krafnanna sem um getur í 458. og 459. gr. þessarar reglugerðar, sérstöku krafnanna um eiginfjárgrunn sem um getur í 104. gr. tilskipunar 2013/36/ESB, samanlögðu eiginfjáraukakröfunnar sem skilgreind er í 6. lið 128. gr. þeirrar tilskipunar, krafnanna sem um getur í 500. gr. þessarar reglugerðar og allra annarra staðbundinna eftirlitsreglna í þriðju löndum,

— ef dótturfélagið er verðbréfafyrirtæki, samtölu kröfunnar sem mælt er fyrir um í 11. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2033, sérstöku kröfunnar um eiginfjárgrunn sem um getur í a-lið 2. mgr. 39. gr. tilskipunar (ESB) 2019/2034 og allra annarra staðbundinna eftirlitsreglna í þriðju löndum,

ii. þeirri fjárhæð eiginfjárgrunns sem tengist dótturfélaginu sem krafist er að uppfylli á samstæðugrunni samtölu kröfunnar sem mælt er fyrir um í c-lið 1. mgr. 92. gr. þessarar reglugerðar á samstæðugrunni, krafnanna sem um getur í 458. og 459. gr. þessarar reglugerðar, sérstöku krafnanna um eiginfjárgrunn sem um getur í 104. gr. tilskipunar 2013/36/ESB, samanlögðu eiginfjáraukakröfunnar sem skilgreind er í 6. lið 128. gr. þeirrar tilskipunar, krafnanna sem um getur í 500. gr. þessarar reglugerðar og allra annarra staðbundinna eftirlitsreglna í þriðju löndum,

b) viðurkenndur eiginfjárgrunnur fyrirtækisins, tilgreindur sem hundraðshluti allra eiginfjárgrunnsgerninga dótturfélagsins sem teknir eru með í liði í almennu eigin fé þáttar 1, viðbótareiginfé þáttar 1 og þáttar 2, og tengdum yfirverðsreikningum hlutafjár, óráðstöfuðu eigin fé og öðrum varasjóðum.“

b) Í stað 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„3. Nýti lögbært yfirvald sér undanþáguna frá því að beita varfærniskröfum á einingargrunni, eins og um getur í 7. gr. þessarar reglugerðar eða ,eftir því sem við á, eins og mælt er fyrir um í 6. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2033, skulu eiginfjárgrunnsgerningar hjá dótturfélögunum sem undanþágan gildir um ekki færðir sem eiginfjárgrunnur á undirsamstæðu- eða samstæðustigi, eftir því sem við á.“

13) Ákvæðum 93. gr. er breytt sem hér segir:

a) Ákvæði 3. mgr. falla brott,

b) Í stað 4., 5. og 6. mgr. kemur eftirfarandi:

„4. Þegar einstaklingur eða lögaðili, annar en aðilinn sem hafði yfirráð yfir stofnuninni áður, öðlast yfirráð yfir stofnun sem fellur innan þess flokks sem um getur í 2. mgr. skal fjárhæðin á eiginfjárgrunni þeirrar stofnunar ná stofnfjárhæðinni sem krafist er.

5. Þegar um er að ræða samruna tveggja eða fleiri stofnana er falla innan þess flokks sem um getur í 2. mgr. skal fjárhæðin á eiginfjárgrunni stofnunarinnar sem leiðir af samrunanum ekki vera lægri en heildareiginfjárgrunnur stofnananna sem sameinast, þegar samruninn átti sér stað, svo fremi sem stofnfjárhæðinni sem krafist er hafi ekki verið náð.

6. Þegar lögbær yfirvöld telja nauðsynlegt að skilyrðið sem mælt er fyrir um í 1. mgr. sé uppfyllt til að gjaldfærni stofnunar sé tryggð gilda ákvæðin sem mælt er fyrir um í 2., 4. og 5. mgr. ekki.“

14) Í 1. kafla I. bálks þriðja hluta fellur 2. þáttur brott (95.–98. gr.) frá og með 26. júní 2026.

15) Í stað 5. mgr. 119. gr. kemur eftirfarandi:

„5. Meðhöndla skal áhættuskuldbindingar vegna fjármálastofnana, sem lögbær yfirvöld hafa veitt starfsleyfi og hafa eftirlit með og falla undir varfærniskröfur sambærilegar þeim sem beitt er gagnvart stofnunum með tilliti til traustleika, á sama hátt og áhættuskuldbindingar vegna stofnana.

Að því er varðar þessa málsgrein skulu varfærniskröfurnar sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2019/2033 teljast sambærilegar þeim sem gilda um stofnanir hvað traustleika varðar.“

16) Í stað a-liðar annarrar undirgreinar 3. mgr. 162. gr. kemur eftirfarandi:

„a) áhættuskuldbindinga vegna stofnana eða verðbréfafyrirtækja sem stafa af uppgjöri skuldbindinga í erlendum gjaldeyri,“.

17) Ákvæðum 197. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað c-liðar 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„c) skuldabréf, gefin út af stofnunum eða verðbréfafyrirtækjum hverra verðbréf hafa lánshæfismat frá utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur ákvarðað að samsvari 3. lánshæfisþrepi eða hærra samkvæmt reglunum um áhættuvog áhættuskuldbindinga vegna stofnana skv. 2. kafla,“.

b) Í stað inngangsorðanna í 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„4. Stofnun er heimilt að nota skuldabréf, sem gefin eru út af öðrum stofnunum eða verðbréfafyrirtækjum og hafa ekki lánshæfismat frá utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki sem hæfa tryggingu, ef skuldabréfin uppfylla allar eftirfarandi viðmiðanir:“

18) Í stað c-liðar 200. gr. kemur eftirfarandi:

„c) gerninga sem gefnir eru út af stofnun sem er þriðji aðili eða verðbréfafyrirtæki og sem verða endurkeyptir af þeirri stofnun eða verðbréfafyrirtæki samkvæmt beiðni.“

19) Í stað inngangsorða 202. gr. kemur eftirfarandi:

„Stofnun er heimilt að nota stofnanir, verðbréfafyrirtæki, vátrygginga- og endurtryggingafélög og útflutningslánastofnanir sem viðurkennda veitendur ófjármagnaðrar útlánavarnar, er telst hæf fyrir meðferðina sem er sett fram í 3. mgr. 153. gr. ef þau uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:“.

20) Í stað 6. mgr. 224. gr. kemur eftirfarandi:

„6. Fyrir skuldabréf án lánshæfismats sem gefin eru út af stofnunum, eða verðbréfafyrirtækjum og uppfylla hæfisviðmiðin í 4. mgr. 197. gr., er aðlögun vegna óstöðugleika sú sama og fyrir skuldabréf sem gefin eru út af stofnunum eða fyrirtækjum með utanaðkomandi lánshæfismat sem samsvarar 2. eða 3. lánshæfisþrepi.“

21) Eftirfarandi liður bætist við í 3. mgr. 227. gr.:

„ba) verðbréfafyrirtæki,“.

22) Í stað annarrar undirgreinar 1. mgr. 243. gr. kemur eftirfarandi:

„Þegar um er að ræða viðskiptakröfur gildir b-liður fyrstu undirgreinar ekki ef útlánaáhætta þessara viðskiptakrafna er að fullu tryggð með hæfri útlánavörn í samræmi við 4. kafla, að því tilskildu að veitandi varnarinnar sé stofnun, verðbréfafyrirtæki, vátryggingafélag eða endurtryggingafélag.“

23) Í stað b-liðar 4. mgr. 382. gr. kemur eftirfarandi:

„b) viðskipti innan samstæðu eins og kveðið er á um í 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 nema aðildarríkin samþykki landslög sem krefjast skipulagslegs aðskilnaðar innan bankasamstæðu, en í þeim tilvikum mega lögbær yfirvöld krefjast þess að þau viðskipti innan samstæðu á milli skipulagslegra aðgreindra aðila séu felld inn í kröfur um eiginfjárgrunn,“.

24) Ákvæði 388. gr. falla brott.

25) Í stað 1. mgr. 395. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Stofnun skal ekki stofna til áhættuskuldbindingar vegna viðskiptavinar eða hóps tengdra viðskiptavina ef virði hennar er yfir 25% af eiginfjárþætti 1 stofnunarinnar, eftir að tillit hefur verið tekið til áhrifanna af mildun útlánaáhættu í samræmi við 399.–403. gr. Ef viðkomandi viðskiptavinur er stofnun eða verðbréfafyrirtæki, eða ef ein eða fleiri stofnanir eða verðbréfafyrirtæki eru innan hóps tengdra viðskiptavina, skal virðið ekki vera umfram 25% af eiginfjárþætti 1 stofnunarinnar eða 150 milljónir evra, eftir því hvort er hærra, að því tilskildu að heildarvirði áhættuskuldbindinga, eftir að tekið hefur verið tillit til áhrifanna af mildun útlánaáhættu í samræmi við 399.–403. gr., vegna allra tengdra viðskiptavina sem ekki eru stofnanir, fari ekki yfir 25% af eiginfjárþætti 1 stofnunarinnar.“

26) Ákvæðum 3. mgr. 402. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað a-liðar kemur eftirfarandi:

„a) mótaðilinn sé stofnun eða verðbréfafyrirtæki,“

b) Í stað e-liðar kemur eftirfarandi:

„e) stofnunin tilkynni lögbærum yfirvöldum í samræmi við 394. gr. um heildarfjárhæð áhættuskuldbindinga vegna sérhverrar annarrar stofnunar eða verðbréfafyrirtækis sem meðhöndluð er í samræmi við þessa málsgrein.“

27) Í stað 4. mgr. a í 412. gr. kemur eftirfarandi:

„4a. Framselda gerðin sem um getur í 1. mgr. 460. gr. skal gilda um stofnanir.“

28) Í stað i. liðar a-liðar 8. mgr. 422. gr. kemur eftirfarandi:

„i. móður- eða dótturstofnun stofnunarinnar eða móður- eða dótturverðbréfafyrirtæki stofnunarinnar, eða annað dótturfélag sömu móðurstofnunar eða móðurverðbréfafyrirtækis,“.

29) Í 428. gr. a fellur d-liður brott.

30) Í stað 1. mgr. 430. gr. b kemur eftirfarandi:

„1. Frá gildistökudegi framseldu gerðarinnar sem um getur í 461. gr. a skulu lánastofnanir, sem hvorki uppfylla skilyrðin sem sett eru fram í 1. mgr. 94. gr. né skilyrðin sem sett eru fram í 1. mgr. 325. gr. a, tilkynna, að því er varðar allar veltubókarstöður sínar og allar stöður sínar utan veltubókar sem falla undir gjaldeyris- eða hrávöruáhættu, um niðurstöður útreikninganna sem byggja á óhefðbundnu staðalaðferðinni sem sett er fram í 1. kafla a IV. bálks þriðja hluta, á sama grundvelli og slíkar stofnanir tilkynna skyldurnar sem mælt er fyrir um í i. lið b-liðar og c-lið 3. mgr. 92. gr.“

31) Í 1. mgr. 456. gr. falla f- og g-liður brott.

32) Ákvæðum 493. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„Þar til 26. júní 2021 skulu þau ákvæði um stórar áhættuskuldbindingar sem mælt er fyrir um í 387.–403. gr. þessarar reglugerðar ekki gilda um verðbréfafyrirtæki sem hafa eingöngu að aðalstarfsemi að veita fjárfestingarþjónustu eða stunda starfsemi í tengslum við fjármálagerningana sem tilgreindir eru í 5., 6., 7., 9., 10. og 11. lið í C-þætti I. viðauka við tilskipun 2014/65/ESB og sem tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB (*) gilti ekki um 31. desember 2006.

(*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB frá 21. apríl 2004 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipunum ráðsins 85/611/EBE og 93/6/EBE og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 93/22/EBE (Stjtíð. ESB L 145, 30.4.2004, bls. 1).“

b) Ákvæði 2. mgr. falla brott.

33) Í stað fyrstu undirgreinar 1. mgr. 498. gr. kemur eftirfarandi:

„Þar til 26. júní 2021 skulu þau ákvæði um kröfur um eiginfjárgrunn sem sett eru fram í þessari reglugerð ekki gilda um verðbréfafyrirtæki sem hafa eingöngu að aðalstarfsemi að veita fjárfestingarþjónustu eða stunda starfsemi í tengslum við fjármálagerningana sem tilgreindir eru í 5., 6., 7., 9., 10. og 11. lið í C-þætti I. viðauka við tilskipun 2014/65/ESB og sem tilskipun 2004/39/EB gilti ekki um 31. desember 2006.“

34) Í 508. gr. falla 2. og 3. mgr. brott.

35) Í stað d-liðar í 1. lið I. viðauka kemur eftirfarandi:

„d) framsal á víxlum sem önnur stofnun eða verðbréfafyrirtæki hefur ekki áritað um ábyrgð,“.

36) Ákvæðum III. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað b-liðar í 3. lið kemur eftirfarandi:

„b) þau eru ekki skuldbinding af hálfu stofnunar, verðbréfafyrirtækis eða eignatengdra aðila þeirra.“

b) Í stað b-liðar í 5. lið kemur eftirfarandi:

„b) þau eru ekki skuldbinding af hálfu stofnunar, verðbréfafyrirtækis eða eignatengdra aðila þeirra.“

c) Í stað a-liðar í 6. lið kemur eftirfarandi:

„a) þau eru ekki hluti af kröfu á hendur sérstökum verðbréfunaraðila, stofnun, verðbréfafyrirtæki eða eignatengdum aðilum þeirra,“.

d) Í stað 7. liðar kemur eftirfarandi:

„7. Framseljanleg verðbréf, önnur en þau sem um getur í 3.–6. lið, sem eru metin með 50% áhættuvog eða hagstæðari áhættuvog skv. 2. kafla II. bálks þriðja hluta eða eru metin samkvæmt innra mati með jafngilt lánshæfi og fela ekki í sér kröfu á hendur sérstökum verðbréfunaraðila, stofnun, verðbréfafyrirtæki eða eignatengdum aðilum þeirra.

e) Í stað 11. liðar kemur eftirfarandi:

„11. Miðlægt stöðustofnuð hlutabréf almenns eigin fjár, sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi og eru þáttur í stórri hlutabréfavísitölu, gefin upp í gjaldmiðli aðildarríkisins og ekki gefin út af stofnun, verðbréfafyrirtæki eða nokkru af hlutdeildarfélögum þeirra.“

63. gr.

Breytingar á reglugerð (ESB) nr. 600/2014

Reglugerð (ESB) nr. 600/2014 er breytt sem hér segir:

1) Í 1. gr. er eftirfarandi málsgrein bætt við:

„4a. Ákvæði 1. kafla VII. bálks þessarar reglugerðar gilda einnig um fyrirtæki þriðja lands sem veita fjárfestingarþjónustu eða stunda fjárfestingarstarfsemi í Sambandinu.“

2) Í stað fyrirsagnar III. bálks kemur eftirfarandi:

„**GAGNSÆI ER VARÐAR INNMIÐLARA OG VERÐBRÉFAFYRIRTÆKI SEM STUNDA OTC-VIÐSKIPTI OG KERFI VERÐSKREFA FYRIR INNMIÐLARA**“.

3) Eftirfarandi grein bætist við:

„17. gr. a

Verðskref

Verðtilboð, betri verð á þeim tilboðum og fullnustuverð innmiðlara skulu fylgja verðskrefum sem sett eru í samræmi við 49. gr. tilskipunar 2014/65/ESB.

Beiting verðskrefa skal ekki koma í veg fyrir að innmiðlarar pari umfangsmikil fyrirmæli á miðgildi innan gildandi kaup- og sölutilboða.“

4) Ákvæðum 46. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi liður bætist við 2. mgr.:

„d) fyrirtækið hafi komið á nauðsynlegu fyrirkomulagi og verklagi við að tilkynna upplýsingarnar sem settar eru fram í 6. mgr. a.“

b) Eftirfarandi komi í stað fimmtu undirgreinar 4. mgr.:

„Aðildarríki geta heimilað fyrirtækjum í þriðja landi að veita viðurkenndum gagnaðilum og fagfjárfestum, í skilningi I. þáttar II. viðauka við tilskipun 2014/65/ESB, fjárfestingarþjónustu, eða leggja stund á fjárfestingarstarfsemi ásamt viðbótarþjónustu, á yfirráðasvæðum sínum í samræmi við landsreglur, hafi engin ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við 1. mgr. 47. gr. verið samþykkt eða, hafi slík ákvörðun verið samþykkt, hún er annaðhvort ekki lengur í gildi eða nær ekki yfir þjónustuna eða starfsemina sem um er að ræða.“

c) Í stað þriðju undirgreinar 5. mgr. kemur eftirfarandi:

„Aðildarríki skulu tryggja að ef viðurkenndur gagnaðili eða fagfjárfestir, í skilningi I. þáttar II. viðauka við tilskipun 2014/65/ESB, sem er með staðfestu eða staðsettur í Sambandinu hefur eingöngu að eigin frumkvæði forgöngu um að fyrirtæki í þriðja landi veiti fjárfestingarþjónustu eða stundi fjárfestingarstarfsemi, þá gildi þessi grein ekki um veitingu þeirrar þjónustu eða þá starfsemi þess fyrirtækis í þriðja landi til handa þeim aðila, þ.m.t. samband sem varðar sérstaklega veitingu þeirrar þjónustu eða þá starfsemi. Ef fyrirtæki þriðja lands, þ.m.t. fyrir milligöngu einingar sem kemur fram fyrir hönd þess eða sem hefur náin tengsl við slíkt fyrirtæki þriðja lands eða annan aðila sem kemur fram fyrir hönd einingarinnar, falast eftir viðskiptavinum eða mögulegum viðskiptavinum í Sambandinu, skal það ekki teljast vera veitt þjónusta eingöngu að frumkvæði viðskiptavinarins, með fyrirvara um tengsl innan samstæðu. Frumkvæði slíkra viðskiptavina skal ekki veita fyrirtækinu í þriðja landi rétt til að markaðssetja nýja flokka fjárfestingarafurða eða fjárfestingarþjónustu til handa þeim hlutaðeigandi einstaklingi.“

d) Eftirfarandi málsgreinar bætast við:

„6a. Fyrirtæki þriðja lands sem veita þjónustu eða stunda starfsemi í samræmi við þessa grein skulu árlega upplýsa Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina um eftirfarandi:

a) umfang og svið þjónustu og starfsemi sem fyrirtækin stunda í Sambandinu, þ.m.t. landfræðilega dreifingu þeirra í aðildarríkjunum,

b) að því er varðar fyrirtæki sem stunda starfsemina sem um getur í 3. lið þáttar A í I. viðauka tilskipunar 2014/65/ESB, mánaðarlega lágmarks-, meðal- og hámarksáhættuskuldbindingu gagnvart mótaðilum í Sambandinu,

c) að því er varðar fyrirtæki sem veita þjónustu sem um getur í 6. lið þáttar A í I. viðauka tilskipunar 2014/65/ESB, heildarverðmæti fjármálagerninga sem eiga uppruna hjá mótaðilum í ESB, sem sölutryggðir eru eða settir á markað á grundvelli fastrar skuldbindingar á undanförnum 12 mánuðum,

d) veltu og samanlagt virði eigna sem samsvara þjónustu og starfsemi sem um getur í a-lið,

e) hvort gerðar hafi verið ráðstafanir til fjárfestaverndar og nákvæma lýsingu á þeim,

f) áhættustýringarstefnu og -fyrirkomulag sem fyrirtækið beitir að því er varðar þá þjónustu og starfsemi sem um getur í a-lið,

g) fyrirkomulag stjórnarhátta, þ.m.t. um ábyrgðaraðila lykilstarfssviða í starfsemi fyrirtækisins í Sambandinu,

h) allar aðrar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að gera Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni eða lögbærum yfirvöldum kleift að sinna skyldum sínum í samræmi við þessa reglugerð.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal miðla upplýsingunum sem hún fær í samræmi við þessa málsgrein til lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna þar sem fyrirtæki þriðja lands veitir fjárfestingarþjónustu eða stundar fjárfestingarstarfsemi í samræmi við þessa grein.

Ef nauðsynlegt er til að Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin eða lögbæru yfirvöldin geti sinnt verkefnum sínum í samræmi við þessa reglugerð, getur Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin, m.a. að beiðni lögbæra yfirvaldsins í aðildarríkjunum þar sem fyrirtæki þriðja lands veitir fjárfestingarþjónustu eða stundar fjárfestingarstarfsemi í samræmi við þessa grein, óskað eftir að fyrirtæki þriðja lands sem veita þjónustu eða stunda starfsemi í samræmi við þessa grein veiti frekari upplýsingar um starfsemi sína.

6b. Ef fyrirtæki þriðja lands veitir þjónustu eða stundar starfsemi í samræmi við þessa grein skal það, yfir fimm ára tímabil, hafa aðgengileg fyrir Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina gögn er varða öll fyrirmæli og öll viðskipi með fjármálagerninga í Sambandinu sem það hefur framkvæmt, hvort sem er fyrir eigin reikning eða fyrir hönd viðskiptavinar.

Að beiðni lögbæra yfirvaldsins í aðildarríki þar sem fyrirtæki þriðja lands veitir fjárfestingarþjónustu eða stundar fjárfestingarstarfsemi í samræmi við þessa grein skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin nota aðgang sinn að viðkomandi gögnum, sem henni eru aðgengileg í samræmi við fyrstu undirgrein, og gera þau gögn aðgengileg lögbæra yfirvaldinu sem leggur fram beiðnina.

6c. Ef fyrirtæki þriðja lands sýnir ekki samstarfsvilja við rannsókn eða vettvangsskoðun, sem gerð er í samræmi við 2. mgr. 47. gr. eða ef það verður ekki við beiðni Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar í samræmi við 6. gr. a eða 6. gr. b þessarar greinar á tilskildum tíma og á tilhlýðilegan hátt, getur Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin afturkallað skráningu sína eða tímabundið bannað eða takmarkað starfsemi þess í samræmi við 49. gr.“

e) Í stað 7. mgr. kemur eftirfarandi:

„7. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin, í samráði við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina, skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina þær upplýsingar sem umsóknarfyrirtæki í þriðja landi ber að veita í umsókninni um skráningu sem um getur í 4. mgr. og þær upplýsingar sem tilgreina á í samræmi við 6. mgr. a.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 26. september 2020.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.“

f) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„8. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að tilgreina sniðið sem umsókn um skráningu sem um getur í 4. mgr. skal lögð fram á og upplýsingarnar sem um getur í 6. mgr. a. skulu tilgreindar á.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 26. september 2020.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.“

5) Ákvæðum 47. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Framkvæmdastjórnin getur, í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 51. gr., samþykkt ákvörðun í tengslum við þriðja land þess efnis að laga- og eftirlitsfyrirkomulag þess þriðja lands tryggi allt eftirfarandi:

a) að fyrirtæki með starfsleyfi í því þriðja landi fari að lagalega bindandi varfærniskröfum, skipulagskröfum og kröfum um viðskiptahætti sem hafi jafngild áhrif og þær kröfur sem tilgreindar eru í þessari reglugerð, reglugerð (ESB) nr. 575/2013, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2033 (*), tilskipun 2013/36/ESB, tilskipun 2014/65/ESB og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2034 (**) og framkvæmdarráðstöfununum sem samþykktar eru samkvæmt þeim lagagerðum,

b) að fyrirtæki með starfsleyfi í því þriðja landi falli undir skilvirkt eftirlit og framfylgd sem tryggir hlítingu við gildandi lagalega bindandi varfærniskröfur, skipulagskröfur og kröfur um viðskiptahætti og

c) að lagarammi þriðja landsins kveði á um skilvirkt jafngilt kerfi fyrir viðurkenningu á verðbréfafyrirtækjum sem fengið hafa starfsleyfi samkvæmt lagareglum þriðja lands.

Ef umfang og svið þeirrar þjónustu og starfsemi sem fyrirtæki þriðja lands leggja stund á í Sambandinu, eftir að ákvörðunin sem um getur í fyrstu undirgrein hefur verið samþykkt, er líkleg til að vera kerfislega mikilvæg Sambandinu, geta hinar lagalega bindandi varfærniskröfur, skipulagskröfur og kröfur um viðskiptahætti sem um getur í fyrstu undirgrein eingöngu talist hafa jafngild áhrif og kröfurnar sem settar eru fram í þeim gerðum sem um getur í þeirri undirgrein eftir ítarlegt og nákvæmt mat. Í því skyni skal framkvæmdastjórnin einnig meta og taka tillit til samleitni eftirlitsins í viðkomandi þriðja landi og Sambandinu.

1a. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 50. gr., til að bæta við þessa reglugerð þar sem tilgreint er frekar við hvaða aðstæður umfang og svið þjónustunnar og starfseminnar sem fyrirtæki þriðja lands leggja stund á í Sambandinu, eftir að ákvörðun um jafngildi sem um getur í 1. mgr. hefur verið tekin, er líklegt til að vera kerfislega mikilvægt Sambandinu.

Ef umfang og svið þjónustunnar og starfseminnar sem fyrirtæki þriðja lands leggja stund á er líklegt til að vera kerfislega mikilvægt Sambandinu, getur framkvæmdastjórnin bundið ákvarðanir um jafngildi sérstökum rekstrarskilyrðum til að tryggja að Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin og lögbær landsyfirvöld hafi nauðsynleg tæki til að koma í veg fyrir eftirlitshögnun og vakta starfsemi verðbréfafyrirtækja þriðja lands sem skráð eru í samræmi við 2. mgr. 46. gr., að því er varðar þjónustu sem veitt er og starfsemi sem stunduð er í Sambandinu, með því að tryggja að þessi fyrirtæki hlíti:

a) kröfum sem hafa jafngild áhrif og kröfurnar sem um getur í 20. og 21. gr.,

b) skýrslugjafarkröfum sem hafa jafngild áhrif og kröfurnar sem um getur í 26. gr., þegar ekki er hægt að fá slíkar upplýsingar beint og á viðvarandi grundvelli með samkomulagi við lögbæra yfirvaldið í þriðja landi,

c) kröfum sem hafa jafngild áhrif og viðskiptaskyldan sem um getur í 23. og 28. gr., eftir atvikum.

Þegar framkvæmdastjórnin tekur ákvörðunina sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar skal hún taka tillit til þess hvort þriðja landið er auðkennt sem ósamvinnuþýð lögsaga í skattalegu tilliti samkvæmt viðkomandi stefnu Sambandsins eða sem þriðja land með mikla áhættu skv. 2. mgr. 9. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849.

1b. Lagarammi þriðja lands er varðar varfærniskröfur, skipulagskröfur og viðskiptahætti getur talist hafa jafngild áhrif ef hann uppfyllir öll eftirfarandi skilyrði:

a) fyrirtæki sem veita fjárfestingarþjónustu eða stunda fjárfestingarstarfsemi í því þriðja landi eru starfsleyfisskyld og falla undir skilvirkt eftirliti og framfylgd á viðvarandi grundvelli,

b) fyrirtæki sem veita fjárfestingarþjónustu eða stunda fjárfestingarstarfsemi í því þriðja landi falla undir fullnægjandi eiginfjárkröfur og, einkum, falla fyrirtæki sem veita þjónustu eða stunda starfsemi sem um getur í 3. eða 6. lið þáttar A í I. viðauka við tilskipun 2014/65/ESB, undir sambærilegar eiginfjárkröfur og þær sem beitt væri ef þau væru með staðfestu í Sambandinu,

c) fyrirtæki sem veita fjárfestingarþjónustu eða stunda fjárfestingarstarfsemi í því þriðja landi falla undir viðeigandi kröfur sem gilda um hluthafa og aðila í stjórn og/eða framkvæmdastjórn þeirra,

d) fyrirtæki sem veita fjárfestingarþjónustu eða stunda fjárfestingarstarfsemi falla undir fullnægjandi kröfur um viðskiptahætti og skipulag,

e) gagnsæi á markaði og heilleiki eru tryggð með því að koma í veg fyrir markaðssvik í formi innherjasvika og markaðsmisnotkunar.

Að því er varðar 1. mgr. a þessarar greinar skal framkvæmdastjórnin, við mat á jafngildi reglna þriðja lands að því er varðar viðskiptaskylduna sem sett er fram í 23. og 28. gr., einnig meta hvort í lagaramma þriðja landsins séu viðmið fyrir tilnefningu á viðskiptavettvöngum sem hæfum til að uppfylla viðskiptaskylduna, sem hafa svipuð áhrif og þau sem sett eru samkvæmt þessari reglugerð eða tilskipun 2014/65/ESB.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2033 frá 27. nóvember 2019 um varfærniskröfur fyrir verðbréfafyrirtæki og breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1093/2010, (ESB) nr. 575/2013, (ESB) nr. 600/2014 og (ESB) nr. 806/2014 (Stjtíð. ESB L 314, 5.12.2019, bls. 1).

(**) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2034 frá 27. nóvember 2019 um varfærniseftirlit með verðbréfafyrirtækjum og breytingu á tilskipunum 2002/87/EB, 2009/65/EB, 2011/61/ESB, 2013/36/ESB, 2014/59/ESB og 2014/65/ESB (Stjtíð. ESB L 314, 5.12.2019, bls. 64).“

b) Ákvæðum 2. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í stað a-liðar kemur eftirfarandi:

„a) kerfi til upplýsingaskipta á milli Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar og lögbærra yfirvalda hlutaðeigandi þriðju landa, þ.m.t. aðgang að öllum upplýsingum um fyrirtæki utan Sambandsins með starfsleyfi í þriðju löndum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin fer fram á og, ef við á, fyrirkomulag fyrir Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina að deila slíkum upplýsingum áfram til lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna,“.

ii. Í stað c-liðar kemur eftirfarandi:

„c) verklagsreglurnar að því er varðar samræmingu á eftirlitsstarfsemi, þ.m.t. rannsóknum og vettvangsskoð unum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin getur gert í samstarfi við lögbær yfirvöld í aðildarríkjum þar sem fyrirtæki þriðja lands veitir fjárfestingarþjónustu eða stundar fjárfestingarstarfsemi í samræmi við 46. gr., ef það er nauðsynlegt til að Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin eða lögbær yfirvöld geti sinnt skyldum sínum í samræmi við þessa reglugerð, eftir að hafa upplýst lögbært yfirvald þriðja landsins á tilhlýðilegan hátt um það.“

iii. Eftirfarandi lið er bætt við:

„d) verklagsreglurnar að því er varðar beiðni um upplýsingar skv. 6. mgr. a og 6. mgr. b 46. gr. sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin getur lagt fram til fyrirtækis þriðja lands sem skráð er í samræmi við 2. mgr. 46. gr.“

c) Eftirfarandi málsgreinar bætast við:

„5. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal vakta þróun á sviði reglusetningar og eftirlits, framfylgdarvenjur og aðra viðkomandi markaðsþróun í þriðju löndum sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ákvarðanir um jafngildi um skv. 1. mgr., til að sannreyna að skilyrðin sem þær ákvarðanir byggjast á séu enn uppfyllt. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal árlega leggja fyrir framkvæmdastjórnina trúnaðarskýrslu um niðurstöður sínar. Ef Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin telur það viðeigandi getur hún haft samráð við Evrópsku bankaeftir-litsstofnunina um skýrsluna.

Skýrslan skal einnig endurspegla þróun sem greina má af gögnum sem safnað er skv. 6. mgr. a 46. gr., einkum að því er varðar fyrirtæki sem veita þjónustu eða stunda starfsemi sem um getur í 3. og 6. lið þáttar A í I. viðauka tilskipunar 2014/65/ESB.

6. A.m.k. árlega skal framkvæmdastjórnin, á grundvelli skýrslunnar sem um getur í 5. mgr., leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið. Skýrslan skal hafa að geyma lista yfir ákvarðanir um jafngildi sem framkvæmdastjórnin hefur tekið eða afturkallað á skýrsluárinu, sem og hvers konar ráðstafanir sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur gripið til skv. 49. gr. og tilgreina rökin fyrir þeim ákvörðunum og ráðstöfunum.

Skýrsla framkvæmdastjórnarinnar skal hafa að geyma upplýsingar um vöktun þróunar á sviði reglusetningar og eftirlits, framfylgdarvenjur og aðra viðkomandi markaðsþróun í þriðju löndum sem ákvarðanir um jafngildi hafa verið samþykktar um. Í henni skal einnig vera úttekt á hvernig fjárfestingarþjónusta fyrirtækja þriðju landa yfir landamæri hefur þróast almennt, einkum að því er varðar þjónustuna og starfsemina sem um getur í 3. og 6. lið þáttar A í I. viðauka við tilskipun 2014/65/ESB. Þegar þar að kemur skal skýrslan einnig hafa að geyma upplýsingar um yfirstandandi jafngildismat á þriðja landi sem framkvæmdastjórnin hefur ráðist í.“

6) Í stað 49. gr. kemur eftirfarandi:

„49. gr.

Ráðstafanir sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal grípa til

1. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin getur tímabundið bannað eða takmarkað að fyrirtæki þriðja lands veiti fjárfestingarþjónustu eða leggi stund á fjárfestingarstarfsemi með eða án viðbótarþjónustu í samræmi við 1. mgr. 46. gr., ef fyrirtæki þriðja lands hefur ekki farið að banni eða takmörkun sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin eða Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur lagt á í samræmi við 40. og 41. gr. eða lögbært yfirvald í samræmi við 42. gr., hefur ekki orðið við beiðni Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar í samræmi við 6. mgr. a eða 6. mgr. b 46. gr. á tilskildum tíma og á tilhlýðilegan hátt, eða ef fyrirtæki þriðja lands sýnir ekki samstarfsvilja við rannsókn eða vettvangsskoðun sem gerð er í samræmi við 2. mgr. 47. gr.

2. Án þess að hafa áhrif á 1. mgr. skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin afturkalla skráningu fyrirtækis þriðja lands í skránni sem komið er á í samræmi við 48. gr., þegar Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur vísað málinu til lögbærs yfirvalds þriðja lands og það lögbæra yfirvald hefur ekki gert viðeigandi ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að vernda fjárfesta eða eðlilega starfsemi markaðanna í Sambandinu, eða hefur ekki tekist að sýna fram á að hlutaðeigandi fyrirtæki þriðja lands fari að kröfunum sem eiga við um það í því þriðja landi eða þeim skilyrðum sem samþykkt ákvörðunar í samræmi við 1. mgr. 47. gr. byggðist á, og eitt af eftirtöldu á við:

a) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur rökstuddar ástæður til að ætla, á grundvelli skriflegra sönnunargagna, þ.m.t. en ekki einvörðungu árlegu upplýsinganna sem veittar eru skv. 6. mgr. a 46. gr., að fyrirtækið í þriðja landi hafi í tengslum við veitingu á fjárfestingarþjónustu og í fjárfestingarstarfsemi í Sambandinu komið fram með hætti sem er augljóslega skaðvænlegur hagsmunum fjárfesta eða eðlilegri virkni markaða,

b) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur rökstuddar ástæður til að ætla, á grundvelli skriflegra sönnunargagna, þ.m.t. en ekki einvörðungu árlegu upplýsinganna sem veittar eru skv. 6. mgr. a 46. gr., að fyrirtækið í þriðja landi hafi í tengslum við veitingu á fjárfestingarþjónustu og í fjárfestingarstarfsemi í Sambandinu brotið með alvarlegum hætti gegn ákvæðunum sem gilda um það í því þriðja landi og á þeim grundvelli sem samþykkt ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar byggðist á í samræmi við 1. mgr.47. gr.

3. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal upplýsa lögbært yfirvald þriðja landsins um að hún hyggist grípa til aðgerða skv. 1. eða 2. mgr. þegar þar að kemur.

Við ákvörðun um hvaða aðgerðir er viðeigandi að taka samkvæmt þessari grein skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin taka tillit til eðlis og alvarleika þeirrar áhættu sem steðjar að fjárfestum og eðlilegri starfsemi markaða í Sambandinu, með hliðsjón af eftirfarandi viðmiðum:

a) varanleika og tíðni áhættunnar sem skapast,

b) hvort áhættan hafi leitt í ljós alvarlega eða kerfistengda veikleika í verklagsreglum fyrirtækis þriðja landsins,

c) hvort áhættan hafi gefið tilefni til, auðveldað eða með öðrum hætti orsakað fjármálabrot,

d) hvort áhættan hafi skapast af ásetningi eða gáleysi.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal án tafar upplýsa framkvæmdastjórnina og hlutaðeigandi fyrirtæki þriðja lands um hverja þá ráðstöfun sem samþykkt er í samræmi við 1. eða 2. mgr. og birta ákvörðun sína á vefsetri sínu.

Framkvæmdastjórnin skal meta hvort aðstæðurnar sem voru grundvöllur samþykktar ákvörðunar í samræmi við 1. mgr. 47. gr. haldi áfram að vera fyrir hendi að því er varðar hlutaðeigandi þriðja land.“

7) Í 52. gr. er eftirfarandi málsgrein bætt við:

„13. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal, eigi síðar en 31. desember 2020, meta þarfir fyrir starfslið og tilföng, sem framkvæmd valdheimilda og skyldna hennar í samræmi við 64. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2033 útheimtir, og leggja skýrslu um matið fyrir Evrópuþingið, ráðið og framkvæmdastjórnina.“

8) Í stað 1. mgr. 54. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Fyrirtæki í þriðju löndum geta haldið áfram að veita þjónustu og stunda starfsemi í aðildarríkjum í samræmi við landsreglur þar til þremur árum eftir að framkvæmdastjórnin tekur ákvörðun um viðkomandi þriðja land í samræmi við 47. gr. Áfram má veita þjónustu og leggja stund á starfsemi sem ekki fellur undir slíka ákvörðun í samræmi við landsreglur.“

64. gr.

Breyting á reglugerð (ESB) nr. 806/2014

Í 12. gr. a í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 806/2014 ([28]) bætist við eftirfarandi málsgrein:

„3. Í samræmi við 65. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2033 (*), skal túlka tilvísanir til 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 í þessari reglugerð að því er varðar eiginfjárkröfurnar á einingargrunni verðbréfafyrirtækja sem um getur í c-lið 2. gr. þessarar reglugerðar, og sem ekki eru verðbréfafyrirtæki sem vísað er til í 2. eða 5. mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2033, sem hér segir:

a) tilvísanir til c-liðar 1. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar kröfuna um heildareiginfjárhlutfall í þessari reglugerð skulu vísa til 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2033,

b) tilvísanir til 3. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar heildarfjárhæð áhættugrunns í þessari reglugerð skulu vísa til gildandi kröfu í 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2033, margfaldaða með 12,5.

Í samræmi við 65. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2034 (**) skal túlka tilvísanir til 104. gr. a tilskipunar 2013/36/ESB í þessari reglugerð að því er varðar viðbótareiginfjárgrunnskröfur verðbréfafyrirtækja sem um getur í c-lið 2. gr. þessarar reglugerðar og sem ekki eru verðbréfafyrirtæki sem vísað er til í 2. eða 5. mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2033, þannig að eigi við um 40. gr. tilskipunar (ESB) 2019/2034.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2033 frá 27. nóvember 2019 um varfærniskröfur fyrir verðbréfa fyrirtæki og breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1093/2010, (ESB) nr. 575/2013, (ESB) nr. 600/2014 og (ESB) nr. 806/2014 (Stjtíð. ESB L 314, 5.12.2019, bls. 1).

(**) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2034 frá 27. nóvember 2019 um varfærniseftirlit með verðbréfa fyrirtækjum og breytingu á tilskipunum 2002/87/EB, 2009/65/EB, 2011/61/ESB, 2013/36/ESB, 2014/59/ESB og 2014/65/ESB (Stjtíð. ESB L 314, 5.12.2019, bls. 64).“

TÍUNDI HLUTI

LOKAÁKVÆÐI

65. gr.

Tilvísanir til reglugerðar (ESB) 2013/575 í öðrum réttargerðum Sambandsins

Að því er varðar varfærniskröfur fyrir verðbréfafyrirtæki skal líta á tilvísanir til reglugerðar (ESB) 575/2013 í öðrum lagagerðum Sambandsins sem tilvísanir til þessarar reglugerðar.

([28]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 806/2014 frá 15. júlí 2014 um að koma á samræmdum reglum og samræmdri málsmeðferð fyrir skilameðferð lánastofnana og tiltekinna verðbréfafyrirtækja innan ramma sameiginlegs skilameðferðarkerfis og sameiginlegs skilasjóðs og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1093/2010 (Stjtíð. ESB. L 225, 30.7.2014, bls. 1).

66. gr.

Gildistaka og dagurinn þegar reglugerðin kemur til framkvæmda

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

2. Hún kemur til framkvæmda frá og með 26. júní 2021.

3. Þrátt fyrir 2. mgr.:

a) koma ákvæði 2. og 3. liðar 63. gr. til framkvæmda frá og með 26. mars 2020,

b) koma ákvæði 30. liðar 62. gr. til framkvæmda frá og með 25. desember 2019.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 27. nóvember 2019.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
D. M. SASSOLI	T. TUPPURAINEN
forseti.	*forseti.*

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2019/2034 **2025/EES/42/20**

frá 27. nóvember 2019

um varfærniseftirlit með verðbréfafyrirtækjum og breytingu á tilskipunum 2002/87/EB, 2009/65/EB, 2011/61/ESB, 2013/36/ESB, 2014/59/ESB og 2014/65/ESB (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 1. mgr. 53. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti Seðlabanka Evrópu ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([2]),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Traust varfærniseftirlit er órjúfanlegur þáttur lagaumhverfis sem gildir um fjármálastofnanir sem veita þjónustu í Sambandinu. Verðbréfafyrirtæki falla, ásamt lánastofnunum, undir reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 ([4]) og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB ([5]) að því er varðar varfærnismeðferð og -eftirlit þeirra en kröfur um starfsleyfi þeirra og aðrar kröfur um skipulag og háttsemi eru settar fram í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB ([6]).

2) Gildandi varfærnisfyrirkomulag samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 575/2013 og tilskipun 2013/36/ESB byggist að stórum hluta á ítrekuðum útgáfum alþjóðlegra eftirlitsstaðla sem Baselnefndin um bankaeftirlit setti um stórar bankasamstæður og tekur aðeins að hluta til á sértækri áhættu sem innbyggð er í fjölbreyttri starfsemi margra verðbréfafyrirtækja. Því ætti að taka frekar á sértækum veikleikum og sértækri áhættu sem er innbyggð í þessi verðbréfafyrirtæki með skilvirku, viðeigandi og hóflegu varfærnisfyrirkomulagi á vettvangi Sambandsins sem hjálpar til við að skapa jöfn samkeppnisskilyrði um gervallt Sambandið, sem tryggir skilvirkt varfærniseftirlit á sama tíma og kostnaði við reglufylgni er haldið niðri og sem tryggja næga fjármögnun vegna áhættu verðbréfafyrirtækja.

3) Traust varfærniseftirlit ætti að tryggja að verðbréfafyrirtækjum sé stjórnað á skipulegan hátt og með hagsmuni viðskiptavina þeirra að leiðarljósi. Það ætti að taka tillit til möguleika verðbréfafyrirtækja og viðskiptavina þeirra á að taka óhóflega áhættu og mismunandi stigs áhættu sem verðbréfafyrirtæki taka og valda. Að sama skapi ætti slíkt varfærniseftirlit að forðast að leggja óhóflega stjórnsýslubyrði á verðbréfafyrirtæki. Á sama tíma ætti slíkt varfærniseftirlit að gera það mögulegt að koma á jafnvægi milli þess að tryggja öryggi og traustleika verðbréfafyrirtækja og að komast hjá óhóflegum kostnaði sem gæti grafið undan rekstrarhæfi starfsemi þeirra.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 314, 5.12.2019, bls. 64. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 70/2025 frá 14. mars 2025 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn , sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 38, 12.6.2025, bls. 43.

([1]) Stjtíð. ESB C 378, 19.10.2018, bls. 5.

([2]) Stjtíð. ESB C 262, 25.7.2018, bls. 35.

([3]) Afstaða Evrópuþingsins frá 16. apríl 2019 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 8. nóvember 2019.

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1).

([5]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB frá 26. júní 2013 um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærniseftirlit með lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum, um breytingu á tilskipun 2002/87/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB (Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 338).

([6]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB (Stjtíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349).

4) Mörgum af kröfunum sem leiða af ramma reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og tilskipunar 2013/36/ESB er ætlað að taka á algengri áhættu sem lánastofnanir standa frammi fyrir. Til samræmis við það eru gildandi kröfur að mestu stilltar þannig að þær viðhaldi útlánagetu lánastofnana í hagsveiflum og verndi innstæðueigendur og skattgreiðendur fyrir mögulegu falli, en eru ekki gerðar til að taka á öllum mismunandi áhættusniðum verðbréfafyrirtækja. Verðbréfafyrirtæki eru ekki með stór eignasöfn af lánum til einstaklinga og fyrirtækja og taka ekki við innlánum. Líkurnar á að fall þeirra geti haft skaðleg áhrif á heildarfjármálastöðugleika eru minni en ef um er að ræða lánastofnanir en verðbréfafyrirtæki skapa eigi að síður áhættu sem nauðsynlegt er að taka á með traustri umgjörð. Áhættan sem flest verðbréfafyrirtæki standa frammi fyrir og valda er því önnur en áhættan sem lánastofnanir standa frammi fyrir og valda og sá munur ætti að endurspeglast með skýrum hætti í varfærnisramma Sambandsins.

5) Mismunandi beiting gildandi varfærnisramma í mismunandi aðildarríkjum ógnar jöfnum samkeppnisskilyrðum verðbréfafyrirtækja innan Sambandsins sem hamlar aðgengi fjárfesta að nýjum tækifærum og betri leiðum til að stýra áhættu. Þessi mismunur stafar af því hversu flókið það er að beita rammanum á mismunandi verðbréfafyrirtæki á grundvelli þjónustunnar sem þau veita, þegar sum landsbundin yfirvöld aðlaga eða hagræða beitingu hans í landslögum eða framkvæmd. Með tilliti til þess að gildandi varfærnisrammi tekur ekki á allri áhættu sem vissar tegundir verðbréfafyrirtækja standa frammi fyrir og valda hafa miklar viðbótareiginfjárgrunnskröfur verið gerðar til tiltekinna verðbréfafyrirtækja í sumum aðildarríkjum. Setja ætti samræmd ákvæði sem taka á þessari áhættu til að tryggja samræmt varfærniseftirlit með verðbréfafyrirtækjum um gervallt Sambandið.

6) Því þarf sértækt varfærnisfyrirkomulag fyrir verðbréfafyrirtæki sem eru ekki kerfislega mikilvæg sökum stærðar sinnar og innbyrðis tengsla við aðra fjármála- og rekstraraðila. Kerfislega mikilvæg verðbréfafyrirtæki ættu þó áfram að falla undir gildandi varfærnisramma samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 575/2013 og tilskipun 2013/36/ESB. Þessi verðbréfafyrirtæki eru hluti þeirra verðbréfafyrirtækja sem ramminn sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 og tilskipun 2013/36/ESB gildir nú um og njóta ekki sérstakra undanþága frá helstu kröfum þeirra. Stærstu og mest innbyrðis tengdu verðbréfafyrirtækin hafa svipuð viðskiptalíkön og áhættusnið og mikilvægar lánastofnanir. Þau veita þjónustu sem líkist bankaþjónustu og taka á sig verulega áhættu. Þar að auki eru kerfislega mikilvæg verðbréfafyrirtæki nógu stór, og hafa viðskiptalíkön og áhættusnið, sem geta ógnað stöðugleika og skipulegri starfsemi fjármálamarkaða með sambærilegum hætti og stórar lánastofnanir. Því þykir rétt að þessi verðbréfafyrirtæki haldi áfram að falla undir ákvæði reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og tilskipunar 2013/36/ESB.

7) Það er mögulegt að verðbréfafyrirtæki sem eiga viðskipti fyrir eigin reikning, sem sölutryggja fjármálagerninga eða hafa umsjón með útboði fjármálagerninga á skuldbindandi grundvelli í verulegu magni, eða sem eru stöðustofnunaraðilar í miðlægum mótaðilum hafi, viðskiptalíkan eða áhættusnið sem er svipað og hjá lánastofnunum. Vegna stærðar sinnar og starfsemi er mögulegt að slík verðbréfafyrirtæki hafi í för með sér sambærilega áhættu fyrir fjármálastöðugleika og lánastofnanir hafa. Lögbær yfirvöld ættu að hafa möguleika á að krefjast þess að þau falli áfram undir sömu varfærnismeðferð og lánastofnanir sem falla undir gildissvið reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og sæti varfærniseftirliti samkvæmt tilskipun 2013/36/ESB.

8) Í einhverjum aðildarríkjum gætu lögbær yfirvöld að því er varðar varfærniseftirlit með verðbréfafyrirtækjum verið önnur en yfirvöld sem eru lögbær að því er varðar eftirlit með háttsemi á markaði. Því er nauðsynlegt að koma á fyrirkomulagi um samstarf og upplýsingaskipti milli þessara yfirvalda til að tryggja samræmt varfærniseftirlit um gervallt Sambandið sem starfar hratt og skilvirkt.

9) Verðbréfafyrirtæki getur átt viðskipti fyrir milligöngu stöðustofnunaraðila í öðru aðildarríki. Ef það gerir það ætti að koma á fót fyrirkomulagi fyrir upplýsingaskipti milli viðkomandi lögbærra yfirvalda í þessum mismunandi aðildarríkjum. Slíkt fyrirkomulag ætti að gera lögbæra yfirvaldinu sem hefur varfærniseftirlit með verðbréfafyrirtækinu og annað hvort yfirvaldinu sem hefur eftirlit með stöðustofnunaraðilanum eða yfirvaldinu sem hefur eftirlit með miðlæga mótaðilanum kleift að skiptast á upplýsingum um líkanið og mæliþættina sem notaðir eru við útreikning á tryggingakröfu verðbréfafyrirtækisins ef slík útreikningsaðferð er notuð sem grundvöllur fyrir eiginfjárgrunnskröfur verðbréfafyrirtækisins.

10) Til að stuðla að samræmingu eftirlitsstaðla og -venja innan Sambandsins ætti evrópska eftirlitsstofnunin (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ([7]), í nánu samstarfi við evrópsku eftirlitsstofnunina (Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina), sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ([8]), áfram að hafa meginvaldheimild að því er varðar samræmingu og samleitni eftirlitsvenja á sviði varfærniseftirlits með verðbréfafyrirtækjum innan Evrópska fjármálaeftirlitskerfisins.

11) Tilskilið stofnfé verðbréfafyrirtækis ætti að grundvallast á þjónustu og starfsemi sem verðbréfafyrirtækið hefur starfsleyfi til að veita og stunda, eftir því sem við á, samkvæmt tilskipun 2014/65/ESB. Möguleiki aðildarríkja til að lækka tilskilið stofnfé við tilteknar aðstæður eins og kveðið er á um í tilskipun 2013/36/ESB, annars vegar, og ólík framkvæmd þeirrar tilskipunar, hins vegar, hefur leitt til aðstæðna þar sem tilskilið stofnfé er mismunandi innan Sambandsins. Til að binda endi á þá uppskiptingu ætti að samræma tilskilið stofnfé fyrir öll verðbréfafyrirtæki í Sambandinu. Ákvarða ætti stofnfé verðbréfafyrirtækja sem starfrækja markaðstorg fjármálagerninga eða skipulegt markaðstorg í samræmi við það sem um getur í þessari tilskipun með það í huga að minnka hindranir fyrir markaðsaðgangi sem nú eru til staðar fyrir markaðstorg fjármálagerninga og skipuleg markaðstorg. Ef verðbréfafyrirtæki sem hefur starfsleyfi til að starfrækja skipulegt markaðstorg hefur einnig fengið leyfi til að eiga viðskipti fyrir eigin reikning, að uppfylltum þeim skilyrðum sem kveðið er á um í 20. gr. tilskipunar 2014/65/ESB, ætti að ákvarða stofnfé þess í samræmi við þessa tilskipun.

12) Þótt verðbréfafyrirtæki ættu ekki lengur að falla undir gildissvið reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 eða tilskipunar 2013/36/ESB ættu tiltekin hugtök sem notuð eru í tengslum við þessar lagagerðir að halda viðtekinni þýðingu sinni. Til að gera mögulega og auðvelda samræmda túlkun á slíkum hugtökum í réttargerðum Sambandsins þegar þau eru notuð ættu tilvísanir í slíkum gerðum í stofnfé verðbréfafyrirtækja, eftirlitsheimildir lögbærra yfirvalda verðbréfafyrirtækja, innra matsferli fyrir eiginfjárþörf verðbréfafyrirtækja, könnunar- og matsferli lögbærra yfirvalda vegna verðbréfafyrirtækja og ákvæði um stjórnarhætti og starfskjör sem gilda um verðbréfafyrirtæki að vísa til samsvarandi ákvæða þessarar tilskipunar.

13) Eðlileg starfsemi innri markaðarins krefst þess að ábyrgð á varfærniseftirliti með verðbréfafyrirtæki, einkum í tengslum við gjaldþol og fjárhagslegt heilbrigði þess, liggi hjá lögbæru yfirvaldi heimaaðildarríkis þess. Til að ná einnig fram skilvirku eftirliti með verðbréfafyrirtækjum í öðrum aðildarríkjum, þar sem þau veita þjónustu eða starfrækja útibú, ætti að tryggja náið samstarf og upplýsingaskipti við lögbær yfirvöld í þessum aðildarríkjum.

14) Í upplýsinga- og eftirlitsskyni, og einkum til að tryggja stöðugleika fjármálakerfisins, ættu lögbær yfirvöld gistiaðildarríkja að geta, í einstökum tilvikum, framkvæmt vettvangsskoðanir og rannsakað starfsemi útibúa verðbréfafyrirtækja á yfirráðasvæði sínu og krafist upplýsinga um starfsemi þessara útibúa. Eftirlitsráðstafanir að því er varðar þessi útibú ættu þó áfram að vera á ábyrgð heimaaðildarríkisins.

15) Til að vernda upplýsingar sem innihalda viðskiptaleyndarmál ættu lögbær yfirvöld að vera bundin reglum um þagnarskyldu er þau sinna eftirlitsverkefnum og við skipti á trúnaðarupplýsingum.

16) Til að efla varfærniseftirlit með verðbréfafyrirtækjum og verndun viðskiptavina þeirra ættu endurskoðendur að framkvæma sannprófun sína á hlutlausan hátt og tilkynna jafnharðan lögbærum yfirvöldum um upplýsingar um atriði sem gætu haft alvarleg áhrif á fjárhagsstöðu verðbréfafyrirtækis eða á stjórnsýslu eða reikningshald þess.

([7]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

([8]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

17) Að því er varðar þessa tilskipun ætti vinnsla persónuupplýsinga að vera í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 ([9]) og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 ([10]). Einkum ættu viðkomandi ákvæði V. kafla reglugerðar (ESB) 2016/679 og V. kafla reglugerðar (ESB) 2018/1725 að gilda þegar þessi tilskipun heimilar skipti á persónuupplýsingum við þriðju lönd.

18) Til að tryggja að staðið sé við skuldbindingarnar sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2033 ([11]) ættu aðildarríki að kveða á um stjórnsýsluviðurlög og aðrar stjórnsýsluráðstafanir sem eru skilvirkar, í réttu hlutfalli við brotið og hafa varnaðaráhrif. Stjórnsýsluviðurlög ætti að birta til að tryggja að þau hafi letjandi áhrif nema við ákveðnar og vel skilgreindar aðstæður. Til að gera viðskiptavinum og fjárfestum kleift að taka upplýsta ákvörðun um fjárfestingarkosti sína ættu þessir viðskiptavinir og fjárfestar að hafa aðgang að upplýsingum um stjórnsýsluviðurlög og aðrar stjórnsýsluráðstafanir sem lagðar eru á verðbréfafyrirtæki.

19) Til að greina möguleg brot á ákvæðum í landslögum sem lögleiða þessa tilskipun og á reglugerð (ESB) 2019/2033 ættu aðildarríki að hafa nauðsynlegar rannsóknarheimildir og koma á skilvirku og fljótvirku fyrirkomulagi til að tilkynna möguleg eða raunveruleg brot.

20) Verðbréfafyrirtæki sem teljast ekki vera lítil og ótengd ættu að hafa tiltækt innra fé sem er fullnægjandi að því er varðar magn, gæði og dreifingu til að dekka sértæka áhættu sem þau standa frammi fyrir eða gætu staðið frammi fyrir. Lögbær yfirvöld ættu að tryggja að verðbréfafyrirtæki hafi fullnægjandi stefnuáætlanir og verklagsreglur til að meta og viðhalda fullnægjandi innra fé sínu. Lögbær yfirvöld ættu einnig að geta krafist þess að lítil og ótengd verðbréfafyrirtæki beiti sambærilegum kröfum eftir því sem við á.

21) Heimildir varðandi könnunar- og matsferli ættu áfram að vera mikilvægt eftirlitstæki sem gerir lögbærum yfirvöldum kleift að meta eigindlega þætti, þ.m.t. innri stjórnarhætti og stýringu, áhættustýringarferli og -verklag og, ef þörf krefur, gera viðbótarkröfur, þ.m.t. einkum að því er varðar kröfur um eiginfjárgrunn og lausafjárstöðu, einkum fyrir verðbréfafyrirtæki sem teljast ekki vera lítil og ótengd, og einnig fyrir lítil og ótengd verðbréfafyrirtæki ef lögbært yfirvald telur það réttlætanlegt og viðeigandi.

22) Mælt er fyrir um meginregluna um sömu laun karla og kvenna fyrir sömu vinnu eða jafngild störf í 157. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Verðbréfafyrirtæki ættu að beita þessari meginreglu á samræmdan hátt. Til að samræma starfskjör við áhættusnið verðbréfafyrirtækja og til að tryggja jöfn samkeppnisskilyrði ættu verðbréfafyrirtæki að falla undir skýrar meginreglur um fyrirkomulag stjórnarhátta og reglur um starfskjör sem eru kynhlutlausar og taka tillit til mismunar á lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum. Lítil og ótengd verðbréfafyrirtæki ættu þó að njóta undanþágu frá þessum reglum vegna þess að ákvæðin um starfskjör og stjórnarhætti fyrirtækja sem mælt er fyrir um í tilskipun 2014/65/ESB eru nægilega ítarleg fyrir þessar tegundir verðbréfafyrirtækja.

23) Að sama skapi sýndi skýrsla framkvæmdastjórnarinnar frá 28. júlí 2016 um mat á reglum um starfskjör samkvæmt tilskipun 2013/36/ESB og reglugerð (ESB) nr. 575/2013 fram á að kröfurnar um frestun og útgreiðslur í gerningum sem mælt er fyrir um í tilskipun 2013/36/ESB eru ekki viðeigandi fyrir lítil og einföld verðbréfafyrirtæki eða starfsfólk sem hefur lág breytileg laun. Skýrar, stöðugar og samræmdar viðmiðanir til að auðkenna verðbréfafyrirtæki og einstaklinga sem eru undanþegnir þessum kröfum eru nauðsynlegar til að tryggja samleitni eftirlits og jöfn samkeppnisskilyrði. Vegna þess hversu mikilvægu hlutverki hátt launað starfsfólk gegnir við stjórnun starfsemi og langtímaárangur verðbréfafyrirtækja ætti að tryggja skilvirkt eftirlit með venjum og þróun í starfskjörum hátt launaðs starfsfólks. Því ættu lögbær yfirvöld að geta haft eftirlit með starfskjörum hátt launaðs starfsfólks.

([9]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin) (Stjtíð. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 1).

([10]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 frá 23. október 2018 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu meginstofnana, stofnana, skrifstofa og fagstofnana Sambandsins á persónuupplýsingum og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 45/2001 og ákvörðunar nr. 1247/2002/EB (Stjtíð. ESB L 295, 21.11.2018, bls. 39).

([11]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2033 frá 27. nóvember 2019 um varfærniskröfur fyrir verðbréfafyrirtæki og breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1093/2010, (ESB) nr. 575/2013, (ESB) nr. 600/2014 og (ESB) nr. 806/2014 (Stjtíð. ESB L 314, 5.12.2019, bls. 1).

24) Einnig þykir rétt að bjóða verðbréfafyrirtækjum sveigjanleika þannig að þau geti notað aðra gerninga en reiðufjárgerninga til að greiða breytileg starfskjör, að því tilskildu að slíkir gerningar séu skilvirkir til að ná því markmiði að samræma hagsmuni starfsfólks og hagsmuni ýmissa hagsmunaaðila, s.s. hluthafa og lánardrottna, og hjálpi til við að samræma breytileg starfskjör við áhættusnið verðbréfafyrirtækisins.

25) Tekjur verðbréfafyrirtækja í formi gjalda, þóknana og annarra tekna í tengslum við veitingu mismunandi fjárfestingarþjónustu eru mjög sveiflukenndar. Ef breytilegur þáttur starfskjara væri takmarkaður við hlutfall af föstum þætti launa myndi það hafa áhrif á getu verðbréfafyrirtækis til að lækka launagreiðslur þegar tekjur minnka og gæti haft í för með sér hækkun á föstum kostnaðargrunni verðbréfafyrirtækis, sem myndi síðan leiða til áhættu fyrir getu verðbréfafyrirtækis til að standa af sér efnahagssamdrátt eða lækkun á tekjum. Til að komast hjá þessari áhættu ætti ekki að fastsetja eitt sameiginlegt hámarkshlutfall milli breytilegra og fastra þátta starfskjara fyrir verðbréfafyrirtæki sem eru ekki kerfislega mikilvæg. Í stað þess ættu þessi verðbréfafyrirtæki sjálf að ákvarða viðeigandi hlutföll. Þrátt fyrir það ætti þessi tilskipun ekki að koma í veg fyrir að aðildarríki taki upp í landslög sín ráðstafanir sem ætlað er að fella verðbréfafyrirtæki undir strangari kröfur að því er varðar hámarkshlutfallið milli breytilegra og fastra þátta starfskjara. Þess utan ætti þessi tilskipun ekki að koma í veg fyrir að aðildarríki beiti slíku hámarkshlutfalli á öll verðbréfafyrirtæki eða tilteknar tegundir þeirra.

26) Þessi tilskipun ætti ekki að koma í veg fyrir að aðildarríki samþykki strangari nálgun að því er varðar starfskjör þegar verðbréfafyrirtæki fá sérstakan opinberan fjárstuðning.

27) Mismunandi skipulag stjórnarhátta er notað í aðildarríkjunum. Í flestum tilvikum eru notuð einþætt eða tvíþætt stjórnunarkerfi. Skilgreiningarnar, sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, eiga að ná yfir öll fyrirliggjandi kerfi án þess að taka eitt fram yfir annað. Þær hafa eingöngu hagnýtt gildi í þeim tilgangi að setja fram reglur sem miða að því að ná fram ákveðinni niðurstöðu óháð gildandi félagarétti um stofnanirnar í hverju aðildarríki. Skilgreiningarnar ættu því ekki að hafa áhrif á það hvernig valdheimildum er almennt skipt samkvæmt félagarétti í hverju landi.

28) Líta ætti svo á að framkvæmdastjórn hafi með höndum framkvæmdar- og eftirlitshlutverk. Valdheimildir og uppbygging stjórna er mismunandi eftir aðildarríkjum. Í aðildarríkjum þar sem stjórnir eru einþættar hefur alla jafnan ein stjórn á hendi stjórnunar- og eftirlitsverkefni. Í aðildarríkjum sem hafa tvíþætt kerfi framkvæmir aðskilin eftirlitsstjórn, sem hefur ekkert framkvæmdarhlutverk, eftirlitshlutverkið en aðskilin stjórn sinnir framkvæmdarhlutverkinu og ber ábyrgð á og svarar fyrir daglegan rekstur fyrirtækisins. Aðskilin verkefni eru falin mismunandi einingum innan stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar til samræmis við það.

29) Vegna aukinnar eftirspurnar almennings eftir skattalegu gagnsæi og til að stuðla að samfélagslegri ábyrgð verðbréfafyrirtækja þykir rétt að krefjast þess að verðbréfafyrirtæki, nema þau flokkist sem lítil og ótengd, birti árlega tilteknar upplýsingar, þ.m.t. upplýsingar um hagnað, greidda skatta og fengnar opinberar ívilnanir.

30) Til að taka á áhættu sem varðar samstæður sem samanstanda aðeins af verðbréfafyrirtækjum ætti aðferð beitingar varfærniskrafna á samstæðugrunni, sem krafist er samkvæmt reglugerð (ESB) 2019/2033, að því er varðar samstæður sem aðeins eru samsettar af verðbréfafyrirtækjum, að fylgja eiginfjárpróf samstæðu fyrir einfaldari samstæður. Ákvörðun á eftirlitsstjórnvaldi samstæðu ætti þó í báðum tilvikum að byggjast á sömu meginreglum og gilda ef um er að ræða eftirlit á samstæðugrunni samkvæmt tilskipun 2013/36/ESB. Til að tryggja viðeigandi samstarf ættu helstu þættir samræmingarráðstafana, einkum kröfur um upplýsingar við neyðarástand eða samvinnu- og samræmingarfyrirkomulag, að vera svipaðir helstu þáttum samræmingar sem gilda í tengslum við sameiginlegar reglur um lánastofnanir.

31) Framkvæmdastjórnin ætti að geta lagt fram tilmæli hjá ráðinu varðandi samningaviðræður milli Sambandsins og þriðju landa um hagnýta framkvæmd eftirlits með því að verðbréfafyrirtæki sem hafa móðurfélög með staðfestu í þriðju löndum og verðbréfafyrirtæki sem starfa í þriðju löndum og hafa móðurfélög með staðfestu í Sambandinu uppfylli kröfurnar í eiginfjárprófi samstæðu Þar að auki ættu aðildarríki og Evrópska bankaeftirlitsstofnunin einnig að geta komið á samstarfsfyrirkomulagi við þriðju lönd til að sinna eftirlitsverkefnum sínum.

32) Til að tryggja réttaröryggi og komast hjá skörun milli núverandi varfærnisramma, sem gildir bæði um lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki, og þessarar tilskipunar, ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 575/2013 og tilskipun 2013/36/ESB til að færa verðbréfafyrirtæki undan gildissviði þeirra. Verðbréfafyrirtæki sem eru hluti af bankasamstæðu ættu þó áfram að falla undir þessi ákvæði reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og tilskipunar 2013/36/ESB sem eiga við bankasamstæðuna, s.s. reglur um beitingu varfærniskrafna á samstæðugrunni sem settar eru fram í 11. til 24. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og ákvæðin um milligöngumóðurfélag í Sambandinu sem um getur í 21. gr. b. í tilskipun 2013/36/EB.

33) Nauðsynlegt er að tilgreina þau skref sem fyrirtæki þurfa að taka til að staðfesta hvort þau falli undir skilgreininguna á lánastofnun eins og hún er sett fram í b-lið 1. liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og þurfi því að fá starfsleyfi sem lánastofnun. Vegna þess að tiltekin verðbréfafyrirtæki stunda nú þegar starfsemi sem talin er upp í 3. og 6. lið A. þáttar í I. viðauka við tilskipun 2014/65/ESB er einnig nauðsynlegt að tryggja skýrleika varðandi samfellu allra starfsleyfa sem veitt eru vegna þessarar starfsemi. Einkum er nauðsynlegt að lögbær yfirvöld tryggi að umbreyting frá gildandi ramma yfir í þann nýja veiti verðbréfafyrirtækjum fullnægjandi vissu um reglur.

34) Til að tryggja skilvirkt eftirlit er mikilvægt að fyrirtæki sem uppfylla skilyrðin sem sett eru fram í b-lið 1. liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 sæki um starfsleyfi sem lánastofnun. Lögbær yfirvöld ættu því að hafa möguleika á að beita fyrirtæki sem sækja ekki um það starfsleyfi viðurlögum.

35) Breytingin á skilgreiningunni á „lánastofnun“ í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 með reglugerð (ESB) 2019/2033 getur, frá gildistöku hinnar síðarnefndu, náð yfir verðbréfafyrirtæki sem eru þegar starfandi á grundvelli starfsleyfis sem gefið er út í samræmi við tilskipun 2014/65/ESB. Heimila ætti þessum fyrirtækjum að starfa áfram samkvæmt starfsleyfi sínu sem verðbréfafyrirtæki þar til leyfi er veitt til að starfa sem lánastofnun. Þessi verðbréfafyrirtæki ættu að leggja fram umsókn um starfsleyfi eigi síðar en þegar 12 mánaða samfellt meðaltal mánaðarlegra heildareigna þeirra er jafnt eða yfir þeim viðmiðunarmörkum sem sett eru fram í b-lið 1. liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. Ef verðbréfafyrirtæki uppfylla einhver þeirra viðmiðunarmarka sem sett eru fram í b-lið 1. liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 frá og með gildistökudegi þessarar tilskipunar ætti meðaltal mánaðarlegra heildareigna þeirra að reiknast á grundvelli samfelldra 12 mánaða fyrir þá dagsetningu. Þessi verðbréfafyrirtæki ættu að sækja um starfsleyfi sem lánastofnun innan eins árs og eins dags frá gildistöku þessarar tilskipunar.

36) Breytingin á skilgreiningunni á „lánastofnun“ í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 með reglugerð (ESB) 2019/2033 getur einnig haft áhrif á fyrirtæki sem hafa þegar sótt um starfsleyfi sem verðbréfafyrirtæki samkvæmt tilskipun 2014/65/ESB og umsókn þeirra er enn í vinnslu. Slíkar umsóknir ætti að senda lögbærum yfirvöldum samkvæmt tilskipun 2013/36/ESB og meðhöndla í samræmi við ákvæðin um leyfisveitingu sem sett eru fram í þeirri tilskipun ef áætlaðar heildareignir fyrirtækisins eru jafnar eða umfram einhver þeirra viðmiðunarmarka sem sett eru fram í b-lið 1. liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

37) Fyrirtæki sem um getur í b-lið 1. liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 ættu einnig að falla undir allar kröfur um aðgengi að starfsemi lánastofnana sem mælt er fyrir um í III. bálki tilskipunar 2013/36/ESB, þ.m.t. ákvæði um afturköllun starfsleyfis í samræmi við 18. gr. þeirrar tilskipunar. Þó ætti að breyta 18. gr. þeirrar tilskipunar til að tryggja að lögbær yfirvöld geti afturkallað starfsleyfi sem hefur verið veitt lánastofnun ef sú lánastofnun notar aðeins starfsleyfi sitt til að taka þátt í starfseminni sem um getur í b-lið 1. liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og hefur, yfir 5 ára samfellt tímabil, meðaltal heildareigna sem eru undir viðmiðunarmörkunum sem sett eru fram í þeim lið.

38) Samkvæmt 39. gr. tilskipunar 2014/65/ESB falla fyrirtæki þriðja lands sem veita fjármálaþjónustu í Sambandinu undir landsbundið fyrirkomulag sem gæti krafist þess að stofnað sé útibú í aðildarríki. Til að auðvelda reglulegt eftirlit og mat á starfsemi fyrirtækja þriðja lands í gegnum útibú í Sambandinu ætti að upplýsa lögbær yfirvöld um umfang og svið þjónustu og starfsemi sem fer fram fyrir milligöngu útibúa á yfirráðasvæði þeirra.

39) Sérstakar millivísanir í tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB ([12]), 2011/61ESB ([13]) og 2014/59/ESB ([14]) í ákvæði reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og tilskipun 2013/36/ESB, sem eiga ekki lengur við verðbréfafyrirtæki frá gildistöku þessarar tilskipunar og reglugerðar (ESB) 2019/2033, skal túlka sem tilvísanir í samsvarandi ákvæði þessarar tilskipunar og reglugerðar (ESB) 2019/2033.

40) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur, í samstarfi við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina, gefið út skýrslu á grundvelli ítarlegrar bakgrunnsgreiningar, gagnaöflunar og samráðs um sérsniðið varfærnisfyrirkomulag fyrir öll verðbréfafyrirtæki sem eru ekki kerfislega mikilvæg, sem er grundvöllur endurskoðaðs varfærnisramma fyrir verðbréfafyrirtæki.

41) Til að tryggja samræmda beitingu þessarar tilskipunar ætti Evrópska bankaeftirlitsstofnunin að semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að tilgreina nánar viðmiðin fyrir að fella tiltekin verðbréfafyrirtæki undir reglugerð (ESB) nr. 575/2013, tilgreina upplýsingarnar sem lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis og gistiaðildarríkis ættu að skiptast á í tengslum við eftirlit, setja fram hvernig verðbréfafyrirtæki ættu að meta umfang starfsemi sinnar að því er varðar kröfur um innri stjórnarhætti og sérstaklega til að meta hvort þau séu lítil og ótengd verðbréfafyrirtæki. Tæknilegir eftirlitsstaðlar ættu einnig að tilgreina þá flokka starfsfólks sem í starfi sínu hafa veruleg áhrif á áhættusnið fyrirtækja að því er varðar ákvæði um starfskjör og tilgreina þá viðbótareiginfjárgerninga þáttar 1 og gerninga undir þætti 2 sem eru hæfir sem breytileg laun. Að lokum ættu tæknilegir eftirlitsstaðlar að tilgreina þætti mats á sértækri lausafjáráhættu, beitingu lögbærra yfirvalda á viðbótarkröfum um eiginfjárgrunn og starfsemi samstarfshópa eftirlitsaðila. Framkvæmdastjórnin ætti að bæta við þessa tilskipun með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana, sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin semur, með framseldum gerðum skv. 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010. Framkvæmdastjórnin og Evrópska bankaeftirlitsstofnunin ættu að tryggja að öll hlutaðeigandi verðbréfafyrirtæki geti beitt þessum tæknilegu eftirlitsstöðlum á hóflegan hátt með tilliti til eðlis, umfangs og flækjustigs þessara verðbréfafyrirtækja og í starfsemi þeirra.

42) Framkvæmdastjórnin ætti einnig að hafa heimild til að samþykkja tæknilega framkvæmdarstaðla sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin útfærir um upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda og kröfur um birtingu af hálfu lögbærra yfirvalda og tæknilega framkvæmdarstaðla sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin útfærir fyrir tilstilli framkvæmdargerða skv. 291. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 og 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

43) Til að tryggja samræmda beitingu þessarar tilskipunar og til að taka til greina þróun á fjármálamörkuðum ætti að fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins til að bæta við þessa tilskipun með því að skýra nánar skilgreiningarnar í þessari tilskipun, mat verðbréfafyrirtækja á innra fjármagni og áhættu sem og heimildir lögbærra yfirvalda varðandi könnunar- og matsferli. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga, og að þetta samráð fari fram í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningi milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016 ([15]). Til að tryggja jafna þátttöku við undirbúning framseldra gerða fá Evrópuþingið og ráðið öll skjöl á sama tíma og sérfræðingar aðildarríkja og hafa sérfræðingar þeirra kerfisbundinn aðgang að fundum sérfræðingahópa framkvæmdastjórnarinnar sem vinna að undirbúningi framseldra gerða.

([12]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB frá 13. júlí 2009 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum að því er varðar verðbréfasjóði (UCITS) (Stjtíð. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 32).

([13]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB frá 8. júní 2011 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og um breytingu á tilskipunum 2003/41/EB og 2009/65/EB og reglugerðum (EB) nr. 1060/2009 og (ESB) nr. 1095/2010 (Stjtíð. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 1).

([14]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB frá 15. maí 2014 sem kemur á ramma um endurreisn og skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja og um breytingu á tilskipun ráðsins 82/891/EBE, og tilskipunum 2001/24/EB, 2002/47/EB, 2004/25/EB, 2005/56/EB, 2007/36/EB, 2011/35/ESB, 2012/30/ESB og 2013/36/ESB og reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 190).

([15]) Stjtíð. ESB L 123, 12.5.2016, bls. 1.

44) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar tilskipunar, þ.e. að koma á skilvirkum og hóflegum varfærnisramma til að tryggja að verðbréfafyrirtæki sem hafa leyfi til að starfa innan Sambandsins séu á traustum fjárhagslegum grunni og sé stjórnað á skipulegan hátt, þ.m.t. með hagsmuni viðskiptavina þeirra í huga, og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins, vegna umfangs og áhrifa þeirra, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná þessu markmiði.

45) Í samræmi við sameiginlega pólitíska yfirlýsingu aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar frá 28. september 2011 um skýringaskjöl ([16]) hafa aðildarríkin skuldbundið sig til að láta, í rökstuddum tilvikum, eitt eða fleiri skjöl fylgja tilkynningunni um lögleiðingarráðstafanir sínar sem útskýra sambandið milli efnisþátta tilskipunar og samsvarandi hluta landsbundinna lögleiðingargerninga. Að því er þessa tilskipun varðar telur löggjafinn að sending slíkra gagna sé réttlætanleg.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. BÁLKUR

EFNI, GILDISSVIÐ OG SKILGREININGAR

1. gr.

Efni

Í þessari tilskipun er mælt fyrir um reglur um:

a) stofnfé verðbréfafyrirtækja,

b) eftirlitsheimildir og tæki til varfærniseftirlits lögbærra yfirvalda með verðbréfafyrirtækjum,

c) varfærniseftirlit lögbærra yfirvalda með verðbréfafyrirtækjum í samræmi við reglurnar sem settar eru fram í reglugerð (ESB) 2019/2033,

d) birtingarkröfur til lögbærra yfirvalda á sviði varfærnisreglna og -eftirlits með verðbréfafyrirtækjum.

2. gr.

Gildissvið

1. Þessi tilskipun gildir um verðbréfafyrirtæki sem hafa starfsleyfi og lúta eftirliti samkvæmt tilskipun 2014/65/ESB.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. gilda IV. og V. bálkur þessarar tilskipunar ekki um verðbréfafyrirtæki sem um getur í 2. og 5. mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2033, sem skulu lúta eftirliti með því hvort varfærniskröfur skv. VII. og VIII. bálki tilskipunar 2013/36/ESB séu uppfylltar í samræmi við aðra undirgrein 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2033.

3. gr.

Skilgreiningar

1. Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „fyrirtæki í viðbótarstarfsemi“: fyrirtæki sem hefur að meginstarfsemi að eiga eða hafa umsjón með fasteignum, sjá um gagnavinnsluþjónustu eða aðra svipaða starfsemi sem er til viðbótar við meginstarfsemi eins eða fleiri verðbréfafyrirtækja,

([16]) Stjtíð. ESB C 369, 17.12.2011, bls. 14.

2) „starfsleyfi“: starfsleyfi verðbréfafyrirtækis í samræmi við 5. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,

3) „útibú“: útibú, eins og það er skilgreint í 30. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,

4) „náin tengsl“: náin tengsl eins og þau eru skilgreind í 35. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,

5) „lögbært yfirvald“: opinbert yfirvald eða stofnun aðildarríkis sem er opinberlega viðurkennd og hefur vald samkvæmt landslögum til að hafa eftirlit með verðbréfafyrirtækjum, í samræmi við þessa tilskipun, sem hluti af eftirlitskerfi sem starfrækt er í viðkomandi aðildarríki,

6) „miðlari hrávöru og losunarheimilda“: miðlari hrávöru og losunarheimilda eins og hann er skilgreindur í 150. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

7) „yfirráð“: tengsl milli móðurfélags og dótturfélags, eins og þeim er lýst í 22. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB ([17]) eða í reikningsskilastöðlum sem verðbréfafyrirtæki fellur undir samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 ([18]), eða sambærilegt samband milli einstaklings eða lögaðila og fyrirtækis,

8) „uppfylling krafna í eiginfjárprófi samstæðu“: móðurfélag í samstæðu verðbréfafyrirtækis uppfyllir kröfurnar sem settar eru fram í 8. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2033,

9) „lánastofnun“: lánastofnun eins og hún er skilgreind í 1. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

10) „afleiður“: afleiður eins og þær eru skilgreindar í 29. lið 1. mgr. 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 ([19]),

11) „fjármálastofnun“: fjármálastofnun eins og hún er skilgreind í 14. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2033,

12) „kynhlutlaus starfskjarastefna“: kynhlutlaus starfskjarastefna eins og hún er skilgreind í 65. lið 1. mgr. 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB eins og henni var breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/878 ([20]),

13) „samstæða“: samstæða, eins og hún er skilgreind í 11. lið 2. gr. tilskipunar 2013/34/ESB,

14) „samstæðustaða“: samstæðustaða eins og hún er skilgreind í 11. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2033,

15) „eftirlitsstjórnvald samstæðu“: lögbært yfirvald sem ber ábyrgð á eftirliti með uppfyllingu krafna í eiginfjárprófi samstæðu af hálfu móðurverðbréfafyrirtækja í Sambandinu og verðbréfafyrirtækja undir stjórn móðureignarhaldsfélaga á verðbréfasviði í Sambandinu eða blandaðra móðureignarhaldsfélaga í fjármálastarfsemi í Sambandinu,

16) „heimaaðildarríki“: heimaaðildarríki eins og það er skilgreint í a-lið 55. liðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,

17) „gistiaðildarríki“: gistiaðildarríki eins og það er skilgreint í 56. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,

18) „stofnfé“: fjármagn sem krafist er vegna leyfis til að starfa sem verðbréfafyrirtæki, en fjárhæð og tegund þess er tilgreint í 9. og 11. gr.,

19) „verðbréfafyrirtæki“: verðbréfafyrirtæki eins og það er skilgreint í 1. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,

20) „samstæða verðbréfafyrirtækis“: samstæða verðbréfafyrirtækis eins og hún er skilgreind í 25. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2033,

21) „eignarhaldsfélag á verðbréfasviði“: eignarhaldsfélag á verðbréfasviði, eins og það er skilgreint í 23. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2033,

([17]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB frá 26. júní 2013 um árleg reikningsskil, samstæðureikningsskil og tilheyrandi skýrslur tiltekinna tegunda fyrirtækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB og niðurfellingu tilskipana ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE (Stjtíð. ESB L 182, 29.6.2013, bls. 19).

([18]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002 um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla (Stjtíð. EB L 243, 11.9.2002, bls. 1).

([19]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á reglugerð ráðsins (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 84).

([20]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/878 frá 20. maí 2019 um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB að því er varðar aðila sem njóta undanþágu, eignarhaldsfélög á fjármálasviði, blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi, starfskjör, eftirlitsráðstafanir og -heimildir og ráðstafanir til að varðveita eigið fé (Stjtíð. ESB L 150, 7.6.2019, bls. 253).

22) „fjárfestingarþjónusta og -starfsemi“: fjárfestingarþjónusta og -starfsemi eins og hún er skilgreind í 2. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,

23) „stjórn og/eða framkvæmdastjórn“: stjórn og/eða framkvæmdastjórn samkvæmt skilgreiningu í 36. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,

24) „stjórn og/eða framkvæmdastjórn í eftirlitshlutverki sínu“: stjórn og/eða framkvæmdastjórn í því hlutverki að hafa umsjón og eftirlit með ákvarðanatöku stjórnenda,

25) „blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi“: blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi eins og það er skilgreint í 15. lið 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/87/EB ([21]),

26) „blandað eignarhaldsfélag“: móðurfélag sem er ekki eignarhaldsfélag á fjármálasviði, eignarhaldsfélag á verðbréfasviði, lánastofnun, verðbréfafyrirtæki eða blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi í skilningi tilskipunar 2002/87/EB sem á a.m.k. eitt dótturfélag sem er verðbréfafyrirtæki,

27) „háttsettir stjórnendur“: háttsettir stjórnendur samkvæmt skilgreiningu í 37. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,

28) „móðurfélag“: móðurfélag eins og það er skilgreint í 32. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,

29) „dótturfélag“: dótturfélag, eins og það er skilgreint í 33. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,

30) „kerfisáhætta“: kerfisáhætta eins og hún er skilgreind í 10. lið 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 2013/36/ESB,

31) „móðurverðbréfafyrirtæki í Sambandinu“: móðurverðbréfafyrirtæki í Sambandinu eins og það er skilgreint í 56. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2033,

32) „móðureignarhaldsfélag á verðbréfasviði í Sambandinu“: móðureignarhaldsfélag á verðbréfasviði í Sambandinu, eins og það er skilgreint í 57. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2033,

33) „blandað móðureignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi í Sambandinu“: blandað móðureignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi í Sambandinu eins og það er skilgreint í 58. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2033.

2. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 58. gr. í því skyni að bæta við þessa tilskipun með því að skýra nánar skilgreiningarnar sem settar eru fram í 1. mgr. til að:

a) tryggja samræmda beitingu ákvæða þessarar tilskipunar,

b) taka tillit til þróunar á fjármálamörkuðum við beitingu þessarar tilskipunar.

II. BÁLKUR

LÖGBÆR YFIRVÖLD

4. gr.

Tilnefning og valdsvið lögbærra yfirvalda

1. Aðildarríki skulu tilnefna eitt eða fleiri lögbær yfirvöld til að sinna þeim hlutverkum og skyldum sem kveðið er á um í þessari tilskipun og í reglugerð (ESB) 2019/2033. Aðildarríkin skulu upplýsa framkvæmdastjórnina, Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina um þá tilnefningu og, ef um er að ræða fleiri en eitt lögbært yfirvald, um hlutverk og skyldur hvers lögbærs yfirvalds.

2. Aðildarríki skulu sjá til þess að lögbær yfirvöld hafi eftirlit með starfsemi verðbréfafyrirtækja og, þegar við á, eignarhaldsfélaga á verðbréfasviði og blandaðra eignarhaldsfélaga í fjármálastarfsemi, til að meta hvort kröfur þessarar tilskipunar og reglugerðar (ESB) 2019/2033 séu uppfylltar.

([21]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/87/EB frá 16. desember 2002 um viðbótareftirlit með lánastofnunum, vátryggingafélögum og fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu sem eru hluti af samsteypu fjármálafyrirtækja og um breytingu á tilskipunum ráðsins 73/239/EBE, 79/267/EBE, 92/49/EBE, 92/96/EBE, 93/6/EBE og 93/22/EBE og á tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 98/78/EB og 2000/12/EB (Stjtíð. ESB L 35, 11.2.2003, bls. 1).

3. Aðildarríki skulu sjá til þess að lögbæru yfirvöldin hafi allar nauðsynlegar heimildir, þ.m.t. heimild til að framkvæma vettvangsskoðanir í samræmi við 14. gr., til að fá upplýsingar sem þarf til að meta hvort verðbréfafyrirtæki og, þegar við á, eignarhaldsfélög á verðbréfasviði og blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi uppfylli kröfurnar í þessari tilskipun og reglugerð (ESB) 2019/2033 og til að rannsaka hugsanleg brot á þessum kröfum.

4. Aðildarríki skulu sjá til þess að lögbæru yfirvöldin búi yfir þeirri sérfræðiþekkingu, tilföngum, rekstrarlegu bolmagni, valdsviði og óhæði sem þarf til að framkvæma verkefnin í tengslum við varfærniseftirlit, rannsóknir og viðurlög sem sett eru fram í þessari tilskipun.

5. Aðildarríki skulu krefjast þess að verðbréfafyrirtæki veiti lögbærum yfirvöldum sínum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að meta hvort verðbréfafyrirtæki fari að ákvæðum landslaga sem lögleiða þessa tilskipun og fari að reglugerð (ESB) 2019/2033. Innra eftirlitskerfi og stjórnunaraðferðir og bókhaldsfyrirkomulag verðbréfafyrirtækja skal gera lögbærum yfirvöldum kleift að kanna hvenær sem er hvort farið sé að þessum ákvæðum.

6. Aðildarríki skulu sjá til þess að verðbréfafyrirtæki skrái öll viðskipti sín og skjalfesti kerfi og ferla sem falla undir þessa tilskipun og reglugerð (ESB) 2019/2033 með hætti sem gerir lögbæru yfirvöldunum kleift að meta hvort ávallt sé farið að þessari tilskipun og reglugerð (ESB) 2019/2033.

5. gr.

Ákvörðunarréttur lögbærra yfirvalda um að fella tiltekin verðbréfafyrirtæki undir kröfurnar sem settar eru fram í reglugerð (ESB) nr. 575/2013

1. Lögbær yfirvöld geta ákveðið að beita kröfum reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 skv. c-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2033 á verðbréfafyrirtæki sem stundar einhverja þá starfsemi sem talin er upp í 3. og 6. lið A-hluta I. viðauka við tilskipun 2014/65/ESB ef heildarvirði samstæðueigna verðbréfafyrirtækisins er jafnt eða meira en 5 milljarðar evra, reiknað sem meðaltal næstliðinna 12 mánaða, og eitt eða fleiri eftirfarandi viðmiða á við:

a) þessi starfsemi verðbréfafyrirtækisins er það umfangsmikil að fall eða vandræði verðbréfafyrirtækisins gæti haft í för með sér kerfisáhættu,

b) verðbréfafyrirtækið er stöðustofnunaraðili eins og hann er skilgreindur í 3. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) 2019/2033,

c) lögbæra yfirvaldið telur það réttlætanlegt í ljósi stærðar, eðlis og umfangs starfsemi hlutaðeigandi verðbréfafyrirtækis og þess hversu flókin hún er, að teknu tilliti til meðalhófsreglunnar og að teknu tilliti til eins eða fleiri eftirfarandi þátta:

   i. mikilvægis verðbréfafyrirtækisins fyrir efnahag Sambandsins eða viðkomandi aðildarríkis,

   ii. mikilvægis starfsemi verðbréfafyrirtækisins yfir landamæri,

   iii. samtengingar verðbréfafyrirtækisins við fjármálakerfið.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um miðlara hrávöru og losunarheimilda, sjóði um sameiginlega fjárfestingu eða vátrygginga félög.

3. Ef lögbært yfirvald ákveður að beita kröfunum í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 á verðbréfafyrirtæki í samræmi við 1. mgr. skal það verðbréfafyrirtæki lúta eftirliti með því að farið sé að varfærniskröfunum skv. VII. og VIII. bálki tilskipunar 2013/36/ESB.

4. Ef lögbært yfirvald ákveður að afturkalla ákvörðun sem tekin er í samræmi við 1. mgr. skal það upplýsa verðbréfafyrirtækið um það án tafar.

Allar ákvarðanir sem teknar eru af lögbæru yfirvaldi skv. 1. mgr. skulu falla úr gildi ef verðbréfafyrirtæki uppfyllir ekki lengur viðmiðunarmörkin sem um getur í þeirri málsgrein, reiknuð út yfir 12 mánaða samfellt tímabil.

5. Lögbær yfirvöld skulu upplýsa Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina án tafar um allar ákvarðanir sem teknar eru í samræmi við 1., 3. og 4. mgr.

6. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal, í samráði við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina, semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina nánar viðmiðin sem sett eru fram í a- og b-lið 1. mgr. og tryggja samræmda beitingu þeirra.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 26. desember 2020.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að bæta við þessa tilskipun með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í annarri undirgrein, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

6. gr.

Samstarf innan aðildarríkis

1. Lögbær yfirvöld skulu hafa náið samstarf við opinber yfirvöld eða aðila sem bera ábyrgð á eftirliti með lánastofnunum og fjármálastofnunum í sínu aðildarríki. Aðildarríki skulu gera kröfu um að þessi lögbæru yfirvöld og þessi opinberu yfirvöld eða aðilar skiptist, án tafar, á upplýsingum sem eru nauðsynlegar eða skipta máli fyrir þau við að sinna hlutverkum sínum og skyldustörfum.

2. Önnur lögbær yfirvöld en þau sem tilnefnd eru í samræmi við 67. gr. tilskipunar 2014/65/ESB skulu koma á fyrirkomulagi fyrir samstarf við þessi yfirvöld og fyrir skipti á upplýsingum sem skipta máli til að sinna hlutverkum og skyldum þeirra.

7. gr.

Samstarf innan evrópska fjármálaeftirlitskerfisins

1. Lögbær yfirvöld skulu við skyldustörf sín taka tillit til samleitni að því er varðar eftirlitstæki og eftirlitsaðferðir við beitingu lagaákvæða sem samþykkt eru samkvæmt þessari tilskipun og reglugerð (ESB) 2019/2033.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að:

a) lögbæru yfirvöldin vinni saman, sem aðilar að evrópska fjármálaeftirlitskerfinu, á grundvelli trausts og fullrar gagnkvæmrar virðingar, einkum þegar tryggja á skipti á viðeigandi, áreiðanlegum og tæmandi upplýsingum milli þeirra og annarra aðila að evrópska fjármálaeftirlitskerfinu,

b) lögbær yfirvöld taki þátt í starfsemi Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar og, eftir því sem við á, samstarfshópum eftirlitsaðila sem um getur í 48. gr. þessarar tilskipunar og í 116. gr. tilskipunar 2013/36/ESB,

c) lögbær yfirvöld leiti allra leiða til að tryggja að farið sé eftir viðmiðunarreglunum og tilmælunum sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin gefur út í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 og að brugðist sé við viðvörunum og tilmælum sem Evrópska kerfisáhætturáðið gefur út skv. 16. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1092/2010 ([22]),

d) lögbæru yfirvöldin hafi náið samstarf við Evrópska kerfisáhætturáðið,

e) verkefni og heimildir sem veittar eru lögbærum yfirvöldum hamli þeim ekki við skyldustörf sem aðilum að Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni eða Evrópska kerfisáhætturáðinu eða samkvæmt þessari tilskipun og samkvæmt reglugerð (ESB) 2019/2033.

8. gr.

Sambandsþáttur eftirlits

Við almenn skyldustörf sín skulu lögbær yfirvöld í hverju aðildarríki taka til athugunar með viðeigandi hætti möguleg áhrif ákvarðana sinna á stöðugleika fjármálakerfisins í öðrum hlutaðeigandi aðildarríkjum og Sambandinu sem heild, einkum í neyðarástandi, á grundvelli þeirra upplýsinga sem eru aðgengilegar á viðkomandi tíma.

([22]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1092/2010 frá 24. nóvember 2010 um þjóðhagsvarúðareftirlit með fjármálakerfinu á sviði Evrópusambandsins og um stofnun Evrópska kerfisáhætturáðsins (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 1).

III. BÁLKUR

STOFNFÉ

9. gr.

Stofnfé

1. Stofnfé verðbréfafyrirtækis sem krafist er skv. 15. gr. tilskipunar 2014/65/ESB vegna starfsleyfis til að veita einhverja þá fjárfestingarþjónustu eða stunda einhverja þá fjárfestingarstarfsemi sem talin er upp í 3. og 6. lið A-hluta I. viðauka við tilskipun 2014/65/ESB skal vera 750 000 evrur.

2. Stofnfé verðbréfafyrirtækis sem krafist er skv. 15. gr. tilskipunar 2014/65/ESB vegna starfsleyfis til að veita einhverja þá fjárfestingarþjónustu eða stunda einhverja þá fjárfestingarstarfsemi sem talin er upp í 1., 2., 4., 5. og 7. lið A-hluta I. viðauka við tilskipun 2014/65/ESB og hefur ekki leyfi til að varðveita fé eða verðbréf viðskiptavina sinna skal vera 75 000 evrur.

3. Stofnfé verðbréfafyrirtækis sem krafist er skv. 15. gr. tilskipunar 2014/65/ESB fyrir önnur verðbréfafyrirtæki en þau sem um getur í 1., 2. og 4. mgr. þessarar greinar skal vera 150 000 evrur.

4. Stofnfé verðbréfafyrirtækis sem hefur leyfi til að veita þá fjárfestingarþjónustu eða stunda þá fjárfestingarstarfsemi sem talin er upp í 9. lið A-hluta I. viðauka við tilskipun 2014/65/ESB, ef það verðbréfafyrirtæki á í viðskiptum fyrir eigin reikning eða hefur leyfi til þess, skal vera 750 000 evrur.

10. gr.

Tilvísanir í stofnfé í tilskipun 2013/36/ESB

Tilvísanir í stofnfjárhæðir sem ákvarðaðar eru skv. 9. gr. þessarar tilskipunar skal, frá 26. júní 2021, skilja þannig að þær komi í stað tilvísana í öðrum réttargerðum Sambandsins í stofnfjárhæðir sem ákvarðaðar eru í tilskipun 2013/36/ESB sem hér segir:

a) litið skal á tilvísanir í stofnfé verðbréfafyrirtækja í 28. gr. tilskipunar 2013/36/ESB sem tilvísanir í 1. mgr. 9. gr. þessarar tilskipunar,

b) litið skal á tilvísanir í stofnfé verðbréfafyrirtækja í 29. og 31. gr. tilskipunar 2013/36/ESB sem tilvísanir í 2., 3. eða 4. mgr. 9. gr. þessarar tilskipunar, með hliðsjón af tegundum fjárfestingarþjónustu og -starfsemi verðbréfafyrirtækis,

c) litið skal á tilvísanir í stofnfé í 30. gr. tilskipunar 2013/36/ESB sem tilvísanir í 1. mgr. 9. gr. þessarar tilskipunar.

11. gr.

Samsetning stofnfjár

Stofnfé verðbréfafyrirtækis skal samsett í samræmi við 9. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2033.

IV. BÁLKUR

VARFÆRNISEFTIRLIT

1. KAFLI

Meginreglur varfærniseftirlits

1. þáttur

Valdsvið og skyldur heima- og gistiaðildarríkja

12. gr.

Valdsvið lögbærra yfirvalda í heima- og gistiaðildarríkjunum

Varfærniseftirlit með verðbréfafyrirtækjum skal vera á ábyrgð lögbærra yfirvalda heimaaðildarríkisins, með fyrirvara um ákvæði þessarar tilskipunar sem fela lögbærum yfirvöldum gistiaðildarríkisins ábyrgðina á hendur.

13. gr.

Samstarf milli lögbærra yfirvalda mismunandi aðildarríkja

1. Lögbær yfirvöld mismunandi aðildarríkja skulu eiga náið samstarf í þeim tilgangi að sinna skyldum sínum samkvæmt þessari tilskipun og reglugerð (ESB) 2019/2033, einkum með því að skiptast á upplýsingum um verðbréfafyrirtæki án tafar, þ.m.t. eftirfarandi:

a) upplýsingum um fyrirkomulag stjórnunar og eignarhalds á verðbréfafyrirtækinu,

b) upplýsingum um hvort verðbréfafyrirtækið uppfylli kröfur um eiginfjárgrunn,

c) upplýsingum um hvort kröfur vegna samþjöppunaráhættu og lausafjárkröfur verðbréfafyrirtækisins séu uppfylltar,

d) upplýsingum um stjórnsýslu- og bókhaldsfyrirkomulag og innra eftirlitskerfi verðbréfafyrirtækis,

e) alla aðra viðkomandi þætti sem gætu haft áhrif á þá áhættu sem verðbréfafyrirtækið veldur.

2. Lögbær yfirvöld heimaaðildarríkisins skulu án tafar veita lögbærum yfirvöldum gistiaðildarríkisins allar upplýsingar og niðurstöður um möguleg vandamál og áhættu sem verðbréfafyrirtæki veldur fyrir verndun viðskiptavina eða stöðugleika fjármálakerfisins í gistiaðildarríkinu, sem þau hafa greint við eftirlit með starfsemi verðbréfafyrirtækis.

3. Lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu skulu bregðast við upplýsingum frá lögbærum yfirvöldum í gistiaðildarríkinu með því að grípa til allra ráðstafana sem þörf er á til að komast hjá eða ráða bót á mögulegum vandamálum og áhættu eins og um getur í 2. mgr. Lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis skulu, samkvæmt beiðni, útskýra ítarlega fyrir lögbærum yfirvöldum gistiaðildarríkisins hvernig þau hafa tekið tillit til þeirra upplýsinga og niðurstaðna sem lögbær yfirvöld í gistiaðildarríkinu leggja fram.

4. Ef lögbær yfirvöld í gistiaðildarríkinu, eftir sendingu á upplýsingum og niðurstöðum sem um getur í 2. mgr., telja að lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu hafi ekki gert nauðsynlegar ráðstafanir sem um getur í 3. mgr. geta lögbær yfirvöld í gistiaðildarríkinu, eftir að hafa upplýst lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu, Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina, gripið til viðeigandi ráðstafana til að vernda viðskiptavini sem er veitt þjónusta eða til að vernda stöðugleika fjármálakerfisins.

Lögbæru yfirvöldunum er heimilt að vísa til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar þeim tilvikum þar sem beiðni um samstarf, einkum beiðni um upplýsingaskipti, hefur verið synjað eða ekkert hefur verið aðhafst innan hæfilegs frests. Að því er varðar slík tilvik getur Evrópska bankaeftirlitsstofnunin, með fyrirvara um 258. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, aðhafst í samræmi við þær valdheimildir sem henni eru veittar með 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010. Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni er einnig heimilt að aðstoða lögbær yfirvöld við að ná samkomulagi um upplýsingaskipti samkvæmt þessari grein, að eigin frumkvæði í samræmi við aðra undirgrein 1. mgr. 19. gr. þeirrar reglugerðar.

5. Lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu sem eru ósammála ráðstöfunum lögbærra yfirvalda gistiaðildarríkisins geta vísað málinu til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar, sem skal grípa til aðgerða samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010. Þegar Evrópska bankaeftirlitsstofnunin tekur ákvarðanir í samræmi við þá grein skal hún gera það innan eins mánaðar.

6. Að því er varðar mat á skilyrðinu í c-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 23. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2033 getur lögbært yfirvald í heimaaðildarríki verðbréfafyrirtækis óskað þess að lögbært yfirvald í heimaaðildarríki stöðustofnunaraðila veiti upplýsingar um tryggingarlíkanið og þá stika sem notaðir eru við útreikning á kröfu um tryggingarþekju viðkomandi verðbréfafyrirtækis.

7. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal, í samráði við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina, semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að tilgreina kröfur um tegund og eðli upplýsinganna sem um getur í 1. og 2. mgr. þessarar greinar.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að bæta við þessa tilskipun með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

8. Evrópska bankaeftirlitsstofnun skal, í samráði við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina, semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að koma á fót stöðluðum eyðublöðum, sniðmátum og verklagsreglum um kröfur um upplýsingaskipti í þeim tilgangi að auðvelda eftirlit með verðbréfafyrirtækjum.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

9. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina drögin að tæknistöðlunum, sem um getur í 7. og 8. mgr., eigi síðar en 26. júní 2021.

14. gr.

Vettvangsskoðanir og -athuganir á útibúum með staðfestu í öðru aðildarríki

1. Gistiaðildarríki skulu mæla svo fyrir að þegar verðbréfafyrirtæki með starfsleyfi í öðru aðildarríki rekur starfsemi í gegnum útibú geti lögbær yfirvöld heimaaðildarríkisins, sjálf eða fyrir milligöngu milliliða sem þau skipa í því skyni, kannað á staðnum upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. 13. gr. og skoðað slík útibú eftir að hafa upplýst lögbær yfirvöld í gistiaðildarríkinu um það fyrirfram.

2. Lögbær yfirvöld gistiaðildarríkisins skulu, í eftirlitsskyni og ef þau telja það skipta máli fyrir stöðugleika fjármálakerfisins í gistiaðildarríkinu, hafa vald til að framkvæma, í einstökum tilvikum, vettvangsskoðun og -athugun á starfsemi útibúa verðbréfafyrirtækja á yfirráðasvæði þeirra og krefjast upplýsinga frá útibúi um starfsemi þess.

Lögbæru yfirvöldin í gistiaðildarríkinu skulu, án tafar, hafa samráð við lögbæru yfirvöldin í heimaaðildarríkinu áður en þau framkvæma þess háttar skoðanir og athuganir.

Eins fljótt og mögulegt er að aflokinni slíkri skoðun og athugunum skulu lögbæru yfirvöldin í gistiaðildarríkinu senda lögbæru yfirvöldunum í heimaaðildarríkinu þær upplýsingar sem þau fengu og niðurstöður sem máli skipta fyrir áhættumatið á hlutaðeigandi verðbréfafyrirtæki.

2. þáttur

Þagnarskylda og tilkynningarskylda

15. gr.

Þagnarskylda og skipti á trúnaðarupplýsingum

1. Aðildarríki skulu tryggja að lögbær yfirvöld og allir aðilar sem starfa eða hafa starfað fyrir þessi lögbæru yfirvöld, þ.m.t. aðilarnir sem um getur í 1. mgr. 76. gr. tilskipunar 2014/65/ESB, falli undir þagnarskylduna að því er varðar þessa tilskipun og reglugerð (ESB) 2019/2033.

Aðeins má skýra frá trúnaðarupplýsingum sem slík lögbær yfirvöld og aðilar öðlast vitneskju um við skyldustörf sín í samantekt eða útdrætti að því tilskildu að ekki sé unnt að bera kennsl á einstök verðbréfafyrirtæki eða aðila, með fyrirvara um mál sem heyra undir refsilög.

Hafi verðbréfafyrirtæki verið lýst gjaldþrota eða knúið í slitameðferð má þó skýra frá trúnaðarupplýsingum sem varða ekki þriðju aðila í einkamálum eða málum fyrir verslunarrétti, ef slíkt er nauðsynlegt vegna slíkrar málsmeðferðar.

2. Lögbær yfirvöld skulu aðeins nota trúnaðarupplýsingar sem er safnað, skipst á eða eru sendar samkvæmt þessari tilskipun og reglugerð (ESB) 2019/2033 í þeim tilgangi að sinna skyldustörfum sínum og einkum í eftirfarandi tilgangi:

a) til að fylgjast með varfærnisreglunum sem settar eru fram í þessari tilskipun og reglugerð (ESB) 2019/2033,

b) til að leggja á viðurlög,

c) þegar lögð er fram stjórnsýslukæra gegn ákvörðun lögbæru yfirvaldanna,

d) við málarekstur fyrir dómstóli sem hafinn er skv. 23. gr.

3. Einstaklingar og lögaðilar og aðrir aðilar, aðrir en lögbær yfirvöld, sem fá trúnaðarupplýsingar samkvæmt þessari tilskipun og reglugerð (ESB) 2019/2033 skulu aðeins nota þær upplýsingar í þeim tilgangi sem lögbæra yfirvaldið kveður skýrt á um eða í samræmi við landslög.

4. Lögbær yfirvöld geta skipst á trúnaðarupplýsingum að því er varðar 2. mgr., mælt fyrir um hvernig skuli meðhöndla slíkar upplýsingar og takmarkað alla frekari sendingu þessara upplýsinga.

5. Skyldan sem um getur í 1. mgr. skal ekki koma í veg fyrir að lögbær yfirvöld sendi framkvæmdastjórninni trúnaðar upplýsingar þegar þær upplýsingar eru nauðsynlegar vegna beitingar heimilda hennar.

6. Lögbær yfirvöld geta veitt Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni, Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni, Evrópska kerfisáhætturáðinu, seðlabönkum aðildarríkjanna, Seðlabankakerfi Evrópu og Seðlabanka Evrópu, í hlutverki þeirra yfirvalda á sviði peningamála og, þar sem við á, opinberum yfirvöldum sem bera ábyrgð á eftirliti með greiðslu- og uppgjörskerfum, trúnaðarupplýsingar sem nauðsynlegar eru til framkvæmdar á verkefnum þeirra.

16. gr.

Samstarfssamningar við þriðju lönd um upplýsingaskipti

Í þeim tilgangi að framkvæma eftirlitsverkefni sín í samræmi við þessa tilskipun eða reglugerð (ESB) 2019/2033 og í þeim tilgangi að skiptast á upplýsingum geta lögbær yfirvöld, Evrópska bankaeftirlitsstofnunin og Evrópska verðbréfamarkaðs-eftirlitsstofnunin, í samræmi við 33. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 eða 33. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010, eftir því sem við á, gert samstarfssamninga við eftirlitsyfirvöld í þriðju löndum og við yfirvöld eða stofnanir í þriðju löndum sem bera ábyrgð á eftirfarandi verkefnum, að því tilskildu að um upplýsingarnar sem eru veittar ríki þagnarskylda sem er a.m.k. jafngild þeirri sem um getur í 15. gr. þessarar tilskipunar:

a) eftirliti með fjármálastofnunum og fjármálamörkuðum, þ.m.t. eftirliti með aðilum á fjármálamarkaði sem hafa leyfi til að starfa sem miðlægir mótaðilar, ef þeir hafa hlotið viðurkenningu skv. 25. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 ([23]),

b) félagsslitum og gjaldþrotaskiptum verðbréfafyrirtækja og svipaðri málsmeðferð,

c) eftirliti með stofnunum sem tengjast félagsslitum og gjaldþrotaskiptum verðbréfafyrirtækja og svipaðri málsmeðferð,

d) framkvæmd lögboðinnar endurskoðunar fjármálastofnana eða stofnana sem annast stjórn bótakerfa,

e) eftirliti með aðilum sem annast lögboðna endurskoðun á reikningum fjármálastofnana,

([23]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár (Stjtíð. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1).

f) eftirliti með aðilum sem eru virkir á mörkuðum fyrir losunarheimildir í því skyni að tryggja heildstætt yfirlit yfir fjármálamarkaði og stundarmarkaði,

g) eftirliti með aðilum sem eru virkir á mörkuðum fyrir landbúnaðarhrávöruafleiður í því skyni að tryggja heildstætt yfirlit yfir fjármálamarkaði og stundarmarkaði.

17. gr.

Skyldur ábyrgðaraðila eftirlits með ársreikningum og samstæðureikningsskilum

Aðildarríki skulu kveða á um að öllum aðilum sem eru viðurkenndir í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB ([24]) og vinna þau verkefni innan verðbréfafyrirtækis sem lýst er í 73. gr. tilskipunar 2009/65/EB eða í 34. gr. tilskipunar 2013/34/ESB, eða einhver önnur lögboðin verkefni, sé skylt að upplýsa lögbær yfirvöld þegar í stað um málsatvik eða ákvarðanir sem snerta það verðbréfafyrirtæki eða snerta fyrirtæki sem hefur náin tengsl við það verðbréfafyrirtæki sem:

a) fela í sér veruleg brot á lögum eða stjórnsýslufyrirmælum sem mælt er fyrir um samkvæmt þessari tilskipun,

b) geta haft áhrif á áframhaldandi starfsemi verðbréfafyrirtækisins, eða

c) geta leitt til þess að ekki er skrifað upp á reikningana eða að gerðir séu fyrirvarar.

3. þáttur

Viðurlög, rannsóknarheimildir og réttur til áfrýjunar

18. gr.

Stjórnsýsluviðurlög og aðrar stjórnsýsluráðstafanir

1. Án þess að hafa áhrif á eftirlitsheimildirnar sem um getur í 4. þætti í 2. kafla IV. bálks þessarar tilskipunar, þ.m.t. rannsóknarheimildir og heimildir lögbærra yfirvalda til að grípa til úrræða til úrbóta, og réttindi aðildarríkja til að kveða á um og beita refsiviðurlögum skulu aðildarríki mæla fyrir um reglur um stjórnsýsluviðurlög og aðrar stjórnsýsluráðstafanir og tryggja að lögbær yfirvöld þeirra hafi vald til að beita slíkum viðurlögum og ráðstöfunum við brot á landslögum sem lögleiða þessa tilskipun og á reglugerð (ESB) 2019/2033, þ.m.t. ef verðbréfafyrirtæki:

a) kemur ekki á innra fyrirkomulagi stjórnarhátta eins og mælt er fyrir um í 26. gr.,

b) veitir ekki lögbæru yfirvöldunum upplýsingar, eða veitir ófullnægjandi eða ónákvæmar upplýsingar, um hvort skyldan til að uppfylla kröfur um eiginfjárgrunn, sem settar eru fram í 11. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2033, sé uppfyllt og brýtur þannig í bága við b-lið 1. mgr. 54. gr. þeirrar reglugerðar,

c) upplýsir lögbæru yfirvöldin ekki um samþjöppunaráhættu eða veitir ófullnægjandi eða ónákvæmar upplýsingar og brýtur þannig í bága við e-lið 1. mgr. 54. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2033,

d) stofnar til samþjöppunaráhættu sem er umfram takmörkin sem sett eru fram í 37. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2033, með fyrirvara um 38. og 39. gr. þeirrar reglugerðar,

e) skortir lausafé, ítrekað eða um langvarandi skeið, og brýtur þannig í bága við 43. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2033, með fyrirvara um 44. gr. þeirrar reglugerðar,

f) birtir ekki upplýsingar eða veitir ófullnægjandi eða ófullkomnar upplýsingar og brýtur þannig í bága við ákvæði sjötta hluta reglugerðar (ESB) 2019/2033,

g) innir af hendi greiðslur til handhafa gerninga sem eru hluti af eiginfjárgrunni verðbréfafyrirtækis í tilvikum þar sem 28., 52. eða 63. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 banna slíkar greiðslur til handhafa gerninga sem eru hluti af eiginfjárgrunni,

h) er talið ábyrgt fyrir alvarlegu broti á ákvæðum landslaga sem samþykkt voru á grundvelli tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 ([25]),

([24]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB frá 17. maí 2006 um lögboðna endurskoðun ársreikninga og samstæðureikninga, um breytingu á tilskipunum ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 84/253/EBE (Stjtíð. ESB L 157, 9.6.2006, bls. 87).

([25]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 frá 20. maí 2015 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvættis eða til fjármögnunar hryðjuverkastarfsemi, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012, og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/70/EB (Stjtíð. ESB L 141, 5.6.2015, bls. 73).

i) heimilar einum eða fleiri aðilum sem uppfylla ekki 91. gr. tilskipunar 2013/36/ESB að verða eða halda áfram að vera meðlimir stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar.

Aðildarríki sem mæla ekki fyrir um reglur um stjórnsýsluviðurlög vegna brota sem falla undir landsbundinn refsirétt skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um viðkomandi ákvæði refsiréttar.

Stjórnsýsluviðurlögin og aðrar stjórnsýsluráðstafanir skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brot og hafa varnaðaráhrif.

2. Eftirfarandi skal vera meðal stjórnsýsluviðurlaga og annarra stjórnsýsluráðstafana sem um getur í fyrstu undirgrein 1. mgr.:

a) opinber yfirlýsing sem tilgreinir einstaklinginn eða lögaðilann, verðbréfafyrirtækið, eignarhaldsfélagið á verðbréfasviði eða blandaða eignarhaldsfélagið í fjármálastarfsemi sem ber ábyrgð og eðli brotsins,

b) skipun til einstaklingsins eða lögaðilans sem ber ábyrgð um að hætta framferðinu og endurtaka það ekki,

c) tímabundið bann við því að aðilar í stjórn og framkvæmdastjórn í verðbréfafyrirtæki eða aðrir einstaklingar sem gerðir eru ábyrgir gegni starfi fyrir verðbréfafyrirtæki,

d) ef um lögaðila er að ræða, stjórnsýslusektir sem eru allt að 10% af hreinni árlegri heildarveltu fyrirtækisins á næstliðnu rekstrarári, þ.m.t. vergum tekjum sem samanstanda af vaxtatekjum og svipuðum tekjum, tekjum af hlutabréfum og öðrum verðbréfum með breytilegum eða föstum tekjum og umboðslaunum eða þóknunum,

e) ef um lögaðila er að ræða, stjórnsýslusektir sem eru allt að tvöföld fjárhæð þess hagnaðar sem næst eða taps sem komist er hjá vegna brotsins, ef mögulegt er að ákvarða hagnaðinn eða tapið,

f) ef um einstakling er að ræða, stjórnsýslusektir sem eru allt að 5 000 000 evra eða, í þeim aðildarríkjum sem hafa ekki evru að gjaldmiðli, samsvarandi virði í gjaldmiðli viðkomandi ríkis hinn 25. desember 2019.

Viðeigandi vergar tekjur skulu, þegar fyrirtækið sem um getur í d-lið fyrstu undirgreinar er dótturfélag, vera vergar tekjur af samstæðureikningi endanlega móðurfélagsins á næstliðnu rekstrarári.

Aðildarríki skulu tryggja að þegar verðbréfafyrirtæki brjóta gegn ákvæðum landslaga sem lögleiða þessa tilskipun eða brjóta gegn ákvæðum reglugerðar (ESB) 2019/2033 megi lögbær yfirvöld beita stjórnsýsluviðurlögum gegn aðilum stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar og öðrum einstaklingum sem samkvæmt landslögum bera ábyrgð á brotinu.

3. Aðildarríki skulu sjá til þess að lögbær yfirvöld taki tillit til allra viðeigandi aðstæðna þegar ákvörðun er tekin um tegund stjórnsýsluviðurlaga eða annarra stjórnsýsluráðstafana sem um getur í 1. mgr. og fjárhæð stjórnsýslusekta, þ.m.t. og eftir því sem við á:

a) hversu alvarlegt brotið er og hversu lengi það hefur viðgengist,

b) umfangs ábyrgðar einstaklinganna eða lögaðilanna sem bera ábyrgð á brotinu,

c) fjárhagslegs styrks einstaklingsins eða lögaðilans sem ber ábyrgð á brotinu, þ.m.t. heildarveltu lögaðila eða árstekjum einstaklinga,

d) mikilvægis hagnaðar lögaðilans sem ber ábyrgð á brotinu eða tapsins sem hann kemst hjá,

e) taps þriðju aðila vegna brotsins,

f) umfangs samstarfs við viðkomandi lögbær yfirvöld,

g) fyrri brota einstaklinganna eða lögaðilanna sem bera ábyrgð á brotinu,

h) allra mögulegra kerfistengdra afleiðinga af brotinu.

19. gr.

Rannsóknarheimildir

Aðildarríki skulu sjá til þess að lögbær yfirvöld hafi allar heimildir til upplýsingasöfnunar og rannsóknar sem þau þurfa til að gegna hlutverki sínu, þ.m.t.:

a) heimild til að krefjast upplýsinga frá eftirfarandi einstaklingum eða lögaðilum:

   i. verðbréfafyrirtækjum með staðfestu í hlutaðeigandi aðildarríki,

   ii. eignarhaldsfélögum á verðbréfasviði með staðfestu í hlutaðeigandi aðildarríki,

   iii. blönduðum eignarhaldsfélögum í fjármálastarfsemi með staðfestu í hlutaðeigandi aðildarríki,

   iv. blönduðum eignarhaldsfélögum með staðfestu í hlutaðeigandi aðildarríki,

   v. aðilum sem tilheyra einingunum sem um getur í i. til iv. lið,

   vi. þriðju aðilum sem einingarnar, er um getur í i. til iv. lið, hafa útvistað rekstrarþáttum eða starfsemi til,

b) vald til að framkvæma allar nauðsynlegar rannsóknir á aðilum, sem um getur í a-lið og hafa staðfestu eða eru staðsettir í hlutaðeigandi aðildarríki, þ.m.t. rétt til að:

   i. krefjast þess að aðilarnir sem um getur í a-lið leggi fram skjöl,

   ii. athuga bókhald og skrár aðilanna sem um getur í a-lið og taka afrit af eða útdrætti úr slíku bókhaldi eða skrám,

   iii. fá skriflegar eða munnlegar útskýringar frá aðilunum sem um getur í a-lið eða fulltrúum eða starfsfólki þeirra,

   iv. taka viðtal við sérhvern annan viðkomandi aðila í þeim tilgangi að safna upplýsingum varðandi viðfangsefni rannsóknar,

c) vald til að gera allar nauðsynlegar athuganir á starfsstöð lögaðilanna sem um getur í a-lið og allra annarra fyrirtækja sem falla undir framkvæmd eftirlits með uppfyllingu krafna í eiginfjárprófi samstæðu, ef lögbæra yfirvaldið er eftirlitsstjórnvald samstæðunnar, með fyrirvara um fyrirframtilkynningu til annarra hlutaðeigandi lögbærra yfirvalda.

20. gr.

Birting á stjórnsýsluviðurlögum og öðrum stjórnsýsluráðstöfunum

1. Aðildarríki skulu tryggja að lögbær yfirvöld birti á opinberu vefsetri sínu, án ástæðulausrar tafar, öll stjórnsýsluviðurlög og aðrar stjórnsýsluráðstafanir sem beitt er í samræmi við 18. gr. og hefur ekki verið áfrýjað eða ekki er lengur unnt að áfrýja. Birtingin skal innihalda upplýsingar um gerð og eðli brotsins og auðkenni á einstaklingi eða lögaðila sem viðurlögin voru lögð á eða ráðstöfunum var beitt gegn. Aðeins skal birta upplýsingarnar eftir að viðkomandi aðila hefur verið tilkynnt um þessi viðurlög eða ráðstafanir og að því marki sem birtingin er nauðsynleg og í réttu hlutfalli við brotið.

2. Ef aðildarríki heimila birtingu stjórnsýsluviðurlaga eða annarra stjórnsýsluráðstafana sem beitt er í samræmi við 18. gr. sem hefur verið áfrýjað skulu lögbær yfirvöld einnig birta á opinberu vefsetri sínu upplýsingar um stöðu áfrýjunar og um niðurstöðu hennar.

3. Lögbær yfirvöld skulu birta stjórnsýsluviðurlög eða aðrar stjórnsýsluráðstafanir sem beitt er í samræmi við 18. gr. undir nafnleynd við einhverjar af eftirfarandi aðstæðum:

a) viðurlögunum eða ráðstöfununum hefur verið beitt gagnvart einstaklingi og birting á persónuupplýsingum þess aðila telst ekki í réttu hlutfalli við tilefnið,

b) birtingin myndi tefla í tvísýnu yfirstandandi rannsókn sakamáls eða stöðugleika fjármálamarkaða,

c) birtingin myndi valda óhóflegum skaða fyrir hlutaðeigandi verðbréfafyrirtæki eða einstaklinga.

4. Lögbær yfirvöld skulu sjá til þess að upplýsingar sem birtar eru samkvæmt þessari grein verði áfram á opinberum vefsetrum þeirra í a.m.k. fimm ár. Persónuupplýsingar skal aðeins varðveita á opinbera vefsetri lögbæra yfirvaldsins í samræmi við gildandi reglur um persónuvernd.

21. gr.

Tilkynningar um viðurlög til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar

Lögbær yfirvöld skulu upplýsa Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina um stjórnsýsluviðurlög og aðrar stjórnsýsluráðstafanir sem beitt er skv. 18. gr., um allar áfrýjanir þessara viðurlaga og annarra stjórnsýsluráðstafana og niðurstöðu þeirra. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal reka miðlægt gagnasafn um stjórnsýsluviðurlög og aðrar stjórnsýsluráðstafanir sem henni er tilkynnt um, eingöngu í þeim tilgangi að miðla upplýsingum milli lögbærra yfirvalda. Þetta gagnasafn skal aðeins vera aðgengilegt lögbærum yfirvöldum og Evrópsku verbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni og skal uppfært með reglubundnum hætti, a.m.k. árlega.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal halda úti vefsetri með tenglum á birtingu lögbærs yfirvalds á álögðum stjórnsýsluviðurlögum og öðrum stjórnsýsluráðstöfunum í samræmi við 18. gr. og tilgreina fyrir hvaða tímabil hvert aðildarríki birtir stjórnsýsluviðurlög og aðrar stjórnsýsluráðstafanir.

22. gr.

Tilkynning um brot

1. Aðildarríki skulu sjá til þess að lögbær yfirvöld komi á skilvirku og áreiðanlegu fyrirkomulagi til að hægt sé að tilkynna lögbærum yfirvöldum skjótt um möguleg eða raunveruleg brot á landsákvæðum sem lögleiða þessa tilskipun og reglugerð (ESB) 2019/2033.

Slíkt fyrirkomulag skal innihalda eftirfarandi:

a) sértækar reglur um viðtöku, meðhöndlun og eftirfylgni slíkra tilkynninga, þ.m.t. um að koma á öruggum samskiptaleiðum,

b) viðeigandi vernd fyrir starfsfólk verðbréfafyrirtækja, sem tilkynna um brot sem framin eru innan verðbréfafyrirtækisins, gegn refsiaðgerðum, mismunun eða annars konar ósanngjarnri meðferð af hálfu verðbréfafyrirtækisins,

c) vernd persónuupplýsinga, bæði um aðilann sem skýrir frá brotinu og einstaklinginn sem sakaður er um að bera ábyrgð á brotinu, í samræmi við reglugerð (ESB) 2016/679,

d) skýrar reglur sem tryggja að trúnaður sé tryggður í öllum tilvikum í tengslum við einstaklinginn sem skýrir frá brotum sem framin eru innan verðbréfafyrirtækisins, nema birtingar sé krafist í landslögum með skírskotun til frekari rannsókna eða síðari stjórnsýslu- eða dómsmeðferðar.

2. Aðildarríki skulu krefjast þess að verðbréfafyrirtæki hafi til staðar viðeigandi verklagsreglur fyrir starfsfólk sitt til að tilkynna innanhúss um brot eftir tiltekinni óháðri boðleið. Aðilar vinnumarkaðarins geta kveðið á um þessar verklagsreglur að því tilskildu að þær veiti sömu vernd og verndin sem um getur í b-, c- og d-lið 1. mgr.

23. gr.

Áfrýjunarréttur

Aðildarríkin skulu tryggja að hægt sé að áfrýja öllum ákvörðunum og ráðstöfunum samkvæmt reglugerð (ESB) 2019/2033 eða lögum og stjórnsýslufyrirmælum sem eru samþykkt í samræmi við þessa tilskipun.

2. KAFLI

Endurskoðunarferli

1. þáttur

Innra matsferli fyrir eiginfjárþörf og innra matsferli fyrir áhættu

24. gr.

Innra fjármagn og lausafjáreignir

1. Verðbréfafyrirtæki sem uppfylla ekki skilyrðin til að flokkast sem lítil og ótengd verðbréfafyrirtæki sem sett eru fram í 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2033 skulu hafa til staðar traust, skilvirkt og heildstætt fyrirkomulag, áætlanir og ferli til að meta og viðhalda á áframhaldandi grundvelli þeim fjárhæðum, tegundum og dreifingu innra fjármagns og lausafjáreigna sem þau telja fullnægjandi til að verjast eðli og umfangi þeirrar áhættu sem þau gætu valdið öðrum og sem verðbréfafyrirtækin sjálf standa, eða gætu staðið, frammi fyrir.

2. Fyrirkomulagið, áætlanirnar og ferlin sem um getur í 1. mgr. skulu vera viðeigandi og í réttu hlutfalli við eðli og umfang starfsemi hlutaðeigandi verðbréfafyrirtækis og það hversu flókin hún er. Þetta skal sæta reglulegri innri endurskoðun.

Lögbær yfirvöld geta krafist þess að verðbréfafyrirtæki sem uppfylla skilyrðin til að flokkast sem lítil og ótengd verðbréfafyrirtæki, sem settu er fram í 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2033, beiti kröfunum sem kveðið er á um í þessari grein að því marki sem lögbær yfirvöld telja viðeigandi.

2. þáttur

Innri stjórnarhættir, gagnsæi, meðhöndlun áhættu og starfskjör

25. gr.

Gildissvið þessa þáttar

1. Þessi þáttur gildir ekki ef verðbréfafyrirtæki ákvarðar, á grundvelli 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2033, að það uppfylli öll skilyrði til að flokkast sem lítið og ótengt verðbréfafyrirtæki sem sett eru fram þar.

2. Ef verðbréfafyrirtæki sem hefur ekki uppfyllt öll skilyrðin sem sett eru fram í 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2033 uppfyllir þessi skilyrði síðar skal þessi þáttur falla úr gildi sex mánuðum eftir dagsetninguna sem þessi skilyrði eru uppfyllt. Þessi þáttur hættir aðeins að gilda um verðbréfafyrirtæki eftir það tímabil ef verðbréfafyrirtækið uppfyllir skilyrðin sem sett eru fram í 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2033 samfellt á því tímabili og ef það tilkynnti lögbæru yfirvaldi um það.

3. Ef verðbréfafyrirtæki ákvarðar að það uppfylli ekki lengur öll skilyrðin sem sett eru fram í 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2033 skal það tilkynna það lögbæru yfirvaldi og fara að þessum þætti innan 12 mánaða frá dagsetningunni sem þetta mat átti sér stað.

4. Aðildarríki skulu krefjast þess að verðbréfafyrirtæki beiti ákvæðunum sem mælt er fyrir um í 32. gr. á starfskjör fyrir veitta þjónustu eða árangur á fjárhagsárinu eftir fjárhagsárið sem matið sem um getur í 3. mgr. átti sér stað.

Ef þessi þáttur gildir og 8. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2033 er beitt skulu aðildarríki tryggja að þessum þætti sé beitt á verðbréfafyrirtæki á einingargrunni.

Ef þessi þáttur gildir og varfærniskröfum er beitt á samstæðugrunni eins og um getur í 7. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2033 skulu aðildarríki tryggja að þessum þætti sé beitt á verðbréfafyrirtæki á einingar- og samstæðugrunni.

Þrátt fyrir þriðju undirgrein skal þessi þáttur ekki gilda um dótturfélög sem eru í samstæðustöðu sem hafa staðfestu í þriðju löndum ef móðurfélagið í Sambandinu getur sýnt lögbærum yfirvöldum fram á að beiting þessa þáttar sé ólögleg samkvæmt lögum þess þriðja lands þar sem þessi dótturfélög hafa staðfestu.

26. gr.

Innri stjórnarhættir

1. Aðildarríki skulu tryggja að verðbréfafyrirtæki hafi traust fyrirkomulag stjórnarhátta, þ.m.t. allt eftirfarandi:

a) skýrt stjórnskipulag með vel skilgreindum, gagnsæjum og samræmdum ábyrgðarkeðjum,

b) skilvirk ferli til að greina, stýra, fylgjast með og tilkynna um áhættu sem þau standa frammi fyrir eða kunna að standa frammi fyrir eða áhættu sem öðrum stafar eða gæti stafað af þeim,

c) fullnægjandi innri eftirlitskerfi, þ.m.t. traustar stjórnunar- og bókhaldsaðferðir,

d) starfskjarastefnur og -venjur sem eru í samræmi við og stuðla að traustri og skilvirkri áhættustýringu.

Starfskjarastefnur og -venjur sem um getur í d-lið fyrstu undirgreinar skulu vera kynhlutlausar.

2. Þegar fyrirkomulaginu sem um getur í 1. mgr. er komið á fót skal taka til greina viðmiðin sem sett eru fram í 28. til 33. gr.

3. Fyrirkomulagið sem um getur í 1. mgr. skal vera viðeigandi og í réttu hlutfalli við eðli, umfang og flækjustig áhættunnar í viðskiptalíkani og starfsemi verðbréfafyrirtækisins.

4. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal, í samráði við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina, gefa út viðmiðunarreglur um beitingu fyrirkomulags stjórnarhátta sem um getur í 1. mgr.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal, í samráði við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina, í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, gefa út viðmiðunarreglur um kynhlutlausar starfskjarastefnur fyrir verðbréfafyrirtæki.

Innan tveggja ára frá birtingardegi þessara viðmiðunarreglna skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin gefa út skýrslu um beitingu verðbréfafyrirtækja á kynhlutlausum starfskjarastefnum á grundvelli upplýsinganna sem lögbær yfirvöld safna.

27. gr.

Skýrslugjöf um hvert land fyrir sig

1. Aðildarríki skulu krefjast þess að verðbréfafyrirtæki sem starfrækja útibú eða dótturfélag sem er fjármálastofnun eins og hún er skilgreind í 26. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 í aðildarríki eða þriðja landi, öðru en því sem veitti verðbréfafyrirtæki starfsleyfi, birti árlega eftirfarandi upplýsingar eftir aðildarríki og þriðja landi:

a) heiti, eðli starfsemi og staðsetningu allra dótturfélaga og útibúa,

b) veltu,

c) fjölda starfsmanna á grundvelli jafngildis ársverka,

d) hagnað eða tap fyrir skatt,

e) skatt á hagnað eða tap,

f) fengnar opinberar ívilnanir.

2. Endurskoða skal upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, í samræmi við tilskipun 2006/43/EB og birta þær, ef mögulegt er, í viðauka við árlegu reikningsskilin eða, þegar við á, við samstæðureikningsskil hlutaðeigandi verðbréfafyrirtækis.

28. gr.

Hlutverk stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar í áhættustýringu

1. Aðildarríki skulu tryggja að stjórn og/eða framkvæmdastjórn verðbréfafyrirtækis samþykki og endurskoði reglulega áætlanir og stefnur um áhættuvilja verðbréfafyrirtækisins og um stjórnun, eftirlit og mildun áhættu sem verðbréfafyrirtækið stendur, eða gæti staðið, frammi fyrir með tilliti til efnahagsumhverfisins og viðskiptasveiflu verðbréfafyrirtækisins.

2. Aðildarríki skulu sjá til þess að stjórn og/eða framkvæmdastjórn verji nægum tíma til að tryggja tilhlýðilega umfjöllun um málefni sem um getur í 1. mgr. og að hún verji nægum tilföngum til að stýra allri verulegri áhættu sem verðbréfafyrirtækið stendur frammi fyrir.

3. Aðildarríki skulu sjá til þess að verðbréfafyrirtæki komi á boðleiðum til stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar um alla verulega áhættu og um allar áhættustýringarstefnur og breytingar á þeim.

4. Aðildarríki skulu krefjast þess að öll verðbréfafyrirtæki, sem uppfylla ekki skilyrðin sem sett eru fram í a-lið 4. mgr. 32. gr., komi á fót áhættunefnd sem skipuð er aðilum stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar sem gegna ekki stjórnunarhlutverki í hlutaðeigandi verðbréfafyrirtæki.

Aðilar áhættunefndarinnar, sem um getur í fyrstu undirgrein, skulu hafa viðeigandi kunnáttu, hæfni og sérfræðiþekkingu til að skilja að fullu, stýra og hafa eftirlit með áhættuáætlun og -vilja verðbréfafyrirtækisins. Þeir skulu tryggja að áhættunefndin ráðleggi stjórn og/eða framkvæmdastjórn varðandi heildaráhættuvilja og áhættuáætlun verðbréfafyrirtækisins, í nútíð og framtíð, og aðstoði stjórn og/eða framkvæmdastjórn við eftirlit með framkvæmd háttsettra stjórnenda á þeirri áætlun. Stjórnin og/eða framkvæmdastjórnin skal áfram bera heildarábyrgð á áhættuáætlun og -stefnu verðbréfafyrirtækisins.

5. Aðildarríki skulu tryggja að stjórnin og/eða framkvæmdastjórnin í eftirlitshlutverki sínu og áhættunefnd þeirrar stjórnar, ef áhættunefnd hefur verið komið á fót, hafi aðgang að upplýsingum um áhættuna sem verðbréfafyrirtæki stendur, eða gæti staðið, frammi fyrir.

29. gr.

Meðferð áhættu

1. Lögbær yfirvöld skulu sjá til þess að verðbréfafyrirtæki hafi traustar áætlanir, stefnur, ferla og kerfi fyrir hendi til að unnt sé að greina, mæla, stýra og hafa eftirlit með eftirfarandi:

a) helstu upptökum og áhrifum áhættu fyrir viðskiptavini og öllum verulegum áhrifum á eiginfjárgrunn,

b) helstu upptökum og áhrifum áhættu fyrir markað og öllum verulegum áhrifum á eiginfjárgrunn,

c) helstu upptökum og áhrifum áhættu fyrir verðbréfafyrirtækið, einkum þá sem getur notað upp þann eiginfjárgrunn sem tiltækur er,

d) lausafjáráhættu yfir mismunandi viðeigandi tímabil, þ.m.t. innan dags, til að tryggja að verðbréfafyrirtækið viðhaldi fullnægjandi lausafjárstöðu, þ.m.t. að því er varðar viðbrögð við mikilvægum upptökum áhættu skv. a-, b- og c-lið.

Áætlanir, stefnur, ferlar og kerfi skulu vera í réttu hlutfalli við það hversu flókin starfsemi verðbréfafyrirtækis er, áhættusnið hennar og umfang og áhættuþol sem stjórn og/eða framkvæmdastjórn ákveður og endurspegla mikilvægi verðbréfafyrirtækis innan hvers aðildarríkis þar sem það stundar viðskipti.

Að því er varðar a-lið fyrstu undirgreinar og aðra undirgrein skulu lögbær yfirvöld taka tillit til landslaga sem gilda um aðgreiningu peninga viðskiptavina.

Að því er varðar a-lið fyrstu undirgreinar skulu verðbréfafyrirtæki íhuga að hafa starfsábyrgðartryggingu sem skilvirkt tól við áhættustýringu sína.

Að því er varðar c-lið fyrstu undirgreinar skulu helstu upptök áhættu fyrir verðbréfafyrirtækið sjálft m.a. vera, ef við á, verulegar breytingar á bókfærðu virði eigna, þ.m.t. kröfur á einkaumboðsmenn, fall viðskiptavina eða mótaðila, stöður í fjármálagerningum, gjaldeyri og hrávörum og skuldbindingar gagnvart lífeyriskerfum með fyrirframákvörðuðum réttindum.

Verðbréfafyrirtæki skulu taka tilhlýðilegt tillit til allra verulegra áhrifa á eiginfjárgrunn ef kröfur um eiginfjárgrunn, sem reiknaðar eru skv. 11. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2033, ná ekki nægilega vel yfir slíkar áhættur.

2. Ef verðbréfafyrirtæki þurfa að slíta eða hætta starfsemi sinni skulu lögbær yfirvöld krefjast þess að verðbréfafyrirtæki, að teknu tilliti til lífvænleika og sjálfbærni viðskiptalíkana þeirra og -áætlana, taki tilhlýðilegt tillit til krafna og nauðsynlegra tilfanga sem eru raunhæf að því er varðar tímamörk og viðhald eiginfjárgrunns og seljanlegra eigna, í ferlinu við útgöngu af markaði.

3. Þrátt fyrir ákvæði 25. gr. gilda a-, c- og d-liður 1. mgr. þessarar greinar um verðbréfafyrirtæki sem uppfylla skilyrðin til að teljast lítil og ótengd verðbréfafyrirtæki sem sett eru fram í 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2033.

4. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 58. gr. í því skyni að bæta við þessa tilskipun til að tryggja að áætlanir, stefnur, ferlar og kerfi verðbréfafyrirtækis séu traust. Framkvæmdastjórnin skal þar með taka tillit til þróunar á fjármálamörkuðum, einkum tilkomu nýrra fjármálaafurða, þróunar reikningsskilastaðla og þróunar sem stuðlar að samleitni eftirlitsvenja.

30. gr.

Starfskjarastefnur

1. Aðildarríki skulu sjá til þess að þegar verðbréfafyrirtæki koma á og beita starfskjarastefnum á flokka starfsfólks er við störf sín hefur marktæk áhrif á áhættusnið verðbréfafyrirtækisins eða eigna sem það stýrir, þ.m.t. háttsetta stjórnendur, þá sem taka áhættu, starfsfólk við eftirlitsstörf og starfsfólk sem hefur a.m.k. jafnhá heildarlaun og lægstu laun háttsettra stjórnenda og þeirra sem taka áhættu, fari þau að eftirfarandi meginreglum:

a) starfskjarastefnan er skýrt skjalfest og í réttu hlutfalli við stærð, innra skipulag og eðli verðbréfafyrirtækisins sem og umfang starfsemi verðbréfafyrirtækisins og hversu flókin hún er,

b) starfskjarastefnan er kynhlutlaus starfskjarastefna,

c) starfskjarastefnan er í samræmi við og stuðlar að traustri og skilvirkri áhættustýringu,

d) starfskjarastefnan er í samræmi við viðskiptaáætlun og markmið verðbréfafyrirtækisins og tekur tillit til langtímaáhrifa af fjárfestingarákvörðunum,

e) starfskjarastefnan felur í sér ráðstafanir til að forðast hagsmunaárekstra, hvetur til ábyrgðar í viðskiptaháttum og stuðlar að meðvitund um áhættu og varfærni við töku áhættu,

f) stjórn og/eða framkvæmdastjórn verðbréfafyrirtækisins í eftirlitshlutverki sínu samþykkir og endurskoðar reglulega starfskjarastefnuna og ber heildarábyrgð á umsjón með framkvæmd hennar,

g) framkvæmd starfskjarastefnunnar fellur undir miðlægt og óháð innra eftirlit af hálfu eftirlitsviðs a.m.k. árlega,

h) starfsfólk, sem hefur eftirlit með höndum, er óháð rekstrareiningunum sem það fylgist með, hefur viðeigandi heimildir og býr við launakjör í samræmi við það hvort markmiðunum sem tengjast starfi þeirra sé náð, óháð árangri þeirra rekstrarsviða sem það hefur eftirlit með,

i) starfskjaranefndin sem um getur í 33. gr. eða, ef slíkri nefnd hefur ekki verið komið á, stjórn og/eða framkvæmdastjórn í eftirlitshlutverki sínu, skal hafa umsjón með starfskjörum yfirmanna áhættustýringar og regluvörslu,

j) starfskjarastefnan, með tilliti til landsbundinna reglna um ákvörðun launa, greinir með skýrum hætti á milli viðmiðana til að ákvarða:

   i. föst grunnstarfskjör, sem fyrst og fremst endurspegla viðeigandi starfsreynslu og ábyrgð innan stofnunar eins og hún er sett fram í starfslýsingu starfsmanns sem hluti af ráðningarskilmálum og

   ii. breytileg starfskjör, sem endurspegla sjálfbæran áhættuleiðréttan árangur starfsmanns, sem og árangur umfram starfslýsingu starfsmanns,

k) föstu þættirnir skulu vera nægilega stór hluti af heildarstarfskjörum til þess að hægt sé að starfrækja fyllilega sveigjanlega stefnu varðandi breytilega þætti starfskjara, þ.m.t. möguleika á að greiða ekki út neina breytilega þætti starfskjara.

2. Að því er varðar k-lið 1. mgr. skulu aðildarríki tryggja að verðbréfafyrirtæki ákvarði viðeigandi hlutfall milli breytilegra og fastra þátta heildarstarfskjara í starfskjarastefnum sínum, með tilliti til starfsemi verðbréfafyrirtækis og tengdrar áhættu, sem og áhrifanna sem mismunandi flokkar starfsfólks, sem um getur í 1. mgr., hafa á áhættusnið verðbréfafyrirtækisins.

3. Aðildarríki skulu tryggja að verðbréfafyrirtæki komi á og beiti meginreglunum sem um getur í 1. mgr. með hætti sem er viðeigandi að því er varðar stærð og innra skipulag þeirra og eðli, umfang og flækjustig starfsemi þeirra.

4. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal, í samráði við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina, semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að tilgreina viðeigandi viðmið til að greina þá flokka starfsfólks sem við störf sín hafa veruleg áhrif á áhættusnið verðbréfafyrirtækisins eins og um getur í 1. mgr. þessarar greinar. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin og Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skulu taka tilhlýðilegt tillit til tilmæla framkvæmdastjórnarinnar 2009/384/EB ([26]) sem og gildandi viðmiðunarreglna um starfskjör samkvæmt tilskipunum 2009/65/EB, 2011/61/ESB og 2014/65/ESB og miða að því að lágmarka frávik frá gildandi ákvæðum.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 26. júní 2021.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að bæta við þessa tilskipun með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

31. gr.

Verðbréfafyrirtæki sem njóta góðs af sérstökum opinberum fjárstuðningi

Aðildarríki skulu tryggja að ef verðbréfafyrirtæki nýtur góðs af sérstökum opinberum fjárstuðningi eins og hann er skilgreindur í 28. lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2014/59/ESB:

a) greiði verðbréfafyrirtækið aðilum í stjórn og/eða framkvæmdastjórn ekki breytileg starfskjör,

b) ef breytileg starfskjör, sem greidd eru öðru starfsfólki en aðilum í stjórn og/eða framkvæmdastjórn, væru ekki í samræmi við það að viðhalda traustum eiginfjárgrunni verðbréfafyrirtækis og ljúka opinberum stuðningi tímanlega, skal takmarka breytileg starfskjör við hluta af hreinum tekjum.

32. gr.

Breytileg starfskjör

1. Aðildarríki skulu tryggja að breytileg starfskjör sem verðbréfafyrirtæki veitir og greiðir flokkum starfsfólks sem um getur í 1. mgr. 30. gr. séu í samræmi við eftirfarandi kröfur með sömu skilyrðum og þeim sem sett eru fram í 3. mgr. 30. gr.:

a) ef breytileg starfskjör eru árangurstengd, er heildarfjárhæð breytilegu launanna byggð á samsettu mati á árangri einstaklingsins, viðkomandi rekstrareiningar og heildarárangri verðbréfafyrirtækisins,

b) bæði er tekið tillit til fjárhagslegra viðmiðana og ófjárhagslegra viðmiðana við mat á árangri einstaklingsins,

c) matið á árangri, sem um getur í a-lið, er á grundvelli margra ára tímabils, með tilliti til viðskiptasveiflu verðbréfafyrirtækisins og viðskiptaáhættu þess,

d) breytilegu starfskjörin hafa ekki áhrif á getu verðbréfafyrirtækisins til að tryggja traustan eiginfjárgrunn,

e) breytileg starfskjör eru ekki tryggð öðrum en nýju starfsfólki vegna fyrsta árs í starfi og ef verðbréfafyrirtæki hefur sterkan eiginfjárgrunn,

f) greiðslur í tengslum við snemmbúna uppsögn ráðningarsamnings skulu miðast við árangur sem einstaklingur hefur náð með tímanum og skulu ekki vera umbun fyrir misbrest eða misferli,

g) starfskjarapakkar í tengslum við bóta- eða starfslokagreiðslur samkvæmt samningum í fyrra starfi eru í samræmi við langtímahagsmuni verðbréfafyrirtækisins,

([26]) Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar frá 30. apríl 2009 um starfskjarastefnu á sviði fjármálaþjónustu (Stjtíð. ESB L 120, 15.5.2009, bls. 22).

h) við árangursmatið sem beitt er við útreikning á söfnum af breytilegum starfskjörum er tekið tillit til hvers konar núverandi áhættu eða áhættu í framtíðinni auk kostnaðar við fjármagns og laust fé sem krafist er í samræmi við reglugerð (ESB) 2019/2033,

i) við ráðstöfun breytilegra þátta starfskjara innan verðbréfafyrirtækis er tekið tillit til hvers konar núverandi áhættu og áhættu í framtíðinni,

j) a.m.k. 50% af breytilegum starfskjörum samanstanda af einhverjum eftirfarandi gerninga:

   i. hlutabréfum eða jafngildum eignarhlutum, með fyrirvara um rekstrarform hlutaðeigandi verðbréfafyrirtækis að lögum,

   ii. hlutabréfatengdum gerningum eða jafngildum gerningum sem eru ekki reiðufé, með fyrirvara um rekstrarform hlutaðeigandi verðbréfafyrirtækis að lögum,

   iii. viðbótareiginfjárgerningum þáttar 1 eða gerningum undir þætti 2 eða öðrum gerningum sem má breyta að fullu í almenna eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1 eða færa niður og sem með fullnægjandi hætti endurspegla lánshæfi verðbréfafyrirtækis við áframhaldandi rekstrarhæfi,

   iv. öðrum gerningum en reiðufjárgerningum sem endurspegla gerninga þeirra eignasafna sem stýrt er,

k) þrátt fyrir j-lið geta lögbær yfirvöld, ef verðbréfafyrirtæki gefa ekki út neina af gerningunum sem um getur í þeim lið, samþykkt notkun annars fyrirkomulags sem uppfyllir sömu markmið,

l) a.m.k. 40% af breytilegum starfskjörum er frestað yfir þriggja til fimm ára tímabil eins og við á, með hliðsjón af viðskiptasveiflu verðbréfafyrirtækisins, eðli starfsemi þess, áhættu þess og starfi viðkomandi einstaklings, nema í þeim tilvikum sem breytileg starfskjör eru mjög há fjárhæð en þá er hlutfall frestaðra breytilegra starfskjara a.m.k. 60%,

m) breytileg starfskjör eru lækkuð um allt að 100% ef rekstrarárangur verðbréfafyrirtækis er lítill eða neikvæður, þ.m.t. með frádráttar- eða endurgreiðslufyrirkomulagi til samræmis við viðmið verðbréfafyrirtækja sem einkum eiga við aðstæður þar sem viðkomandi einstaklingur:

   i. tók þátt í eða bar á ábyrgð á framferði sem olli verðbréfafyrirtækinu verulegu tapi,

   ii. telst ekki lengur vera hæfur,

n) valkvæður lífeyrir er í samræmi við viðskiptaáætlun, markmið, gildi og langtímahagsmuni verðbréfafyrirtækisins.

2. Aðildarríki skulu sjá til þess, að því er varðar 1. mgr., að:

a) einstaklingar sem um getur í 1. mgr. 30. gr. noti ekki persónulegar áhættuvarnaráætlanir eða starfskjara- eða ábyrgðatengdar tryggingar til að grafa undan meginreglunum sem um getur í 1. mgr.,

b) breytileg starfskjör séu ekki greidd út með fjárhagslegum leiðum eða aðferðum sem auðvelda það að fara ekki að þessari tilskipun eða reglugerð (ESB) 2019/2033.

3. Að því er varðar j-lið 1. mgr. skulu gerningarnir sem um getur þar falla undir viðeigandi eftirhaldsstefnu sem hönnuð er til að samræma hvata einstaklingsins og langtímahagsmuni verðbréfafyrirtækisins, lánardrottna þess og viðskiptavina. Aðildarríki eða lögbær yfirvöld þeirra geta sett takmarkanir á gerð og skipulag þessara gerninga eða bannað notkun tiltekinna gerninga sem breytileg starfskjör.

Að því er varðar l-lið 1. mgr. skal frestun breytilegra starfskjara ekki ávinnast hraðar en hlutfallslega.

Að því er varðar n-lið 1. mgr. skal verðbréfafyrirtækið, ef starfsmaður lætur af störfum hjá verðbréfafyrirtæki áður en hann nær eftirlaunaaldri, varðveita valkvæðan lífeyri í fimm ár í þeim tegundum gerninga sem um getur í j-lið. Ef um er að ræða starfsmann sem nær eftirlaunaaldri og fer á eftirlaun skal greiða valkvæðan lífeyri út til starfsmannsins í formi gerninga sem um getur í j-lið með fimm ára frestunartímabili.

4. Ákvæði j- og l-liðar 1. mgr. og þriðju undirgreinar 3. mgr. gilda ekki um:

a) verðbréfafyrirtæki, ef virði eigna þess innan og utan efnahagsreiknings er að meðaltali jafnt eða minna en 100 milljónir evra yfir það fjögurra ára tímabil sem kemur næst á undan viðkomandi fjárhagsári,

b) einstakling með árleg breytileg starfskjör sem ekki eru hærri en 50 000 evrur og ekki meira en fjórðungur af heildarárslaunum viðkomandi einstaklings.

5. Þrátt fyrir a-lið 4. mgr. getur aðildarríki hækkað viðmiðunarmörkin sem um getur í þeim lið, að því tilskildu að verðbréfafyrirtækið uppfylli eftirfarandi viðmiðanir:

a) verðbréfafyrirtækið er ekki eitt af þremur stærstu verðbréfafyrirtækjum í aðildarríkinu þar sem það hefur staðfestu miðað við heildarverðmæti eigna,

b) verðbréfafyrirtækið fellur ekki undir skuldbindingar eða fellur undir einfaldaðar skuldbindingar í tengslum við gerð áætlana um endurreisn og skilameðferð í samræmi við 4. gr. tilskipunar 2014/59/ESB,

c) umfang veltubókarviðskipta verðbréfafyrirtækisins, innan og utan efnahagsreiknings, er jafnt eða minna en 150 milljónir evra,

d) umfang afleiðuviðskipta verðbréfafyrirtækisins, innan og utan efnahagsreiknings, er jafnt eða minna en 100 milljónir evra,

e) viðmiðunarfjárhæðin er ekki hærri en 300 milljónir evra, og

f) rétt þykir að hækka viðmiðunarfjárhæðina með tilliti til eðlis og umfangs starfsemi verðbréfafyrirtækisins og innra skipulags þess og, ef við á, einkenna samstæðunnar sem það tilheyrir.

6. Þrátt fyrir a-lið 4. getur aðildarríki lækkað viðmiðunarfjárhæðina sem um getur í þeim lið, að því tilskildu að það þyki rétt, með tilliti til eðlis og umfangs starfsemi verðbréfafyrirtækisins og innra skipulags og, ef við á, einkenni samstæðunnar sem það tilheyrir.

7. Þrátt fyrir b-lið 4. mgr. getur aðildarríki ákveðið að starfsfólk sem á rétt á árlegum breytilegum starfskjörum sem eru undir viðmiðunarfjárhæðinni og hlutdeildinni sem um getur í þeim lið falli ekki undir undanþáguna sem þar er sett fram vegna sérstöðu landsbundins markaðar að því er varðar starfskjaravenjur eða vegna eðlis ábyrgðar og starfslýsingar viðkomandi starfsfólks.

8. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal, í samráði við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina, semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að tilgreina flokka gerninga sem uppfylla skilyrðin sem set eru fram í iii. lið j-liðar 1. mgr. og til að tilgreina annað mögulegt fyrirkomulag sem sett er fram í k-lið 1. mgr.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 26. júní 2021.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að bæta við þessa tilskipun með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

9. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal, í samráði við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina, samþykkja viðmiðunarreglur sem greiða fyrir framkvæmd 4., 5. og 6. mgr. og tryggja samræmda beitingu þeirra.

33. gr.

Starfskjaranefnd

1. Aðildarríki skulu sjá til þess að verðbréfafyrirtæki sem uppfylla ekki viðmiðanirnar sem settar eru fram í a-lið 4. mgr. 32. gr. komi á fót starfskjaranefnd. Starfskjaranefndin skal hafa jafnt hlutfall kynjanna og leggja tilhlýðilegt og óháð mat á starfskjarastefnu og -venjur og hvata sem eru skapaðir til að stýra áhættu, fjármögnun og lausu fé. Koma má starfskjaranefndinni á fót á samstæðustigi.

2. Aðildarríki skulu sjá til þess að starfskjaranefndin beri ábyrgð á undirbúningi ákvarðana um starfskjör, þ.m.t. ákvarðana sem hafa áhrif á áhættu og áhættustýringu hlutaðeigandi verðbréfafyrirtækis og þær sem stjórn og/eða framkvæmdastjórn tekur. Formaður og aðilar starfskjaranefndarinnar skulu vera meðlimir stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar sem taka ekki þátt í daglegri stjórn hlutaðeigandi verðbréfafyrirtækis. Ef í landslögum er kveðið á um rétt starfsfólks til fulltrúa í stjórn og/eða framkvæmdastjórn skal starfskjaranefndin skipuð einum eða fleiri fulltrúum starfsfólks.

3. Við undirbúning slíkra ákvarðana, sem um getur í 2. mgr., skal starfskjaranefndin taka tillit til almannahagsmuna og langtímahagsmuna hluthafa, fjárfesta og annarra hagsmunaaðila verðbréfafyrirtækisins.

34. gr.

Eftirlit með starfskjarastefnum

1. Aðildarríki skulu sjá til þess að lögbær yfirvöld safni þeim upplýsingum sem birtar eru í samræmi við c- og d-lið fyrstu undirgreinar 51. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2033 og upplýsingunum sem verðbréfafyrirtæki veita um launamun kynjanna og noti upplýsingarnar til að fylgja starfskjaraþróun og -venjum.

Lögbær yfirvöld skulu veita Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni þessar upplýsingar.

2. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal nota upplýsingarnar sem hún fær frá lögbærum yfirvöldum í samræmi við 1. og 4. mgr. til að fylgja starfskjaraþróun og -venjum á vettvangi Evrópusambandsins.

3. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal, í samráði við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina, gefa út viðmiðunarreglur um beitingu traustrar starfskjarastefnu. Þessar viðmiðunarreglur skulu a.m.k. taka tillit til krafnanna sem um getur í 30. til 33. gr. og meginreglnanna um traustar starfskjarastefnur sem settar eru fram í tilmælum 2009/384/EB.

4. Aðildarríki skulu sjá til þess að verðbréfafyrirtæki veiti lögbærum yfirvöldum upplýsingar um fjölda einstaklinga í hverju verðbréfafyrirtæki sem fá eina milljón evra eða meira í laun á hverju fjárhagsári, sundurliðað í launaþrep með einnar milljónar evra millibili, þ.m.t. upplýsingar um ábyrgð þeirra í starfi, viðkomandi rekstrarsvið og helstu þætti svo sem laun, kaupauka ávinning til langs tíma og lífeyrisiðgjald.

Aðildarríki skulu sjá til þess að verðbréfafyrirtæki veiti lögbærum yfirvöldum, að beiðni þeirra, tölur um heildarstarfskjör hvers aðila stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar og háttsettra stjórnenda.

Lögbær yfirvöld skulu senda upplýsingarnar sem um getur í fyrstu og annarri undirgrein til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar sem birtir þær, samanteknar eftir heimaaðildarríki, á sameiginlegu skýrslusniði. Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni er heimilt, í samráði við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina, að útfæra viðmiðunarreglur til að auðvelda framkvæmd þessarar málsgreinar og til að tryggja samræmi safnaðra upplýsinga.

35. gr.

Skýrsla Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar um umhverfis-, félags- og stjórnunaráhættu

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja skýrslu um innleiðingu tæknilegra viðmiða í tengslum við áhættuskuldbindingar gagnvart starfsemi sem tengist að verulegu leyti umhverfislegum, félagslegum og stjórnunarlegum markmiðum (UFS-markmiðum) vegna könnunar- og matsferlis, með það fyrir augum að meta möguleg upptök áhættu og áhrif af áhættu á verðbréfafyrirtæki, að teknu tilliti til gildandi réttargerða Sambandsins á sviði UFS-flokkunarkerfis.

Skýrsla Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar sem um getur í fyrstu málsgrein skal a.m.k. innihalda eftirfarandi:

a) skilgreiningu á UFS-áhættu, þ.m.t. náttúrulegri áhættu og umbreytingaráhættu í tengslum við umbreytingu yfir í sjálfbærara hagkerfi og, að því er varðar umbreytingaráhættu, að meðtaldri áhættu sem tengist afskriftum eigna vegna reglubreytinga, eigindleg og megindleg viðmið og mælistika sem skipta máli fyrir mat á slíkri áhættu, sem og aðferðafræði fyrir mat á möguleika þess að slík áhætta komi upp til skamms, meðallangs eða langs tíma og möguleikanum á að slíkir áhættuþættir hafi veruleg fjárhagsleg áhrif á verðbréfafyrirtæki,

b) mat á möguleikum á verulegri samþjöppun tiltekinna eigna sem eykur UFS-áhættu, þ.m.t. náttúrlega áhættu og umbreytingaráhættu verðbréfafyrirtækis,

c) lýsingu á verklaginu sem verðbréfafyrirtæki getur notað til að greina, meta og stýra UFS-áhættu, þ.m.t. náttúrulegri áhættu og umbreytingaráhættu,

d) viðmið, mæliþætti og mælistika sem eftirlitsaðilar og verðbréfafyrirtæki geta notað við mat á UFS-áhættu til skamms, meðallangs og langs tíma vegna könnunar- og matsferlis.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal, eigi síðar 26. desember 2021, leggja fram skýrslu hjá Evrópuþinginu, ráðinu og framkvæmdastjórninni um niðurstöður sínar.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin getur á grundvelli þeirrar skýrslu, ef við á, samþykkt viðmiðunarreglur til að innleiða viðmið í tengslum við UFS-áhættu fyrir könnunar- og matsferlið sem taka tillit til niðurstaðnanna í skýrslu Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar sem um getur í þessari grein.

3. þáttur

Könnunar- og matsferli

36. gr.

Könnun og mat

1. Lögbær yfirvöld skulu endurskoða, að því marki sem við á og nauðsynlegt er, með tilliti til stærðar, áhættusniðs og viðskiptalíkans verðbréfafyrirtækis, fyrirkomulag, áætlanir, ferli og kerfi sem verðbréfafyrirtæki innleiða til að fara að þessari tilskipun og reglugerð (ESB) 2019/2033 og meta eftirfarandi eins og við á og skiptir máli, til að tryggja trausta áhættustýringu og vernd fyrir áhættu þeirra:

a) áhættu sem um getur í 29. gr.,

b) landfræðilega staðsetningu áhættuskuldbindinga verðbréfafyrirtækis,

c) viðskiptalíkan verðbréfafyrirtækis,

d) mat á kerfisáhættu, með tilliti til greiningar og mælingar á kerfisáhættu skv. 23. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 eða tilmæla evrópska kerfisáhætturáðsins,

e) áhættu sem net- og upplýsingakerfi verðbréfafyrirtækja standa frammi fyrir til að tryggja trúnað, heilleika og aðgengileika ferla, gagna og eigna þeirra,

f) áhættu verðbréfafyrirtækja af vaxtaáhættu vegna viðskipta utan veltubókar,

g) fyrirkomulag stjórnarhátta verðbréfafyrirtækja og hæfni og getu aðila í stjórn og/eða framkvæmdastjórn til að sinna skyldum sínum.

Að því er varðar þessa málsgrein skulu lögbær yfirvöld taka tilhlýðilegt tillit til þess hvort verðbréfafyrirtæki hafi starfsábyrgðartryggingu.

2. Aðildarríki skulu sjá til þess að lögbær yfirvöld ákveði tíðni og umfang eftirlitsins og matsins sem um getur í 1. mgr. með tilliti til stærðar, eðlis, umfangs og hversu flókin starfsemi hlutaðeigandi verðbréfafyrirtækja er og, ef við á, þess hvort þau séu kerfislega mikilvæg og með tilliti til meðalhófsreglunnar.

Lögbær yfirvöld skulu ákveða í hverju tilviki fyrir sig hvort og með hvaða hætti þau framkvæma eftirlitið og matið með tilliti til verðbréfafyrirtækja sem uppfylla skilyrði til að flokkast sem lítil og ótengd verðbréfafyrirtæki, sem sett eru fram í 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2033, og aðeins ef þau telja það nauðsynlegt með tilliti til stærðar, eðlis, umfangs og hversu flókin starfsemi hlutaðeigandi verðbréfafyrirtækja er.

Að því er varðar fyrstu undirgrein skal taka tillit til landslaga sem gilda um aðgreiningu varðveitts fjár viðskiptavina.

3. Lögbær yfirvöld skulu, við framkvæmd eftirlitsins og matsins sem um getur í g-lið 1. mgr., hafa aðgang að dagskrám, fundargerðum og fylgiskjölum vegna funda stjórnarinnar og nefnda hennar og niðurstöðum innra mats eða mats utanaðkomandi aðila á frammistöðu stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar.

4. Framkvæmdastjórn Sambandsins er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 58. gr. í því skyni að bæta við þessa tilskipun til að tryggja að fyrirkomulag, áætlanir, ferlar og kerfi verðbréfafyrirtækja tryggi trausta áhættustýringu og vernd fyrir áhættu þeirra. Framkvæmdastjórnin skal þar með taka tillit til þróunar á fjármálamörkuðum, einkum tilkomu nýrra fjármálaafurða, þróunar reikningsskilastaðla og þróunar sem stuðlar að samleitni eftirlitsvenja.

37. gr.

Eftirlit á áframhaldandi grundvelli með leyfi til að beita eigin líkönum

1. Aðildarríki skulu tryggja að lögbær yfirvöld kanni með reglulegu millibili, og a.m.k. á þriggja ára fresti, hvort verðbréfafyrirtæki uppfylli kröfurnar fyrir leyfi til að nota eigin líkön eins og um getur í 22. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2033. Lögbær yfirvöld skulu einkum taka tillit til breytinga á starfsemi verðbréfafyrirtækis og beitingu þessara eigin líkana á nýjar afurðir og endurskoða og meta hvort verðbréfafyrirtækið notar þróaða og uppfærða tækni og venjur í þessum eigin líkönum.

Lögbær yfirvöld skulu tryggja að verulegir ágallar í áhættuþekju í eigin líkönum verðbréfafyrirtækis séu lagaðir eða gera ráðstafanir til að draga úr áhrifum af þeim, þ.m.t. með því að beita viðbótareiginfjárgrunnskröfum eða hærri marg-földunarstuðlum.

2. Ef í innra markaðsáhættulíkani kemur fyrir mikill fjöldi yfirskota, eins og um getur í 366. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sem bendir til þess að eigin líkönin séu ekki, eða ekki lengur, nægilega nákvæm skulu lögbæru yfirvöldin afturkalla leyfið til að beita eigin líkönunum eða gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að eigin líkönin séu löguð innan ákveðins tímaramma.

3. Ef verðbréfafyrirtæki sem hefur fengið leyfi til að nota eigin líkön uppfyllir ekki lengur kröfurnar fyrir beitingu þessara eigin líkana skulu lögbær yfirvöld krefjast þess að verðbréfafyrirtækið annað hvort sýni fram á að áhrifin af því að uppfylla þær ekki séu óveruleg eða setji fram áætlun og frest til að uppfylla þessar kröfur. Lögbæru yfirvöldin skulu krefjast úrbóta á þeirri áætlun ef ólíklegt er að hún skili því að kröfurnar verði uppfylltar að fullu eða ef fresturinn er ekki hæfilegur.

Ef ólíklegt er að verðbréfafyrirtækið muni uppfylla kröfurnar fyrir tilskilinn frest eða það hefur ekki með fullnægjandi hætti sýnt fram á að áhrifin af því að uppfylla þær ekki séu óveruleg skulu aðildarríki tryggja að lögbær yfirvöld afturkalli leyfi til að nota eigin líkön eða takmarka það við þann hluta sem uppfyllir kröfurnar eða þá hluta sem mögulega uppfylla kröfurnar innan hæfilegs frests.

4. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal greina eigin líkön þvert á verðbréfafyrirtæki og greina hvernig verðbréfafyrirtæki sem nota eigin líkön meðhöndla svipaða áhættu eða áhættuskuldbindingar. Hún skal upplýsa Evrópsku verðbréfamarkaðs-eftirlitsstofnunina um það.

Til að stuðla að samræmdum, skilvirkum og árangursríkum eftirlitsvenjum skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin, á grundvelli þeirrar greiningar og í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, semja viðmiðunarreglur með viðmiðunum um hvernig verðbréfafyrirtæki skulu nota eigin líkön og hvernig skal beita þessum eigin líkönum á sambærilegar áhættur eða áhættuskuldbindingar.

Aðildarríki skulu hvetja lögbær yfirvöld til að taka tillit til þessarar greiningar og þessara viðmiðunarreglna við eftirlitið sem um getur í 1. mgr.

4. þáttur

Eftirlitsráðstafanir og -heimildir

38. gr.

Eftirlitsráðstafanir

Lögbær yfirvöld skulu krefjast þess að verðbréfafyrirtæki geri, snemma í ferlinu, nauðsynlegar ráðstafanir til að taka á eftirfarandi vandamálum:

a) verðbréfafyrirtæki uppfyllir ekki kröfurnar í þessari tilskipun eða reglugerð (ESB) 2019/2033,

b) lögbær yfirvöld hafa vísbendingar um að verðbréfafyrirtækið sé líklegt til að brjóta gegn landslögum sem lögleiða þessa tilskipun eða ákvæðum reglugerðar (ESB) 2019/2033 innan næstu 12 mánaða.

39. gr.

Eftirlitsheimildir

1. Aðildarríki skulu sjá til þess að lögbær yfirvöld hafi nauðsynlegar eftirlitsheimildir til að grípa inn í starfsemi verðbréfafyrirtækja á skilvirkan og hóflegan þátt er þau sinna hlutverki sínu.

2. Að því er varðar 36. gr., 37. gr. (3. mgr.) og 38. gr. og beitingu reglugerðar (ESB) 2019/2033 skulu lögbær yfirvöld hafa eftirfarandi valdheimildir:

a) til að krefjast þess að verðbréfafyrirtæki hafi eiginfjárgrunn sem er umfram kröfurnar sem settar eru settar fram í 11. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2033, með skilyrðunum sem mælt er fyrir um í 40. gr. þessarar tilskipunar, eða aðlagi eiginfjárgrunninn og lausafjáreignir sem þarf ef um er að ræða verulegar breytingar á starfsemi þessara verðbréfafyrirtækja,

b) til að krefjast þess að fyrirkomulagið, aðferðirnar, kerfin og áætlanirnar, sem komið er í framkvæmd í samræmi við 24. og 26. gr., verði styrktar,

c) til að krefjast þess að verðbréfafyrirtæki setji fram áætlun, innan eins árs, um að uppfylla aftur eftirlitskröfur samkvæmt þessari tilskipun og reglugerð (ESB) 2019/2033, til að setja frest fyrir framkvæmd áætlunarinnar og krefjast úrbóta á áætluninni að því er varðar gildissvið og frest,

d) til að krefjast þess að verðbréfafyrirtækin beiti sérstakri niðurfærslustefnu eða meðferð á eignum að því er varðar kröfur um eiginfjárgrunn,

e) til að banna eða takmarka viðskipti, starfsemi eða netkerfi verðbréfafyrirtækja eða krefjast sölu á starfsemi sem hefur í för með sér óhóflega áhættu fyrir fjárhagslegt heilbrigði verðbréfafyrirtækis,

f) til að krefjast þess að dregið verði úr áhættunni sem er innbyggð í starfsemi, afurðir og kerfi verðbréfafyrirtækja, þ.m.t. útvistaða starfsemi,

g) til að krefjast þess að verðbréfafyrirtæki takmarki breytileg starfskjör við hlutfall af hreinum tekjum ef þær starfskjaragreiðslur samræmast ekki því að viðhalda traustum eiginfjárgrunni,

h) til að krefjast þess að verðbréfafyrirtæki noti hreinan hagnað til að styrkja eiginfjárgrunninn,

i) til að banna eða takmarka úthlutun eða vaxtagreiðslur verðbréfafyrirtækja til hluthafa, félagsaðila eða eigenda viðbótareiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1 ef takmörkunin eða bannið felur ekki í sér vanskil af hálfu verðbréfafyrirtækisins,

j) til að beita viðbótarkröfum eða tíðari kröfum um skýrslugjöf en þær sem settar eru fram í þessari tilskipun og reglugerð (ESB) 2019/2033, þ.m.t. skýrslugjöf um eiginfjárstöðu og lausafjárstöðu,

k) til að setja sértækar kröfur um lausafjárstöðu í samræmi við 42. gr.

l) til að krefjast viðbótarbirtingar upplýsinga,

m) til að krefjast þess að verðbréfafyrirtæki dragi úr áhættu sem steðjar að öryggi net- og upplýsingakerfa verðbréfafyrirtækja til að tryggja trúnað, heilleika og aðgengileika ferla, gagna og eigna þeirra.

3. Að því er varðar j-lið 2. mgr. mega lögbær yfirvöld eingöngu leggja kröfur um viðbótarskýrslugjöf eða tíðari skýrslugjöf á verðbréfafyrirtæki ef umbeðnar upplýsingar eru ekki tvíteknar og eitt af eftirfarandi skilyrðum er uppfyllt:

a) eitt af tilvikunum sem um getur í a- og b-lið 38. gr. á við,

b) lögbæra yfirvaldið telur nauðsynlegt að safna gögnunum sem um getur í b-lið 38. gr.,

c) viðbótarupplýsingarnar eru nauðsynlegar vegna könnunar- og matsferlis sem um getur í 36. gr.

Upplýsingar teljast tvíteknar ef lögbæra yfirvaldið hefur nú þegar sömu eða efnislega sömu upplýsingar, ef lögbæra yfirvaldið getur útbúið þær upplýsingar eða ef lögbæra yfirvaldið getur nálgast þær með öðrum hætti en að krefjast þess að verðbréfafyrirtækið leggi þær fram. Lögbært yfirvald skal ekki krefjast viðbótarupplýsinga ef þær eru aðgengilegar lögbæra yfirvaldinu á öðru formi eða með öðrum sundurgreinanleika en viðbótarupplýsingarnar sem leggja skal fram og það annað form eða sundurgreinanleiki kemur ekki í veg fyrir að það útbúi efnislega sambærilegar upplýsingar.

40. gr.

Viðbótarkrafa um eiginfjárgrunn

1. Lögbær yfirvöld skulu aðeins leggja á þá viðbótarkröfu um eiginfjárgrunn sem um getur í a-lið 2. mgr. 39. gr. ef þau komast að raun um, á grundvelli eftirlits sem fram fer í samræmi við 36. og 37. gr., að einhverjar af eftirfarandi aðstæðum eigi við um verðbréfafyrirtæki:

a) verðbréfafyrirtækið stendur frammi fyrir áhættu eða áhættuþáttum, eða skapar áhættu fyrir aðra, sem er veruleg og er ekki mætt, eða ekki mætt nægilega vel, með kröfum um eiginfjárgrunn, sérstaklega kröfum vegna K-þátta sem settar eru fram í þriðja eða fjórða hluta reglugerðar (ESB) 2019/2033,

b) verðbréfafyrirtækið uppfyllir ekki kröfurnar sem settar eru fram í 24. og 26. gr. og aðrar eftirlitsráðstafanir eru ólíklegar til að bæta nægilega fyrirkomulag, ferla, kerfi og áætlanir innan viðeigandi tímaramma,

c) leiðréttingarnar í tengslum við varfærið virðismat á veltubók eru ófullnægjandi til að verðbréfafyrirtækið geti selt eða áhættuvarið stöður sínar innan skamms tíma, án þess að verða fyrir verulegu tapi við eðlilegar markaðsaðstæður,

d) eftirlitið sem fram fer í samræmi við 37. gr. leiðir í ljós að það að kröfur um beitingu á heimiluðum eigin líkönum voru ekki uppfylltar leiði líklega til þess að eiginfjárgrunnur verði ófullnægjandi,

e) verðbréfafyrirtæki bregst því ítrekað að koma á eða viðhalda fullnægjandi stigi viðbótareiginfjárgrunns í samræmi við 41. gr.

2. Að því er varðar a-lið 1. mgr. þessarar greinar skal eingöngu líta svo á að kröfurnar um eiginfjárgrunn sem settar eru fram í þriðja og fjórða hluta reglugerðar (ESB) 2019/2033 mæti ekki, eða mæti ekki með fullnægjandi hætti, áhættu eða áhættuþáttum þegar fjárhæðir, tegundir og dreifing fjármögnunar sem lögbæra yfirvaldið telur fullnægjandi eftir eftirlitsúttektina á matinu, sem verðbréfafyrirtæki gera í samræmi við 1. mgr. 24. gr. þessarar tilskipunar, eru hærri en krafan um eiginfjárgrunn verðbréfafyrirtækisins sem sett er fram í þriðja eða fjórða hluta reglugerðar (ESB) 2019/2033.

Að því er varðar fyrstu undirgrein getur fjármögnunin sem telst fullnægjandi falið í sér áhættu eða áhættuþætti sem eru sérstaklega undanskildir kröfunum um eiginfjárgrunn sem settar eru fram í þriðja eða fjórða hluta reglugerðar (ESB) 2019/2033.

3. Lögbær yfirvöld skulu ákvarða fjárhæð þess viðbótareiginfjárgrunns sem krafist er skv. a-lið 2. mgr. 39. gr. sem mismuninn á fjármögnuninni sem telst fullnægjandi skv. 2. mgr. þessarar greinar og kröfunni um eiginfjárgrunn sem sett er fram í þriðja eða fjórða hluta reglugerðar (ESB) 2019/2033.

4. Lögbær yfirvöld skulu krefjast þess að verðbréfafyrirtæki uppfylli viðbótarkröfur um eiginfjárgrunn sem um getur í a-lið 2. mgr. 39. gr. með eiginfjárgrunni með eftirfarandi skilyrðum:

a) a.m.k. þrír fjórðu hlutar viðbótarkröfunnar um eiginfjárgrunn eru uppfylltir með eiginfjárþætti 1,

b) a.m.k. þrír fjórðu hlutar þess eiginfjárþáttar 1 eru samsettir af almennu eigin fé þáttar 1,

c) þessi eiginfjárgrunnur er ekki notaður til að uppfylla þær kröfur um eiginfjárgrunn sem settar eru fram í a-, b- og c-lið 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2033.

5. Lögbæru yfirvöldin skulu rökstyðja skriflega ákvörðunina um að leggja á viðbótarkröfu um eiginfjárgrunn eins og um getur í a-lið 2. mgr. 39. gr. með því að gera skýra grein fyrir heildarmatinu á þáttunum sem um getur í 1. til 4. mgr. þessarar greinar. Þar á meðal, í tilvikum eins og sett eru fram í d-lið 1. mgr. þessarar greinar, skal vera sérstök yfirlýsing um ástæðurnar fyrir því að fjármögnunin sem ákvörðuð er í samræmi við 1. mgr. 41. gr. telst ekki lengur vera fullnægjandi.

6. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal, í samráði við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina, semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum með það fyrir augum að tilgreina hvernig skal mæla þá áhættu og áhættuþætti sem um getur í 2. mgr., þ.m.t. þá áhættu eða áhættuþætti sem eru sérstaklega undanskildir kröfum um eiginfjárgrunn sem settar eru fram í þriðja eða fjórða hluta reglugerðar (ESB) 2019/2033.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal tryggja að drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum hafi að geyma leiðbeinandi eigindlegar mælistikur fyrir fjárhæðir viðbótareiginfjárgrunns sem um getur í a-lið 2. mgr. 39. gr., með tilliti til mismunandi viðskiptalíkana og félagsforma sem verðbréfafyrirtæki geta haft, og séu í réttu hlutfalli í ljósi:

a) framkvæmdarbyrði verðbréfafyrirtækja og lögbærra yfirvalda,

b) möguleika á að hærri kröfur um eiginfjárgrunn sem gilda ef verðbréfafyrirtækið notar ekki eigin líkön réttlæti lægri kröfur um eiginfjárgrunn við mat á áhættu og áhættuþáttum í samræmi við 2. mgr.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 26. júní 2021.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að bæta við þessa tilskipun með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

7. Lögbær yfirvöld geta gert viðbótarkröfu um eiginfjárgrunn í samræmi við 1. til 6. mgr. til verðbréfafyrirtækja sem uppfylla skilyrðin til að flokkast sem lítil og ótengd verðbréfafyrirtæki, sem sett eru fram í 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2033, á grundvelli mats í hverju tilviki fyrir sig og ef lögbæra yfirvaldið telur það réttlætanlegt.

41. gr.

Leiðbeiningar um viðbótareiginfjárgrunn

1. Að teknu tilliti til meðalhófsreglunnar og í réttu hlutfalli við stærð, kerfislegt mikilvægi og eðli, umfang og hversu flókin starfsemi verðbréfafyrirtækja, sem uppfylla ekki skilyrðin til að flokkast sem lítil og ótengd verðbréfafyrirtæki eins og sett er fram í 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2033, er geta lögbær yfirvöld krafist þess að slík verðbréfafyrirtæki hafi eiginfjárgrunn sem, á grundvelli 24. gr., er nægilega umfram kröfurnar sem settar eru fram í þriðja hluta reglugerðar (ESB) 2019/2033 og í þessari tilskipun, þ.m.t. viðbótarkröfurnar um eiginfjárgrunn sem um getur í a-lið 2. mgr. 39. gr., til að tryggja að lotubundnar efnahagssveiflur hafi ekki í för með sér brot á þessum kröfum eða ógni getu verðbréfafyrirtækisins til að slíta og hætta starfsemi með skipulegum hætti.

2. Lögbær yfirvöld skulu, eftir því sem við á, endurskoða umfang eiginfjárgrunns sem hvert verðbréfafyrirtæki, sem ekki uppfyllir skilyrðin til að flokkast sem lítið og ótengt verðbréfafyrirtæki eins og sett er fram í 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2033, hefur ákvarðað í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar og, eftir því sem við á, senda niðurstöður þeirrar endurskoðunar til hlutaðeigandi verðbréfafyrirtækis, þ.m.t. upplýsingar um allar leiðréttingar sem þau ætlast til að gerðar verði á fjárhæð eiginfjárgrunns sem ákvarðaður hefur verið í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar. Slík sending skal innihalda dagsetninguna sem lögbæra yfirvaldið krefst að leiðréttingunni verði lokið fyrir.

42. gr.

Sértækar kröfur um lausafjárstöðu

1. Lögbær yfirvöld skulu aðeins beita sértæku lausafjárkröfunum sem um getur í k-lið 2. mgr. 39. gr. þessarar tilskipunar ef þau, á grundvelli eftirlitsins sem framkvæmt er í samræmi við 36. og 37. gr. þessarar tilskipunar, komast að þeirri niðurstöðu að verðbréfafyrirtæki sem uppfyllir ekki skilyrðin til að flokkast sem lítið og ótengt verðbréfafyrirtæki, eins og sett er fram í 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2033, eða sem uppfyllir skilyrðin í 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2033 en hefur ekki hlotið undanþágu frá lausafjárkröfum í samræmi við 1. mgr. 43. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2033 sé í einhverjum eftirfarandi aðstæðum:

a) verðbréfafyrirtækið stendur frammi fyrir lausafjáráhættu eða þáttum lausafjáráhættu sem er veruleg og er ekki mætt, eða ekki mætt nægilega vel, með lausafjárkröfunum sem settar eru fram í fimmta hluta reglugerðar (ESB) 2019/2033,

b) verðbréfafyrirtækið uppfyllir ekki kröfurnar sem settar eru fram í 24. og 26. gr. þessarar tilskipunar og aðrar stjórnsýsluráðstafanir eru ólíklegar til að bæta nægilega fyrirkomulag, ferla, kerfi og áætlanir innan viðeigandi tímaramma.

2. Að því er varðar a-lið 1. mgr. þessarar greinar skal eingöngu líta svo á að lausafjárkröfurnar sem settar eru fram í fimmta hluta reglugerðar (ESB) 2019/2033 mæti ekki eða mæti ekki með fullnægjandi hætti lausafjáráhættu eða þáttum lausafjáráhættu ef fjárhæðir og tegundir lausafjár sem lögbæra yfirvaldið telur fullnægjandi, að teknu tilliti til eftirlitsúttektarinnar á matinu sem verðbréfafyrirtæki gera í samræmi við 1. mgr. 24. gr. þessarar tilskipunar, eru hærri en lausafjárkrafa verðbréfafyrirtækisins sem sett er fram í fimmta hluta reglugerðar (ESB) 2019/2033.

3. Lögbær yfirvöld skulu ákvarða umfang sértæks lausafjár sem krafist er skv. k-lið 2. mgr. 39. gr. þessarar tilskipunar sem mismuninn á milli lausafjár sem telst fullnægjandi skv. 2. mgr. þessarar greinar og lausafjárkröfunnar sem sett er fram í fimmta hluta reglugerðar (ESB) 2019/2033.

4. Lögbær yfirvöld skulu krefjast þess að verðbréfafyrirtæki uppfylli sértæku lausafjárkröfurnar sem um getur í k-lið 2. mgr. 39. gr. þessarar tilskipunar með lausafjáreignum eins og sett er fram í 43. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2033.

5. Lögbæru yfirvöldin skulu rökstyðja skriflega ákvörðunina um að leggja á sértæka lausafjárkröfu eins og um getur í k-lið 2. mgr. 39. gr. með því að gera skýra grein fyrir heildarmatinu á þáttunum sem um getur í 1. til 3. mgr. þessarar greinar.

6. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal, í samráði við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina, semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina með hvaða hætti, sem er í samræmi við stærð, uppbyggingu og innra skipulag verðbréfafyrirtækja og eðli, umfang og flækjustig starfsemi þeirra, skal mæla lausafjáráhættu og þætti lausafjáráhættu sem um getur í 2. mgr.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 26. júní 2021.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að bæta við þessa tilskipun með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

43. gr.

Samstarf við skilastjórnvöld

Lögbær yfirvöld skulu tilkynna viðeigandi skilastjórnvöldum um allar viðbótarkröfur um eiginfjárgrunn sem gerðar eru skv. a-lið 2. mgr. 39. gr. þessarar tilskipunar til verðbréfafyrirtækis sem fellur undir gildissvið tilskipunar 2014/59/ESB og um allar leiðréttingar sem þau ætlast til að gerðar verði eins og um getur í 2. mgr. 41. gr. þessarar tilskipunar að því er varðar slíkt verðbréfafyrirtæki.

44. gr.

Kröfur um birtingu upplýsinga

Aðildarríki skulu tryggja að lögbær yfirvöld hafi vald til að:

a) krefjast þess að verðbréfafyrirtæki sem uppfylla ekki skilyrðin til að flokkast sem lítil og ótengd verðbréfafyrirtæki, eins og sett er fram í 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2033, og verðbréfafyrirtæki sem um getur í 2. mgr. 46. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2033 birti upplýsingarnar sem um getur í 46. gr. þeirrar reglugerðar oftar en einu sinni á ári og fastsetji tímafresti fyrir þá birtingu,

b) krefjast þess að verðbréfafyrirtæki sem uppfylla ekki skilyrðin til að flokkast sem lítil og ótengd verðbréfafyrirtæki, eins og sett er fram í 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2033, og verðbréfafyrirtæki sem um getur í 2. mgr. 46. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2033 noti tiltekna miðla og staðsetningar, einkum vefsetur verðbréfafyrirtækjanna, til að birta aðrar upplýsingar en reikningsskil,

c) krefjast þess að móðurfélög birti árlega, annaðhvort í heild eða með tilvísunum í jafngildar upplýsingar, lýsingu á rekstrarformi sínu að lögum og stjórnarháttum og stjórnskipulagi samstæðu verðbréfafyrirtækis í samræmi við 1. mgr. 26. gr. þessarar tilskipunar og 10. gr. tilskipunar 2014/65/ESB.

45. gr.

Skylda til að upplýsa Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina

1. Lögbær yfirvöld skulu upplýsa Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina um:

a) könnunar- og matsferli sín sem um getur í 36. gr.,

b) aðferðafræðina sem notuð er til að taka ákvarðanir sem um getur í 39., 40. og 41. gr.,

c) umfang stjórnsýsluviðurlaga sem aðildarríki mæla fyrir um, sem um getur í 18. gr.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal senda upplýsingarnar sem um getur í þessari málsgrein til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar.

2. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal, í samráði við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina, meta upplýsingarnar sem lögbær yfirvöld veita til að þróa samræmi í könnunar- og matsferli. Til að ljúka mati sínu getur Evrópska bankaeftirlitsstofnunin, að höfðu samráði við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina, óskað eftir viðbótarupplýsingum frá lögbærum yfirvöldum í réttu hlutfalli og í samræmi við 35. gr. reglugerðar (ESB) 1093/2010.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal birta á vefsetri sínu samanteknar upplýsingar sem um getur í c-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal skila skýrslu til Evrópuþingsins og ráðsins um samleitni beitingar þessa kafla milli aðildarríkja. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal framkvæma jafningjarýni í samræmi við 30. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 ef nauðsyn krefur. Hún skal upplýsa Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina um slíka jafningjarýni.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin og Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skulu gefa út viðmiðunarreglur fyrir lögbær yfirvöld í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 og 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010, eftir því sem við á, til að tilgreina nánar, með hætti sem er í samræmi við stærð, uppbyggingu, innra skipulag verðbréfafyrirtækja og eðli starfsemi þeirra, umfang hennar og það hversu flókin hún er, sameiginlegar verklagsreglur og aðferðafræði við könnunar- og matsferli sem um getur í 1. mgr. og við mat á meðhöndlun áhættu sem um getur í 29. gr. þessarar tilskipunar.

3. KAFLI

Eftirlit með samstæðum verðbréfafyrirtækja

1. þáttur

Eftirlit með samstæðum verðbréfafyrirtækja á samstæðugrunni og eftirlit með að kröfur í eiginfjárprófi samstæðu séu uppfylltar

46. gr.

Ákvörðun um eftirlitsstjórnvald samstæðu

1. Aðildarríki skulu tryggja að þegar samstæða verðbréfafyrirtækis er undir stjórn móðurverðbréfafyrirtækis í Sambandinu sé eftirlit á samstæðugrunni eða eftirlit með að kröfurnar í eiginfjárprófi samstæðu séu uppfylltar, framkvæmt af lögbæru yfirvaldi þess móðurverðbréfafyrirtækis í Sambandinu.

2. Aðildarríki skulu tryggja að þegar móðurfélag verðbréfafyrirtækis er móðureignarhaldsfélag á verðbréfasviði í Sambandinu eða blandað móðureignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi í Sambandinu sé eftirlit á samstæðugrunni eða eftirlit með að kröfurnar í eiginfjárprófi samstæðu séu uppfylltar framkvæmt af lögbæru yfirvaldi þess verðbréfafyrirtækis.

3. Ef tvö eða fleiri verðbréfafyrirtæki með starfsleyfi í tveimur eða fleiri aðildarríkjum hafa sama móðureignarhaldsfélag á verðbréfasviði í Sambandinu eða sama blandaða móðureignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi í Sambandinu skulu aðildarríki sjá til þess að eftirlit á samstæðugrunni eða eftirlit með að kröfur í eiginfjárprófi samstæðu séu uppfylltar sé framkvæmt af lögbæru yfirvaldi þess verðbréfafyrirtækis sem hefur starfsleyfi í aðildarríkinu þar sem eignarhaldsfélagið á verðbréfasviði eða blandaða eignarhaldsfélagið í fjármálastarfsemi hefur staðfestu.

4. Aðildarríki skulu sjá til þess, ef móðurfélög tveggja eða fleiri verðbréfafyrirtækja, sem hafa starfsleyfi í tveimur eða fleiri aðildarríkjum samanstanda af fleiri en einu eignarhaldsfélagi á verðbréfasviði eða blönduðu eignarhaldsfélagi í fjármálastarfsemi með aðalskrifstofur í mismunandi aðildarríkjum og ef verðbréfafyrirtæki er að finna í hverju þessara aðildarríkja, að lögbær yfirvöld þess verðbréfafyrirtækis sem hefur hæstu niðurstöðutölu efnahagsreiknings annist eftirlit á samstæðugrunni eða eftirlit með að kröfur í eiginfjárprófi samstæðu séu uppfylltar.

5. Ef tvö eða fleiri verðbréfafyrirtæki með starfsleyfi í Sambandinu hafa sama móðureignarhaldsfélag á verðbréfasviði í Sambandinu eða sama blandaða móðureignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi í Sambandinu sem móðurfélag og ekkert þessara verðbréfafyrirtækja hefur fengið starfsleyfi í aðildarríkinu þar sem eignarhaldsfélagið á verðbréfasviði eða blandaða eignarhaldsfélagið í fjármálastarfsemi hefur staðfestu, skulu aðildarríki sjá til þess að eftirlit á samstæðugrunni eða eftirlit með að kröfur í eiginfjárprófi samstæðu séu uppfylltar, sé framkvæmt af lögbæru yfirvaldi þess verðbréfafyrirtækis sem hefur hæstu niðurstöðutölu efnahagsreiknings.

6. Lögbæru yfirvöldin geta, með samkomulagi sín á milli, vikið frá viðmiðununum sem um getur í 3., 4. og 5. mgr. ef beiting viðmiðananna sem getið er þar væri óviðeigandi fyrir skilvirkt eftirlit á samstæðugrunni eða eftirlit með að kröfur í eiginfjárprófi samstæðu séu uppfylltar, að teknu tilliti til hlutaðeigandi verðbréfafyrirtækja og hlutfallslegs mikilvægis starfsemi þeirra í viðkomandi aðildarríkjum, og tilnefnt annað lögbært yfirvald til að framkvæma eftirlit á samstæðugrunni eða með því að kröfurnar í eiginfjárprófi samstæðu séu uppfylltar. Í þessum tilvikum skulu lögbær yfirvöld, áður en þau taka slíka ákvörðun, gefa móðureignarhaldsfélagi á verðbréfasviði í Sambandinu eða blönduðu móðureignarhaldsfélagi í fjármálastarfsemi í Sambandinu eða verðbréfafyrirtæki með hæstu niðurstöðutölu efnahagsreiknings, eftir því sem við á, kost á að tjá sig um þá fyrirhuguðu ákvörðun. Lögbær yfirvöld skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni um allar slíkar ákvarðanir.

47. gr.

Kröfur um upplýsingar við neyðarástand

Þegar upp kemur neyðarástand, þ.m.t. aðstæður eins og lýst er í 18. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, eða óhagstæð þróun á mörkuðum sem hugsanlega teflir í tvísýnu lausafjárstöðu og stöðugleika fjármálakerfisins í einhverju aðildarríkinu þar sem einingar samstæðu verðbréfafyrirtækis hafa fengið starfsleyfi skal eftirlitsaðili á samstæðugrundvelli, sem valinn var skv. 46. gr. þessarar tilskipunar, með fyrirvara um 2. þátt 1. kafla þessa bálks gera Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni, Evrópska kerfisáhætturáðinu og öllum viðkomandi lögbærum yfirvöldum viðvart eins fljótt og við verður komið og veita allar nauðsynlegar upplýsingar til að þau geti leyst sín verk af hendi.

48. gr.

Samstarfshópar eftirlitsaðila

1. Aðildarríki skulu tryggja að eftirlitsaðilinn á samstæðugrundvelli, sem valinn var skv. 46. gr. þessarar tilskipunar, geti, ef við á, komið á fót samstarfshópum eftirlitsaðila til að greiða fyrir framkvæmd verkefnanna sem um getur í þessari grein og tryggja samræmingu og samstarf við viðkomandi eftirlitsyfirvöld þriðja lands, einkum ef þess gerist þörf í þeim tilgangi að beita c-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 23. gr. og 2. mgr. 23. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2033 til að skiptast á viðeigandi upplýsingum um tryggingarlíkanið við eftirlitsyfirvöld fullgildra, miðlægra mótaðila og uppfæra þær.

2. Samstarfshópar eftirlitsaðila skulu vera vettvangur fyrir framkvæmd eftirlitsstjórnvalds samstæðu, Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar og hinna lögbæru yfirvaldanna á eftirfarandi verkefnum:

a) verkefnunum sem um getur í 47. gr.,

b) samræmingu beiðna um upplýsingar ef þörf krefur til að auðvelda eftirlit á samstæðugrunni í samræmi við 7. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2033,

c) samræmingu beiðna um upplýsingar, í tilvikum þar sem nokkur lögbær yfirvöld verðbréfafyrirtækja sem eru hluti af sömu samstæðu þurfa að óska eftir upplýsingum frá annað hvort lögbæru yfirvaldi í heimaaðildarríki stöðustofnunaraðila eða frá lögbæru yfirvaldi fullgilds, miðlægs mótaðila varðandi tryggingarlíkanið og mæliþætti sem notaðir eru við útreikning tryggingarkröfu viðkomandi verðbréfafyrirtækja,

d) upplýsingaskiptum milli allra lögbærra yfirvalda og Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar í samræmi við 21. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar í samræmi við 21. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010,

e) að gera samkomulag um frjálsa skiptingu verkefna og frjálsa dreifingu ábyrgðar milli lögbærra yfirvalda, eftir því sem við á,

f) að bæta skilvirkni eftirlits með því að leitast við að komast hjá óþarfa tvítekningu eftirlitskrafna.

3. Einnig má koma á fót samstarfshópum eftirlitsaðila, eftir því sem við á, ef dótturfélög í samstæðu verðbréfafyrirtækis undir stjórn verðbréfafyrirtækis í Sambandinu, móðureignarhaldsfélags á verðbréfasviði í Sambandinu eða blandaðs móðureignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi í Sambandinu eru staðsett í þriðja landi.

4. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal í samræmi við 21. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 taka þátt í fundum samstarfshópa eftirlitsaðila.

5. Eftirfarandi yfirvöld skulu vera aðilar að samstarfshópi eftirlitsaðila:

a) lögbæru yfirvöldin sem bera ábyrgð á eftirliti með dótturfélögum í samstæðu verðbréfafyrirtækis undir stjórn verðbréfafyrirtækis í Sambandinu, móðureignarhaldsfélags á verðbréfasviði í Sambandinu eða blandaðs móðureignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi í Sambandinu,

b) þar sem við á, lögbær eftirlitsyfirvöld þriðja lands, með fyrirvara um trúnaðarkvaðir sem eru, að áliti allra lögbærra yfirvalda, jafngildar kröfunum sem settar eru fram í 2. þætti 1. kafla þessa bálks.

6. Eftirlitsstjórnvald samstæðu sem ákvarðað er skv. 46. gr. skal vera í forsæti á fundum samstarfshóps eftirlitsaðila og taka ákvarðanir. Það eftirlitsstjórnvald samstæðu skal upplýsa alla aðila samstarfshópsins ítarlega fyrirfram um skipulag þeirra funda, meginumræðuefni og starfsemi sem taka skal til athugunar. Eftirlitsstjórnvald samstæðu skal einnig halda öllum aðilum samstarfshópsins vel og tímanlega upplýstum um ákvarðanir sem teknar eru á þessum fundum eða ráðstafanir sem gerðar eru.

Eftirlitsstjórnvald samstæðu skal taka tillit til mikilvægis eftirlitsstarfsemi sem yfirvöldin sem um getur í 5. mgr. áætla eða samræma er það tekur ákvarðanir.

Stofnun og starfsemi samstarfshópa eftirlitsaðila skal formfest með skriflegu samkomulagi.

7. Ef upp kemur ágreiningur um ákvörðun sem eftirlitsstjórnvald samstæðu hefur tekið um starfsemi samstarfshópa eftirlitsaðila er sérhverju hlutaðeigandi lögbæru yfirvaldi heimilt að vísa málinu til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar og óska eftir aðstoð hennar í samræmi við 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin getur einnig að eigin frumkvæði aðstoðað lögbæru yfirvöldin, ef ósamkomulag verður um starfsemi samstarfshópa eftirlitsaðila samkvæmt þessari grein, í samræmi við aðra undirgrein 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

8. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal, að höfðu samráði við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina, semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina nánar með hvaða skilyrðum samstarfshópur eftirlitsaðila skal framkvæma verkefni sín sem um getur í 1. mgr.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 26. júní 2021.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að bæta við þessa tilskipun með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

49. gr.

Kröfur um samstarf

1. Aðildarríki skulu sjá til þess að eftirlitsstjórnvald samstæðu og lögbæru yfirvöldin sem um getur í 5. mgr. 48. gr. veiti hvert öðru allar viðeigandi upplýsingar sem þörf er á, þ.m.t. eftirfarandi:

a) upplýsingar um rekstrarform að lögum og skipulag stjórnarhátta samstæðu verðbréfafyrirtækis, þ.m.t. stjórnskipulag hennar, sem ná til allra eftirlitsskyldra eininga og eininga sem eru ekki eftirlitsskyldar, dótturfélaga sem eru ekki eftirlitsskyld og móðurfélaganna, og um lögbær yfirvöld eftirlitsskyldu aðilanna í samstæðu verðbréfafyrirtækis,

b) aðferðir við öflun upplýsinga frá verðbréfafyrirtækjunum í samstæðu verðbréfafyrirtækis og aðferðir við sannprófun á þeim upplýsingum,

c) neikvæða þróun hjá verðbréfafyrirtækjum eða öðrum aðilum samstæðu verðbréfafyrirtækis, sem gæti haft alvarleg áhrif á þau verðbréfafyrirtæki,

d) öll umtalsverð viðurlög og óvenjulegar ráðstafanir lögbærra yfirvalda í samræmi við landslög sem leiða í lög þessa tilskipun,

e) beitingu sértækra krafna um eiginfjárgrunn skv. 39. gr. þessarar tilskipunar.

2. Lögbær yfirvöld og eftirlitsstjórnvald samstæðu geta vísað til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar, í samræmi við 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, ef viðeigandi upplýsingar hafa ekki verið sendar skv. 1. mgr. án ótilhlýðilegrar tafar eða ef beiðni um samstarf, einkum um að skiptast á viðeigandi upplýsingum, hefur verið hafnað eða ekki verið sinnt innan hæfilegs tíma.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin getur, í samræmi við aðra undirgrein 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 og að eigin frumkvæði, aðstoðað lögbær yfirvöld við að þróa samræmdar samstarfsvenjur.

3. Aðildarríkin skulu sjá til þess að lögbær yfirvöld hafi, áður en þau taka ákvörðun sem gæti skipt máli fyrir eftirlitsverkefni annarra lögbærra yfirvalda, samráð við hvert annað um eftirfarandi:

a) breytingar á hlutafjárskipan, skipulagi eða stjórnkerfi verðbréfafyrirtækja í samstæðu verðbréfafyrirtækis sem þarfnast samþykkis eða leyfis frá lögbærum yfirvöldum,

b) umtalsverð viðurlög sem lögbær yfirvöld beita verðbréfafyrirtæki eða aðrar sérstakar ráðstafanir sem þessi yfirvöld grípa til og

c) sértækar kröfur vegna eiginfjárgrunns sem er beitt í samræmi við 39. gr.

4. Hafa skal samráð við eftirlitsstjórnvald samstæðu ef lögbært yfirvald fyrirhugar að beita umtalsverðum viðurlögum eða öðrum sérstökum neyðarráðstöfunum eins og um getur í b-lið 3. mgr.

5. Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. er lögbæru yfirvaldi ekki skylt að hafa samráð við önnur lögbær yfirvöld í brýnum tilvikum eða ef slíkt samráð gæti stofnað í hættu virkni ákvörðunar þess en í þeim tilvikum skal lögbæra yfirvaldið upplýsa önnur hlutaðeigandi lögbær yfirvöld um þá ákvörðun að hafa ekki samráð án tafar.

50. gr.

Sannprófun á upplýsingum um aðila í öðrum aðildarríkjum

1. Aðildarríki skulu tryggja að þegar lögbært yfirvald í einu aðildarríki þarf að sannprófa upplýsingar um verðbréfafyrirtæki, eignarhaldsfélög á verðbréfasviði, blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi, fjármálastofnanir, fyrirtæki í viðbótarstarfsemi, blönduð eignarhaldsfélög eða dótturfélög í öðru aðildarríki, þ.m.t. dótturfélög sem eru vátryggingafélög, og leggur fram beiðni þess efnis, þá framkvæmi lögbær yfirvöld þess aðildarríkis sannprófunina í samræmi við 2. mgr.

2. Lögbær yfirvöld sem hafa fengið beiðni skv. 1. mgr. skulu gera eitthvað eftirfarandi:

a) framkvæma sjálf sannprófun innan ramma valdheimilda sinna,

b) heimila lögbæru yfirvöldunum sem setja fram beiðnina að framkvæma sannprófunina,

c) biðja endurskoðanda eða sérfræðing að framkvæma sannprófunina af óhlutdrægni og setja niðurstöðuna fram án tafar.

Að því er varðar a- og c-lið skulu lögbæru yfirvöldin sem leggja fram beiðnina fá leyfi til að taka þátt í sannprófuninni.

2. þáttur

Eignarhaldsfélög á verðbréfasviði, blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi og blönduð eignarhaldsfélög

51. gr.

Eignarhaldsfélög falli undir eftirlit með því að kröfur í eiginfjárprófi samstæðu séu uppfylltar

Aðildarríki skulu sjá til þess að eignarhaldsfélög á verðbréfasviði og blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi falli undir eftirlit með því að kröfurnar í eiginfjárprófi samstæðu séu uppfylltar.

52. gr.

Hæfi stjórnarmanna

Aðildarríki skulu krefjast þess að aðilar í stjórn og/eða framkvæmdastjórn eignarhaldsfélags á verðbréfasviði eða blandaðs eignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi hafi nógu gott orðspor og búi yfir fullnægjandi þekkingu, hæfni og reynslu til að gegna skyldum sínum með árangursríkum hætti, með tilliti til sértæks hlutverks eignarhaldsfélags á verðbréfasviði eða blandaðs eignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi.

53. gr.

Blönduð eignarhaldsfélög

1. Aðildarríki skulu kveða á um að þegar móðurfélag verðbréfafyrirtækis er blandað eignarhaldsfélag þá geti lögbær yfirvöld sem bera ábyrgð á eftirliti með verðbréfafyrirtækinu:

a) krafist þess að blandaða eignarhaldsfélagið veiti þeim allar upplýsingar sem gætu skipt máli fyrir eftirlit með því verðbréfafyrirtæki,

b) haft eftirlit með viðskiptum milli verðbréfafyrirtækisins og blandaða eignarhaldsfélagsins og dótturfélaga hins síðarnefnda og krafist þess að verðbréfafyrirtækið hafi viðeigandi áhættustýringarferli og innra eftirlitskerfi, þ.m.t. traust skýrslugjafar- og reikningsskilaferli til að greina, mæla, vakta og stýra þessum viðskiptum.

2. Aðildarríkin skulu kveða á um að lögbærum yfirvöldum þeirra sé heimilt að framkvæma, eða láta utanaðkomandi skoðunarmenn framkvæma, eftirlit á staðnum til að staðreyna upplýsingar frá blönduðum eignarhaldsfélögum og dótturfélögum þeirra.

54. gr.

Viðurlög

Aðildarríki skulu, í samræmi við 3. þátt 2. kafla þessa bálks, tryggja að leggja megi stjórnsýsluviðurlög eða aðrar stjórnsýsluráðstafanir, sem miða að því að binda endi á eða draga úr áhrifum brota á lögum eða stjórnsýslufyrirmælum sem leiða í lög þennan kafla eða til að taka á ástæðum slíkra brota, á eignarhaldsfélög á verðbréfasviði, blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi og blönduð eignarhaldsfélög eða raunverulega stjórnendur þeirra.

55. gr.

Mat á eftirliti þriðju landa og öðrum eftirlitsaðferðum

1. Ef tvö eða fleiri verðbréfafyrirtæki sem eru dótturfélög sama móðurfélags, sem er með aðalskrifstofu í þriðja landi, falla ekki undir skilvirkt eftirlit á samstæðustigi skulu aðildarríki sjá til þess að lögbæra yfirvaldið meti hvort verðbréfafyrirtækin falli undir eftirlit eftirlitsyfirvalds þriðja landsins sem er jafngilt eftirlitinu sem sett er fram í þessari tilskipun og í fyrsta hluta reglugerðar (ESB) 2019/2033.

2. Ef matið sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar leiðir í ljós að ekkert slíkt jafngilt eftirlit á við skulu aðildarríki gera það kleift að nota viðeigandi eftirlitsaðferðir sem ná fram markmiðunum með eftirliti í samræmi við 7. eða 8. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2033. Lögbæra yfirvaldið sem væri eftirlitsstjórnvald samstæðu ef móðurfélagið hefði staðfestu í Sambandinu skal ákveða þessar eftirlitsaðferðir að höfðu samráði við önnur hlutaðeigandi lögbær yfirvöld. Allar ráðstafanir sem gerðar eru samkvæmt þessari málsgrein skal tilkynna til annarra hlutaðeigandi lögbærra yfirvalda, til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar og til framkvæmdastjórnarinnar.

3. Lögbæra yfirvaldið sem væri eftirlitsstjórnvald samstæðu ef móðurfélagið hefði staðfestu í Sambandinu getur einkum krafist þess að komið sé á fót eignarhaldsfélagi á verðbréfasviði eða blönduðu eignarhaldsfélagi í fjármálastarfsemi í Sambandinu og beitt 7. eða 8. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2033 á það eignarhaldsfélag á verðbréfasviði eða blandaða eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi.

56. gr.

Samstarf við eftirlitsyfirvöld þriðju landa

Framkvæmdastjórninni er heimilt, að beiðni aðildarríkis eða eigin frumkvæði, að leggja fyrir ráðið tilmæli vegna samningaviðræðna við eitt eða fleiri þriðju lönd um hvernig annast skuli eftirlit með því hvernig eftirfarandi verðbréfafyrirtæki uppfylla kröfurnar í eiginfjárprófi samstæðu:

a) verðbréfafyrirtæki sem heyra undir móðurfélag með aðalskrifstofu í þriðja landi,

b) verðbréfafyrirtæki með staðfestu í þriðju löndum, sem hafa móðurfélag með aðalskrifstofu sína í Sambandinu.

V. BÁLKUR

UPPLÝSINGABIRTING LÖGBÆRRA YFIRVALDA

57. gr.

Kröfur um birtingu upplýsinga

1. Lögbær yfirvöld skulu birta allar eftirfarandi upplýsingar:

a) texta laga, reglugerða og stjórnsýslureglna og almennar leiðbeiningar sem aðildarríki þeirra hafa samþykkt samkvæmt þessari tilskipun,

b) hvernig þeim valkostum og svigrúmi sem er að finna í þessari tilskipun og reglugerð (ESB) 2019/2033 er beitt,

c) almennar viðmiðanir og aðferðir sem þau nota við þá könnun og mat sem um getur í 36. gr. þessarar tilskipunar,

d) samantekin tölfræðileg gögn um lykilþætti í framkvæmd þessarar tilskipunar og reglugerðar (ESB) 2019/2033 í aðildarríki þeirra, þ.m.t. fjölda og eðli eftirlitsráðstafana sem eru gerðar í samræmi við a-lið 2. mgr. 39. gr. þessarar tilskipunar og stjórnsýsluviðurlaga sem beitt er í samræmi við 18. gr. þessarar tilskipunar.

2. Upplýsingarnar sem birtar eru í samræmi við 1. mgr. skulu vera nægilega ítarlegar og nákvæmar til þess að unnt sé að gera markvissan samanburð á beitingu lögbærra yfirvalda mismunandi aðildarríkja á b-, c- og d-lið 1. mgr.

3. Birtar upplýsingar skulu vera á sameiginlegu sniði og uppfærðar reglulega. Þær skulu vera aðgengilegar á rafrænu sniði á einum stað.

4. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal, í samráði við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina, semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að ákvarða snið, uppbyggingu, innihaldslista og árlega birtingardagsetningu upplýsinganna sem taldar eru upp í 1. mgr.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

5. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina drögin að tæknilegu framkvæmdarstöðlunum, sem um getur í 4. mgr., eigi síðar en 26. júní 2021.

VI. BÁLKUR

FRAMSELDAR GERÐIR

58. gr.

Beiting framsalsins

1. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þessari grein.

2. Fela skal framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir sem um getur í 3. gr. (2. mgr.), 29. gr. (4. mgr.) og 36. gr. (4. mgr.) í fimm ár frá 25. desember 2019.

3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla framsal valds sem um getur í 3. gr. (2. mgr.), 29. gr. (4. mgr.) og í 36. gr. (4. mgr.). Með ákvörðun um afturköllun skal binda enda á valdaframsalið sem um getur í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í henni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi neinna framseldra gerða sem þegar eru í gildi.

4. Áður en framseld gerð er samþykkt skal framkvæmdastjórnin hafa samráð við sérfræðinga sem hvert aðildarríki hefur tilnefnt í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningi milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016.

5. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

6. Framseld gerð sem er samþykkt skv. 3. gr. (2. mgr.), 29. gr. (4. mgr.) og 36. gr. (4. mgr.) skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þessi frestur skal framlengdur um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

VII. BÁLKUR

BREYTINGAR Á ÖÐRUM TILSKIPUNUM

59. gr.

Breyting á tilskipun 2002/87/EB

Í stað 7. liðar 2. gr. tilskipunar 2002/87/EB kemur eftirfarandi:

„7. „sérreglur [áður: reglur um sérsvið]“: réttargerðir Sambandsins að því er varðar varfærniseftirlit með eftirlitsskyldum aðilum, einkum reglugerðir Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 (*) og (ESB) 2019/2033 (**) og tilskipanir Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB, 2013/36/ESB (***), 2014/65/ESB (****) og (ESB) 2019/2034 (*****).

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1).

(**) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2033 frá 27. nóvember 2019 um varfærniskröfur fyrir verðbréfafyrirtæki og breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1093/2010, (ESB) nr. 575/2013, (ESB) nr. 600/2014 og (ESB) nr. 806/2014 (Stjtíð. ESB L 314, 5.12.2019, bls. 1).

(***) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB frá 26. júní 2013 um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærniseftirlit með lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum, um breytingu á tilskipun 2002/87/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB (Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 338).

(****) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB (Stjtíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349).

(*****) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2034 frá 27. nóvember 2019 um varfærniseftirlit með verðbréfafyrirtækjum og breytingu á tilskipunum 2002/87/EB, 2009/65/EB, 2011/61/ESB, 2013/36/ESB, 2014/59/ESB og 2014/65/ESB (Stjtíð. ESB L 314, 5.12.2019, bls. 64).“

60. gr.

Breyting á tilskipun 2009/65/EB

Í stað iii. liðar a-liðar 1. mgr. 7. gr. tilskipunar 2009/65/EB kemur eftirfarandi:

„iii. án tillits til fjárhæðar þessara krafna skal eigið fé rekstrarfélagsins aldrei vera undir þeirri fjárhæð sem mælt er fyrir um í 13. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2033 (*).

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2033 frá 27. nóvember 2019 um varfærniskröfur fyrir verðbréfafyrirtæki og breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1093/2010, (ESB) nr. 575/2013, (ESB) nr. 600/2014 og (ESB) nr. 806/2014 (Stjtíð. ESB L 314, 5.12.2019, bls. 1).“

61. gr.

Breyting á tilskipun 2011/61/ESB

Í stað 5. mgr. 9. gr. tilskipunar 2011/61/ESB kemur eftirfarandi:

„5. Án tillits til 3. mgr. skal eigið fé rekstraraðila sérhæfðra sjóða aldrei vera undir þeirri fjárhæð sem krafist er skv. 13. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2033 (*).

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2033 frá 27. nóvember 2019 um varfærniskröfur fyrir verðbréfafyrirtæki og breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1093/2010, (ESB) nr. 575/2013, (ESB) nr. 600/2014 og (ESB) nr. 806/2014 (Stjtíð. ESB L 314, 5.12.2019, bls. 1).“

62. gr.

Breytingar á tilskipun 2013/36/ESB

Tilskipun 2013/36/ESB er breytt sem hér segir:

1) Í stað titilsins kemur eftirfarandi:

„Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB frá 26. júní 2013 um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærniseftirlit með lánastofnunum, um breytingu á tilskipun 2002/87/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB“.

2) Í stað 1. gr. kemur eftirfarandi:

„1. gr.

Efni

Í þessari tilskipun er mælt fyrir um reglur um:

a) aðgang að starfsemi lánastofnana,

b) eftirlitsheimildir og tæki til varfærniseftirlits lögbærra yfirvalda með lánastofnunum,

c) varfærniseftirlit lögbærra yfirvalda með lánastofnunum í samræmi við reglurnar sem settar eru fram í reglugerð (ESB) nr. 575/2013,

d) birtingarkröfur til lögbærra yfirvalda á sviði varfærnisreglna og -eftirlits með lánastofnunum.“

3) Ákvæðum 2. gr. er breytt sem hér segir:

a) Ákvæði 2. og 3. mgr. falla brott.

b) Í 5. mgr. fellur 1. liður brott.

c) Í stað 6. mgr. kemur eftirfarandi:

„6. Meðhöndla ætti einingarnar, sem um getur í 3. til 24. lið 5. mgr. þessarar greinar sem fjármálastofnanir að því er varðar 34. gr. og 3. kafla VII. bálks.“

4) Í 1. mgr. 3. gr. fellur 4. liður brott.

5) Í stað 5. gr. kemur eftirfarandi:

„5. gr.

Samræming innan aðildarríkja

Ef í aðildarríki eru fleiri en eitt lögbært yfirvald sem hafa varfærniseftirlit með lána- og fjármálastofnunum með höndum skulu þau gera nauðsynlegar ráðstafanir til að skipuleggja samræmingu milli slíkra yfirvalda.“

6) Eftirfarandi grein bætist við:

„8. gr. a

Sértækar kröfur um starfsleyfi lánastofnana eins og um getur í b-lið 1. liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013

1. Aðildarríki skulu krefjast þess að fyrirtæki sem um getur í b-lið 1. liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sem hafa þegar fengið starfsleyfi skv. II. bálki tilskipunar 2014/65/ESB, leggi fram umsókn um starfsleyfi í samræmi við 8. gr. eigi síðar en daginn sem annað hvort eftirfarandi á sér stað:

a) meðaltal mánaðarlegra heildareigna, reiknað út yfir 12 mánaða samfellt tímabil, nemur 30 milljörðum evra eða meira, eða

b) meðaltal mánaðarlegra heildareigna, reiknað út yfir 12 mánaða samfellt tímabil, nemur minna en 30 milljörðum evra og fyrirtækið er hluti samstæðu með heildarvirði samstæðueigna allra fyrirtækja í samstæðunni, sem hvert um sig á heildareignir að andvirði undir 30 milljörðum evra og stundar einhverja þá starfsemi sem um getur í 3. og 6. lið A-hluta I. viðauka við tilskipun 2014/65/ESB, nemur 30 milljörðum evra eða meira, í báðum tilvikum reiknað sem meðaltal yfir 12 mánaða samfellt tímabil.

2. Fyrirtækin sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar geta haldið áfram að stunda starfsemina sem um getur í b-lið 1. liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 þar til þau fá leyfið sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar.

3. Þrátt fyrir 1. mgr. þessarar greinar skulu fyrirtækin sem um getur í b-lið 1. liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 sem þann 24. desember 2019 stunda starfsemi sem verðbréfafyrirtæki með starfsleyfi samkvæmt tilskipun 2014/65/ESB, sækja um leyfi í samræmi við 8. gr. þessarar tilskipunar eigi síðar en 27. desember 2020.

4. Ef lögbæra yfirvaldið ákvarðar, eftir að hafa fengið upplýsingarnar í samræmi við 95. gr. a í tilskipun 2014/65/ESB, að fyrirtæki skuli fá leyfi til að starfa sem lánastofnun í samræmi við 8. gr. þessarar tilskipunar skal það tilkynna fyrirtækinu og lögbæra yfirvaldinu eins og skilgreint er í 26. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB um það og yfirtaka málsmeðferð við leyfisveitingu frá dagsetningu þeirrar tilkynningar.

5. Ef um er að ræða endurnýjun leyfis skal lögbæra yfirvaldið sem veitir leyfið tryggja að málsmeðferðin sé eins hnökralaus og mögulegt er og að upplýsingar um gildandi leyfi séu teknar til greina.

6. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að tilgreina:

a) upplýsingar sem fyrirtækið skal veita lögbærum yfirvöldum í umsókn um starfsleyfi, þ.m.t. starfsáætlunina sem kveðið er á um í 10. gr.,

b) aðferðafræðina sem notuð er við útreikning á viðmiðunarmörkunum sem um getur í 1. mgr.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að bæta við þessa tilskipun með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í a- og b-lið fyrstu undirgreinar, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 26. desember 2020.“

7) Eftirfarandi liður bætist við í 18. gr.:

„aa) nýtir starfsleyfi sitt eingöngu til að stunda starfsemina sem um getur í b-lið 1. liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og meðaltal heildareigna hennar yfir 5 ára samfellt tímabil er undir þeim viðmiðunarmörkunum sem sett eru fram í þeirri grein,“.

8) Ákvæðum 20. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal birta á vefsetri sínu lista yfir nöfn allra lánastofnana sem hafa fengið starfsleyfi og uppfæra hann a.m.k. árlega.“

b) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„3a. Listinn sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar skal innihalda nöfn fyrirtækja sem um getur í b-lið 1. liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og skal tilgreina þær lánastofnanir sem slíkar. Á listanum skal einnig gera grein fyrir öllum breytingum í samanburði við fyrri útgáfu hans.“

9) Í stað 5. mgr. 21. gr. b kemur eftirfarandi:

„5. Við beitingu þessarar greinar:

a) skal heildarvirði eigna í Sambandinu sem tilheyrir samstæðu þriðja lands vera samtala eftirfarandi:

i. heildarvirðis eigna hverrar stofnunar í samstæðu þriðja lands í Sambandinu, eins og fram kemur í samstæðu-efnahagsreikningi hennar eða efnahagsreikningi hverrar stofnunar, ef efnahagsreikningur stofnunar er ekki á stamstæðugrunni og

ii. heildarvirðis eigna hvers útibús í samstæðu þriðja lands sem hefur starfsleyfi í Sambandinu í samræmi við þessa tilskipun, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 (*) eða tilskipun 2014/65/ESB,

b) skal hugtakið „stofnun“ einnig ná yfir verðbréfafyrirtæki.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á reglugerð ráðsins (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 84).“

10) Ákvæði IV. bálks falla brott.

11) Í stað fyrstu undirgreinar 1. mgr. 51. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Lögbær yfirvöld í gistiaðildarríki geta lagt fram beiðni hjá eftirlitsaðila á samstæðugrundvelli, þegar ákvæði 1. mgr. 112. gr. eiga við, eða hjá lögbærum yfirvöldum heimaaðildarríkis um að útibú lánastofnunar skuli teljast mikilvægt.“

12) Í stað 2. mgr. 53. gr. kemur eftirfarandi:

„2. Ákvæði 1. mgr. skulu ekki koma í veg fyrir að lögbær yfirvöld skiptist á upplýsingum hvert við annað eða sendi upplýsingar til Evrópska kerfisáhætturáðsins, Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar eða Evrópsku eftirlitsstofnunarinnar (Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar) sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 (*) í samræmi við þessa tilskipun, reglugerð (ESB) nr. 575/2013, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2033 (**), 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1092/2010, 31., 35. og 36. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 og 31. og 36. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (EB) 2019/2034 (***) og aðrar tilskipanir sem gilda um lánastofnanir. Þær upplýsingar skulu falla undir 1. mgr.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

(**) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2033 frá 27. nóvember 2019 um varfærniskröfur fyrir verðbréfafyrirtæki og breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1093/2010, (ESB) nr. 575/2013, (ESB) nr. 600/2014 og (ESB) nr. 806/2014 (Stjtíð. ESB L 314, 5.12.2019, bls. 1).

(***) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2034 frá 27. nóvember 2019 um varfærniseftirlit með verðbréfafyrirtækjum og breytingu á tilskipunum 2002/87/EB, 2009/65/EB, 2011/61/ESB, 2013/36/ESB, 2014/59/ESB og 2014/65/ESB (Stjtíð. ESB L 314, 5.12.2019, bls. 64).“

13) Eftirfarandi liður bætist við í 1. mgr. 66. gr.:

„aa) að stunda einhverja þá starfsemi sem um getur í b-lið 1. liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og uppfylla viðmiðunarmörkin sem um getur í þeirri grein án þess að hafa fengið starfsleyfi sem lánastofnun,“.

14) Í 5. mgr. 76. gr. fellur sjötta undirgrein brott.

15) Í stað 11. mgr. 86. gr. kemur eftirfarandi:

„11. Lögbær yfirvöld skulu sjá til þess að stofnanir hafi áætlanir til að endurreisa lausafjárstöðu þar sem settar eru fram fullnægjandi áætlanir og viðeigandi framkvæmdarráðstafanir til að takast á við hugsanlegan lausafjárskort, þ.m.t. í tengslum við útibú með staðfestu í öðru aðildarríki. Lögbær yfirvöld skulu sjá til þess að þessar áætlanir séu prófaðar af stofnunum a.m.k. árlega, uppfærðar á grundvelli niðurstaðna annarra sviðsmynda sem settar eru fram í 8. mgr., tilkynntar til og samþykktar af háttsettum stjórnendum, þannig að unnt sé að aðlaga innri stefnumörkun og ferli til samræmis. Stofnanir skulu gera nauðsynlegar hagnýtar ráðstafanir fyrirfram til að tryggja að unnt sé að framkvæma tafarlaust áætlanir til að endurreisa lausafjárstöðu. Þessar hagnýtu ráðstafanir skulu fela í sér að eiga tryggingu sem er tiltæk án tafar vegna fjármögnunar seðlabanka. Stofnunin skal, ef nauðsyn krefur, eiga tryggingu í gjaldmiðli annars aðildarríkis, eða gjaldmiðli þriðja lands þegar hún hefur áhættuskuldbindingar vegna þeirra og, ef nauðsyn krefur vegna rekstrar á yfirráðasvæði gistiaðildarríkis eða þriðja lands þegar hún er óvarin fyrir gjaldmiðli þess.“

16) Í 110. gr. fellur 2. mgr. brott.

17) Í stað 111. gr. kemur eftirfarandi:

„111. gr.

Ákvörðun um eftirlitsaðila á samstæðugrunni

1. Ef móðurfélag er móðurlánastofnun í aðildarríki eða móðurlánastofnun í ESB skulu lögbær yfirvöld sem hafa eftirlit með þeirri móðurlánastofnun í aðildarríkinu eða þeirri móðurlánastofnun í ESB á einingargrunni annast eftirlit á samstæðugrunni.

Ef móðurfélag er móðurverðbréfafyrirtæki í aðildarríki eða móðurverðbréfafyrirtæki í ESB og ekkert af dótturfélögum þess er lánastofnun skulu lögbær yfirvöld sem hafa eftirlit með því móðurverðbréfafyrirtæki í aðildarríkinu eða því móðurverðbréfafyrirtæki í ESB á einingargrunni annast eftirlit á samstæðugrunni.

Ef móðurfélag er móðurverðbréfafyrirtæki í aðildarríki eða móðurverðbréfafyrirtæki í ESB og a.m.k. eitt af dótturfélögum þess er lánastofnun skulu lögbær yfirvöld þeirrar lánastofnunar, eða, ef um fleiri lánastofnanir er að ræða, lánastofnunarinnar með hæstu niðurstöðutölu efnahagsreiknings, annast eftirlit á samstæðugrunni.

2. Ef móðurfélag lánastofnunar eða verðbréfafyrirtækis er móðureignarhaldsfélag á fjármálasviði í aðildarríki, blandað móðureignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi í aðildarríki, móðureignarhaldsfélag á fjármálasviði í ESB eða blandað móðureignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi í ESB skulu lögbær yfirvöld sem hafa eftirlit með lánastofnuninni eða verðbréfafyrirtækinu á einingargrunni annast eftirlit á samstæðugrunni.

3. Ef tvær eða fleiri lánastofnanir eða verðbréfafyrirtæki með starfsleyfi í Sambandinu hafa sama móðureignar haldsfélag á fjármálasviði í aðildarríki, blandaða móðureignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi í aðildarríki, móðureignarhaldsfélag á fjármálasviði í ESB eða blandaða móðureignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi í ESB skal eftirfarandi aðili annast eftirlit á samstæðugrunni:

a) lögbært yfirvald lánastofnunarinnar ef aðeins er ein lánastofnun innan samstæðunnar,

b) lögbært yfirvald lánastofnunarinnar með hæstu niðurstöðutölu efnahagsreiknings, ef fleiri lánastofnanir eru innan samstæðunnar, eða

c) lögbært yfirvald verðbréfafyrirtækisins með hæstu niðurstöðutölu efnahagsreiknings, ef engin lánastofnun er í samstæðunni.

4. Ef áskilið er að farið sé að kröfum á samstæðugrunni skv. 3. eða 6. mgr. 18. gr. reglugerð (ESB) nr. 575/2013 skal lögbært yfirvald lánastofnunarinnar með hæstu niðurstöðutölu efnahagsreiknings annast eftirlit á samstæðugrunni eða, ef engin lánastofnun er innan samstæðunnar, lögbært yfirvald verðbréfafyrirtækisins með hæstu niðurstöðutölu efnahagsreiknings.

5. Þrátt fyrir þriðju undirgrein 1. mgr., b-lið 3. mgr. og 4. mgr., ef lögbært yfirvald hefur eftirlit á einingargrunni með fleiri en einni lánastofnun innan samstæðu, skal eftirlitsaðilinn á samstæðugrunni vera lögbæra yfirvaldið sem hefur eftirlit á einingargrunni með einni eða fleiri lánastofnunum innan samstæðunnar, ef samtala niðurstöðutalna efnahagsreiknings þessara eftirlitsskyldu lánastofnana er hærri en hjá lánastofnununum sem eitthvert annað lögbært yfirvald hefur eftirlit með á einingargrunni.

Þrátt fyrir c-lið 3. mgr., ef lögbært yfirvald hefur eftirlit á einingargrunni með fleiri en einu verðbréfafyrirtæki innan samstæðu, skal eftirlitsaðilinn á samstæðugrunni vera lögbæra yfirvaldið sem hefur eftirlit á einingargrunni með einu eða fleiri verðbréfafyrirtækjum innan samstæðunnar með hæstu samanlögðu niðurstöðutölu efnahagsreiknings.

6. Í sérstökum tilvikum er lögbærum yfirvöldum heimilt, með samkomulagi sín á milli, að víkja frá viðmiðununum, sem um getur í 1., 3. og 4. mgr. og tilnefna annað lögbært yfirvald til að viðhafa eftirlit á samstæðugrunni, ef beiting þeirra viðmiðana yrði óviðeigandi, að teknu tilliti til hlutaðeigandi lánastofnana eða verðbréfafyrirtækja og hlutfallslegs mikilvægis starfsemi þeirra í viðkomandi aðildarríkjum eða nauðsynlegrar samfellu eftirlits sama lögbæra yfirvalds á samstæðugrunni. Í slíkum tilvikum skal móðurstofnun í ESB, móðureignarhaldsfélag á fjármálasviði í ESB, blandað móðureignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi í ESB eða lánastofnunin eða verðbréfafyrirtækið með hæstu niðurstöðutölu efnahagsreiknings, eftir því sem við á, eiga rétt á að flytja mál sitt áður en lögbær yfirvöld taka ákvörðun.

7. Lögbæru yfirvöldin skulu án tafar tilkynna framkvæmdastjórninni og Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni um sérhvert samkomulag sem fellur undir 6. mgr.“

18) Í stað fyrstu undirgreinar 1. mgr. 114. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Þegar upp kemur neyðarástand, þ.m.t. aðstæður eins og lýst er í 18. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, eða óhagstæð þróun á mörkuðum sem hugsanlega teflir í tvísýnu lausafjárstöðu og stöðugleika fjármálakerfisins í einhverju aðildarríkinu þar sem einingar samstæðu hafa fengið starfsleyfi eða mikilvæg útibú, eins og um getur í 51. gr., hafa staðfestu skal eftirlitsaðili á samstæðugrundvelli, með fyrirvara um 2. þátt 1. kafla VII. bálks þessarar tilskipunar og, eftir atvikum, 2. þátt 1. kafla IV. bálks tilskipunar (ESB) 2019/2034 gera Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni og yfirvöldunum, sem um getur í 4. mgr. 58. gr. og 59. gr., viðvart eins fljótt og við verður komið og veita allar nauðsynlegar upplýsingar til að þau geti leyst sín verk af hendi. Skuldbindingar þessar gilda um öll lögbær yfirvöld.“

19) Ákvæðum 116. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Lögbæru yfirvöldin sem eru þátttakendur í samstarfshópum eftirlitsaðila og Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skulu vinna náið saman. Trúnaðarkvaðirnar, sem um getur í II. þætti 1. kafla VII. bálks þessarar tilskipunar og, eftir atvikum, 2. þætti 1. kafla IV. bálks tilskipunar (ESB) 2019/2034, skulu ekki koma í veg fyrir að lögbær yfirvöld geti skipst á trúnaðarupplýsingum innan samstarfshópa eftirlitsaðila. Stofnun og hlutverk samstarfshópa eftirlitsaðila skal ekki hafa áhrif á réttindi og skyldur lögbærra yfirvalda samkvæmt þessari tilskipun og reglugerð (ESB) nr. 575/2013.“

b) Í stað fyrstu undirgreinar 6. mgr. kemur eftirfarandi:

„6. Lögbærum yfirvöldum, sem bera ábyrgð á eftirliti með dótturfélögum móðurstofnunar í ESB, móðureignarhaldsfélagi á fjármálasviði í ESB eða blönduðu móðureignarhaldsfélagi í fjármálastarfsemi í ESB, og lögbærum yfirvöldum í gistiaðildarríki þar sem mikilvæg útibú eins og um getur í 51. gr. hafa staðfestu, seðlabönkum seðlabankakerfis Evrópu, þar sem við á, og lögbærum eftirlitsyfirvöldum þriðja lands, ef við á, og með fyrirvara um trúnaðarkvaðir sem eru, að áliti allra lögbærra yfirvalda, jafngildar kröfunum sem settar eru fram í II. þætti 1. kafla VII. bálks þessarar tilskipunar og, eftir atvikum, í 2. þætti 1. kafla IV. bálks tilskipunar (ESB) 2019/2034, er heimilt að taka þátt í starfi samstarfshópa eftirlitsaðila.“

c) Í stað fyrstu undirgreinar 9. mgr. kemur eftirfarandi:

„9. Eftirlitsaðilinn á samstæðugrundvelli skal, með fyrirvara um trúnaðarkvaðir sem um getur í II. þætti 1. kafla VII. bálks þessarar tilskipunar og, eftir atvikum, 2. þætti 1. kafla IV. bálks tilskipunar (ESB) 2019/2034, upplýsa Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina um starfsemi samstarfshópa eftirlitsaðila, þ.m.t. þegar um er að ræða neyðarástand, og veita Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni allar upplýsingar sem hafa sérstaka þýðingu fyrir samleitni eftirlits.“

20) Í stað 2. mgr. 125. gr. kemur eftirfarandi:

„2. Upplýsingar sem tekið er við innan eftirlitsramma á samstæðugrunni og einkum öll upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda sem kveðið er á um í þessari tilskipun, skulu vera háðar kröfum um þagnarskyldu sem eru a.m.k. jafngildar þeim sem um getur í 1. mgr. 53. gr. þessarar tilskipunar fyrir lánastofnanir eða skv. 15. gr. tilskipunar (ESB) 2019/2034.“

21) Ákvæði fimmtu málsgreinar 128. gr. falla brott.

22) Ákvæði 2., 3. og 4. mgr. 129. gr. falla brott.

23) Ákvæði 2., 3. og 4. mgr. 130. gr. falla brott.

24) Í stað d-liðar 1. mgr. 143. gr. kemur eftirfarandi:

„d) án þess að hafa áhrif á ákvæðin í II. þætti 1. kafla VII. bálks þessarar tilskipunar og, eftir atvikum, ákvæðin sem sett eru fram í 2. þætti 1. kafla IV. bálks tilskipunar (ESB) 2019/2034, tölfræðileg gagnasöfn um lykilþætti við framkvæmd rammans um varfærniseftirlit í hverju aðildarríki, þ.m.t. fjölda og eðli eftirlitsráðstafana sem eru gerðar í samræmi við a-lið 1. mgr. 102. gr. þessarar tilskipunar og stjórnsýsluviðurlaga sem beitt er í samræmi við 65. gr. þessarar tilskipunar.“

63. gr.

Breytingar á tilskipun 2014/59/ESB

Tilskipun 2014/59/ESB er breytt sem hér segir:

1) Í stað 3. liðar 1. mgr. 2. gr. kemur eftirfarandi:

„3) „verðbréfafyrirtæki“: verðbréfafyrirtæki eins og það er skilgreint í 22. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2033 (*) sem fellur undir kröfuna um stofnfé sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 9. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2034 (**).

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2033 frá 27. nóvember 2019 um varfærniskröfur fyrir verðbréfafyrirtæki og breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1093/2010, (ESB) nr. 575/2013, (ESB) nr. 600/2014 og (ESB) nr. 806/2014 (Stjtíð. ESB L 314, 5.12.2019, bls. 1).

(**) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2034 frá 27. nóvember 2019 um varfærniseftirlit með verðbréfafyrirtækjum og breytingu á tilskipunum 2002/87/EB, 2009/65/EB, 2011/61/ESB, 2013/36/ESB, 2014/59/ESB og 2014/65/ESB (Stjtíð. ESB L 314, 5.12.2019, bls. 64).“

2) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 45. gr.:

„3. Í samræmi við 4. mgr. 65. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2033 skal túlka tilvísanir til 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 í þessari tilskipun að því er varðar eiginfjárkröfur til verðbréfafyrirtækja á einingargrunni sem um getur í 3. lið 1. mgr. 2. gr. þessarar tilskipunar og sem eru ekki verðbréfafyrirtæki sem um getur í 2. eða 5. mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2033 á eftirfarandi hátt:

a) tilvísanir til c-liðar 1. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar kröfuna um heildareiginfjárhlutfall í þessari tilskipun skulu vísa til 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2033,

b) tilvísanir til 3. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar heildarfjárhæð áhættugrunns í þessari tilskipun skulu vísa til gildandi krafna í 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2033 margfaldaðar með 12,5.

Í samræmi við 65. gr. tilskipunar (ESB) 2019/2034 skal túlka tilvísanir í þessari tilskipun til 104. gr. a tilskipunar 2013/36/ESB að því er varðar viðbótareiginfjárkröfur til verðbréfafyrirtækja sem um getur í 3. lið 1. mgr. 2. gr. þessarar tilskipunar og sem eru ekki verðbréfafyrirtæki sem um getur í 2. eða 5. mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2033 þannig að þær vísi til 40. gr. tilskipunar (ESB) 2019/2034.“

64. gr.

Breytingar á tilskipun 2014/65/ESB

Tilskipun 2014/65/ESB er breytt sem hér segir:

1) Í stað c-liðar 8. gr. kemur eftirfarandi:

„c) uppfylli ekki lengur skilyrðin fyrir starfsleyfinu, s.s. að hlíta skilyrðunum sem um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2033 (*),

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2033 frá 27. nóvember 2019 um varfærniskröfur fyrir verðbréfafyrirtæki og breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1093/2010, (ESB) nr. 575/2013, (ESB) nr. 600/2014 og (ESB) nr. 806/2014 (Stjtíð. ESB L 314, 5.12.2019, bls. 1).“

2) Í stað 15. gr. kemur eftirfarandi:

„15. gr.

Stofnfjárframlag

Aðildarríkin skulu tryggja að lögbær yfirvöld veiti ekki starfsleyfi nema verðbréfafyrirtækið hafi nægilegt stofnfé í samræmi við kröfur 9. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2034 (*) með hliðsjón af tegund umræddrar fjárfestingarþjónustu eða -starfsemi.

(*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2034 frá 27. nóvember 2019 um varfærniseftirlit með verðbréfafyrirtækjum og breytingu á tilskipunum 2002/87/EB, 2009/65/EB, 2011/61/ESB, 2013/36/ESB, 2014/59/ESB og 2014/65/ESB (Stjtíð. ESB L 314, 5.12.2019, bls. 64).“

3) Í stað 41. gr. kemur eftirfarandi:

„41. gr.

Veiting starfsleyfis

1. Lögbært yfirvald í aðildarríki þar sem fyrirtæki þriðja lands hefur komið á fót eða hyggst koma á fót útibúi sínu skal einungis veita starfsleyfi þegar lögbæra yfirvaldið telur sýnt að:

a) skilyrði skv. 39. gr. hafi verið uppfyllt og

b) útibú fyrirtækis þriðja lands muni geta uppfyllt þau ákvæði sem um getur í 2. og 3. mgr.

Lögbæra yfirvaldið skal, innan sex mánaða frá því að fyrirtæki þriðja lands leggur fram fullbúna umsókn, tilkynna því um það hvort starfsleyfið hefur verið veitt eða ekki.

2. Útibú fyrirtækis þriðja lands, sem fær starfsleyfi í samræmi við 1. mgr., skal uppfylla skuldbindingarnar sem mælt er fyrir um í 16.–20. gr., 23., 24., 25. og 27. gr., 28. gr. (1. mgr.) og 30., 31. og 32. gr. þessarar tilskipunar og í 3.–26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 og ráðstafanir sem eru samþykktar í samræmi við það og falla undir eftirlit lögbærs yfirvalds í aðildarríkinu þar sem starfsleyfið er veitt.

Aðildarríki skulu ekki leggja á frekari kröfur um skipulag og rekstur útibúsins hvað varðar málefni sem falla undir þessa tilskipun og skulu ekki veita útibúi fyrirtækis þriðja lands hagstæðari meðferð en fyrirtækjum Sambandsins.

Aðildarríki skulu tryggja að lögbær yfirvöld sendi Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni árlega lista yfir útibú fyrirtækja þriðju landa sem starfa á yfirráðasvæði þeirra.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal árlega birta lista yfir útibú þriðju landa sem eru virk í Sambandinu, þ.m.t. nafn fyrirtækis þriðja lands sem útibúið tilheyrir.

3. Útibú fyrirtækis þriðja lands sem hefur starfsleyfi í samræmi við 1. mgr. skal senda lögbæra yfirvaldinu sem um getur í 2. mgr. eftirfarandi upplýsingar árlega:

a) umfang og svið þjónustu og starfsemi sem útibúið stundar í því aðildarríki,

b) að því er varðar fyrirtæki þriðja lands sem stunda starfsemina sem talin er upp í 3. lið þáttar A I. viðauka, mánaðarleg lágmarks-, meðal- og hámarksáhættuskuldbinding gagnvart mótaðilum í Sambandinu,

c) að því er varðar fyrirtæki þriðja lands sem veita aðra eða báðar gerðir þjónustu sem taldar eru upp í 6. lið þáttar A I. viðauka, heildarverðmæti fjármálagerninga sem eiga uppruna hjá mótaðilum í ESB sem sölutryggðir eru eða markaðssettir á skuldbindandi grundvelli á undanförnum 12 mánuðum,

d) velta og samanlagt virði eigna sem samsvara þjónustu og starfsemi sem um getur í a-lið,

e) ítarleg lýsing á fyrirkomulagi fjárfestaverndar sem stendur viðskiptavinum útibúsins til boða, þ.m.t. réttindi þessara viðskiptavina sem leiða af tryggingakerfi fyrir fjárfesta sem um getur í f-lið 2. mgr. 39. gr.,

f) áhættustýringarstefna og -fyrirkomulag sem útibú beitir að því er varðar þjónustu og starfsemi sem um getur í a-lið,

g) fyrirkomulag stjórnarhátta, þ.m.t. um ábyrgðaraðila lykilstarfssviða í starfsemi útibúsins,

h) allar aðrar upplýsingar sem lögbært yfirvald telur nauðsynlegar til að geta haft heildstætt eftirlit með starfsemi útibúsins.

4. Lögbær yfirvöld skulu, að fenginni beiðni, senda Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni eftirfarandi upplýsingar:

a) öll starfsleyfi fyrir útibú sem hafa leyfi í samræmi við 1. mgr. og allar síðari breytingar á slíkum starfsleyfum,

b) umfang og svið þjónustu og starfsemi sem útibú með starfsleyfi stundar í því aðildarríki,

c) velta og heildareignir sem samsvara þjónustu og starfsemi sem um getur í b-lið,

d) heiti samstæðu þriðja lands sem útibú með starfsleyfi tilheyrir.

5. Lögbær yfirvöld sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar, lögbær yfirvöld eininga sem eru hluti sömu samstæðu og útibú fyrirtækja þriðja lands, sem hafa starfsleyfi í samræmi við 1. mgr., tilheyra og Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin og Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skulu hafa náið samstarf til að tryggja að öll starfsemi þeirrar samstæðu í Sambandinu falli undir heildstætt, samræmt og skilvirkt eftirlit í samræmi við þessa tilskipun, reglugerð (ESB) nr. 575/2013, reglugerð (ESB) nr. 600/2014, reglugerð (ESB) 2019/2033, tilskipun 2013/36/ESB og tilskipun (ESB) 2019/2034.

6. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að tilgreina formið sem skal nota við tilkynningu upplýsinganna sem um getur í 3. og 4. mgr.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 26. september 2020.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að bæta við þessa tilskipun með því að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.“

4) Í stað 42. gr. kemur eftirfarandi:

„42. gr.

Veiting þjónustu einungis að frumkvæði viðskiptavinar

1. Aðildarríkin skulu tryggja að þegar almennur fjárfestir eða fagfjárfestir, í skilningi II. þáttar II. viðauka, með staðfestu eða aðsetur í Sambandinu, hefur forgöngu að því, einvörðungu að eigin frumkvæði, að fyrirtæki þriðja lands veiti fjárfestingarþjónustu eða stundi fjárfestingarstarfsemi gildi krafa um starfsleyfi skv. 39. gr. ekki um veitingu þeirrar þjónustu eða þá starfsemi fyrirtækis þriðja lands til handa þeim aðila, þ.m.t. tengsl sem sérstaklega varða veitingu þeirrar þjónustu eða ástundun þeirrar starfsemi.

Ef fyrirtæki þriðja lands, þ.m.t. fyrir milligöngu einingar, sem kemur fram fyrir hönd þess eða sem hefur náin tengsl við slíkt fyrirtæki þriðja lands eða annan aðila sem kemur fram fyrir hönd einingarinnar, falast eftir viðskiptavinum eða mögulegum viðskiptavinum í Sambandinu, telst það ekki vera veitt þjónusta að frumkvæði viðskiptavinar, með fyrirvara um tengsl innan samstæðu.

2. Frumkvæði viðskiptavinar eins og um getur í 1. mgr. veitir ekki fyrirtæki þriðja lands rétt til að markaðssetja nýja flokka fjárfestingarafurða eða fjárfestingarþjónustu fyrir þann viðskiptavin nema fyrir milligöngu útibúsins, ef þess er krafist í samræmi við landslög.“

5) Í stað 1. mgr. 49. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Aðildarríkin skulu gera þá kröfu að skipulegir markaðir komi á verðskrefakerfi (e. *tick sizes regime*) vegna hlutabréfa, innlánaskírteina, kauphallarsjóða, skírteina og annarra svipaðra fjármálagerninga og með hvers konar aðra fjármálagerninga sem tæknilegir eftirlitsstaðlar eru þróaðir fyrir í samræmi við 4. mgr. Beiting verðskrefa skal ekki koma í veg fyrir að skipulegir markaðir pari umfangsmikil fyrirmæli á miðgildi innan gildandi kaup- og sölutilboða.“

6) Í stað a-liðar 3. mgr. 81. gr. kemur eftirfarandi:

„a) að kanna hvort skilyrðin fyrir því að hefja rekstur verðbréfafyrirtækja séu uppfyllt og að auðvelda eftirlit með rekstri slíkrar starfsemi, aðferðum við stjórnun og bókhald og innri eftirlitskerfi,“.

7) Eftirfarandi grein bætist við:

„95. gr. a

Umbreytingarákvæði um starfsleyfi lánastofnunar sem um getur í b-lið 1. liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013

Lögbær yfirvöld skulu upplýsa lögbæru yfirvöldin sem um getur í 8. gr. tilskipunar 2013/36/ESB ef fyrirhugaðar heildareignir fyrirtækis sem hefur sótt um starfsleyfi, skv. II. bálki þessarar tilskipunar fyrir 25. desember 2019, til að stunda þá starfsemi sem um getur í 3. og 6. lið þætti A I. viðauka, nema 30 milljörðum evra eða meira og tilkynna umsækjandanum um það.“

VIII. BÁLKUR

LOKAÁKVÆÐI

65. gr.

Tilvísanir til tilskipunar 2013/36/ESB í öðrum réttargerðum Sambandsins

Að því er varðar varfærniseftirlit og skilameðferð verðbréfafyrirtækja skal líta á tilvísanir til tilskipunar 2013/36/ESB í öðrum lagagerðum Sambandsins sem tilvísanir til þessarar tilskipunar.

66. gr.

Endurskoðun

Framkvæmdastjórnin skal, í nánu samstarfi við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina, og eigi síðar en 26. júní 2024, skila skýrslu, ásamt tillögu að nýrri löggjöf, ef við á, til Evrópuþingsins og ráðsins um eftirfarandi:

a) ákvæði um starfskjör í þessari tilskipun og í reglugerð (ESB) 2019/2033 og í tilskipunum 2009/65/EB og 2011/61/ESB með það að markmiði að ná fram jöfnum samkeppnisskilyrðum fyrir öll verðbréfafyrirtæki sem eru virk í Sambandinu, þ.m.t. um beitingu þessara ákvæða,

b) hversu viðeigandi kröfur um skýrslugjöf og upplýsingagjöf í þessari tilskipun og í reglugerð (ESB) 2019/2033 eru með tilliti til meginreglunnar um meðalhóf,

c) mat, sem skal taka tillit til skýrslu Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar sem um getur í 35. gr. og flokkunarfræðinnar um sjálfbær fjármál, á því hvort:

   i. taka skuli tillit til UFS-áhættu að því er varðar innri stjórnarhætti verðbréfafyrirtækis,

   ii. taka skuli tillit til UFS-áhættu að því er varðar starfskjarastefnu verðbréfafyrirtækis,

   iii. taka skuli tillit til UFS-áhættu að því er varðar meðhöndlun áhættu,

   iv. taka skuli tillit til UFS-áhættu í könnunar- og matsferlinu,

d) skilvirkni fyrirkomulags um deilingu upplýsinga samkvæmt þessari tilskipun,

e) samstarf Sambandsins og aðildarríkjanna við þriðju lönd við beitingu þessarar tilskipunar og reglugerðar (ESB) 2019/2033,

f) framkvæmd þessarar tilskipunar og reglugerðar (ESB) 2019/2033 að því er varðar verðbréfafyrirtæki á grundvelli rekstrarforms þeirra að lögum eða fyrirkomulags eignarhalds,

g) möguleikann á að verðbréfafyrirtæki skapi hættu á röskun í fjármálakerfinu með alvarlegum neikvæðum áhrifum á fjármálakerfið og raunhagkerfið og viðeigandi þjóðhagsvarúðartæki til að taka á slíkri áhættu og skipta út kröfunum í d-lið 1. mgr. 36. gr. þessarar tilskipunar,

h) við hvaða skilyrði lögbæru yfirvöldin geta, í samræmi við 5. gr. þessarar tilskipunar, beitt kröfunum í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 á verðbréfafyrirtæki.

67. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að þessari tilskipun eigi síðar en 26. júní 2021. Þau skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þær þegar í stað.

Þau skulu beita þessum ráðstöfunum frá og með 26. júní 2021. Hins vegar skulu aðildarríkin beita ráðstöfununum sem þarf til að fara að 5. lið 64. gr. frá og með 26. mars 2020.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Um leið og þessi tilskipun hefur öðlast gildi skulu aðildarríki sjá til þess að framkvæmdastjórnin sé upplýst nógu tímanlega svo hún geti lagt fram athugasemdir um öll drög að lögum og stjórnsýslufyrirmælum sem þau fyrirhuga að samþykkja á sviðinu sem þessi tilskipun nær yfir.

3. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni og Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni ákvæðin úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

Ef gögnin, sem fylgja tilkynningu um lögleiðingarráðstafanir sem aðildarríki leggja fram, eru ekki fullnægjandi til að meta að fullu hvort lögleiðingarákvæðin séu í samræmi við tiltekin ákvæði þessarar tilskipunar getur framkvæmdastjórnin, að beiðni Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar með það í huga að framkvæma verkefni sín samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 1093/2010, eða að eigin frumkvæði, krafist þess að aðildarríki veiti nákvæmari upplýsingar um lögleiðingu og framkvæmd þeirra ákvæða og þessarar tilskipunar.

68. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

69. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 27. nóvember 2019.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
D. M. SASSOLI	T. TUPPURAINEN
forseti.	*forseti.*

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2024/1255 **2025/EES/42/21**

frá 3. maí 2024

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998 að því er varðar ítarlegar ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 300/2008 frá 11. mars 2008 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningsflugi og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 2320/2002 ([1]), einkum 3. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Reynslan af framkvæmd framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1998 ([2]) hefur sýnt að gera þarf minni háttar breytingar á framkvæmdarráðstöfunum tiltekinna sameiginlegra grunnkrafna um flugvernd.

2) Viðurkenndir umboðsaðilar, þekktir sendendur og flugrekendur útvista í mörgum tilvikum flutningum á flugfarmi og flugpósti, sem hefur sætt flugverndarráðstöfunum, milli athafnasvæða sinna á jörðu niðri, til utanaðkomandi farmflytjenda sem starfa fyrir þeirra hönd. Í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998 eru þegar tilgreind tiltekin skilyrði og reglur sem heimila notkun farmflytjenda sem og tilteknar kvaðir á slíka farmflytjendur.

3) Til að viðhalda heilleika verndaðrar aðfangakeðju Sambandsins fyrir flugfarm og flugpóst er þörf á meiri skýrleika varðandi sýnileika, ábyrgð og eftirlit hlutaðeigandi yfirvalda með farmflytjendum og starfsemi þeirra. Í því skyni ætti að innleiða kröfur um samþykki fyrir og eftirlit með farmflytjendum í viðaukann við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998.

4) Kröfurnar að því er varðar samþykkta farmflytjendur ættu ekki að leggja óþarfa stjórnsýslu- og rekstrarálag hvorki á viðkomandi aðila né hlutaðeigandi yfirvöld. Í ákvæðunum þar sem kröfurnar eru settar fram ætti einnig að taka tillit til reynslu aðildarríkja sem hafa komið á fót kerfi fyrir samþykki og eftirlit með farmflytjendum sem starfa á landsbundnum vettvangi.

5) Til að hægt sé að innleiða í áföngum fyrirkomulagið um samþykkta farmflytjendur í Sambandinu ættu núgildandi kröfur sem gilda um farmflytjendur að gilda áfram til 31. desember 2026. Þetta myndi gera bæði hlutaðeigandi yfirvöldum og viðkomandi aðilum, sem heyra undir þau, kleift að búa sig undir lögboðna framkvæmd fyrirkomulagsins um samþykkta farmflytjendur.

6) Í fylgiskjölum 3-B, 4-B, 5-A og 6-F í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1998 eru tilgreind þau þriðju lönd sem viðurkennt er að beiti flugverndarkröfum sem jafngilda sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2024/1255, 6.5.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 102/2025 frá 8. maí 2025 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 97, 9.4.2008, bls. 72, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2008/300/oj.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1998 frá 5. nóvember 2015 um ítarlegar ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd (Stjtíð. ESB L 299, 14.11.2015, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2015/1998/oj).

7) Framkvæmdastjórnin hefur sannreynt að flugvöllurinn á Svalbarða (Svalbarði er svæði án réttarstöðu lögaðila í konungsríkinu Noregi) uppfylli viðmiðanirnar sem settar eru fram í E-hluta viðaukans við reglugerð (EB) nr. 272/2009 ([3]), að því er varðar skimun farþega og handfarangurs, skimun lestarfarangurs, farms og pósts og vernd loftfara.

8) Því er nauðsynlegt að bæta flugvellinum á Svalbarða við skrárnar í fylgiskjölum 3-B, 4-B, 5-A og 6-F í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998.

9) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/566 ([4]) var innleidd krafa um að snefilgreiningartæki fyrir sprengiefni sem eru tekin í notkun frá og með 1. september 2014 geti einnig greint íðefni frá og með 1. júlí 2024. Reynslan af yfirstandandi innleiðingu undirbúningsráðstafana sýnir að seinka þurfi dagsetningunni 1. júlí 2024 um 15 mánuði til að tryggja að sú krafa sé uppfyllt og til að tryggja snurðulausa uppfærslu fyrir alla notendur á tækjum sem eru í notkun, án þess að það skapi óþarfa áhættu fyrir flugvernd.

10) Í því skyni að auka skýrleika laganna, staðla sameiginlega túlkun á viðeigandi ákvæðum og til að tryggja enn frekar bestu framkvæmd sameiginlegra grunnkrafna um flugvernd ætti enn fremur að útlista, samræma eða einfalda tilteknar ítarlegar flugverndaraðgerðir (e. *security measures*).

11) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998 til samræmis við það.

12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 300/2008.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. maí 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 272/2009 frá 2. apríl 2009 um viðbót við sameiginlegar grunnkröfur um flugvernd í almenningsflugi sem mælt er fyrir um í viðaukanum við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 300/2008 (Stjtíð. ESB L 91, 3.4.2009, bls. 7 ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2009/272/oj).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/566 frá 10. mars 2023 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998 að því er varðar ítarlegar ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd (Stjtíð. ESB L 74, 13.3.2023, bls. 47, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2023/566/oj).

VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998 er breytt sem hér segir:

1) Í skránni í fylgiskjali 3-B er eftirfarandi færslu bætt við á eftir færslunni um Jersey:

„**Konungsríkið Noregur, að því er varðar flugvöllinn á Svalbarða**“.

2) Í skránni í fylgiskjali 4-B er eftirfarandi færslu bætt við á eftir færslunni um Jersey:

„**Konungsríkið Noregur, að því er varðar flugvöllinn á Svalbarða**“.

3) Í skránni í fylgiskjali 5-A er eftirfarandi færslu bætt við á eftir færslunni um Jersey:

„**Konungsríkið Noregur, að því er varðar flugvöllinn á Svalbarða**“.

4) Eftirfarandi liðir 6.0.5 og 6.0.6 bætast við:

„6.0.5. Að því er þennan viðauka varðar merkir hugtakið „samþykktur farmflytjandi“ aðila sem tryggir flutninga á jörðu niðri og vörn flugfarms og flugpósts, sem hefur sætt flugverndarráðstöfunum, fyrir hönd viðurkennds umboðsaðila eða þekkts sendanda, og sem hefur verklagsreglur sem uppfylla sameiginlegar reglur og kröfur nægilega til að viðhalda heilleika sendinga.

6.0.6. Að því er þennan viðauka varðar merkir hugtakið „tímabundin geymsla“ þann óhjákvæmilega heildartíma sem það tekur farmflytjanda að framkvæma umfermingu á flugfarmi og flugpósti frá einu flutningatæki til annars flutningatækis fyrir næsta áfanga í flutningi þeirrar sendingar á jörðu niðri.

Að því er varðar skilgreininguna í fyrstu málsgrein er merking hugtaksins „óhjákvæmilegur tími“ eftirfarandi:

a) það nær yfir þann tíma sem tekur að framkvæma tengda meðhöndlun og uppfyllingu formsatriða á sviði stjórnsýslu,

b) þegar nauðsyn krefur vegna vöruferilsstjórnunar nær það yfir stutta geymslu sendingar milli tveggja flutningatækja þar sem sendingin er varin gegn óheimilum aðgangi í samræmi við liði 6.5.2, 6.6.1 og 6.6.2,

c) það nær ekki yfir neina geymslu aðra en þá sem um getur í b-lið nema farmflytjandi sé einnig samþykktur sem viðurkenndur umboðsaðili.“

5) Í stað liðar 6.1.4 kemur eftirfarandi:

„6.1.4. Aðeins skal veita farmi og pósti aðgang að haftasvæði flugverndar eftir að hafa gengið úr skugga um hvaða eftirfarandi flokki aðilinn, sem annast flutning sendingarinnar frá almenningssvæði, tilheyrir:

a) flokki viðurkenndra umboðsaðila,

b) flokki þekktra sendenda,

c) flokki farmflytjenda, sem eru tilnefndir í samræmi við c-lið liðar 6.6.1.1, sem annast flutning á sendingum sem áður hafa sætt flugverndarráðstöfunum,

d) flokki samþykktra farmflytjenda,

e) engum flokki aðilanna sem um getur í a- til d-lið.

Ákvæði c-liðar skulu gilda til 31. desember 2026.“

6) Í stað d-liðar fjórðu málsgreinar í lið 6.3.1.1 kemur eftirfarandi:

„d) vörn og flutning á vörusendingum til farmflytjanda sem uppfyllir kröfurnar í liðum 6.5 og 6.6, eftir því sem við á.“

7) Eftirfarandi liður 6.3.1.9 bætist við:

„6.3.1.9. Viðurkenndur umboðsaðili skal, að fenginni beiðni frá hlutaðeigandi yfirvaldi, leggja fram skjalfest sönnunargögn um fyrirliggjandi samninga sem eru í gildi við hvern samþykktan farmflytjanda sem annast flutninga fyrir hans hönd. Ef þess er krafist af hlutaðeigandi yfirvaldi, sem veitir samþykkið, skal viðurkenndi umboðsaðilinn einnig halda skrá yfir hvern þann samþykkta farmflytjanda sem hann hefur gert samkomulag við um flutninga, sem inniheldur a.m.k. einstakt alstafakennimerki, upphafsdagsetningu gildistöku samkomulagsins og, ef við á, daginn þegar það fellur úr gildi.

Skráin skal vera aðgengileg til skoðunar fyrir hlutaðeigandi yfirvald.“

8) Í stað liðar 6.3.2.9 kemur eftirfarandi:

„6.3.2.9. Viðurkenndur umboðsaðili skal tryggja að allt starfsfólk sé ráðið í samræmi við kröfurnar í 11. kafla og það fái viðhlítandi þjálfun í samræmi við viðeigandi starfslýsingar. Að því er varðar þjálfun skal starfsfólk, sem hefur aðgang án eftirlits að auðgreinanlegum flugfarmi eða flugpósti, sem hefur sætt tilskildum flugverndarráðstöfunum, teljast starfsfólk sem framkvæmir flugverndarráðstafanir. Ökumenn sem hafa engan aðgang eða aðgang undir eftirliti að auðgreinanlegum flugfarmi eða flugpósti, sem hefur sætt tilskildum flugverndarráðstöfunum, skulu fá a.m.k. þjálfun í flugverndarvitund í samræmi við lið 11.2.7.“

9) Eftirfarandi lið 6.3.2.10 er bætt við:

„6.3.2.10. Flugverndarráðstafanir, sem viðurkenndur umboðsaðili á að framkvæma, falla einnig undir viðbótarákvæðin sem mælt er fyrir um í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 8005.“

10) Eftirfarandi lið 6.4.1.8 er bætt við:

„6.4.1.8. Þekktur sendandi skal, að fenginni beiðni frá hlutaðeigandi yfirvaldi, leggja fram skjalfest sönnunargögn um fyrirliggjandi samninga sem eru í gildi við hvern samþykktan farmflytjanda sem annast flutninga fyrir hans hönd. Ef þess er krafist af hlutaðeigandi yfirvaldi, sem veitir samþykkið, skal þekkti sendandinn einnig halda skrá yfir hvern þann samþykkta farmflytjanda sem hann hefur gert samkomulag við um flutninga, sem inniheldur a.m.k. einstakt alstafakennimerki, upphafsdagsetningu gildistöku samkomulagsins og, ef við á, daginn þegar það fellur úr gildi.

Skráin skal vera aðgengileg til skoðunar fyrir hlutaðeigandi yfirvald.“

11) Í stað b-liðar í lið 6.4.2.1 kemur eftirfarandi:

„b) að allt starfsfólk, sem framkvæmir flugverndarráðstafanir, og allt starfsfólk, sem hefur aðgang án eftirlits að auðgreinanlegum flugfarmi eða flugpósti, sem hefur sætt tilskildum flugverndarráðstöfunum, hafi verið ráðið í samræmi við kröfurnar í 11. kafla og fengið þjálfun í flugvernd í samræmi við lið 11.2.3.9; ökumenn sem hafa engan aðgang eða aðgang undir eftirliti að auðgreinanlegum flugfarmi eða flugpósti, sem hefur sætt tilskildum flugverndarráðstöfunum, skulu a.m.k. fá þjálfun í flugverndarvitund í samræmi við lið 11.2.7 og“.

12) Eftirfarandi lið 6.4.2.3 er bætt við:

„6.4.2.3. Flugverndarráðstafanir, sem þekktur sendandi á að framkvæma, falla einnig undir viðbótarákvæðin sem mælt er fyrir um í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 8005.“

13) Í stað liðar 6.5 kemur eftirfarandi:

„6.5 SAMÞYKKTIR FARMFLYTJENDUR

6.5.1. **Samþykki farmflytjenda**

6.5.1.1. Hlutaðeigandi yfirvald skal samþykkja farmflytjendur.

Hvort sem umsækjandinn er einstaklingur eða lögaðili skal hann leita samþykkis frá hlutaðeigandi yfirvaldi aðildarríkisins þar sem fast heimilisfang aðseturs umsækjandans eða skráð heimilisfang hans, hvort sem á við, er staðsett. Erlend útibú sama umsækjanda eða dótturfélaga hans skulu leita samþykkis hlutaðeigandi yfirvalds aðildarríkisins þar sem skráð heimilisfang viðkomandi erlenda útibús eða dótturfélags er staðsett.

6.5.1.2 Umsækjandinn skal leggja flugverndaráætlun fyrir hlutaðeigandi yfirvald. Í þeirri áætlun skal lýsa þeim aðferðum og verklagsreglum sem farmflytjandinn á að fylgja til að fara að kröfum reglugerðar (EB) nr. 300/2008 og framkvæmdargerða hennar. Áætlunin skal fela í sér ítarleg ákvæði og verklagsreglur sem ná að lágmarki yfir:

1) almennar upplýsingar, þ.m.t. upplýsingar um stofnunina og þann aðila sem ber ábyrgð á flugvernd, gæðastýringu, samstarfi við yfirvöld, skýrslugjöf og öðrum áætlunum og leiðbeiningum,

2) vörn farms meðan á söfnun, meðhöndlun, tímabundinni geymslu, flutningi og afhendingu hans stendur,

3) ráðningu og þjálfun starfsfólks, þ.m.t. þjálfunarskrár og sannanir um að það hafi gengist undir fullnægjandi bakgrunnsskoðun, eftir því sem við á,

4) ráðstafanir til að koma í veg fyrir ólöglegt athæfi að því er varðar flugfarm og póstsendingar, sem hafa sætt flugverndarráðstöfunum, ásamt aðgerðum sem grípa skal til ef um slíkt athæfi er að ræða.

Í áætluninni skal einnig lýst hvernig farmflytjandinn skuli hafa eftirlit með því að þessum ákvæðum og verklagsreglum sé fylgt.

Áætlunin skal gerð með því að nota staðlaða sniðmátið sem er sett fram í fylgiskjali 6-K — Flugverndaráætlun samþykkts farmflytjanda. Aðilar sem sækjast eftir samþykki og ætla sér að sinna starfsemi farmflytjanda í öðru aðildarríki en því sem þeir eru skráðir og samþykktir í skulu tryggja að flugverndaráætlunin sé einnig fáanleg á ensku.

Umsækjandinn skal einnig leggja fram „yfirlýsingu um skuldbindingar – samþykktur farmflytjandi“ eins og sett er fram í fylgiskjali 6-D. Lagalegur fyrirsvarsmaður umsækjandans eða einstaklingur sem ber ábyrgð á verndinni skal undirrita yfirlýsinguna.

Í undirrituðu yfirlýsingunni skal með skýrum hætti tilgreina staðinn eða staðina sem hún vísar til og skal hún geymd hjá hlutaðeigandi yfirvaldi.

6.5.1.3. Þegar flugverndaráætlunin hefur verið lögð fram og búið er að staðfesta að hún sé viðeigandi og heildstæð skal umsækjandinn gangast undir sannprófun á starfsstöð til að meta hvort farið sé að kröfum reglugerðar (EB) nr. 300/2008 og framkvæmdargerða hennar. Sannprófun á starfsstöð skal innihalda vöktun á viðkomandi starfsemi og verklagsreglum sem farmflytjandi framkvæmir án frávika meðan á söfnun, meðhöndlun, tímabundinni geymslu, flutningi og afhendingu sendinga stendur, eftir því sem við á. Sannprófun á starfsstöð skal taka til a.m.k. einnar af þeim starfsstöðvum sem eru hluti af neti farmflytjandans.

Hlutaðeigandi yfirvald skal tilgreina í landsbundinni flugverndaráætlun sinni í almenningsflugi, sem um getur í 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 300/2008, hvort að yfirvaldið sjálft eða annar ESB-matsmaður flugverndar, sem kemur fram fyrir hönd þess, skuli framkvæma mat á flugverndaráætlun og sannprófun á starfsstöð.

Að lokinni sannprófun á starfsstöð skal hlutaðeigandi yfirvald eða ESB-matsmaður flugverndar, sem kemur fram fyrir hönd þess, semja fullgildingarskýrslu með því að nota staðlaða gátlistann sem settur er fram í fylgiskjali 6-L.

Ef ESB-matsmaður flugverndar framkvæmir sannprófun á starfsstöð skal leggja fullgildingarskýrsluna og „yfirlýsinguna um sjálfstæði — ESB-matsmaður flugverndar“, sem sett er fram í fylgiskjali 11-A, fyrir hlutaðeigandi yfirvald eigi síðar en einum mánuði eftir að heimsóknin á starfsstöðina hefur farið fram.

Ef slíkt er viðeigandi og nauðsynlegt til að vakta viðkomandi starfsemi og verklagsreglur sem farmflytjandinn framkvæmir getur aðildarríkið, sem veitir samþykkið, óskað eftir aðstoð og stuðningi hlutaðeigandi yfirvalds í öðru aðildarríki þar sem tiltekin starfsemi fer fram. Að fengnu samþykki aðildarríkisins, sem veitir samþykkið, getur ESB-matsmaður flugverndar, sem kemur fram fyrir hönd hlutaðeigandi yfirvalds aðildarríkisins þar sem tiltekin starfsemi fer fram, framkvæmt sannprófun á starfsstöð að því er þessa starfsemi varðar. Viðkomandi aðildarríki skulu samræma tímanlega framkvæmd þessarar sannprófunar á starfsstöð, gera samkomulag um umfang hennar og innihald og koma á fót fyrirkomulagi við upplýsingaskipti um niðurstöður hennar. Í slíku tilviki skal fullgildingarskýrslan, sem tekur til þessarar starfsemi, inniheldur gátlistann sem settur er fram í fylgiskjali 6-L og sem fylgir, eftir atvikum, „yfirlýsing um sjálfstæði — ESB-matsmaður flugverndar“, sem sett er fram í fylgiskjali 11-A:

a) gerð á ensku eða á öðru opinberu tungumáli Sambandsins, eftir samkomulagi milli viðkomandi aðildarríkja,

b) lögð fyrir hlutaðeigandi yfirvald, sem gefur út samþykkið, eigi síðar en einum mánuði frá heimsókn á starfsstöð.

Þegar hlutaðeigandi yfirvald, sem gefur út samþykkið, hefur með fullnægjandi hætti lokið við ráðstafanirnar sem um getur í þessum lið og ákvarðað að umsækjandinn uppfylli kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 300/2008 og framkvæmdargerðum hennar, skal yfirvaldið veita honum stöðu samþykkts farmflytjanda í að hámarki fimm ár. Í því samhengi skal hlutaðeigandi yfirvald tryggja að nauðsynlegar upplýsingar um farmflytjanda séu skráðar í „gagnagrunn Sambandsins um vernd aðfangakeðju“ eigi síðar en næsta virka dag. Við færsluna í gagnagrunninn skal hlutaðeigandi yfirvald úthluta hverju skráðu heimilisfangi einstöku alstafakennimerki á stöðluðu sniði.

Farmflytjandi telst ekki samþykktur fyrr en upplýsingarnar um hann hafa verið skráðar í „gagnagrunn Sambandsins um vernd aðfangakeðju.“

6.5.1.4. Í stað verklagsreglunnar, sem mælt er fyrir um í lið 6.5.1.3, og einungis ef um er að ræða fyrsta samþykki, er hlutaðeigandi yfirvaldi heimilt, eftir að búið er að staðfesta að flugverndaráætlunin sé viðeigandi og heildstæð, að láta umsækjanda gangast undir gagnamiðaða úttekt þar sem tekið er ítarlegt viðtal við einstaklinginn sem er tilnefndur til að bera ábyrgð á framkvæmd flugverndaráætlunarinnar og viðeigandi starfsemi og verklagsreglum sem eru framkvæmdar. Ef hlutaðeigandi yfirvald ákvarðar að umsækjandi uppfylli kröfur reglugerðar (EB) nr. 300/2008 og framkvæmdargerða hennar skal það veita honum stöðu samþykkts farmflytjanda í að hámarki eitt ár, sem ekki er hægt að framlengja, og á tímabilinu skal farmflytjandinn gangast undir sannprófun á starfsstöð, eins og sett er fram í lið 6.5.1.3.

Hlutaðeigandi yfirvald skal veita umsækjanda stöðu samþykkts farmflytjanda í að hámarki fimm ár að lokinni sannprófun á starfsstöð og ef yfirvaldið ákvarðar að hann uppfylli kröfur reglugerðar (EB) nr. 300/2008 og framkvæmdargerða hennar.

Ef sannprófun á starfsstöð fer ekki fram innan eins árs, af ástæðum sem farmflytjandinn ber ekki ábyrgð á, getur hlutaðeigandi yfirvald, sem veitir samþykkið, framlengt stöðu viðkomandi í allt að þrjá mánuði. Við lok framlengingartímabilsins skal hlutaðeigandi yfirvald fella stöðu farmflytjandans tímabundið úr gildi og láta hana ekki öðlast gildi á ný fyrr en hann stenst sannprófun á starfsstöð.

6.5.1.5. Ef hlutaðeigandi yfirvald telur að upplýsingarnar, sem eru lagðar fram og metnar samkvæmt liðum 6.5.1.2, 6.5.1.3 og 6.5.1.4, eftir því sem við á, séu ófullnægjandi skal það tafarlaust greina aðilanum, sem sækir um samþykki sem samþykktur farmflytjandi, frá ástæðum þess.

6.5.1.6. Samþykktur farmflytjandi skal tilnefna a.m.k. einn einstakling sem skal bera ábyrgð á framkvæmd flugverndaráætlunarinnar, sem lögð er fram, sem og á viðeigandi starfsemi og verklagsreglum sem eru framkvæmdar. Þessi einstaklingur skal hafa staðist herta bakgrunnsskoðun í samræmi við b-lið liðar 11.1.1.

6.5.1.7. Samþykktur farmflytjandi skal fá samþykki sitt endurnýjað með reglulegu millibili, ekki oftar en á fimm ára fresti, til að meta hvort hann fari enn að kröfum reglugerðar (EB) nr. 300/2008 og framkvæmdargerða hennar. Verklagið felur í sér athugun á flugverndaráætluninni og sannprófun á starfsstöð, í samræmi við lið 6.5.1.3.

Skoðun hlutaðeigandi yfirvalds sem veitir samþykkið, í samræmi við landsbundna gæðastýringaráætlun sína, telst vera sannprófun á starfsstöð, að því tilskildu að skoðunin nái yfir allar nauðsynlegar kröfur um samþykki.

6.5.1.8. Ef hlutaðeigandi yfirvald, sem veitir samþykkið, eða annað hlutaðeigandi yfirvald kemur auga á frávik í framkvæmd starfsemi farmflytjanda skal yfirvaldið þegar í stað upplýsa farmflytjandann um það og óska eftir því að hann ráði bót á frávikunum. Ef ekki tekst að ráða bót á frávikunum innan hæfilegs frests eða talið er að þau hafi veruleg áhrif á verndun aðfangakeðjunnar skal hlutaðeigandi yfirvald, sem veitir samþykkið, fella samþykkta stöðu farmflytjandans tímabundið úr gildi eða svipta hann stöðu sinni, eins og við á.

Ef hlutaðeigandi yfirvald, sem veitt hefur samþykkið, telur að samþykktur farmflytjandi fari ekki lengur að kröfum reglugerðar (EB) nr. 300/2008 og framkvæmdargerða hennar skal það svipta hinn samþykkta farmflytjanda stöðu sinni að því er varðar tiltekna starfsstöð eða tilteknar starfsstöðvar.

Hlutaðeigandi yfirvald, sem veitir samþykkið, skal sjá til þess að um leið og samþykktur farmflytjandi hefur verið sviptur stöðu sinni og, í öllum tilvikum innan 24 klukkustunda eftir sviptinguna, sé breyting á stöðu hans tilgreind í „gagnagrunni Sambandsins um vernd aðfangakeðju“.

6.5.1.9. Samþykktur farmflytjandi sem er samþykktur í samræmi við lið 6.5 í þessum viðauka skal viðurkenndur sem slíkur í öllum aðildarríkjum.

6.5.2. **Flugverndarráðstafanir sem samþykktur farmflytjandi á að framkvæma**

6.5.2.1. Samþykktur farmflytjandi skal tryggja að:

a) á athafnasvæði hans og á starfsstöðvum þar sem starfsemi og verklagsreglur eru framkvæmdar sé nægileg vernd til að verja auðgreinanlegan flugfarm og flugpóst sem hefur sætt flugverndarráðstöfunum,

b) allt starfsfólk sem annast flutning á farmi og pósti mun hafa hlotið þjálfun í flugverndarvitund í samræmi við lið 11.2.7,

c) allt starfsfólk, sem um getur í b-lið og sem hefur einnig verið veittur aðgangur án eftirlits að farmi og pósti, sem hefur sætt tilskildum flugverndarráðstöfunum, mun hafa hlotið þjálfun í flugvernd í samræmi við lið 11.2.3.9 og staðist bakgrunnsskoðun í samræmi við b-lið liðar 11.1.2,

d) auðgreinanlegur flugfarmur og flugpóstur, sem hefur sætt flugverndarráðstöfunum, sé varinn gegn óheimilum aðgangi eða gegn því að vernd hans sé rofin meðan á söfnun, meðhöndlun, tímabundinni geymslu, flutningi og afhendingu hans stendur.

6.5.2.2. Svo tryggja megi að sendingar, sem sætt hafa tilskildum flugverndarráðstöfunum, séu varðar gegn óheimilum aðgangi meðan starfsemi samþykkts farmflytjanda fer fram, gilda allar eftirfarandi kröfur:

a) viðurkenndur umboðsaðili eða þekktur sendandi skal sjá um að pakka sendingum eða loka þeim með innsiglum þannig að það sjáist greinilega hafi þau verið rofin; verði þessu ekki við komið skal grípa til annarra varnarráðstafana til að tryggja heilleika sendingarinnar,

b) rétt fyrir lestun skal leitað í farmrýminu og áreiðanleika leitarinnar viðhaldið þar til lestun er lokið,

c) farmrými ökutækisins, sem flytja á sendingarnar í, skal vera læst eða innsiglað, segldúkur í hliðum ökutækja skal festur tryggilega með TIR-vírum til að tryggja að það sjáist greinilega hvort vernd hafi verið rofin, eða hleðslurými ökutækja með flötum palli skal vera undir eftirliti,

d) hver ökumaður skal hafa meðferðis skilríki, vegabréf, ökuskírteini eða annað skjal, með ljósmynd af einstaklingnum, sem hlutaðeigandi yfirvald hefur gefið út eða viðurkennt; skilríkin eða skjalið er notað til að staðfesta deili á þeim sem tekur á móti eða afhendir sendingarnar,

e) ökumenn skulu ekki stöðva utan áætlunar, milli þess sem þeir sækja og afhenda sendingar; þegar ekki verður hjá því komist skal ökumaður kanna hvort vernd farmsins sé tryggð sem og ástand lása og/eða innsigla er hann snýr aftur; ef ökumaður verður var við að vernd farmsins hafi verið rofin skal hann tilkynna það bæði yfirmanni sínum og viðtakanda flugfarmsins eða flugpóstsins,

f) flutningar skulu ekki vera boðnir út til þriðja aðila nema þriðji aðilinn sé samþykktur farmflytjandi í samræmi við lið 6.5 eða viðurkenndur umboðsaðili í samræmi við lið 6.3,

g) önnur þjónusta sem tengist meðhöndlun flugfarms (t.d. tímabundin geymsla eða vörn) skal ekki boðin út til annars aðila en viðurkennds umboðsaðila.

6.5.3. **Framkvæmdardagsetning**

6.5.3.1 Frá og með 1. janúar 2027 skulu einungis eftirfarandi aðilar annast flutninga á jörðu niðri, innan Sambandsins, á flugfarmi og póstsendingum sem hafa sætt flugverndarráðstöfunum, þ.m.t. flutning með ökutæki samkvæmt flugfarmbréfi og flugnúmeri flugrekandans, sem flutningsaðilinn annast flutning fyrir, í samræmi við líkanið fyrir tengiflutninga flugfarms á landi (e. *air cargo road feeder service*):

a) viðurkenndur umboðsaðili, með eigin úrræðum og tilföngum eins og lýst er í flugverndaráætlun hans og sem staðfest er með sannprófun á starfsstöð í samþykkisferlinu,

b) þekktur sendandi, þegar um er að ræða farm og póst sem eru hans eigin sendingar, með eigin úrræðum og tilföngum eins og lýst er í flugverndaráætlun hans og sem staðfest er með sannprófun á starfsstöð í samþykkisferlinu,

c) flutningsaðili sem hefur hlotið samþykki hlutaðeigandi yfirvalds í samræmi við lið 6.5 og sem hefur gert samkomulag um flutninga við annaðhvort viðurkenndan umboðsaðila eða þekktan sendanda, sem flutningsaðilinn annast flutning fyrir, eða, ef um er að ræða tengiflutninga flugfarms á landi, beint við viðkomandi flugrekanda sem flutningsaðilinn annast flutning fyrir.

Fyrsta málsgrein gildir ekki um flutninga innan haftasvæðis flugverndar á flugvöllum.“

14) Í stað annarrar og þriðju málsgreinar liðar 6.6.1.1 kemur eftirfarandi:

„Ef hlutaðeigandi yfirvald hefur samþykkt farmflytjandann í samræmi við lið 6.5 má sannprófuð staða samþykkta farmflytjandans koma í staðinn fyrir yfirlýsingu hans, sem um getur í fyrstu málsgrein c-liðar þessa liðar, í „gagnagrunni Sambandsins um vernd aðfangakeðju“.

Ákvæði fyrstu málsgreinar c-liðar skulu gilda til 31. desember 2026.“

15) Eftirfarandi fylgiskjal 6-D bætist við:

„**FYLGISKJAL 6-D**

YFIRLÝSING UM SKULDBINDINGAR — SAMÞYKKTUR FARMFLYTJANDI

Í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 300/2008 ([1]) um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningsflugi og framkvæmdargerðir hennar

lýsi ég því yfir

— að eftir minni bestu vitund eru upplýsingarnar í flugverndaráætlun fyrirtækisins réttar og nákvæmar,

— að aðferðunum og verklagsreglunum, sem settar eru fram í þessari flugverndaráætlun, verði hrint í framkvæmd og þeim viðhaldið á öllum þeim starfsstöðvum sem teknar eru fram í áætluninni,

— að þessi flugverndaráætlun verði aðlöguð og henni breytt svo í henni sé farið að öllum viðeigandi breytingum á löggjöf Sambandsins í framtíðinni nema [heiti fyrirtækis] tilkynni [heiti hlutaðeigandi yfirvalds] að það óski ekki lengur eftir að starfa sem samþykktur farmflytjandi,

— að [heiti fyrirtækis] muni tilkynna [heiti hlutaðeigandi yfirvalds] skriflega:

a) um minni háttar breytingar á flugverndaráætlun fyrirtækisins, t.d. breytingar er varða heiti fyrirtækisins eða einstakling sem ber ábyrgð á flugvernd eða tengiliðaupplýsingum, tafarlaust og a.m.k. innan 10 virkra daga,

b) um meiri háttar fyrirhugaðar breytingar, t.d. breytingar á verklagi sem gætu haft áhrif á það að fyrirtækið geti farið að viðeigandi löggjöf Sambandsins eða landslöggjöf, eða breytingu á starfsstöð eða heimilisfangi, a.m.k. 15 virkum dögum áður en hafist er handa við þær eða við fyrirhugaðar breytingar,

— að til að tryggja að farið sé að viðeigandi löggjöf Sambandsins muni [heiti fyrirtækis] sýna fulla samvinnu við skoðanir, þegar slíkt er nauðsynlegt, og veita aðgang að öllum þeim gögnum sem skoðunarmenn fara fram á,

— að [heiti fyrirtækis] muni upplýsa [heiti hlutaðeigandi yfirvalds] um öll alvarleg flugverndarbrot og allar grunsamlegar aðstæður, sem gætu skipt máli fyrir vernd flugfarms eða flugpósts, einkum allar tilraunir til að fela bannaða hluti í sendingum og/eða hafa afskipti af vernduðum flutningum,

— að [heiti fyrirtækis] muni sjá til þess að viðkomandi starfsfólk fái viðeigandi þjálfun, í samræmi við 11. kafla viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998 ([2]), og geri sér grein fyrir þeirri ábyrgð sem það ber, með tilliti til flugverndar, innan ramma flugverndaráætlunar fyrirtækisins,

— að [heiti fyrirtækis] muni upplýsa [hlutaðeigandi yfirvald]:

a) ef það hættir starfsemi,

b) ef það tekur ekki lengur þátt í flutningum flugfarms eða flugpósts,

c) ef það getur ekki lengur farið að kröfum viðeigandi löggjafar Sambandsins.

Ég tek fulla ábyrgð á þessari yfirlýsingu.

Heiti:

Staða innan fyrirtækis:

Heiti og skráð heimilisfang fyrirtækisins:

Dagsetning:

Undirskrift:

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 300/2008 frá 11. mars 2008 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningsflugi og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 2320/2002 (Stjtíð. ESB L 97, 9.4.2008, bls. 72, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2008/300/oj).

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1998 frá 5. nóvember 2015 um ítarlegar ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd (Stjtíð. ESB L 299, 14.11.2015, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2015/1998/oj).“

16) Í skránni 6-Fi í fylgiskjali 6-F er eftirfarandi færslu bætt við á undan færslunni um Montenegró (Svartfjallaland):

„**Konungsríkið Noregur, að því er varðar flugvöllinn á Svalbarða**“.

17) Eftirfarandi fylgiskjölum 6-K og 6-L er bætt við:

„**FYLGISKJAL 6-K**

FLUGVERNDARÁÆTLUN SAMÞYKKTS FARMFLYTJANDA

Inngangur

Þessu sniðmáti fyrir flugverndaráætlun samþykkts farmflytjanda er ætlað að hjálpa þér að lýsa og meta fyrirliggjandi verndarráðstafanir á grundvelli þeirra viðmiðana fyrir farmflytjendur sem settar eru fram í lið 6.5 í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998. Því er ætlað að gera þér kleift að tryggja að þú uppfyllir kröfurnar áður en þú gengst undir opinbera sannprófun.

Umsækjandinn skal leggja flugverndaráætlun fyrir hlutaðeigandi yfirvald. Í þeirri áætlun skal lýsa þeim aðferðum og verklagsreglum sem farmflytjandinn á að fylgja til að fara að kröfum reglugerðar (EB) nr. 300/2008 og framkvæmdargerða hennar.

Þar sem flugverndaráætlun samþykkts farmflytjanda inniheldur upplýsingar um flugvernd skal hún varin gegn óheimilum aðgangi og einungis notuð innan fyrirtækis. Allir einstaklingar sem er falið að sinna verkefnum á sviði flugverndar verða að sýna fram á að þeir hafi þekkingu á efninu og getu til að beita því.

Leiðbeiningar um útfyllingu:

— Ef tilgreindar verklagsreglur gilda ekki um starfrækslusvæði þitt verður að tilgreina slíkt í flugverndaráætlun samþykkts farmflytjanda.

— Ef breytingar eru gerðar á kafla í þessari flugverndaráætlun í framtíðinni skal dagsetning breytingar á viðkomandi kafla koma fram í efnisyfirliti og öll flugverndaráætlun farmflytjandans, ásamt breytingum, lögð fyrir hlutaðeigandi yfirvald sem hefur veitt þér samþykki. **Auk þess verður að auðkenna breytingar á flugverndaráætlun samþykkts farmflytjanda með lit.**

Efnisyfirlit

Kafli	Innihald	Dagsetning síðustu breytingar
1	Samskiptaupplýsingar	
2	Starfsfólk	
3	Flutningur og vörn flugfarms og flugpósts	
4	Tímabundin geymsla/umferming flugfarms og flugpósts	
5	Innri gæðatrygging	
6	Innri ógnir og verndarmenning	
7	Fylgiskjöl: landsbundnar kröfur	

1. KAFLI

Samskiptaupplýsingar

1.1. Heiti, skráð heimilisfang og samskiptaupplýsingar farmflytjandans

Vinsamlegast tilgreinið heiti, fullt heimilisfang og samskiptaupplýsingar (símanúmer, tölvupóstfang, o.s.frv.) höfuðstöðva fyrirtækisins. Vakin er athygli á því að fyrirtæki þitt verður samþykkt með því opinbera heiti fyrirtækis sem fært er inn í fyrirtækjaskrána. Lítil fyrirtæki eða einstaklingsfyrirtæki eru samþykkt sem farmflytjendur með for- og eftirnafni þeirra (eins og fram kemur í rekstrarleyfinu).

Vinsamlegast tilgreinið virðisaukaskattsnúmer/númer hjá verslunarráði/skráningarnúmer fyrirtækis (eftir því sem við á).

1.2. Einstaklingur sem ber ábyrgð á framkvæmd flugverndaráætlunar samþykkts farmflytjanda (flugverndarstjóri [áður yfirmaður flugverndar])

Vinsamlegast tilgreinið nafn og samskiptaupplýsingar (símanúmer, tölvupóstfang, o.s.frv.) þess einstaklings sem ber ábyrgð á samantekt flugverndaráætlunarinnar, framkvæmd hennar og að farið sé að henni.

1.3. Sjálfskynning fyrirtækis

Vinsamlegast veitið nákvæmar upplýsingar um sértæka atvinnustarfsemi fyrirtækisins, einkum:

— tegund farms sem er fluttur (t.d. lifandi dýr, dagvara, hættulegur farmur, o.s.frv.),

— hvort flutningur flugfarms eða flugpósts, sem hefur sætt flugverndarráðstöfunum, sé boðinn út (eða að það sé fyrirætlað) til þriðju aðila (þ.e. annars samþykkts farmflytjanda eða viðurkennds umboðsaðila).

1.4. Starfrækslusvæði (skal fylla út ef það er ekki það sama og í lið 1.1)

1.4.1. Vinsamlegast tilgreinið:

— heiti og fullt heimilisfang allra starfrækslusvæða í aðildarríkinu (ef við á),

— áætlaðan fjölda starfsmanna á hverju starfrækslusvæði (á þeim tíma sem þessari flugverndaráætlun var komið á fót),

— tegund og áætlað hlutfall starfrækslu sem fer fram á hverri starfsstöð (sem hlutfall af heildinni).

1.4.2. Vinsamlegast tilgreinið:

— heiti og fullt heimilisfang allra starfrækslusvæða í hverju aðildarríki öðrum en aðildarríkinu sem veitir samþykkið (ef við á),

— áætlaðan fjölda starfsmanna á hverju starfrækslusvæði (á þeim tíma sem þessari flugverndaráætlun var komið á fót),

— tegund og áætlað hlutfall starfrækslu sem fer fram á hverri starfsstöð (sem hlutfall af heildinni).

2. KAFLI

Starfsfólk

Ferlið við ráðningu og þjálfun starfsfólks er framkvæmt í samræmi við 11. kafla viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998, eins og lýst er hér á eftir.

2.1. Ráðningar

Vinsamlegast lýsið ferlinu sem er til staðar við ráðningu starfsfólks og hvernig það tryggir að farið sé að ákvæðum liða 11.1.8, 11.1.9 og 11.1.10 í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998.

Geyma skal skjöl um ráðningar og þjálfunarskrár, þ.m.t. niðurstöður úr hvers konar matsprófum, a.m.k. jafnlengi og samningurinn gildir. Vinsamlegast lýsið hvernig verklagsreglurnar tryggja að farið sé að ákvæðum liðar 11.1.10 í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998.

2.2. Bakgrunnsskoðun

Einstaklingurinn sem ber ábyrgð á framkvæmd flugverndaráætlunar samþykkta farmflytjandans (flugverndar-stjórinn) þarf að hafa staðist herta bakgrunnsskoðun, eins og fram kemur í lið 1.2.

Einstaklingar sem hafa aðgang án fylgdar að flugfarmi og flugpósti, sem hefur sætt flugverndarráðstöfunum, sem og einstaklingar sem verja eða framkvæma annars konar aðrar flugverndarráðstafanir að því er varðar þann flugfarm og flugpóst, þurfa að hafa staðist bakgrunnsskoðun. Hlutaðeigandi yfirvald, sem samþykkir farmflytjandann, skal ákvarða, í samræmi við landsreglur, hvort hert eða hefðbundin bakgrunnsskoðun verði að fara fram.

Vinsamlegast tilgreinið ferlið við bakgrunnsskoðun mismunandi flokka starfsfólks og hvernig ferlið tryggir að viðkomandi starfsfólk hafi ávallt gilda bakgrunnsskoðun.

Ef einstaklingur stenst ekki bakgrunnsskoðun eða lögbært yfirvald afturkallar bakgrunnsskoðunina er einstaklingurinn umsvifalaust sviptur aðgangsrétti og mun ekki lengur sinna starfsemi sem krefst þess að hafa staðist bakgrunnsskoðun. Vinsamlegast lýsið því ferli sem er viðeigandi í slíkum tilvikum.

2.3. Flokkar starfsfólks og þjálfun þess

Eftirfarandi flokkar starfsfólks eru til og falla undir viðeigandi þjálfunarforskriftir, sem er að finna í eftirfarandi liðum viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998:

— einstaklingur sem ber ábyrgð á framkvæmd flugverndaráætlunar samþykkts farmflytjanda (flugverndarstjórinn): þjálfun í samræmi við lið 11.2.5,

— starfsfólk sem hefur aðgang án eftirlits eða aðgang án fylgdar og annast söfnun, flutning, tímabundna geymslu og afhendingu flugfarms eða flugpósts, sem hefur sætt flugverndarráðstöfunum: þjálfun í samræmi við 11.2.3.9,

— starfsfólk sem hefur aðgang undir eftirliti eða aðgang með fylgdarmanni og sinnir söfnun, flutningi, tímabundinni geymslu og afhendingu flugfarms eða flugpósts, sem hefur sætt flugverndarráðstöfunum: þjálfun í samræmi við 11.2.7,

— starfsfólk sem hefur engan aðgang að flugfarmi eða flugpósti, sem hefur sætt flugverndarráðstöfunum, og tekur þátt í flutningi eða tímabundinni geymslu á honum: þjálfun í samræmi við lið 11.2.7.

Reglubundin þjálfun starfsfólks verður að fara fram í samræmi við a-lið liðar 11.4.3 í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998.

Starfsfólkið er bæði starfsfólk fyrirtækisins sjálfs og starfsfólk frá þjónustuveitendum sem starfa á starfrækslusvæðinu.

Samþykktur farmflytjandi tryggir að uppfærð skrá yfir starfsfólkið sem um getur í þessum lið og viðeigandi þjálfunarskrár séu ávallt gerðar aðgengilegar hlutaðeigandi yfirvaldi sé þess óskað.

Vinsamlegast lýsið ferlinu og ráðstöfununum sem gerðar eru til að tryggja að ávallt sé farið að kröfunum í þessum lið.

3. KAFLI

Flutningur og vörn flugfarms og flugpósts

Þegar farmflytjandinn safnar, flytur og afhendir flugfarm eða flugpóst, sem hefur sætt flugverndarráðstöfunum, verður hann að tryggja að hann fari að kröfunum í liðum 6.5.2.1, 6.5.2.2 og 6.6 í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998 í starfsemi sinni.

Vinsamlegast lýsið hvernig farmflytjandinn tryggir að farið sé að þessum lagaákvæðum.

Vinsamlegast lýsið þeim aðgerðum sem farmflytjandi framkvæmir, sé ástæða til að ætla að sending, sem hefur sætt flugverndarráðstöfunum, sæti ólöglegu athæfi eða hafi ekki verið varin í samræmi við lið 6.6 í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998, eða bæði.

4. KAFLI

Tímabundin geymsla/umferming flugfarms og flugpósts

Í samræmi við lið 6.0.6 í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998 merkir hugtakið „tímabundin geymsla“ þann óhjákvæmilega heildartíma sem það tekur farmflytjanda að framkvæma umfermingu á flugfarmi og flugpósti frá einu flutningatæki til annars flutningatækis fyrir næsta áfanga í flutningi þeirrar sendingar á jörðu niðri.

Meðan á tímabundinni geymslu sendingar stendur skal hún varin gegn óheimilum aðgangi í samræmi við liði 6.5.2, 6.6.1 og 6.6.2 í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998.

Vinsamlegast tilgreinið hvort starfsemi farmflytjandans feli í sér tímabundna geymslu. Ef við á:

— vinsamlegast lýsið öllum tegundum geymslu og geymslumátum, sem notaðir eru á hverri starfsstöð þar sem þetta á við (t.d. vörugeymsla, ílát, o.s.frv.), ástæðum fyrir notkun þeirra og viðeigandi verklagsreglum sem eru fyrir hendi,

— vinsamlegast lýsið hvernig flugfarmur og flugpóstur, sem hefur sætt flugverndarráðstöfunum, er varinn gegn óheimilum aðgangi meðan á tímabundinni geymslu hans stendur,

— vinsamlegast lýsið aðgerðum sem farmflytjandinn framkvæmir, sé ástæða til að ætla að sending, sem hefur sætt flugverndarráðstöfunum, sæti ólöglegu athæfi eða hafi ekki verið varin í samræmi við liði 6.5.2, 6.6.1 og 6.6.2 í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998, eða bæði.

5. KAFLI

Innri gæðatrygging sem samþykktur farmflytjandi framkvæmir

Samþykktur farmflytjandi verður reglubundið að framkvæma innri gæðatryggingu í samræmi við landsbundnar kröfur.

Samþykktur farmflytjandi verður að tilgreina hvaða einstaklingur ber ábyrgð á innri gæðaverkefnum á sviði flugverndar (ef einstaklingurinn er annar en sá sem vísað er til í lið 1.2).

Samþykktur farmflytjandi verður að tryggja að farið sé að lagaákvæðunum um vörn flugfarms eða flugpósts, sem hefur sætt flugverndarráðstöfunum, og að verklagsreglurnar, sem lýst er í flugverndaráætluninni, séu uppfærðar. Í því skyni verður farmflytjandinn að taka saman innri gæðaskýrslu.

Vinsamlegast tilgreinið og lýsið verkefnum sem framkvæmd eru á sviði gæðastýringar og tryggja að þau innihaldi og nái yfir eftirfarandi:

— umfang og tíðni verkefna á sviði gæðastýringar,

— svæði og hluti sem sæta skulu eftirliti,

— vægi sem einstökum frávikum er gefið (t.d. minni háttar, alvarleg eða mjög alvarleg frávik),

— ábyrgð á úrbótum vegna frávika og setningu tímamarka fyrir lúkningu þeirra, sem og áætlunum um stigmögnun viðbragða innan stofnunarinnar.

Samþykktur farmflytjandi skal tryggja að skrárnar yfir innri gæðaverkefni á sviði flugverndar séu ávallt gerðar aðgengilegar hlutaðeigandi yfirvaldi sé þess óskað.

6. KAFLI

Innri ógnir og verndarmenning

Til að berjast gegn og draga úr ógninni sem stafar af innri brotamönnum (innri ógn) verður samþykktur farmflytjandi að setja innri reglur og gera tengdar forvarnarráðstafanir til að auka árvekni og stuðla að verndarmenningu.

Í því skyni gerir farmflytjandi forvarnarráðstafanir til að greina innri ógn og róttækni og til að mæta þessum ógnum, og kemur á fót kerfum til að meta atvik sem varða flugvernd. Ráðstafanirnar sem eru gerðar og matskerfin eru stöðugt greind og leiðrétt í samræmi við eftirfarandi:

— vinsamlegast tilgreinið nafn og samskiptaupplýsingar einstaklingsins (ef einstaklingurinn er annar en sá sem vísað er til í lið 1.2) eða starfssviðsins sem ber ábyrgð á að samræma þessar ráðstafanir,

— vinsamlegast tilgreinið nafn og samskiptaupplýsingar einstaklingsins (ef einstaklingurinn er annar en sá sem vísað er til í lið 1.2) eða starfssviðsins sem ber ábyrgð á að meta skýrslur sem berast og að hrinda í framkvæmd og samræma ráðstafanir sem gerðar eru út frá þeim,

— vinsamlegast lýsið ráðstöfunum um árvekni starfsfólks og upplýsingum um innra skýrslugjafarkerfið.

7. KAFLI

Fylgiskjöl: landsbundnar kröfur

Vinsamlegast leggið með allar upplýsingar og stefnu- eða reglusetningarskjöl, sem ákvörðuð eru á landsvísu og sem samþykktur farmflytjandi á að fara að.

FYLGISKJAL 6-L

GÁTLISTI UM FULLGILDINGU FYRIR SAMÞYKKTA FARMFLYTJENDUR

Athugasemdir til útskýringar:

Þegar þessi gátlisti er útfylltur ber að athuga að ef svarið við einhverri spurningu, sem er sett fram með feitu letri, er NEI þá VERÐUR að meta fullgildinguna sem EKKI STAÐIÐ, nema að spurningin eigi ekki við.

Vinsamlegast athugið að spurningarnar á þessum gátlista eru tvíþættar: 1) spurningar þar sem neikvætt svar mun sjálfkrafa þýða að ekki sé mögulegt að viðurkenna þig sem samþykktan farmflytjanda og 2) spurningar sem munu verða notaðar til að afla almennra upplýsinga um flugverndarráðstafanir farmflytjanda svo matsmaðurinn geti komist að heildarniðurstöðu. Sviðin, þar sem staðan „ekki staðið“ mun verða skráð sjálfkrafa, eru gefin til kynna með hliðsjón af kröfunum sem eru feitletraðar. Ef staðan „ekki staðið“ er tilgreind í tengslum við kröfu sem er feitletruð, eru farmflytjanda gefnar ástæðurnar fyrir því og ráðleggingar um nauðsynlegar aðlaganir til að öðlast stöðuna „staðið“.

1. HLUTI

Rekstraraðili og ábyrgð

1.1.	Dagsetning fullgildingar	
	dd/mm/áááá	
1.2.	Dagsetning fyrri fullgildingar og einstakt alstafakennimerki (UAI), eftir atvikum	
	dd/mm/áááá	
	Einstakt alstafakennimerki	
1.3.	Heiti rekstraraðilans sem á að fullgilda	
	Heiti: Virðisaukaskattsnúmer/númer hjá verslunarráði/skráningarnúmer fyrirtækis (ef við á)	
1.4.	Landfræðilegt umfang starfseminnar: Hefur umsækjandinn fleiri en eina starfsstöð í aðildarríkinu þar sem sótt er um samþykki?	
JÁ eða NEI		
Ef svarið er JÁ skal telja upp allar starfsstöðvarnar í þessu aðildarríki		

Fyrir hverja starfsstöð skal tilgreina: — áætlaðan heildarfjölda allra starfsmanna — áætlaðan heildarfjölda starfsmanna sem meðhöndla verndaðan flugfarm og flugpóst — tegund og áætlað hlutfall starfsemi sem fer fram á hverri starfsstöð (gefið upp sem hlutfall af heildinni)	
1.5. Landfræðilegt umfang starfseminnar: Starfar umsækjandinn einnig í öðru aðildarríki eða aðildarríkjum en því þar sem sótt er um samþykki?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ skal telja upp allar starfsstöðvarnar í hinum aðildarríkjunum:	
Áætlaður fjöldi starfsmanna á hverri starfsstöð	
Tilgreina skal tegund starfsemi og hlutfall þess sem fer fram á hverri starfsstöð (gefið upp sem hlutfall af heildinni)	
1.6. Heimilisfang starfsstöðvar eða starfsstöðva sem á að fullgilda og rökstuðningur fyrir valinu ef um er að ræða margar starfsstöðvar. Ath: þetta getur líka verið starfsstöð eða starfsstöðvar í öðru aðildarríki eða öðrum aðildarríkjum [bætið við línum eftir þörfum]	
Rökstuðningur fyrir vali starfsstöðvar	
Númer/deild/bygging	
Gata	
Bæjarfélag	
Póstnúmer	
Land	
1.7. Aðalheimilisfang rekstraraðilans (ef það er annað en heimilisfang starfsstöðvarinnar sem á að fullgilda), í aðildarríkinu sem veitir samþykkið	
Númer/deild/bygging	
Gata	
Bæjarfélag	
Póstnúmer	
Land	
1.8. Nafn og titill einstaklings sem ber ábyrgð á vernd flugfarms eða flugpósts	
Nafn	
Starfsheiti	
1.9. Símanúmer tengiliðar	
Símanúmer	
1.10. Tölvupóstfang tengiliðar	
Tölvupóstfang	

2. HLUTI

Ráðning og þjálfun starfsfólks

Markmið: Að tryggja að allt starfsfólk sem heyrir undir þessa skyldu hafi gengist undir viðeigandi bakgrunnsskoðun og hlotið þjálfun í samræmi við 11. kafla viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998.

2.1. **Felur tilnefningarferli tilgreinds einstaklings, sem ber ábyrgð á beitingu og umsjón með framkvæmd flugverndarráðstafana á starfsstöð, í sér kröfur um herta bakgrunnsskoðun, þ.m.t. athugun á sakaskrá í samræmi við b-lið liðar 11.1.1 í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998?**	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal lýsa því.	
2.2. **Er fyrir hendi ferli við ráðningar til að tryggja að allt starfsfólk, með aðgang án eftirlits eða aðgang án fylgdar að auðgreinanlegum flugfarmi eða flugpósti, sem hefur sætt tilskildum flugverndarráðstöfunum, hafi gengist undir bakgrunnsskoðun í samræmi við b-lið liðar 11.1.2 í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998 og að því marki sem krafist er af hlutaðeigandi yfirvaldi sem veitir samþykkið?**	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal lýsa því.	
2.3. **Er fyrir hendi ferli við ráðningar til að tryggja að allt starfsfólk, sem er hvorki með aðgang án eftirlits né aðgang án fylgdar að flugfarmi eða flugpósti, sem hefur sætt flugverndarráðstöfunum, en annast flutning eða tímabundna geymslu á þeim flugfarmi eða flugpósti, hafi hlotið almenna þjálfun í flugverndarvitund í samræmi við lið 11.2.7 í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998?**	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal lýsa því.	
2.4. **Er fyrir hendi ferli við ráðningar til að tryggja að allt starfsfólk, með aðgang án eftirlits eða aðgang án fylgdar að auðgreinanlegum flugfarmi eða flugpósti, sem hefur sætt tilskildum flugverndarráðstöfunum, hafi hlotið þjálfun í flugvernd í samræmi við lið 11.2.3.9 í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998?**	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal lýsa því.	
2.5. **Felur tilnefningarferli tilgreinds einstaklings, sem ber ábyrgð á beitingu og umsjón með framkvæmd flugverndarráðstafana á starfsstöð, í sér þjálfun í flugvernd í samræmi við lið 11.2.5 í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998?**	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal lýsa því.	
2.6. **Fær starfsfólkið (sem um getur í liðum 2.3, 2.4 og 2.5) reglubundna þjálfun eins oft og ákveðið hefur verið fyrir þessa þjálfun?**	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal lýsa því.	

2.7. **Mat — Eru ráðstafanir fullnægjandi til að tryggja að allt starfsfólk, með aðgang að auðgreinanlegum flugfarmi eða flugpósti, hafi verið ráðið til starfa með tilhlýðilegum hætti og að það hafi hlotið fullnægjandi þjálfun í samræmi við 11. kafla í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998?**	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er NEI, skal tilgreina ástæður.	

3. HLUTI

Flutningar

Markmið: að verja auðgreinanlegan flugfarm eða flugpóst gegn óheimilum aðgangi eða gegn því að vernd hans sé rofin.

3.1. **Flytur farmflytjandinn flugfarm eða flugpóst fyrir hönd viðurkennds umboðsaðila eða þekkts sendanda eða beggja?**	
JÁ eða NEI	
3.2. Notar farmflytjandinn undirverktaka fyrir flutninga?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal lýsa því hvernig farmflytjandinn sannprófar að verktakinn sé samþykktur farmflytjandi eða viðurkenndur umboðsaðili.	
3.3. Er hægt að tryggja vernd farmrýmis í ökutæki til vöruflutninga?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal lýsa því	
3.4. a) Í þeim tilvikum þegar hægt er að tryggja vernd farmrýmis í ökutæki til vöruflutninga, eru þá notuð innsiglisnúmer?	
JÁ eða NEI	
b) Í þeim tilvikum sem innsiglisnúmer eru notuð er þá aðgangi að innsiglum stýrt og eru númerin skráð þegar þeim er úthlutað?	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal lýsa því	
3.5. **Mat: Eru ráðstafanir fullnægjandi til að verja flugfarm eða flugpóst gegn óheimilum aðgangi meðan á flutningi stendur?**	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er NEI, skal tilgreina ástæður.	

4. HLUTI

Tímabundin geymsla/umferming

Markmið: að verja auðgreinanlegan flugfarm eða flugpóst gegn óheimilum aðgangi eða gegn því að vernd hans sé rofin meðan á tímabundinni geymslu stendur.

4.1. Framkvæmir farmflytjandinn tímabundna geymslu eða umfermingu?	

JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal lýsa tegund geymslu sem notuð er eða ráðstöfunum við umfermingu eða hvoru tveggja:	
4.2. **Er flugfarmurinn eða flugpósturinn varinn gegn óheimilum aðgangi meðan á tímabundinni geymslu eða umfermingu stendur, í samræmi við liði 6.5.2, 6.6.1 og 6.6.2 í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998?**	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er JÁ, skal lýsa þeim ráðstöfunum sem gerðar eru til að verja flugfarm eða flugpóst:	
4.3. **Mat: Er fyrir hendi fullnægjandi ferli við tímabundna geymslu eða umfermingu til að verja auðgreinanlegan flugfarm eða flugpóst gegn óheimilum aðgangi eða gegn því að vernd hans sé rofin eða bæði?**	
JÁ eða NEI	
Ef svarið er NEI, skal tilgreina ástæður.	

5. HLUTI

Mat (og tilkynning)

Staðið/Ekki staðið
Þegar niðurstaða heildarmatsins sýnir að farmflytjandinn hafi ekki staðist matið skal skrá þau svið þar sem farmflytjandanum hefur ekki tekist að uppfylla tilskildar verndarkröfur eða ef um er að ræða sérstaka bresti. Einnig má gefa ráð varðandi þær breytingar sem gera þarf til að uppfylla tilskildar kröfur og þar með að fá stöðuna „staðið“.
Undirskrift
(Nafn matsmanns)“.

18) Í stað annarrar málsgreinar liðar 11.1.5 kemur eftirfarandi:

„Í hvert sinn sem krafist er hertrar bakgrunnsskoðunar skal henni að fullu lokið áður en einstaklingur fær þjálfunina sem um getur í liðum 11.2.3.1–11.2.3.5.“

19) Í stað annarrar málsgreinar liðar 12.6.2 kemur eftirfarandi:

„Viðmiðun fyrir snefilgreiningartæki fyrir sprengiefni, sem nota agnasýni til að greina íðefni, skal gilda frá og með 1. október 2025 um snefilgreiningartæki fyrir sprengiefni sem eru tekin í notkun frá og með 1. september 2014.“

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2023/606 **2025/EES/42/22**

frá 15. mars 2023

um breytingu á reglugerð (ESB) 2015/760 að því er varðar kröfur um fjárfestingarstefnu og rekstrarskilyrði evrópskra langtímafjárfestingarsjóða og gildissvið hæfra fjárfestingareigna, kröfur um samsetningu og fjölbreytileika eignasafna og lántöku í reiðufé og aðrar sjóðsreglur (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Frá því að reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/760 ([3]) var samþykkt hafa einungis fáir evrópskir langtímafjárfestingarsjóðir fengið starfsleyfi. Samanlögð hrein eign þessara sjóða var metin u.þ.b. 2 400 000 000 evrur árið 2021.

2) Fyrirliggjandi markaðsgögn gefa til kynna að hlutur evrópskra langtímafjárfestingarsjóða hafi ekki aukist eins og búist var við þrátt fyrir áherslu Sambandsins á að efla langtímafjármögnun í Sambandinu.

3) Tiltekin einkenni markaðar evrópskra langtímafjárfestingarsjóða, þ.m.t. fáir sjóðir, lítil hrein eign, fá lögsagnarumdæmi þar sem evrópskir langtímafjárfestingarsjóðir hafa staðfestu og samsetning eignasafns sem hallast í átt að tilteknum flokkum hæfra fjárfestinga sýna fram á samþjappað eðli þess markaðar, bæði landfræðilega og með tilliti til fjárfestingartegundar. Enn fremur virðist vera skortur á vitund og fjármálalæsi og umfram allt lítið traust og áreiðanleiki að því er varðar fjármálageirann, sem þarf að yfirstíga til að gera evrópska langtímafjárfestingarsjóði aðgengilegri og vinsælli meðal almennra fjárfesta. Því er nauðsynlegt að endurskoða framkvæmd lagaramma um starfsemi evrópskra langtímafjárfestingarsjóða til að tryggja að fleiri fjárfestingum sé beint til fyrirtækja sem þarfnast fjármagns og til langtímafjárfestingarverkefna.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 80, 20.3.2023, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 118/2025 frá 8. maí 2025 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB C 290, 29.7.2022, bls. 64.

([2]) Afstaða Evrópuþingsins frá 15. febrúar 2023 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 7. mars 2023.

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/760 frá 29. apríl 2015 um evrópska langtímafjárfestingarsjóði (Stjtíð. ESB L 123, 19.5.2015, bls. 98).

4) Sem stendur er markmið reglugerðar (ESB) 2015/760 að beina fjármagni til evrópskra langtímafjárfestinga í raunhagkerfi Sambandsins. Þar af leiðandi getur komið fyrir að meirihluti eigna og fjárfestinga evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs, eða helsta tekju- eða hagnaðarmyndun slíkra eigna og fjárfestinga, sé staðsettur innan Sambandsins. Hins vegar geta langtímafjárfestingar í verkefnum, fyrirtækjum og innviðaverkefnum í þriðju löndum einnig veitt fjármagni til evrópskra langtímafjárfestingarsjóða og verið til hagsbóta fyrir hagkerfi Sambandsins. Slíkur ávinningur getur skapast á marga vegu, þ.m.t. með fjárfestingum sem stuðla að þróun landamærasvæða, efla samvinnu á sviði viðskipta, fjármála og tækni og greiða fyrir fjárfestingum í verkefnum á sviði umhverfismála og sjálfbærrar orku. Í raun verða tilteknar langtímaeignir og fjárfestingar, sem koma raunhagkerfi Sambandsins til góða, óhjákvæmilega staðsettar í þriðju löndum, t.d. neðansjávarljósleiðarar sem tengja Evrópu við aðrar heimsálfur, bygging miðstöðva fyrir fljótandi jarðgas og tengdra innviða eða fjárfestingar yfir landamæri í orkuverum og starfsstöðvum sem nýta endurnýjanlega orku sem stuðla að viðnámi raforkudreifikerfis og orkuöryggi Sambandsins. Þar eð fjárfestingar í fjárfestingarhæfum fyrirtækjum og hæfum eignum í þriðja landi geta haft ávinning í för með sér fyrir fjárfesta og rekstraraðila evrópskra langtímafjárfestingarsjóða, sem og fyrir hagkerfi, innviði, loftslags- og umhverfislega sjálfbærni og borgara slíkra þriðju landa, ætti reglugerð (ESB) 2015/760 ekki að koma í veg fyrir að meirihluti eigna og fjárfestinga evrópskra langtímafjárfestingarsjóða, eða helstu tekjur eða hagnaður af slíkum eignum og fjárfestingum, sé staðsettur í þriðja landi.

5) Til samræmis við það og einnig með hliðsjón af möguleikum evrópskra langtímafjárfestingarsjóða til að greiða fyrir langtímafjárfestingum í m.a. orku-, samgöngu- og félagslegum innviðum og atvinnusköpun og til að stuðla að því að Grænt samkomulag í Evrópu náist ætti að breyta reglugerð (ESB) 2015/760 þannig að markmið hennar sé að greiða fyrir öflun og dreifingu fjármagns til langtímafjárfestinga í raunhagkerfinu, þ.m.t. til fjárfestinga sem stuðla að Grænu samkomulagi í Evrópu og öðrum forgangssviðum, og tryggja að fjármagnsstreymi sé beint í verkefni sem leiða hagkerfi Sambandsins í átt að snjallhagvexti, sjálfbærum hagvexti og hagvexti fyrir alla.

6) Nauðsynlegt er að auka sveigjanleika eignastýringaraðila til að fjárfesta í fjölbreyttum flokkum eigna. Eignir ættu því að teljast mynda flokk hæfra eigna að því tilskildu að þessar eignir hafi verðgildi vegna eðlis síns eða gerðar sinnar. Til slíkra eigna teljast fasteignir, s.s. fjarskipta-, umhverfis-, orku- eða samgönguinnviðir, félagslegir innviðir, þ.m.t. dvalarheimili eða sjúkrahús, auk innviða fyrir menntun, heilbrigðis- og velferðarþjónustu eða iðnaðaraðstöðu, mannvirki og aðrar eignir, þ.m.t. hugverkaréttindi, skip, tæki, vélar, loftför eða járnbrautarvagnar.

7) Fjárfestingar í atvinnuhúsnæði, aðstöðu eða mannvirkjum fyrir menntun, ráðgjöf, rannsóknir, þróun, þ.m.t. innviðum og öðrum eignum sem leiða til efnahagslegs eða félagslegs ávinnings, íþróttamannvirkjum eða íbúðarhúsnæði, þ.m.t. hjúkrunar- og dvalarheimilum eða félagslegu húsnæði, ættu einnig að teljast vera hæfar fjárfestingar í eignum vegna getu slíkra eigna til að stuðla að markmiðinu um snjallhagvöxt, sjálfbæran hagvöxt og hagvöxt fyrir alla. Til að hægt sé að koma fjárfestingaráætlunum í framkvæmd á svæðum þar sem beinar fjárfestingar í eignum eru ekki mögulegar eða óhagkvæmar ættu hæfar fjárfestingar í eignum einnig að ná yfir fjárfestingar í vatns-, skógar-, byggingar- og jarðefnaréttindum.

8) Líta ber svo á að listaverk, handrit, vínbirgðir, skartgripir eða aðrar eignir sem eru í sjálfu sér ekki langtímafjárfestingar í raunhagkerfinu teljist ekki vera hæfar fjárfestingareignir.

9) Nauðsynlegt er að gera evrópska langtímafjárfestingarsjóði eftirsóknarverðari fyrir eignastýringaraðila og auka úrval fjárfestingaráætlana sem rekstraraðilum evrópskra langtímafjárfestingarsjóða stendur til boða til að forðast óþarfa takmörkun á hvað teljast hæfar eignir og fjárfestingarstarfsemi evrópskra langtímafjárfestingarsjóða. Hæfi eigna ætti ekki að ráðast af eðli þeirra og markmiðum eða af umhverfislegum, félagslegum eða stjórnunarlegum þáttum og tengdri upplýsingagjöf um sjálfbærni og sambærilegum skilyrðum sem falla nú þegar undir reglugerðir Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2088 ([4]) og (ESB) 2020/852 ([5]). Engu að síður falla evrópskir langtímafjárfestingarsjóðir áfram undir skuldbindingar sem leiða af reglugerð (ESB) 2019/2088 um upplýsingagjöf sem tengist sjálfbærni. Einkum, ef evrópskir langtímafjárfestingarsjóðir annaðhvort stuðla að umhverfislegum eða félagslegum einkennum eða hafa sjálfbæra fjárfestingu að markmiði, verða þeir að uppfylla kröfurnar um upplýsingagjöf sem eru settar fram í 8. og 9. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2088, eftir því sem við á, sem fela í sér ítarlegar kröfur um gagnsæi í upplýsingagjöf áður en samningur er gerður.

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2088 frá 27. nóvember 2019 um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu (Stjtíð. ESB L 317, 9.12.2019, bls. 1).

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/852 frá 18. júní 2020 um að koma á fót ramma til að greiða fyrir sjálfbærri fjárfestingu og um breytingu á reglugerð (ESB) 2019/2088 (Stjtíð. ESB L 198, 22.6.2020, bls. 13).

10) Til að ýta undir flæði einkafjármagns til umhverfissjálfbærari fjárfestinga ætti að taka skýrt fram að evrópskir langtímafjárfestingarsjóðir geta einnig fjárfest í grænum skuldabréfum. Um leið ætti einnig að tryggja að evrópskir langtímafjárfestingarsjóðir miði að langtímafjárfestingum og að farið sé að kröfum reglugerðar (ESB) 2015/760 varðandi hæfar fjárfestingareignir. Græn skuldabréf sem uppfylla þessar hæfiskröfur og eru gefin út samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins um evrópsk græn skuldabréf ættu því ótvírætt að vera á listanum yfir hæfar fjárfestingareignir.

11) Til að bæta aðgengi fjárfesta að nýrri og fullkomnari upplýsingum um markaði evrópskra langtímafjárfestingarsjóða er nauðsynlegt að auka sundurgreinanleika og tímanleika miðlægu opinberu skrárinnar sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) 2015/760. Þessi skrá ætti því að innihalda viðbótarupplýsingar við þær upplýsingar sem hún hefur þegar að geyma og, ef þau eru tiltæk, auðkenni lögaðila (LEI-auðkenni) og landsauðkenniskóða evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs, heiti, heimilisfang og LEI-auðkenni rekstraraðila evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins, ISIN-númer evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins og sérhverrar sjálfstæðrar einingar eða hlutabréfaflokks hans, lögbærs yfirvalds evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins og heimaaðildarríkis hans, aðildarríki þar sem evrópskur langtímafjárfestingarsjóður er markaðssettur, hvort hægt sé að markaðssetja evrópska langtímafjárfestingarsjóðinn til almennra fjárfesta eða aðeins til fagfjárfesta, dagsetningu starfsleyfis evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins og dagsetninguna þegar markaðssetning evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins hófst.

12) Hægt er að gera fjárfestingar evrópskra langtímafjárfestingarsjóða í gegnum milliliði, þ.m.t. félög með sérstakan tilgang og verðbréfun eða safnskráningarfélög eða eignarhaldsfélög. Eins og stendur kveða ákvæði reglugerðar (ESB) 2015/760 á um að fjárfestingar í eiginfjárgerningum eða ígildi eiginfjárgerninga í fjárfestingarhæfum fyrirtækjum eigi sér aðeins stað þar sem þessi fyrirtæki eru dótturfélög í meirihlutaeigu, sem takmarkar grundvallargildissvið hæfra eigna umtalsvert. Evrópskir langtímafjárfestingarsjóðir ættu því almennt að geta lagt í sameiginlegar minnihlutafjárfestingar í fjárfestingartækifærum. Þessi valkostur ætti að veita evrópskum langtímafjárfestingarsjóði aukinn sveigjanleika við framkvæmd fjárfestingaráætlana, laða fleiri fjárfesta að fjárfestingarverkefnum og auka úrval hugsanlegra hæfra markeigna, sem er allt nauðsynlegt fyrir framkvæmd áætlana um óbeinar fjárfestingar.

13) Vegna áhyggna af því að sjóðasjóðaáætlanir geti leitt til fjárfestinga sem falla ekki undir gildissvið hæfra fjárfesting areigna inniheldur reglugerð (ESB) 2015/760 eins og stendur takmarkanir á fjárfestingum í öðrum sjóðum á öllum líftíma evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs. Hins vegar eru áætlanir um sjóðasjóði algeng og afar skilvirk leið til að ná skjótri áhættuskuldbindingu gagnvart illseljanlegum eignum, einkum í tengslum við fasteignir og með tilliti til fullgreiddra samsetninga á höfuðstól. Því er nauðsynlegt að gefa evrópskum langtímafjárfestingarsjóðum tækifæri til að fjárfesta í öðrum sjóðum til að gera þeim kleift að tryggja að fjármagn komist hraðar í notkun. Ef fjárfestingar evrópskra langtímafjárfestingarsjóða í sjóðasjóðum eru auðveldaðar myndi það einnig gera kleift að endurfjárfesta umframreiðufé í sjóðum, þar sem mismunandi fjárfestingar með ólíka gjalddaga gætu lækkað hlutfall eignasafns evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs sem er fjárfest í lausafé (e. *cash drag*). Því er nauðsynlegt að útvíkka hæfi áætlana um sjóðasjóði fyrir rekstraraðila evrópskra langtímafjárfestingarsjóða til að ná yfir fleira en fjárfestingar í evrópskum áhættufjármagnssjóðum eða evrópskum félagslegum framtakssjóðum. Því ætti að víkka út þá flokka sjóða um sameiginlegar fjárfestingar sem evrópskir langtímafjárfestingarsjóðir geta fjárfest í, þannig að þeir nái yfir verðbréfasjóði og einnig sérhæfða sjóði innan ESB, sem rekstraraðilar sérhæfðra sjóða innan ESB stýra. Til að tryggja skilvirka fjárfestavernd er þó einnig nauðsynlegt að kveða á um að þegar evrópskur langtímafjárfestingarsjóður fjárfestir í öðrum evrópskum langtímafjárfestingarsjóði, evrópskum áhættufjármagnssjóði, evrópskum félagslegum framtakssjóði, verðbréfasjóði eða sérhæfðum sjóði innan ESB, sem rekstraraðili sérhæfðs sjóðs innan ESB stýrir, ættu þessir sjóðir um sameiginlega fjárfestingu einnig að fjárfesta í hæfum fjárfestingum og að hafa ekki sjálfir fjárfest meira en 10% hlutafjár síns í neinum öðrum sjóði um sameiginlega fjárfestingu. Til að koma í veg fyrir að farið sé framhjá þessum reglum og tryggja að evrópskir langtímafjárfestingarsjóðir hlíti, á grundvelli samanlagðs eignasafns, reglugerð (ESB) 2015/760, ætti að leggja eigna- og reiðufjárlántökustöðu evrópskra langtímafjárfestingarsjóða saman við stöðu sjóða um sameiginlegar fjárfestingar sem evrópskir langtímafjárfestingarsjóðir hafa fjárfest í, til að leggja mat á hlítni evrópskra langtímafjárfestingarsjóða við kröfur um samsetningu og fjölbreytileika eignasafns, sem og við lántökutakmarkanir.

14) Eins og er gera ákvæði reglugerðar (ESB) 2015/760 kröfu um að hæfar fjárfestingareignir, ef þær eru stakar eignir, séu að minnsta kosti 10 000 000 evrur að verðmæti. Hins vegar eru eignasöfn oft samansett af fjölda stakra eigna sem hafa umtalsvert lægra verðmæti en 10 000 000 evrur. Því ætti að fella brott kröfuna um lágmarksverðmæti stakra eigna. Gert er ráð fyrir að brottfelling þessarar ónauðsynlegu kröfu muni stuðla að auknum fjölbreytileika fjárfestingasafna og ýta undir árangursríkari fjárfestingar evrópskra langtímafjárfestingarsjóða í eignum en gera einnig kleift að taka tillit til mismunandi þróunar langtímafjárfestingagerninga í aðildarríkjunum.

15) Nauðsynlegt er að útvíkka umfang hæfra fjárfestingareigna og stuðla að fjárfestingum evrópskra langtímafjár festingarsjóða í verðbréfuðum eignum. Því ætti að koma skýrt fram að þar sem undirliggjandi eignir samanstanda af langtímaáhættuskuldbindingum, ættu hæfar fjárfestingareignir einnig að innihalda einfalda, gagnsæja og staðlaða verðbréfun eins og um getur í 18. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2402 ([6]). Þessar langtíma-áhættuskuldbindingar samanstanda af verðbréfunum íbúðalána sem eru tryggð með veði, einu eða fleiri, í íbúðarhúsnæði (verðbréf, tryggð með fasteignaveði í íbúðarhúsnæði), viðskiptalána sem eru tryggð með veði, einu eða fleiri, í viðskiptahúsnæði, fyrirtækjaláns, þ.m.t. lána til lítilla og meðalstórra fyrirtækja, og viðskiptakrafna eða annarra undirliggjandi áhættuskuldbindinga sem upphafsaðilinn telur vera sérstaka tegund eigna, að því tilskildu að ávinningur af verðbréfun þessara viðskiptakrafna eða annarra undirliggjandi áhættuskuldbindinga sé notaður til að fjármagna eða endurfjármagna langtímafjárfestingar.

16) Eins og stendur kemur reglugerð (ESB) 2015/760 í veg fyrir fjárfestingar evrópskra langtímafjárfestingarsjóða í lánastofnunum, verðbréfafyrirtækjum, vátryggingafélögum og öðrum fyrirtækjum á fjármálamarkaði. Þó gætu nýsköpunarfyrirtæki á fjármálamarkaði sem hafa nýlega fengið leyfi, svo sem fjártæknifyrirtæki (e. *FinTechs*), gegnt mikilvægu hlutverki við að efla stafrænar nýjungar, heildarárangur fjármálamarkaða Sambandsins og atvinnusköpun og við að stuðla að viðnámsþrótti og stöðugleika fjármálainnviða Sambandsins og sambands fjármagnsmarkaða. Slík fyrirtæki á fjármálamarkaði hanna, þróa eða bjóða nýsköpunarvörur eða -tækni sem miðar að því að gera fyrirliggjandi viðskiptalíkön, ferla, forrit og vörur sjálfvirk eða bæta þau, eða leiða til nýrra viðskiptalíkana, ferla, forrita og vara, og geta þar með verið til hagsbóta fyrir fjármálamarkaði Sambandsins, fjármálastofnanir og veitingu fjármálaþjónustu til fjármálastofnana, fyrirtækja eða neytenda. Slík fyrirtæki á fjármálamarkaði gera einnig tiltekna reglusetningar- eða eftirlitsferla skilvirkari og árangursríkari eða færa regluvörslu við reglusetningu eða eftirlit til nútímahorfs í fjármálastofnunum eða stofnunum sem eru ekki fjármálastofnanir. Því er æskilegt að reglugerð (ESB) 2015/760 sé breytt til að heimila evrópskum langtímafjárfestingarsjóðum að fjárfesta í nýsköpunarfyrirtækjum á fjármálamarkaði sem nýlega hafa fengið starfsleyfi. Þar sem sviðið er lifandi og í hraðri þróun ætti að heimila evrópskum langtímafjár-festingarsjóðum að fjárfesta í öðrum fyrirtækjum á fjármálamarkaði en eignarhaldsfélögum á fjármálasviði eða blönduðum eignarhaldsfélögum, sem eru eftirlitsskyldir aðilar með starfsleyfi eða skráningu sem er innan við fimm árum fyrir upphaflega fjárfestingu.

17) Sem stendur gera ákvæði reglugerðar (ESB) 2015/760 þá kröfu að fjárfestingarhæf fyrirtæki hafi ekki meira markaðsverðmæti en 500 000 000 evrur, ef þau eru tekin til viðskipta á skipulegum markaði eða á markaðstorgi fjármálagerninga. Hins vegar eru mörg skráð félög með lágt markaðsverðmæti með takmarkaðan seljanleika, sem kemur í veg fyrir að rekstraraðilar evrópskra langtímafjárfestingarsjóða geti byggt upp nægilega stöðu í slíkum skráðum félögum innan hæfilegs frests, sem þrengir svið aðgengilegra fjárfestingarmarkmiða. Til að veita evrópskum langtímafjárfestingarsjóðum betra seljanleikasnið ætti því að auka það markaðsverðmæti skráðra fjárfestingarhæfra fyrirtækja sem evrópskir langtímafjárfestingarsjóðir geta fjárfest í úr að hámarki 500 000 000 evrum í að hámarki 1 500 000 000 evrur. Til að forðast hugsanlegar breytingar á fjárfestingarhæfi slíkra fjárfestinga vegna gengissveiflna eða annarra þátta, ætti aðeins að ákvarða mörk markaðsverðmætis þegar upphafleg fjárfesting er gerð.

18) Til að tryggja gagnsæi og heilindi fjárfestinga í eignum sem staðsettar eru í þriðju löndum fyrir fjárfesta, rekstraraðila evrópskra langtímafjárfestingarsjóða og lögbær yfirvöld, ættu kröfur um fjárfestingar í fjárfestingarhæfum fyrirtækjum í þriðju löndum að vera í samræmi við staðlana sem mælt er fyrir um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 ([7]). Þær ættu einnig að vera í samræmi við staðlana sem eru settir fram í sameiginlegri aðgerð aðildarríkjanna varðandi ósamvinnuþýð lögsagnarumdæmi í skattalegu tilliti, sem endurspeglast í ályktunum ráðsins um endurskoðaða skrá ESB yfir ósamvinnuþýð lögsagnarumdæmi í skattalegu tilliti.

19) Rekstraraðilar evrópskra langtímafjárfestingarsjóða sem eiga hlut í eignasafnsfyrirtækjum gætu sett eigin hagsmuni ofar hagsmunum fjárfesta í evrópska langtímafjárfestingarsjóðnum. Til að forðast slíka hagsmunaárekstra og tryggja trausta stjórnarhætti fyrirtækja gera ákvæði reglugerðar (ESB) 2015/760 þá kröfu að evrópskur langtímafjárfestingarsjóður fjárfesti eingöngu í eignum sem eru ótengdar rekstraraðila hans, nema evrópski langtímafjárfestingarsjóðurinn fjárfesti í hlutdeildarskírteinum eða hlutabréfum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu sem rekstraraðili evrópska

([6]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2402 frá 12. desember 2017 um almennan ramma fyrir verðbréfun og gerð sértæks ramma fyrir einfalda, gagnsæja og staðlaða verðbréfun og um breytingu á tilskipunum 2009/65/EB, 2009/138/EB og 2011/61/ESB og reglugerðum (EB) nr. 1060/2009 og (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 347, 28.12.2017, bls. 35).

([7]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 frá 20. maí 2015 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvættis eða til fjármögnunar hryðjuverka, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins ESB nr. 648/2012, og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/70/EB (Stjtíð. ESB L 141, 5.6.2015, bls. 73).

langtímafjárfestingarsjóðsins stýrir. Hins vegar er það viðtekin markaðsvenja að ein eða fleiri fjárfestingarleiðir eignastýringaraðila fjárfesti í félagi við annan sjóð sem hefur svipuð markmið og stefnuáætlun og eru hjá evrópska langtímafjárfestingarsjóðnum. Slíkar sameiginlegar fjárfestingar rekstraraðila sérhæfðra sjóða innan ESB og annarra tengdra aðila sem tilheyra sömu samstæðu gera það mögulegt að laða að stærri hluta fjármagns til fjárfestingar í stórum verkefnum. Í því skyni fjárfesta eignastýringaraðilar yfirleitt samhliða evrópska langtímafjárfestingarsjóðnum í markfyrirtæki og byggja fjárfestingar sínar upp í gegnum sameiginlega fjárfestingaraðila. Sem hluti af umboði eignastýringar er eignasafnsstjórum og háttsettu starfsfólki eignastýringaraðila yfirleitt skylt eða ætlast er til þess að þeir geri sameiginlega fjárfestingu í sama sjóði og þeir stýra. Því er viðeigandi að tilgreina að ákvæði um hagsmunaárekstra ættu ekki að koma í veg fyrir að rekstraraðili evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs eða fyrirtæki sem tilheyrir sömu samstæðu fjárfesti einnig í sama evrópska langtímafjárfestingarsjóðnum eða ásamt þeim evrópska langtímafjárfestingarsjóði í sömu eign. Til að tryggja að ráðstafanir um skilvirka fjárfestavernd séu til staðar þegar slíkar sameiginlegar fjárfestingar eru gerðar, ættu rekstraraðilar evrópskra langtímafjárfestingarsjóða að koma á skipulags- og stjórnunarfyrirkomulagi í samræmi við þær kröfur sem mælt er fyrir um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB ([8]), sem er mótað til að greina, hindra, stjórna og hafa eftirlit með hagsmunaárekstrum og tryggja að upplýsingar um slíka hagsmunaárekstra séu birtar á viðeigandi hátt.

20) Til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra, forðast viðskipti sem fara ekki fram á viðskiptagrundvelli og tryggja trausta stjórnarhætti fyrirtækja, heimilar reglugerð (ESB) 2015/760 starfsfólki rekstraraðila evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs og fyrirtækja sem tilheyra sömu samstæðu evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs ekki að fjárfesta í þeim evrópska langtímafjárfestingarsjóði eða gera sameiginlega fjárfestingu með evrópska langtímafjárfestingarsjóðnum í sömu eigninni. Hins vegar er það viðtekin markaðsvenja að starfsfólki rekstraraðila evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs og annarra tengdra aðila sem tilheyra sömu samstæðu, sem fjárfesta í félagi við rekstraraðila evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins, þ.m.t. eignasafnsstjórar og háttsett starfsfólk sem ber ábyrgð á helstu ákvörðununum um fjárhag og rekstur rekstraraðila evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins, er oft skylt eða ætlast er til þess, vegna eðlis eignastýringarumboðsins, að það geri sameiginlega fjárfestingu í sama sjóði eða sömu eign til að stuðla að samræmingu fjárhagslegra hvata þessa starfsfólks og fjárfestanna. Því er viðeigandi að tilgreina að ákvæði um hagsmunaárekstra ættu ekki koma í veg fyrir að starfsfólk rekstraraðila evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs eða fyrirtækja sem tilheyra þeirri samstæðu fjárfesti einnig persónulega í sama evrópska langtímafjárfestingarsjóðnum eða ásamt evrópska langtímafjárfestingarsjóðnum í sömu eign. Til að tryggja að ráðstafanir um skilvirka fjárfestavernd séu til staðar þegar starfsfólk gerir slíkar sameiginlegar fjárfestingar, ættu rekstraraðilar evrópskra langtímafjárfestingarsjóða að koma á skipulags- og stjórnunarfyrirkomulagi, sem er mótað til að greina, hindra, stjórna og hafa eftirlit með hagsmunaárekstrum og tryggja að upplýsingar um slíka hagsmunaárekstra séu birtar á viðeigandi hátt.

21) Reglurnar um evrópska langtímafjárfestingarsjóði eru nánast samhljóða fyrir bæði fagfjárfesta og almenna fjárfesta, þ.m.t. reglur um vogun, fjölbreytileika eigna og samsetningu eignasafna, samþjöppunarmörk og takmarkanir á hæfum eignum og fjárfestingum. Hins vegar hafa fagfjárfestar og almennir fjárfestar mismunandi tímaramma, áhættuþol og fjárfestingarþarfir, sem og mismunandi getu til að greina tækifæri til fjárfestinga. Reyndar hafa fagfjárfestar meira áhættuþol en almennir fjárfestar, geta framkvæmt ítarlega greiningu á fjárfestingartækifærum og áreiðanleikakannanir og verðmat eigna og gætu, vegna eðlis þeirra og starfsemi, haft önnur ávöxtunarmarkmið en almennir fjárfestar. Þrátt fyrir þetta og vegna hinna nánast samhljóða reglna og þess mikla stjórnsýsluálags sem af því leiðir, ásamt tengdum kostnaði fyrir evrópska langtímafjárfestingarsjóði sem ætlaðir eru fagfjárfestum, hafa eignastýringaraðilar hingað til verið tregir til að bjóða fagfjárfestum sérsniðnar afurðir. Því er rétt að kveða á um sértækar reglur um evrópska langtímafjárfestingarsjóði sem eru eingöngu markaðssettir fyrir fagfjárfesta, einkum með tilliti til fjölbreytileika og samsetningar eignasafnsins sem um ræðir, samþjöppunarmarka og lántöku í reiðufé.

22) Eins og stendur gera ákvæði reglugerðar (ESB) 2015/760 þá kröfu að evrópskir langtímafjárfestingarsjóðir fjárfesti a.m.k. 70% af eigin fé sínu í hæfum fjárfestingareignum. Þessum háu fjárfestingartakmörkunum fyrir hæfar fjárfestingareignir í eignasafni evrópskra langtímafjárfestingarsjóða var upphaflega komið á með hliðsjón af áherslunni á langtímafjárfestingar evrópsku langtímafjárfestingarsjóðanna og þeirrar framlegðar sem búist var við að slíkar fjárfestingar myndu skila til fjármögnunar sjálfbærs vaxtar í hagkerfi Sambandsins. Í ljósi þess að tilteknar hæfar fjárfestingareignir eru illseljanlegar og sérstæðar í eignasöfnum evrópskra langtímafjárfestingarsjóða getur reynst erfitt og kostnaðarsamt fyrir rekstraraðila evrópskra langtímafjárfestingarsjóða að stýra lausafjárstöðu sjóðanna, uppfylla innlausnarkröfur, gera ráðstafanir til lántöku og framkvæma aðra þætti í fjárfestingaráætlunum evrópsku langtímafjárfestingarsjóðanna sem varða framsal, verðmæti og veðsetningu slíkra hæfra fjárfestingareigna. Lækkun á mörkum fyrir hæfar fjárfestingareignir myndi því gera rekstraraðilum evrópskra langtímafjárfestingarsjóða kleift að stýra lausafjárstöðu sjóðanna betur. Einungis ætti að sameina hæfar fjárfestingareignir í evrópskum langtímafjárfestingarsjóðum sem eru ekki sjóðir um sameiginlega fjárfestingu og hæfar fjárfestingareignir í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem evrópskir langtímafjárfestingarsjóðir hafa fjárfest í, til að leggja mat á það hvort þessir sjóðir hlíti fjárfestingartakmörkunum fyrir hæfar fjárfestingareignir.

([8]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB frá 8. júní 2011 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og um breytingu á tilskipunum 2003/41/EB og 2009/65/EB og reglugerðum (EB) nr. 1060/2009 og (ESB) nr. 1095/2010 (Stjtíð. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 1).

23) Gildandi fjölbreytileikakröfur í reglugerð (ESB) 2015/760 voru innleiddar til að tryggja að evrópskir langtímafjárfestingarsjóðir geti staðist óhagstæðar markaðsaðstæður. Hins vegar hafa þessi ákvæði reynst of íþyngjandi vegna þess að í raun þýða þau að evrópskir langtímafjárfestingarsjóðir þurfa að meðaltali að gera 10 aðgreindar fjárfestingar. Ef um er að ræða fjárfestingar í verkefnum eða stórum innviðum getur krafan um að gera 10 fjárfestingar á hvern evrópskan langtímafjárfestingarsjóð verið erfið í framkvæmd og kostnaðarsöm með tilliti til viðskiptakostnaðar og dreifingar fjármagns. Til þess að draga úr viðskipta- og umsýslukostnaði fyrir evrópska langtímafjárfestingarsjóði, og á endanum fyrir fjárfesta í þeim, ættu evrópskir langtímafjárfestingarsjóðir því að geta fylgt hnitmiðaðri fjárfestingaráætlunum og þannig náð áhættuskuldbindingum gagnvart færri hæfum eignum. Því er nauðsynlegt að aðlaga kröfur um fjölbreytileika áhættuskuldbindinga evrópskra langtímafjárfestingarsjóða gagnvart stökum fjárfestingarhæfum fyrirtækjum, stökum eignum, stökum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu og tilteknum öðrum hæfum fjárfestingareignum, samningum og fjármálagerningum. Þessi viðbótarsveigjanleiki í samsetningu eignasafna evrópskra langtímafjárfestingarsjóða og slökun á kröfum um fjölbreytileika ætti ekki að hafa umtalsverð áhrif á getu evrópskra langtímafjárfestingarsjóða til að standast markaðssveiflur, þar sem evrópskir langtímafjárfestingarsjóðir fjárfesta yfirleitt í eignum sem eru ekki með tiltækt markaðsverð, sem gætu verið afar illseljanlegar og eru oft með langan líftíma eða ná yfir langt tímabil.

24) Við tilteknar aðstæður hafa fagfjárfestar lengri tímaramma, skýr markmið um fjárhagslega ávöxtun, meiri sérfræðiþekkingu, meira áhættuþol gagnvart óhagstæðum markaðsaðstæðum og meiri tapgleypni, ólíkt almennum fjárfestum. Því er nauðsynlegt að koma á öðrum ráðstöfunum um fjárfestavernd fyrir slíka fagfjárfesta og fella brott fjölbreytileikakröfurnar fyrir evrópska langtímafjárfestingarsjóði sem eru eingöngu markaðssettir til fagfjárfesta.

25) Til að nýta betur sérfræðiþekkingu rekstraraðila evrópskra langtímafjárfestingarsjóða og vegna þess ávinnings sem hlýst af fjölbreytileika, getur í vissum tilfellum verið hagkvæmt fyrir evrópska langtímafjárfestingarsjóði að fjárfesta öllum eða næstum öllum eignum sínum í fjölbreyttu eignasafni höfuðsjóðs evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs (ELTIF-höfuðsjóðs). Evrópskum langtímafjárfestingarsjóðum ætti því að vera heimilt að sameina eignir sínar og nýta sér skipan höfuðsjóða og fylgisjóða með því að fjárfesta í ELTIF-höfuðsjóði.

26) Vogun er oft notuð til að auðvelda daglegan rekstur evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs og hrinda sérstakri fjárfestingaráætlun í framkvæmd. Með nægjanlegu eftirliti getur hófleg skuldsetning aukið ávöxtun án þess að stofna til eða auka óhóflega áhættu. Að auki geta margir sjóðir um sameiginlega fjárfestingu notað vogun til að ná aukinni skilvirkni eða rekstrarárangri. Þar sem lántaka í reiðufé er eins og stendur takmörkuð með reglugerð (ESB) 2015/760 við 30% af virði hlutafjár evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs kunna rekstraraðilar evrópskra langtímafjárfestingarsjóða að vera ófærir um að fylgja tilteknum fjárfestingaráætlunum með góðum árangri, þ.m.t. þegar um er að ræða fjárfestingar í eignum, þar sem notkun hærri skuldsetningar er venjan eða er nauðsynleg á annan hátt til að ná aðlaðandi áhættuleiðréttri ávöxtun. Því er viðeigandi að auka sveigjanleika rekstraraðila evrópskra langtímafjárfestingarsjóða til að afla frekara fjármagns á líftíma sjóðsins. Jafnframt er æskilegt að bæta stjórnun vogunar og stuðla að auknu samræmi við tilskipun 2011/61/ESB að því er varðar lántökustefnu, með því að skipta eigin fé út fyrir innra virði sem viðeigandi viðmiðunargrundvöll til að ákvarða mörk á lántöku í reiðufé, sem ætti að fylgja endurbætur á leiðréttingastefnu. Í ljósi þeirrar hugsanlegu áhættu sem skuldsetning getur haft í för með sér, ætti evrópskum langtímafjárfestingarsjóðum, sem hægt er að markaðssetja til almennra fjárfesta, að vera heimilt að taka fé að láni sem nemur allt að 50% af innra virði evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs. 50% mörkin eru viðeigandi miðað við þær takmarkanir á heildarlántöku reiðufjár sem eru algengar fyrir sjóði sem fjárfesta í eignum með svipað seljanleika- og innlausnarsnið.

Hins vegar ætti að heimila hærri skuldsetningu fyrir evrópska langtímafjárfestingarsjóði sem eru markaðssettir til fagfjárfesta vegna þess að fagfjárfestar hafa meira áhættuþol en almennir fjárfestar. Því ætti að hækka lántökumörk á reiðufé fyrir evrópska langtímafjárfestingarsjóði sem eru eingöngu markaðssettir til fagfjárfesta í að hámarki 100% af innra virði evrópskra langtímafjárfestingarsjóða. Enn fremur hefur reglugerð (ESB) 2015/760 hingað til ekki leyft rekstraraðilum evrópskra langtímafjárfestingarsjóða að leiðrétta stöðu fjárfestinga innan viðeigandi tímabils, í þeim tilvikum sem evrópski langtímafjárfestingarsjóðurinn fer yfir skuldsetningarmörkin og rekstraraðili hans fær ekki ráðið við brotið. Að teknu tilliti til óstöðugleika innra virðis sem viðmiðunargildis og hagsmuna fjárfesta í evrópskum langtímafjárfestingarsjóðum ætti því að tilgreina að ákvæði um leiðréttingar í reglugerð (ESB) 2015/760 gildi einnig um lántökutakmarkanir.

27) Til að veita evrópskum langtímafjárfestingarsjóðum fleiri tækifæri til fjárfestinga ættu evrópskir langtímafjárfestingarsjóðir að geta tekið lán í þeim gjaldmiðli sem rekstraraðili evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs býst við að kaupa eignina í. Þó er nauðsynlegt að draga úr áhættu á gjaldmiðlamisvægi og takmarka þannig gjaldmiðlaáhættu fjárfestingasafnsins. Evrópskir langtímafjárfestingarsjóðir ættu því að verja gjaldmiðlaáhættu sína á viðeigandi hátt.

28) Evrópskir langtímafjárfestingarsjóðir ættu að geta kvaðabundið eignir sínar til að framkvæma lántökuáætlun sína. Til að auka enn á sveigjanleika evrópskra langtímafjárfestingarsjóða við að framkvæma lántökuáætlun sína ættu lántökusamningar ekki að teljast til lántöku ef slík lántaka er að fullu tryggð með loforði fjárfesta um fjármagnsframlög.

29) Í ljósi hækkunar á hámarki lántöku í reiðufé fyrir evrópska langtímafjárfestingarsjóði og fjarlægingar tiltekinna takmarkana á lántöku í erlendum gjaldmiðlum ættu fjárfestar að hafa heildstæðari upplýsingar um þær lántökuáætlanir og takmarkanir sem evrópskir langtímafjárfestingarsjóðir nota. Því er viðeigandi að gera þá kröfu að rekstraraðilar evrópskra langtímafjárfestingarsjóða taki lántökutakmarkanir skýrt fram í útboðs- og skráningarlýsingu viðkomandi evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs.

30) Sem stendur kveður reglugerð (ESB) 2015/760 á um að fjárfestar í evrópskum langtímafjárfestingarsjóði geti farið fram á að sjóðnum verði slitið ef beiðnir þeirra um innlausnir, settar fram í samræmi við innlausnarstefnu sjóðsins, hafa ekki verið uppfylltar innan árs frá dagsetningunni þegar þær voru settar fram. Í ljósi langtímastefnumörkunar evrópskra langtímafjárfestingarsjóða og oft sérstæðra og illseljanlegra eigna í eignasöfnum þeirra getur réttur hvers fjárfestis eða hópa fjárfesta til að fara fram á slit evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs verið óhóflegur og skaðlegur fyrir bæði árangursríka framkvæmd á fjárfestingaráætlun evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins og hagsmuni annarra fjárfesta eða hópa fjárfesta. Því er rétt að fjarlægja möguleika fjárfesta til að fara fram á slit evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs ef sá sjóður getur ekki staðið við innlausnarkröfur.

31) Sem stendur eru ákvæði reglugerðar (ESB) 2015/760 óljós varðandi viðmiðanir til að meta innlausnarhlutfall á tilteknu tímabili og þær lágmarksupplýsingar sem ber að veita lögbærum yfirvöldum um innlausnarmöguleika. Vegna miðlægs hlutverks evrópsku eftirlitsstofnunarinnar (Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar) við beitingu reglugerðar (ESB) 2015/760 og sérfræðiþekkingar hennar á verðbréfum og verðbréfamörkuðum er rétt að fela Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni að leggja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina við hvaða aðstæður líftími evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs telst samrýmanlegur lífsferlum allra stakra eigna evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins, viðmiðanir til að ákvarða lágmarkseignartímabil, þær lágmarksupplýsingar sem ber að veita lögbæru yfirvaldi evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs, þær kröfur sem evrópskur langtímafjárfestingarsjóður þarf að uppfylla í tengslum við innlausnarstefnu sína og lausafjárstýringartæki og viðmiðanir til að meta innlausnarhlutfall. Tekið skal fram að ef reglur eða stofnsamningur evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs kveður á um að hægt sé að innleysa á líftíma sjóðsins gilda þau ákvæði um stýringu lausafjáráhættu og lausafjárstýringartæki sem sett eru fram í tilskipun 2011/61/ESB.

32) Eins og stendur gera ákvæði reglugerðar (ESB) 2015/760 kröfur um að reglur og stofnsamningar evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs komi ekki í veg fyrir að hlutdeildarskírteini eða hlutabréf í sjóðnum séu tekin til viðskipta á skipulegum markaði eða markaðstorgi fjármálagerninga. Þrátt fyrir þennan möguleika hafa rekstraraðilar evrópskra langtímafjárfestingarsjóða, sem og fjárfestar og markaðsaðilar, lítið nýtt sér eftirmarkaðskerfið til viðskipta með hlutdeildarskírteini eða hlutabréf í evrópskum langtímafjárfestingarsjóðum. Til að stuðla að eftirmarkaðsviðskiptum með hlutdeildarskírteini eða hlutabréf í evrópskum langtímafjárfestingarsjóðum er rétt að heimila rekstraraðilum evrópskra langtímafjárfestingarsjóða að veita fjárfestum í evrópskum langtímafjárfestingarsjóðum kost á að ganga út úr sjóðnum snemma á líftíma hans. Til að tryggja að slík eftirmarkaðskerfi til viðskipta séu skilvirk ætti snemmbær útganga aðeins að vera möguleg ef rekstraraðili evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs hefur komið á stefnu um að para saman hugsanlega fjárfesta og beiðnir um útgöngu. Í þeirri stefnu ætti m.a. að tilgreina framsalsferli, hlutverk rekstraraðila evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs eða sjóðsstjóra, tíðni og tímalengd seljanleikaglugga þegar hægt er að skipta hlutdeildarskírteinum eða hlutabréfum í evrópskum langtímafjárfestingarsjóði, reglur sem ákvarða framkvæmdarverð og hlutfallsskilyrði, birtingarkröfur og þóknanir, kostnað og gjöld og önnur skilyrði sem tengjast slíku kerfi seljanleikaglugga. Það ætti að vera í höndum Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar að semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina við hvaða aðstæður á að nota þörun, þ.m.t. þær upplýsingar sem evrópskum langtímafjárfestingarsjóðum ber að birta fjárfestum.

33) Til að forðast allan misskilning almennra fjárfesta varðandi lagalegt eðli eftirmarkaðskerfis til viðskipta og hugsanlegan seljanleika sem skapast með því ætti dreifingaraðili eða, þegar rekstraraðili evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs býður eða setur á markað hlutdeildarskírteini eða hlutabréf beint til almenns fjárfestis, rekstraraðili evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs að gefa út skriflega skýra viðvörun til almennra fjárfesta um að tiltækileiki þörunarkerfis tryggi ekki þörun eða veiti almennum fjárfestum rétt til útgöngu eða innlausnar á hlutdeildarskírteinum eða hlutabréfum í viðkomandi evrópskum langtímafjárfestingarsjóði. Þessi skriflega viðvörun ætti að vera hluti af stakri skriflegri viðvörun sem upplýsir almenna fjárfesta einnig um að afurð evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins henti hugsanlega ekki fyrir almenna fjárfesta sem geta ekki staðið við slíka illseljanlega langtímaskuldbindingu, ef líftími evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs sem er boðinn eða settur á markað fer yfir 10 ár. Í markaðsefni fyrir almenna fjárfesta ætti ekki að kynna tilvist þörunarkerfis sem tæki sem tryggir innleysanleika samkvæmt beiðni.

34) Sem stendur gera ákvæði reglugerðar (ESB) 2015/760 kröfu um að evrópskir langtímafjárfestingarsjóðir samþykki sundurliðaða áætlun um skipulega sölu eigna til að innleysa hlutdeildarskírteini eða hlutabréf þegar líftíma evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs lýkur. Ákvæði þeirrar reglugerðar krefjast þess einnig að evrópskir langtímafjárfestingarsjóðir upplýsi lögbært yfirvald sjóðsins um þá sundurliðuðu áætlun. Þessar kröfur leggja umtalsverða stjórnsýslu- og reglufylgnibyrði á rekstraraðila evrópskra langtímafjárfestingarsjóða, án þess að það hafi í för með sér samsvarandi aukningu á fjárfestavernd. Til að létta þessa byrði án þess að draga úr fjárfestavernd ættu evrópskir langtímafjárfestingarsjóðir að tilkynna lögbæru yfirvaldi sínu um skipulega sölu eigna í þeim tilgangi að innleysa hlutdeildarskírteini eða hlutabréf fjárfesta að loknum líftíma sjóðsins og aðeins veita lögbæru yfirvaldi evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins sundurliðaða áætlun ef lögbæra yfirvaldið biður sérstaklega um það.

35) Lýsing fylgisjóðs evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs (ELTIF-fylgisjóðs) getur innihaldið upplýsingar sem skipta miklu máli fyrir fjárfesta og gera þeim kleift að meta betur hugsanlega áhættu og ávinning af fjárfestingu. Því er rétt að krefjast þess að ef um er að ræða skipan höfuðsjóða og fylgisjóða ætti lýsing ELTIF-fylgisjóðsins að innihalda upplýsingar um skipan höfuðsjóða og fylgisjóða, um ELTIF-fylgisjóðinn og ELTIF-höfuðsjóðinn, ásamt lýsingu á öllum greiðslum eða endurgreiðslum á kostnaði sem fylgisjóðnum ber að greiða.

36) Viðeigandi upplýsingagjöf um þóknanir og gjöld er mjög mikilvæg fyrir mat fjárfesta á evrópskum langtímafjárfestingarsjóði sem hugsanlegu fjárfestingarmarkmiði. Slík upplýsingagjöf er einnig mikilvæg ef evrópskur langtímafjárfestingarsjóður er markaðssettur til almennra fjárfesta þegar um er að ræða skipan höfuðsjóða og fylgisjóða. Því er viðeigandi að krefjast þess að rekstraraðili evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs hafi með í ársskýrslu fylgisjóðsins yfirlýsingu um samanlögð gjöld ELTIF-fylgisjóðsins og ELTIF-höfuðsjóðsins. Þess er vænst að þessi krafa stuðli að fjárfestavernd gagnvart óréttmætum viðbótarkostnaði vegna áskriftar- og innlausnargjalda sem ELTIF-höfuðsjóðurinn kann að innheimta af ELTIF-fylgisjóðnum.

37) Ákvæði reglugerðar (ESB) 2015/760 gera þá kröfu að rekstraraðili evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs birti upplýsingar um þóknanir sem tengjast fjárfestingu í evrópskum langtímafjárfestingarsjóði í lýsingu þess evrópska langtímafjárfestingarsjóðs. Hins vegar innihalda ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1286/2014 ([9]) einnig kröfur varðandi upplýsingagjöf um þóknanir. Til að auka gagnsæi um fyrirkomulag þóknana ætti að samræma kröfuna sem mælt er fyrir um í ákvæðum reglugerðar (ESB) 2015/760 við kröfuna sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 1286/2014.

38) Sem stendur er þess krafist í reglugerð (ESB) 2015/760 að rekstraraðilar evrópskra langtímafjárfestingarsjóða setji upp staðbundnar starfsstöðvar í hverju aðildarríki þar sem þeir hyggjast markaðssetja evrópska langtímafjárfestingarsjóði. Þó kröfur um að tilteknum verkefnum sé sinnt fyrir fjárfesta í öllum aðildarríkjum séu enn í gildi hefur krafan um að staðbundnar starfsstöðvar séu settar upp síðan verið felld niður með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1160 ([10]) að því er varðar verðbréfasjóði og sérhæfða sjóði sem eru markaðssettir til almennra fjárfesta þar sem slíkar staðbundnar starfsstöðvar skapa viðbótarkostnað og núning að því er varðar markaðssetningu evrópskra langtímafjárfestingarsjóða yfir landamæri. Enn fremur hefur æskilegur samskiptamáti við fjárfesta færst frá staðfundum á staðbundnum starfsstöðvum yfir í bein samskipti milli rekstraraðila eða dreifingaraðila sjóða og fjárfesta á rafrænan hátt. Að fella kröfuna út úr reglugerð (ESB) 2015/760 fyrir alla fjárfesta í evrópskum langtímafjárfestingarsjóðum væri því í samræmi við tilskipun (ESB) 2019/1160 og núverandi aðferðir við markaðssetningu á fjármálaafurðum og gæti stuðlað að því að evrópskir langtímafjárfestingarsjóðir verði meira aðlaðandi fyrir eignastýringaraðila sem myndu ekki lengur þurfa að leggja í kostnað vegna reksturs staðbundinna starfsstöðva. Því ætti að fella niður þá kröfu.

39) Þar sem hlutdeildarskírteini og hlutabréf evrópskra langtímafjárfestingarsjóða eru fjármálagerningar gilda reglur um afurðastjórnun úr tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB ([11]) þar sem evrópskir langtímafjárfestingarsjóðir eru markaðssettir með veitingu fjárfestingarþjónustu. Þó er einnig hægt að kaupa hlutdeildarskírteini eða hlutabréf evrópskra langtímafjárfestingarsjóða án þess að fjárfestingarþjónusta sé veitt. Til að ná yfir þessi tilvik er sem stendur gerð krafa í ákvæðum reglugerðar (ESB) 2015/760 um að rekstraraðilar evrópskra langtímafjárfestingarsjóða þrói innra matsferli evrópskra langtímafjárfestingarsjóða sem markaðssettir eru til almennra fjárfesta. Gildandi kerfi er innblásið af

([9]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1286/2014 frá 26. nóvember 2014 um lykilupplýsingaskjöl fyrir pakkaðar og vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta (PRIIP) (Stjtíð. ESB L 352, 9.12.2014, bls. 1).

([10]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1160 frá 20. júní 2019 um breytingu á tilskipunum 2009/65/EB og 2011/61/ESB að því er varðar dreifingu sjóða um sameiginlega fjárfestingu yfir landamæri (Stjtíð. ESB L 188, 12.7.2019, bls. 106).

([11]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB (Stjtíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349).

reglum um afurðastjórnun úr tilskipun 2014/65/ESB en er frábrugðið í ýmsum atriðum sem eru ekki rökstudd og gæti dregið úr fjárfestavernd. Því ætti að tilgreina að þær reglur um afurðastjórnun sem mælt er fyrir um í tilskipun 2014/65/ESB gilda. Skilja ber tilvísanir í tilskipun 2014/65/EB þannig að þær feli í sér beitingu framseldra gerða sem eru viðbót við tilskipunina.

40) Sem stendur er þess krafist í reglugerð (ESB) 2015/760 að dreifingaraðilar eða rekstraraðilar evrópskra langtímafjár festingarsjóða geri hæfismat að því er varðar almenna fjárfesta. Hins vegar er þegar mælt fyrir um þessa kröfur í 25. gr. tilskipunar 2014/65/ESB. Tvöföld krafa eykur stjórnsýslubyrði, sem leiðir til meiri kostnaðar fyrir almenna fjárfesta og dregur úr því að rekstraraðilar evrópskra langtímafjárfestingarsjóða bjóði almennum fjárfestum nýja evrópska langtímafjárfestingarsjóði. Því er nauðsynlegt að fjarlægja þessa tvöföldu kröfu úr reglugerð (ESB) 2015/760.

41) Til að tryggja mikla vernd almennra fjárfesta ætti að gera hæfismat án tillits til þess hvort almennir fjárfestar kaupa hlutdeildarskírteini eða hlutabréf evrópskra langtímafjárfestingarsjóða af dreifingaraðilum eða rekstraraðilum evrópskra langtímafjárfestingarsjóða eða á eftirmarkaði. Í samræmi við 2. mgr. 25. gr. tilskipunar 2014/65/ESB ætti hæfismat að samanstanda af upplýsingum um áætlaða tímalengd og tilgang fjárfestingar og áhættuþol almenna fjárfestisins, sem hluta af upplýsingum um fjárfestingarmarkmið og fjárhagsstöðu almenns fjárfestis, þ.m.t. getu viðkomandi til að þola tap. Senda ætti niðurstöður matsins til hinna almennu fjárfesta á formi yfirlýsingar um hæfi í samræmi við 6. mgr. 25. gr. tilskipunar 2014/65/ESB.

42) Þar að auki, í þeim tilvikum þar sem niðurstaða hæfismats er sú að evrópskur langtímafjárfestingarsjóður henti ekki fyrir almennan fjárfesti og slíkur fjárfestir vill engu að síður halda áfram með viðskiptin ætti að fá afdráttarlaust samþykki þess almenna fjárfestis áður en dreifingaraðili eða rekstraraðili evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs heldur viðskiptunum áfram.

43) Ákvæði reglugerðar (ESB) 2015/760 krefjast þess einnig að dreifingaraðilar eða rekstraraðilar evrópskra langtímafjárfestingarsjóða veiti tilhlýðilega fjárfestingarráðgjöf við markaðssetningu evrópskra langtímafjárfestingarsjóða til almennra fjárfesta. Skortur á nákvæmni í reglugerð (ESB) 2015/760 á því hvað telst vera tilhlýðileg fjárfestingaráðgjöf og skortur á millivísun í skilgreininguna á fjárfestingarráðgjöf í tilskipun 2014/65/ESB hefur leitt til skorts á réttarvissu og ruglings meðal dreifingaraðila og rekstraraðila evrópskra langtímafjárfestingarsjóða. Enn fremur krefst sú skylda að veita fjárfestingarráðgjöf þess að ytri dreifingaraðilar fái starfsleyfi samkvæmt tilskipun 2014/65/ESB við markaðssetningu evrópskra langtímafjárfestingarsjóða til almennra fjárfesta. Þetta skapar ónauðsynlegar hindranir á markaðssetningu evrópskra langtímafjárfestingarsjóða til slíkra fjárfesta og setur evrópskum langtímafjárfestingarsjóðum einnig strangari kröfur en gerðar eru um dreifingu annarra flókinna fjármálaafurða, þ.m.t. kröfurnar um verðbréfun sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2017/2402 og um víkjandi hæfar skuldbindingar sem mælt er fyrir um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB ([12]). Það er því ekki nauðsynlegt að skylda dreifingaraðila og rekstraraðila evrópskra langtímafjárfestingarsjóða til að veita almennum fjárfestum slíka fjárfestingarráðgjöf. Í ljósi mikilvægis þess að hafa jöfn samkeppnisskilyrði fyrir fjármálaafurðir þegar slíkar afurðir eru markaðssettar til endanlegra fjárfesta og að tryggja að þessi reglugerð feli m.a. í sér skilvirkar ráðstafanir til fjárfestaverndar ættu evrópskir langtímafjárfestingarsjóðir ekki að sæta óþarfa stjórnsýslu- og reglugerðarbyrði.

44) Til að tryggja skilvirkt eftirlit með beitingu krafna sem tengjast markaðssetningu evrópskra langtímafjárfestingarsjóða til almennra fjárfesta, ætti dreifingaraðili eða, þegar hlutdeildarskírteini eða hlutabréf í evrópskum langtímafjárfestingarsjóði eru boðin eða markaðssett beint til almenns fjárfestis, rekstraraðili evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins að falla undir reglur tilskipunar 2014/65/ESB um skráahald.

45) Sjái dreifingaraðili um að markaðssetja eða koma á markað evrópskum langtímafjárfestingarsjóðum til almennra fjárfesta ætti slíkur dreifingaraðili að fara að gildandi kröfum tilskipunar 2014/65/ESB og reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 ([13]). Til að tryggja réttaröryggi og forðast tvíverknað ætti krafan um hæfismat að teljast uppfyllt hafi almennur fjárfestir fengið fjárfestingarráðgjöf samkvæmt tilskipun 2014/65/ESB.

([12]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB frá 15. maí 2014 sem kemur á ramma um endurreisn og skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja og um breytingu á tilskipun ráðsins 82/891/EBE, og tilskipunum 2001/24/EB, 2002/47/EB, 2004/25/EB, 2005/56/EB, 2007/36/EB, 2011/35/ESB, 2012/30/ESB og 2013/36/ESB og reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 190).

([13]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á reglugerð ráðsins (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 84).

46) Það er viðtekin markaðsvenja að eignasafnsstjórar og háttsett starfsfólk rekstraraðila evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs séu skyldugir til eða þess vænst að þeir fjárfesti í evrópskum langtímafjárfestingarsjóðum sem eru undir stjórn sama rekstraraðila evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs. Gert er ráð fyrir að slíkir einstaklingar hafi reynslu af fjárfestingum og séu vel upplýstir um evrópska langtímafjárfestingarsjóðinn, því væri óþarfi að krefjast þess að þeir gangist undir hæfismat vegna fjárfestinga í evrópska langtímafjárfestingarsjóðnum. Því er rétt að krefjast þess ekki að dreifingaraðilar eða rekstraraðilar evrópskra langtímafjárfestingarsjóða geri hæfismat á slíkum einstaklingum.

47) Fyrir hugsanlega almenna fjárfesta með fjármálagerningasafn sem fer ekki yfir 500 000 evrur gerir reglugerð (ESB) 2015/760 eins og stendur kröfu um upphaflega lágmarksfjárfestingu í einum eða fleiri evrópskum langtímafjárfestingarsjóðum upp á 10 000 evrur og að slíkir fjárfestar fjárfesti ekki samanlagðri fjárhæð upp á yfir 10% af fjármálagerningasafni sínu í evrópskum langtímafjárfestingarsjóðum. Þegar þessum kröfum er beitt saman skapa upphafleg lágmarksfjárfesting upp á 10 000 evrur og 10% mörk á samanlagðri fjárfestingu umtalsverða hindrun fyrir fjárfestingar almennra fjárfesta í evrópskum langtímafjárfestingarsjóðum sem stangast á við markmiðið með evrópskum langtímafjárfestingarsjóðum um að koma á sérhæfðum sjóðum fyrir almenna fjárfesta. Því er nauðsynlegt að fella niður kröfuna um 10 000 evra upphaflega fjárfestingu og 10% mörk á samanlagðri fjárfestingu.

48) Sem stendur krefjast ákvæði reglugerðar (ESB) 2015/760 þess að fjárfestar hljóti jafna meðhöndlun og banna ívilnandi meðferð stakra fjárfesta eða hópa fjárfesta eða veitingu sérstaks fjárhagslegs ávinnings til þessara fjárfesta. Hins vegar geta evrópskir langtímafjárfestingarsjóðir verið með nokkra flokka hlutdeildarskírteina eða hlutabréfa með örlítið eða verulega ólík skilyrði að því er varðar gjöld, félagsform, reglur um markaðssetningu og aðrar kröfur. Til þess að taka tillit til þessa mismunar ættu þessar kröfur aðeins að gilda um staka fjárfesta eða hópa fjárfesta sem fjárfesta í sama flokki eða flokkum evrópskra langtímafjárfestingarsjóða.

49) Til þess að gefa rekstraraðilum evrópskra langtímafjárfestingarsjóða nægan tíma til að laga sig að kröfum þessarar reglugerðar, þ.m.t. þeim kröfum sem tengjast markaðssetningu evrópskra langtímafjárfestingarsjóða til fjárfesta, ætti þessi reglugerð að koma til framkvæmda níu mánuðum eftir að hún tekur gildi.

50) Vegna hugsanlegs illseljanleika hæfra eigna og langtímastefnumörkunar evrópskra langtímafjárfestingarsjóða geta evrópskir langtímafjárfestingarsjóðir lent í erfiðleikum með að hlíta hvers kyns breytingum á þeim sjóðsreglum og kröfum samkvæmt reglum sem gerðar eru á lífsferli þeirra, án þess að það hafi áhrif á traust og tiltrú fjárfesta þeirra. Því er nauðsynlegt að kveða á um umbreytingarákvæði að því er varðar þá evrópsku langtímafjárfestingarsjóði sem fengu starfsleyfi áður en þessi reglugerð kemur til framkvæmda. Hins vegar ættu slíkir evrópskir langtímafjárfestingarsjóðir einnig að geta valið hvort þeir falli undir þessa reglugerð, að því tilskildu að lögbæru yfirvaldi evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins berist tilkynning til samræmis við það.

51) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar reglugerðar, þ.e. að tryggja skilvirkan lagaramma fyrir rekstur evrópskra langtímafjárfestingarsjóða í Sambandinu öllu og stuðla að langtímafjárfestingum með því að afla og miðla fjármagni til langtímafjárfestinga í raunhagkerfinu í samræmi við markmið Sambandsins um snjallhagvöxt, sjálfbæran hagvöxt og hagvöxt fyrir alla, og markmiðunum verður betur náð á vettvangi Sambandsins vegna umfangs og aðgerða þessarar reglugerðar, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessum markmiðum.

52) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) 2015/760 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á reglugerð (ESB) 2015/760

Reglugerð (ESB) 2015/760 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi kemur í stað 2. mgr. 1. gr.:

„2. Markmið þessarar reglugerðar er að greiða fyrir öflun og dreifingu fjármagns til langtímafjárfestinga í raunhag kerfinu, þ.m.t. til fjárfestinga sem stuðla að Grænu samkomulagi í Evrópu og öðrum forgangssviðum, í samræmi við markmið Sambandsins um snjallhagvöxt, sjálfbæran hagvöxt og hagvöxt fyrir alla.“

2) Ákvæðum 2. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 6. liðar kemur eftirfarandi:

„6. „eign“: eign sem hefur innra virði vegna gerðar sinnar og eiginleika,“

b) Eftirfarandi lið er bætt við 7. lið:

„ca) endurtryggingafélag eins og það er skilgreint í 4. lið 13. gr. tilskipunar 2009/138/EB,“.

c) Eftirfarandi liðum er bætt við:

„14a) „einföld, gagnsæ og stöðluð verðbréfun“: verðbréfun sem uppfyllir þau skilyrði sem eru sett fram í 18. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2402 (*),

14b) „samstæða“: samstæða eins og hún er skilgreind í 11. lið 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB (**),

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2402 frá 12. desember 2017 um almennan ramma fyrir verðbréfun og gerð sértæks ramma fyrir einfalda, gagnsæja og staðlaða verðbréfun og um breytingu á tilskipunum 2009/65/EB, 2009/138/EB og 2011/61/ESB og reglugerðum (EB) nr. 1060/2009 og (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 347, 28.12.2017, bls. 35).

(**) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB frá 26. júní 2013 um árleg reikningsskil, samstæðu reikningsskil og tilheyrandi skýrslur tiltekinna tegunda fyrirtækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB og niðurfellingu tilskipana ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE (Stjtíð. ESB L 182, 29.6.2013, bls. 19).“

d) Eftirfarandi liðir bætast við:

„20) „ELTIF-fylgisjóður“: evrópskur langtímafjárfestingarsjóður, eða fjárfestingardeild innan hans, sem hefur heimild til að fjárfesta a.m.k. 85% af eignum sínum í hlutdeildarskírteinum eða hlutabréfum í öðrum evrópskum langtímafjárfestingarsjóði eða fjárfestingardeild evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs,

21) „ELTIF-höfuðsjóður“: evrópskur langtímafjárfestingarsjóður, eða fjárfestingardeild innan hans, þar sem annar evrópskur langtímafjárfestingarsjóður fjárfestir a.m.k. 85% eigna sinna í hlutdeildarskírteinum eða hlutabréfum.“

3) Eftirfarandi kemur í stað 3. mgr. 3. gr.:

„3. Lögbær yfirvöld evrópskra langtímafjárfestingarsjóða skulu, á ársfjórðungsgrundvelli, skýra Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni frá starfsleyfum sem veitt hafa verið eða dregin til baka samkvæmt þessari reglugerð og hvers kyns breytingum á upplýsingum um evrópskan langtímafjárfestingarsjóð sem settar eru fram í miðlægu opinberu skránni sem um getur í annarri undirgrein.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal halda uppfærða, miðlæga, opinbera skrá, sem tilgreinir fyrir sérhvern evrópskan langtímafjárfestingarsjóð sem hefur starfsleyfi samkvæmt þessari reglugerð:

a) auðkenni lögaðila (LEI-auðkenni) og landsauðkenniskóða evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs, þar sem hann er tiltækur,

b) nafn og heimilisfang rekstraraðila evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs og LEI-auðkenni þess rekstraraðila, ef það er fyrir hendi,

c) ISIN-númer evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs og sérhvers sérstaks hlutdeildarskírteinis- eða hlutabréfaflokks, ef það liggur fyrir,

d) LEI-auðkenni ELTIF-höfuðsjóðsins, ef það liggur fyrir,

e) LEI-auðkenni fylgisjóðs, ef það liggur fyrir,

f) lögbært yfirvald evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs og heimaaðildarríki hans,

g) aðildarríkin þar sem evrópski langtímafjárfestingarsjóðurinn er markaðssettur,

h) hvort hægt sé að markaðssetja evrópskan langtímafjárfestingarsjóð til almennra fjárfesta eða einungis til fagfjárfesta,

i) dagsetningu starfsleyfis evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs,

j) dagsetningu þegar markaðssetning evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs hófst,

k) dagsetningu nýjustu uppfærslu Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar á upplýsingum um evrópskan langtímafjárfestingarsjóð.

Miðlæga opinbera skráin skal gerð aðgengileg á rafrænu formi.“

4) Ákvæðum 5. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað annarrar undirgreinar 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„Umsókn um starfsleyfi sem evrópskur langtímafjárfestingarsjóður skal innihalda allt eftirfarandi:

a) sjóðsreglur eða stofnsamninga,

b) nafn fyrirhugaðs rekstraraðila evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins,

c) nafn vörsluaðila og, ef þess er óskað af lögbæru yfirvaldi evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs sem hægt er að markaðssetja til almennra fjárfesta, skriflegan samning við vörsluaðilann,

d) lýsingu á upplýsingum sem gera á fjárfestum aðgengilegar, þ.m.t. lýsingu á fyrirkomulagi við meðhöndlun kvartana sem almennir fjárfestar leggja fram, þar sem hægt er að markaðssetja evrópskan langtímafjárfestingarsjóð til almennra fjárfesta,

e) eftir atvikum, eftirfarandi upplýsingar um skipan höfuðsjóða og fylgisjóða evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins:

i. yfirlýsing um að ELTIF-fylgisjóðurinn sé fylgisjóður við ELTIF-höfuðsjóð,

ii. sjóðsreglur eða stofnsamninga ELTIF-höfuðsjóðsins og samkomulag milli fylgisjóðsins og höfuðsjóðsins eða innri reglur um viðskiptahætti, sem um getur í 6. mgr. 29. gr.,

iii. ef ELTIF-höfuðsjóðurinn og ELTIF-fylgisjóðurinn hafa mismunandi vörsluaðila, samning um upplýsingaskipti sem um getur í 7. mgr. 29. gr.,

iv. ef ELTIF-fylgisjóðurinn hefur staðfestu í öðru aðildarríki en heimaaðildarríki höfuðsjóðs, staðfesting lögbærs yfirvalds í aðildarríki höfuðsjóðsins á að höfuðsjóðurinn sé evrópskur langtímafjárfestingarsjóður sem fylgisjóðurinn leggur fram.“

b) Í stað inngangshlutans í annarri undirgrein 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„Án þess að hafa áhrif á 1. mgr. skal rekstraraðili sérhæfðra sjóða innan ESB, sem sækir um að stjórna evrópskum langtímafjárfestingarsjóði sem hefur staðfestu í öðru aðildarríki veita lögbæru yfirvaldi evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins eftirfarandi gögn:“.

c) Í stað 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„3. Innan tveggja mánaða frá framlagningardegi fullgerðrar umsóknar skal upplýsa umsækjendur um hvort starfsleyfi sem evrópskur langtímafjárfestingarsjóður hafi verið veitt.“

d) Í stað b-liðar annarrar undirgreinar 5. mgr. kemur eftirfarandi:

„b) lýsingu á upplýsingum sem gera á almennum fjárfestum aðgengilegar, þ.m.t. lýsingu á fyrirkomulagi við meðhöndlun kvartana sem almennir fjárfestar leggja fram, ef hægt er að markaðssetja evrópskan langtímafjárfestingarsjóð til almennra fjárfesta,“.

5) Í stað 10. gr. kemur eftirfarandi:

„10. gr.

Hæfar fjárfestingareignir

1. Eign, sem um getur í a-lið 1. mgr. 9. gr., skal aðeins vera hæf til fjárfestingar evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs falli hún í einn af eftirtöldum flokkum:

a) eiginfjárgerningar eða ígildi eiginfjárgerninga sem:

i. fjárfestingarhæft fyrirtæki, eins og um getur í 11. gr., hefur gefið út og evrópski langtímafjárfestingarsjóðurinn hefur keypt af fjárfestingarhæfa fyrirtækinu eða þriðja aðila á eftirmarkaði,

ii. fjárfestingarhæft fyrirtæki, eins og um getur í 11. gr., hefur gefið út í skiptum fyrir eiginfjárgerning eða ígildi eiginfjárgernings sem evrópski langtímafjárfestingarsjóðurinn hefur áður keypt af fjárfestingarhæfa fyrirtækinu eða þriðja aðila á eftirmarkaði,

iii. fyrirtæki, sem fjárfestingarhæft fyrirtæki, eins og um getur í 11. gr., á hlutafjárhlutdeild í, hefur gefið út í skiptum fyrir eiginfjárgerning eða ígildi eiginfjárgernings sem evrópski langtímafjárfestingarsjóðurinn hefur keypt í samræmi við i. eða ii. lið þessa a-liðar,

b) skuldagerningar sem fjárfestingarhæft fyrirtæki, eins og um getur í 11. gr., gefur út,

c) lán sem evrópski langtímafjárfestingarsjóðurinn veitir fjárfestingarhæfu fyrirtæki, eins og um getur í 11. gr., með lánstíma sem er ekki lengri en líftími evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins,

d) hlutdeildarskírteini eða hlutabréf í einum eða nokkrum öðrum evrópskum langtímafjárfestingarsjóðum, evrópskum áhættufjármagnssjóðum, evrópskum félagslegum framtakssjóðum, verðbréfasjóðum og sérhæfðum sjóðum innan ESB í umsjón rekstraraðila sérhæfðra sjóða innan ESB, að því tilskildu að þessir evrópsku langtímafjárfestingarsjóðir, evrópsku áhættufjármagnssjóðir, evrópsku félagslegu framtakssjóðir, verðbréfasjóðir og sérhæfðu sjóðir innan ESB fjárfesti í hæfum fjárfestingum, eins og um getur í 1. og 2. mgr. 9. gr., og hafi ekki sjálfir fjárfest meira en 10% eigna sinna í neinum öðrum sjóði um sameiginlega fjárfestingu,

e) eignir,

f) einfaldar, gagnsæjar og staðlaðar verðbréfanir þar sem undirliggjandi áhættuskuldbindingar samsvara einum af eftirfarandi flokkum:

i. eignir sem eru taldar eru upp í i., ii. eða iv. lið a-liðar 1. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1851 (*),

ii. eignir sem eru taldar upp í vii. eða viii. lið a-liðar 1. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/1851, að því tilskildu að ágóði af verðbréfunarskuldabréfum sé notaður í fjármögnun eða endurfjármögnun á langtímafjárfestingum,

g) skuldabréf, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins um evrópsk græn skuldabréf, sem fjárfestingarhæft fyrirtæki, sem um getur í 11. gr., gefur út.

Mörkin sem mælt er fyrir um í d-lið fyrstu undirgreinar skulu ekki gilda um ELTIF-fylgisjóði.

2. Til að ákvarða hvort fjárfestingartakmörkununum sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 13. gr. sé hlítt skal eingöngu tekið tillit til fjárfestinga evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs í hlutdeildarskírteinum eða hlutabréfum í evrópskum langtímafjárfestingarsjóðum, evrópskum áhættufjármagnssjóðum, evrópskum félagslegum framtakssjóðum, verðbréfasjóðum og sérhæfðum sjóðum innan ESB í umsjón rekstraraðila sérhæfðra sjóða innan ESB að því marki sem nemur fjárhæð fjárfestinga þessara sjóða um sameiginlega fjárfestingu í þeim hæfu fjárfestingareignum, sem um getur í a-, b-, c-, e-, f- og g-liðum fyrstu undirgreinar 1. mgr. þessarar greinar.

Til að ákvarða hvort fjárfestingartakmörkunum og öðrum takmörkunum sem mælt er fyrir um í 13. gr. og 1. mgr. 16. gr. sé hlítt skal leggja saman eignir og lántökustöðu evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu sem sá evrópski langtímafjárfestingarsjóður hefur fjárfest í.

Þegar ákvarðað er hvort fjárfestingartakmörkunum og öðrum mörkum sem mælt er fyrir um í 13. gr. og 1. mgr. 16. gr. sé hlítt í samræmi við þessa málsgrein skal það gert á grundvelli upplýsinga sem eru uppfærðar á a.m.k. ársfjórðungsgrundvelli og, ef þær upplýsingar eru ekki tiltækar á ársfjórðungsgrundvelli, á grundvelli nýjustu tiltæku upplýsinga.

(*) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1851 frá 28. maí 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2402 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um einsleitni undirliggjandi áhættuskuldbindinga í verðbréfun (Stjtíð. ESB L 285, 6.11.2019, bls. 1).“

6) Eftirfarandi kemur í stað 1. mgr. 11. gr.:

„1. Fjárfestingarhæft fyrirtæki skal vera fyrirtæki sem uppfyllir eftirfarandi kröfur á þeim tíma sem upphafleg fjárfesting er gerð:

a) það er ekki fyrirtæki á fjármálamarkaði, nema:

i. það sé fyrirtæki á fjármálamarkaði sem er ekki eignarhaldsfélag á fjármálasviði eða blandað eignarhaldsfélag, og

ii. þetta fyrirtæki á fjármálamarkaði hafi fengið starfsleyfi eða verið skráð ekki meira en 5 árum fyrir dagsetningu upphaflegrar fjárfestingar,

b) það er fyrirtæki sem:

i. er hvorki tekið til viðskipta á skipulegum markaði né markaðstorgi fjármálagerninga eða

ii. er tekið til viðskipta á skipulegum markaði eða á markaðstorgi fjármálagerninga og er í mesta lagi 1 500 000 000 evrur að markaðsverðmæti,

c) er með staðfestu í aðildarríki eða þriðja landi, að því tilskildu að viðkomandi þriðja land:

i. sé ekki tilgreint sem áhættusamt þriðja land sem skráð er í framselda gerð sem var samþykkt skv. 2. mgr. 9. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 (*),

ii. sé ekki nefnt í I. viðauka við ályktanir ráðsins um endurskoðaðan lista Sambandsins yfir ósamvinnuþýð lögsagnarumdæmi í skattalegu tilliti.

(*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 frá 20. maí 2015 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvættis eða til fjármögnunar hryðjuverka, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins ESB nr. 648/2012, og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/70/EB (Stjtíð. ESB L 141, 5.6.2015, bls. 73).“

7) Í stað 12. gr. kemur eftirfarandi:

„12. gr.

Hagsmunaárekstrar

1. Evrópskur langtímafjárfestingarsjóður skal ekki fjárfesta í hæfri fjárfestingareign sem rekstraraðili evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs á beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta í, nema með eignarhaldi á hlutdeildarskírteinum eða hlutabréfum í evrópskum langtímafjárfestingarsjóðum, evrópskum félagslegum framtakssjóðum, evrópskum áhættufjármagnssjóðum, verðbréfasjóðum eða sérhæfðum sjóðum innan ESB sem rekstraraðili evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins stýrir.

2. Rekstraraðili sérhæfðs sjóðs í ESB sem stýrir evrópskum langtímafjárfestingarsjóði og fyrirtækjum sem tilheyra sömu samstæðu og rekstraraðilinn og starfsfólk hans geta fjárfest saman í þeim evrópska langtímafjárfestingarsjóði og fjárfest með evrópska langtímafjárfestingarsjóðnum í sömu eign, að því tilskildu að rekstraraðili evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins hafi komið á skipulags- og stjórnunarfyrirkomulagi sem er mótað til að greina, hindra, stjórna og hafa eftirlit með hagsmunaárekstrum og að því tilskildu að upplýsingar um slíka hagsmunaárekstra séu birtar á viðeigandi hátt.“

8) Í stað 13., 14., 15. og 16. gr. kemur eftirfarandi:

„13. gr.

Samsetning og fjölbreytileiki eignasafna

1. Evrópskur langtímafjárfestingarsjóður skal fjárfesta a.m.k. 55% hlutafjár síns í hæfum fjárfestingareignum.

2. Evrópskur langtímafjárfestingarsjóður skal ekki fjárfesta meira en sem nemur:

a) 20% af hlutafé sínu í gerningum sem stakt fjárfestingarhæft fyrirtæki gefur út eða lánum til staks fjárfestingarhæfs fyrirtækis,

b) 20% af hlutafé sínu í stakri eign,

c) 20% af hlutafé sínu í hlutdeildarskírteinum eða hlutabréfum í einstökum evrópskum langtímafjárfestingarsjóði, evrópskum áhættufjármagnssjóði, evrópskum félagslegum framtakssjóði, verðbréfasjóði eða sérhæfðum sjóði innan ESB sem rekstraraðili sérhæfðs sjóðs innan ESB stýrir,

d) 10% af hlutafé sínu í eignum sem um getur í b-lið 1. mgr. 9. gr. þegar stakur aðili hefur gefið út þessar eignir.

3. Samanlagt virði einfaldrar, gagnsærrar og staðlaðrar verðbréfunar í eignasafni evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs skal ekki vera hærra en 20% af virði hlutafjár evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins.

4. Samanlögð áhættuskuldbinding gagnvart mótaðila evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins vegna viðskipta utan viðskiptavettvangs (viðskipta með OTC-afleiður), endurhverfra verðbréfakaupa eða endurhverfrar verðbréfasölu skal ekki vera hærri en 10% af virði hlutafjár evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins.

5. Þrátt fyrir d-lið 2. mgr. er evrópskum langtímafjárfestingarsjóði heimilt að hækka 10% mörkin, sem þar er mælt fyrir um, í 25% þegar um er að ræða skuldabréf útgefin af lánastofnun sem hefur skráða skrifstofu sína í aðildarríki og sem sætir, samkvæmt lögum, sérstöku opinberu eftirliti sem ætlað er að vernda eigendur skuldabréfa. Andvirði slíkra skuldabréfa skal samkvæmt lögum einkum notað til fjárfestinga í eignum sem staðið geta undir kröfum sem eru bundnar bréfunum allan gildistíma þeirra og skal endurgreiðsla höfuðstóls og áfallinna vaxta hafa forgang af andvirði eignanna ef útgefandi skuldabréfanna stendur ekki í skilum.

6. Félög, sem teljast til sömu samstæðu að því er varðar samstæðureikningsskil eins og reglur hafa verið settar um í tilskipun 2013/34/ESB eða í samræmi við viðurkenndar alþjóðlegar reikningsskilareglur, skulu teljast eitt fjárfestingarhæft fyrirtæki eða einn aðili að því er varðar útreikning á mörkunum sem um getur í 1.–5. mgr. þessarar greinar.

7. Fjárfestingartakmarkanirnar sem settar eru fram í 2.–4. mgr. skulu ekki gilda ef evrópskir langtímafjárfestingarsjóðir eru markaðssettir eingöngu fyrir fagfjárfesta. Fjárfestingartakmarkanirnar sem settar eru fram í c-lið 2. mgr. skulu ekki gilda ef evrópskur langtímafjárfestingarsjóður er fylgisjóður.

14. gr.

Leiðréttingar á fjárfestingarstöðum

Ef evrópskur langtímafjárfestingarsjóður brýtur gegn kröfunum um samsetningu og fjölbreytileika eignasafna sem settar eru fram í 13. gr. eða lántökutakmörkununum sem settar eru fram í a-lið 1. mgr. 16. gr., og rekstraraðili sjóðsins fær ekki við brotið ráðið skal rekstraraðili evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins, innan viðeigandi tímabils, grípa til nauðsynlegra aðgerða til að leiðrétta stöðuna og taka tilhlýðilegt tillit til hagsmuna fjárfesta í evrópska langtímafjárfestingarsjóðnum.

15. gr.

Samþjöppunarmörk

1. Evrópskum langtímafjárfestingarsjóði er ekki heimilt að eignast meira en 30% hlutdeildarskírteina eða hlutabréfa í einstökum evrópskum langtímafjárfestingarsjóði, evrópskum, áhættufjármagnssjóði, evrópskum félagslegum framtaks-sjóði, verðbréfasjóði eða sérhæfðum sjóði innan ESB sem rekstraraðili sérhæfðs sjóðs innan ESB stjórnar. Þessi mörk skulu ekki gilda ef evrópskir langtímafjárfestingarsjóðir eru markaðssettir eingöngu fyrir fagfjárfesta og þau skulu ekki heldur gilda um ELTIF-fylgisjóð sem fjárfestir í ELTIF-höfuðsjóði sínum.

2. Samþjöppunarmörkin sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 56. gr. tilskipunar 2009/65/EB skulu gilda um fjárfestingar í eignum sem um getur í b-lið 1. mgr. 9. gr. þessarar reglugerðar, nema þegar evrópskir langtímafjárfestingarsjóðir eru markaðssettir eingöngu til fagfjárfesta.

16. gr.

Lántaka í reiðufé

1. Evrópskum langtímafjárfestingarsjóði er heimilt að taka reiðufé að láni að því tilskildu að slíkt lán uppfylli öll eftirfarandi skilyrði:

a) það sé ekki hærra en 50% af innra virði evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs ef um er að ræða evrópska langtímafjárfestingarsjóði sem hægt er að markaðssetja fyrir almennra fjárfesta og ekki hærra en 100% af verðmæti hreinnar eignar evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs ef um er að ræða evrópska langtímafjárfestingarsjóði sem eru eingöngu markaðssettir fyrir fagfjárfesta,

b) það þjóni þeim tilgangi að gera fjárfestingar eða útvega lausafé, þ.m.t. til að greiða kostnað og útgjöld, að því tilskildu að handbært fé eða ígildi þess í evrópskum langtímafjárfestingarsjóði sé ekki nægilegt til að gera viðkomandi fjárfestingu,

c) samið sé um það í sama gjaldmiðli og eignirnar sem á að kaupa með reiðufénu sem tekið er að láni, eða í öðrum gjaldmiðli ef gjaldmiðlaáhættan hefur verið varin á viðeigandi hátt,

d) lánstími þess sé ekki lengri en líftími evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins.

Þegar evrópskur langtímafjárfestingarsjóður tekur lán getur hann kvaðabundið eignir til að framkvæma lántökuáætlun sína.

Lántökufyrirkomulag sem fellur að fullu undir fjármagnsframlög fjárfesta skal ekki teljast til lántöku að því er varðar þessa málsgrein.

2. Í lýsingu evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs skal rekstraraðili hans tilgreina hvort sjóðurinn hyggist taka lán í reiðufé sem hluta af fjárfestingaráætlun sjóðsins og ef svo er skal hann í henni einnig tilgreina lántökutakmarkanirnar.

3. Lántökutakmarkanirnar sem tilgreina ber í lýsingunni, eins og um getur 2. mgr., skulu aðeins gilda frá og með dagsetningunni sem er tilgreind í reglum eða stofnsamningum evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins. Sú dagsetningin skal vera eigi síðar en þremur árum eftir dagsetninguna þegar markaðssetning evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs hófst.

4. Lántökutakmarkanirnar sem um getur í a-lið 1. mgr. skulu felldar tímabundið úr gildi ef evrópskur langtímafjár festingarsjóður aflar viðbótarfjármagns eða lækkar fyrirliggjandi hlutafé. Slík tímabundin niðurfelling skal takmarkast við tímabilið sem er bráðnauðsynlegt, að teknu tilhlýðilegu tilliti til hagsmuna fjárfesta evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs, og skal í öllum tilvikum ekki vara lengur en í 12 mánuði.“

9) Í stað fyrstu undirgreinar 1. mgr. 17. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Kröfurnar um samsetningu og fjölbreytileika eignasafna sem mælt er fyrir um í 13. gr. skulu:

a) gilda frá og með þeirri dagsetningu sem tilgreind er í reglum eða stofnsamningum evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs,

b) falla úr gildi þegar evrópskur langtímafjárfestingarsjóður hefur sölu á eignum til að innleysa hlutdeildarskírteini eða hlutabréf fjárfesta eftir að líftíma sjóðsins lýkur,

c) felldar tímabundið úr gildi þegar evrópskur langtímafjárfestingarsjóður aflar viðbótarfjármagns eða lækkar fyrirliggjandi hlutafé, svo framarlega sem slík tímabundin niðurfelling varir ekki lengur en 12 mánuði.“

10) Í stað 18. gr. kemur eftirfarandi:

„18. gr.

Innlausn hlutdeildarskírteina eða hlutabréfa í evrópskum langtímafjárfestingarsjóðum

1. Fjárfestar í evrópskum langtímafjárfestingarsjóði skulu ekki geta farið fram á innlausn hlutdeildarskírteina sinna eða hlutabréfa fyrir lok líftíma sjóðsins. Innlausnir til fjárfesta skulu vera mögulegar frá og með deginum eftir dagsetninguna þegar líftíma evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs lýkur.

Reglur eða stofnsamningar evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs skulu tilgreina með skýrum hætti tiltekna dagsetningu þegar líftíma evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins lýkur og mega kveða á um rétt til að framlengja tímabundið líftíma hans og skilyrði fyrir að beita slíkum rétti.

Reglur eða stofnsamningar evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs og upplýsingagjöf til fjárfesta skulu mæla fyrir um verklag við innlausn hlutdeildarskírteina eða hlutabréfa og sölu eigna og tilgreina með skýrum hætti að innlausnir til fjárfesta skuli vera mögulegar daginn eftir dagsetninguna þegar líftíma evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins lýkur.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. þessarar greinar geta reglur og stofnsamningar evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs kveðið á um mögulega innlausn á líftíma sjóðsins, að því tilskildu að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) innlausnir séu ekki leyfðar fyrir lok lágmarkseignatímabils eða á undan dagsetningunni sem er tilgreind í a-lið 1. mgr. 17. gr.,

b) að þegar starfsleyfi er gefið út og allan líftíma evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins geti rekstraraðili hans sýnt lögbæru yfirvaldi sjóðsins fram á að til staðar séu viðeigandi innlausnarstefna og lausafjárstýringartæki sem eru samrýmanleg langtímafjárfestingarstefnu evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins,

c) innlausnarstefna evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins tilgreini verklagsreglur og skilyrði fyrir innlausnum með skýrum hætti,

d) innlausnarstefna evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins tryggi að innlausnir takmarkist við það hlutfall eigna evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins sem um getur í b-lið 1. mgr. 9. gr.,

e) að innlausnarstefna evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins tryggi að fjárfestar fái sanngjarna meðhöndlun og að innlausnir séu veittar í réttu hlutfalli ef fjárhæð beiðna um innlausnir er hærri en hundraðshlutinn sem um getur í d-lið þessarar undirgreinar.

Skilyrði lágmarkseignartímabilsins sem um getur í a-lið fyrstu undirgreinar skal ekki gilda um ELTIF-fylgisjóði sem fjárfesta í ELTIF-höfuðsjóðum sínum.

3. Líftími evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs skal vera í samræmi við langtímaeðli sjóðsins og samrýmast lífsferlum hverrar einstakrar eignar sjóðsins, mælt í samræmi við hve illseljanleg eignin er og fjárhagslegan lífsferil hennar, einnig yfirlýst fjárfestingarmarkmið evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins.

4. Fjárfestar skulu ætíð eiga kost á endurgreiðslu í reiðufé.

5. Endurgreiðsla með afhendingu eigna evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs skal aðeins vera möguleg að uppfylltum öllum eftirfarandi skilyrðum:

a) reglur eða stofnsamningar evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins bjóða þennan möguleika, að því tilskildu að fjárfestar fái allir sanngjarna meðhöndlun,

b) fjárfestir biður skriflega um að fá endurgreitt með hlut í eignum evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins,

c) engar sértækar reglur takmarki framsal þessara eigna.

6. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina við hvaða aðstæður líftími evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs telst samrýmanlegur við lífsferla hverrar einstakrar eignar sjóðsins, eins og um getur í 3. mgr.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal einnig semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina eftirfarandi:

a) viðmiðanir fyrir ákvörðun lágmarkseignarhaldstímabilsins sem um getur í a-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr.,

b) þær lágmarksupplýsingar sem ber að veita lögbæru yfirvaldi evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs skv. b-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr.,

c) þær kröfur sem evrópskur langtímafjárfestingarsjóður þarf að uppfylla með tilliti til innlausnarstefnu sinnar og lausafjárstýringartækja sem um getur í b- og c-liðum fyrstu undirgreinar 2. mgr. og

d) viðmiðanir fyrir mati á hlutfallinu sem um getur í d-lið fyrstu undirgreinar 2. gr., að teknu tilliti til m.a. vænts sjóðstreymis og skuldbindinga evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem um getur í fyrstu og annarri undirgrein fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 10. janúar 2024.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu og annarri undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.“

11) Ákvæðum 19. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Reglur og stofnsamningar evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs skulu ekki koma í veg fyrir að fjárfestar framselji án takmarkana hlutdeildarskírteini sín eða hlutabréf til þriðja aðila, annarra en rekstraraðila evrópska langtíma-fjárfestingarsjóðsins, með fyrirvara um gildandi kröfur samkvæmt reglum og þau skilyrði sem sett eru fram í lýsingu evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins.“

b) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„2a. Á líftíma evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs geta reglur eða stofnsamningar hans kveðið á um möguleika á pörun beiðna útgöngufjárfesta, að fullu eða hluta, um framsal á hlutdeildarskírteinum eða hlutabréfum í evrópska langtímafjárfestingarsjóðnum við beiðnir hugsanlegra fjárfesta um framsal, að því tilskildu að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) rekstraraðili evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs sé með stefnu um pörun beiðna þar sem kveðið er skýrt á um allt eftirfarandi:

i. framsalsferli fyrir bæði útgöngufjárfesta og hugsanlega fjárfesta,

ii. hlutverk rekstraraðila evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins eða sjóðsstjóra við framkvæmd framsals og við pörun beiðna,

iii. tímabilin þegar útgöngufjárfestar og hugsanlegir fjárfestar geta óskað eftir framsali á hlutdeildarskírteinum eða hlutabréfum í evrópska langtímafjárfestingarsjóðnum,

iv. reglurnar sem ákvarða framkvæmdarverð,

v. reglurnar sem ákvarða hlutfallsskilyrði,

vi. tímasetningu og eðli upplýsingagjafar að því er varðar framsalsferlið,

vii. þóknanir, kostnað og gjöld, ef einhver eru, sem tengist framsalsferlinu,

b) stefna og verklagsreglur við pörun beiðna útgöngufjárfesta evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins við beiðnir hugsanlegra fjárfesta tryggi að allir fjárfestar fái sanngjarna meðhöndlun og, ef misræmi er á milli útgöngufjárfesta og hugsanlegra fjárfesta, að pörun sé gerð á hlutfallslegum grundvelli,

c) pörun beiðna geri rekstraraðila evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins kleift að vakta lausafjáráhættu sjóðsins og pörunin sé samrýmanleg við langtímafjárfestingaráætlun evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins.“

c) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„5. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina aðstæður fyrir notkun pörunar, sem kveðið er á um í 2. mgr. a, þ.m.t. þær upplýsingar sem evrópskir langtímafjárfestingarsjóðir þurfa að veita fjárfestum.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem um getur í fyrstu undirgrein fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 10. janúar 2024.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10. til 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.“

12) Eftirfarandi kemur í stað 1. mgr. 21. gr.:

„1. Evrópskur langtímafjárfestingarsjóður skal tilkynna lögbæru yfirvaldi evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins um skipulega sölu eigna sinna til að innleysa hlutdeildarskírteini eða hlutabréf fjárfesta eftir að líftíma sjóðsins lýkur, í síðasta lagi ári fyrir dagsetninguna þegar líftíma sjóðsins lýkur. Að beiðni lögbærs yfirvalds evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs skal evrópski langtímafjárfestingarsjóðurinn leggja sundurliðaða áætlun um skipulega sölu eigna sinna fyrir lögbæra yfirvaldið.“

13) Eftirfarandi kemur í stað 3. mgr. 22. gr.:

„3. Evrópskur langtímafjárfestingarsjóður getur minnkað hlutafé sitt í réttu hlutfalli ef sala eignar kemur til á líftíma sjóðsins, að því tilskildu að rekstraraðili sjóðsins telji fortakslaust að slík úthlutun sé í þágu hagsmuna fjárfesta.“

14) Ákvæðum 23. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað b-liðar 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„b) upplýsingar sem lokaðir sjóðir um sameiginlega fjárfestingu verða að birta í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1129 (*),

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1129 frá 14. júní 2017 um lýsingu sem birta skal þegar verðbréf eru boðin í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði og um niðurfellingu á tilskipun 2003/71/EB (Stjtíð. ESB L 168, 30.6.2017, bls. 12).“

b) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„3a. Í lýsingu ELTIF-fylgisjóðs skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram:

a) yfirlýsing um að ELTIF-fylgisjóðurinn sé fylgisjóður ELTIF-höfuðsjóðs og fjárfesti sem slíkur varanlega 85% eða meira af eignum sínum í hlutdeildarskírteinum eða hlutabréfum þess höfuðsjóðs,

b) fjárfestingarmarkmið og -stefna ELTIF-fylgisjóðsins, þ.m.t. áhættulýsing og hvort afkoma hans og höfuðsjóðs hans sé sú sama, eða að hvaða marki og af hvaða ástæðum þær eru ólíkar,

c) stutt lýsing á ELTIF-höfuðsjóðnum, skipulagi hans, fjárfestingarmarkmiðum hans og stefnu, þ.m.t. áhættulýsingu, og tilgreining á því hvernig hægt er að nálgast lýsingu hans,

d) samantekt samkomulags sem gert var á milli ELTIF-fylgisjóðsins og höfuðsjóðs hans eða innri reglna um viðskiptahætti, sem um getur í 6. mgr. 29. gr.,

e) hvernig handhafar hlutdeildarskírteina eða hluthafar geta fengið nánari upplýsingar um ELTIF-höfuðsjóðinn og samkomulagið sem gert var milli fylgisjóðsins og höfuðsjóðsins sem um getur í 6. mgr. 29. gr.,

f) lýsing á öllum þóknunum eða endurgreiðslum kostnaðar sem ELTIF-fylgisjóði ber að greiða vegna fjárfestingar í hlutdeildarskírteinum eða hlutabréfum ELTIF-höfuðsjóðsins, sem og samanlögð gjöld fylgisjóðsins og höfuðsjóðs hans.“

c) Eftirfarandi undirgrein bætist við 5. mgr.:

„Ef evrópski langtímafjárfestingarsjóðurinn er markaðssettur fyrir almennra fjárfesta skal rekstraraðili evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins hafa með í ársskýrslu fylgisjóðsins yfirlýsingu um samanlögð gjöld ELTIF-fylgisjóðsins og ELTIF-höfuðsjóðsins. Í ársskýrslu ELTIF-fylgisjóðsins skal tilgreina hvernig hægt er að nálgast ársskýrslu ELTIF-höfuðsjóðsins.“

15) Eftirfarandi kemur í stað 2. mgr. 25. gr.:

„2. Í lýsingunni skal birta heildarhlutfall kostnaðar evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins.“

16) Ákvæði 26. gr. fellur brott.

17) Í stað 27. gr. kemur eftirfarandi:

„27. gr.

Innra matsferli evrópskra langtímafjárfestingarsjóða sem hægt er að markaðssetja fyrir almenna fjárfesta

Rekstraraðili evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs, sem hægt er að markaðssetja hlutdeildarskírteini eða hlutabréf í til almennra fjárfesta, skal lúta kröfunum sem mælt er fyrir um í annarri til fimmtu og sjöundu undirgrein 3. mgr. 16. gr. tilskipunar 2014/65/ESB og í 2. mgr. 24. gr. þeirrar tilskipunar.“

18) Ákvæði 28. gr. fellur brott.

19) Eftirfarandi málsgreinar bætast við 29. gr.:

„6. Ef um er að ræða skipan höfuðsjóða og fylgisjóða skal ELTIF-höfuðsjóðurinn veita ELTIF-fylgisjóðnum öll nauðsynleg skjöl og upplýsingar til að sá síðarnefndi uppfylli kröfur þessarar reglugerðar. Í því skyni skal ELTIF-fylgisjóðurinn gera samkomulag við ELTIF-höfuðsjóðinn.

Samkomulagið sem um getur í fyrstu undirgrein skal gert aðgengilegt öllum handhöfum hlutdeildarskírteina og hluthöfum án endurgjalds, sé þess óskað. Ef ELTIF-höfuðsjóðurinn og ELTIF-fylgisjóðurinn eru báðir undir stjórn sama rekstraraðila er hægt að skipta samkomulaginu út fyrir innri reglur um viðskiptahætti, sem tryggir að farið sé að kröfum þessarar málsgreinar.

7. Ef ELTIF-höfuðsjóðurinn og ELTIF-fylgisjóðurinn eru með mismunandi vörsluaðila skulu vörsluaðilarnir gera með sér samning um upplýsingaskipti til að tryggja að báðir vörsluaðilar standi við skuldbindingar sínar. ELTIF-fylgisjóðurinn skal ekki fjárfesta í hlutdeildarskírteinum eða hlutabréfum ELTIF-höfuðsjóðsins fyrr en samkomulag um slíkt hefur tekið gildi.

Ef vörsluaðili ELTIF-höfuðsjóðsins og vörsluaðili ELTIF-fylgisjóðsins uppfylla kröfur þessarar málsgreinar skal hvorugur þeirra teljast hafa brotið neinar reglur sem takmarka upplýsingagjöf eða tengjast gagnavernd ef kveðið er á um slíkar reglur í samningi eða lögum, reglugerð eða stjórnsýsluákvæði. Slík hlítni skal ekki leggja neina bótaábyrgð á herðar vörsluaðila eða neins einstaklings sem kemur fram fyrir hans hönd.

ELTIF-fylgisjóður eða, eftir atvikum, rekstraraðili fylgisjóðsins, skal bera ábyrgð á því að miðla öllum þeim upplýsingum um ELTIF-höfuðsjóðinn til vörsluaðila fylgisjóðsins sem nauðsynlegar eru til að vörsluaðili fylgisjóðsins geti sinnt skyldum sínum. Vörsluaðili ELTIF-höfuðsjóðsins skal tafarlaust tilkynna lögbærum yfirvöldum í heimaaðildarríki höfuðsjóðsins um ELTIF-höfuðsjóðinn, ELTIF-fylgisjóðinn eða, eftir atvikum, rekstraraðila og vörsluaðila fylgisjóðsins um hvers kyns frávik sem hann greinir að því er varðar ELTIF-höfuðsjóðinn sem teljast hafa neikvæð áhrif á ELTIF-fylgisjóðinn.“

20) Í stað 30. gr. kemur eftirfarandi:

„30. gr.

Sértækar kröfur að því er varðar dreifingu og markaðssetningu evrópskra langtímafjárfestingarsjóða til almennra fjárfesta

1. Eingöngu er hægt að markaðssetja hlutdeildarskírteini eða hlutabréf evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs til almenns fjárfestis ef gert hefur verið hæfismat í samræmi við 2. mgr. 25. gr. tilskipunar 2014/65/ESB og almenna fjárfestinum veitt yfirlýsing um hæfi í samræmi við aðra og þriðju undirgrein 6. mgr. 25. gr. þeirrar tilskipunar.

Hæfismatið sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar skal framkvæmt án tillits til þess hvort almennur fjárfestir kaupir hlutdeildarskírteini eða hlutabréf evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs frá dreifingaraðila eða rekstraraðila sjóðsins eða á eftirmarkaði í samræmi við 19. gr. þessarar reglugerðar.

Skýrt samþykki almenns fjárfestis um að viðkomandi skilji þá áhættu sem fylgir fjárfestingu í evrópskum langtímafjárfestingarsjóði þarf að liggja fyrir, að öllum eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

a) hæfismatið er ekki lagt fram í tengslum við fjárfestingarráðgjöf,

b) evrópskur langtímafjárfestingarsjóður er ekki talinn henta almennum fjárfesti á grundvelli þess hæfismats sem gert var samkvæmt fyrstu undirgrein,

c) almennur fjárfestir vill halda áfram með viðskiptin þrátt fyrir að litið sé svo á að evrópskur langtímafjárfestingarsjóður henti honum ekki.

Dreifingaraðili eða, þegar hlutdeildarskírteini eða hlutabréf evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs eru boðin út eða sett á markað beint til almenns fjárfestis, rekstraraðili evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs skal koma á fót skráahaldi eins og um getur í 5. mgr. 25. gr. tilskipunar 2014/65/ESB.

2. Dreifingaraðili eða, þegar hlutdeildarskírteini eða hlutabréf evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs eru boðin eða sett á markað beint til almenns fjárfestis, rekstraraðili evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs skal gefa út skýra skriflega viðvörun sem upplýsir almennan fjárfesti um eftirfarandi:

a) sé líftími evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins sem er boðinn eða settur á markað til almennra fjárfesta lengri en 10 ár, að ekki sé víst að þessi vara henti almennum fjárfestum sem geta ekki viðhaldið skuldbindingu sem er til svona langs tíma og svona illseljanleg,

b) kveði reglur eða stofnsamningar evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs á um að hægt sé að para hlutdeildarskírteini eða hlutabréf evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs, eins og um getur í 2. mgr. a 19. gr., að slíkur möguleiki tryggi hvorki né veiti almennum fjárfesti rétt til útgöngu eða innlausnar á hlutdeildarskírteinum eða hlutabréfum viðkomandi evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda ekki ef almennur fjárfestir er háttsettur starfsmaður eða eignasafnsstjóri, stjórnarmaður, umboðsaðili eða fulltrúi eða starfsmaður rekstraraðila evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins, eða hlutdeildarfélags rekstraraðila evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins og hefur fullnægjandi þekkingu á sjóðnum.

4. ELTIF-fylgisjóður skal birta í markaðsefni sínu að hann fjárfesti varanlega 85% eða meira af eignum sínum í hlutdeildarskírteinum eða hlutabréfum í ELTIF-höfuðsjóðnum.

5. Reglur eða stofnsamningar evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs, sem markaðssettur er til almennra fjárfesta í viðeigandi flokki hlutdeildarskírteina eða hlutabréfa, skulu kveða á um að allir fjárfestar njóti jafnrar meðferðar og engin ívilnandi meðferð eða sértækur fjárhagslegur ávinningur sé veittur einstökum fjárfesti eða hópum fjárfesta innan viðeigandi flokks eða flokka.

6. Félagsform evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs sem markaðssettur er til almennra fjárfesta skal ekki leiða til neinnar frekari ábyrgðar fyrir almenna fjárfestinn eða útheimta neina viðbótarskuldbindingu af hálfu slíks fjárfestis, að undanskildum upphaflegum fjármagnsskuldbindingum.

7. Almennir fjárfestar skulu, á áskriftartímabilinu og innan tveggja vikna eftir undirritun upprunalegrar skuldbindingar eða áskriftarsamnings að hlutdeildarskírteinum eða hlutabréfum í evrópska langtímafjárfestingarsjóðnum, geta sagt upp áskriftinni og fengið peningana endurgreidda án refsingar.

8. Rekstraraðili evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs, sem er markaðssettur til almennra fjárfesta, skal koma á viðeigandi verklagi og fyrirkomulagi til að bregðast við kvörtunum almennra fjárfesta sem skal gera almennum fjárfestum kleift að leggja fram kvartanir á opinberu tungumáli eða einu af opinberum tungumálum aðildarríkis síns.“

21) Ákvæðum 4. mgr. 31. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað a- og b-liðar kemur eftirfarandi:

„a) lýsingu evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins og

b) lykilupplýsingaskjal evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins ef hann er markaðssettur til almennra fjárfesta.“

b) Ákvæði c-liðar falla brott.

22) Eftirfarandi kemur í stað 2. mgr. 34. gr.:

„2. Valdheimildum evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar samkvæmt tilskipun 2011/61/ESB skal einnig beitt að því er varðar þessa reglugerð og í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 (*).

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 frá 23. október 2018 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu meginstofnana, stofnana, skrifstofa og fagstofnana Sambandsins á persónuupplýsingum og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 45/2001 og ákvörðunar nr. 1247/2002/EB (Stjtíð. ESB L 295, 21.11. 2018, bls. 39).“

23) Í stað 37. gr. kemur eftirfarandi:

„37. gr.

Endurskoðun

1. Framkvæmdastjórnin skal endurskoða beitingu þessarar reglugerðar og greina a.m.k. eftirfarandi þætti:

a) að hvaða marki evrópskir langtímafjárfestingarsjóðir eru markaðssettir í Sambandinu, þ.m.t. hvort rekstraraðilar sérhæfða sjóða, sem um getur í 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 2011/61/ESB, gætu haft hag af því að markaðssetja evrópska langtímafjárfestingarsjóði,

b) beitingu ákvæða um starfsleyfi evrópskra langtímafjárfestingarsjóða, eins og sett er fram í 3.–6. gr.,

c) hvort uppfæra eigi ákvæði um miðlæga opinbera skrá yfir evrópska langtímafjárfestingarsjóði, eins og mælt er fyrir um í 3. gr.,

d) hvort uppfæra skuli lista yfir hæfar eignir og fjárfestingar, kröfur um samsetningu og fjölbreytileika eignasafns, samþjöppunarreglur og takmarkanir að því er varðar lántöku í reiðufé,

e) áhrif beitingar fjárfestingartakmarkananna á hæfar fjárfestingareignir sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 13. gr. um fjölbreytileika eigna,

f) hvort uppfæra eigi ákvæði varðandi hagsmunaárekstra, sem mælt er fyrir um í 12. gr.,

g) beitingu 18. gr. og áhrif þeirrar beitingar á innlausnarstefnu og líftíma evrópskra langtímafjárfestingarsjóða,

h) hvort þær kröfur um gagnsæi sem mælt er fyrir um í IV. kafla séu viðeigandi,

i) hvort ákvæði varðandi markaðssetningu hlutdeildarskírteina eða hlutabréfa evrópskra langtímafjárfestingarsjóða sem mælt er fyrir um í V. kafla séu viðeigandi og tryggi skilvirka fjárfestavernd, þ.m.t. fyrir almenna fjárfesta,

j) hvort evrópskir langtímafjárfestingarsjóðir hafi lagt mikið af mörkum til að ná markmiðum Sambandsins, eins og þeim sem sett eru fram í Grænu samkomulagi í Evrópu og á öðrum forgangssviðum.

2. Fyrir 10. apríl 2030 skal framkvæmdastjórnin, á grundvelli endurskoðunarinnar sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar og að höfðu samráði við evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið með mati á framlagi þessarar reglugerðar og evrópskra langtímafjárfestingarsjóða til lokagerðar sambands fjármagnsmarkaða og hvernig gengið hafi að ná þeim markmiðum sem sett eru fram í 2. mgr. 1. gr. Skýrslunni skal fylgja tillaga að nýrri löggjöf, eftir því sem við á.“

24) Eftirfarandi grein bætist við:

„37. gr. a

Endurskoðun á sjálfbærniþáttum evrópskra langtímafjárfestingarsjóða

Fyrir 11. janúar 2026 skal framkvæmdastjórnin láta fara fram mat og leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið, ásamt tillögum að nýrri löggjöf, ef við á, um a.m.k. eftirfarandi:

a) hvort ákjósanlegt sé að taka upp valkvæða auðkenningu á „evrópskum langtímafjárfestingarsjóði sem er markaðssettur sem umhverfissjálfbær“ eða „grænum evrópskum langtímafjárfestingarsjóði“ og þá einkum:

i. hvort slík auðkenning eigi að einskorðast við evrópska langtímafjárfestingarsjóði sem eru fjármálaafurðir sem hafa sjálfbæra fjárfestingu að markmiði, eins og um getur í 9. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2088 (*),

ii. hvort slík tilgreining eigi að einskorðast við evrópska langtímafjárfestingarsjóði sem fjárfesta allan eða umtalsverðan hluta hæfra eigna eða heildareigna sinna í sjálfbærri starfsemi og, ef svo er, hvernig skilgreina skuli þennan umtalsverða hluta,

iii. hvort tengja megi sjálfbæra starfsemi þeim viðmiðunum um sjálfbærni sem sett eru fram í framseldum gerðum sem samþykktar eru skv. 10. gr. (3. mgr.), 11. gr. (3. mgr.), 12. gr. (2. mgr.), 13. gr. (2. mgr.), 14. gr. (2. mgr.) og 15. gr. (2. mgr.) reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/852 (**),

b) hvort evrópskum langtímafjárfestingarsjóðum ætti almennt að vera skylt að uppfylla með fjárfestingarákvörðunum sínum meginregluna um að „valda ekki verulegu tjóni“ í skilningi 2. gr. a reglugerðar (ESB) 2019/2088, eða hvort takmarka eigi þá skyldu við evrópska langtímafjárfestingarsjóði sem markaðssettir eru sem umhverfissjálfbærir eða grænir evrópskir langtímafjárfestingarsjóðir, ef til þess kemur að slík valkvæð auðkenning teljist ákjósanleg,

c) hvort hægt sé að bæta rammann utan um evrópska langtímafjárfestingarsjóði með því að leggja marktækt meira af mörkum til markmiða um grænt samkomulag í Evrópu án þess að grafa undan eðli evrópskra langtímafjárfestingarsjóða.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2088 frá 27. nóvember 2019 um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu (Stjtíð. ESB L 317, 9.12.2019, bls. 1).

(**) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/852 frá 18. júní 2020 um að koma á fót ramma til að greiða fyrir sjálfbærri fjárfestingu og um breytingu á reglugerð (ESB) 2019/2088 (Stjtíð. ESB L 198, 22.6.2020, bls. 13).“

2. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 10. janúar 2024.

Evrópskir langtímafjárfestingarsjóðir með starfsleyfi í samræmi við, og sem uppfylla, ákvæði reglugerðar (ESB) 2015/760 sem giltu fyrir 10. janúar 2024 skulu teljast uppfylla þessa reglugerð fram til 11. janúar 2029. Evrópskir langtímafjárfestingarsjóðir með starfsleyfi í samræmi við, og sem uppfylla, ákvæði reglugerðar (ESB) 2015/760 sem giltu fyrir 10. janúar 2024, sem afla ekki viðbótarfjármagns, skulu teljast uppfylla þessa reglugerð.

Þrátt fyrir þriðju undirgrein getur evrópskur langtímafjárfestingarsjóður sem fékk starfsleyfi fyrir 10. janúar 2024 valið að falla undir þessa reglugerð, að því tilskildu að lögbæru yfirvaldi evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins sé tilkynnt þar um.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 15. mars 2023.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

R. METSOLA

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

J. ROSWALL

forseti.